# Menningarminjar á miðhálendi Íslands

**Orri Vésteinsson**

**Fornleifastofnun Íslands**
**FS019-95042**

**Reykjavík 1996**

© Fornleifastofnun Íslands 1996

## Efnisskipan


| | |
|---|---|
| I. Inngangur | 4 |
| 1. Um svæðisskráningu | 7 |
| 2. Um skráningu fornleifa á miðhálendi Íslands | 10 |
| II. Yfirlit um sögu miðhálendisins og hugmynda um það | 12 |
| 1. Yfirlit um gróðurfar á miðhálendinu og breytingar á því | 18 |
| 2. Yfirlit um eignarhald á miðhálendinu og breytingar á því | 23 |
| 3. Yfirlit um landkönnun og rannsóknir á miðhálendinu | 27 |
| III. Samgöngur um miðhálendið | 35 |
| IV. Byggð | 38 |
| 1. Landslag og gróðurfar og eðli byggðar í hálendisjaðrinum | 38 |
| 2. Yfirlit um kenningar um eðli og aldur hálendisbyggðar | 40 |
| 3. Sel og seljabúskapur | 42 |
| V. Minjar um útilegumenn | 46 |
| VI. Menningarminjar á miðhálendi Íslands eftir sýslum – samantekt | 50 |
| Austur Skaftafellssýsla | 50 |
| Vestur Skaftafellssýsla | 51 |
| Rangárvallasýsla | 52 |
| Árnessýsla | 54 |
| Borgarfjarðarsýsla | 56 |
| Mýrasýsla | 57 |
| Vestur Húnavatnssýsla | 59 |
| Austur Húnavatnssýsla | 59 |
| Skagafjarðarsýsla | 60 |
| Eyjafjarðarsýsla | 61 |
| Suður Þingeyjarsýsla | 62 |
| Norður Múlasýsla | 65 |
| Suður Múlasýsla | 67 |
| VII. Verndun og kynning menningarminja á miðhálendinu | 68 |
| *Viðauki* I. Friðlýstar minjar á miðhálendi Íslands | 73 |
| *Viðauki* II. Skrá um menningarminjar á miðhálendi Íslands | 78 |
| Skaftafellssýsla | 79 |
| Rangárvallasýsla | 85 |
| Árnessýsla | 101 |
| Borgarfjarðarsýsla | 115 |
| Mýrasýsla | 119 |
| Húnavatnssýsla | 127 |
| Skagafjarðarsýsla | 145 |
| Eyjafjarðarsýsla | 155 |
| Suður Þingeyjarsýsla | 160 |
| Norður Múlasýsla | 174 |
| Suður Múlasýsla | 194 |
| Heimildaskrá | 197 |

# I. *Inngangur*

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, sem gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé ‘að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en

gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...' Samkvæmt lögunum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförnum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skrám um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsigar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og með hliðsjón af þörfum þeirra.

Í kafla 1.1 er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó rétt að minnast stuttlega á þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eykatmörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitaðskráðar. Á hinn bóginn eru öll Grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrr en á stigi aðalskráningar.

## 1.1 *Um svæðisskráningu*

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborði. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla landakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þó þeirra sjái ekki stað lengur.

Við upphaf svæðisskráningar fornleifa á miðhálendinu var gert yfirlit um sögu byggðar, takmörk jarða og afrétta voru skilgreind. Helstu heimildir sem stuðst var við voru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalýsingar. Þá var farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverju svæði, þ.e. landakort, örnefnaskrár og landalýsingar úr ferðasögum og frásögnum af göngum og réttum. Að því loknu var leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Að gagnaöflun lokinni lá fyrir skrá um þekktar minjar á skipulagssvæðinu og var á grundvelli hennar gert gróft minjakort. Gerð var lýsing á menningarminjum innan hverrar sýslu sem og bent á helstu staði (kafli VI). Síðast hafa verið gerðar tillögur um rannsóknir, hagnýtingu og kynningu minja á miðhálendinu en sá verkþáttur er unninn í samhengi við aðrar skipulagstillögur (kafli VII).Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðinn fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á hverju svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár, landakort og ferða- og landalýsingar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á

skipulagssvæðinu.

Helstu flokkar heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, landamerkjaskrár, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur.

* *Jarðabækur.* Jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalín er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu byggðar á Íslandi. Á grunni hennar, Jarðatals Johnsens frá 1847 og byggðalýsingum sem til eru úr flestum héruðum sem liggja að miðhálendinu má fá allgóða hugmynd um hvar byggð hefur verið á svæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við ýmiskonar jarðaskjöl og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingar á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði og stöku sinnum selstöður og gagnamannakofa, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað en það er þorri allra fornleifa.

* *Landamerkjaskjöl.* Allnokkrir landamerkjadómar og jarðasölubréf þar sem landamerki eru tilgreind hafa varðveist frá miðöldum og seinni öldum en skipuleg skráning landamerkja kom fyrst í kjölfar Laga um landamerki frá 1881. Samkvæmt þeim átti að skrá landamerki allra jarða í landinu og geyma þau í landamerkjabókum hjá sýslumönnum. Í landamerkjaskrám er oft að finna upplýsingar um gömul mannvirki sem voru á merkjum eða miðað var við í lýsingum. Þær eru þannig beinar heimildir um fornleifar en eru einnig, eins og jarðabækurnar, mikilvægar heimildir um skiptingu eignarhalds og þar með samhengis fornleifanna hvoru megin við merkin.

* *Örnefnaskrár.* Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringu fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins og er nú í umsjá Örnefnastofnunar safnsins. Margar gamlar örnefnaskrár eru til frá miðhálendi Íslands og birtust sumar þeirra í Árbók fornleifafélasins á millistríðsárunum. Síðan hefur verið gert nokkuð átak í að safna athugasemdum og viðbótum við eldri skrár. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrám en sjaldgæft er að höfundar skránna láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnasrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa, þar sem þær eru

samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum, og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verða illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrám heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjáhlaupi eða til skýringar.
* *Landa- og leiðalýsingar.* Allt frá því að Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðust um miðhálendið um miðja 18. öld hafa margar nákvæmar lýsingar birst af landslagi og gróðurfari miðhálendisins. Þær lýsingar sem að mestu gagni hafa komið við skráningu fornleifa á miðhálendinu hafa verið Árbækur Ferðafélags Íslands en nokkrar þeirra hafa verið helgaðar svæðum inná hálendinu og aðrar svæðum sem liggja að því; Ferðabækur Sveins Pálssonar og Þorvaldar Thoroddsen, ritsmíðar Pálma Hannessonar um hálendið og ritsafnið Hrakningar og heiðavegir. Síðast en ekki síst hefur ritsafnið Göngur og réttir verið náma upplýsinga um gangnaminjar og aðrar minjar á miðhálendinu.
* *Fornleifaskýrslur.* Í kafla II.3 er gefið yfirlit um fornleifarannsóknir á miðhálendinu og má af henni fá nokkuð góða hugmynd um þær áherslur sem lagðar hafa verið við fornleifakönnun. Langmest var rannsakað af fornleifum í lok 19. aldar og hafa síðari rannsóknir að mestu leyti byggt á þeim athugunum. Áhugamál fornleifakönnuða 19. aldar snérust fyrst og fremst um fornsögur og sögu þjóðveldisins og eru því til allgóðar upplýsingar um fornminjar, sem hafa - með réttu eða röngu - verið taldar tengjast viðburðum sem lýst er í miðaldaritum. Fornleifskýrslur eru mjög misjafnlega nákvæmar, en um þær má hafa þá grófu reglu til viðmiðunar að þær verða ónákvæmari eftir því sem þær verða eldri.

Það má því segja að jarðabækur, landamerkjaskrár og skyldar heimildir gefi ramman utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrám, landakortum, landalýsingum og fornleifaskýrslum.

Svæðisskráning fornleifa á miðhálendi Íslands var unnin af Orra Vésteinssyni veturinn 1995-96 en hann gerði einnig vettvangsathuganir á hálendi Norður- og Norðausturlands í ágúst 1996 og naut við það aðstoðar Maríu Reyndal. Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingur færði minjastaði á miðhálendinu inn á stafrænan kortgrunn hjá Landmótun hf. Þá veitti Birna Gunnarsdóttir margháttaða aðstoð við öflun gagna. Sú vinna fór að stórum hluta fram á Örnefnastofnun Þjóðminjasafnsins og eru starfsfólki þess færðar bestu þakkir fyrir

## I. 2 *Um skráningu fornleifa á miðhálendi Íslands*

Þegar undirbúningur hófst fyrir skráningu fornleifa á miðhálendinu varð ljóst að skilgreina þyrfti nákvæmlega hvar mörk milli hálendis og láglendis liggja. Hálendismörkin sem ákveðin voru fyrir skipulagsgerðina henta ekki sem viðmiðun við skráningu fornleifa því þau byggja á öðrum forsendum og þar að auki ólíkum forsendum eftir mismunandi sýslum. Því voru skilgreind menningarsöguleg hálendismörk til að styðjast við við skráningu fornleifa. Markmiðið var að búa til skilgreiningu sem félli betur að þeim heimildum sem tiltækar eru um menningarminjar og að með skráningunni fengist heildstætt yfirlit um þær tegundir minja sem tengjast miðhálendinu og einkenna það hvort sem þær féllu utan eða innan þeirra marka sem kipulagsgerðinni voru sett.

Við skilgreiningu hinna menningarsögulegu hálendismarka var miðað við að hálendið tæki til alls lands ofan við stöðuga byggð. Stöðug byggð var skilgreind sem bæir sem höfðu verið í ábúð bæði á 18. öld og á fyrri hluta 20. aldar. Þar með falla stór eyðibyggðasvæði undir hina menningarsögulegu skilgreiningu á miðhálendinu, auk afréttarlanda og gróðurauðna. Þar sem jarðir, sem verið hafa í stöðugri byggð, liggja að hálendisjaðrinum var miðað við að byggingar, sem standa fjær bæ en venjulegt getur talist, teljist til hálendisins. Yfirleitt eru hin menningarögulegu hálendismörk 3-5 km frá efstu bæjum í stöðugri byggð.

Af þessum sökum hafa allmargir minjastaðir verið skráðir sem liggja utan skipulagssvæðisins og lætur nærri að það sé um þriðjungur þeirra staða sem skráðir voru. Með þessu móti hefur hinsvegar fengist heildstætt yfirlit um fjölda, tegundir og ástand menningarminja á miðhálendi Íslands sem koma ætti að gagni við skipulagsgerð og frekari áætlanagerð um miðhálendið

Alls voru skráðir 1193 minjastaðir og skiptast þeir þannig milli sýslna:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla | 180 | eða | 15 % |
| Borgarfjarðarsýsla | 46 | eða | 4 % |
| Mýrasýsla | 75 | eða | 6 % |
| Húnavatnssýslur | 151 | eða | 12,5 % |
| Skagafjarðarsýsla | 70 | eða | 6 % |
| Eyjafjarðarsýsla | 46 | eða | 4 % |
| Suður Þingeyjarsýsla | 178 | eða | 15 % |
| Norður Múlasýsla | 200 | eða | 17 % |
| Suður Múlasýsla | 35 | eða | 3 % |
| Skaftafellssýslur | 74 | eða | 6 % |
| Rangárvallasýsla | 138 | eða | 11,5 % |
| | **1193** | | **100 %** |

Reynt var að greina hlutverk allra minjastaðanna eftir því sem heimildir leyfðu. Á 18 stöðum eru byggingaleifar sem ekki er hægt að sjá til hvers hafi verið notaðar en um 217 staði eru heimildir ekki nógu skýrar til að skera úr um hlutverk minjanna. Á 965 stöðum var hægt að ákvarða hlutverk minjanna og af þeim eru flestir sem tengjast búskap eða 392. Þar af eru 194 býli eða bústaðir þar sem menn hafa hafst við allt árið, 117 sel, 17 beitarhús en alls 48 gripahús af ýmsu tagi, þar af 2 geitakofar. Stekkir og kvíar eru 17. Einnig hafa verið skráðar 2 smiðjur, 4 vatnsból og 1 heygarður. Hinsvegar eru aðeins 7 kolagrafir á skrá og 1 smalakofi en vafalaust er mun meira af minjum af því tagi.

Næststærsti flokkur minja (250 staðir) tengjast göngum. Til þeirra teljast 123 sæluhús og 48 náttstaðir. Auk þeirra eru 70 réttir á skrá en flestar þeirra eru aðhöld á leiðum gangnamanna. Einnig eru á 4 stöðum manndómsraunir þar sem gangnamenn reyndu karlmennsku sína. Minjar um aðra nýtingu miðhálendisins en beit eru fáar en nefna má 5 brennisteinsnámur, herslugarða og herslubyrgi við Veiðivötn og gæsaréttir í Þjórsárverum.

Samgönguminjar eru nátengdar gangnaminjum og eru 115 samgönguminjar á skrá. 25 leiðir hafa verið skráðar, flestar varðaðar að meira eða minna leyti og á þeim 22 áfangastaðir og 29 vöð. 8 ferjustaðir hafa verið skráðir, 2 kláfferjur og ein torfbrú en alls teljast til samgöngubóta 29 staðir.

Þjóðsögustaðir eru 57 og eru þeir flestir örnefnaskýringar af ýmsu tagi, yfirleitt um að maður, sem eitthvert náttúrufyrirbæri heitir eftir, hafi verið drepinn eða orðið úti. Aðeins er vitað um einn draug sem býr á miðhálendinu en tröllabústaðir eru 2 og huldufólksbústaðir 2.

Minjar um útilegumenn eru 25 og eru það flest hreysi eða skýli sem talið er að þeir hafi hafst við í. Af þeim hafa 9 verið tengd Fjalla-Eyvindi en 5 með vissu.

Meðal annarra minja má telja: 20 legstaði, þar af 6 kuml, 3 vígi eða orrustustaði og 2 landamerki.

Sú flokkun minjastaða sem hér er gengið út frá er nokkuð sjálfgefin og er lítil skörun á milli flokkanna. Telja má að skráningin sé einna fullkomnust um búsetu-, gangna og útilegumannaminjar en þau eru hinsvegar fjölmörg vöðin og vörðubortin sem ekki hefur verið hægt að skrá vegna skorts á heimildum og ekki var heldur gerð nákvæm rannsókn á mögulegum þjóðsögustöðum. Látið var nægja að skrá þá þjóðsögustaði sem getið var í þeim heimildum sem skoðaðar voru í leit að vísbendingum um mannvirkjaleifar.

## II. *Yfirlit um sögu miðhálendisins og hugmynda um það*

Stærsti hluti Íslands er óbyggilegur með öllu og eru samfelldastar óbyggðir um miðju eyjarinnar. Frá sögulegu og menningarlegu sjónarmiði má skipta þessu svæði í tvennt. Annarsvegar eru gróðurlausar auðnir, jöklar, ber fjöll, brunahraun og sandar og hinsvegar misjafnlega gróin heiðalönd.

Frá sjónarmiði bændasamfélagsins var land af fyrri gerðinni tæplega til. Auðnir voru engum til nota, þær tilheyrðu sjaldnast neinum og hétu jafnvel ekki neitt. Það er sláandi hversu fá og reikul örnefni eru, jafnvel á fjöllum og jöklum sem sjást vel úr byggð, á svæðum þar sem eru stórar og samfelldar auðnir (t.d. vestan og norðan við Vatnajökul). Einu hugsanlegu notin sem hafa mátti af gróðurlausum auðnum var brennisteinsnám en þau not voru þó takmörkuð vegna þess hve vinnslan var í smáum stíl og háð bithögum fyrir flutningshross. Fremrinámar á Mývatnsöræfum eru raunar eina dæmið um námur sem notaðar voru þrátt fyrir að engir bithagar væru í kring, en þær voru líka aflagaðar mun fyrr en hinar, sem nær voru byggð og graslendi, og þóttu þær þó bestar af námunum á Mýatnsöræfum. Brennistein, sem hægt er að vinna, er víða að finna framar á öræfunum en aldrei virðast hafa verið gerðar tilraunir til að ná í hann og var brennisteinsnám þó allábatsöm og umsvifamikil útgerð á 16. og 17. öld og hart bitist um vinnsluleyfin. Fyrir utan þennan afkima í atvinnusögu Íslendinga eiga auðnirnar sér tæplega neina sögu nema þá, sem viðkemur tilraunum manna til að halda uppi samgöngum yfir þær. Sama gildir þó þar og með brennisteininn, að sagan er því fátæklegri, sem hagablettunum fækkar. Aðeins tveir fjallvegir voru notaðir á Íslandi, þar sem leiðin lá yfir gróðursnautt land lengur en eitt dægur. Það eru Ódáðahraunsvegur eða Biskupaleið, sem var líklega aldrei alfaraleið og fyrst og fremst notuð af embættismönnum með stórt fylgdarlið sem gátu flutt með sér hey, og Sprengisandsvegur en hann var heldur ekki fjölfarinn. Saga þessara fjallvega er fátækleg í samanburði við leiðir eins og Kjalveg, Skagfirðingaveg um Stórasand og Kaldadal, sem hafa verið í samfelldri notkun allt frá því sem elstu heimildir ná, og gegnt þýðingarmiklu hlutverki í efnahags- og stjórnmálasögu þjóðarinnar. Auðnir þær sem Sprengisandsvegur og Biskupaleið liggja yfir eru stærsta samfellda eyðimörk á Íslandi og er hún, ef Hofsjökull og Vatnajökull eru taldir með, um 1/6 af heildarflatarmáli Íslands. Stærð þessara auðna á sinn þátt í því að stjórnmálaleg og efnahagsleg þungamiðja íslensks samfélags hefur jafnan verið vestantil á landinu og má raunar segja að auðnirnar hafi á þann hátt mótað sögu landsins.

Hinn gróni hluti miðhálendisins á sér miklu meiri sögu. Þar sem hagar eru hafa menn

allt frá landnámsöld stytt sér leiðir yfir hálendið en fyrst og fremst hafa þó heiðarnar verið mikilvægar sem beitiland og þangað hefur fólk sótt ætar plöntur og veitt fugla og fiska. Um samgöngur yfir miðhálendið er hlutfallslega mikið vitað og má gera sér allagóða hugmynd um helstu leiðir og hversu tíðfarið var um þær frá því á 13. öld (sjá kafla III). Öðru máli gegnir um beit, söfnun og veiðimennsku. Það er vitað að búpeningur var rekinn á fjall frá því á 13. öld og örugglega fyrr og að upprekstur og fjallsafn var sumstaðar og að einhverju leyti a.m.k. á ábyrgð hreppsfélaga frá því á 14. öld og sjálfsagt fyrr, en að öðru leyti eru heimildir næsta þöglar um þátt miðhálendisins í efnahagslífi þjóðarinnar. Það er ekki fyrr en á 18., og sérílagi þó 19., öld að heimildir verða fáanlegar um tilhögun leita, grasaferðir eða aðferðir við álftveiði svo eitthvað sé nefnt, og minjar sem þessum atvinnuháttum tengjast, og vitað er um, eru yfirleitt ekki eldri en frá 19. öld.

Á hálendismörkunum, innst inn í dölum og á heiðum næst byggð, hafa ávallt verið jaðarsvæði þar sem rekinn hefur verið seljabúskapur og heilsársbúskapur reyndur af og til. Það er á slíkum svæðum sem mestar minjar er að finna á hálendinu og þær hafa jafnframt mótað hugmyndir manna um hálendið og sögu þess. Eins og rætt verður nánar í kafla IV þá hefur gróður- og jarðvegsþekja orðið hlutfallslega verr úti við hálendisjaðarinn en annarsstaðar vegna tímabundinnar ábúðar. Af þeim sökum eru fyrir ofan margar byggðir sýnilegar minjar um búsetu sem nú væri óreynandi með öllu. Hringinn í kringum landið hafa slíkar minjar lengi verið túlkaðar sem vísbendingar um forn byggðarlög, blómlegar sveitir, heilar sóknir jafnvel, sem lagst hafa í eyði annaðhvort vegna eldgosa eða pesta og var Svartidauði þar vinsælasti sökudólgurinn. Slíkar útskýringar tengjast hugmyndum um forna frægð og horfna búsæld og kenningu 19. aldar manna um þverrandi mótstöðuafl þjóðarinnar gegn samsæri lækkandi hitastigs, hverfullar gróðurþekju og danskra kaupmanna. Það er nokkuð ljóst af tiltækum heimildum að a.m.k. síðan á 17. öld töldu Íslendingar samfélag sitt vera á undanhaldi undan náttúruöflunum. Það var ekki fyrr en með hugmyndum upplýsingarinnar og með aukinni bjartsýni um breytingar til batnaðar í atvinnu- og stjórnmálalífi þjóðarinnar á 19. öld, að öræfi landsins færðust inn í sjónlínu þjóðarinnar. Þar komu til hugmyndir upplýsingarinnar um að þekking væri góð og gagnleg í sjálfu sér, en sú skoðun sendir menn gjarnan til að klífa fjöll og kanna ókunnar slóðir, og kannski ekki síður stóraukin sauðfjáreign, sem var afleiðing af óheftri fólksfjölgun eftir lok móðuharðindanna. Fjölgun sauðfjár á 19. öld hafði í för með sér aukinn áhuga á nýtingu beitilands, leitað var lengra en áður og áhersla lögð á að finna ný beitilönd. Áður en þessar breytingar urðu, voru

óbyggðir landsins bæði ókunnar og fjandsamlegar í augum fólks.

Óbyggðir miðhálendisins eiga sinn sess í sögu ímyndunarafls þjóðarinnar og er þar í aðalatriðum aðeins um eitt megin þema að ræða: Í óbyggðum búa annarsvegar tröll og huldufólk og hinsvegar útilegumenn og er hvorttveggja úr lögum við mannlegt samfélag og yfirleitt fjandsamlegt mönnum. Í þessum hugmyndum endurspeglast hugur þjóðarinnar til óbyggðanna: þær heyra ekki til mannlegu samfélagi og eru í þeim skilningi varla til.

Þessi afstaða sést vel á elstu kortum af Íslandi og má af þróun kortagerðar á 16. til 19. aldar fá nokkuð góða hugmynd um hugmyndir manna um miðhálendið og breytingar á þeim. Á elstu kortum af Íslandi sem byggja á raunverulegum athugunum og þekkingu á landinu er yfirleitt gert lítið úr miðhálendinu. Á heimskorti Oreliusar frá 1585 er t.d. sýnd samfelld jöklaröð eftir landinu endilöngu og er látið vera jafnlangt frá ‘Runa repper’ til ‘Mokrufeld’ í Eyjafirði eins og frá Möðrufelli til ‘Modur valler closter’ í Hörgárdal.[1] Joris Carolus bætir heldur í fjöllin umhverfis jöklana á korti sínu frá 1631 en þó er enn skammt milli Skálholts og Möðrufells.[2] Á korti Resens í *Atlas Danicus* frá því um 1666, sem ættað er frá korti Orteliusar, er enn stutt á milli uppsveita Árnessýslu og Eyjafjarðar en talsvert hefur verið bætt við af fjöllum suður af Skagafirði en þó sérstaklega á austurhálendinu.[3] Á korti Þórðar Þorlákssonar frá 1668 fer heldur ekki mikið fyrir miðhálendinu, mest þó austan til, en á þessu korti koma nú í fyrsta sinn fyrir örnefni á hálendinu. Þau eru, talið að austan: ‘Herdubreid’, ‘Fisk wotn’ sem eru framarlega á Bárðardal og mun eiga við Íshólsvatn, Svartárvatn og Kálfaborgarárvatn og eflaust fleiri í Mývatnsheiði. Hinsvegar eru ‘Fiski wotn’ þar sem nú eru Veiðivötn á Landmannaafrétti og er þar komið eitt lífseigsta örnefni á kortum 17. og 18. aldar. Þá eru á Sprengisandsleið þessi örnefni: ‘Sprengisandur’, ‘Bÿskups þúfa’ og ‘Hestatorfur’ þar sem Tungnaá og Þjórsá koma saman. Svo er ‘Laugarfell’ en á Eyfirðingavegi um Kjöl þessi: ‘Watna hialle’, ‘Pollar’, ‘Skúti’ og ‘Blafell’. Þá er ‘Haukadals hals’ á framhaldi Kjalvegar til Þingvalla, þar fyrir norðan ‘Baula’, þá ‘Kalldar dalur’ og ‘Kluka’ vestan við hann. Síðast eru ‘Tvídægra’ og ‘Sandur’ sem er nú kallaður Stórisandur.[4]

---

[1] IK, 23. Sama er á heimskortum Mercators frá 1595 og 1607 (IK, 24, 25-5) og Bertiusar frá 1600 (IK, 25-3) og öðrum kortum sem byggja á þeim.

[2] IK, 30-1. Sama gildir um kort Jóhannesar Mejers frá 1650 (IK, 32-2, 33-36) en á þeim eru byggðir Suðurlands og Norðurlands látnar mætast á miðju landinu.

[3] IK, 38.

[4] IK, 39, 40.

Örnefni þessi eru flest á fjöllum sem sjást úr byggð eða á stöðum við helstu fjallvegi landsins nema Fiskivötn við Bárðardal og á Landmannaafrétti (nú Veiðivötn) og bendir þetta til að Þórði hafi þótt þau þýðingarmikil vegna silungsveiðinnar sem í þeim er. Á endurskoðuðu korti sínu frá 1670 hefur Þórður svo enn bætt við fjöllum á miðhálendinu en örnefnin eru þau sömu og á fyrri kortum hans. Á korti þessu dregur Þórður punktalínu milli byggða og miðhálendisins og sýnir það sem samfellt fjalllendi, sem skyggt er til frekari aðgreiningar. Þetta er í raun fyrsta kortið sem gefur raunhæfa mynd af stærð miðhálendisauðnanna þó enn séu kennileiti þar fá og ónákvæmt staðsett.[5] Á korti Peter Rabens frá 1721 (sem annars hefur harla ónákvæm hlutföll) er gert ráð fyrir allvíðáttumiklum óbyggðum í miðju landsins. Þar eru þó ekki merkt önnur örnefni en 'Fiske vande' uppfrá Rangaárþingi og 'GrimsWande som Brende udi Aaret 1717' uppfrá Múlasýslum.[6] Á árunum 1723 til 1733 voru gerð kort af einstökum sýslum og landshlutum þar sem vænta hefði mátt meiri upplýsinga um landslag og kennileiti fyrir ofan byggð. Svo er þó ekki, heldur eru dregin skýr skil milli byggða og hálendis og lætur Knoff t.d. á sumum kortum sínum hreppamörk aðgreina efstu bæi í byggð og hálendið.[7] Þessi kort eru þó að því leyti öðruvísi en fyrri kort að á mörgum þeirra eru sýndir fjallvegir[8] en að öðru leyti er miðhálendið næsta kennileitalaust. Það vekur þó athygli að margir farvegir stóráa eins og Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú eru furðu nærri lagi hjá Knoff og gæti það bent til þess að þar sé byggt á raunverulegri þekkingu um landslag á miðhálendinu. Ef svo er, verður það sýnu merkilegra að honum hafi ekki þótt ástæða til að bæta inn öðrum kennileitum. Ástæðan hlýtur að vera sú að honum hafi ekki komið til hugar að notendur kortanna hefðu áhuga á óbyggðum.

Á grunni landshlutakortanna gerði Knoff yfirlitskort af Íslandi 1734[9] og byggja öll önnur kort frá 18. öld og fram að kortum Björns Gunnlaugssonar á því. Á þessu korti kemur betur fram en á landshlutakortunum, að Knoff hefur gert sér grein fyrir meginatriðunum í

---

[5] IK, 42.

[6] IK, 45. Áþekk hlutföll eru á korti Hoffgaards frá 1723 - IK, 46.

[7] Kort af Árnessýslu - IK, 53 og Rangárvallasýslu - IK, 54, sbr. Kort Magnúar Arasonar af Borgarfjarðarsýslu - IK, 48.

[8] Þ.e. kortum Magnúsar Arasonar og yngri kortum Knoffs.

[9] IK, 60.

landslagi á miðhálendinu. Allir helstu jöklar eru aðskildir og nokkurnveginn á sínum stað, stór fjöll eins og Dyngjufjöll í Ódáðahrauni komast nú í fyrsta skipti á blað og upptök stóráa eru að mestu rétt. Knoff sýnir fjallvegi á korti sínu og teiknar meira að segja tjöld á helstu áningarstöðum (Telte Platz); á sitthvoru Blönduvaðinu (á Skagfirðingavegi og Kjalvegi), í Hvítárnesi og við Arnarvatn á Arnarvatnsheiði. Athygli vekur að Sprengisandsvegur hefur farið nokkuð á flakk. Honum hefur verið slegið saman við Vatnahjallaveg og er látinn koma á tveimur stöðum upp úr Eyjafirði, úr Sölvadal og Vatnahjalla, en fer síðan suður fyrir Hofsjökul þvert yfir Gnúpverja- og Hrunamannaafrétti og sameinast Kjalvegi norðan við Hvítá. Nafnið hefur hinsvegar færst yfir á Skagfirðingaveg um Stórasand og er auðsætt af hverju sá ruglingur stafar en þetta bendir til að Sprengisandsvegur hefi verið lítt þekktur á þeim árum sem Knoff safnaði heimilda til kortagerðar sinnar.[10] Í útgáfu Homans á korti Knoffs frá 1761 eru fjallvegir leiðréttir nokkuð en um sumt úr lagi færðir en örnefnum mjög fækkað.[11] Á kortum Schönings, Pontoppidans frá 1785 og þeirra Jóns Eiríkssonar og Ólafs Olaviusar frá 1780 eru fjallvegir og kennileiti höfð með svipuðu sniði, aðeins bætast við nokkur örnefni s.s. Hveravellir, Tindfjallajökull, Surtshellir og Hlöðubásar.[12]

Á árunum 1792 til 1795 gerði Sveinn Pálsson sérstök kort af helstu jöklum landsins fyrir Jöklarit sitt[13] og koma þar í fyrsta sinn fyrir ýmis örnefni á miðhálendinu. Kort þessi marka nokkur tímamót í sögu miðhálendisins því að þau eru fyrsti vottur þess að menn hafi verið farnir að hafa áhuga á miðhálendinu og náttúrufyrirbærum þess, vegna þess að þau væru merkileg í sjálfu sér. Skömmu eftir 1800 hóf Björn Gunnlaugsson landmælingar sínar og er Íslandskort hans sem út kom 1844 miklu nákvæmara, bæði hvað varðar hlutföll og lögun og stasetningu náttúrufyrirbæra og fjölda örnefna, heldur en fyrri kort og raunar gerbylting í landfræðiþekkingu á Íslandi. Auðvitað voru ekki nærri öll kurl komin til grafar - t.a.m. fundust Jökuldalur á Landmannaafrétti og Jökuldalur eða Nýidalur sunnan undir Tugnafellsjökli eftir að kort Björns kom út, en sú afstaða að miðhálendið ætti engan stað í mannlegu samfélagi var nú á hröðu undanhaldi þó lengi eymdi raunar eftir af ýmsum öngum þeirrar afstöðu, sérílagi trú á útilegumenn.

---

[10] Sbr. kort hans af Norðurlandi vestra en þar er 'Sprengisands vegur' látinn klofna út frá Kjalvegi vestan við Hofsjökul og á greinilega að vera leiðin yfir Stórasand - IK, 57.

[11] IK, 64.

[12] IK, 65, 66-3, 67.

[13] IK, 68, 69. FSP ATH

Sú hugmynd að landakort ættu að sýna það sem raunverulega er, var lengi að þróast og sérstaklega voru fastlandskort langt á eftir sjókortum í þessu tilliti. Fram undir 1800 var það ríkjandi viðhorf að landakort ættu að sýna það sem skipti máli og verður að sjá meðferð kortagerðarmanna á miðhálendinu í því ljósi. Þeir hafa sjálfsagt gert sér grein fyrir að víðáttumiklar óbyggðir voru um miðbik landsins en fyrir þeim var engin góð ástæða til að leggja á sig að finna út hvaða kennileiti væru þar eða reyna að sýna þau á kortum sínum. Breyting í átt að raunhæfari mynd af hálendinu varð smátt og smátt. Fyrst virðast menn hafa gert sér grein fyrir hvílík víðátta miðhálendið er og virðist sú uppgötvun ekki hafa orðið við athugun á miðhálendinu sjálfu, heldur við strandmælingar, sem sýndu mönnum fram á, að það hlaut einfaldlega að vera risastórt 'gat' í miðju landsins. Þessi uppgötvun var gerð skömmu fyrir 1700 og 18. öldina alla eru kortagerðarmenn hægt og bítandi að fylla þetta 'gat' með kennileitum. Kort Magnúsar Arasonar og Knoffs voru nákvæm að því leyti að þau sýndu miklu fleiri smáatriði en fyrri kort og voru miklu betri heimildir um byggða bæi og innbyrðis afstöðu þeirra, um samgöngur og hlunnindi eins og skóga og veiðivötn. Þau voru hinsvegar ekki byggð á nákvæmum mælingum og eru hlutföllin í þeim oft ótrúlega vitlaus. Það var ekki fyrr en í byrjun 19. aldar að Björn Gunnlaugsson gerði þríhyrningamælingar hringinn í kringum landið og gerði á þeim grunni kort sem gaf miklu nákvæmari mynd af íslensku landslagi en áður hafði þekkst. Munurinn fólst þó ekki aðeins í því að Björn hafði miklu betri tækni á valdi sínu en fyrri kortagerðarmenn heldur hafði hann aðra afstöðu til verkefnisins. Sú afstaða kemur vel í ljós í ritdeilu hans við séra Hákon Espólín um tilvist útilegumanna.[14] Ritdeila þessi kemur nútímamönnum nokkuð spanskt fyrir sjónir því þar tókust á sú nútímalega hugmynd Björns, að hægt væri að ganga úr skugga um hvort fyrirbæri eins og útilegumenn væru til eða ekki með því að ferðast um hálendið og gá, og hinsvegar miklu eldri hugmyndafræði Hákonar, sem taldi viðteknar hugmyndir haldbetri rök en nokkurntíma empirískar athuganir. Þessi ritdeila er táknræn um þau þáttaskil sem urðu í sögu hálendisins á 19. öld. Þá fyrst komst miðhálendið á kortið, bæði í bókstaflegri og yfirfærðri merkingu, og þá fyrst var farið að fjalla um hálendið, náttúrufar þess og nýtingu í ræðu og riti.

---

[14] Prentuð í HH I, 246-269.

## II. 1 *Yfirlit um gróðurfar á miðhálendinu og breytingar á því*

Það er vel þekkt að gróður- og jarvegseyðing hefur verið mikil Íslandi frá því strax um landnám. Fræg eru orð Ara fróða að landið hafi verið viði vaxið milli fjalls og fjöru um landnám[15] og er sýnt af þeim að honum hefur ekki þótt svo vera á sinni tíð (í byrjun 12. aldar). Af Íslendingasögum og Sturlunga sögu frá 13. öld er ljóst að þá hefur víða verið skógur sem ekki er til lengur en jafnframt að menn lögðu á sig allnokkur ferðalög til að komast í skógarhögg. Það seinna þarf raunar ekki að benda á stórfellda eyðingu skóga því víða hefur verið byggð á votlendissvæðum þar sem aldrei hafa verið verulegir skógar. Hitt er ljóst að menn hafa strax á miðöldum talið að landið væri að ganga úr sér sbr. höfund Melabókar Landnámu sem taldi landið hrörna að sínum kostum og mun það hafa verið skrifað á fyrri hluta 12. aldar.[16] Slíkt harmakvein er hinsvegar fast viðkvæði í miðaldabókmenntum þannig að óvíst er hvort taka megi þetta sem heimild um rýrnun landgæða.[17]

Um miðja 14. öld ritar bróðir Arngrímur um Ísland: “Skógr er þar engi utan björk, ok þó lítils vaxtar.”[18] Ekki er þó hægt að leggja mikla merkingu í þessi orð því að viðmið Arngríms er óþekkt. Þetta má raunar eins skilja þannig að enn hafi verið víðáttumiklir skógar á 14. öld, en að þeir hafi eingöngu verið birkiskógar og heldur lágvaxnir miðað við það sem Argrímur hefði getað séð eða heyrt um í útlöndum. Heimildir af þessu tagi er ávallt erfitt að túlka því oftlega er ekki hægt að gera sér grein fyrir viðmiðum þeirra sem skrifa. Um útbreiðslu skóga má gera sér nokkra grein strax á 14. öld útfrá kirkjumáldögum en í þeim er víða getið um skógarítök kirkna. Engin heildarúttekt hefur verið gerð á þessum heimildum um hvar skóga var þá helst að finna, en þó sýnist það helst hafa verið í fjallshlíðum, dalbotnum og í hálendismörkunum, þ.e. fyrir innan eða ofan byggð. Þannig eru t.d. til heimildir um nytjaskóga í mörgum hinna svokölluðu eyðibyggða í hálendimörkunum, t.d. Þjórsárdal og Austur- og Vesturdal í Skagafirði og er ljóst að þar hafa verið allmiklir og hraustlegir skógar eftir að tilraunir til heilsársbyggðar voru gefnar upp á bátinn. Miklu minna

---

[15] ÍF I, 5.

[16] ÍF I, 211 sbr. Lxxxv.

[17] Um að *mundus senescit* (heimur versnandi fer) sjá E. Curtius: *Europäische Literatur und lateinisches Mittelalter*, Bern 1948, s. 35 o. áfr.

[18] Bsk II, 5.

virðist hafa verið um skóga á sléttlendi eða á milli byggðra bæja. Heildarmynd af útbreiðslu skóga er fyrst að fá með Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Jarðabókin gefur sömu mynd og máldagarnir; að skóga sé helst að finna á hálendismörkum og má ráða af henni að skógarnir hafi þá verið mjög á fallanda fæti. Í Jarðabókinni er yfirleitt dreginn upp verri mynd af búskaparástandi en efni stóðu til, en þó eru þar nefnd mörg dæmi um örfoka land þar sem áður voru skógar eða skóga, sem voru of úrsérgengnir til að vera nytjaðir. Enn vantar svotil allar grunnrannsóknir um útbreiðslu skóga til forna á Íslandi og á hvernig þeir eyddust eða hversu hratt. Af tiltækum heimildum má ráða að fyrir 14. öld hafi nær öllum skógum á láglendi verið eytt en að þá hafi enn verið talsverður skógur í hálendismörkum hér og þar um landið. Á þessa skóga hefur gengið jafnt og þétt og voru margir horfnir fyrir 1700 og allmargir hafa eyðst síðan þá. Á því stigi þekkingar sem við erum á nú er ekki hægt að greina hvort skógarnir eyddust jafnt og þétt eða hvort hnignun þeirra var skyndileg eða hvort munur var á þessu eftir héruðum eða náttúruaðstæðum. Þá er heldur ekkert vitað um ræktun skóganna, hvort reynt var að stýra nýtingu þeirra eða hvort hún var ávallt jafnskefja- og fyrirhyggjulaus og skógarhöggið í Hallormsstaðaskógi í lok 18. aldar sem Sveinn Pálsson lýsir.[19] Varðveisla stórra skóga eins og þeirra sem enn eru til í Fljótsdal, Fnjóskadal og Glerárskógafjalli í Dalasýslu bendir þó til þess að reynt hafi verið að vernda skóga á sumum stöðum og er vel hugsanlegt að mikilvægi skógarnytja hafi haft áhrif á örlög hálendisbyggðar.

Um sögu jarðvegs- og gróðureyðingar gegnir sama máli og um útbreiðslu skóglendis að afar litlar rannsóknir hafa verið gerðar. Líkur benda til að stórir hlutar miðhálendisins, sérstaklega á því austanverðu, hafi ávallt verið gróðursnauðir en jafnframt er ljóst að stór svæði hafa blásið upp. Minna er vitað um hvar uppblástur hefur herjað mest eða hvenær hann hefur verið mestur. Þó er vitað að jarðvegseyðing hefur hafist mjög skömmu eftir landnám en það sést af stóraukinni jarðvegsþykknun í sniðum á láglendi t.d. milli 1104 og 1300/1341. Jarðvegsþykknun á láglendi er talin stafa af jarðvegi sem borist hefur af uppblástursvæðum. Þykknunin virðist vera mest á móbergssvæðum, t.d. í Rangárvallasýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, - svæðum þar sem uppblástur hefur lengi verið vandamál - en að öðru leyti er næsta lítið vitað um mun á milli héraða í þessu tilliti. Gerðar hafa verið tilraunir til að meta hraða og umfang jarðvegseyðingar í gegnum tíðina en þær byggja ekki á öðru en

[19] FSP, 376-77.

áætlunum um afrakstur gróðurlendis sem byggja aftur á áætlunum og getgátum um árferði.[20] Hitafar er auðvitað aðeins ein af mörgum breytum sem hafa áhrif á gróðureyðingu og eru þar raunar um að ræða ferli sem ekki eru nema að mjög takmörkuðu leyti skilin. Fyrir utan áðurnefnd merki um jarðvegsþykknun á láglendi eru í raun mjög takmarkaðar heimildir til um gróðureyðingu á fyrri öldum. Merki eru um forna mannabyggð á nokkrum svæðum á miðhálendinu sem nú eru örfoka, t.d. í Þórsmörk og á Króksdal, en ekki verður sagt hvort að sú byggð eyddist vegna uppblásturs eða hvort gróðureyðing fór aðeins að segja til sín á þessum svæðum löngu eftir að byggðin lagðist af. Til eru lýsingar á sumum af byggðaleifunum í Þórsmörk frá því um og fyrir miðja 19. öld og samanburður þeirra við ástand leifanna í dag bendir til að jarðvegs- og gróðureyðing hafi verið mjög mikil á því svæði síðastliðna eina og hálfa öld.[21] Jarðvegssnið sem tekin voru í grennd við þessa minjastaði sýndu mikla jarðvegsþykknun á miðöldum, en hversu nálægt sá uppblástur var verður ekki með vissu sagt og því óvíst að um orsakasamhengi sé að ræða þar milli gróðureyðingar og hnignunar byggðarinnar.

Ein af ástæðum gróðureyðingar sem bent hefur verið á er beit búfjár. Lítið er vitað um hversu mikið miðhálendið var nýtt til sumarbeitar til forna. Það er vitað að það var nýtt en jafnframt að á tímabilum og á ákveðnum svæðum var sú nýting næsta takmörkuð. Á 18. öld mun t.d. víða hafa verið lítill upprekstur á hálendið[22] en á því varð mikil breyting þegar kom fram á 19. öld. Eftir fjárkláðann fyrri (1762-79) og Móðuharðindin (1783-84) fjölgaði sauðfé nokkuð jafnt og þétt fram um miðja 19. öld að fjárkláðinn síðari sló sauðfjártölunni aftur niður. Árið 1820 hafði sauðfjártalan náð því hámarki sem hún hafði komist í á 18. öld (360 000) en á næstu 30 árum þar á eftir tvöfaldaðist fjöldi sauðfjár og náði hámarki 1852 eða rúmlega 700 000. Eftir það fækkaði sauðfé aftur niður í 350 000 vegna fjárkláðans síðari (1856-77) en um 1880 var sauðfjártalan orðin um 500 000 og fjölgaði síðan hægt - og með nokkrum sveiflum - fram á fjórða áratug þessarar aldar.[23] Ekki er vitað mikið um sauðfjártölu á fyrri öldum en líkur benda til að hún hafi ekki áður orðið jafnhá og hún varð á 19. öld og að hún hafi heldur aldrei haldist jafnlengi jafnhá og þá. Af sauðfjártölum frá 18.

---

[20] Sturla Friðriksson: Þróun lífríkis, 190-191.

[21] Gerrard, John: 'Contemporary Soil Erosion in Þórsmörk, Southern Iceland.' *Árbók 1982*, 57-59. Sbr. Guðrún Sveinbjarnardóttir: Byggðaleifar; FAI, 47-50.

[22] Sigurður Sigurðsson: Búnaðarhagir, 63. Sbr. GR III, 282-83.

[23] Sigurður Sigurðsson: Búnaðarhagir, 325-328.

öld má ráða að miklar sveiflur hafi verið í tölu sauðfjár, mikil þörf hafi verið fyrir beitiland sum árin en inn á milli komið kaflar þar sem fátt var um sauðfé til að beita, og því hafi verið tímabil þegar gróðurþekjan inni á hálendinu gat jafnað sig. Á 19. öld gegndi öðru máli, því að þó að þá hafi verið sveiflur í sauðfjártölunni sem fyrr, þá fór sauðfjártalan aldrei niður fyrir 300 000 eftir 1820 en það var nálægt hámarki sauðfjárfjölda á 18. öld. Áþekka sögu er að segja um fjölda hrossa, hrossatalan náði hámarki 1852 (41 000) en dalaði eftir það og hélst í kringum 30 000 fram til 1890 en síðan þá fjölgaði þeim jafnt og þétt.[24] Sauðfjár- og hrossaeign hefur ávallt verið langmest í þeim sýslum landsins sem eiga upprekstur á miðhálendið og er auðsætt að það var fyrst og fremst miðhálendið sem tók við hinum stóraukna fjölda búfjár á 19. öld. Aukin þörf á beitilandi sagði til sín í því, að leiðangrar voru gerðir út inn á miðhálendið til að finna ný beitilönd og farið var að leita mun lengra inn á hálendið en áður hafði tíðkast. Það hefur því aldrei í sögu landsins verið beitt jafn stíft á miðhálendið eins og síðastliðna eina og hálfa öld, og er líklegt að sá aukni beitarþungi hafi haft áhrif á gróðurþekju hálendisins. Það er því athugunarefni hvort gróðureyðing uppi á hálendinu, þ.e. fyrir ofan skógarmörk og ofan við mögulega beit frá seljum og heiðabýlum, sé ekki fyrst og fremst afleiðing af stóraukinni beit eftir 1820.

Af þessu má einnig draga þá ályktun, að hversu mikil sem gróðureyðing hefur verið á miðhálendinu í gegnum aldirnar, þá hefur hún tæplega verið svo mikil, að hún hafi takmarkað möguleika til beitar. Þ.e.a.s. það er ekkert sem bendir til þess, að skortur á beitilandi hafi nokkurn tíma haft takmarkandi áhrif á fjölda búfjár. Þar hafa aðrir þættir, einkum árferði og búfjársjúkdómar, ráðið meiru um.

Ekki er víst, að búskaparhættir eins og þeir sem tíðkuðust á 19. öld hafi ávallt verið ríkjandi á Íslandi. Líkur benda til að sauðfjárafurðir hafi skipt hlutfallslega minna máli í búskap á fyrri öldum og er vitað að á miðöldum a.m.k. áttu geldneyti og svín stærri þátt í kjötframleiðslunni og meira áhersla var lögð á framleiðslu afurða úr kúamjólk.[25] Svínum og nautgripum hefur eflaust verið beitt á hálendið ekki síður en sauðfé og hrossum, en slík dýr hafa þó tæplega gengið jafnlangt inn á miðhálendið og sauðfé. Líklegra er að þeim hafi verið beitt á hálendismörkin; svín gengu í skógum, geldneyti gengu um heiðar nálægt byggð og

[24] Sigurður Sigurðsson: Búnaðarhagir, 356-57.

[25] Sem sjá má t.d. af hinum stóru fjósum og hlöðum fyrir töðu við leifar miðaldabæja, samanborið við lága mjólkurkúatölu og skort á hlöðum á 18. öld - Orri Vésteinsson: '"Mygluskán og hálfblautur ruddi." Hvernig geymdu menn hey til forna?' *Sagnir* 10 (1990): 18-26.

mjólkurkýr voru hafðar í seljum.  Það er þannig mögulegt að búnaðarhættir fyrir 19. öld hafi fyrst og fremst haft neikvæð áhrif á gróðurþekjuna í hálendismörkunum.  Þar var gróður viðkvæmari en á láglendi og jarðvegsþekjan sérstaklega viðkæm eftir að fór að ganga á skógana.  Á slíkum svæðum var svo hlutfallslega miklu meiri ágangur manna og dýra heldur en lengra inni á hálendinu.  Mögulegt er, að ein af ástæðunum fyrir því að seljabúskapur var að leggjast af á 18. öld, hafi verið að fjallabeit sú er þau byggðu á hafi verið farin að ganga úr sér vegna gróðureyðingar og að þess í stað hafi bændur lagt áherslu á að fjölga sauðfé sem hægt var að láta ganga lengra inn á fjöll en aðrar skepnur.  Í sömu átt bendir að líklegt er að forsendur búnaðarframleiðslu hafi breyst nokkuð frá því á miðöldum.  Þá voru flest bú rekin með sjálfsþurft í huga, en það fólst m.a. í því að framleiðslan var fjölbreyttari en seinna varð og menn virðast ekki hafa framleitt meira en þeir gátu sjálfir neytt því engin markaður var til að taka við sveiflukenndri umframframleiðslu.  Þegar komið var fram á 17. öld byggðist búskapur flestra bænda að stærstum hluta á framleiðslu sauðfjárafurða og var hluta þeirra skipt fyrir aðrar nauðsynjar í kaupstað.  Mikilvægi kaupstaðarvöru jókst smátt og smátt og einfaldasta leiðin til að auka framleiðslu var að setja á sífellt fleira og fleira fé og treysta meira á engjaheyskap og útbeit bæði á sumar og vetur.  Líkur eru á að breytingar í þessa átt hafi haft neikvæð áhrif á viðgang gróðurþekjunnar.

Margir þættir aðrir hafa áhrif á gróður- og jarðvegseyðingu.  Þar má nefna náttúrufar en ekki er allt land jafnviðkvæmt fyrir ágangi og beit og er þáttur vatnsrofs t.a.m. mjög mismikill eftir halla lands.  Einnig geta búskaparaðstæður í þeim byggðarlögum, sem eiga upprekstur á hálendið, skipt máli.  Þörf fyrir sumarbeit til fjalla getur verið mismikil í sveitum eftir því hvort aðgengilegir sumarhagar eru fyrir hendi í eða nálægt byggðinni sjálfri og eftir því hvernig nýting þeirra er skipulögð.  Þar sem nægir sumarhagar hafa verið nær byggð hefur ekki verið jafnmikil  ástæða til að beita á fjarlægari fjalllendi.  Sama hefur sjálfsagt gilt um skóga meðan þá var enn að finna á láglendi.  Enn má nefna að stórfenglegust landeyðing hefur orðið í sambandi við eldvirkni, hvort heldur sem er af völdum öskufalls, hrauna eða jökulflóða en þar hefur láglendi, t.d. á Rangárvöllum og í Skaftafellssýslum, raunar orðið talsvert verr úti en hálendi.

Niðurstaðan af þessu yfirliti um sögu gróðureyðingar á miðhálendinu er fyrst og fremst að mjög lítið er vitað um hana og að ferlin, sem þar hafa ráðið, eru mjög flókin.  Bent er á þann möguleika að gróður- og jarðvegseyðing hafi verið hlutfallslega mest í hálendisjaðrinum vegna ágangs manna og að uppblástur ofar á miðhálendinu sé fyrst og fremst að rekja til

aukins beitarþunga frá því á 19. öld. Einnig er rétt að benda á að hvergi eru til ótvíræðar heimildir um að byggð í hálendisjaðrinum hafi lagst af vegna gróðureyðingar. Líklegt hlýtur að teljast að rýrnandi búskaparskilyrði hafi á mörgum slíkum svæðum gert fasta búsetu ómögulega til lengdar en jafnlíklegt er að á mörgum þeirra hafi landið jafnað sig á ný og að stórfellda landeyðingu megi rekja til annarra þátta. Stórfenglegt jarðvegstap í hálendismörkunum er líklegt að stafi fyrst og fremst af hvarfi skóganna, hvort sem er af völdum skógarhöggs eða beitar.

## II. 2 *Yfirlit um eignarhald á miðhálendinu og breytingar á því*

Lengi hafa verið skiptar skoðanir um eignarhald á afréttum og almenningum á Íslandi og er þar fyrst og fremst um lögfræðilegt álitamál að ræða.[26] Í raun hefur eignarhald á óbyggðum aldrei verið á hreinu, hvorki fræðilega né í reynd, og hefur ávallt verið munur á hugmyndum manna um þetta efni eftir landshlutum og mögulega einnig á mismunandi tímabilum.

Fram á þessa öld hlaut eignarhald á óbyggðum alltaf að vera ótryggara en á byggðum svæðum einfaldlega vegna þess að þeir sem töldu sig eigendur að óbyggðum höfðu ekki aðstöðu til að fylgjast með ágangi annarra á lönd þeirra. Helst var hægt að standa vörð um fiskveiðiréttindi enda voru þau oftast vel skilgreind, en rétt til beitar, grasatekju eða fuglveiða var víðast hvar mjög erfitt eða vonlaust að verja. Ekki var hægt að fylgjast með hvar búfénaður var á beit uppi á hálendinu á sama hátt og hægt var að gera í byggð. Hinsvegar var hægt að fylgjast með hvar búfé var rekið á fjall og er eðlilegast að sjá eignarrétt á óbyggðum fyrir sér sem hlið eða gáttir á milli byggða og óbyggða. Þeir sem áttu land að óbyggðum gátu stjórnað því hvaða menn aðrir ráku yfir það land inná hálendið og í þeim skilningi höfðu þeir rétt yfir landinu sem innaf var. Það voru auðvitað hagsmunir þeirra sem búfé áttu á fjalli að reka það til heimahaga á hausti þannig að erfitt er að tala um skyldur landeigenda eða rétthafa í því samhengi og af þeim sökum hafa mörk leitarsvæða tæplega neina eignarréttarlega þýðingu. Á hinn bógin höfðu landamerki í óbyggðum sem ekki féllu saman við mörk leitarsvæða varla mikla merkingu heldur. Með öðrum orðum þá hafði eignarhald á

---

[26] Sjá Gunnar F. Guðmundsson: *Eignarhald á afréttum og almenningum. Sögulegt yfirlit,* (Ritsafn Sagnfræðistofnunar 4), Reykjavík 1981.

óbyggðum mjög takmarkaða þýðingu aðra en að vera réttur til upprekstrar. Það þýddi hinsvegar ekki að menn hafi ekki talið sig eiga óbyggðir. Þannig segir í Landnámu frá Hrosskeli landnámsmanni að Írafelli í Skagafirði sem sendi þræl sinn Roðrek suður á fjöll í landaleitan. Þrællinn fór upp eftir Mælifellsdal og kom til gils nokkurs þar suður af og setti þar niður staf og snéri svo heim. Þegar nágranni Hrosskels, Vékell hamrammi á Mælifelli frétti af ferð Roðreks, fór hann sjálfur upp á fjöll í landaleitan og kom að tveimur hólum, sem kallaðir voru eftir það Vékelshaugar, og skaut ör á milli þeirra. Er þetta fréttist sendi þriðji nágranninn, Eiríkur í Goðdölum, þræl sinn Rönguð af stað og fór hann allt suður að Blöndukvíslum og á Hveravelli þar sem hann hlóð vörðu. Því er bætt við að eftir þetta hafi ferðir hafist milli Suðurland og Norðurlands um Kjöl.[27] Sögur þessar eru á yfirborðinu um landkönnun á hálendinu en menn hafa lengi talið að stafurinn við Roðreksgil og örvarskotið (eða skotin) milli Vékelshauganna hafi verið merkjasetningar á landnámum þessara manna.[28] Hvað sem kann að vera til í því þá er ljóst að frá fyrstu tíð hafa menn talið stóra hluta miðhálendisins til heimalanda. Slíkar eignakröfur eru yfirleitt ónákvæmar þegar kemur að landamerkjum uppi á fjöllum og ekki eru þekkt dæmi um ágreining um slík merki. Í skjölum er aldrei gert ráð fyrir að eignarréttarstaða óbyggða sem talin voru til heimalanda væri neitt öðruvísi en t.d. heimahaga. Þannig hafa menn talið að námaréttindi fylgdu landareign á óbyggðum eins og önnur réttindi. Það sést af deilum eigenda Grænavatns og Reykjahlíðar í Mývatnssveit sem risu á 16. öld um rétt til brennisteinsnáms í Fremrinámum.[29] Stórir hlutar hálendisins hafa þó ekki verið taldir til heimalanda og er þar um tvenn- og hugsanlega þrennskonar eignarhalda að ræða.

Í fyrsta lagi eru stór samfelld gróðurlaus svæði, sandar og jöklar, sem enginn hefur gert tilkall til. Eignarhald á landi sem ónýtanlegt er með öllu er í praktísku tilliti merkingarlaust og mörk jarða sem liggja að slíkum svæðum hafa oftast verið látin vera óskilgreind. Fyrir utan jökla eru svæði af þessu tagi helst: Hraun milli Eyvindarstaðaafréttar og Hofsafréttar við norðanverðan Hofsjökul, Fjöll sunnan og austan við Eystri-Jökulsá og Geldingsá og Sprengisandur allur frá Þjórsárkvíslum og að vesturafrétt Bárðdæla. Óljóst verður einnig að telja með eignarhald á Vonarskarði og Ódáðahrauni. Lítið samræmi er á því hvort jarðir

[27] ÍF I, 230-32.

[28] Sjá Ólafur Lárusson: Landnám í Skagfirði, 101-102, 138-39; Strömbäck: Att helga land, 210-15 og Arkiv 1926: 320-22.

[29] Ódáðahraun II, 331-34.

fremst í Eyjafirði og Fnjóskadal töldust eiga land uppá fjallsbrúnir sem þar eru allstaðar skýr skil eða suður á jökla eða eins og vötn draga. Hálendið ofan við fjallsbrúnir er á þessu svæði gróðurlaust með öllu þannig að tilkall sumra jarða til eignarhalds þar verður að teljast marklítið og segja meira um mismunandi skrifarahefðir við samsetningu landamerkjabréfa. Vafi um eignarhald eða rétt til nýtingar á svæðum sem engin gerði tilkall til gat aðeins ristið þar sem hagablettir voru. Ekki eru þó þekkt dæmi um neinar slíkar deilur nema í þjóðsögum (t.d. deilur Eyfirðinga og Skagfirðinga um afrétti milli Austurdals og Eyjafjarðardals) en ljóst er að víða hafa komist á hefðir eða venjur um nýtingu án þess að eignarhald væri formlega skilgreint. Þar má nefna sem dæmi Þórsmörk, sem á einhverju stigi málsins a.m.k. var nýtt að helmingi af staðarhaldara í Odda og að helmingi af búendum í Fljótshlíðarhreppi. Algengara var að afnotaréttur af óbyggðum sem ekki þóttu tilheyra einstökum jörðum teldust almenningar eða upprekstrarsvæði ákveðinna hreppsfélaga.

Í öðru lagi eru almenningar. Samkvæmt Jónsbók voru almenningar eign þeirra sem byggðu sama fjórðung. Sú skilgreining er þó ekki þekkt í reynd hvað varðar almenninga á afréttarlöndum, en þeir voru raunar heldur ekki margir samanborið við almenninga á fjörum. Á Norðurlandi eru til nokkur lítil afréttarsvæði sem kölluð eru Almenningar (t.d. fremst í Garðsárdal í Eyjafirði og fram af Mjóadal við Bárðdælaafrétt) en ljóst er að á þá var aðeins rekið úr þeim hreppum sem að þeim áttu land og verður að teljast ólíklegt að viðkomandi hreppsmenn hefðu talið það eðlilegt að samfjórðungsmenn þeirra rækju fé sitt þangað líka.

Nokkuð öðru máli gegnir um hin stóru afréttarsvæði Suðurlands. Þau voru yfirleitt ekki kölluð almenningar, enda er afdráttarlaust um þau, að sérhvert afréttarsvæði tilheyrir aðeins þeim hreppi eða hreppum sem þangað eiga upprekstur. Þar er komin þriðja mögulega eignarréttarformið. Hvað sem líður lögfræðilegum skilgreiningum þá er sá munur á afréttarsvæðum Suðurlands og smá-almenningum Norðurlands að hinir fyrrnefndu eru stór samfelld upprekstrarsvæði sem hvert og eitt hefur lotið sömu stjórn hvað varðar skipulag afréttarmála um aldir, á meðan Almenningar Norðurlands voru ekki annað en aðgreind svæði þangað sem reka mátti fé án þess að gjalda fjalltoll. Munurinn fellst því í annarskonar stjórn þessara beitilanda.

Tilkall hreppsfélaga til skilgreindra afréttarlanda á hálendinu byggir á langri hefð sem nær allt aftur á 14. öld að minnsta kosti. Afrétta í hreppseigu er ekki getið í Grágás eða Jónsbók og hefur á þeim grunni stundum verið talið, að slíkir félagslegir afréttir séu yngri en frá 13. öld. Það mælir með þessari túlkun að fáar sem engar vísbendingar eru um félagslegan

upprekstur eða leitir í sögum 13. aldar.  Á móti þessu mætti segja, að harla lítið er minnst á afréttarmál í Íslendingasögum eða Sturlungu yfirhöfuð og að mjög fáar sögur gerast í þeim sveitum sem átt hafa félagsleg afréttarlönd.  Þá er Grágás ekki lögbók í þeim skilningi að henni hafi verið ætlað að fjalla um öll lög sem til voru og enn má benda á, að skortur á löggjöf um afréttarmál langt fram á 19. öld er tæplega áreiðanlegur vitnisburður um eignarhald eða nýtingu afrétta.  Meginástæðan fyrir þögn laganna um hrepps-afrétti hlýtur þó að vera sú, að þeir voru í raun aðeins eignarréttarlegt afbrigði sem bundið var við einn landshluta, þ.e. svæðið milli Hverfisfljóts og Skjaldbreiðar.  Þar sem þetta fyrirkomulag átti ekki við landið allt var tæplega ástæða til að gera ráð fyrir því í landslögum, sérstaklega þar sem frá lögfræðilegu sjónarmiði er vel hægt að líta svo á, að hrepps-afréttir séu óskipt heimaland þeirra jarða sem hreppsfélagið mynda.  Líklegt verður að telja, að fé hafi alltaf verið rekið á hrepps-afréttina en mögulegt er, að dómar þeir, sem féllu um eign hreppsfélaga á afréttum á 14. og 15. öld, séu merki um að á þeim tímum hafi hreppunum af einhverjum ástæðum þótt nauðsynlegt að undirstrika tilkall sitt.  Af þeim skjölum að dæma sem til eru, þá sýnist líklegra að dómarnir hafi ekki verið felldir til að skera úr um hvort afréttirnir voru hrepps- eða einkaeign, heldur til að ákveða hvaða hreppsfélög ættu upprekstur á hvaða afrétt. Það bendir til, að á seinni hluta miðalda hafi orðið nauðsynlegt að koma fastara skipulagi á upprekstrarmál en áður hafði tíðkast, og er eðlilegt að það hafi verið flóknara í framkvæmd, og því þurft aðstoðar dómstóla, á hrepps-afréttum en afréttum sem voru í einkaeign. Hinsvegar er ekkert sem bendir til þess að eignarréttarstaða þessara afrétta hafi verið neitt öðruvísi áður, þ.e. að þeir hafi áður verið í einkaeign, þó hugsanlegt sé að þeir hafi verið svo lítið notaðir að þeir hafi talist einskismannsland.

Það er stundum talað um grunneignarrétt á landi eins og eignarréttur geti verið lagskiptur.  Þennan skilning er erfitt að finna í sögulegum heimildum en í þeim virðist yfirleitt litið svo á að eignarréttur helgist af landnámi frekar en nýtingu.  Hefðir gátu skapast um nýtingu án þess að tekið væri tillit til eignarhaldstilkalla, en ekki eru þekkt dæmi þess, að land hafi verið dæmt eign einhvers á grunni þess, að hann hafi nýtt það ef einhver annar hafði áður gert tilkall til þess.  Hefð á nýtingu gat hinsvegar leitt til þeirrar dómsniðurtöðu að notandinn hefði afnotarétt sem eigandi gat ekki hindrað eða krafist gjalds fyrir án þess þó að eignarréttarkröfu hans væri hafnað.  Afnotaréttur sem vanst með hefð gat hinsvegar verið takmarkaður við ákveðnar tegundir nýtingar, s.s. beit eða fiskveiðar.  Eigandi gat einnig selt eða leigt ítök í landareign sína og voru þau oftast takmörkuð við ákveðið svæði og ákveðna tegund nýtingar.

Í þessu samhengi er rétt að minnast örstutt á mörk lögsagnarumdæma á hálendi til forna. Fram á 19. öld var litið svo á að lögsaga væri fyrst og fremst yfir fólki og því er eiginlega tómt mál að tala um lögsögu sveitarfélaga eða annarra stjórnsýslueininga yfir óbyggðum. Þetta kemur skýrt fram á tveimur af landshlutakortum Knoffs frá 1731 en þar lætur hann hreppamörk afmarka byggð og hálendi,[30] og hefur hann því talið, að ekki væri um að ræða umráð sveitarfélaga á hálendinu. Hinsvegar var hefð á kortum, að sýna fjórðungamörk um hálendið mitt en þar er líklega frekar um landfræðilega athugun að ræða frekar en stjórnsýslulega. Þegar einhverjir þeir atburðir áttu sér stað í óbyggðum, sem heyrðu undir presta, hreppstjóra, lögmenn, sýslumenn eða aðra umboðsmenn konungs, þá miðuðu lögin við, að vatnaskil réðu undir hvern málið heyrði.

Niðurstaðan af þessu yfirliti um eignarhald á miðhálendinu er annarsvegar sú að þó að augljós munur sé á eiginlegri eignarréttarstöðu heimalanda og óbyggða þá virðist sá greinarmunur ekki hafa verið viðurkenndur og menn töldu að þær óbyggðir sem töldust til heimalanda væru jafnmikil og samskonar eign og þau. Hinsvegar má skipta hálendinu í tvennt í stórum dráttum eftir ríkjandi eignarréttarformum. Annarsvegar er svæði hrepps-afrétta sem nær frá Hverfisfljóti á austurmörkum Síðumannaafréttar vestur að Skjaldbreið á mörkum afréttar Grímsnesinga og Laugdæla við heimaland Þingvalla. Þar rétt austan við eru að vísu tveir víðáttumiklir afréttir sem tilheyrðu heimalöndum Úthlíðar og Haukadals. Á öðrum hlutum miðhálendisins töldust afréttir til heimalanda ákveðinna jarða. Eina mögulega undantekningin eru afréttir Hvítsíðinga, Þverhlíðinga og Tungumanna á Tvídægru og Holtavörðuheiði en þar er saga eignarheimilda raunar óljós og ljóst að bæði Gilsbakkakirkja og Hvammskirkja hafa átt a.m.k. tilkall til beitarrétinda.

## II. 3 *Yfirlit um landkönnun og rannsóknir á miðhálendinu*

Fyrr í þessum kafla var fjallað nokkuð um hugmyndir manna um miðhálendið til forna og var þar rakin í grófum dráttum saga aukinnar þekkingar og meðvitundar um miðhálendið frá 16. fram á 19. öld eins og hún sést af landakortum. Hér verður því aðeins stiklað á stóru um sögu

[30] IK, 53, 54.

landkönnunar fram á 19. öld en um tímabilið síðan þá verður frásögnin einskorðuð við sögu fornleifarannsókna. Saga náttúrurannsókna á miðhálendinu á þessari öld er allmerk en hún verður ekki rakin hér.

Í Landnámu eru geymdar nokkrar sögur um landkönnun á fyrstu áratugum byggðar á Íslandi og hefur þegar verið getið sagnanna um Skagfirðingana Roðrek, Vékel og Rönguð sem fóru hver öðrum lengra suður á hálendið þar til Rönguður kom á spor að sunnan á Kili og hlóð þar vörðu sem enn stóð þar um 1300 og bar nafn hans "... ok þaðan af tókusk ferðir um fjallit milli Sunnlendinga fjórðungs ok Norðlendinga."[31] Þessar sögur eru allþjóðsagnakenndar og sagan um Rönguð er líklega örnefnaskýring. Þó ekki sé tekið mark á þeim bókstaflega lýsa þær þó landkönnun sem hlýtur að hafa átt sér stað fyrst eftir að landið fór að byggjast. Það er óhjákvæmilegt að menn hafi farið upp á hálendið ef ekki til annars en að ganga úr skugga um hversu óbyggilegt þar er og langt til næstu byggða. Sagan af búferlaflutningum Gnúpa-Bárðar norðan úr Bárðardal eftir Bárðargötu um Vonarskarð suður í Fljótshverfi[32] er einnig þjóðsagnakennd en hún sýnir þó þekkingu á landslagi og mögulegri leið sem ekki var kunn á seinni öldum.[33] Samskonar ályktun má draga af Grettissögu en í henni kemur fram allgóð þekking á mörgum stöðum á miðhálendinu og mögulegum afdrepum útilegumanna. Þar má nefna frásögnina af Þórisdal en lýsingin á þeim dal í sögunni er þannig að ólíklegt hlýtur að teljast að höfundur frásagnarinnar hefi komið þangað sjálfur. Hann hefur hinsvegar haft fyrir sér heimildir byggðar á vettvangsathugunum því að vissulega er dalur á þeim stað sem lýst er í sögunni.

Ljóst er bæði af Íslendingasögum og Sturlungu að á 13. öld hafa menn haft allgóða þekkingu á landslagi á miðhálendinu, a.m.k. sem dugði til að ferðast um það af öryggi. Þegar komið var fram á 18. öld hafði leiðum fækkað nokkuð og þekking sýnilega dregist saman en óvíst er hvort það hefur stafað af langvinnri hnignun eða hvort aðeins var um að kenna erfiðu efnhagasástandi og slæmu heilsufari þjóðarinnar á 18. öld. Ferðir biskupa um Ódáðahraun á 17. öld gætu bent til þess að seinni möguleikin sé líklegri.

Það var raunar á 17. öld eða árið 1664 sem fyrsti landkönnunarleiðangurinn, sem skýrslur eru til um, var gerður. Það var er prestarnir Björn Stefánsson á Snæfuglsstöðum og

---

[31] ÍF I, 232.

[32] ÍF I, 273-74.

[33] Sbr. FSP, 473-74.

Helgi Grímsson á Húsafelli lögðu lykkju á leið sína eftir Kaldaldal og gerðu leit að dal þeim sem segir frá í Grettissögu og kallaður hefur verið Þórisdalur eða Áradalur. Þeir fundu dalinn erfiðislítið en hinsvegar enga útilegumenn sem þeir höfðu þó hálfpartinn búist við. Ferð þeirra var fyrst og fremst sálrænt afrek en ekki virðist það þó hafa haft mikil áhrif á samtímamenn þeirra eða eftirkomendur fyrst í stað.[34] Allnokkurri þekkingu um eyðibyggðir og nýtingu afrétta var safnað í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín en um eiginlegar rannsóknir á hálendinu var ekki að ræða fyrr en með ferðum Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar á árunum 1752-1757. Þeir fóru um Kjöl, gengu á Heklu og Langjökul og könnuðu hálendið í kringum Mýrdalsjökul í tilefni af Kötlugosinu 1755-56,[35] en hinsvegar höfðu þeir bæði litlar og óljósar upplýsingar um Sprengisand og Ódáðahraun. Rannsóknir Ólafs Olaviusar á árunum 1775-1777 snertu hálendið lítið en þó eru í Ferðabók hans eins og í Jarðabók Árna og Páls upplýsingar um eyðibýli í hálendisjaðrinum. Stórt skref fram á við var tekið með rannsóknum Sveins Pálssonar á árunum 1791 til 1797 en hann ferðaðist m.a. til Veiðivatna á Landmannaafrétti og samdi af þeim lýsingu auk þess sem hann rannsakaði alla helstu jökla miðhálendisins og gerði uppdrætti af þeim og nágrenni þeirra.[36] Í Ferðabók sinni höfðu Eggert og Bjarni harmað mjög að ýmsir fjallvegir, sérílagi Sprengisandsvegur og Ódáðahraunsvegur væru týndir, og bentu á hversu mikilvægt það væri fyrir efnahagslífið að hafa greiðar samgönguleiðir milli landshluta. Þeir töluðu ekki fyrir daufum eyrum og var talsverður áhugi á umbótum í samgöngumálum á seinni hluta 18. aldar og voru þær eitt af þeim verkefnum sem landsnefndinni fyrri var sett að gera tillögur um árið 1770. Voru m.a. sett vegalög og póstlög eftir ráðleggingum nefndar þessarar árið 1776.[37] Nefndin safnaði lýsingum af Sprengisandsleið og á sama tíma og hún var að störfum eða árið 1772 fóru þeir Einar Brynjólfsson og Sigurður Sigurðsson landþingsskrifari yfir Sprengisand (og handtóku Eyvind og Höllu í leiðinni) og sömdu skýrslu um ferð sína.[38] Eftir það tókust upp ferðir um

---

[34] Skýrsla Helga er prentuð í Blöndu 1948 en Björns í HH III, 127-32.

[35] FEB I, 59-66; II, ATH.

[36] FSP, 425-552, 649-59.

[37] Um landsnefndina fyrri og störf hennar er helst að lesa í Sögu Íslendinga VII (1950) eftir Þorkel Jóhannesson og í riti Haralds Gustavsons: Mellan kung och allmoge, (1985). Skjöl nefndarinnar hafa verið gefin út í tveimur bindum (1958-61).

[38] Pr. Í HH I, 44-48.

Sprengisand að nýju þótt aldrei væri þar fjölfarið í samnaburði við Kjalveg eða Skagfirðingaveg. Að undirlagi Stefáns Þórarinssonar amtmanns fór Bjarni Jónsson árið 1791 tvær ferðir yfir Ódáðahraun í leit að vegi þeim sem biskupar höfðu farið austur um á 17. öld. Hann mun hafa farið mun sunnar en leiðin gamla lá og lenti í vandræðum að komast yfir Jökulsá á Fjöllum og var leið þessi ekki tekin upp aftur.[39] Sama gegndi um Vatnajökulsleið, leið meðfram norðurbrún Vatnajökuls, sem Pétur Brynjólfsson fann árið 1795 og vakti mikla athygli.[40] Hún varð þó aldrei alfaraleið, jafnvel þó að Fjallvegafélagið léti gera frekari könnun á leiðinni 1833 - en í ferð þeirri voru Hvannalindir m.a. fundnar - með það fyrir augum að opna veg þar milli Austfjarða og Suðurlands.[41]

Af þessu sést að á síðustu árum 18. aldar var talsverður hugur í mönnum að kanna miðhálendið. Einkum höfðu menn hug á að bæta samgöngur en skilningur fór einnig vaxandi á því að nauðsynlegt væri að kunna skil á náttúru landsins og var vonin um að finna mætti vinnanlega málma eða önnur jarðefni þar greinilegur drifkraftur. Sú hugmynd að rannsóknir væru gagnlegar og nauðsynlegar samfélaginu voru hluti af upplýsingastefnunni sem flestir menntamenn aðhylltust á þessum árum, og það var í anda þeirrar stefnu sem Björn Gunnlaugsson ferðaðist um landið í byrjun 19. aldar með því markmiði að gera af því nákvæmari uppdrátt en áður hafði verið til. Kort Björns kom út 1844 og var í raun réttri bylting í landfræðiþekkingu á Íslandi.

Á sama tíma og Björn vann að útgáfu kortsins fyrir Hið íslenska bókmenntafélag undirbjó félagið samningu að miklu ritverki sem átti að vera lýsing Íslands. Verkefninu stjórnaði Jónas Hallgrímsson og ferðaðist hann töluvert um landið og gerði rannsóknir á náttúrufari og fornminjum. Félagið sendi út ítarlega spurningalista til sýslumanna og sóknarpresta þar sem þeir voru beðnir að lýsa náttúrufari, efnahagsaðstæðum og menningarlífi hver í sínu héraði. Innheimta skýrslnanna gekk treglega og Jónas dó frá rannóknum sínum og var Lýsing Íslands aldrei samin. Eftir liggur hinsvegar gríðarlegt safn upplýsinga um hag Íslendinga um miðja 19. öld. Skýrslurnar eru mjög mismunandi að lengd og skýrleika og misjafnt er hvað minnst er mikið á miðhálendið. Af skýrslunum má þó fá allgóða mynd af nýtingu hálendisins um miðja 19. öld en þó sérílagi um stöðu þekkingar og

---

[39] HH II, 286-98.

[40] FSP, 474-75.

[41] Páll Sigurðsson: Fjallvegafélagið, 50-54.

eðli hugmynda um það á þeim tíma.

Margvíslegar rannsóknir voru gerðar á Íslandi á 19. öld og lá hingað stríður straumur útlendinga, sem, þó flestir væru aðeins sportferðamenn, skrifuðu margir hverjir greinargóðar lýsingar af ferðum sínum og athugunum. Almennt fóru erlendir ferðamenn ekki víða um miðhálendið, nokkrir fóru um Kaldadal og sumir um Kjöl, og býsna margir lögðu leið sína til Mývatns og skoðuðu brennisteinsnámurnar og lituðust jafnvel aðeins um á öræfunum þar í kring. Í heild verður þó að telja að áhugi á miðhálendinu hafi ekki verið ákafur á 19. öld, og er líklegt að það hafi að nokkru verið afleiðing rannsókna 18. aldar og kortlagningar Björns Gunnlaugssonar. Á þeim grunni var ljóst að engar spennandi auðlindir var að hafa á hálendinu og að samgöngur um það voru ekki jafnauðveldar og menn höfðu vonað. Aukin landfræðiþekking leiddi ekki til neinnar byltingar í samgöngumálum eins og vonir höfðu staðið til og fjölförnustu leiðirnar um hálendið voru eftir sem áður í jöðrum þess en ekki þvert yfir það.

Þetta sést vel af framkvæmdum Fjallvegafélagsins sem starfaði á fjórða áratug aldarinnar mest fyrir frumkvæði Bjarna Thorarensens landsyfidómara, en það lét kanna Vatnajökulsveg og varðaði og ruddi Vatnahjallaveg eitthvað áleiðis suður á Kjöl en meginfrakvæmdir á vegum þess voru á Kaldadal, Okvegi og Skagfirðingavegi um Stórasand. Þetta voru fjölförnustu leiðirnar um hálendið alla 19. öld og varð ekki breyting á því fyrr en um aldamótin 1900 að bæði Kjalvegur og Sprengisandsvegur voru varðaðir að fyrirsögn Daniels Bruun.

Gosið í Öskju 1875 vakti mikinn áhuga innlendra og erlendra vísindamanna og voru á árunum þar á eftir gerðir út margir leiðangrar í Ódáðahraun til að rannsaka gosstöðvarnar. Einn af þeim vísindamönnum var Þorvaldur Thoroddsen en segja má að með rannsóknum sínum hafi hann lagt grunninn að íslenskri landafræði. Þorvaldur ferðaðist um allt Ísland og mikið um hálendið og fetaði rækilega í fótspor Björns Gunnlaugssonar og leiðrétti kort hans og mælingar til muna. Þorvaldur var alhliða vísndamaður sem var jafnvel heima í jarðfræði og menningarsögu og eru athuganir hans bæði gríðrlega umfangsmiklar og ótrúlega gagnlegar ennþá nærri öld eftir að flest verk hans komu út.

Um rannsóknir á fornleifum á hálendinu eða í hálendisjaðrinum er ekki að tala fyrr en eftir miðja 19. öld en þó hafði sögnum um fornar eyðibyggðir verið safnað í Jarðabók ÁrnaMagnússonar og Páls Vídalíns frá byrjun 18. aldar. Rannsóknir náttúrufræðinga á 18. öld bættu þar litlu við og sama gildir um fyrstu tilraun sem gerð var til fornleifaskráningar á

Íslandi. Árið 1817 sendi konungleg nefnd til varðveislu fornminja út spurningalista til sóknarpresta á Íslandi þar sem þeir voru beðnir um að lýsa merkum gripum og fornum rústum í sóknum sínum. Mörg svör bárust en aðeins ein skýrslan gat um minjastað á miðhálendinu og leiddi hún af sér fornminjarannsókn á miðháleninu. Í svari sínu til nefndarinnar skrifaði Jón Jónsson sóknarprestur á Grund í Eyjafirði m.a. um manngerða laug hjá Laugafelli í afréttinum fram af Eyjafirði og sagði að hann hefði heyrt að fornt letur væri á laugarbarminum. Þessi lýsing hefur vakið athygli nefndarinnar því hún skrifaði Stefáni Þórarinssyni strax aftur og bað hann að fara og rannsaka staðinn og gera af honum uppdrátt. Eftir nokkuð stapp gerði Stefán út leiðangur til Laugafells í júní 1819 og fannst ekkert fornt letur í lauginni en gerðir voru nákvæmir uppdrættir af henni og var rannsóknin var öll hin vandaðasta. Greinilegt er að Stefáni var í mun að bíta nefndina af sér í eitt skipti fyrir öll með því aðgera sem ítarlegasta rannsókn en jafnaugljóst að hvorki hann né þeir sem í leiðangurinn fóru höfðu neinn raunverulegan áhuga á fornum minjum.[42]

Á seinni hluta 19. aldar var kominn á Íslandi lítill en ört vaxandi hópur fræðimanna á öllum helstu sviðum vísindanna. Fornfræði var ein þeirra vísindagreina og frá því um 1880 hafði Hið íslenzka fornleifafélag menn á sínum snærum við vettvangsathuganir á sumrin. Til að byrja með beindust rannsóknir félagsins fyrst og fremst að minjum sem á einn eða annan hátt þóttu tengjast Íslendingasögum og söguöldinni. Danski norrænufræðingurinn Kristian Kaalund hafði ferðast um Ísland uppúr 1870 og rannsakaði staði sem minnst er á í fornsögum. Kaalund virðist ekkert hafa farið um hálendið en þess í stað hélt hann uppi spurnum um staði sem honum þótti áhugaverðir þar. Sigurður Vigfússon fornfræðingur gerði vettvangsathuganir fyrir Fornleifafélagið á árunum 1880-91 en hann hafði svipaðar áherslur og Kaalund og hafði lítinn áhuga á óbyggðum eða eyðibyggðum. Öðru máli gegndi um eftirmann hans hjá félaginu, Brynjúlf Jónsson frá Minna Núpi, sem ferðaðist um Ísland og rannsakaði fornleifar á árunum 1893-1909. Brynjúlfur hafði miklu almennari áhuga á menningarsögu en Sigurður hafði haft og lagði sig m.a. eftir þjóðtrú og sögnum um eydd byggðarlög. Brynjúlfur var sérstaklega ötull að rannsaka eyðibyggðir næst heimabyggð sinni í Hreppunum. Hann skoðaði og lýsti rústunum í Þjórsárdal og á Hrunamannaafrétti en á seinni staðnum tók hann sér fyrir hendur að afsanna munnmæli sem skráð voru í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín um eina 16 eyðibæi langt inni á Hrunamannaafrétti. Brynjúlfur komst að þeirri niðurstöðu að líklega hefði aldrei verið byggilegt á meirihluta

[42] FF, 568, 579, 582-85.

þessara staða og aðeins væru sannanlegar menjar eða góðar heimildir um menjar á 3 stöðum syðst á afréttinum.[43] Sama sumar gróf Þorsteinn Erlingsson í einn þessara staða, Laugar eða Laugahvamma, og er það líklega fyrsti uppgröftur í rannsóknarskyni á fornleifum á miðhálendinu.[44] Brynjúlfur fór ótrúlega víða á ferðum sínum og skoðaði allar helstu eyðibyggðir í hálendisjaðrinum að Fram-Jökuldal slepptum. Á árunum 1896-98 gerði danski kafteinninn og fornleifafræðingurinn Daniel Bruun umfangsmikla rannsóknir á fornleifum á Íslandi og sumarið 1897 helgaði hann eyðibyggðum í hálendisjaðrinum í Árnessýslu, Bárðardal og Skagafjarðardölum. Bruun byggði vitaskuld á þeirri þekkingu sem Brynjúlfur hafði aflað en aðferðir Bruuns voru mun nákvæmari en þær sem íslensku fornfræðingarnir höfðu yfir að ráða og lýsingar hans kerfisbundnari. Með teikningum Bruuns og lýsingum þeirra Brynjúlfs var lagður alltraustur grunnur að rannsóknum eyðibyggða á Íslandi. Á slíkum rannsóknum varð þó ekkert framhald eftir að þeir hættu báðir ferðum sínum (um 1910). Áhugamál fornleifélagsins beindust nú inn á aðrar brautir og það hætti að kosta rannsóknarleiðangra á sumrin. Dró af þeim sökum mjög úr fornleifarannsóknum á Ísalndi og var næsta lítið gert fram undir seinni heimsstyrjöld. Á þessu tímabili var áhuginn mestur á örnefnasöfnun og var þá safnað miklu af örnefnum á miðhálendinu og birtist sumt af því á Árbók fornleifafélagsins.[45] Sumarið 1939 dró síðan til tíðinda en þá kom hingað til lands leiðangur norrænna fornleifafræðinga og grófu þeir upp allmörg fornbýli og voru þau flest í Þjórsárdal. Með þessum rannsóknum var lagður grunnurinn að fornleifafræði íslenskra torfbygginga og ljós það sem þær vörpuðu á eyðingu byggðarinnar átti eftir að hafa varanleg áhrif. Um það var deilt um hríð hvort byggðin í Þjórsárdal hefði lagst í eyði í Heklugosi 1104 eða 1300 en um hitt efuðust menn ekki að bæirnir í dalnum heðu verið yfirgefnir vegna eldgosa í Heklu.

Kristján Eldjárn varð þjóðminjavörður 1949 en hann og Gísli Gestsson, oftlega í slagtogi með Sigurði Þórarinssyni jarðfræðingi, gerðu margar rannsóknir á hálendinu. Kristján gróf í rústir á Þórarinsstöðum á Hrunamannaafrétti og í Gjáskógum inná Gnúpverjaafrétti, en sumarið 1941 hafði hann grafið út kofa útilegumanna í Hvannalindum.

---

[43] Brynjúlfur Jónsson: ‘Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895.’ Árbók 1896, 1-16.

[44] Þorsteinn Erlingsson: Ruins og the Saga-time, ATH

[45] T.d. Guðmundur Árnason: ‘Örnefni á Landmannaafrétti.’ Árbók 1928.

Gísli vann einnig ötullega að rannsóknum á minjum um útilegumenn og gerði stærri og minni rannsóknir í Hallmundarhelli, Snjóöldufjallgarði, Eyvindarkofa og Innra Hreysi. Það voru þó rannsóknir fornra bæjarrústa sem mestu þóttu skipta en bæjarrústir sem taldar voru hafa eyðst vegna eldgosa voru taldar sérlega heppilegar til rannsókna vegna þess að gjóskulögin sem yfir þeim lágu sýndu aldur þeirra og þannig var hægt að nálgast fornar byggingaleifar sem ekki höfðu verið skemmdar af yngri byggingum eða raski. Í þessum anda gerði Sveinbjörn Rafnsson uppgröft á Sámsstöðum í Þjórsárdal í byrjun áttunda áratugarins. Sigurður Þórarinsson hafði um árabil standað rannsóknir á gjóskulögum og í því sambandi gert athuganir á mannvistarleifum sem urðu á vegi hans. 1979 tók hann höndum saman við Sveinbjörn Rafnsson fornleifafræðing og gerðu þeir ítarlega rannsókn á byggðaminjum í Hrafnkelsdal og á Brúarölum á næstu árum. Allar merkjanlegar byggingaleifar á svæðinu voru skráðar og allmargar þeirra tímasettar með hjálp gjóskulaga. Var hér um að ræða afar nákvæma úttekt á hálendisbyggð og leiddi hún í ljós að byggð hafði hafist mjög snemma á þessu svæði, eða svo snemma að allmargar byggingar voru hrundar fyrir 1154. Sveinbjörn túlkaði rannsóknargögnin á þann veg að þegar á 10. öld hafi menn byggt mjög langt inn til fjalla en að sú byggð hafi fljótlega lagst af og taldi hann líklegast að aukið mikilvægi fiskveiða hefði orðið til þess að menn leituðu heldur til sjávarsíðunnar og því hefði hálendisbyggðin lagst af.

Á sama tíma og Sveinbjörn og Sigurður unnu að rannsóknum fremst á Jökuldal hóf Guðrún Sveinbjarnardóttir fornleifafræðingur umfangsmiklar rannsóknir á eyðibyggðum í Þórsmörk, Skagafjarðardölum og í Berufirði og leitaðist hún við að svara þeirri spurningu hvaða ástæður lægju að baki eyðingu byggðar. Verkefni hennar var ljóslega viðbragð við ríkjandi skoðunum um þetta efni, en talið var að eyðing byggðar stafaði yfirleitt af einhverjum náttúruhamförum, helst eldgosum og flóðum, og ef ekki þá kólnandi veðurfari og uppblæstri, en síður af drepsóttum eða félagslegum eða efnahagslegum ástæðum. Guðrún beitti að flestu leyti sambærilegum aðferðum og Sveinbjörn, hún gerði nákvæma uppdrætti af þeim minjastöðum sem taldir voru fornir og reyndi að tímasetja þá með hjálp gjóskulaga. Niðurstaða hennar var sú að engin einhlýt skýring gæti verið á eyðingu byggðar heldur hlytu margvíslegar orsakir að spila þar saman, og að sumar væru mikilvægari en aðrar á mismunandi tímaskeiðum og landssvæðum.

Rannsóknir þeirra Guðrúnar og Sveinbjarnar eru aðeins tiltölulega nýlega komnar út þannig að ekki er enn ljóst hvaða áhrif þær munu hafa eða hvaða stefnu rannsóknir á eyðibyggðum taka. Eitt er þó víst að í því efni eru næg fræðileg álitamál og spurningar til að

finna svör við og er næsta öruggt að fræðimenn munu halda áfram að rannsaka og deila um umfang og örlög hálendisbyggðar. Sérstaklega er nýrra sjónarhorna og niðurstaðan að vænta af fornvistfræðirannsóknum sem enn eru aðeins á frumstigi á Íslandi en munu geta varpað ljósi á samspil gróðurfars og landbúnaðar.

## III. *Samgöngur um miðhálendið*

Í kaflanum um landkönnun og rannsóknir hér að framan var minnst nokkuð á samgönguleiðir yfir miðhálendið á ýmsu tímum. Það er ljóst að allt frá fyrstu tíð hafa menn lagt leið sína yfir hálendið á ýmsum stöðum en jafnframt að lengstu og erfiðustu leiðirnar hafa á löngum tímabilum verið mjög fáfarnar og jafnvel týnst alveg.

Hugmyndir manna um sögu fjallvegamála hafa að miklu leyti mótast af skrifum baráttumanna fyrir bættum samgöngum um hálendið allt frá því á 18. öld. Þeim var tamt að sjá í nokkrum hyllingum stöðugt rand forfeðranna um hálendið og höfðu til marks um það lýsingar Sturlungu á ferðum höfðingja á 13. öld og ferðir biskupa um Ódáðahraun á 17. öld (sem annars er yfirleitt talin hin mesta eymdaröld í hefðbundinni söguskoðun). Þessum dæmum var hampað til að sýna fram á að fjallferðir væru vel framkvæmanlegar ef menn hefðu næga döngun og kjark.

Nær sanni er líklega að fjallferðir hafa alltaf verið erfiðar á Íslandi og að menn hafa aldrei lagt á fjallvegi nema brýna nauðsyn bæri til. Það er einnig ljóst að það eru sömu leiðirnar sem alltaf hafa verið mest notaðar, t.d. var Sprengisandur miklu sjaldnar farinn en Kjölur á Sturlungaöld eins og síðar. Ástæða tíðra fjallferða á Sturlungaöld virðist fyrst og fremst hafa verið pólitísk, þ.e.a.s. höfðingjum var brýn nauðsyn að geta komist hratt og örugglega milli landshluta og varð samgangur á milli Árnesþings og Skagafjarðar raunar einkar mikilvægur fyrir höfðingja þessara héraða. Sjaldan eða aldrei í Íslandssögunni hafa höfðingjar haft jafnmikil umsvif og á Sturlungaöld og það hefur fyrst og fremst verið yfirráð yfir fjölda manna og hesta sem gerðu fjallferðir þeirra mögulegar. Menn lentu að vísu í hrakningum á fjallvegum á Sturlungöld eins og á öðrum tímabilum en þá hafa menn verið öruggari með sig af því þeir fóru í stærri hópum. Sérstaklega á þetta við um vetrarferðir. Sama gildir um ferðir Skálholtsbiskupa um Ódáðahraun, slíkar ferðir hafa aðeins verið á færi embætta sem höfðu á að skipa mönnum og hestum, gátu jafnvel reitt með sér hey og áttu traustan útbúnað til ferðarinnar. Þær ferðir hafa einnig byggt á því að biskuparnir hafa tryggt

sér ferju á Jökulsá sem líklega hefur verið notuð af þeim einum og jafnvel verið á þeirra vegum alfarið. Hversvegna biskupar hættu að fara þessa leið og fóru þess í stað um Kjöl eða jafnvel Kaldadal og Stórasand og í gegnum byggðir Norðurlands austur á firði, er ekki augljóst, og er jafnsennilegt að minnkandi vegur embættisins eigi þar þátt eins og aukin ófærð á leiðinni.

Það er raunar athyglisvert að aldrei er í Sturlungu minnst á ferðir um Kaldadal eða Stórasand og ekki að sjá af lýsingum að menn hafi lagt leið sína um þá, þó það sé raunar erfitt að greina með Kaldadal. Af Grettissögu má ráða að leið yfir Stórasand hefur verið þekkt um 1300 en hversvegna leiðir þessar voru svo lítið notaðar er vandséð. Hugsanlegt er að það stafi af því að ferðir milli Norðurlands og Suðvesturlands voru hlutfallslega minna mikilvægar á 13. öld en þær urðu síðar og að þær hafi fyrst orðið fjölfarnar er verstöðvar á suðvestur- og vesturlandi jukust að mikilvægi. Það bendir til þess að menn hafi á Sturlungaöld eins og öðrum tímum fyrst og fremst haldið sig við troðnar slóðir en ekki farið endilega stystu leið.

Ástæður þess að menn lögðu leið sína yfir miðhálendið voru ekki margar. Í fornritum fer mest fyrir pólitískum ástæðum, sérstaklega þingreiðum og herferðum, en ætla má að þau séu þögul um ferðalög sem áttu sér hversdagslegri ástæður. Í frásögnum um fjallvegi á síðari öldum er hlutur embættismanna einnig stór og á það sérstaklega við um lengri fjallvegina, Kjöl og Sprengisand. Hinar meginástæður fjallferða tengdust fikveiðum, þ.e. verferðir og skreiðarferðir. Það voru fyrst og fremst Norðlendingar sem fóru í langar verferðir og lá straumurinn mest í vestur, um Kjöl og Skagfirðingaveg til Suðurnesja og Snæfellsness. Einnig er getið um ferðir eyfirskra vermanna austur í Lón og vísa örnefni og sagnir á að þeir hafi farið Kollumúlaheiði með austurrönd Vatnajökuls. Sú verleið er í lengra lagi og má vera að hún hafi ekki oft verið farin. Farið var í verið um miðjan vetur og ferðuðust menn yfirleitt í hópum ef þeir gátu en oft er getið hrakninga á slíkum ferðum. Á suðurleið hefur oftar verið farið með byggðum og er ljóst að þá hafa menn t.d. frekar farið Holtavörðuheiði en Skagfirðingaveg eða Grímstunguheiðarveg. Síðan lá leiðin norður aftur í lok vetrarvertíðar 11. maí og fóru menn þá frekar háfjallaleiðirnar. Vermenn fluttu með sér skreið á heimleiðinni en hinar eiginlegu skreiðarferðir voru innkaupaferðir norðlenskra bænda sem fóru suður til að skipta á landvöru fyrir fisk. Þær ferðir voru oft mikil fyrirtæki og gerðu þeir sem í ferðirnar fóru oft kaup fyrir miklu fleiri en sjálfa sig. Skreiðaraferðir voru einnig farnar snemma vors eða eins snemma og snjóa leysti á fjallvegum. Mjög dró úr verferðum á 19. öld

og skreiðarferð var síðast farin úr Eyjafirði um 1850 og úr Skagafirði 1875.[46] Um annarskonar ferðir um miðhálendið er varla að ræða en þó hefur alltaf verið eitthvað um að vinnufólk flytti sig milli landshluta á fardögum í byrjun júní en mest hefur það verið í hálendisjaðrinum sem leiðir þess hafa legið.

Af þessu er ljóst að ferðalög um miðhálendið hafa mest verið seint á vorin og fyrri hluta sumars, í maí og fram í júní, en þá hafa lengstu fjallvegirnir oft enn verið illfærir og hlýtur þetta að vera ein ástæða þess hve fjallvegirnir nýttust minna en umbótamönnum fannst að þeir gætu gert er vegirnir voru skoðaðir í ágúst eða september. Einu reglulegu fjallferðirnar sem farnar voru seinni hluta sumars eða snemma á haustin voru kaupstaðarferðir Skaftfellinga yfir Mælifellssand eða Fjallabaksveg syðri.

Ferðir grasafólks, veiði- og gangnamanna eru talsvert annars eðlis en samgöngur milli héraða, en á slíkum ferðum var þó oft farið mjög langt inn á hálendið og langar leiðir lagðar að baki. Þannig var farið á grasafjall að sunnan upp á Hveravelli og í Þjórsárver þ.e. lengra en reglulegar leitir fyrir miðja 19. öld en afar lítð er vitað um þesskonar ferðir annað en að farið var í hópum, 10-20 manns, og sofið í tjöldum.

Minjar um samgöngur og ferðalög eru næsta fátæklegar og sérstaklega er erfitt að aldursgreina þær. Þar er helst um að ræða reiðgötur og troðninga en þó sérílagi vörður. Um sæluhús fyrir ferðamenn er getið í heimildum en ekki er vitað um sýnilegar minjar slíkra húsa sem eldri eru en frá 19. öld. Þó má telja næsta víst að slíkar leifar sé að finna bæði á Hveravöllum og við Arnarvatn og hugsanlega víðar. Götupöldrum er alltaf lýst sem fornlegum en ekki er víst að þeir séu allsstaðar svo gamlir. Aðeins á einum stað hefur verið reynt að tímasetja reiðgötur, en það er upp með Skaftá á leið sem virðist liggja norður til Veiðivatna eða jafnvel um Fjallabaksveg nyrðri. Þar eru yfir 30 samhliða götur og voru þær byrjaðar að myndast áður en gjóska féll í þær á fyrri hluta 12. aldar.[47] Vörður og vörðubrot er víða að finna en ekki er ljóst hversu algengar þær hafa verið áður en vegaumbætur hófust á 19. öld, fyrst á vegum Fjallvegafélagsins og síðar opinberra aðila. Vörðubrot þau sem skráð hafa verið á Ódáðahraunsvegi eru eflaust frá 17. öld eða fyrr og hafa þær verið hlaðnar að undirlagi og á kostnað biskupanna. Um fjallvegi sem notaðir voru af almenningi gegndi öðru máli því engin stofnun bar ábyrgð á að halda uppi samgöngum í óbyggðum og ljóst að

---

[46] ÍÞ, 70.

[47] Jón Jónsson: ‘Tólfahringur og Leiðólfsfell.’ Árbók 1988, 121-31.

hreppsfélög fóru ekki að telja það hag sinn eða ábyrgð fyrr en á síðustu öld að hlutast til um samgöngubætur á miðhálendinu. Fyrir 19. öld hafa allar samgöngubætur sem gerðar voru í óbyggðum annaðhvort verið framtak þeirra sem notuðu vegina mest eða hugsanlega gerðar í guðsþakkarskyni þó engar heimildir séu til um slík tilvik. Hvergi var lögferja á miðhálendinu nema á Jökulsá hjá Grímsstöðum á Fjöllum en bátar voru á nokkrum helstu stórám og er ekki alltaf ljóst hvaða aðilar höfðu kostað þá og komið þeim fyrir. Við Tungnaárflutning voru bátarnir fyrst í einkaeign og innheimtu eigendurnir toll af bændum sem létu flytja fé sitt yfir á þeim. Á seinni hluta 19. aldar létu þó hrepparnir sem áttu upprekstur á Holtamannaafrétt smíða báta til þessa verks. Annarsstaðar, eins og t.d. á Hvítá, er óljóst hver átti bátana upphaflega en víðast höfðu hreppsfélög eða upprekstrarfélög tekið að sér rekstur slíkra báta á seinni hluta 19. aldar og þá voru einnig settar um kláfferjur á nokkrum stöðum. Yfirleitt voru samgöngubætur af þessu tagi gerðar til að auðvelda fjárrekstur.

## IV. *Byggð*

### IV 1. *Landslag og gróðurfar og eðli byggðar í hálendisjaðrinum*

Landslag og gróðurfar í hálendisjaðrinum er allmismunandi og hefur það auðvitað haft veruleg áhrif á nýtingu hálendisjaðarsins. Í mjög grófum dráttum má segja að um tvær tegundir af landslagi sé að ræða, önnur á blágrýtissvæðum, en hin aðallega á móbergssvæðum.

Á blágrýtissvæðum eru þröngir og djúpir dalir sem skerast langt inn í hálendið, þar sem búskapur hefur verið reynandi í dalbotninum en fjallsbrúnir mynda afdráttarlaus skil á milli byggilegra svæða og óbyggilegra. Dalir af þessu tagi eru helstir Blöndudalur, Svartárdalur (Hún), Austur- og Vesturdalur í Skagafirði, Eyjafjarðardalur, Bleiksmýrardalur, Hjaltadalur og Timburvalladalur, Bárðardalur - Króksdalur og síðan Fremri Jökuldalur, Norður- og Suðurdalur fram af Fljótsdal og aðrir samnefndir fram af Skriðdal. Dölum þessum má aftur skipta í tvennt eftir lögun. Annarsvegar eru dalir eins og Eyjafjarðardalur og dalirnir fram af Fljótsdal og Skriðdal sem dragast saman tiltölulega skyndilega þannig að stutt verður á milli efstu bæja og lands sem óbyggilegt er með öllu. Í þessum dölum má finna eitt eða tvö meint eyðibýli í hverjum - og má minna á Granastaði á Eyjafjarðardal er nýlega hafa verið grafnir upp, 10. aldar bær - og yfirleitt nokkrar selstöður. Í Skagafjarðardölum, afdölum Fnóskadals og á Fremri Jökuldal eru dalirnir meira aflíðandi og dragast saman á mjög löngum kafla. Þar

eru fyrir vikið allmiklar byggðamenjar bæði eftir meint býli og sel auk beitarhúsa. Dalir af báðum tegundum eiga sameiginlegt að hafa um alllangt skeið verið aðal-afréttarlönd byggðanna sem eru fyrir utan þá og er sumsstaðar, t.d. fram af Eyjafirði og afdölum Fnjóskadals lítið sem ekkert beitiland uppi á hásléttunni. Þessar aðstæður verður að hafa í huga þegar fjallað er um eðli og örlög byggðamenjanna í dölum af þessu tagi.

Hin aðaltegund hálendisjaðars er á móbergssvæðum en einnig á blágrýtissvæðum í Mýra- og Húnavatnssýslum. Það eru misgróin og misaflíðandi heiðalönd inn af byggð. Svo háttar til á Mývatnsöræfum, og síðan í grófum dráttum frá Núpsvötnum og vestur um landið norður í Húnavatnssýslur. Landslagi af þessu tagi má aftur skipta í tvennt. Annarsvegar eru aflíðandi heiðar sem taka við af heimahögum án þess að um nein skörp skil sé að ræða í landslagi. Slíkar aðstæður er ekki víða að finna nema suður af Mývatnssveit og inn af Hreppunum í Árnessýslu, einkanlega Hrunamannahreppi. Á þessum svæðum er jaðarsvæðið mjög breitt, byggðaminjar mjög dreifðar og ná afarlangt inn á hálendið. Óvíst er hvort að býlið Ásgarður í Kerlingarfjöllum hafi nokkurntíma verið til en ljóst er að sel eða býli hafa verið byggð mjög langt inni á Hrunamannaafrétti. Hrauntunga í Suðurárbotnum er fulltrúi öfganna á Mývatnsheiði. Þær rústir eru raunar svo langt inni í landi að vafi hlýtur að teljast hvort þær eigi að telja til Mývatnsheiðar. Tilbrigði af þessu landslagi er á Geitlandi í Borgarfirði og í kringum Heklu þar sem hálendisjaðarinn er aflíðandi hraun og sandar. Miklu algengari tegund af landslagi er að hjallar eða lágar og oft grónar fjallshlíðar skilji byggð frá heiðalöndum. Við slíkar aðstæður eru mörk hins byggilega og óbyggilega nokkuð skýr og jaðarsvæðið yfirleitt frekar mjótt, þó að stuttir dalir og lægðir í heiðunum séu víða og hafi gefið tilefni til selja og jafnvel býla. Á svæðum af þessu tagi ber meira á seljum en meintum fornbýlum og má vera að það stafi af því að við þessar aðstæður sé tilvalið að hafa í seli en alls ekki hægt að hafa heilsársvist vegna snjóþyngsla. Landslag af þessu tagi er í Fljótshverfi, Síðu og Skaftártungu, fram af Lundarreykjadal og Reykholtsdal, ofan við Hvítársíðu og húnvetnsku byggðirnar sem liggja að Tvídægru og Arnarvatnsheiði.

Nokkur minni svæði rekast illa í flokkum og má þar nefna Þórsmörk, sem er í raun niðursorfnar fjallshlíðar, og Lónsöræfi, þar sem eru stuttir og þröngir dalir en það er algengt landslag utan við miðhálendið á elstu blágrýtisvæðunum.

IV 2. *Yfirlit um kenningar um eðli og aldur hálendisbyggðar*

Í yfirliti um rannsóknarsögu var fjallað stuttlega um rannsóknir eyðibyggða frá því seint á 19. öld. Um og fyrir síðustu aldamót beindist áhugi manna fyrst og fremst að því að kanna umfang eyðibyggða en það var ekki fyrr en undir miðja þessa öld að ný aðferðafræði gerði mögulegt að tímasetja eyðibyggðaminjar. Stór hluti af starfsorku íslenskra fornleifafræðinga á undanliðinni hálfri öld hefur verið helguð eyðibyggðum og hafa línur nú skýrst allnokkuð þó enn séu mörg álitamál. Það sem hér fer á eftir er samantekt skýrsluhöfundar á þeim niðurstöðum sem tiltækar eru en túlkun hans er um sumt frábrugðin hugmyndum annarra fræðimanna sem um efnið hafa fjallað.

Um aldir hefur fólk vitað um allvíðlend svæði ofan við byggð þar sem sést hafa rústir bygginga og garða. Slíks er víða getið í heimildum frá 18. öld og er allgott samræmi á formi slíkra sagna en þær útskýra minjarnar sem leifar byggðalaga sem lagst hafa í eyði vegna drepsótta eða náttúruhamfara. Algengt er að nefndar séu tölur eins og 12 eða 18 bæir og talað um heilar kirkjusóknir og jafnvel bent á kirkjustaðinn. Það þekkist nálega í hverri sveit sem liggur að miðhálendinu að efstu bæir eigi áður að hafa verið í miðri sveit. Slíkar sagnir hafa vitanlega mótað hugmyndir fræðimanna og var lengi framan af þessari öld ekki gert ráð fyrir öðru en að yfirleitt væri um að ræða eiginlegar bújarðir sem hefðu verið í samfelldri byggð þar til ósköp dundu yfir úr einhverri átt, eldgos eða flóð. Byggðaminjar í hálendisjaðrinum voru því taldar til marks um hversu landið hefði gengið úr sér og hversu miklu búsældarlegra var hér á fyrri öldum. Á grunni rannsókna þeirra Sveinbjarnar Rafnssonar og Guðrúnar Sveinbjarnardóttur hafa þessar hugmyndir verið teknar til gagngerrar endurskoðunar.

Fyrst má geta þess að í öllum landbúnaðarsamfélögum þekkist það að byggð dregst saman og þennst út eftir aðstæðum og í nágrannalöndum okkar eru víðlend jaðarsvæði þar sem búskapur hefur aðeins staðið tímabundið. Það sem er markvert við Ísland í þessu tilliti er hve jaðarsvæðið er í rauninni lítið sem hlutfall af svæðum sem hafa verið í stöðugri byggð. Aðalatriðið í íslenskri byggðasögu er hve byggðin í heild hefur í raun verið stöðug og hversu langt inn til fjalla og upp á heiðar hin stöðuga byggð hefur náð. Í samanburði við útlönd, þar sem skilyrði til landbúnaðar eru að jafnaði betri en á Íslandi, kemur á óvart að ekki skuli hafa verið meiri óstöðugleiki og stærri jaðarsvæði. Þar munar auðvitað mestu að þó að okkur þyki stundum íslenskur landbúnaður ganga nærri landinu þá eru spjöll af búfjárbeit smávægileg í samanburði við jarðvegstap sem hlýst af jarðyrkju.

Það er eðlilegt að á milli gróðurlausra öræfa á háfjöllum og grasi vaxinna sveita á

láglendi sé að finna jaðarsvæði þar sem mögulegt er að stunda landbúnað en sem er þó mun viðkvæmara fyrir ábúð en láglendissvæðin. Það virðist næsta ljóst að byggðleifar þær sem víða er að finna í hálendisjaðrinum eru eftir byggingar em staðið hafa mjög stutt í einu en jafnframt að mjög víða hefur oftar en einu sinni verið byggt á hverjum stað. Það er ljóst að menn hafa þegar á fyrstu og annari öld Íslands byggðar reynt að nýta hálendisjaðarinn, hvort sem það hefur verið með selstöðum eða heilsársvist, en mjög fljótlega orðið að hopa aftur. Almennt er eðlilegt að líta svo á að landið hafi ekki þolað ábúð til lengdar á slíkum jaðarsvæðum en sértækari ástæður geta hafa legið að baki því að byggingar voru yfirgefnar á hverjum stað. Má t.d. benda á að eftir að skógum hafði að mestu verið eytt á lágelendi var við til kolagerðar helst að hafa í hálendisjaðrinum og skógarnir virðast einnig hafa verið eftirsótt beitilönd, t.d. fyrir svín. Það er því hugsanlegt að það hafi verið þörf láglendisbyggja fyrir skógarhögg og beit sem hrakti menn niður af hálendisjaðrinum. Nauðsynlegt er þó að taka fram að ekki verða sönnur færðar á að um heilsársbyggð hafi verið að ræða nema á örfáum stöðum við hálendisbrúnina (helst í Þjórsárdal) og geta byggðaleifar á öðrum svæðum því meira eða minna verið eftir selstöður.

Í stuttu máli eru því engin sterk rök fyrir því að halda að blómleg byggðarlög hafi nokkurntíma verið lengra inn á hálendinu en nú er. Þar sem grafið hefur verið í byggðaleifar á miðhálendinu kemur yfirleitt í ljós að gólfskánir eru mjög þunnar og að á hverjum stað er aðeins um eitt byggingarstig að ræða á hverju tímabili. Hver staður hefur því ekki verið notaður meira en nokkra áratugi í mestalagi, sjálfsagt oft ekki meira en örfá ár, en síðan hefur kannski verið reynt aftur með búskap eða selstöðu öld eða tveimur seinna. Þetta virðist vera ferlið bæði í Brúardölum og í Skagafjarðadölum en í Þjórsárdal og mögulega Þórsmörk virðist byggðin hafa enst lengur í einu. Þannig eru a.m.k. tvö byggingarstig á Stöng í Þjórsárdal og hefur þar klárlega verið um að ræða eiginlegan bæ sem hefur verið í byggð í tvær til þrjár aldir. Byggðin í Þjórsárdal fór í eyði á 13. öld en lengi þar á eftir voru miklir skógar í dalnum, sem að stærstum hluta voru eign Skálholtsstóls og nytjaðir af landsetum stólsins. Það er vel hugsanlegt að þeir hagsmunir hafi flýtt fyrir því að bæirnir innst í dalnum voru yfirgefnir. Hafi önnur svæði á hálendismörkunum verið byggð á sambærilegan hátt og Þjórsárdalur þá hefur öll slík byggð verið aflögð á 14. öld þegar skjalaheimildir koma til sögunnar. Af þeim sést að efstu bæir voru þeir sömu þá og á seinni öldum og að hálendisjaðrinum var skipt í afrétti og sellönd.

Ef sú skýring stenst að hálendisjaðarinn hafi snemma orðið mikilvægur vegna beitar og

annarra skógarnytja þá er líklegt að það sé aðalskýringin á gróðureyðingu á slíkum svæðum. Sú þróun hefur verið hæg, en af byggðaminjum sést að dregið hefur úr byggingaframkvæmdum í hálendisjaðrinum eftir 16. öld og liðið hefur æ lengra á milli tilrauna til búsetu og/eða selafara. Þessar breytingar standa líklega í sambandi við breytingar á búskaparháttum (en eyðing skóga getur hafa verið einn áhrifavaldurinn í þeirri þróun) þar sem meiri og meiri áhersla var lögð á sauðfjárrækt. Eftir því sem sauðfjárræktin varð stærra og stærra hlutfall af búrekstri, varð í sama hlutfalli minni ástæða til að hafa í seljum og minni ástæða til að nýta hálendisjaðarinn sérstaklega.

Á 19. öld varð mikil fólksfjölgun á Íslandi, og um miðja öldina voru Íslendingar orðnir fleiri en þeir höfðu nokkruntíma verið áður. Ein af afleiðingum þessa var að fjöldi heiðabýla byggðist upp, sérstaklega á Norðausturlandi, og eru þau nú stór hluti af byggðaminjum á Mývatnsheiði, Mývatnsöræfum og á Jökuldalsheiði. Mörg þessara býla voru byggð á gömlum selstöðum en önnur voru alfarið nýbyggingar. Heiðabyggð þessi ýtti undir þá hugmynd að byggð hefði líklega alltaf verið sveiflukennd í hálendisjaðrinum og hefðu menn byggt þar á ýmsum tímaskeiðum þegar saman fóru hlýindakaflar og mikill fólksfjöldi. Þetta er með öllu ósannað mál og má benda á að sambærileg fólksfjölgun og varð á 19. öld er ekki þekkt á eldri tímabilum og að heiðabyggðin var aðeins ein “lausn” af mörgum sem fundnar voru á þeim vanda sem stafaði af auknum fólksfjölda. Það var fyrst og fremst í Þingeyjar- og Múlasýslum, sem reynt var að byggja á heiðum, og hefur það ekki verið bara af því, að þar var nóg af heiðum til að byggja á. Sambærileg þróun varð t.a.m. ekki í sama mæli í Húnavatnssýslum, þar sem þó eru ekki síður byggileg heiðalönd, og virðist þar sem í öðrum héruðum frekar hafa verið brugðist við fólksfjölgun með því að þétta byggðina á láglendi.[48]

## IV 3. *Sel og seljabúskapur*

Hér að ofan hefur verið bent á að mögulegt er að meirhluti þeirra byggðaminja, sem finna má í hálendisjaðrinum, séu eftir sel. Það er hinsvegar erfitt að sjá muninn á seljum og býlum, sem búið var í allt árið, nema með heildaruppgrefti á hverjum stað og þó er ekki einusinni víst að slík framkvæmd geti tekið af allan vafa. Það er vel þekkt frá seinni öldum, að fólk reyndi að hokra allt árið, þar sem áður höfðu verið sel, og að gömul eyðibýli voru notuð sem selstöður. Til dæmis má taka Þórarinsstaði á Hrunamannaafrétti. Rústirnar þar eru svo

[48] Þ.e.a.s. með stækkun og fjölgun heimila á bæjum sem fyrir voru frekar en byggingu nýbýla.

miklar, byggingar stórar og vandaðar, að varla getur leikið vafi á um að þær hafi verið reistar fyrir heilsársbyggð. Gólfskánir voru hinsvegar mjög þunnar og bendir það til að byggðin hafi ekki varað lengi. Það er hinvegar óvíst hvort hægt væri að greina, ef Þórarinsstaðabóndinn hefði gefist upp strax á fyrsta vetri og selt byggingarnar einhverjum niðri í sveitinni, sem síðan hafði þar í seli um árabil.

Það er ekkert við rústirnar á Þórarinsstöðum, sem bendir í þessa átt, en almennt verður að telja, að seljabúskapur sé líklegri til að endast en heilsársbyggð í hálendisjarðinum. Sel eru einfaldlega vænlegri tegund nýtingar, þar sem valllendi er lítið og snjóþyngsli mikil. Þær auðlindir sem heiðabýlin byggðu afkomu sína á, mikil og góð beitilönd fyrir sauðfé og engjar sem sumstaðar eru miklar á heiðum uppi, er eins vel hægt að nýta frá seljum. Seljabúskap fylgja hinsvegar ekki helstu ókostirnir við heilsársbyggð inn til fjalla: einhæf framleiðsla, einangrun og snjóþyngsli á vetrum. Yfirleitt var haft í seli um hásumarið, frá seinni hluta júní og fram undir lok ágúst[49] og hefur í hálendisjaðrinum með því náðst góð nýting á þeim landgæðum sem þar var að finna. Gróður hefur þá verið vel sprottinn þegar komið var í selið og hægt að halda kúm og sauðfé til beitar og slá engjar án þess að ganga of nálægt gróðrinum. Þar sem heilsársbyggð var í hálendisjaðrinum þurfti hinsvegar að kljást við mörg vandamál: í fyrsta lagi hefur yfirleitt þurft að hýsa sauðfé stóran hluta úr vetri og hefur það kallað á meiri heyfeng en þurfti á láglendi þar sem hægt var að beita fénu um vetur. Í öðru lagi hefur mest þörf fyrir beitiland verið snemma á vorin þegar heyfengurinn var búinn en gróður enn ekki farinn að spretta að ráði eftir að snjóa leysti. Af þessu má ráða að heilsársbyggð hlýtur að hafa gengið nær landinu í hálendisjaðrinum en selfarir. Heiðabyggð hefur þessvegna kannski aldrei getað enst lengi í einu og hefur víslega ávalt verið ófýsilegri kostur en hokur á láglendi. Á hinn bóginn hafa selfarir verið mikil búbót þeim býlum sem þær stunduðu.

Góðar heimildir eru fyrir því að almennt hafi íslenskir bændur haft í seli frá fyrstu tíð. Selja er víða getið í Íslendingasögum og öðrum miðaldaritum og virðast selfarir hafa verið fastur liður í búskap flestra bænda fram á 17. eða 18. öld. Á 18. öld hafði hinsvegar svo dregið úr selförum að stjórnvöld reyndu að skylda bændur til að hafa í seli.[50] Það bar þó

[49] Samkvæmt Jónsbók, frá 1281, var seltíminn frá miðjum júní til byrjunar tvímánaðar (um 24. ágúst) - Jónsbók, 225. Í lok 18. aldar var þetta óbreytt en þá var helst farið í sel um messudaga (24. júní - 2. júlí) og farið úr seli um höfuðdag (29. ágúst) - Guðlaugur Sveinsson: ‘Um selstöður.’

[50] Lovsamling for Island III, 182.

takmarkaðan árangur og var óvíða haft í seli á 19. öld þó það þekktist á nokkrum stöðum, einkum á Norðurlandi, fram undir aldamótin 1900. Í Kjarrárdal ofan við Hvítársíður hafa verið selstöður um aldir. Í Heiðarvígasögu er Þórarinn hinn spaki látinn ráðleggja Barða og félögum: "En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilongum Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir dvalizk."[51] Heiðarvíga saga er talin vera rituð rétt um 1200 og er sennilegt að höfundur sé að lýsa aðstæðum sem hann þekkti í sinni tíð. Á seinni öldum áttu bæði Gilsbakki, Sámsstaðir og Reykholt sellönd í Kjarrárdal en auk þeirra selja voru selstöður frá Bjarnastöðum, Haukagili og Norðtungu í dalnum og mögulega fleiri.[52] Þetta bendir til þess að í Kjarrárdal a.m.k. hafi selfarir verið ráðandi nýting frá því fyrir 1200 og fram á 18. öld en þá virðast selfarir á dalinn leggjast af. Sömu sögu er að segja af seljum í hálendisjaðrinum annarsstaðar á Vestur- og Norðvesturlandi. Þar eru lítil sem engin merki um heilsársbyggð í jaðrinum fyrr en á 19. öld eftir að selfarir höfðu lagst af.[53] Dæmi um það er Gullberastaðasel en þar virðist hafa verið haft í seli frá Gullberastöðum allt þar til að föst byggð hófst þar 1854. Milli Blöndu og Skjálfandafljóts eru margir djúpir dalir framan við stöðuga byggð þar sem finna má miklar rústir, sem yfirleitt hafa verið túlkaðar sem merki um heilsársbyggð. Fyrir utan nýbýli frá 19. öld, sem eru raunar fá á þessu svæði, eru engar ritaðar heimildir til um heilsársbyggð í þessum afdölum framan við fasta byggð en hinsvegar eru til allgóðar heimildir um selstöður þar allt aftur á 14. öld. Sama á við um heiðalöndin austan við Skjálfandafljót og eyðidalina fram af Jökuldal, Fljótsdal og Skriðdal. Á heiðunum er munurinn sá að þar reis mikil byggð á 19. öld en þar eru ekki til heimildir um eldri heilsársbyggð frekar en annarsstaðar. Á Suðurlandi er minna um stór svæði þar sem selja- og/eða heilsársyggð hefur verið í hálendisjaðrinum. Þar sem um það er að ræða, er myndin svipuð: góðar heimildir eru um seljabúskap aftur á 14. öld en engar traustar heimildir fyrir heilsársbyggð fyrr en á 19. öld. Eina verulega undantekningin er Þjórsárdalur en þar hefur verið allmikil föst byggð fram á 13. öld.

Ein meginniðurstaðan af rannsóknum á eyðibyggðum í Skagafjarðardölum og fram af

---

[51] ÍF III, 283-84. Þessir atburðir eiga að hafa átt sér stað í byrjun september.

[52] sbr. "Seljarústir eru margar á Kjarrárdal og svo þéttar, að varla er meira en bæjarleið á milli sumra þeirra. Og víst má telja að á sumrum hefir verið þarna heilt byggðarlag." GR II, 431. Haukagilssels er getið í DI II, 359.

[53] Eina undantekningin gæti verið í dölunum fram af Hrútafirði þar sem gömul heiðabýli hafa verið saman við selstöður frá Óspaksstöðum, Hrútatungu og Fossi.

Jökuldal var að þar mætti finna merki um tilraunir til fastrar búsetu frá fyrstu tveimur öldum byggðar á Íslandi. Í hvorugri rannsókninni var þó reynt að greina á milli selja eða býla þar sem búseta var allt árið og dregur það auðvitað mjög úr gildi þessara niðurstaðna. Það er í raun ekkert líklegra en allar þær minjar sem tímasettar hafa verið til 10. eða 11. aldar í þessum hálendisdölum séu eftir sel. Ef tekið er tillit til þess að selfarir virðast hafa verið mjög mikilvægur þáttur í efnahag íslenskra býla fram á 18. öld og að selför er að öllu leyti hagkvæmari nýting á landgæðum í hálendisjaðrinum en heilsársbyggð þá er vissara að telja að heilsársbyggð í hálendisjaðrinum hafi heyrt til undantekninga fyrir 19. öld og að meirihluti búsetuminja sem þar er að finna sé eftir sel. En ef sel voru svona hagkvæm nýting á hálendisjaðrinum af hverju lögðust þau þá af að mestu á 18. öld?

Mjög er misjafnt hversu langt frá bæ sel eru, en almennt má segja að eftir því sem býlin eru stærri séu selin lengra frá bæ. Þetta hangir ekki eingöngu á því að landareign býlisins sé stór að flatarmáli þó það hafi auðvitað mikið að segja. Stærstu býli áttu oft afmörkuð sellönd upp til fjalla og margir leigðu selstöður eða áttu selstöðu sem ítak í afréttarlöndum annarra jarða. Í hálendisjaðrinum voru sel annaðhvort frá þeim bæjum sem næst honum voru eða frá stórbýlum niðri í sveitunum og var oft sótt yfir mjög langan veg til selja frá slíkum búum. Það bendir til að selfarir hafi veri mikilvægar fyrir efnahag stórbýla, en jafnframt að miklu hafi verið til kostað. Fyrir utan að halda við selbyggingum hefur kostnaður og umstang hlotist af því að flytja mannskap og búfé, koppa og kirnur til mjólkurvinnslunnar, matvæli og áhöld til og frá seli hvert einasta sumar. Um selstöðu Reykholts í Kjarrárdal er sagt 1708 að hún sé ‘örðug yfir máta og langt yfir Hvítá að sækja.’[54] Þessar ástæður, fjarlægð, erfið leið og rýrnandi landgæði, eru þær ástæður sem oftast eru gefnar fyrir því að dró úr selförum á 18. öld. Leiðirnar hafa tæplega versnað eða lengst frá því sem áður var og gæti þetta bent til að fyrir utan rýrnandi landgæði í hálendisjaðrinum þá hafi efnahag stórra og miðlungsstórra býli farið svo mjög aftur þegar komið var fram um 1700 að það borgði sig ekki lengur fyrir þau að halda búsmala til selja á sumrin. Það gæti staðið í sambandi við minnkandi mikilvægi nautgripa í íslensku efnahagslífi, og jafnvel minnkandi mikilvægi mjólkurafurða yfirhöfuð, og einhæfari framleiðslu en tíðkast hafði á miðöldum. Efnahagur flestra íslenskra býla á miðöldum virðist hafa verið margþættur. Hann byggði bæði á sauðfé og nautgripum, auk veiðiskapar, og svo virðist sem reynt hafi verið að framleiða bæði mjólkurafurðir, kjöt og

[54] JÁM IV, 231.

ullarvöru í nokkuð jafnríkum mæli. Jafnframt því sem býlin byggðu á fleiri stoðum en seinna varð má vera að þau hafi verið stærri, sérstaklega virðast stórbýli hafa farið minnkandi eftir lok miðalda. Í kjölfar 16. og 17. aldar virðist framleiðsla íslenskra bænda fara að miðast meira og meira við þarfir markaðarins, en auk skreiðar sóttust hinir dönsku kaupmenn fyrst og fremst eftir sauðakjöti og ullarvöru. Aukin áhersla á sauðfjárafurðir þýddi að framleiðsla íslenskra bænda varð einhæfari en jafnframt einfaldari. Sauðfjárrækt er ekki eins vinnufrek og nautgriparækt, sérstaklega ef hún miðar fyrst og fremst að kjötframleiðslu, og því þarf færri hendur á hverri bújörð. Þessi þróun mun hafa stuðlað að því að selfarir lögðust af, þar sem bæði voru minni efni og ástæður til að hafa í seli fyrir sauðfjárbændur og meiri ástæða til að nýta sellöndin sem sumarhaga fyrir sauði og lömb.

Það má því líta á hina miklu heiðabyggð 19. aldar sem afleiðingu af því að selförum var hætt en mikilvægi seljabúskapar fyrir 18. öld sem helstu rökin fyrir því að heiðabyggð hafi fyrir þann tíma heyrt til undantekninga. Margar selstöður í hálendisjaðrinum voru eign meiriháttar kirkjustaða og stórbýla og er í mörgum tilfellum ljóst að þau sellönd hafa ekki verið hluti af upphaflegri landareign viðkomandi býlis. Gott dæmi um þetta er selland Reyholts í Kjarrárdal. Þar sem þannig háttar til er mögulegt að heilsársbyggð hafi verið í hálendisjaðrinum áður en stórbýli á láglendi náðu að sölsa hann undir sig fyrir selstöður. Reykholt hafði eignast sitt selland í Kjarrárdal þegar á seinni hluta 12. aldar og bendir flest til að helstu kirkjustaðir landsins hafi verið búnar að eignast helstu jarðeignir sínar, þ.m.t. selstöður á þeim tíma. Hafi heilsársbyggð verið almenn í hálendisjaðrinum áður en upp risu stórbýli á láglendi sem gátu hrakið heiðabyggja af bólum sínum, þá er það hinsvegar ósannað mál og er það eitt af mörgum knýjandi verkefnum íslenskrar fornleifafræði að skera úr um hvort var.

## V. *Minjar um útilegumenn*

Þær minjar sem hvað sérstakastar eru fyrir óbyggðir eru minjar sem tengjast útilegumönnum. Líkur benda til, að frá því á fyrstu tímum hafi menn lagst út í óbyggðum til lengri eða skemmri tíma. Sögurnar um Hellismenn, og bræður þeirra Hólasveina, Gretti Ásmundsson og Gísla Súrsson má örugglega taka sem vísbendingar um útilegumenn á miðöldum, og má raunar halda því fram að í Grettissögu sé greint nokkuð líklega frá sennilegum felustöðum útilegumanna. Sögur þessar eru þó fyrst og fremst merki um hvílík tök útilegumenn höfðu á ímyndunarafli þjóðarinnar. Má enda segja að í útilegumannasögum sameinist margir helstu

kostir góðra afþreyingarbókmennta: hetjuskapur og frelsi til fjalla, hörmuleg örlög einstaklinga og uppreisn og ógn við ríkjandi samfélagsskipan. Útilegumenn voru hvorttveggja í senn tákn fyrir freistingar allra þeirra sem ekki gátu látið drauma sína rætast, fyrir frelsi undan agavaldi húsbænda, yfirgangi landeigenda og hverskyns yfirvalds og jafnframt um utanaðakomandi ógn sem undirstrikaði sameiginlega hagsmuni byggðamanna. Útilegumenn voru látnir búa í kostulegum gæðadölum lengst inni í fjöllum og jöklum jafnvel, þar sem smjörið draup af hverju strái og sauðirnir sliguðust undan eigin spiki en síðan rændu þeir samt byggðmenn, réðust á þá og reyndu að drepa ef þeir hættu sér of langt inn á hálendið. Ógnin af útilegumönnum var lifandi fyrir flestum Íslendingum fram yfir aldamótin síðustu jafnvel, en trúin á hana var hluti af þeim hugmyndum um miðhálendið sem vildu sem minnst um það vita.

Minjar þær sem taldar hafa verið eftir útilegumenn standa enganveginn undir hinum mikla sagnafjölda, en þær eru þó nógu miklar og margvíslegar til að staðfesta að á ýmsum tímum hafa menn lagst út og stundum verið til þess allvel búnir.

Talsverð leit hefur verið gerð að minjum eftir útlegð Grettis Ásmundarsonar en hún hefur lítinn árangur borið sem vonlegt er. Fjölmörg örnefni um allt land vísa á staði þar sem Grettir á að hafa komið. Sumra er getið í Grettis sögu og getur þá verið að þau séu gefin eftir henni en önnur, og miklu fleiri Grettis-örnefni, eru aðeins eftir staðbundinni þjóðtrú. Miðhálendið á sinn skerf af Grettisörnefnum. Hann á að hafa hafst við við Arnarvatn hið mikla á Arnarvatnsheiði, hjá Surti í Surtshelli, í Þórisdal, á Kili og í Möðrudalsfjöllum. Í Surtshelli eru hleðslur og ummerki um mannvist, sem erfitt er að sjá að geti verið verk annarra en útilegumanna þó það sé auðvitað ekki útilokað. Þar bítast þó Hellismenn um heiðurinn við Gretti sterka en sönnu næst er að minjar þessar geta verið frá hvaða tíma sem er. Surtshellir er upplagt skjól fyrir hvern þann sem vill reyna fyrir sér með útlegðir, þó hann sé of nálægt byggð og of vel kunnur þar til að líklegt sé að útilegumenn hafi búið þar lengi í einu. Eini dvalarstaður Grettis á miðhálendinu þar sem bent hefur verið á tóftir tengdar honum er við Arnarvatn. Þar heitir Grettishöfði austan við vatnið og þar taldi Matthías Þórðarson sig sjá merki um skála Grettis sem getið er í sögunni. Staðsetningin kemur heim og saman við lýsingu sögunnar eins langt og hún nær, en tóftin hefur ekki verið rannsökuð síðan og má eins líklegt þykja að hún sé eftir veiðikofa eða sæluhús, en slíkar byggingar hafa lengi staðið á þessum slóðum og gæti reynst erfitt að greina skála Grettis frá venjulegum veiðiskála. Vitað er að slík bygging hefur staðið þarna á 14. öld og mjög líklega í þá tíð er

sagan var skrifuð.

Í svokölluðum Hallmundarhelli í Hallmundarhrauni og í Snjóöldufjallgarði austan við Veiðivötn hafa fundist allsannfærandi útilegumannabústaðir og eru í báðum tilvikum um allstæðileg mannvirki að ræða, sem benda til nokkurs viðbúnaðar og langvarandi búsetu. Gísli Gestsson rannsakaði báða staðina og komst að þeirri niðurstöðu að þeir væru báðir eldri en 17. öld og líklega talsvert eldri en það. Engar sagnir eru tengdar þessum minjastöðum en nafnið Hallmundarhellir er nýgerfing frá þessari öld.

Langflestar minjar eftir útilegumenn tengjast þó nafni Fjalla-Eyvindar. Eyvindur er eini íslenski útileguþjófurinn, sem hafðist við í óbyggðum meira en eitt eða tvö misseri og öruggar heimildir eru til um. Útlegðarsaga hans er raunar hin sérstæðasta og er ljóst að í Eyvindi hafa farið saman sjaldgæf útsjónarsemi og lífsbjargargáfur meiri en flestum eru gefnar og jafnframt þrautseigja af þeirri tegund sem jaðrar við heimsku og sést yfirleitt ekki nema í kvikmyndum. Sögulegar útskýringar sem byggja lyndiseinkunnum manna eru ekki í tísku um þessar mundir, en tilfelli þeirra Eyvindar og Höllu verður að teljast svo einstætt að ekki megi draga þá ályktun af útlegð þeirra að sambærilegar útlegðarsögur hafi verið tíðar fyrrum. Byggingar eftir Eyvind hafa verið á Hveravöllum, í Þjórsárverum, í Eyvindarkoafaveri sem við hann er kennt og í Innra Hreysi þar skammt frá. Ekki hafa fundist leifar bygginga Eyvindar í Þjórsárverum svo ótvírætt sé en á hinum stöðunum eru enn sýnilegar byggingaleifar eftir hann. Þar að auki eru minni háttar hleðslur við hann tengdar þar sem heitir Eyvindarhola hjá Reykjavatni norðan við Hallmundarhraun og í Herðubreiðarlindum. Þá hafa allmiklar byggingar í Hvannalindum verið tengdar við útlegð þeirra Eyvindar og Höllu á Brúaröræfum og virðist margt benda til þess að þær rústir geti verið frá 18. öld og þá er a.m.k. ekki vitað um aðra útileguþjófa líklegri en þau skötuhjú til að hafa lagt í jafnmiklar byggingar. Í ritum um útilegumenn og þar sem getið er minja á hálendinu er að vísu mjög algengt, að reynt sé að tengja nafn Eyvindar við ýmiskonar hleðslur og mannaverk. Yfirleitt er þó ekki um annað en uppástungur að ræða enda hefur mönnum lengi verið í mun að reyna að fá sem skýrasta mynd af útlegðarsögu Eyvindar og reynt að stoppa í götin með því að eigna honum hleðslur. Má þar nefna kofarúst á Dyngjuhálsi við norðvesturbrún Vatnajökuls og aðra milli Hrútafells og Baldheiðar á Biskupstungnaafrétti. Í raun verður þó lítið fullyrt um það hverjir stóðu fyrir þessum og allmörgum öðrum sambærilegum hleðslum. Ljóst er að ýmsir hafa reynt að leggjast út en fljótlega gefist upp eða verið handsamaðir. Hrapaleg var t.d. útlegð þeirra Jóns Jónssonar og Gunnlaugs Bergssonar vinnumanna frá Laugardælum í Flóa. Þeir lögðust út þann 20. október

1848 og voru handsamaðir undir Arnarfellsmúla fjórum dögum síðar.  Þá voru þeir búnir að byggja sér skýli og sást enn til þess á fyrri hluta þessarara aldar.[55] Útlegð þeirra mun vera hin síðasta sem reynd var á Íslandi og er líkega dæmigerð um margar fyrri tilraunir.

55 ÚAT, 140-142.

## VI. *Menningarminjar á miðhálendi Íslands eftir sýslum - samantekt*

Í því yfirliti sem hér fylgir eru dregnar saman helstu vísbendingar um menningaminjar í hverri sýslu. Aðeins er fjallað um minjastaði innan hálendismarkanna en við túlkun á gildi þeirra er höfð til hliðsjónar skráning fornleifa miðað við hin menningarsögulegu hálendismörk sem fjallað var um í Inngangi. Í hverri sýslu er getið allra búsetuminja sem öruggar heimildir eru fyrir. Þá er gefið yfirlit um helstu gangnaminjar og er miðað við að flestir þeir staldir séu taldir þar sem gangnamannakofar stóðu um síðustu aldamót, en ekki er getið allra þeirra staða þar sem gangnamenn höfðu næturgistingu eða áningu eða þar sem réttir voru og fé bælt.

Á eftir yfirliti um gangnaminjar er getið helstu fjallvega og minja sem þeim tengjast. Aðeins er fjallað um þá vegi sem voru milli héraða eða landshluta en ekki um vegi milli bæja eða leiða gangnamanna. Síðast er svo getið útilegumannaminja og helstu þjóðsögustaða þar sem það á við.

Á eftir yfirliti um menningarminjar í hverri sýslu eru dregnir út þeir staðir eða þau svæði sem mest gildi hafa fyrir rannsóknir og kynningu. Slíkir Lykilstaðir eru yfirleitt búsetuminjar og staðir þar sem mikið er af mannvirkjaleifum af mismunandi tegundum. Ástæða er til að benda á að marga aðra staði væri vert að vernda, rannsaka og kynna almenningi en um þá verða eki gerðar tillögur fyrr en vettvangsathugun hefur farið fram.

### Austur Skaftafellssýsla

Aðeins lítið horn af Austur-Skaftefellssýslu fellur innan hálendismarkanna og er mest af því í landi Stafells í Lóni (Lónsöræfi). Þar eru aðallega tvö svæði sem menningarminjar er að finna á. Annarsvegar eru láglendisræmur meðfram Jökulsársandi eftir að Jökulsá fellur fram úr Jökulsárgljúfrum. Þar eru þrjú eyðibýli sem byggð voru á 19. öld, **Smiðjunes** (SF-007:003), **Valaskógsnes** (SF-007:004) og **Eskifell** (SF-007:006). Hinsvegar er Víðidalur innan við Kollumúla langt inni í landinu en þar var búið á **Grund** á árunum 1883-97 (SF-007:012). Ekki er vitað um neina eldri byggð á þessum tveimur svæðum en fornleifakönnun hefur ekki farið þar fram.

Miðstöðvar gangnamanna voru tvær, önnur í **Eskifelli** (SF-007:016, 018) og hin í **Kollumúladal** (SF-007:010).

**Norðlingavegur** er kölluð leið um Kollumúlaheiði yfir í Fljótsdal og heitir

Norðlingavað á Víðidalsá (SF-007:013). Sú sögn er um þessa leið að hún hafi verið notuð af vermönnum úr Eyjafirði sem sóttu sjó í Lóni. **Kláfferja** var sett á Jökulsá hjá Víðibrekku 1893 (SF-007:009) til að auðvelda sauðfjárrekstur.

Sagnir eru um útilegumenn í Víðidal og örnefnið Skógarmannahólmi er á Jökulsársandi en engar mannvirkjaleifar eru þeim tendar.

Lykilstaður fyrir menningarsögu hálendis Austur-Skaftafellssýslu:

**Grund í Víðidal** (minjar um háfjallabyggð á 19. öld)

## Vestur Skaftafellssýsla

Í Vestur Skaftafellssýslu eru hálendismörkin dregin mjög langt frá núverandi byggð og einnig fornum eyðibyggðum í Skaftártungu. Rétt við mörkin er **Leiðólfsfell** og eru undir því byggðaleifar frá því um 1200 (SF-655:006 sbr. SF-655:001). Þá eru vestan Skaftár svokallaðir **Tólfahringar** (SF-663:007) og eru sagnir um forna byggð tengdar þeim en ekki neinar minjar. Hinsvegar eru þar rústir eftir skammvinna byggð frá því um 1830 (SF-663:009-010).

Flestar mannvirkjaleifar á hálendi Vestur Skaftafellssýslu tengjast fjárleitum og voru helstu miðstöðvar gangnamanna þessar:

undir **Miklafelli** á Austurafrétti (SF-653:001)

í **Blágiljum** (SF-654:002), undir **Blængi** (SF-654:003) og í **Eyrarhólma** (SF-654:004) á Miðafrétti.

við **Álftavatn** (SF-663:001), í **Skælingum** (SF-663:002) og **Jökuldölum** (SF-663:003) á Skaftártunguafrétti.

hjá **Brytalækjum** (SF-664:001) og **Jökulkvísl** (SF-664:002) á Álftaversafrétti.

Um hálendi Vestur Skaftafellssýslu liggja tvær fornar leiðir. Önnur er um Mælifellssand (**Fjallabaksleið syðri**) niður á Rangárvelli og hin til Veiðivatna en götupaldrar við Syðri-Ófæru sem líklega eru á þeirri leið hafa verið tímasettir til fyrri hluta 12. aldar (SF-663:008).

Lykilstaður fyrir menningarsögu hálendis Vestur-Skaftafellssýslu:

**undir Leiðólfsfelli** (eyðibyggð frá um 1200)

## Rangárvallasýsla

Í Rangárvallasýslu eru skil milli láglendis og hálendis yfirleitt skýr og er langt á milli byggða og afrétta allsstaðar nema í Þórsmörk, en þar eru á nokkrum stöðum minjar um forna byggð. Í Þórsmörk sjálfri (milli Krossár og Þröngár) hafa búsetuminjar fundist á þremur stöðum, **Þuríðarstöðum**, **Þuríðarstöðum efri** og í **Húsadal** (RA-644:003-005). Á fyrri stöðunum tveimur hefur verið byggð á miðöldum en rústirnar eru nær örfoka. Í Húsadal mun einnig hafa verið byggð til forna, en rústirnar sem þar sjást nú eru eftir skamvinna búsetu frá um 1800. Rústirnar í Húsadal eru í hættu vegna trjáræktar og ágangs ferðamanna. Á Almenningi, rétt norðan við Þröngá, er annað eyðibýli frá miðöldum, **Steinfinnsstaðir** (RA-615:001) og hafa þar einnig fundist **kuml** (RA-615:005), sem sýna að byggð á þessum stað er frá 9. eða 10. öld. Rústir Steinfinnsstaða eru nú nær aleyddar en þær og kumlin eru friðlýstar minjar. Fimmta eyðibýlið á þessu svæði eru undir **Einhyrningi** á Grænafjalli (RA-643:001). Þær rústir eru einnig örfoka og friðlýstar. Að auki benda örnefnin Kanastaðir og Þórólfsfell til að byggðin í Fljótshlíð hafi áður teygt sig lengra in með Markarfljóti en ekki sjást nú neinar minjar á þessum stöðum (RA-643:003-004).

Langflestar minjar á hálendi Rangárvallasýslu tengjast fjárleitum á haustin. Mannvirkjagerð gangnamanna hefur verið mest á stærstu afréttunum sem fjærst eru frá byggð, sérstaklega á Landmannaafrétti. Eins og í Skaftafellssýslum voru gangnamannakofar ekki algengir á afréttum Rangvellinga. Í fyrstu leitum gistu menn yfirleitt í tjöldum en í eftirleitum létu menn sér nægja að hæyrast í hellisskútum eða jafnvel á berangri. Flestar sæluhúsarústir á svæðinu eru því ekki gamlar, þær elstu frá því eftir miðja 19. öld. Undantekningar frá þessu eru mannvirki gangnamanna við Landmannahelli og í Landmannalaugum. Helstu miðstöðvar gangnamanna hafa verið þessar. Á hverjum stað eru yfirleitt kofarústir og gamlar réttir.

**Fagraskógsból** (RA-614:001) - miðstöð leita á smáafréttum norðan Eyjafjallajökuls.

Í **Strákagili** (RA-221:002) á Goðalandi.

**Valahnúksból** í Þórsmörk (RA-644:001-002).

Hellirinn **Almenningsból** (RA-615:004) og síðar í **Úthólmum** (RA-615:002) á Almenningum.

Á **Hellisvöllum** á Grænafjalli (RA-643:006-087).

Í **Hattfellsgili** á Emstrum (RA-653:003-004).

Í **Lambadal** (RA-663:001-002), **Hvanngili** (RA-663:008-010) og í **Hólmsárbotnum** (RA-663:012) á Laufaleitum.

Við **Tungnaárflutning** (RA-673:006-009, 025), á **Klifsahagavöllum** (RA-673:010), í **Illugaveri** (RA-673:013) og við **Biskupsþúfu** (RA-673:015) á Holtamannaafrétti.

Í **Áfangagili** (RA-683:001-004), við **Landmannahelli** (RA-683:005-010, 015), í **Landmannalaugum** (RA-683:011-014, 020) og við **Veiðivötn** (RA-684:007-008, 015).

Í tengslum við fjárleitir má minna á staði þar sem menn reyndu styrk sinn og karlmennsku en þeir hafa gildi fyrir sögu strákamenningar Íslands (RA-663:003-004).

Fyrir utan fjárbeit er ekki getið um aðrar hefðbundnar nytjar á þesu svæði en hvannarótagröft, en ekki eru neinar minjar honum tengdar, viðarkolagerði í Sölvahrauni (RA-683:018) og fiskveiði í Veiðivötnum og eru allmiklar minjar við **Tjaldvatn**. Þar á meðal eru rústir eftir skamvinna búsetu á seinni hluta 19. aldar (RA-684:004, 007-008, 014-023-025).

Tvær fornar þjóðleiðir liggja um hálendi Rangárvallasýslu. Önnur er milli Rangárvalla og Skaftártungu um Mælifellssand norðan við Mýrdalsjökul (**Fjallabaksleið syðri**) og eru bæði götur (RA-653:001) og vörður til minja um hana. Frægasta vaðan á þessari leið er án efa **Beinakerling** (RA-663:020). Leið þessi hefur verið notuð í fornöld og um hana fóru Skaftfellingar í kaupstað á 19. öld.

Hin leiðin er **Sprengisandsvegur** og sjást götur hér og þar (RA-673:023) en ekki mun hún hafa verið vörðuð fyrr en um aldamótin 1900.

Að auki lá leið úr Skaftártungu í Veiðivötn en veiðar Skaftfellinga í þeim munu hafa lagst af á 18. öld. **Landamannavegur** eða Fjallabaksleið nyrðri var gangnaleið úr byggðum Rangárvallasýslu til Landamannlauga og leið veiðimanna til Veiðivatna.

Flest samgöngumannvirki á svæðinu tengjast þó fjárrekstri en mjög vatnsmiklar ár eru á afréttum Rangvellinga og voru hafðir bátar á sumum þeirra, t.d. á Markarfljóti á Eyrum undir Stóra-Grænafjalli (RA-653:002), og á Króki austan við Faxa (RA-663:007), og á Tungnaá við Hald/Ferjufit (RA-673:004) (**Tungnaárflutningur**).

Á afréttum Rangárvallasýslu eru þrír útilegumannabústaðir. **Í Snjóöldufjallgarði** hafa fundist hleðslur í hellisskúta sem án efa eru eftir útilegumenn og eru það einna best varðveittu minjar af því tagi á Íslandi (RA-684:001). Mannvirki þessi eru talin eldri en 1600. Tvær

kofarústir eru eftir Fjalla-Eyvind á Holtamannaafrétti, **Eyvindarkofi** (Ra-673:001) er talsvert mannvirki og eru þær minjar friðlýstar. Í **Innra-Hreysi** (RA-673:002) er minna eftir af kofum Eyvindar.

Lykilstaðir fyrir menningarsögu hálendis Rangárvallasýslu:

Minjasvæði: **Þórsmörk** (minjar um forna búsetu)
Minjastaðir: **Landmannahellir**, **Landmannalaugar** (gangnaminjar), **Tjaldvatn** (gangnaminjar og minjar um fiskveiði), **Tungnaárflutningur** (gangna- og samgönguminjar), **Eyvindarkofi**, **Innra-Hreysi** og **skúti í Snjóöldufjallgarði** (útilegumannaminjar).

## Árnessýsla

Milli Þjórsár og Hvítár hafa verið miklar eyðibyggðir ofan við núverandi byggð og eru því hvergi skörp skil milli byggðra svæða og afrétta. Á því svæði eru tvær eyðibyggðir. Annarsvegar er Þjórsárdalur og er vestari og nyrðri hluti hans innan hálendismarkanna. Þar eru nokkur eyðibýli: **Áslákssstaðir innri** (ÁR-263:003), **Áslákssstaðir fremri** (ÁR-263:002), í **Fagraskógi** (ÁR-263:004), í **Grjótárkrókum** (ÁR-263:006), í **Fossárdal** (ÁR-753:013), í **Rauðukömbum** (ÁR-753:014), **Bergálfsstaðir** (ÁR-263:017), í **Sandatungu** (ÁR-753:018), og undir **Lambhöfða** (ÁR-753:019). Þá hafa fundist kuml í **Hólaskógi** norðaustan við Þjórsárdal sem bendir á forna byggð þar (ÁR-673:028). Fyrir utan Ásláksstaði og kumlin í Hólaskógi hafa þessir staðir ekki verið rannsakaðir síðan á 19. öld. Hin eyðibyggðin er á Hrunamannaafrétti. Þar hafa lengi verið sögur um forna byggð en minjar hennar hafa aðeins fundist á fimm stöðum: á **Þórarinsstöðum** (ÁR-683:018), í **Laugahvömmum** (ÁR-683:017), **Rógshólum** (ÁR-683:004), **Mörþúfum** (ÁR-683:005) og á **Búðarárbakka** (ÁR-683:002) og hafa bæði Þórarinsstaðir og Laugahvammar verið kannaðir með uppgrefti.

Vestan við Hvítá eru skil milli byggðar og afrétta mun skarpari og er ekki um neina verulega jaðarbyggð að ræða þar nema í **Tunguseli** (ÁR-344b:001) en þar var óstöðug byggð á 17. og 18. öld. Hinsvegar eru minjar um forna byggð í Hvítárnesi, um 40 km ofan við efstu byggð í Biskupstungum. Þar hafa verið rústir á tveimur stöðum (ÁR-694:018, 019) en aðeins munu þær nú sýnilegar þar sem kallað er í **Tjarnarkoti** fast við skála Ferðafélags Íslands. Í hrauninu norðan og austan við Þingvelli hafa verið nokkur smábýli í óstöðugri byggð og eru tvö alveg við hálendismörkin, **Litla-Hrauntún** (ÁR-466b:006) og **undir Hrafnabjörgum**

(ÁR-466b:007).

Eins og í Rangárvallasýslu tengjast lagflestar minjar á hálendi Árnessýslu fjárleitum á haustin. Helsti miðstöðvar gangnamanna eru:

í **Gljúfurleit** (ÁR-673:008, 014, 015), **Loðnaveri** (ÁR-673:016, 017), **Kjálkaveri** (ÁR-673:018, 019) og **Bólstaður** neðst í Tjarnarveri (ÁR-673:020) á Gnúpverjaafrétti.

við **Grímsstaði** (ÁR-753:003, 010) og í **Skillandsfitjum** (ÁR-753:011) á Flóa- og Skeiðamannaafrétti.

í **Rógshólum** (ÁR-683:030), **Frægðarveri** (ÁR-683:028), **Svínárnesi** (ÁR-683:026) og í **Ásgarði** á Hrunamannaafrétti (ÁR-683:021).

í **Fremstaveri** (ÁR-693:001), undir **Lambafelli** (ÁR-693:002), í **Svartárbugum** (ÁR-694:014), í **Gránunesi** (ÁR-694:004, 021), og í **Þjófadölum** (ÁR-694:008) á Biskupstungnaafrétti.

á **Hlöðuvöllum** (ÁR-703:001) undir **Gatfelli** (ÁR-466b:002 sbr. 003) á afrétti Grímsnesinga.

Fyrir utan beit var hálendi Árnessýslu nytjað á ýmsan hátt. Farið var á grasafjall í Þjórsárver og hvannarótagröftur var stundaður hér og þar. Þá er tóft í **Karlsdrætti** við Hvítárvatn (ÁR-694:007) sem tengist sögnum um fiskveiðar. Í Þjórsárverum eru **gæsaréttir** sem notaður voru til að reka gæsir í til slátrunar (ÁR-673:003).

Nokkrir fjallvegir liggja um hálendi Árnessýslu. Austast er **Sprengisandsvegur** en oftast var farið yfir Þjórsá á **Sóleyjahöfðavaði** (ÁR-673:021) þó einnig væri stundum farið fyrir Þjórsá á Arnarfellsjökli (sbr. ÁR-673:009 og ÁR-673:025) eða niður með henni austanmegin (í Rangárvallasýslu). **Kjalvegur** lá áður þvert yfir Kjalhraun og austan við Bláfell en að öðru leyti á svipuðum slóðum og bílvegurinn nú. Vörður munu lengi hafa verið á a.m.k. hluta leiðarinnar en gangskör var gerð að því að varða alla leiðina upp á nýtt um aldamótin síðustu. Um 1920 var vörðuð leið um Þjófadali (ÁR-694:023). Önnur mannvirki tengd Kjalvegi eru helst þar sem vegurinn liggur yfir Hvítá. Þar voru lengi bátar notaðir til að ferja bæði menn og fé (ÁR-694:005) og einnig sæluhús (ÁR-694:011). Grein af Kjalvegi var svokallaður **Eyfirðingavegur** sem farinn var úr Haukadal til Þingvalla. Milli Þingvalla og Borgarfjarðar hafa legið leiðir um **Uxahryggi** og **Kaldadal** (sbr. ÁR-466b:001, 011, 012) en minna mun hafa verið farið svokallaðan **Skessubásavegi** frá Uxahryggjum í Biskupstungur.

Til er nákvæm lýsing frá 1762 af híbýlum Fjalla-Eyvindar vestan undir Arnarfelli í Þjórsárverum (ÁR-673:002) en ekki hefur tekist að finna rústir þeirra svo sannað verði.

Hinsvegar eru allmörg tóftabrot í Þjórsárverum sem bent hefur verið á að gætu hafa tengst útilegumönnum (ÁR-673:004, 005, 006) en ein þeirra (ÁR-673:007) er eftir skamvinna útlegð tveggja manna frá 1848. Við **Þjófadali** á afrétti Biskupstungna (ÁR-694:001) eru tengdar miklar sagnir um útilegumenn en negar eru þar rústir svo vitað sé (sbr. þó Ár-694:002) en sunnanundir Baldheiði er tóft sem bent hefur verið á sem mögulegt verk útilegumanna (ÁR-694:003).

Einn best þekkti sögustaður miðhálendisins er í Kjalhrauni skammt sunnan fjórðungamarka við Norðurland. Það er Beinabrekka og **Beinahóll** (ÁR-694:022) þar sem Reynisstaðabræður urðu úti haustið 1780.

Nokkur tröll hafa búið í fjöllum á hálendi Árnessýslu sérstaklega vestantil og má þar nefna Bergþór og Hallgerði í Bláfelli (ÁR-693:006, 007), Hrefnu í Hrefnubúðum (ÁR-694:020), Þórálf í Þórólfsfelli (Ár-370:004), Hlaðgerði í Hlöðufelli (ÁR-703:005), Ármann í Ármannsfelli (ÁR-466b:008), Jóru í Jórukleif (ÁR-466b:009) og Kólku í Skjaldbreið (ÁR-466b:010).

Lykilstaðir fyrir menningarsögu hálendis Árnessýslu:

Minjasvæði: **Þjórsárdalur** (eyðibyggð), **Hrunamannaafréttur** (eyðibyggð) , **Þingvallahraun** (eyðibyggð).

Minjastaðir: **Tjarnarkot** (eyðibýli), **Beinahóll** (sögustaður), **Gránunes** (gangnaminjar)**,** **Hallbjarnarvörður** (samgönguminjar/sögustaður).

## Borgarfjarðarsýsla

Hálendi Borgarfjarðarsýslu greinist í tvennt um Ok. Vestan þess eru gróin heiðalönd þar sem verið hafa allmörg sel en austan þess hinn gróðurlausi Kaldidalur og þar norðan við Geitland sem nú er að mestu blásin hraun en þar eru þó minjar um forna byggð.

Helstu sel vestan Oks eru **Gamla-Lundarsel** (BO-178b:002), **Lundarsel** (BO-178b:003), **Gullberastaðasel** (BO-179b:001), **Teitssel** (BO-199e:001) og **Reykholtssel** (BO-199d:001). Heilsársbyggð var um hríð á 19. öld í Lundarseli, Gullberastaðaseli og á **Illugaþúfu** austan Reyðarvatns (BO-199d:002).

Í Geitlandi eru minjar um forna byggð á tveimur stöðum, á **Hamraendum** (BO-199b:004) og í **Koti** (BO-199b:005). Þá er einnig í Húsafellslandi vestan Geitár rústir

eyðibýlisins **Hlíðarenda** (MH-001:003) sem var í byggð á 17. öld.

Afréttir á hálendi Borgarfjarðarsýslu eru hvergi langt frá byggð og er því lítið um gangnaminjar þar. Þó má nefna sæluhús við **Selhól** við Reyðarvatn (ÁR-466b:014), **Tungurétt** (BO-178b:001) og **Trússárbotnarétt** (BO-199b:003). Ýmsar aðrar nytjar en beit voru af hálendi Borgarfjarðarýslu og eru merkar minjar um fiskveiðar í **Reyðarvatnsósi** (BO-179b:003 sbr. 004) og **kvarnarsteinsnáma** var í Geitlandi (BO-199b:008 sbr. 009).

Helstu fjallvegir voru **Uxahryggjaleið**, **Kaldidalur** (BO-673:001, 002, 003) MH-001:005) og **Okvegur** (BO-179b:007) og voru þeir tveir síðastnefndu ruddir og varðaðir á fyrri hluta 19. aldar. Þá endaði **Skagfirðingavegur** í Húsafelli (sbr. MH-001:011, 014).

Engar minjar um útilegumenn eru þekktar í Borgarfjarðarsýslu en sagnir eru tengdar við **Þórisdal** (BO-199b:002) og óljósar sagnir eru um tóftir í **Þjófakrók** (BO-199b:001).

Í Fanntófelli bjuggu tröll (BO-180b:001).

Lykilstaðir fyrir menningarsögu hálendis Borgarfjarðarsýslu:

Minjasvæði: **Geitland** (eyðibyggð), **Gullberastaða-, Oddsstaða, Lundar- og Þóreyjartungur** (selminjar).

Minjastaðir: mannvirki í **Reyðarvatnsósi** (minjar um fiskveiðar), **Kerling** á Kaldadal (samgönguminjar), **Okvegur** (samgönguminjar frá 19. öld)

## Mýrasýsla

Engar verulegar eyðibyggðir eru á eða við hálendi Mýrasýslu. **Halldórstóftir** heitir fornbýli við Norðlingafljót (MH-002c:009) en fyrir utan það er minjar aðeins að sjá í **Forna-Hvammi** (MH-048b:001). Hinsvegar hafa verið sagnir um forna byggð í **Hellistungum** (MH-048c:001) en ekki hafa minjar fundist um hana. Mikil seljabyggð var í Kjarrárdal og eru þar minjar um sel í **Sámsstaðaseli** (MH-012b:001), **Nortunguseli** (BO-199c:001), **Reykholtsseli** (BO-199c:002), **Gilsbakkaseli** (MH-007c:001), og í **Bjarnastaðaseli** (MH-007c:005).

Mikil og góð beitilönd ru á Tvídægru og Arnarvatnsheiði. Helstu miðstöðvar gangnamanna voru:

við **Reykjavatn** (MH-002b:011, 013), í **Fljótsdrögum** (MH-002c:001), við

**Réttarvatn** (MH-002c:002), **Úlfsvatn** (MH-002c:003, 004, 007) og í **Álftakróki** (MH-002c:005)

á Arnarvatnheiði.

í **Þorvaldsvatnatanga** (MH-007b:001) í Lambatungum,

á **Heiðarsporði** í Tungnaleit (MH-643:001)

en auk þessara staða eru leifar fornra skilarétta í **Hellistungnasporði** (MH-048c:002) og við **Fiskivatn** (MH-026:002).

Margvíslegar nytjar höfðu menn af hinum miklu heiðalöndum, bæði hvanna- og álftafjaðratekju, en einnig fugl- og þó sérstaklega fiskveiði. Veiðikofar hafa verið allvíða, t.d. við **Grunnuvötn** (MH-007b:002, 003) og **Valstrýta** við Nyrðra-Kvíslavatn (MH-007c:006).

Allmargar leiðir lágu úr dölum Húnaþings suður í Borgarfjörð. Vestast var **Holtavörðuheiði** og var þar komið við hjá **Hæðarsteini** (MH-643:002). Úr Núpsdal var **Lestarmannavegur** eða Núpdælagötur en úr Vatnsdal og Víðidal **Grímstunguheiðarvegur**. Hann var einnig farinn þegar ekki var fært á **Skagfiðingavegi** (MH-002c:010) um Stórasand en leiðir þessar komu saman hjá Arnarvatni. Þar fyrir sunnan er **Leggjabrjótur** (MH-002c:008).

Miklar útilegumannaminjar eru í og við Hallmundarhraun. Hleðslur er að finna í **Surtshelli** (MH-002b:001-003), **Víðgelmi** (MH-002b:004), og í svokölluðum **Hallmundarhelli** (MH-002b:005, 006) en þær hafa verið rannsakaðar og taldar verið frá 16. öld eða eldri. Þá eru **Franshellir** (MH-002b:008) og **Eyvindarhola** (MH-002b:009 sbr. 010) við Reykjavatn minjar um útlegðir Jón Frans frá 1814 og Fjalla-Eyvindar um miðja 18. öld.

Allmiklar þjóðsagnir eru tengdar byggð útilegumanna í Hallmundarhrauni, einkum af Gretti Ásmundssyni annarsvegar (MH-002b:006) og **Hellismönnum** hinsvegar, en á svæðinu eru mörg örnefni mynduð eru af mannanöfnum, sem skýrð eru þannig að þar hafi samnefndir Hellismenn verið vegnir (MH-002b:015, 016, 017).

Á Tvídægru urðu **Heiðarvíg** laust eftir 1000 en ekki er vitað með vissu um orrustustaðinn (MH-007c:002, 003).

Lykilstaðir fyrir menningarsögu hálendis Mýrasýslu:

Minjasvæði: **Kjarrárdalur** (minjar um seljabúskap), við **Reykjavatn** (gangna- og útilegumannaminjar)

Minjastaðir: **Surtshellir**, **Hallmundarhellir** (útilegumannaminjar).

## Vestur-Húnavatnssýsla

Upp af dölum Vestur Húnavatnssýslu eru jaðarsvæði þar sem verið hafa sel og smábýli í óstöðugri byggð. Innan við hálendismörkin eru þó aðeins **Staðarsel** (HV-005b:001), **Lækjarbær** (HV-033b:001 sbr. 003) og **Aðalbreið** (HV-049b:004).

Helstu miðstöðvar gangnamanna voru við **Arnarvatn** hið stóra (HV-049b:001, 002; HV-150b:004) og **Réttarvatn** (HV-150b:006) á mótum Aðalbólsheiðar og Víðidalstunguheiðar.

Við **Arnarvatn** hefur lengi verið sæluhús (HV-150b:004) fyrir þá sem fóru **Grímstunguheiðarveg** og **Skagfirðingaveg** en þeir koma saman þar. Einnig var **Lestarmannavegur** (Núpdælagötur) úr Núpsdal og leið um Holtavörðuheiði úr Hrútafirði.

Við **Arnarvatn** á að hafa verið skáli byggður af Gretti Ásmundarsyni í útlegðartíð hans (HV-150b:001, 002) og munu sjást þar fornar tóftir.

Tröll bjuggu fremst í Hrútafjarðardal (HV-001:005, 006) en nokkrir af Hellismönnum eiga að hafa verið vegnir á Víðidalstunguheiði (HV-150b:018, 019).

Lykilsvæði fyrir menningarsögu hálendis Vestur Húnavatnssýslu

**Arnarvatn-Réttarvatn** (gangna-, samgöngu og útilegumannaminjar)

## Austur-Húnavatnssýsla

Eins og í Vestur Húnavatnssýslu eru jaðarsvæði fremst í dölum Austur Húnavatnsýslu þar sem verið hafa selstöður og smábýli í óstöðugri byggð. Innan hálendismarkanna eru þó aðeins **Grímstungusel** tvenn (HV-199b:001, 008), **Skútabær** (HV-199b:009), **Réttarhóll** (HV-201b:004) og **Kóngsgarðssel** (HV-280:003). Mestar eru minjarnar á Réttarhóli en þar var allmikill búskapur um hríð á seinni hluta 19. aldar og var þar gerð eina verulega tilraunin til heiðabyggðar á vesturhluta miðhálendisins.

Helstu miðstöðvar gangnamanna voru þessar:

við **Réttarhól** (HV-201b:007, 008) í Forsæludalskvíslum

við **Seyðisá** (HV-235b:001, 002), **Kolku** (HV-235b:006), **Kúlukvísl** (HV-235b:009), og á **Hveravöllum** (HV-235c:013) á Auðkúluheiði.

**Haugakofi** (HV-273b:009), í **Neðriáfanga** (HV-273c:003), **Áfangaflá** (HV-273c:004) og í **Svartártungum** (HV-273d:005) á Eyvindarstaðaheiði.

**Bugaskáli** á Stafnsafrétt (HV-279b:005).

Helstu fjallvegir um hálendi Austur Húnavatnssýslu voru **Skagfirðingavegur** úr Mælifellsdal og um Stórasand til Kalmannstungu (HV-673:001; HV-199b:003; HV-235b:007; HV-273b:001), og **Kjalvegur** af Kili um Hveravelli, þar sem verið hefur sæluhús frá því á miðöldum (HV-235c:007, 013), vestan með Blöndu ef farið var til Blöndudals eða Svínadals en austan við ef farið var til Skagafjarðar (HV-235b:004; HV-273b:006; HV-273c:002). Þá var einnig leið með norðurhlið Hofsjökuls af Kili til Eyjafjarðar og var kölluð **Eyfirðingavegur** (HV-273d:003, 004) en hún mun ekki hafa verið jafnfjölfarin og hinar.

Á nokkrum stöðum minna örnefni á útilegumenn (HV-199b:007; HV-201b:009; HV-279b:003) en minjar tengdar þeim er aðeins að finna á Hveravöllum, þar sem enn má sjá rústir af kofa Fjalla-Eyvindar (**Eyvindarkofi** - HV-235c:003) en einnig eru þar **Eyvindarhver** og **Eyvindarrétt** (HV-235c:004, 005).

Lykilstaðir fyrir menningarsögu hálendis Austur-Húnavatnssýslu

Minjasvæði: **Hveravellir** (gangna-, samgöngu- og útilegumannaminjar; sögustaður)
Minjastaðir: **Réttarhóll** (búsetu- og gangnaminjar), **Seyðisárrétt/Biskupsáfángi** (gangna- og samgönguminjar)

## Skagafjarðarsýsla

Miklar eyðibyggðir eru bæði í Austurdal og Vesturdal sem kannaðar hafa verið rækilega en hálendismörkin eru dregin langt fyrir framan þau svæði þar sem byggð gat þrifist. Á því svæði sem telst til hálendis Skagafjarararsýslu eru því nær eingöngu minjar sem tengjast fjárleitum og eru þær þó harla fáar. Helstu miðstöðvar gangnamanna á svæðinu voru:

**Orravatnsrústakofi** (Sk-138:001) á Hofsafrétt

í **Stórahvammi** (Sk-730:007), **Fossárkofa** (Sk-730:008) á Nýjabæjararétt

undir **Laugafelli** (Sk-730:002, 003, 005) í Laugafellsöræfum. Síðastnefndi staðurinn hefur talist til Skagafjarðarsýslu en var fyrst og fremst notaður af gangnamönnum úr

Eyjafirði.

Auk þess sem miðstöð gangnamanna var við laugarnar undir Laugafelli hafa þjóðsögur um forna selstöðu á tímum Svartadauða tengst þeim stað og er bent á tóftarbrot í .því samhengi (**Þórutóftir** - Sk-730:001). Þar er einnig **Þórunnarlaug**, sem raunar er náttúrusmíð, en var lengi talin manngerð og á merkan stað í sögu fornleifarannsókna á Íslandi (Sk-730:006).

Upp úr Mælifellsdal var farið á **Kjalveg** og **Skagfirðingaveg** um Stórasand en þvert yfir hálendi Skagafjarðarsýslu lá **Eyfirðingavegur** utan úr Eyjafjarðardal með norðurhlið Hofsjökuls á Kjöl (Sk-653:001, 004).

Lykilsvæði í menningarsögu hálendis Skagajarðarsýslu:

**Laugafell** (gangnaminjar; þjóðsögu- og sögustaður)

## Eyjafjarðarsýsla

Eyjafjarðardalur dregst saman mjög fljótt framan við fremstu byggð og var því ekki stórt jaðarsvæði með seljum eða óstöðugri byggð. Rétt utan við hálendismörkin hefur býli frá 10. öld verið grafið upp á Granastöðum. Innan við hálendismörkin eru sel frá Torfufelli á Torfufellsdal (**Heimara-Sel** og **Fremra-Sel** - Ey-366:017, 018) og Arnarstöðum á Eyjafjarðardal (**Arnarstaðasel** - Ey-375b:001). Þá er mikill garður þvert yfir botn Eyjafjarðardals sem mun vera ævaforn afréttargirðing (Ey-373b:006).

Engar minjar tengdar fjárleitum er að finna innan hálendismarka í Eyjafjarðarsýslu enda dalbotnarnir auðleitaðir en hálendið að mestu gróðursnautt. Miðstöð leitarmanna úr Eyjafirði var undir Laugafelli sem telst til Skagafjarðarsýslu.

Upp úr Eyjafjarðardal var leið suður á Kjöl sem kallaðist **Vatnahjallavegur** næst dalnum en **Eyfirðingavegur** fjær. Vatnahjallavegur var ruddur að hluta á fyrri hluta 19. aldar fyrir tilstuðlan Fjallvegafélagsins en aldrei mun hann hafa verið jafn fjölfarinn og Kjalvegur úr Skagafirði. Á Vatnahjalla er varðan **Sankti-Pétur** (Ey-375b:003) og niðri í Eyjafjarðardal áningarstaðurinn **Hákarlatorfa** (Ey-275b:002).

Yfir Nýjabæjarfjall voru leiðir úr Leyningsdal yfir í Austurdal í Skagafirði (Ey-366:022).

Við Urðarvötn vestan við Eyjafjarðadalsbotn bjó huldufólk.

Lykilstaður fyrir menningarsögu hálendis Eyjafjarðarsýslu

**Vatnahjallavegur** (samgöngubót)

## Suður-Þingeyjarsýsla

Við Skjálfandafljót skiptir um landslag og þar með eðli menningarminja á hálendi Suður-Þingeyjarsýslu. Vestan við fljótið er gróðursnauð háslétta og skerast inn í hana djúpir og þröngir dalir. Í þeim hefur á ýmsum tímum verið óstöðug jaðarbyggð og sellönd. Í framdölum Fnjóskadals eru miklar búsetuminjar frá ýmsum tímum, en aðeins einn slíkur staður liggur innan hálendismarkanna, **Sandakot** á áfrétti Hrafnagilskirkju (EY-316b:002). Í Mjóadal og Íshólsdal eru einnig minjar bæði frá eldri tíð og 19. öld. Í **Mjóadal** (SÞ-171:001) var búið frá um 1800 til 1894 en auk þeirra rústa er bent á mögulegar búsetuminjar á 5 stöðum í Mjóadal innan hálendismarkanna (SÞ-171:002-006) en aðeins tveir þeirra hafa nafn: **Hólkot** (SÞ-171:002) og **Engimýri** (SÞ-171:006). Fornleifakönnun hefur ekki farið fram á þessu svæði og er því ekki vitað neitt með vissu um eðli þessara minja. Á **Íshóli** (SÞ-172:001) var reist nýbýli á 19. öld og búið þar til 1897 en framar í dalnum eru miklar tóftir á stað sem kallaður er **Hofgarðar** (SÞ-172:002) og eru það friðlýstar minjar. Á bakka Skjálfandafljóts, á Króksdal, er á einum stað getið um mannabústað, þar sem heitir á **Helgastöðum** (SÞ-159b:001). Örnefnið **Smiðjuskógur** (SÞ-159b:002) og sagnir um legstað á Galtahóli (SÞ-159b:003) eru frekari vísbendingar um forna byggð á þessum slóðum en ekki eru neinar byggingaminjar sýnilegar á Helgastöðum. Þar hefur þó ekki farið fram rannsókn. Á austurbakka Skjálfandafljóts, heldur norðar en á móts við Helgastaði, blésu fram bæjarrústir **undir Sandmúla** (SÞ-644:004) um síðustu aldamót og fundust þar ýmsir gripir, þ.á.m. um 300 grömm af gangsilfri. Fyrir norðan Sandmúla er Hafursstaðahlíð og eru heimildir um byggð á **Hafursstöðum** (SÞ-644:003) en ekki eru órækar heimildir um að neinar byggingaminjar séu þar sýnilegar. Þá eru óljósar mannvistarleifar á tveimur öðrum stöðum allt suður undir Öxnadal og á stað í Grafarlöndum (SÞ-644:015-017). Einnig eru heimildir en engar minjar um **sel í Öxnadal** (SÞ-644:011). Þá hafa fundist mannabein bæði í Bálabrekku (SÞ-644:007) og Hafursstaðahlíð (SÞ-644:009) og á seinni staðnum a.m.k. eru líkur á að um kuml hafi verið að ræða. Skipuleg fornleifakönnun hefur ekki farið fram á

þessu svæði og má því vera að fleiri vísbendingar sé þar að finna um forna búsetu.

Austan við Skjálfandafljót er meira jafnlendi en vestan þess. Að sunnan tekur Ódáðahraun við og þekur það stærsta hluta þess svæðis sem telst til hálendis Suður-Þingeyjarsýslu. Í því eru engar minjar aðrar en eftir útilegumenn (sjá hér að neðan). Norðan við Ódáðahraun eru Mývatnsöræfi, víðáttumikil heiðalönd sem enn eru gróin að stórum hluta þó að uppblástur hafi verið þar mikill um aldir. Suður af Mývatni byggðust mörg smákot á 19. öld og minjar eru þar einnig um eldri byggð. Ekkert þessar býla er þó innan hálendismarkanna. Einu búsetuminjarnar innan markanna eru leifar fornbýlis í **Hrauntungu** í Suðurárbotnum (SÞ-200b:001) og norðan við þær hafa einnig fundist mannabeinaleifar (SÞ-200b:004). Byggðaleifar í Hrauntungu eru friðlýstar minjar. Einnig eru sagnir um byggð í Mikluey (**Skútustaðir** - SÞ-200b:002) en leifar þeirra hafa ekki fundist. Hinsvegar ummerki um (kristna) greftrun komið í ljós í eynni (SÞ-200b:003).

Auk nýbýla í Mývatnsheiði byggðust nokkur gömul sel í Norðurfjöllum norðaustan við Mývatn á 19. öld. Eitt þeirra er innan hálendismarkanna, býlið **Hlíðarhagi** (SÞ-208b:007-008) við Eilífsvatn. Þar hafði áður verið selið Vatnasel en búskapur í Hlíðarhaga stóð frá því fyrir 1861 til 1878.

Fjárleitir voru mikil fyrirtæki í Suður-Þingeyjarsýslu og virðist þar vera löng hefð fyrir gangnamannakofum. Helstu miðstöðvar gangnamanna á hálendi sýslunnar eru þessar:

Í **Kvíum** á vesturafrétt Bárðdæla (SÞ-159b:007) en fyrir utan kofann þar hafa gangnamenn úr Bárðardal hafst við í tjöldum á ýmsum stöðum á vesturafréttinni.

Í **Öxnadal** á austurafrétt Bárðdæla (SÞ-644:005).

Í **Kolmúladal** (SÞ-644:008) og í **Suðurárbotnum** (SÞ-200b:008-010) á suðurafrétt Mývetninga.

Við **Kofaborg** hjá Skógarmannafjalli(SÞ-208b:014), í **Klaustri** (SÞ-208b:015), í **Fjallagjá** (SÞ-208b:017) og við **Miðfell** (SÞ-208b:039) á austurafrétt Mývetninga.

Fyrir utan fjárbeit er ekki um aðrar hefðbundnar nytjar að ræða á þessu svæði en brennisteinsnám. Tvennar námur eru innan hálendismarkanna, **Fremrinámar** (SÞ-208b:026)og **Kröflunámur** (SÞ-208b:033). Allmikil umsvif voru á þessum stöðum á fyrri öldum, en brennisteinsnámið mun hafa staðið hæst á 16. öld. Við Kröflu er ekki vitað um nein mannvirki í tengslum við brennisteinsnám en lítið grjótbyrgi er sunnan á Ketildyngju

skammt frá Fremrinámum sem gæti staðið í sambandi við námagröftinn (SÞ-208b:037).

Um aldir hefur þjóðleið legið frá Grímsstöðum á Fjöllum til Reykjahlíðar á svipuðum slóðum og vegurinn er nú. Þar gefur enn að líta margar kynslóðir af vörðum og við Jökulsá er **sæluhús** reist 1880 og er það friðað (SÞ-208b:034). Þá liggur Sprengisandsvegur inn í sýsluna að sunnan. Hún var aldrei fjölfarin og ekki vörðuð fyrr en um 1900. Áður var ekki síður farið austan með Skjálfandafljóti (sbr. SÞ-644:006) en aðaláfangastaðurinn var þó vestan þess, á **Áfangatorfum** (SÞ-643:001). Af leið þeirri sem lá austur með Skjálfandafljóti greindist svo leið biskupa norður fyrir Ódáðahraun til Möðrudals á Fjöllum. Leiðin virðist hafa legið um Suðurárbotna (sbr. SÞ-653:002), í Heilagsdal (sbr. SÞ-208b:018) og þaðan yfir Hafragjá, þar sem leið hefur verið rudd niður í gjána (**Bræðraklif** - SÞ-208b:022) og beint í austur yfir Jökulsá hjá **Ferjufjalli** (SÞ-208b:023). Rekja má forn vöðrubrot nær alla leiðina. Leið þessi, sem kölluð hefur verið Biskupaleið eða Ódáðahraunsvegur, var enn farin á 17. öld en mun aldrei hafa verið alfarleið og aðeins fær stórum hópum vel búinna manna.

Getið er um útilegumenn í helli suður a Bárðardal árið 1747 en staðurinn er ekki þekktur (SÞ-644:001). Í Herðubreiðarlindum er hreysi sem Fjalla-Eyvindur hefur gert (**Eyvindarkofi** - SÞ-208b:001) en þar eru einnig hleðslur á tveimur stöðum öðrum sem gætu verið eftir Eyvind eða starfsbræður hans (SÞ-208b:002, 003). Að auki er kofabrot **á Dyngjuhálsi** (SÞ-644:002) sem sennilegt er að sé eftir útilegumenn.

Trú á útilegumenn var almenn á Íslandi fram á 19. öld og eru sérstaklega margar sögur um þá tengdar Ódáðahrauni, Dyngjufjöllum (SÞ-653:005), Herðubreið (SÞ-208b:004) og Vatnajökli (SÞ-653:003). Einnig búa tröllskessur í Bláfelli, Hallgerður við Biskupaleið að suðaustan (SÞ-208b:043) og Kráka að norðan (SÞ-208b:044). Sú fyrrnefnda angraði ferðamenn en hin síðari lagðist á Mývetnska karlmenn.

Lykilstaðir fyrir menningarsögu hálendis Suður-Þingeyjarsýslu:

Minjasvæði: Búsetuminjar í **Mjóadal**, Búsetuminjar í **Íshólsdal**, búsetuminjar á **Króksdal**, búsetuminjar undir **Sandmúla** og **Hafursstaðahlíð**, búsetu, gangna- og samgönguminjar í **Suðurárbotnum**. Búsetu- og gangnaminjar við **Eilífsvatn**.

Minjastaðir: **Sandakot** í Bleiksmýrardal, **Fremrinámar**, **Eyvindarkofi** í Herðubreiðarlindum, ferjustaður og sæluhús við **Jökulsá**.

## Norður-Múlasýsla

Á hálendi Norður-Múlasýslu er eina byggðin á miðhálendi Íslands en fyrir utan **Möðrudal** (NM-131:001, 002), þar sem búið hefur verið að mestu samfleytt frá miðöldum, og **Víðidal** (NM-132:001) þar sem búið hefur verið frá 18. öld, eru búsetuminjar á **Sótastöðum** (NM-132:002), í **Neðri-Möðrudal** (NM-131:012), við **Selhól** (NM-131:005, 007, 008, 022) og á **Kjólsstöðum** en þar var búið til 1805 (NM-131:003).

Austan við Möðrudalsfjallgarð reis mikil heiðabyggð á 19. öld og eru **Rangalón** (NM-131b:001), í byggð 1844-1925, **Grunnavatn** (NM-131c:001), í byggð 1853-1923, **Heiðarsel** (NM-131d:001), í byggð 1859-1946, **Fagrakinn** (NM-131e:001), í byggð 1855-1886, **Gestreiðarstaðir** (NM-131f:001) í byggð 1844-1897 og **Sænautasel** (NM-120b:001) í byggð 1843-1942, öll fast við hálendimörkin. Þar að auki er **Netsel** við Ánavatn (NM-131c:002) en þar hafa fundist merki um mannvist frá miðöldum og enn mun hafa verið búið þar um skeið á 18. öld. Gestreiðarstaðir eru fornt örnefni, a.m.k. frá 15. öld og í Sænautaseli var selstaða frá Hákonarstöðum en að öðru leyti er ekki vitað um eldri byggð á þessu svæði.

Í Brúardölum eru merki um forna byggð á nokkrum stöðum, en flestir liggja þeir utan hálendismarkanna. Engar minjar eru lengur eftir af eyðibýlinu **Höll** í Brúarskógi (NM-122b:007) en í Laugavalladal eru tóftir á **Hringstöðum** (NM-122b:010) frá 10. eða 11. öld en á **Laugavöllum** var búið 1900-1906 (NM-122b:011). Þá eru tóftir á Vesturdal sem einnig eru eldri en 1158 (NM-122b:013).

Í Hrafnkelsdal eru margir fornir minjastaðir en aðeins **Glúmsstaðasel** (NM-167e:003) og **Þuríðarstaðasel** (NM-167e:004) eru innan hálendismarkanna og hafa á báðum stöðum fundist mannvistarleifar frá miðöldum.

Í Arnardal heitir **Dyngja** og eru þar mannvistarleifar frá miðöldum (NM-122c:003) sem talið er að séu eftir fasta búsetu.

Norðurdalur og Suðurdalur dragast fljótt saman framan við fremstu byggð og eru þar nokkur sel utan við hálendismörkin. Innan þeirra er aðeins **Dýjasel** í Norðurdal (NM-167c:006) en við það eru tengdar sagnir um fasta búsetu.

Fiskveiðar voru mikilvægur þáttur í nýtingu hálendis Norður-Múlasýslu, einkum á Jökuldalsheiði. Á sumum þeirra staða þar sem merki eru um forna búsetu, eins og í Netseli og Dyngju, hafa fiskveiðar án efa verið meginstoð undir byggðinni þar. Við **Þríhyrningsvatn** hefur fundist rúst, sem sennilega er af veiðikofa, sem stóð uppi á 13.-14.

öld (NM-122c:007)

Helstu miðstöðvar gangnamanna í Norður-Múlasýslu voru:

**Sauðárkofi** (NM-122b:009) og á **Laugavöllum** (NM-122b:012) í Brúardölum.

í **Álftadal** (NM-122c:005) og í **Álftadalskrók** (NM-122c:004) á Brúaröræfum.

**Tungufellskofi** (NM-167c:002), **Sjónarhólskofi** (NM-167c:003), **Bergkvíslarkofi** (NM-167c:004) og **Hrakstrandarkofi** (NM-167c:007) í Múlanum

**Laugakofi** (NM-167d:002) og **Hálskofi** (NM-167d:003) undir Fellum.

**Sauðakofi** (NM-167e:002) á Vesturöræfum.

**Ranakofi** (NM-167f:001) á Miðheiði.

Þjóðleið milli Norðurlands og Austurlands lá frá ferjustað á Jökulsá um Grímsstaði á Fjöllum og þaðan suður hjá **Biskupsvörðum** (NM-132:004) um **Vegaskarð** (NM-132:003) til Möðrudals. Um miðja vegu milli Víðidals og Möðrudals greindist leið frá vegi þessum og lá um **Langadal** í Vopnafjörð á svipuðum slóðum og bílvegurinn nú (NM-131:025, 026, 031). Frá Möðrudal lágu tvær leiðir. Önnur, **Gestreiðarstaðavegur**, lá svotil beint í austur, um Gestreiðarstaðaskarð og þvert yfir Jökuldalsheiði og kom niður hjá Skjöldólfsstöðum (NM-131:034). Hin leiðin var til Brúar og mun hafa verið sjaldfarnari á seinni öldum. Þá mun hafa verið farið um **Byttuskarð** (NM-131:046).

Önnur leið til Möðrudals var um Ódáðahraun og var hún farin af Skálholtsbiskupum á 17. öld en mun aldrei hafa verið þjóðleið. Farið var yfir Jökulsá hjá Ferjufjalli og heitir þar **Ferjuhylur** (NM-131:024) en á seinni tímum var ferjan þar eingöngu notuð til að sækja egg í Grafarlönd.

Frá Brú lá leið suður Hrafnkelsdal og upp á Fljótsdalsheiði gegnt Aðalbóli (**Aðalbólsvegur** - NM-130:014, 015, 016, sbr. þó NM-129:011) og var þá komið niður hjá Kleif fremst í Norðurdal. Þaðan lá leið suður um Hraun og um Kollumúlaheiði í Lón og mun þetta hafa verið verleið Eyfirðinga en aldrei verið fjölfarin (NM-167c:008).

Þá eru einnig óljósar vísbendigar um leið yfir Vatnajökul milli Möðrudals og Skaftafells en ekki er vitað hvar hann gæti hafa legið.

Örnefnið **Þjófadalur** (NM-167d:004) minnir á útilegumenn en í **Hvannalindum** (NM-122c:001) eru rústir mannabústaðar sem hljóta að vera eftir útilegumenn, möguleg Eyvind og Höllu.

Lykilstaðir fyrir menningarsögu miðhálendis Norður-Múlasýslu

Minjasvæði: **Möðrudalsöræfi** (minjar um forna byggð), **Jökuldalsheiði** (minjar um heiðabyggð á 19. öld), **Brúardalir og Hrafnkelsdalur** (minjar um forna byggð).

Minjastaðir: **Dyngja í Arnardal** (búsetu- og gangnaminjar), **Hvannalindir** (útilegumannaminjar)

## Suður-Múlasýsla

Aðeins lítið horn af syðsta og vestasta hluta Suður-Múlasýslu fellur innan hálendismarkanna og eru þar fáir minjastaðir. Framarlega á Múladal eru rústir fjallabýlisins **Hvannavalla** (SM-248) og aðeins utar eru á Geithellnadal rústir annars fjallbýlis, **Þormóðshvamms** (SM-245:002). Bæði voru býli þessi í byggð á 19. öld.

Úr Berufirði var fyrrum þjóðleið í Skriðdal um Berfufjarðarskarð, svokallaður **Axarvegur** (SM-215:003) og lá grein af þeim vegi niður í Fljótsdal.

Á Múladal, spölkorn utan við Hvannavelli eru **Ræningjalágar** og er þar tóft við Þjófaklett (SM-247:003) sem talin er vera skýli útilegumanna.

## VII. *Verndun og kynnig menningarminja á miðhálendi Íslands*

Samkvæmt Þjóðminjalögum nr. 88/1989 (með breytingum nr. 43/1991 og 98/1994) eru allar fornleifar sem eldri eru en 100 ára friðaðar. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á (16. gr.) og þeim má ekki spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né flytja úr stað (17. gr.). Til viðbótar við þessa almennu friðun er gert ráð fyrir að nokkrir minjastaðir séu valdir til að njóta sérstakrar friðlýsingar (18. gr.) og er skylt að viðhalda friðuðum fornleifum á kostnað ríkissjóðs (25. gr.).

Fyrstu íslensku minjastaðirnir voru friðlýstir fyrir tilstuðlan Konunglegu Dönsku nefndarinnar til varðveislu fornminja árið 1817,[56] en íslensk lög um friðlýsingu fornleifa voru fyrst sett 1907. Það var þó ekki fyrr en um 1930 að gerð var gangskör að því að velja staði til friðlýsingar. Árið 1927 voru 18 staðir á hálendi Suðurlands friðlýstir og voru það flest meint eyðibýli í Þórsmörk, Þjórsárdal og á Hrunamannaafrétti. 1931 voru síðan 11 aðrir staðir á hálendinu friðlýstir og voru það einnig allt eyðibýli nema hleðslur í Surtshelli sem teljast til útilegumannaminja. Árið 1968 voru rústir í Hvannalindum friðlýstar og 1984 var Eyvindarkofi í Eyvindarkofaveri friðlýstur og eru þá friðlýsingar á miðhálendinu upptaldar.[57]

Friðlýsingar þær sem gerðar voru í kringum 1930 byggðu nær eingöngu á rannsóknum fornfræðinga 19. aldar og val staða til friðlýsingar hefur því óhjákvæmilega mótast af áhugamálum þeirra. Valið byggði ekki á heildarúttekt á minjum í landinu eða einstökum landshlutum og er því ekki hægt að líta á skrá um friðlýstar minjar sem úrval merkustu eða best varðveittu minjastaða í landinu.

Þó að allar merkar minjar njóti þannig ekki friðlýsingar eru þó flestar friðlýstar minjar meðal athyglisverðustu mannvirkjaleifa og hljóta því allar áætlanir um verndun og kynningu minjastaða að ganga út frá hinum friðlýstu minjum.

Þó að staðir séu friðlýstir sérstaklega er ekki skýrt í þjóðminjalögum hvað felst í slíkri friðlýsingu umfram hina almennu friðun, annað en að hinir friðlýstu staðir skulu auðkenndir og landeigendum kynnt sú kvöð sem sett hefur verið á land þeirra. Um það verður þó tæpast

---

[56] FF, xv.

[57] Fornleifaskrá. Sjá Viðauka I.

deilt að hinir friðlýstu staðir hljóta að vera staðir sem ríkisvaldið telur að séu svo merkir að gera eigi sérstakr ráðstafanir til að varðveita þá og koma upplæysingum um þá á framfæri við almenning.  Lítið hefur þó verið um aðgerðir af þessu tagi af hendi ríkisvaldsins og bíður það stefnumótunar Þjóðminjaráðs.

Miðhálendi Íslands hefur nokkra sérstöðu í þessu tilliti þar sem fjöldi og gerð menningarminja er allt önnur en á láglendi, aðstæður til rannsókna og kynningar eru aðrar og umferð manna og rask sem henni fylgir er af öðrum toga.  Við stefnumótun um varðveislu og kynningu menningarminja á miðhálndinu verður því að hafa eftirfarandi forsendur í huga:

- Menningarminjar á miðhálendinu eru sérstakar fyrir sögu þess.  Minjar um jaðarbyggð, göngur og fjallskil, fjallvegaferðir og útilegumenn eiga ekki sína líka á láglendi og því er sérstök ástæða til að hlúa að, rannsaka og kynna minjar af þessu tagi.  Best fer á því að slíkt starf gangi út frá miðhálendinu sem menningarsögulegri heild.  Séu menningarminjar miðhálendisins  einungis skoðaðar sem hluti af fornminjum innan einstakra sveitarfélaga eða héraða er hætt við að þær lendi utangarðs, að þær verði taldar of fáar, of illa farnar og of langt í burtu til að það svari kostnaði og erfiði að rannsaka þær eða kynna fyrir almenningi.

- Sú hætta sem menningarminjum á miðhálendinu er búin er af öðrum toga en á láglendi og krefst annarskonar aðgerða.  Hættuvaldar eru aðallega tveir.

*Uppblástur.*  Stór hluti af minjastöðum á miðhálendi Íslands er horfinn með öllu eða orðinn gerónýtur vegna uppblásturs.  Við þessu er ekki hægt að bregðast nema fyrir liggi upplýsingar um hvaða staðir eru í hættu og hversu mikilli en einnig skortir athuganir um hvernig hægt er að vernda einstaka staði á uppblástursvæðum.

*Ágangur ferðamanna.*  Margar af helstu miðstöðvum ferðamanna á miðhálendinu hafa verið áfangastaðir um aldir og er á slíkum stöðum oft að finna elstu og heillegustu minjarnar á miðhálendinu.  Það eykur gildi staða eins og Hveravalla og Landmannalauga að þar skuli vera fornar minjar en þeim minjum er jafnframt hætta búin af síauknum fjölda ferðafólks, bæði þeim sem skemma í ógáti og hinum sem vilja fræðast.  Við skipulag ferðamannaþjónustu á slíkum stöðum þarf að gera ráð fyrir aðgerðum til að hindra ágang sem veldur skemmdum á fornum minjum og gera upplýsingar um þær aðgengilegar.

- Menningarminjar eru hluti af þeim verðmætum sem er að finna á miðhálendi Íslands.  Grípa þarf til aðgerða til að koma í veg fyrir eyðingu þeirra verðmæta og til að nýta þau til

fullnustu. Gera þarf áætlanir um varðveislu, rannsóknir og kynningu menningarminja í samhengi við áætlanagerð um landnotkun, landgræðslu, mannvirkjagerð og ferðamannaþjónustu á miðhálendinu.

- Minjastaðir á miðhálendinu eru fáir samanborið við láglendi en miklar vegalengdir milli staða og erfiðar samgöngur kalla á aðrar lausnir við verndun, rannsóknir og kynningu en á láglendi.
- Forsenda fyrir áætlanagerð um verndun og nýtingu menningarminja er að upplýsingar um staðsetningu þeirra, gerð og ástand liggi fyrir. Fyrsta skrefið í átt að fornleifaskrá miðhálendisins hefur verið stigið með heimildakönnun um menningarminjar þar í sambandi við svæðisskipulagsgerð en eftir er að athuga staðina á vettvangi.

**Tillögur**

Fornleifaskráning á miðhálendi Íslands er forsenda fyrir verndun og kynningu menningarminja þar. Lagt er til að henni verði ekki hagað eins og á láglendi þar sem einstök svæði eru tekin fyrir í einu og reynt að skrá allar minjar sem er að finna innan þeirra, heldur að skráningunni verði skipt niður í aðgreind verkefni sem hvert og eitt hafi skýr markmið um nýtingu þeirra upplýsinga sem í þeim koma fram. Flest þau svæði sem byggt hefur verið á í hálendisjaðrinum hafa verið könnuð nokkuð rækilega en þó eru þrjú sem ekki eru nægilegar upplýsingar um og þyrftu að fara fram þar sambærilegar fornleifaathuganir og gerðar hafa verið í Skagafjarðardölum og Brúardölum.

**Fornleifaskránig í Bárðardal.** Fram af Bárðardal, báðum megin Skjálfandafljóts frá Stórutungu að Kiðagili eru búsetuminjar á nokkrum stöðum, bæði á Króksdal og í afdölunum Mjóadal og Íshólsdal. Þessar minjar hafa aðeins verið skoðaðar að litlu leyti og flestar voru þær athuganir gerðar um síðustu aldamót. Um er að ræða mjög víðlent svæði þar sem uppblástur heur herjað meir en víðast annarsstaðar og hefði það mikið vísindalegt gildi, bæði fyrir sögu búsetuþróunar og eyðingu gróðurs á hálendi Íslands.

**Fornleifaskráning á Möðrudal og Möðrudalsöræfum.** Möðrudalur er eina hálendisbyggðin þar sem engin skipuleg fornleifaskráning hefur farið fram og er þó vitað um allmargar fornar minjar þar. Sama gildir um Möðrudal og Bárðardal að þar hefur uppblástur

breytt mjög ásýnd landsins og hefði fornleifaskráning þar mikið vísindalegt gildi en einnig myndi vera stefnt á að finna þar hentuga staði til kynningar.

**Fornleifaskráning á afréttum Árnesinga.** Á Gnúpverja-, Flóa- og Skeiðamanna-, Hrunamanna- og Biskupstungnaafréttum er fjöldi eyðibýla sem fornfræðingar 19. aldar könnuðu í þaula og þar voru einnig gerðir nokkrir uppgreftir, bæði rétt fyrir síðustu aldamót og eins í leiðangri norrænna fornleifafræðinga til Þjórsárdals 1939. Þó að þekking á mörgum þessara eyðibýla sé því hlutfallslega mikil eru þó fleiri sem mjög lítið er vitað um, oft ekki annað en heiti og óljós staðsetning. Rannsóknir á eyðibyggðum Árnessýslu hafa haft afgerandi áhrif á hugmyndir um þróun byggðar á Íslandi en til að meta vægi þeirra upplýsinga er nauðsynlegt að fá skýrari mynd af fjölda, gerð og aldri búsetuminja á svæðinu öllu. Þar að auki hentar svæðið mjög vel til kynningar og erí því sambandi nauðsynlegt að hafa heildaryfirlit um ástand og staðsetningu rústa á svæðinu.

**Skráning og viðhald gangnaminja.** Stærsti flokkur menningarminja á miðhálendinu eru gangnamannakofar, réttir og samgöngubætur gerðar fyrir leitarmenn. Flestar slíkar minjar eru ekki gamlar og margur gangnamannakofinn úr torfi og grjóti var í notkun langt fram á þessa öld. Þessar minjar hafa af þessum orsökum ekki notið sömu athygli og t.d. búsetuminjar og útilegumannaminjar, en þær eru engu að síður merkar og er nauðsynlegt að nýta það tækifæri sem nú gefst til að bjarga gömlum gangamannakofum frá hruni og eyðileggingu. Gera þyrfti könnun á staðsetningu, fjölda og ástandi gangnamnnakofa um land allt og velja úr nokkra slíka til friðunar, viðhalds og kynningar.

**Skráning og viðhald fornra leiða.** Varðaðar leiðir, jafnt sem óvarðaðar, eru mikilvægur hluti af menningarsögu miðhálendisins en jafnframt hafa þær enn gildi sem göngu- og reiðleiðir fyrir ferðamenn nútímans. Nauðsynlegt er að skrá fornar leiðir, vörður og rudda vegi á miðhálendinu og gera áætlanir um viðhald á vörðum. Móta þarf stefnu um hvernig best er að halda við vöðruðum leiðum án þess að raska vörðum sem hafa minjagildi.

Skráning og friðun útilegumannaminja. Minjar eftir útilegumenn eru afar fáar en þær eru sérstakar fyrir hálendi landsins og en hafa einnig mikla þýðingu fyrir sögu réttarfars og löggæslu á Íslandi. Lagt er til að allar minjar eftir útilegumenn á miðhálndinu verði

friðlýstar, að gerð verði á þeim sérstök úttekt þar sem hver staður yrði mældur upp og jafnvel kannaður með uppgrefti ef það á við. Á þeim grunni yrði síðan gerð áætlun um hvaða staðir henta til kynningar og hvernig best verður að henni staðið, og hvaða staði ætti að friða algerlega.

**Verndar- og kynningaráætlanir.** Á nokkrum stöðum á miðhálendinu hefur byggst upp þjónusta fyrir ferðamenn og eru slíkar miðstöðvar gjarnan á stöðum þar sem áð hefur verið um aldir. Þær aðstæður skapa vanda fyrir verndun minjanna en þær gefa einnig tækifæri á að kynna menningu og sögu hálendisins fyrir þeim ferðamönnum sem um það leggja leið sína. Lagt er til að gerðar verði sérstakar verndar- og kynningaráætlanir um menningarminjar á eftirtöldum stöðum:

í Þórsmörk
við Landmannahelli
við Landmannalaugar
við Tjaldvatn í Veiðivötnum
í Þjórsárdal
á Hveravöllum
við Arnarvatn á Arnarvatnsheiði
við Réttarvatn á Arnarvatnsheiði
við Laugafell

Til grundvallar verndar- og kynningaráætlun um menningarminjar á þessum stöðum þarf að liggja vönduð fornleifaskráning sem fæli m.a. í sér nákvæma uppmælingu á minjum á hverjum stað. Í verndar- og kynningaráætlun um fornleifar þarf að greina hverskyns hætta forleifunum er búin og gera tillögum um úrbætur. Einnig þarf að setja fram tillögur um aðgengi í samhengi við aðrar framkvæmdir á staðnum og semja leiðbeiningar um umgengni nálægt minjunum. Loks verður að finna leiðir til að koma upplýsingum um minjarnar á framfæri við ferðafólk.

**Grunnrannsóknir.** Varðveisla menningarminja krefst margvíslegra tæknilegra lausna og þekkingar sem ekki er fyrir hendi á Íslandi. Til að fullur árangur náist af skráningu fornleifa á miðhálendinu verður að hyggja að því hverskyns úrlausnir henta best þar sem uppblástur herjar á fornleifar, þar sem ágangur manna stofnar þeim í hættu og þar sem viðkvæmar minjar er að finna í hellum. Afla þarf þekkingar um aðferðir til að minnka hættu á skemmdum á fornleifum og þeim grunni þarf síðan að móta stefnu um hvaða ráðum á að beita og hvenær á

að beita þeim.

# Viðauki I.  Friðlýstar minjar á miðhálendi Íslands

## *Borgarfjarðarsýsla*

**Geitland**

- Hamraendarústir, skammt fyrir norðan Geitá, undir brattri brekku.  Sbr. Árb. 1893: 76. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1931.  Þinglýst 22.01.1931. [BO-199b:004]
- Kotsrústir, skammt austar. Sbr. Árb. 1893: 76.  Skjal undirritað af MÞ 25.10.1931.  Þinglýst 22.01.1931. [BO-199b:005]

**Húsafell**

- Hlíðarendarústir, upp með Geitá, hjá Kaldadalsvegi, tvær og skammt á milli.  Sbr. Árb. 1893: 77-79; Árb. 1909: 41-43: Árb. 1910: 33-36. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931. [MH-001:003]

## *Mýrasýsla*

**Kalmannstunga**

- Grjóthringur, eða tóft og önnur mannvirki í Vígishelli, afhelli Surtshellis. Sbr. Árb. 1890: 74-75; Árb. 1909: 43-47.  Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930.  Þinglýst 22.01.1931. [MH-002b:003]
- Leifar af fornu eyðibýli þar sem nú kallast Halldórstóftir, fyrir vestan Norðlingafljót og hraunkvíslina sunnan undir Kleppum.  Sbr. Árb. 1890: 74-75; Árb. 1909: 43-47.  Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930.  Þinglýst 22.01.1931. [MH-002c:009]

## *Suður Þingeyjarsýsla*

**Vesturafrétt Bárðdæla**

- Leifar hins forna eyðibýlis Hofgarða, við suðurenda Íshólsvatns, austanmegin. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 71, 74; Árb. 1906: 10; Bruun 1928: 166-171. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931. [SÞ-172:002]

**Suðurafrétt Mývetninga**

- Leifar hins forna eyðibýlis Hrauntungu, í norðurjaðr Ódáðahrauns, við upptök Suðurár. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 71, 74; Árb. 1906: 10; Bruun 1928: 166-171. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931. [SÞ-200b:001]

## *Norður Múlasýsla*

**Möðrudalur**

- Fornbæjarrústir, ónafnkendar, er fundist hafa eigi allskamt norður frá bænum. Sbr. Kålund 1879-1882: 186; Árb. 1893: 50. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931. [NM-131:005 sbr. 007]

**Brú**

- Allar gamlar mannvistarleifar í Hvannalindum í Krepputungu, kofarústir og fjárrétt, sem taldar eru frá byggð útilegumanna. Skjal undirritað af ÞM 18.12.1969. Þinglýst 29.12.1969. [NM:122c:001]

**Hrafnkelsdalur**

- Rústir hins forna eyðibýlis Sámsstaða, í Glúmsstaðadal, norðaustan við ána. Sbr. Bruun 1928: 172-173. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931. [NM-167e:003]

## *Vestur Skaftafellssýsla*

**Skaftártunga**

- Rústir fornbýlisins Leiðólfsfells, sunnanundir fellinu austantil. Sbr. Árb. 1909: 13-14. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931.

## *Rangárvallasýsla*

**Þórsmörk**

- Leifar forna eyðibýlisins Þuríðarstaða á Þórsmörk. Sbr. Árb. 1907: 20. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. [RA-644:003]

**Almenningar**

- Leifar forna eyðibýlisins Steinfinnsstaða og fornra dysja skamt suður frá þeim. - Fornleifar þessar eru á svo-nefndri Kápu á Almenningum, norðan við Þröngá. Sbr. Árb. 1907: 17; Árb. 1925-1926: 49-51. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. [RA-615:001, 005]

**Grænafjall**

- Bólstaðarústaleifar. Þær eru suður frá Einhyrningi, við læk þann er fellur ofan hjá Hrútholti, sunnanmeginn. Sbr. Árb. 1886: 57-58. Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927. [RA-643.001]

**Holtamannaafréttur**

- Rúst Eyvindarkofa í Eyvindarveri. Skjal undirritað af ÞM 12.03.1984. Þinglýst 01.10.1984. [RA-673:001]

## *Árnessýsla*

**Skriðufell**

- Rústir fornar í Þjórsárdal ... Áslákstungu innri ...  Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48.  Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.  [Ár-263:003]
- Rústir fornar í Þjórsárdal ... Áslákstungu fremri ...  Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48.  Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.  [Ár-263:002]
- Rústir fornar í Þjórsárdal ... í Fagraskógi ... Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48.  Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927.  [Ár-263:004]
- Rústir fornar í Þjórsárdal ... í Grjótárkrókum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48.  Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. [Ár-263:006]

**Flóa- og Skeiðamannaafréttur**

- Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: Fossárdals-rúst ... Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927. [ÁR-753:013]
- Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: ... Rauðukamba-rúst. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927. [ÁR-753:014]
- Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: ... Bergálfsstaða ... Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927. [ÁR-753:017]
- Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: ... Sandatungu ... Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927. [ÁR-753:018]
- Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: ... Lambhöfðarúst ... Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927. [Ár-753:019]

**Hrunamannaafréttur**

- Rústir ... fornra eyðibýla: Þórarinsstaða, fyrir innan Stangará, sunnan við Harðavöll ... Sbr. Árb. 1896: 5-8: Árb. 1898, fylgirit: 56.  Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927. [ÁR-683:018]

- Rústir ... fornra eyðibýla ... Laugahvamma, spölkorn frá Hvítá, nokkru neðar en móts við Bláfell ... Sbr. Árb. 1896: 5-8: Árb. 1898, fylgirit: 56.  Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927. [ÁR-683:017]
- Rústir ... fornra eyðibýla ... Búðarárbakka á suðaustur-bakka Búðrár við veginn. Sbr. Árb. 1896: 5-8: Árb. 1898, fylgirit: 56.  Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927. [ÁR-683:002]

**Biskupstungnafréttur**

- Tjarnar-rústin, forn eyðibýlis-rúst á hólbala, austanmegin Tjarnár.  Sbr. Árb. 1898, fylgirit: 56. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927. [ÁR-694:018]

**Þingvellir**

- Rústir allar þar sem verið hafa forðum býlin ... Litla-Hrauntún ... Sbr. Árb. 1880-1881: 22. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýt 07.09.1927. [ÁR-466b:006]
- Rústir allar þar sem verið hafa forðum býlin ... norðvestanudir Hrafnabjörgum. Sbr. Árb. 1880-1881: 22.  Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927. [ÁR-466b:007]

## Viðauki II

# SKRÁ UM MENNINGARMINJAR Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á miðhálendi Íslands. Í inngangi var fjallað um hvernig safnað var heimildum í skrána og hvaða forsendur var stuðst við um hvaða svæði og minjastaðir teldust til miðhálendisins. Hér verður því látið nægja að skýra með örfáum orðum flokkunar- og númerakerfi það sem notað er í skránni.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð eða afréttur hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Af þessu hlýst að býli sem orðið hafa til eftir 1847 fá ekki sérstök númer heldur fá þau auðkennisbókstaf á eftir númeri þeirrar jarðar sem þau byggðust úr. Þessvegna hafa t.d.Heiðarsel og Sænautasel númerin NM-131d og NM-120b, en Heiðarsel byggðist úr landi Möðrudals (NM-131) og Sænautasel úr landi Hákonarstaða (NM-120) eftir 1847. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákveða á hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Sem dæmi má nefna að land það sem nú telst eystri hluti Hofsafréttar var heimaland Gilja í Vesturdal til 1910 og eru minjastaðir þar því skráðir undir númeri Gilja (Sk-138) en ekki Hofsafréttar (Sk-141b).

Á sama hátt og afbýlum og nýbýlum eftir 1847 eru gefin sérstök númer þá fá landsvæði sem talin eru tilheyra ákveðinni jörð en eru aðskilin heimalandinu einnig sín númer. Þetta er einkum algegnt þegar kirkjur átti sellönf eða upprekstrarlönd. Dæmi: Geitland er BO-199b vegna þess að það tilheyrði Reykholtskirkju (Reykholt er BO-199). Á Eyjafjarðardal er afmarkað selland með Arnarstaðaseli (Ey-375b) en Arnarstaðir eru Ey-375. Sumstaðar þar sem mikil afréttarlönd tilheyra ákveðnum jörðum hafa þau fengið sérstök númer þó að þau liggi að heimajörðinni. Þannig er Hallmundarhraun MH-002b og Arnarvatnsheiði MH-002c en bæði þessi landsvæði tilheyrðu Kalmannstungu (MH-002) en eru bæði skýrt afmörkuð og mjög ólík að landslagi og gróðurfari.

Ekki hefur allt land á miðhálendi Íslands verið talið tilheyra einstökum jörðum og þar sem þannig háttar til hefur verið gripið til þess ráðs að búa til sérstök númer. Slík númer eru byggð á því hvaða hreppi viðkomandi landsvæði tilheyrði árið 1847. Í Jarðatali Johnsens eru hreppum gegin hlaupandi númer innan hverrar sýslu. Þannig er Gnúpverjahreppur númer 7 í

Árnessýslu en Hrunamannahreppur númer 8. Afréttarnúmer eru þá búin þannig til að númeri hrepps er bætt við töluna 6[58], og við hana er síðan bætt tölunni 3 eða hærra ef fleiri en eitt númer þarf að búa til fyrir hvern hrepp. Þannig er Gnúpverjaafréttur ÁR-673 en Þjórsárdal utan afréttargirðingar var einnig gefið sérstakt númer og er hann ÁR-674.

Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: 673:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir takmörk og skiptingu hverrar jarðar eða afréttar og vitnað í lýsingar á gróðurfari og landslagi þar sem völ hefur verið á. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna.

Á eftir númeri fornleifar er ritað heiti hennar þar sem það á við en þar á eftir er tegund fornleifar, yfirleitt ‘heimild’, ‘tóft’ eða ‘bæjarstæði’. Oft eru engar leifar eftir á minjastað eða ekki hefur verið hægt að ganga úr skugga um hvort svo sé. Þá stendur ‘heimild um’ eða ‘örnefni’ en sé vitað að leifar séu enn sýnilegar þá er reynt að lýsa tegund þeirra með hugtökum eins og ‘tóft’ eða ‘varða’. Á eftir tegund er getið um hlutverk. Þar sem stendur ‘heimild um sel’ eru því heimildir fyrir því að haft hafi verið í seli á einhverjum stað en ekki vitað hvort þar eru mannvirkjaleifar því tengdar. Þar sem stendur ‘örnefni’ eru ekki aðrar heimildir en örnefni um einhvern minjastað. Þannig er örnefnið ‘Selhólar’ vísbending um að sel hafi verið í hólunum þó engar aðrar heimildir séu til eða rústir sýnilegar. Standi hinsvegar ‘tóft’ ‘sel’ þá er vitað um selrústir á staðnum. Þar sem vettvangskönnun hefur ekki farið fram á miðhálendinu er yfirleitt ekki hægt að útiloka að rústir sjáist þó heimildir séu ekki tiltækar.

Í næstu línum koma tilvitnanir eða útdrættir úr heimildum um viðkomandi minjastað. Slíkar lýsingar geta verið mjög mislangar og misnákvæmar. Í sumum tilfellum eru til ítarlegar lýsingar á rústum en oftar er þó aðeins getið um þær í framhjáhlaupi. Síðast er getið heimilda, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

# Skaftafellssýsla

## Bæjarhreppur

**Þórisdalur SF-006**

Þórisdalur var að hálfu eign Stafafellskirkju og að hálfu eign Bjarnaneskirkju. Norðurmörk eru um Skyndidalsá frá upptökum við sporð Lambatungujökuls og svo Jökulsá ATH vestur og suðurmörk

ATH örn Maríutungur við mynni Skyndidals - ítak? Einnig örn Hrossamýrar vestast á Dalsheiði og Nautastígur fyrir sporði Lambatungujökuls - Herforingjaráðskort

[58] 7 ef númer hrepps er 10 eða hærra. Grímsnesafréttur er t.d. ÁR-703 þar sem Grímsneshreppur er númer 10 í Jarðatali Johnsens.

## Stafafell SF-007

Hálendismörk eru eftir Hafradal að austan, yfir Jökulsársand og eftir Skyndidalsá sem er á merkjum við Þórisdal. Vesturmörk eru um á þá sem rennur úr Austurtungnajökli í Skyndidalsá, en Lambatungurnar tilheyra Hoffelli. Stafafellsfjöll voru öll eign Stafafells og hjáleiga þess (Brekku, Hraunkots og Byggðarholts).

- örn. Hafradalur - mjög gróðurlítill - norður af Stafafelli - GR I, 50. -Neðst í Hellisskógi heitir Einstigi " og er það eini staðurinn, sem ég veit til að vaxi jarðarber í Stafafellsfjöllum." GR I, 51 - Grísatungur eru "illræmt og leiðinlegt pláss, en í þeim eru oftar hverju kindur" innanvert við Grísatungnagil og innst í því er allmikil grasbrekka. Gilið er innan við Sviptungur norðanvert í Stafafellsfjöllum - GR I, 52. - Svínadalur örn. sunnan við Jökulsá framan við Eskifell gegnt Hellisskógi - Herforingjaráðskort. - "Ofarlega í Flánum [undir Kollumúla vestan við Víðidalsá] eru einhver þau fallegustu fjallagrös, sem ég hefi séð. Aldrei eru þau notfærð nú, en þegar Jón Marússon var bóndi í Eskifelli [1836-64] taldi hann ekki eftir sér að bregð sér þangað til grasa, þó langt væri." GR I; 56

**SF-007:002** tóftir Arasel beitarhús
rétt utan við Raftagil "er Arasel, en þar voru beitarhús frá Stafafelli um áratugi, en eru nú lögð niður."
Jón Einarsson sem ólst upp í Brekku í Lóni 1892-97 tók við fjárgæslu á beitarhúsum á Araseli eftir að hann varð vinnumaður á Stafafelli (um aldamótin?)
- GR I, 51; 65.

**SF-007:003** tóftir Smiðjunes býli
"Næst fyrir innan Hvannagil byrja svokallaðir Skógar, þó að fremsti hluti þeirra sé að vísu ekki nema gráir og gróðurlausir sandar. Neðst við ána er tangi, sem nefnist Smiðjunes."
"Þar var áður byggð, og má segja, að túnstæði sé gott, en ekki virðist þar heppilegt beitiland fyrir kýr. Á Smiðjunesi sjást ennþá vel hlaðnar og miklar húsatættur, og til skamms tíma var þar geysidjúpur og vel hlaðinn brunnur, og mætti ætla, að brunnur sá hefði verið hlaðinn af Jónsi grjótgarði, sem um getur í sögnum Guðmundar J. Hoffels." GR I, 51. Þar hefur verið búið ca. 1880 því þar er fæddur Jón Einarsson síðar vinnumaður á Stafafelli en foreldrar hans bjuggu í Brekku á uppvaxtarárum hans 1892-97.
- GR I, 51, 65

**SF-007:004** tóftir Valskógsnes býli
"Nokkru innar en Smiðjunes gengur annað nes vestur í Jökulsársandinn. Heitir þar Valskógsnes."
"Þar var einnig búið. Mun túnstæði þar tæplega eins mikið [og á Smiðjunesi], en aftur á móti betra beitiland þar í kring."
GR I, 51

**SF-007:005** örnefni Koltunga kolagröf
Koltunga er norðan við Jökulsá, framan við Valaskógsnes en utan við Stigafjöll "Þar er mikill skógur og stórvaxinn, en þó ber þar ein hrísla af öllum, bæði að hæð og hversu beinvaxin hún er." GR I, 51 Einnig Koltungugil - Koltungan er eiginl. fjórða og austasta fjallið í Stigafjöllum

**SF-007:006** tóftir Eskifell býli
Eskifell er austast í Eskifellsfjöllum, sunnan við Jökulsá. "Framan í fellinu eru þrír gras- [53] hjallar. Á austasta balanum stóð bær, því að í Eskifelli var byggð." GR I, 52-53"Þar bjuggu um eitt skeið merkisbóndinn Jón Markússon og hinn mikli kvenskörungur Valgerður, kona hans." GR I, 53. Búskapur þar á árunum 1836-1863. (Eskifell er SF-008)
GR I, 52-53, 62

**SF-007:007** örnefni Tæpgata
Um Kjarrdalsheiði "verður að fara, þegar farið er á hestum til Víðidals eða norður um Hraun.- Framanvert við heiði þessar [54] eru kallaðir Ásar. Liggja þeir á milli Eskifells og heiðarinnar, og liggur nú leið hins gangandi manns upp úr Ásunum og yfir svokallaða Tæpugötu, en sú gata liggur eftir skriðuhjalla, en fyrir neðan er hengiflug alla leið niður að Jökulsá, og heita þar Ófæruskriður fyrir neðan."
GR I, 53-54

**SF-007:008** tóft sæluhús
"Þegar komið er ofan af Illakambi, verða fyrir okkur nokkrir grasbalar. Nefnast þeir Víðbrekkur. Var þar áður fyrr leitarmannakofi, en er nú aflagður, eftir að byggðin lagðist niðir í Víðidal."
- GR I, 54 (S við Jökulsá)

**SF-007:009** mannvirki kláfferja
Yfir Jökulsá hjá Víðibrekku í StafafellsfjöllumKláfferjan var sett upp fyrir aldamótin eða árið 1893. Brú var byggð á þessum stað 1953 og var kláfferjan undir brúnni og ekki hreyfð. 1953 voru vírarnir sem nýir en um kláf hafði verið skipt
GR I, 55, 365, 372-73

**SF-007:010** hús Kollumúlakofi sæluhús
leitarmannakofi á Nesinu undir Kollumúla - N við Jökulsá, skammt frá kláfferjunni SF-007:009. "Gangnamannakofar voru lengi uppistandandi og þeim við haldið í Kollumúla og Eskifelli og Kollumúlakofi stendur enn."
- GR I, 56, 63-64

**SF-007:011** þjóðsaga útilegumannabústaður
Yst á Víðidal er stór brekka þakin aðalbláberjalyngi og heitir Kinn. Fyrir innan Kinnina er á sem heitir Morsa. Þar inn af er Hvannstóð, og eftir því sem segir í sagnaþáttum um útilegumenn í Víðidal, þegar bæirnir áttu að vera þar tveir, þá hefir annar að sjálfsögðu verið þarna.
GR I, 57-58.

**SF-007:012** bæjarstæði Grund býli
Austanmegin á Víðidal, nokkru innar en áin MorsaBúskapur 1883-97. - GR I, 62. "Þar er nú ekkert að sjá nema rústir einar, en mikið túnstæði er þar, og sagði Þorvaldur Thoroddsen, að þar mætti vera 300 hesta tún. Og eitt er víst að þeir Víðidalsmenn hafa verið allmiklir heyjamenn, og á undan mörgum bóndanum í sveitinni með það, að þeir höfðu nýlega byggt stóra og vandaða hlöðu, alla klædda með skarsúð og bikaða. Var lengi vel liggjandi þarna stórt timburflak úr hlöðunni, og er máske ennþá eitthvað eftir af því. / Vinalegt hefir verið að búa í Víðidal yfir sumarmánuðina, og [oft verið þar meiri þurrkur um sumur en niðri í sveitinni]."
GR I, 58, 62

**SF-007:013** örnefni Norðlingavað vað
vað á Víðidalsá í Víðidalsdrögum á leiðinni yfir í Fljótsdal vegurinn er kallaður Norðlingavegur - GR I, 59. Skv. Herforingjaráðskorti heitir Norðlingaháls vestan við Víðidalsá efst á Víðidal, en austan við Víðidalsdrög heitir Leiðaröxl

**SF-007:014** örnefni Leiðartungur leið
Norðan við Jökulsá, vestan við Kollumúla: "Innan við Brenniklett taka við Leiðartungur. Upp þær liggur hestavegurinn." til Víðidals/Norðlingavegur

GR I, 60

**SF-007:016** tóft Eskifellskofi sæluhús

hjá bæjarstæði Eskifells. Einnig Fellskofi. "Gangnamannakofar voru lengi uppistandandi og þeim við haldið í Kollumúla og Eskifelli og Kollumúlakofi stendur enn. En kofinn í Eskifelli er ekki lengur í viðhaldi.." - GR I, 63-64 1903: Eskifellskofi "stendur á svonefndum Kofabletti, og er brött sniðgata upp að kofanum, en umhvefis hann nokkur grasbali, þar sem gangnamenn heftu hesta sína að venju." GR I, 66. "Í Eskifelli stóð lengi gangnamannakofi og stendur þar enn, illa þó við haldinn." GR I, 74 - Kofinn var líklega ekki lengur í reglulegri notkun 1940 því þá tjölduðu gangnamenn í nálægð við réttina SF-007:018

**SF-007:017** örnefni Sel sel

"Riðu Skyndidalsmenn hestum sínum inn á svonefnt Sel, sem er nokkru innan við Skyndidalsháls."

"Þannig tókst þeim að smámjakast fram eftir [Skyndi]Dalnum allt fram á Sel." - Norðanmegin á Skyndidal. Ekki er getið tófta á þessum stað, en þar hafa a.m.k. verið hagar fyrst að hestum gangnamanna var sleppt þar.

GR I, 66, 67

**SF-007:018** heimild rétt

"Undir hlíð Eskifells stóð lengi fjárrétt."

"Þar í var jafnan safnað öllu fé, sem vestan Jökulsár gekk, bæði haust og vor." - Vorið 1940 þegar verið var við vorsmölun til rúningar féll aurskriða á réttina og fylltist hún af jarðfalli og aur

- GR I, 74

# Bjarnanesshreppur

## Hoffell SF-040

Hoffell var að hálfu bændaeign og að hálfu eign Hoffellskirkju. Kirkjujarðirnar Setberg og Svínafell voru stundum taldar hjáleigur - JJ, 3. Hoffell á s.k. Lambatungur norðan við Lambatungujökul. Hoffell átti áður Reipsdal en hann var seldur 1937 - ATH merki við Setberg

- örn. Grasagil efst á Hoffellsdal vestanmegin sbr. Grasagiljatundur. - örn. Geitafell vestan í Hoffellsfjalli, Geitafellstinfur milli Efstafells og Miðfells.

**SF-040:003** örnefni Goðaborg

Goðaborg stendur upp úr Vatnajökli vestan við Lambatungujökul, vestan við hana heitir Goðahryggur en lengra inn á jöklinum Goðahnúkar

ATH AF

**SF-040:004** heimild sæluhús

í Hoffelslambatungum"Árið 1890 voru fyrst rekin [í Hoffellslambatungur] hagalömb frá Hoffelli og Setbergi ... Lömbin sem rekin voru þá, voru 60, og var þar eftir einhverju gömlu mati álitið hæfilegt haglendi fyrir þá lambatölu. Næst áðir höfðu upprekstur í Lambatungur [93] Eiríkur Guðmundsson ... er þá bjó á Meðalfelli [1883-90], og Sigurður Jónson bóndi á Stapa [1879-98]. Byggðu þeir þar gangnakofa, en eftir að farið var að reka fé í Lambatungur [frá Hoffelli þ.e. eftir 1890] var honum ekki haldið við, og er því horfinn. Á undan þeim hafði bóndinn í Volaseli í Lóni upprekstur þar eða lambaafrétt, en ég heyrði sagt, að hann hefði hætt við það vegna vondra heimtna á lömbunum."

GR I, 92-93.

**SF-040:005** tóftir Selhóll sel

Ófæruhjallahamrar heita háir hamrar í fjallinu í Hoffellsdal nokkuð frá Hoffellsbænum. Aðrir hamrar þar eða framhald af hinum heita Selhamrar, og hjallar fyrir ofan þá Selhjallar. Grasslétta niður undan þesum hömrum heitir Sel. Þar eru einnig örnefnin Selhryggur og Selhóll. Þar eru gamlar tættur. - GR I, 97

"Engar sagnir eru um, hvenær þar hefir verið selstöð. Er það þriðja selstöðin hér [á Hoffelli], og virðist, að þær séu sín frá hverjum tíma."

- GR I, 97 ATH hvar hin selin hafa verið

**SF-040:006** örnefni Húsberg

við Hoffellsjökul, utan við Geitafellsgil

Herforingjaráðskort

# Hofshreppur

## Kvísker SF-081

Einnig kallað Tvísker

**SF-081:002** varða

Varða hlaðin af Sveini Pálssyni 11. ágúst 1794 á höfða efst í Kvískerjafjöllum, nú stundum kallaður Sveinshöfði, tæpan 1,5 km norðvestur af Hnútu og mun vera í 780 m.y.s.

Fangamarkið 'P' er einnig klappað á steininn sem varðaan stendur á. "Á hólnum nýnefnda byggðum við vörðu úr grjóti og lögðum ofan á hana danskan eirpening, svo að þeir, er kynnu að vilja feta í spor okkar, geti fundið staðinn, þar sem við gengum á jökulinn." FSP, 493-96. - Varðan er hlaðin ofan á stórum stein, og er rúmlega hálfur metri á hæð og metri í þvermál í botninn - hún hefur verið gerð upp.

Árb 1974, 143-46.

# Kleifahreppur

## Núpsstaður SF-089

Núppsstaður og Rauðaberg eiga austan við Djúpá og inn til Jökla - Merki milli Núpsstaðar og Rauðabergs um Krossá? - Svínárbotnar örn.

milli Loftsárhnúks og Hvítárgljúfurs vestan við Núpsvötn gegnt Núpsstaðaskógi

**SF-089:003** örnefni Seldalur sel
Seldalsá rennur í Núpsvötn, sunnan við Hvirfildal
Herforingjaráðskort
**SF-089:004** heimild sæluhús
"Þegar smöluð eru Hvítárholt, er fyrsta daginn venjulega farið í sæluhús á Staðarhóli á Eystrafjalli ..."
GR I, 131

## Rauðaberg SF-090

**SF-090:002** tóftir Lundur býli Friðlýstar minjar
Rústleifar eyðibýlisins Lundar, á hraunhól langt ofan með Djúpá
Árb 1910, 28-32; Bruun 1928, 150-51
**SF-090:003** tóft Friðlýstar minjar
Forn rúst í nál. miðjum suðausturjaðri Rauðabergshrauns, hjá hól þeim er Rofhóll kallast
Árb 1910, 28-32; Bruun 1928, 150-51

## Kálfafell SF-091

Kálfafell á Kálfafellsheiði vestan við Djúpá ATH Austurmörk við Seljaland og Núpa

**SF-091:003** örnefni Helgastaðafjall
Nafn á fjalli vestan í Kálfafellsheiði
Herforingjaráðskort Ekki er neinn bær með þessu nafni í sveitinni - fjallabýli?
**SF-091:004** þjóðsaga
Sigurður nokkur gróf peninga sína niður í hvammi einum á KálfafellsheiðiÞótti síðar verða ókyrrt við leiði hans á Kálfafelli og svip hans bregða fyrir í hvamminum. Páll prestur Pálsson á Kálffelli (1863-69) kom honum loksins fyrir með öfugri skollaþýsku.
- ÍV, 121; Huld II, 203-204

## Austurafréttur SF-653

Austasti hluti Síðumannaafréttar. Austurmörk eru við Hverfisfljót en vesturmörk eru að því er virðist úr hæsta tindi Kaldbaks, um Bárðarhnúka og til jökuls austan við Blæng.
"Austurafrétturinn er fremur hrjóstrugur." - GR I, 135.

**SF-653:001** heimild sæluhús
"Alllangt norður á Austurafréttinum rís Miklafell. Sunnan og austan undir því er gangnamannakofi."
Herforingjaráðskort; GR I, 135

## Miðafréttur SF-654

Miðafréttur er miðhluti Síðumannaafréttar. Takmarkast að austan af línu úr miðjum Kaldbak um Bárðarhnúka og austur fyrir Blæng en að vestan úr miðju Geirlandshrauni, um Hraun í átt að Varmárdal.
"Miðafréttur er samfelld gróðurbreiða norðvestan frá hraunun- [135]um og suður um Geirlandshraun, sem er skerjabunga norður af Holtsdal. Eru þetta mest mýrarflákar vaxnir elftingu og stargresi." GR I, 134-35.

**SF-654:001** hleðsla rétt
"Á oddanum sem myndast milli [Hellisár og Kálfár] er gömul fjárrétt." -
GR I, 135
**SF-654:002** heimild Blágiljakofi sæluhús
"Alllangt norður af Lauffellsmýrum rís fjallið Galti. Sunnan undir honum eru Blágil, og er þar leitarmannakofi."
GR I, 135, 139
**SF-654:003** heimild sæluhús
"Austur af Laka er fjallið Blængur, en sunnan hans eru hagadrög, sem Bugar nefnast. Þar er enn leitarmannakofi."
GR I, 135
**SF-654:004** heimild sæluhús
1906-10: "[leitarmenn] áttu ... að hittast í Eyrarhólma. Þar var þá náttstaður afréttarmanna og kofi, að vísu lélegur, en þó betri en ekki. Eyrarhólmi er fit milli Eldhraunsins úr Laka og Hellisár."
GR I, 138
**SF-654:005** örnefni Helgastaðafjall
Helgastaðafjall er upp af Geirlandsheiði, austan við EintúnahálsHerforingjaráðskort Ekkert býli með þessu nafni er í sveitinni - mögul. heimild um fjallabýli.
Hkort.

## Landbrotsafréttur SF-655

Landbrotsafréttur er vestast á Síðumannaafrétti, upp með Skaftá að austan, en vesturmörk eru um mitt Geirlandshraun, um Hraun og stefnu þaðan í Varmárdal. "Á Landbrotsafrétti eru grösugir mýrlendis- og þurrlendishólmar innan um hraunkvíslar frá Skaftáreldum. Þar eru einnig skerjabungur, og eru þær gróðurminni." GR I, 134

**SF-655:001** heimild Leiðólfsstaðir býli

"Leiðólfr kappi hét maðr; hann nam land fyrir austan Skaptá til Drífandi ok bjó at Á fyrir austan Skaptá út frá Skál, en annat bú átti hann á Leiðólfsstoðum undir Leiðólfsfelli, ok var þar þá mart byggða." ÍF I, 326, 327 (S 325; H 286)

Landnámabók; ATH Árb. 1909, 12-14; sbr. EÓS LandnSkaft, 102.

**SF-655:002** heimild sæluhús

"Vestan undir Leiðólfsfelli er leitarmannakofi fyrir þá, er smala Landbrotsafrétt."

GR I, 135

**SF-655:003** örnefni Selmýrar sel

Selmýrar eru suður af Leiðólfsfelli, NA við sk Miðland

Hkort

**SF-655:004** örnefni Selfell sel

Selfellsmýrar eru norðan við Skálarheiði, upp með Lambshagaá en sunnan við Kanafjöll

Hkort

**SF-655:005** tóftir Hervararstaðir

Hervararstaðir eru upp af Holtsdal, á austurbakka Holtsár undir Rauðhól

Hkort

**SF-655:006** 3 tóftir + garður undir Leiðólfsfelli bústaður/sel Friðlýstar minjar

Tóftirnar eru í austurhlíðum fellsins, norðan og vestan við Hellisá. Hellisá rann fyrir Skaftárelda vestan við Leiðólfsfell "Jarðvegur er þykkur einnig á þessu svæði yfirleitt, og svo er einnig austan í fellinu. Þar liggja jarðvegstorfur upp eftir hlíðinni, nokkuð þío sundurskornar af giljum, sem sum eru gróin."

BJ lýsir stað þessum sem bæ Leiðólfs: "Ofarlega á vesturbakka eystra gilsins, eigi all langt frá hjallabrekkunni, er tóftarbrot sem liggur langs með gilinu og svo nærri því, að austurveggur tóftarinnar er fallinn í það. Þar er það mjög grafið og sést hleðslugrjótið þar hrapað niður lengra og skemra ofan moldarbrekkuna." JJ skoðaði tóft þessa í okt. 1984 og var þá sama ástand. Hann hreinsaði rofbakkann frá" norðvesturhorni byggingarinnar ... Kom í ljós að þar er undirstaðan óhreyfð og að nokkru úr stórum steinum." Veggjarundirstaðan var ofan á gjóskulaginu svarta sem talið er koma úr Leiðólfsfelli á fyrri hluta 12. aldar. "... garðlag er þar allgreinilegt á sléttu góðan spöl neðan við rústirnar."(sbr BJ í Árb 1909, 13-14) Árb. 1985, 133. JJ gróf í garðlag þetta 1985 og var gráa gjóskan frá miðri 13. öld yfir því. 1986 og 87 ver tekið snið í gegnum suðurvegg stærstu tóftarinnar, þeirrar sem er bak við hólinn og BJ taldi vera fjós og heystæði. Efnið í vegginn "hefur að hluta til verið sótt í mýrardrag lítið eitt neðan við rústina, en það má ráða af lagi af mýrarauða, sem er áberandi í sumum kekkjunum í niðinu. Ekkert grjót fundum við í þessum vegg." Yfir veggnum var gráa gjóskan frá miðri 13. öld en undir sú svarta sem talin er koma úr Leiðólfsfelli á fyrri hl. 12. aldar þannig að þessi byggð er frá sama tíma og sú undir Réttarfelli (SF-079:002) og hefur staðið stutt. 1987 skoðaði JJ en rústina á rofabakkanum og gróf meira í hana "Við það kom í ljós að grjóthleðsla er óhreyfð neðst í veggjum. Út frá henni á einum stað sást í allstóra blágrýtishellu reista á rönd og sneri inn í tóttina. Gæti þar e.t.v. verið um að ræða báshellu í fjósi." Árb. 1989, 127-29

Árb, 1909, 13-14; Árb 1985, 133; Árb 1989, 127-29

### Eintúnaháls SF-114

Talið nýbýli 1847 en þó bændaeign, JJ, 7

**SF-114:001** bæjarstæði Eintúnaháls býli

Eintúnaháls er ofan við Blesahraunsheiði, vestan við ána Stjórn. Virðist hafa verið í byggð á árunum 1906-10

- GR I, 138-39

**SF-114:002** heimild sæluhús

við bæjarstæði Eintúnaháls

Herforingjaráðskort

## Leiðvallarhreppur

### Búland SF-179

1847 voru Svartinúpur (SF-181) og Búlandssel (SF-180) taldar hjáleigur frá Búlandi og eru þær nú báðar í eyði

**SF-179:002** bæjarstæði Hróðnýjarrústir býli Friðlýstar minjar.

Milli tveggja gilja austan undir Réttarfelli í og ofan við Hróðnýjarmýri sem er austan við Selá.

"Um mýrina þvera er garðlag, nú allmjög sokkið í jörð, en þó vel greinanlegt. Annað garðlag er á sama hátt gilja milli eftir ... hjalla [í austurhlíð Réttarfells, grasi grónum]. Á þennan hátt hefur þarna verið allstórt, afgirt svæði. Ofan við mýrina, austan undir hjallanum, eru rústir allmiklar. Aðalrústin er rétt við nyrðra gilið og tekur yfir svæði sem er um 70 x 45 m. ... þarna eru margar hrunglaga rústir ... a.m.k. 12 og sem næt í röð austan undir hjallanum. Sumar ná því að vera allt að 2 m yfir umhverfið og eru 5-7 m í þvermál. Út frá einni þeirra má greina tvö lítið eitt bogadregin garðlög, sem gætu hafa verið byggð sem aðhald þegar fé var rekið inn í borgina hafi þetta fjárborg verið. Við syðra gilið er rúst sem er 10 m löng og 4-5 m breið og við hana lítil hringlaga rúst." Árb 1985, 130 Jón Jónsson gróf í annað garðlagið og hefur garðurinn verið hlaðinn eftir að gjóskulag sem hann tímasetur til fyrri hl. 12 aldar féll, en yfir því er grátt lag sem Sigurður Þórarinsson kenndi við Sólheimajökulsgos 1245. Sama syrpa var í einum tóftarveggnum. Byggð hefur því ekki verið þarna nema innan við öld c. 1150-1250. Sveinn Pálsson rekur Almenna "sögn að þar hafi verið 18 hurðir á hjörum, og má af því marka húsakostinn." FSP, 159-60 BJ rannsakaði líka staðinn og lýsir bæjarhólnum - Árb. 1909, 16. Skv. FSP var kirkjan fyrir eyðibyggð þá er nefndist Tólfahringar á Réttarfelli - FSP, 259.

FSP, 159-60; Árb 1909, 16; Árb 1985, 130

**SF-179:003** hleðsla Réttarmýri rétt

Rétt norðan undir dálitlum hól í Réttarmýri sem er norðanvið Fjallabaksveg nyrðri, um 1,5 km beint suður af bæjarstæðinu á Svartanúpi en rúmlega kílómetra NNA af rústunum undir Réttarfelli (SF-179:002) - Kort í Árb. 1985; 129

Mýri sem myndast hefur eftir Skaftárelda 1783. Réttin "hefur verið a.m.k. 48 m löng og 12-13 m breið. Í henni má vel greina 5 hólf." JJ tók snið í réttarvegginn og var grá gjóskulagð frá ca. 1245 þar yfir og er rétt þesi því sama tíma og býlið undir Réttarfelli.

Árb 1985, 135

**SF-179:004** heimild Erlendsstaðir býli Friðlýstar minjar
Fornar tóftir sunnantil austan í Þorleifsstaðafjalli (Þorláksstaðafjall á kortum)
Árb 1909, 16
**SF-179:005** heimild legstaður Friðlýstar minjar
Dysjar við Granagil, að sunnnverðu við Meltunguá
Árb 1895, 16-42; Árb 1909, 18
**SF-179:006** örnefni Þorláksstaðir
Þorláksstaðafell eða Þorleifsstaðafjall er suðustan við Réttarfell, beint S af Krók
Hkort Erlendsstaðir eru suðasutan í fjalli þessu

## Skaftártunguafréttur SF-663

Skaftá er á austurmörkum en vesturmörk er um Hólmsá og Brennivínskvísl að Strút og þaðan í Torfajökul um Hábarm og Kistufell og síðan með Tungnaá til jökla. Aldrei verið safnað lengra í norður en að Tungnaá og Tungnaárfjöll milli Langasjávar og Tungnaár hafa heldur alfrei verið leituð, enda talin gróðurlais að mestu - GR I, 140. Meðallendingar fengu áður upprekstur á Tungnamannaafrétt - GR I, 145

**SF-663:001** heimild Álftavatnakofi sæluhús
"Aðalleitarmannakofinn á afréttinum er í svokölluðum Álftavötnum. Stendur hann á hraunrima, sem komið hefur úr Gjánni." "Rétt neðan við kofann er dálítið stöðuvatn og í því hólmi lítill, þar sem fé er stundum geymt, meðan verið er að safna."
GR I, 141
**SF-663:002** heimild Skælingakofi sæluhús
leitarmenn í sk. Skælingum gista 2 nætur í leitarmannakofa þar.
GR I, 143
**SF-663:003** heimild sæluhús
leitarmenn sem smala Jökuldali gista í sæluhúsi þar-
GR I, 143
**SF-663:004** örnefni Réttarhnúkur rétt
Stakur hnúkur sunnan við Jökuldali
Hkort
**SF-663:005** hellir náttstaður
í Jökuldölum. Afdrep leitarmanna í eftirgöngum 1920
- GR I, 156
**SF-663:006** hellir Hánípuhellir náttstaður
Hánípuhellir er í gljúfri einu norður við Syðri-Ófæru Notaður í eftirleitum þegar farið var í Skælinga "Var hellir þessi gott skýli, en [158] þröngur ofan í að fara og dimmur. En hann var hlýr, því að hann var æði djúpt í jörð í gljúfrinu. Þett var gert af því, að styttra er úr hellinum í Skælinga en úr leitarmannakofanum í Álftavötnum."
GR I, 157-58
**SF-663:007** þjóðsaga Tólfahringar
Sögn um forna byggð norður af Skaftártungu "Eftir að suður fyrir Syðri-Ófæru kemur taka við gróin heiðalönd þar sem jarðvegur er víða mjög þykkur. Syðri-Ófæra rennur nú meðfram rönd Skaftáreldahrauns, en til hægri við hana er svæði það, sem enn í dag nefnist Tólfahringur, eða Tólfahringar, því oftast mun nafnið haft í fleirtölu." Árb 1989, 121
"Það er gróið land og grösugt með aflíðandi halla niður að ánni, en gil og grónir skorningar hluta það sundur í misbreiða fláka." JJ í Árb 1989, 121
Sæmundur Hólm: "tillige at vidlöftigt Bygdelav I Fieldene omkring Skaptárgljúfur, som tyddelig bevise mnge Efterlevninger af gamle Gaarde og gierder." (Om Jordbranden i Island i Aaret 1783, s. 59);
Jón Steingrímsson: "Þar þessi byggð var, sjást enn til merkis húsatóptir og girðingar, sérdeilis á kirkjustaðnum, sem þar skyldi verið hafa ..." StSÍ IV, 53. og getur hann þess að byggðin hafi kallast Tólfahringur.
Skv FSP var kirkjustaðurinn að Réttarfelli (SF-179:002) - SFP, 259. SV fór um Fjallabaksveg 1885 og getur um rústir í Tólfahring en lýsir ekki öðrum en götunum (SF-663:008). ATH SV í Árb 1892, 69. BJ leitði rústa hér á svæðinu 1909 og komst að þeirri niðurstöðu "... að nú eru þar engar rústir eða leifar af rústum." Hann bætir því við að Runólfur bóndi á Holti á Síðu (1827-1910) hafi séð þar rústir "fyrir stuttu afbrotnar" Árb, 1909. Jón Jónsson leitaði enn 1985 "án þess að finna nokkuð það er óyggjandi væri fornar rústir." Árb 1989, 123
**SF-663:008** gata Fjallabaksvegur nyrðri leið
Allt að 39 samhliða götur á um 250 m bili, sunnan við Syðri-Ófæru og eru skornar af henni. Handan árinnar (norðan) er Skaftáreldahraun. Göturnar eru vestan við þar sem Fjallabaksvegur fer yfir Syðri Ófæru.
SV fór Fjallabakveg 1885 og segir að þar sjáist "22 fornar götur að vestan þvert austr að Eldvatninu [þ.e. Syðri Ófæru] ... skilorðr maðr hefir sagt mér, að aðrar götur liggi þvert austr frá því [þ.e. Skaftá]." Árb 1892, 69. Jón Jónsson kannaði staðinn 1985: "Götur þær, sem Sigurður Vigfússon getur um, eru enn mjög greinilegar. Þær liggja út frá Fjallabaksvegi nyrðra, og enda frammi á snarbröttum, 6-8 m háum bakka Syðri-Ófæru. Þær stefna sem næst beint í norður [eða aðeins austan við norður]. Okkur tókst að telja þar mest 39 götur. Ekki fer neitt milli mála að þessar götur eru eldri en gosið 1783, því þær liggja fram á það, sem nú eru algerar ógöngur og engin slóð er í hrauninu hinum megin árinnar." Snið sem tekið var í einn af götupöldrunum. Yfir þeim var Ö 1362 og grátt gjóskulag sem talið er vera frá miðri 13. öld (úr Sólheimajökli?) en C14 greining á þessu lagi gaf 870 +/- 80 BP eða 1170-1250 (UtC 527). Enn neðar en þó yfir götunum er svarta lagið sem JJ telur vera úr Leiðólfsfelli frá fyrri hl. 12. aldar. JJ telur að göturnar liggi til byggðarinnar á Tólfahringum sem farið hafi í eyði við gosið í Leiðólfsfelli á fyrri hl. 12 aldar. Á móti því mælir a) að engar minjar hafa fundist um þessa byggð og því óvíst hversu mikil hún hefur verið eða hvar nákvæmlega hún hefur verið b) að göturnar eru harla norðarlega á því svæði sem nú er kallað Tólfahringar og því jafnmikið á leið úr henni eins og til hennar c) þó göturnar hafi verið byrjaðar að verða til á fyrri hluta 12. aldar og yfir þær hafi lagst gjóskulag þá þýðir það ekki að þær hafi ekki verið notaðar síðar d) göturar liggja samhliða Fjallabaksvegi og hafa sömu stefnu og er því eðlilegast að tengja þær við þá leið eins og hún var fyrir 1783 þegar Skaftárhraun breytti öllum aðstæðum í dalnum.
Árb 1892, 69; Árb 1989, 123-27
**SF-663:009** 2 tóftir býli
Rústir af býli Gísla Guðmundssonar búmanns sem reisti bú 1830-33 á vesturbakka Syðri-Ófæru, um 150 m austan við Fjallabaksveg. Nyrðri tóftaþyrping af tveimur sem Gísli er talinn bera ábyrgð á.

Árb 1989, 122; ATH Björn Magnússon: Vestur-Skaftfellingar 1703-1966, Reykjavík 1970, 1972

**SF-663:010** 3 tóftir býli

Rústir af býli Gísla Guðmundssonar búmanns sem reisti bú 1830-33 á vesturbakka Syðri-Ófæru, um 400 m austan við Fjallabaksveg. Syðri tóftaþyrping af tveimur sem Gísli er talinn bera ábyrgð á og er þessi um 1,5 km sunnar en SF-663:009

Árb 1989, 122; ATH Björn Magnússon: Vestur-Skaftfellingar 1703-1966, Reykjavík 1970, 1972

**SF-663:011** örnefni Tjaldgil

Tjaldgil fellur í Tungufljót suðaustan við Bláfell og er Tjaldgilhóll þar fyrir sunnan

DMA 1912 IV

### Álftaversafréttur SF-664

Milli Leirár að sunnan og Hólmsár að austan og lína um Mælifellssand að vestan. Norðan Jökulkvíslar heitir Norðurafréttur, en Framafréttur sunnan. - GR I, 160"Allur er Álftaversafréttur hrjóstugur og frekar groðurlítill. Milli fjallanna, þar sem ekki eru gil eða gljúfur, eru víðast gróin hraun eða sandar, sem mjög stækkuðu við síðasta Kötlugos 1918. Þá lögðust undir ösku gróðurlendi, sem sums staðar voru á sléttlendi ..." GR I, 161

**SF-664:001** heimild Brytalækir

Brytalækir eru nyrst á Álftaversafrétt og falla í Hólmsá. Allt til 1910 hittust Rangvellingar og Álftveringar í Brytalækjum (til að skiftast á fé)

- GR I, 162

**SF-664:002** heimild rétt

"Á síðustu áratugum 19. aldar réttuðu Álftveringar safnið úr [163] aðalafréttinum við Jökulkvísl. Komu Rangvellingar þangað í rétt og tóku þar fé sitt eða ráðstöfuðu því á annan hátt. En eftir 1900 var þetta lagt niður, því að Rangvellingum þótti sú fyrirhöfn ekki borga sig."

GR I, 162-63

**SF-664:003** hleðsla Einhyrningshellir náttstaður

"Fram til 1904-5 var aðal-viðlegustaður [leitarmanna á Álftaversafrétti] Einhyrningshellir. Er það lítill hellir vestan undir Einhyrningi. Var að nokkru hlaðið og reft fyrir munna hans." "Mjög var þetta lélegur og kaldur mannabústaður, en eflaust hefur hann samt verið aðalsæluhús gangnamanna a Álftaversafrétti frá eldri tímum. Má í hellinum víða finna fangamörk manna grafin í móbergið. Sjást þau þar nú elst frá 1780-90, en vel kann að vera, að undir skófum og mold í hellisberginu sé að finna meira af þeim en í fljótu bragði sést."

- GR I, 164

**SF-664:004** heimild sæluhús

"Þegar Einhyrningshellir var lagður niður sem sæluhús [1904-1905] var byggður kofi sunnar í afréttinum, skammt fyrir norðan Jökulkvísl." - "Var þar þá fyrir smákofi, sem aðeins rúmaði 3-4 menn. Var hann sérstaklega ætlaður eftirleitarmönnum. Kofi sá, sem þá var reistur, var með 1 m háum grjótveggjum og rétt manngengur undir miðju risi. Var breidd hans 7 fet. Lágu gangnamenn í honum um þvert gólfið, sinn helmingur hvoru meginn. Þakið var hellu- og járnþak að nokkru, en þykkt torflag yfir. Var kofi þessi sæmilega hlýr, þó að úti væri hörkufrost og stundum stórhríð. Nú fyrir nokkrum árum var kofi þessi lagður niður, en þá byggt á sama stað myndarlegt sæluhús, bæði fyrir menn og hesta ... Hesthagi við þetta sæluhús er fremur góður, og gott skjól er þar í giljum í kring."

GR I, 164

**SF-664:005** heimild sæluhús

"Syðst í afréttinum, í Atlaey, er annað sæluhús, sem bæði er fyrir menn og hesta." "[er] sjaldan gist þar nema eina nótt í hverri ferð. Þar var áður kofi, er rúmaði 14-18 menn."

GR I, 164

**SF-664:006** þjóðsaga Kötlugjá

Katla matselja á Þykkvabæjarklaustri steypti sér í Kötlugjá og kom af stað hlaupi sem eyddi byggðinni þar sem nú er Kötlusandur. Hún hafði drekkt Barða smalamanni í sýrukeri fyrir að hafa tekið galdrabrækur hennar í óleyfi

ÞJÁ, 174-76

# Rangárvallasýsla

## Eyjafjallahreppur

### Steinsholt RA-613

Steinsholt er vestasti smáafrétturinn undir norðurhlíðum Eyjafjallajökuls. Hann takmarkast af Falljökli að vestan og Rjúpnafjalli/Steinsholtsá að austan. Steinsholt tilheyrði jörðunum Fit (RA-62), Fitjamýri (RA-63) og Miðmörk (RA-82) og höfðu ábúendur þessara jarða einir rétt til að nota beitina og bar líka einum skylda til a smala svæðið - GR I, 188. Gangnamenn í Steinsholti gistu í Fagraskógsbóli í Staksholti og þar var líka réttað þannig að ekki er margra mannvirkja að vænta á þessum afrétti. "[Staksholt] er klettótt mjög og gróðurlítið, háir hnúkar með þverhníptum hamraveggjum. ... mjög er graslítið í þeim ... Steinsholt þótti slæmur afréttur." GR I, 187.

### Staksholt RA-614

Staksholt er einn smáafréttanna undir norðurhlíðum Eyjafjallajökuls. Vesturmörk eru Steinsholtsá en austurmörk um Fremra-Hvannárgil. Afrétturinn tilheyrði Brúnum (RA-71), Borgareyrum (RA-73), Dalsseli (RA-75), Steinmóðarbæ (RA-74), Hamragörðum (RA-72), Neðri-Dal (RA-76), Dalskoti (RA-77), Króktúni (RA-78), Stóra-Dal og Murnarvelli (RA-79), Eyvindarholti (RA-80) og Stóru Mörk (RA-83). Fyrir utan Stóru Mörk voru allar þessar jarðir hjáleigur frá Stóra Dal. Fram um miðja 18. öld munu býlin hafa verið 18 sem áttu að leggja mann til smölunar í Staksholti - GR I, 190

"Staksholt er klettótt og gróðurlítið og þykir rýr afréttur. Hættur eru þar miklar í hömrum." GR I, 188

**RA-614:001** heimild Fagraskógsból sæluhús

"Vestast á framafrétti er Fagriskógur. Er þar þó enginn skógur nú. ... þar er Fagraskógsbólið, sæluhús leitarmanna." - Gangnamenn af Steinsholti og Merkurtungum gistu líka í Fagraskógsbóli
GR I, 187, 188, 191

**RA-614:002** heimild rétt
Fagriskógur ... Þar er fjárrétt fyrir Staksholtssafnið."
GR I, 188

**RA-614:003** hellir náttstaður
"Innst í Staksholti er Staksháls. Í honum er hellir, þar sem gangnamenn liggja fyrri nóttina, sem þeir eru á fjalli." Gangnamenn í Hellistungum gista líka í helli þessum
-GR I, 188, 191

**RA-614:004** mannvirki samgöngubót
á leið upp í Litlaland af Staksholti. Meðan skriðjökullin rann niður á Litlaland varða ekki komist þangað nema af Hellistungum og var það jafnan smalað af þeim. Á árunum 1850x80 bjó í Stóra-Dal bóndi sá er Jón Sigurðsson hét. Hann hvarf eitt haust inn á afréttinn og kom seinna "í ljós að hann hafði verið að reka hæla í bergið til að ganga upp á Litlaland. Nú hefir bergið molnað og hælarnir losnað úr því, og liggja þar neðan undir."
- GR I, 189

**RA-614:005** hellir náttstaður
í Stak. Á árunum 1850x80 bjó í Stóra-Dal bóndi sá er Jón Sigurðsson hét. Hann hvarf eitt haust inn á afréttinn og kom seinna í ljós að hann hafði m.a. lagað til "smáskúta í Stak; klappaði hann bergið og stækkaði skútann. Hlóð hann síðan vegg fyrir framan. Var þarna ágætt skýli fyrir þrjá menn, og heldur sér enn, eins og hann gekk frá því."
GR I, 189

## Stóra-Mörk (Merkurtungur) RA-083b

Merkurtungur eru tungan milli Fremra- og Innra-Hvannárgils, austan við Staksholt og tilheyra Stóru-Mörk einni. Ábúendur Stóru-Markar hafa þó ekki notað afréttinn í manna minnum, enda er nægt beitiland í heimahögum, og hafa Merkurtungur verið leigðar öðrum til lambabeitar. ... Eftirgjaldið var að leigjandi smalaði landið. ... Ekki munu nema eitt eða tvö heimili hafa notað þær í senn. - GR I, 190
Merkurtungur eru nú eign Skógræktar ríkisins "[Merkurtungur] eru hálendar, og til beggja hliða eru næstum þverhníptir hamrar, en uppi eru þær vel grösugar. ... Var talið, að þær bæru eitt hundrað tólfrætt. ... Tungurnar þóttu góður lambaafréttur. Komu lömb þaðan þrifleg og feit. Viðburður þótti, ef þau kollheimtust ekki. Þar var heldur enginn dýrbýtur, sem þó var nokkur í afréttunum í kring." - GR I, 190.
Rétt og náttstaður var í Staksholti.

## Almenningar RA-615

Almenningar eru norðan við Þórsmörk og er Þröngá á merkjum. Markarfljót er á merkjum við Grænafjall að vestan og Fremri Emstruá að norðan. Heitir Framafréttur fyrir sunnan Ljósá en Innafréttur fyrir norðan "Almenningar eru sléttari og betri yfirferðar en aðrir afréttir Vestur-Eyfellinga. Graslitlir eru þeir þó vegna uppblásturs. Hefir þar áður verið skóglendi og byggð. ... Nokkrar skógarleifar eru enn á Almenningum, en fremur eru þær kyrkingslegar." - GR I, 193. Hestar gangnamanna voru hafðir nálægt miðjum afrétti þar sem heitir á Lakaflötum

**RA-615:001** bæjarstæði Steinfinnsstaðir bústaður Friðlýstar minjar
Steinfinnstaðir eru syðst og vestast á Almenningum, rétt norðan við Þröngá, sunnan í Kápurana, gegnt Hamraskógum. Bæjarstæðið er í um 250 m.y.s.

Bærinn stóð á melkolli þar sem landi hallar niður að Þröngá. " Þó undirlendi sé enn nokkuð umhverfis bæjarstæðið, er augljóst að áin hefur brotið þó nokkuð af því." Bæjarstæðið er nú allt uppblásið.- Árb 1982, 26 "Af loftmyndum frá 1960 má sjá, að þá var gróður á rananum þó nokkur, en hann er nú aðeins örlítill í gilskorningum vestan og norðan bæjarhólsins. Rúmlega 100 ára gamlar lýsingar á byggðaleifunum ... gefa til kynna, að land hafi mikið blásið upp á þessum 100 ára tímabili." Árb 1982, 22

Fyrst getið 1840 í SSR (79-80). "Segir þar, að í moldarflesi sjáist steinaraðir, þó ekki sjái húsaskipan eða form, og hrúgur af dýrabeinum. Ýmsir munir eru sagðir hafa fundist á staðnum, m.a. útflattur járnklumpur, nærri kringlóttur og til hálfs sundurklofinn, u.þ.b. 2 pund að vigt, sem reyndist allgott smíðajárn." Kaalund (1877, 261) segir að Kápuraninn é uppblásinn en að þar sjáist greinileg merki byggðaleifanna; dýrabein og munir úr steini og bronsi fann hann þar en áðu höfðu fundist þar mannabein. SV rannsakaði staðinn 1883. Hann fann ýmsa hluti af málmi á staðnum, svo og manna-, hunda-, hross- og nautabein. Taldi hann að skógur hefði verið á Kápu og getur um óeyddar jarðtorfur sem enn sjáist þar, sem eru ein eða tvær mannhæðir á hæð. Hann taldi minjarnar vera eftir Miðmörk þá sem getur um í Njáls sögu (ÍF XII, 424). - Árb 1892, 38-39. Páll í Árkvörn var á sama máli og SV og taldi að Steinfinnsstaðir hefðu verið fyrir sunnan Krossá í Steinsholti. Hann lýsir minjunum svo: "Nokkru innar, hér um á miðri Þórsmörk hinni fornu, nú fremst á Almenningum, í svo nefndri Kápu, sést enn merki fyrir skálastæði og fleiri húsatóptum, þar hefir fundizt sitthvað smávegis, svo sem brýni, hringjubrot og plata, álíka stór og manns lófi, og var höggvin sundr um rúma 2/3 parta, en hitt heilt, og héldu smiðir þeir, er skoðuðu þetta, að væri bóla af skildi, eða einhver hertygjaplata, og í því belndíngr járns og kopars (bronze). Þar finnst enn í sandinum mikið af beinum, bæði nauta, hrossa, sauða og jafnvel svína, ..." StSÍ II, 511. BJ nefnir minjarnar í grein 1887 (Árb 1887, 58) og segir að 1840 hafi rúst bæjarins, að sögn Sigurðar Ísleifssonar á Barkarstöðum, verið glögg, 60 feta löng. Nú 30 árum síðar sé hleðslugrjótið dreift um allt. 1893 kom BJ sjálfur að Kápu og segir þá (Árb 1894, 21-22) að rústin hafi komið í ljós fyrr á 19. öldinni við uppblástur. Hafi hleðslugrjótið legið á mold er hún var fyrst skoðuð um 1840, sem um 30 árum síðar hafi öll verið fokin burt, og rústin því úr lagi færð. BJ getur um ýmsa muni sem fundist hafa í rústunum, m.a. skæri sem gefin voru Þjms (Þjms 2432 - mynd í Árb 1982, 29) og munu vera ein elstu skæri með nútímalagi sem fundist hafa á Íslandi (KEKH, 340-41). BJ taldi rústina vera eftir bæ Ásbjarnar landnámsmanns. Enn kom BJ í Þórsmörk 1906 og ræðir enn nokkuð um uppblásturinn þar. Hann hefur eftir mönnum sem voru gamlir í hans ungdæmi (f. 1838) að svæði þetta hafi þegar verið mjög uppblásið er þeir voru ungir. Þá hafi verið þar eftir jarðvegstorfa, sem nefnd var Kápa vegna lögunnar sinnar og er helst að skilja af frásögn hans að rústirnar hafi blásið út úr torfu þessari í minni þessara gömlu manna. Í þetta sin taldi BJ rústirnar vera eftir bæ Steinfinns sem einnig væri ein af Mörkunum þremur sem nefndar eru í Njálssögu, líklega Efstamörk - Árb 1907, 17-19. MÞ rannsakaði kumlin RA-615:005 árið 1925

Nafnið á þessum rústum er nýlegt og til komið af því að menn hafa talið að hér sé um að ræða Steinfinnsstaði þá sem getið er um í Landnámu. Örnefnið Kápa mun heldur ekki gamalt (s. hl. 18. aldar) og er hér látið ná yfir svæðið en Steinfinnsstaðir notað um rústirnar sjálfar. GS rannsakaði rústirnar 1980, 81 og 82 og er hér byggt á lýsingum hennar: Aðeins er nú grjótdreif eftir af bæjarhúsunum og er hún á jarðvegsgrunni sem er móhella, brúnleit rn blönduð svartri gjósku. Árið 1980 mátti enn sjá óljóst grunnflöt langhúss sem snéri uþb A-V og var nyrst og vestast á hólnum - gerður var uppdráttur af þessari grjótdreif. Ekki vottaði fyrir öðrum byggingum á hólnum en á einum stað suðaustast á hólnum fannst allmikið af smíðagjalli sem bendir til að þar hafi verið smiðja. Niður undir brekkurótunum norðaustan við

langhúsrústina var hleðslugrjót á afmörkuðu svæði. Sýndist þar helst hafa verið tvískipt hús og telur GS að það hafi verið útihús. "Vestur af bæjarhólnum dreifðist hleðslugrjót, mest blá-, grágrýti og móberg, niður í áttina að Þröngá." Þar fundust gjallmolar, flatt járnbrot sem klofið var í brotna endann og er etv af skeifu, og nagli. Vatnsrof er nokkuð þarna í brekkunni. Hleðslugjótið í langhúsrútinni var allt brotið í smátt vegna [frost] veðrunar og var það aðallega blá- og grágrýti, móberg og flikruberg. Suðurhlið langhússins var að miklu leyti úr molnuðu flikrubergi. Norðurhlið var óljósari og mátti helst marka lengd hússins af flikruberginu og dálítilli dæld eftir miðjunni, og er hún um 20 m. Innan um grjótdreifina voru nokkrar brotnar hellur sem GS telur helst hafa verið í gólfi. Engin merki um gólf, eldstæði, stoðarholur eða bekki var þarna að finna lengur. Við SA enda rústarinnar hefur verið hlaðin varðaa úr löngum og mjóum steinum sem GS telur að komi úr langeldi sem verið hafi inni í húinu. Á meðal þeirra er herslusteinn, 72x35x17 sm og 26x3x25 sm herslurauf á öðrum enda hans. Staðurinn þar sem gjallið fanst var þarna skammr frá og telur GS að herslusteinninn sé ættaður úr þeirri smiðju. NA af vörðu þessari var hrúga af vatnsholuðum blágrýtissteinum sem GS telur að hafi verið kljásteinaefni. Árb 1982, 26-27. GS birtir skrá um muni og bein sem fundist hafa á Steinfinnstöðum og borist Þjóðminjasafni á s. 28-34. Niðurstaða GS er að hér hafi verið býli á 10. öld amk (sbr kumlin og munina sem fundist hafa) og að sú byggð hafi verið allumfangsmikil.

Árb 1907, 17; GR I, 193; Árb 1982, 22-35.

**RA-615:002** heimild Úthólmar náttstaður

"Vestast, norður við Fljót, á tungu þeirri, er verður milli Ljósár og Markarfljóts, heita Úthólmar. En vestast í þessum tanga var tjaldstaður fjallamanna; þar var einnig fjárréttin." "Áður höfðu þó fjallamenn náttstað í helli þeim, er Almenningsból hét."

- GR I, 193.

**RA-615:003** hleðsla rétt

"Vestast, norður við Fljót, á tungu þeirri, er verður milli Ljósár og Markarfljóts, heita Úthólmar. En vestast í þessum tanga var tjaldstaður fjallamanna; þar var einnig fjárréttin." Hætt var að nota rétt þessa þega gangnatilhögun var breytt um aldamótin og ný rétt byggð sunnan undir Valahnúk á Þórsmörk

- GR I, 193, 194

**RA-615:004** hellir Almenningból náttstaður

"Áður höfðu þó fjallamenn náttstað í helli þeim, er Almenningsból hét. Var það austan í felli því, er Fauskheiði heitir." "Nú hefir fokið sandur og mold fyrir helli þennan, og er fyrir löngu hætt að nota hann." - náttstaður var fluttur niður í Úthólma (líklega einhverntíma á 19. öld).

- GR I, 193

**RA-615:005** heimild á Kápu legstaður Friðlýstar minjar.

Kumlateigur skammt suður og vestur af Steinfinnsstöðum á Kápu

Allt blásið nú. Kumlin tvö sem MÞ rannsakaði voru í miklum halla og höfðu veðrast illa; grjótið úr þeim hafði hrunið útúr rofabarði, sem nú er horfið.

Páll í Árkvörn: "vorið 1860 fann ég í hóli þeim, er suðr er örskammt frá bæjarstæðinu næst Þröngá, og austan við svonefnda Grautarlág, mannsbein blásin út úr rofi vestan í hólnum; voru það fót- og lærleggir, viðlíka stórir og meðalmanns þessa tíma, og höfðu fætr legið til suðvestrs; ekki fann ég fleiri bein, en ég var líka áhaldalaus, að grafa þar nokkuð til." StSÍ II, 511. Árið 1925 skoðaði MÞ" tvö kuml frammi á bakkanum vestan við bæjarstæðið á Steinfinnsstöðum [RA-615:001]. Var aldraður maður í öðru kumlinu og fylgdi honum spjót og silfurhnappar; gullþráður loddi við einn hnappinn. Í hinu kumlinu var hestur og reiðtygi." Árb 1982, 26. MÞ athugaði einnig grjótdreifar rétt austan og vestan við kumlin og taldi að þar hefðu verið önnur kuml, en tvær hauskúpur höfðu fundist nokkru áður niðri á aurunum neðan kumlanna. Enn áður höfðu borit til Þjms mannabein, sem talin eru af konu (KEKH, 30) - Árb 1982, 28 GS birtir skrá um muni sem fundist hafa í kumlunum á s. 29-33.

Árb 1907, 17; Árb 1925-26, 49-51; Árb 1982, 26, 28-33

# Fljótshlíðarhreppur

## Breiðabólsstaður (Goðland) RA-221b

Vesturmörk eru við Innra-Hvannagil - ATH austurmörk við Múla eða Teigstungur. Eign Breiðabólsstaðarkirkju. 1847: "Eptir Goðalands afrétt, sem brauðið á, fær staðarhaldarinn árlega frá Austureyjafjalla mönnum 2 fiska vættir, ..." JJ, 49. "Seinna lét þó presturinn sér nægja, að landið væri aðeins smalað." GR I, 199 - skógar á Goðalandi eru nú í umsjá Skógræktar ríkisins - GR I, 199 "Það er hálent og klettótt ... en nokkru grösugra [en hinir smáafréttirnir] ... Nálægt miðju Goðalandi, en innan við Réttarfell, eru Básar, grösugt skóglendi ... Innarlega á Goðalandi eru Hestagötur, snarbrattar brekkur, grösugar og lyngi grónar. Í Hestagötum töldu menn öruggan útigang, hverju sem viðraði." GR I, 199. Einn hnúkanna á Goðalandi heitir Útigönguhöfði og tíðkaðist lengi að láta fé ganga úti um vetur á Goðalandi. "Talið var hæfilegt, að hafa þar 30 kindur yfir veturinn, en oft mun hafa verið haft þar mun fleira fé." GR I, 200

**RA-221:001** örnefni Réttarfell rétt

Réttarfell er vestast á Goðalandi, niður við Krossáraura.

Hkort; GR I, 199

**RA-221:002** tóftir sæluhús

kofi og rétt í Strákagili, sem er innan við Bása sem er nálægt miðju Goðalandi en þó innan við Réttarfell. "Lágu [leitarmenn] í kofa í Strákagili. Kofi þessi var hlaðinn ú rgrjóti og reft yfir með birkihríslum. Fjárrétt var þar einnig. Réttin og kofinn eru nú fallin, en þó sést enn fyrir hvoru tveggja."

GR I, 200

**RA-221:003** örnefni Fimmvörðuháls samgöngubót

Fimmvörðuháls er jökullaus blettur milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls. Rekstrarleið milli smáafrétta í norðurhlíðum Eyjafjallajökuls og Eyjafjallasveitar. "Var farið upp Útigönguhöfða, um Heljarkamb, upp Bröttufönn, suður Fimmvörðuháls og niður Skógaheiði. Þegar hægt var vegna veðurs, var á vorin einnig rekið til fjalls þessa sömu leið norður yfir. Leiðin yfir Jökulinn er að minnsta kosti þrefalt styttri heldur en ef farið er fyrir vestan ..."

GR I, 200, 202

## Grænafjall RA-643

Grænafjall nefnist afréttur Fljótshlíðinga og takmarkast af Markarfljóti "að sunnan og austan neðan frá gljúfri því, sem Fljótið kemur fram úr

innan við Húsadal á Þórsmörk, og inn fyrir Stóra-Grænafjall, sem er innst á afréttinum. Þar beygir svo fljótið til norðurs og síðan vesturs, og myndar þannig hálfhring um Stóra-Grænafjall. Ræður Fljótið þannig mörkum einnig að norðan á móti Hvítmögu, lítilli jökulkvísl, sem kemur úr norðaustanverðum Tindfjallajökli. Að vestan takmarkast afrétturinn af Tindfjallajökli fyrst, en síðan Þórólfsá niður undir Þórólfsfell, en þar beygir markalínan til austurs niður á Gilsáraurar austan fellsins og loks í Öldustein (Lausöldu) norðvestur af Þórsmerkurrana. / Afrétturinn greinist í Innra- og Fremrafjall. Skilur jökulkvíslin Gilsá, er kemur úr Tindfjallajökli, þar á milli." - GR I, 212

"Afréttur Fljótshlíðinga er allhálendur, víða með giljum og gljúfrum. hann er því víða ófær hestum, enda eru leitarmenn alltf gangandi við smalamennsku. Fremur er afrétturinn vel gróinn miðað við nærliggjandi afrétti ... en ekki er skógur á honum nema í smátorfu, sem er í Fljótsgilinu innan við Tröllagjá. Eru þar beinvaxin og falleg tré, en einstigi ofan að fara. ófært fé. ... Í Fífuhvömmum, sem eru sunnan í Fauskheiði, vex dálítið af eini og þar - og víðar - er nokkuð af beitilyngi, en annars er aðallega vallendisgróður á afrétinum og svo nokkur háfjallagróður." GR I, 212.

**RA-643:001** heimild Einhyrningur býli Friðlýstar minjar.
"Bólstaðarústarleifar. Þær eru suður frá Einhyrningi, við læk þann er fellur ofan frá Hrútholti." ÁM talar um eyðibýli m þessu nafni á Almenningi í Þórsmörk, en væntanlega eru þetta sömu rústir og enn sjást undir Einhyrningi á Grænajalli.
Friðlýsingaskrá, 66JbÁM; Árb 1886, 57-58.
**RA-643:002** þjóðsaga Ker
Kerið er suðaustn við Innri-Botnsá. Er þetta allhár hnúkur, sem myndar næstum því hálfhring þeim megin sem veit að ánni - GR I, 213
"Þetta er Kerið sem þjóðsagan hermir, að séra Eiríki í Vogsósum hafi þótt tiltækilegasti staðurinn, sem hann þekkt, til þess að koma Höfðabrekku-Jóku fyrir í. ... líkur benda til þess, að Jóku hafi ekki litist vel á dvalarstaðinn, þegar hún sá hann, því að þjóðsaga segir, að hún hafi hljóðað svo, að allt fé hafi hlaupið burt af Grænafjalli nema einn vankanhrútur."
GR I, 214
**RA-643:003** örnefni Kanastaðir
"Norðan megin Gilsár, á Fremrafjalli, er allmikið graslendi, og heitir það Kanastaðir." -"Bendir nafnið til þess, að þar hafi verið bær til forna, þó að ekki muni vera til sagnir um það."
- GR I, 214
**RA-643:004** heimild Þórólfsfell býli
Þórólfsfell er vestast á framafrétt Fljótshlíðinga og er heimahagar frá Fljótsdal - ATH Njálu - "þá hafa verið skógar þar sem nú er uppblásið land."
- GR I, 214
**RA-643:005** heimild Einhyrningsflatir náttstaður
"Á fjallaferðasunnudag er svo haldið áfram frá Streitum inn á Einhyrningsflatir um kvöldið og tjaldað þar í smáhvammi."
"Voru áður venjulega 6-7 tjöld" - "Árið 1958 byggðu Fljótshlíðingar gott afréttarhús á Einhyrningsflötum nálægt hinu forna bæjarstæði, sem þar er talið hafa verið." -
GR I, 216, 227.
**RA-643:006** heimild Hellar náttstaður
"Snemma næsta dag er svo farið af Einhyrningsflötum og haldið inn á afréttinn að Hellum, sem er næsti náttstaður leitarmanna. Er þar slegið upp tjöldum ... Tjaldað er á sléttri grasflöt við Þverá." -"Er tjaldað í dalsmynni, og rennur Þverá eftir dalnum. Norðan við hanaeru sléttar valllendisflatir, og að norðan og austan eru grasi vaxnar brekkur, en frekar er þar snögglent, svo að það verður að vaka yfir hestunum, svo að þeir fari ekki fram." - "Áður en prímusar komu til sögunar, urðu leitarmenn að hita sér kaffi í hlóðum, sem voru settar þar, sem eitthvert skjól var." -
GR I, 216, 220
**RA-643:007** hleðsla Hellar sæluhús "Við Hella [við Þverá] er eftirleitarmannaskýli." "Er það hellir sem gegnur inn í sandbergshamar" - "Er hlaðið fyrir op hans, og er hurð fyrir. Er þar nægilegt rúm fyrir 12 menn. Þarna er sæmileg vistarvera. Þar er og skýli fyrir hesta ..."
GR I, 216, 217
**RA-643:008** heimild sæluhús
á HellisvöllumGR I, 220-21 "Á Hellisvöllum hefir verið leitarmannaskýli. Var það byggt við allháan hamar og reft upp að honum. En á síðari árum tók bergbúinn upp á því að láta allstór björg falla niður á skýlið. Brutu þau fyrir gestunum bæði járn og timbur... Þetta leiddi til þess, að nú nýlega [um 1945] hefir verið byggður allgóður kofi fyrir leitarmenn. Þá hefir einnig verið sett þarn upp fjárheld girðing fyrir fé [221] það sem kemur af Innrafjalli." GR I, 220-21
**RA-643:009** heimild Botnsöxl náttstaður
Botna- og Brúnamenn höðu stundum náttstað á Botnsöxl í stað HellisvallaGR I, 220 "Var það gert til þess að þeir væru þar betur fyrir því fé, er vildi renn til baka. En oft var þr mikið illveður, þó að sæmilegt væri á Hellisvöllum, og nú á síðari árum [um 1945] hefir verið hætt að hafa þar náttstað." GR I, 220
**RA-643:010** heimild Álatorfa náttstaður
Álatorfa var utanvert við Bleiksárgljúfur (við Þórólfsfell)
Áð er með allt safnið á Neðriflötum, vestan í Þórólfsfelli "Áður fyrr var svo haldið út á Álatorfu og verið þar með safnið síðustu nóttina. Var hún utanvert við Bleiksárgljúfur. Var tjaldað þar í kringum safnið og vakað yir því um nóttina. Nú er Álatorfan elgerlega horfin sökum landbrots frá Markarfljóti, og er því nú verið með safnið síðutu nóttina í Fljótsdal." GR I, 221
**RA-643:011** örnefni Skiptingarhöfði
Skiptingarhöfði er hnúkur í framhaldi af Lifrarfjöllum nær Stóra-Grænafjalli. Vestan í Skiptingarhöfða er safnast saman við byrjun leita og skipar fjallkóngur þar fyrir um tilhögun leitanna og skiptir mönnum í leitir - GR I, 217

## Þórsmörk RA-644

Milli Krossár og Þröngár. Þórsmörk var áður afréttur Fljótshlíðinga. Þar áttu beitarítak 36 jarðir í Fljótshlíð að hálfu en Oddakirkja að hálfu - GR I, 212. (ATH máld Oddakirkju aq 1385). Nú í umsjá Skógræktar ríkisins - GR I, 212

**RA-644:001** heimild Valahnúksból sæluhús
GR I, 195-96
**RA-644:002** hleðsla rétt
við fremsta klettinn sunnan í Valahnúk. Þar var rétt um aldamótin, en í sambandi við breytingar á gangnatilhögun á Almenningum var ný rétt byggð þá við hliðina á þeirri gömlu
- GR I, 194

**RA-644:003** tóft Þuríðarstaðir býli Friðlýstar minjar.
Rústir Þuríðarstaða eru norðan í Merkurrana, í vestur frá mynni Húsadals og er bæjarstæðið nú alveg á bakka Markarfljótsfarvegarins

Bæjarleifarnar eru nú aðeins gisin grjótdreif sem liggur á mjög uppblásnum jarðvegi. Talið er að Markarfljót hafi brotið mikið land framan við Þuríðarstaði

Bæjar með þessu nafni er getið í JÁM I, 101-102. Þar segir að Þuríðarstaðir séu takmark á svo nefndri Miðrimörk fyrir innan Þórsmörk, og að þau munnmæli hvíli á, að þarna hafi verið bær í gamla daga, en nú sé landið notað fyrir lamba frétt úr Fljótshlíð. Talið var ólíklegt að nokkuð sæist til byggingaleifa, slægjur sagðar engar og vetrarhörkur miklar. Páll í Árkvörn (StSÍ II, 511) og SV (Árb 1892, 38) segja aðeins um staðinn að hann sé uppblásinn og BJ (Árb 1894, 22) taldi að rústin væri komin undir moldarskriðu og sæist ekki lengur. Enginn þeirra virðist hafa komið á staðinn fyrr en BJ gerði rannsókn þar 1906. Þá lýsir hann allmiklum byggðaleifum. "Hleðslugrjótið, sem lá dreift um móhelluna taldi hann aðeins vera nóg í undirstöður veggjanna, sem voru að mestu úr lagi færðir. Þó taldi hann, að enn mætti sjá útlínur aðalbæjarhússins: nálægt 10 faðma löng steinaröð, líklega undirstaða afturveggjarins og steinr hér og þar úr framveggnum sem mynduðu beina röð samhliða hinni. Samkvæmt þessu hefði breidd hússins verið um 4 álnir. NV af aðalgrjótdreifinni sagði hann vera leifar sérstaks húss um 8 faðma langs og 1 1/2 breiðs. Austan aðalbæjarrústarinnar mun bæjarlækurinn hafa verið, og þar austan við voru óljósar byggingaleifar, sem sindur var innan um og taldi BJ það hafa verið smiðju. Í tóftinni fann hann hálfa steinskál með gati í botninum og taldi hann að smiðjueldurinn hefði brunnið í henni. Engin eldstó var í aðalbæjarrústinni en talsvertaf viðarkolaösku á einum stað. Rétt vestan við rústina fann BJ ferhyrnda holu sem höggvin var í móhelluna, fulla af mulinni beinaösu. Taldi hann þetta geta vera eftir heiðið heimablót. Þá fann hann stórt steinker við rústina, sem sprungið var í smáparta nema botninn, 1 1/4 alin á lengd, 1 alin á breidd og 1/2 alin á dýpt, úr ljósgráu móbergi. Taldi hann það hafa staðið utan húss og verið etv þvottastampur. Inni í rústinni fann hann m.a. brýnisbrot, krók af fötuhandfangi, odd af ljá og þyrsklingaöngul, sem bendir til að Þuríðarstaðamenn hafi stundað sjóróðra.

Örn. Þuríðarstaðir á Þórsmörk kemur fyrir í JÁM, 1, 101 og hefur það jafnan síðan verið tengt við þessar rústir. Þuríður á að hafa verið kona Ketils sonar Ásbjarnar landnámsmanns í Þórsmörk. GS rannsakaði rústirnar á Þuríðarstöðum 1980 og voru þær þá svo gerblásnar að engin húsalögun sást lengur en grjótdreif vísar á bæjarstæðið. Á suðurbakka gils sem myndast hefur SA við bæjarstæðið sjást þó enn leifar tóftar þeirrar er BJ taldi vera af smiðju. Ekki sáust nein merki um steinkerin eða steinþróna sem BJ lýsir. GS birtir skrá um muni sem fundist hafa á Þuríðarstöðum og varðaveittir eru á Þjms, og einnig teikningar af sumum þeirra. Munirnir verða ekki tímasettir nákvæmlega en þó telur GS að á þessum stað hafi snemma verið byggt. Smiðjuleifarnar eru helstu rök fyrir því að telja þessar rústi rvera eftir bæ.

Árb 1907, 19-21.Árb 1907, 20; Árb 1982, 35-43

**RA-644:004** bæjarstæði Þuríðarstaðir efri býli
Rústir sem ganga undir nafninu Þuríðarstaðir efri eru um 300 m SV við Þuríðarstaði [RA-644:003], upp af Engidal, rétt norðan við hábungu Merkurranans, í um 210 m.y.s.

Minjarnar eru að hverfa ofaní gil sem myndast hefur rétt vestan við bæjarstæðið. Allt svæðið er nú uppblásið, þó nokkur gróður hafi náð að festa rætur í gilbotninum, og liggja veggjasteinarnir ofan á móhellu.

Rústir þessar mun fyrst hafa komið í ljós í kringum 1970 og munir þaðan voru teknir til handargagns og afhentir Þjms 1974. Engar sagnir eða heimildir aðrar eru um bæjarstæði þetta og er nafnið tilbúningur sem notað er í Fundabókum Þjms. GS rannsakaði staðinn 1980 og mátti þá sjá greinilega útlínur langhúss syðst á svæðinu. Það snýr lítið eitt á ská meðfram gilbarminum og virðist um 15 m langt. Langhliðar hússins markast af tveimur gisnum, samsíða röðum stórra veggjasteina, með tæplega 5 m millibili. Rétt norðan við þessar byggðaleifar hefur vatn myndað grunnan farveg, en þar norðan við er grjótdreif á afmörkuðu svæði. Hafa þar án efa verið mannvirki, líklega fleiri en eitt en útlínur þeirra verða ekki greindar lengur. Svæðið er þrískipt og telur GS mögulegt að þar hafi verið þrjú hús. Uppdráttur var gerður af rústunum 1981 og hafði þá grjótdreifin færst allmikið úr stað frá því árið áður og langhúið nú mun ógreinilegra. 5 kljásteinar voru í hnapp við NV enda langhússins og innan þess fundust líparítsteinvölur og einni gvoru dreyfð um svæðið brýnisbrot og brennd bein. Árb 1982, 43-44. Spölkorn sunnan við bæjarstæðið, uppi á háhryggnum áður en komið er niður í Engidal fannst uppblásin grjótdreif sem taldar eru augljósar leifar mannvirkis. Gjallmolar hafa fundist þar og greinst sem rauðablástur. Árb 1982, 50. GS birtir skrá um muni sem fundist hafa á rústasvæði þessu á s. 44-49 sem og myndir af nokkrum þeirra. Á meðal þeirra er hringprjónn sem tímasettur er til 7.-10. aldar (Þjms. 1977:52) og bronshlutur sem þykir vera með keltnesku munstri frá 8. eða 9. öld en hefur verið endurnýttur, mögulega sem lóð (Þjms 1974: 115). Þá fannst einnig skeifubrot en skeifur eru fyrst taldar teknr í notkun á Íslandi á 11. eð 12. öld, og skrautbóla sem tímasett er til 12. eða 13. aldar. Af þessu má ráða að byggð hafi verið á Þuríðarstöðum a.m.k. frá 10. öld fram á 12. öld.

ÁFÍ 1972, 129; Árb 1982, 43-51

**RA-644:005** bæjarstæði Húsadalur býli
Rústir bæjar frá 1802 inni í miðjum Húsadal

Birkiskógur er nú kominn yfir hluta rústanna og túnstæðið. Tóftirnar eru allar yfirgrónar og mjög vel varðaveittar. Bæjarstæðið er ákaflega skjólgott, liggur í dalbotninum með skógi vaxnar hlíðar á alla vegu.

Skv. JÁM I, 102 var byggð í Húsadal til forna og mátti þá enn [1709] sjá garða marga. Staðurinn var þó talinn óbyggilegur sökum slægnaleysis og vetrarharðinda. Leifar þessara mannvirkja sjást ekki lengur og telur GS sem rannsakaði staðinn 1980 að bærinn frá 1802 hafi verið byggður ofan í þau. Magnús Árnason og Sæmundur Ögmundarson settu þarna bú 1802 en það entist aðeins árið og var ástæða þess rakin til myrkfælni og daugagangs. Nýbýlalöggjöfin frá 1776 mun hafa orðið þeim Magnúsi og Sæmundi hvatning. Rústirnar sem nú sjást eru þessar "1. Ferhyrnt langhús með inngangi á miðri vesturhliðinni ... Lengd 9.0 m, breidd 4.0 m, hæð 0.95 m, veggjaþykkt 1. m. Veggir voru heillegir, grjót- og torfhlaðnir. Í norðvesturhorni tóftarinnar var pallur, 1.4 x 1.4 m að umfangi. Bogadregnir veggir vestur af innganginum mynda þar nokkurs konar forgarð, 3,5 m að breidd. 2. Við austurhlið tóftarinnar er niðurgrafið svæði. Lengd 9.0 m, breidd 6.0 m. Svæði þetta, sem er e.t.v. einhvers konar rétt, er markað hlöðnum vegg að austan, sem heldur áfram til suðurs og myndar einnig austurvegg tveggja smátófta (3 og 4), sem þar eru. 3. Næst 1 er ferhyrnd smátóft ... Lengd 3.5 m, breidd 4.5 m, veggjaþykkt 0.8-1.7 m, hæð 0.45-1.0 m. Ekkert grjót er nú að sjá í veggjum, og enginn inngangur er sjáanlegur. Tvær allháar birkihríslur vaxa nú inni í tóftinni. 4. Beint suður af 3 er önnur ferhyrnd tóft með útskoti til asuturs. Inngangur er á vesturlanghliðinni ... Lengd 5.5 m, breidd 2,5 m, innanmál útskots 1.2 x 1.2 m. Grjót sést í veggjum." Túnið hefur verið norður af bæjarstæðinu og er þar enn svolítið opið svæði í skóginum.

JÁM I, 102; ÁFÍ 1972, 107-109; Árb 1982, 51-53

# Hvolhreppur

## Emstrur RA-653

Emstrur eru afréttur Hvolhreppinga. Emstrur eru norðan við Almenninga og skilur Fremri-Emstruá afréttina. Markarfljót er á merkjum við Grænafjall en Brattháslkvísl við Laufaleitir. Innri-Emstruá skiptir afréttinum í tvennt - Fremri og Innri Emstrur. "Fremur hafa

Emstrur þótt gróðurlitlar, og ekki er þar hesthagi nema á Súlufit, en hún er graslendi nokkurt undir Stórusúlu. Hún spilltist þó mjö í Kötlugosinu 1918, því ð þá fékk allur gróður á Emstrunum mikið áfall. / En þótt gróðurinn láti ekki mikið yfir sér, er hann mjög kjarngóður. Þangað mun hafa verið rekið allt að 900 fjár, en mátti víst ekki fleira vera. Þóttu lömb þaðan mjög væn og hraust og fóðrast mun betur en úr heimahögum." GR I, 205

**RA-653:001** gata leið
"Suðvestan undir Stórusúlu eru afar fornir og miklir götutroðningar." - "Þar hefir því einhverntíma verið alfaraleið, þótt nú þyki með ólíkindum."
- GR I, 205
**RA-653:002** heimild ferja
"Lengi var hafður bátur á [Markarfljóti], þar sem það er lygnst og rennur á svonefndum Eyrum undir Stóra-Grænafjalli." - "Voru lömb, menn og farangur ferjað þar yfir, en [206]stundum mun báturinn hafa verið dreginn milli landa með vað, ef mikið þurfti að flytja, en þá varða fyrst að róa yfir fljótið með vaðinn. Laust fyrir 1880 [druknuðu þarna tveir menn sem voru að róa með vaðinn] ... Ekki er ósennilegt að þetta sviplega slys hafi flýtt fyrir því, að farið var að hugsa um að setja kláfferju á fljótið; það komst í framkvæmd rétt eftir aldamótin ... hefir kláfferjan síðan verið notuð."
GR I,205- 206. Brú var sett á fljótið skammt fyrir neða kláfferjuna 1978 - GR I, 211
**RA-653:003** heimild Hattafellsgil náttstaður
"Lét [fjallkóngur] tvo menn fara með trússhesta og farangur í Hattfellsgil. Skyldu þeir tjalda, gæta hestanna og hlaða upp fjárréttina, en þar er náttstaður Emstrumanna." - "Nú [um 1945] hefir annað þarft mannvirki verið byggt á Emstrum, en það er skýli fyrir menn og hesta í Hattfellsgili." - GR I, 206. Nýr skáli var byggður 1963, en eldri skálar, sem þar eru tveir, notaðir fyrir hesta leitarmanna -
GR I, 208, 211
**RA-653:004** hleðsla rétt
"Lét [fjallkóngur] tvo menn fara með trússhesta og farangur í Hattfellsgil. Skyldu þeir tjalda, gæta hestanna og hlaða upp fjárréttina, en þar er náttstaður Emstrumanna." Nú er kominn skáli í Hattfellsgili og er væntanega enn rétt þar -
GR I, 206, 208

# Rangárvallahreppur

## Laufaleitir RA-663

Laufaleitir eru afréttur Rangvellinga. Austurmörk eru um Mælifellssand, austan um Mælifell, Strút og í Hólmsá. Norðurmörk eru hábunga Torfajökuls og þaðan lín um hætu fjöll í Laufafell. Ekki er skýrt afmarkað milli Landmanna og Rangvellinga um Reykjadali þó þeir tilheyri frekar Landmönnum. Suðurmörk eru Mýrdalsjökull, þá Bláfjallakvísl-Kaldaklofskvísl í Markarfljót þar til Hvítmaga rennur í það og með henni upp í Tindfjallajökul. Laufaleitir eru tvö leitarsvæði; Austurfjall og Vesturfjall, hvort með sinn fjallkóng

**RA-663:001** heimild Lambadalur náttstaður
"Lambadalur er tangi, sem afmarkast af Rangá að vestan en Valá að sunnan. Að norðan og austan eru Dalöldur."
"Þarna er nokkuð graslendi, sem hestum er beitt á, en upp af tjaldstaðnum er löng og falleg brekka lyngi gróin og finnaskeggi. Heitir hún Dalabrekka. Þar er gott berjaland eins og raunar víðar á afréttinum." - "Frá Fossi og Rauðnefsstöðum héldu fjallamenn inn í Lambadal en hann er syðst á afréttinum ... Þarna voru saman komnir 13 menn með 3-4 tjöld." GR I, 229. Í Lambadal var einnig legið síðustu nóttina á leið af fjalli -
GR I, 229, 230, 242
**RA-663:002** heimild Dalsrétt rétt
Í Lambadal. Rétt niðri í dalnum notuð til að geyma safnið síðustu nóttina eftir að komið er af fjalli en áður en rekið er yfir Rangá
- GR I, 242
**RA-663:003** heimild Kerling manndómsraun
Stór klettur við veginn innarlega á sandhraunsbelti austan við Blesá. "... þykir ekki viðeigandi annað, er menn fara þar um í fyrsta sinn, en að kerlingu sé sinnt, enda munu margir þar gert hafa. Sýna það börn hennar mörg, þótt úr grjóti séu, er standa umhverfis hana."
GR I, 231, 239
**RA-663:004** heimild manndómsraun
Einstakur klettur við veginn niður á andi í Hungurskarði - “Áttu þeir menn, er í fyrsta sinn fóru til fjalls, að klifra upp á klett þennan á vissum stað á skinnsokkum og með vettlinga á höndum. Skyldu þeir eigi teljast fjallfærir, sem ekki gátu leyst þessa þraut, en mörgum reyndist hún torleyst, þótt kletturinn sé varla yfir þrjár mannhæðir, svo slútir hann fram yfir sig. Ekki munu menn þó hafa verið gerið afturreka af fjalli, þótt þeir sigruðu ekki klett þennan."
GR I, 231, 239
**RA-663:005** örnefni Reiðskarð
Reiðskarð er á leið gangnamanna inn á Laufaleitir. Það er á milli tveggja ölduhnúka austan við Hungurfitjar
Hkort; GR I, 231
**RA-663:006** heimild Hvítmöguból náttstaður
Rétt hjá graslendi þar sem Hvítmaga fellur í Markarfljót. "Rétt hjá er ból, sem oft var legið við í seinutu leitum, og þótti betra en úti, þótt kalt væri og óvistlegt. Heitir það Hvítmöguból." GR I, 231.
1928: "Ból þetta er skúti undir berg, allstór ummáls, en svo lágur, að menn gátu eigi setið þar réttum beinum, heldur urðu að hallast á hlið eða liggja endilangir. Hlaðið hafði verið fyrir op skútans, en hleðslunni hætti til að síga frá berginu, svo að stórar rifur urðu á milli." Notað í eftirleit 1896 - Skammt frá þessum stað, í s.k. Krók var reist sæluhús eftir 1928 og er þar geymt hey sem gangnamenn taka með sér á fjall - "Á Króknum hefur verið byggður skúr. Þar er rúm fyrir hesta í öðrum enda, en menn í hinum. Þar er gist í seinni leitum." - "Lengi var svo á Króknum, að standa yrði yfir safninu alla nóttina, því að ekkert aðhald var fyrir nema Markarfljót á einn veg. Skiptust þá Austurfjalls- og Vesturfjallsmenn á að vaka hálfa nóttina hvor flokkur ... Áður var það einnig siður að binda hestana á streng, tvo og tvo saman, gefa þeim í hauspoka og breiða yfir þá. En nú er komin girðing á Krókinn fyrir fé og hesta."
GR I, 232, 240, 243, 246, 251
**RA-663:007** heimild Krókur ferja
Krókur heitir austan við Faxa þar sem Hvítmaga fellur í Markarfljót. Krókur er 6 tíma ferð úr Lamabadal. Þar var áður farið yfir Markarfljót með fráfærnalömb á báti á vorin "og var bæði seinlegt verk og vont, því að fljótið er þarna alls staðar straumþungt og fellur víða

þröngt."  Á þessum stað var síðar komið fyrir lausabrú "Eru fjögur tré, um 8,5 m löng, lögð milli klappa yfir fljótið, og eru timburflekar lagðir ofan á.  Þarna er fé rekið yfir hasut og vor, en brúin ætíð tekin af þess á milli."

1928 lá enn spýtnabrak úr bátinum ´árbakkanum og notuðu eftirleitarmenn spýtnabrakið sem eldivið til að halda á sér hita í Hvítmögubóli

- GR I, 231-32, 251.

**RA-663:008** tóft Hvanngil sæluhús

Hvanngil er austan undir Ófæruhöfða - tjaldstaður og eftirleitakofi.  "... langur og mjór dalur, að mestu gróinn í botninn, en umkringdur háum fjöllum." - "Þarna er nátttaður fjallmanna [aðra] nótt. ... Þegar fjallmenn hafa tjaldað, flutt hesta í haga og fengið sér hressingu, er farið að aðgæta fjárrétt og hestarétt, sem þarna eru, svo allt verði í fullu lagi í bakaleiðinni. / Í Hvanngili er sæluhús, sem legið er í, þegar illviðri eru og í eftirleitum, en annars nota fjallmenn tjöld sín." GR I, 234 - Í Hvanngili hefur verið byggt hús sem rúmar yfir 30 hesta, en svefnloft er þar yfir - GR I, 243 - Nú kofarúst -

LM Rang, GR I, 233-34

**RA-663:009** heimild rétt

Fjárrétt í Hvanngili "[í Hvanngili] er náttstaður fjallmanna [aðra] nótt. ... Þegar fjallmenn hafa tjaldað, flutt hesta í haga og fengið sér hressingu, er farið að aðgæta fjárrétt og hestarétt, sem þarna eru, svo allt verði í fullu lagi í bakaleiðinni."

GR I, 234 sbr 238

**RA-663:010** heimild rétt

Hestarétt í Hvanngili. "[í Hvanngili] er náttstaður fjallmanna [aðra] nótt. ... Þegar fjallmenn hafa tjaldað, flutt hesta í haga og fengið sér hressingu, er farið að aðgæta fjárrétt og hestarétt, sem þarna eru, svo allt verði í fullu lagi í bakaleiðinni."

GR I, 234 sbr 238

**RA-663:011** örnefni Skiptingaralda

Skiptingaralda er norðan við Mælifellssand, undir hlíðum Torfajökuls.  3. tíma lestagangur úr Hvanngili.  Hér æja leitarmenn, fjallkóngur skipar í leitir og þær hefjast á þessum stað

- GR I, 235

**RA-663:012** heimild Strútsrétt rétt

Náttstaður og rétt í Hólmsárbotnum sem eru austan undir Torfajökli, austast á Laufaleitum.  "Hesthagar eru grænir og loðnir eins og í Landmannalaugum." GR I, 236.  "Hitalaug eða hver er skammt frá Strútnum.  Nefnist hún Strútslaug."  Í Hólmsárbotnum er rétt og náttstaður leitarmanna hina 3. nótt.  Þangað komu Álftveringar og Tungumenn og drógu úr fé sitt - Rangvellingar lágu í tjöldum þá einu nótt sem þeir voru undir Strút og þurftu Tungumenn stundum að gista þar - GR I, 146.   "Samtími því að Rangvellingar fóru réttarferði á Álftaversafrétt, sóttu Álftveringar og Skaftártungumenn fé sitt til Rangvellinga í rétt við Strútslaug, sem er sunnan undir Torfajökli.  En fyrir 60-70 árum [um 1945] var því hætt af Álftveringum, og tóku þ´Skaftártungumenn að sér að hirða fé Álftveringa ásamt sínu eigin fé, sem þar var í Strútsrétt."

GR I, 146-47, 163, 235, 236, 237

**RA-663:013** Móhella

"...út með Strútsöldum, er kennileiti eitt sérkennilegt, sem Móhella heitir.  Er það há og þunn mógrýtis eða þursabergshella, sem stendur upp úr sandfletinum austan við Kaldaklof.  Eru ótal göt í gegnum hellu þessa, sem fjallmenn hafa borað að gamni sínu."

GR I, 237

**RA-663:014** heimild mannabein

Á Mælifellssandi, suðvestan við Móhellu.  "Skammt í suðvestri [frá Móhellu], á Mælifellssandi, er um mjaðmarhár móbergshamar á lágri sand- [238] öldu.  Stormar hafa kastað frá honum möl og sandi að norðan og myndað þar talsverða skál í ölduna.  Þarna urðu fjórir Skaftfellingar úti 1868 eins og segir frá í 1. hefti Íslenzkra sagnaþátta Guðna Jónssonar.  Fundust bein þeirra þarna 10 árum seinna." GR I, 237-38

RA-663:015 heimild rétt

í Þvergili austan í Sléttafelli, vestan við Kaldaklof.  Í Þvergili "er rétt, hlaðin undir berg.  Þarna er allt safnið [austan af Strút og Strútsöldum] rekið inn og skoðað."  áningarstaður leitarmanna.

GR I, 238 Sama og 'réttarbrot við Strútslaug'? - LMRang

**RA-663:016** heimild Grashagi náttstaður

Grashagi eru grasi vaxnar hlíðar sunnan Torfajökuls og austan Markarfljóts - í Grasahaga eru heitar laugar og loðnir hesthagar.

Vesturfjallsmenn gista tvær nætur í Grashaga.  "Áður var fé það, er fundist hafði [fyrsta daginn], rekið suður í Sátu, alla leið suður fyrir Tvíeggjar, en nú er komin fjárheld girðing í Grashaganum."

- GR I, 239, 240, 245

**RA-663:017** hleðsla sæluhús

í Álftaskarði í grennd við Álftavatn vestan við Brattháls.  "Í Álftaskarði ... er eftirleitarkofi, bergskúti, sem hlaðið hefur verið fyrir.  Hafa margir aukaleitarmenn átti honum líf að launa.  Á kofabergið hafa margir stungið fangamark sitt og ártal.  Sést það allt gjörla."

GR I, 240 - Ból - LM Rang

**RA-663:018** heimild Blesárból náttstaður

við Blesá. Eftirleit 1896: "Þeir félagar héldu svo sem leið liggur inn í Blesárból við Blesá, og lágu þar um nóttina, en að morgni skiptu þeir með sér leitum." GR I, 244  Gamalt grjótbyrgi var skammt frá bólinu og var það hresst við í eftirleitum 1928 -

GR I, 244, 252

**RA-663:019** heimild Hagafellskofi sæluhús

kofinn var norðan í Hagafelli, sem er nær beint suður af Laufafelli og skammt vestan Markarfljóts.Getið í sögu af eftirleitum 1896 - hvítveðraður hurðarfleki

- GR I,244,  245

**RA-663:020** varða Beinakerling

beinakerling á Fjallabaksvegi (Mælifellssandi)

HB Sumar, 13

# Holtamannahreppur

## Holtamannaafréttur RA-673

Holtamannaafréttur takmarkast af Þjórsá að vestan, Tungnaá að sunnan, Köldukvísl að austan og Fjórðungskvísl að norðan. Vestasti hluti hinna fornu Þjórsártungna. "Álitið hefur verið, að Landmannaafréttur hafi að fornu tilheyrt Landmönnum einum og Holtamannaafréttur bændum í Holtamannahreppi hinum forna. Eftir miðja 19. öld er nokkur breyting á orðin, því að þá eru nokkrir bændur úr Holtamannahreppi farnir að reka fé sitt á Landmannaafrétt, og bændur í Landssveit reka þá almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst. Um 1890 var Holtamannahreppi skipt í tvo hreppa. Ákváðu þá hreppsnefndir hinna nýju hreppa, að Holtamenn skyldu reka á Landmannaafrétt en Áshreppingar á Holtmannaafrétt. Hefir sú tilhögun haldist síðan, þó að eigi hafi hlotið samþykki Landmanna." GR I, 257. (ATH dóm um Holtamannaafrétt 1476) Guðjón Jónsson í Ási telur líkur til að "upprekstur þangað hafi hafist seinna en á flesta eða alla afrétti ... sunnanlands sökum fjarlægðar hans úr byggð og erfiðra notkunaraðstæðna. Um 80 km eru inn að honum úr þeim sveitum , sem ahnn hafa notað, og inni við hann er stórt straumhart vatnsfall, Tungnaá, sem verður að flytja allt féð yfir á bátum, bæði þegar það er rekið á vorin og sótt á haustin." GR I, 300

"Afrétturinn er bungumyndað hálendi og er mestur hluti hans gróðurlausar grjót- og sandöldur. ... Neðst í hlíðum [Búðarháls] á þrjá vegu: austan, sunnan og vestan, er samfelldasta og mesta graslendi afréttarins. Þegar því og Hálsinum sleppir, er afrétturinn öldótt sandauðn fyrstu 20 km en þá koma allstór mýrarver á milli sandaldanna, ásamt mosateygingum meðfram kvíslum, sem víða renna úr verunum. / Stærst veranna eru: 1. Stóraver, 2. Biskupsþúfuver, 3. Eyvindarverið fremra, 4. Háumýrar, 5. Svörtubotnar, 6. Hnausaver, 7. Krókaver, 8. Illugaver." GR I, 301. - Á Holtamannaafrétti var farið í grasa- og rótarfjall í Bása og Hvanngil og var þá farið yfir Tungnaá á Tangavaði - GR I, 322.

**RA-673:001** tóftaþyrping Eyvindarkofi útilegumannabústaður Friðlýstar minjar.
Á lækjarbakka austarlega í Eyvindarveri sem er graslendi norðan við Eyvindarkvísl og Þúfuver. Kofarnir eru rétt vestan við Sprengisandsleið - ÚAT, 98

Í Eyvindarveri er mikið graslendi og þar skiptast á brokflóar og starartjarnir ... Bæjarstæðið virðist ekki hafa verið gott sökum votlendis ..." ÚAT, 98 "Sumarhagar eru ágætir í Eyvindarveri, og jafnvel eru þar sumstaðar einhverjar snapir að vetrarlagi. Þess er t.d. skammt að minnast, að hestur gekk úti í Arnarfellsöldu, sem er gegnt Eyvindarveri hinum megin Þjórsár. Eflaust hefur Eyvindur einnig getað heyjað eitthvað í verinu." ÚAT, 106

Dagók Einars Brynjólfssonar 7. ágúst 1772: "Þoka um morguninn, en er henni létti, tókum við okkur upp frá Biskupsþúfu ... Þegar við höfðum farið yfir lækjarsprænu, sem rennur norðan við þúfuna, og skammt komnir, sáum við nokkrar kofatóttir. Þaðan riðum við þrír saman og gengum úr skugga um, að kofarnir hefði verið fimm, veggir fremur vel hlaðnir, og þóttumst við mega ráða af ýmsum vegsummerkjum, að í þeim hefði verið búið um vorið." HH I, 44-48. Lýsing Stefáns Stefánssonar sem fór Sprengisandsleið um 1840: "Þar var að sjá sem ein tótt, að utan hlaðin úr hnausum, en að innan virtust honum tóttirnar verið hafa fjórar, nálægt faðmi á lengd hver þeirra, og veggir og göng á milli og útidyr á öllum, veggir meðalmanni í öxl, þar sem hæst var, og hólf í veggjum innanverðum af smáhellum. Uppsprettuvatn rann undan skálatóttunum á þrjá vegu, og í þeirri vatnsrásinni, er til útnorðurs rann, voru mörg hrossbein og nokkuð af fuglabeinum. Þar hafa og fundizt kindabein. Það er sagt, að um hin síðustu aldamót [um 1800] hafi Bárðdælingar fundið páog reku í tóttum þessum og flutt heim með sér. Þóttu þau mjög haglega gerð og smíðað eftir þeim." Endursögn Páls Melsteð í Íslendingi 1861-62; Að mestu samhljóða lýsing hjá Birni Gunnlaugssyni í Um stöðvar útilegumanna. Daniel Brunn var á ferð 1897: "Bústaður hans var vesæll moldarkofi, sem nú er sokkinn í jörð. Við reyndum að létta af hinni leyndardómsfullu hulu, sem hvílir yfir ögninni, með því að grafa kofann upp. Það kom í ljós, að kofinn var eingöngu byggður úr grjóti með torflögum á milli. Hann var 10 skrefa langur og álíka breiður og mjög óreglulegur í lögun. Gegnum bæjardyr var komið inn í mjög lítið aðalherbergi, og bak við það var annað enn minna. Með mjög haglegu móti voru veggirnir látnir hallast inn á við að ofan, svo að herbergið að lokum laukst saman við það, að steinarnir snertu hver annan næstum eins og í hvelfingu. Óskaplega lágt og þrögt var þar, gluggar voru engir, og hér hlýtur lífið að hafa verið afar ömurlegt. / Í kofunum fannst mikið af beinum, sem voru klofin af manna höndum. Mest voru það álftabein og kindabein. Álftirnar höfðu Eyvindur og kona hans augljóslega veitt úti í verinu um verptímann, en kindunum stálu þau af afréttum. Vatn sprettur upp fast við kofann, en það er ekki heitt." DB: Fjældveje gennem Islands indre Höjland (Turistruter paa Island IV): 140-42 ATH "Erfitt er að koma lýsingu Brunns heim við kofana, eins og þeir eru nú. Enda virðist lýsing hans fremur miðast við hugmyndir hans sjálfs um, hvernig kofarnir hafi verið í upphafi, en ásigkomulag þeirra er hann gróf þá upp. ... Um eitt atriði virðist Bruun hafa misminnt. Það er þegar hann segir, að veggirnir séu að mestu hlaðnir úr grjóti. Nú er sáralítið grjót í rústunum, og sízt af öllu hefur það verið fjarlægt við uppgröftinn. Hinsvegar gefur uppdráttur Bruuns allglögga mynd af lögun tóttanna. Hið helzta, sem skilur hann frá útliti þeirra nú, er þverveggurinn, sem skiptir aðalhúsi rústanna í tvennt. Hann er ekki lengur til, og hefur honum sennilega verið mokað burt, er Bruun gróf kofann upp." ÚAT, 104. Dagbók Gísla Gestssonar 26.8.1953: "Nr. 1 hefur verið brunnhús. Þar voru í gólfhæð hellur, og er þeim var lyft upp, reyndust þær vera lagðar yfir lind. [105] Lindin kemur upp á yfirborð jarðar 3-4 metrum norðan við rústina og virðist vera byggt yfir hana alla leið. Að minnsta kosti voru hellur yfir henni fyrir framan dyrnar á kofanum, sem merktur er nr. 2. Lokræsi þetta ætti því að ligja undir vesturvegginn á þeim kofa. Nr. 2 er langstærsti kofinn í rústunum. Norðarlega í honum eru á tveim stöum upphækkanir úr torfi, sem virðast vera leifar af millivegg þeim, er Daníel Bruun sýnir á uppdrætti sínum, en hefur verið mokað burt við uppgröftinn. Gólfið í þessum kofa er mjög blautt og hefur alltaf verið það, ef dæma má eftir hæð yfirbyggðu lindarinnar. Grunnvatn mýrarinnar er aðeins 50 cm undir yfirborði í þessum kofa. Nr. 3 er lítill kofi, sem ekki hefur verið grafinn upp áður. Þar fundust leifar af bæli, þ.e. lyng- og graslag, sem var um 2,20 m á lengd, en ekki yfir 1,40 m á breidd. Í veggjum var nokkuð af beinum, sem hefur verið stungið í þá innanfrá. Á milli 2 og 3 lágu göng, krókbogin og þröng. Niðri í þeim var töluvert af grjóti, og náði það alldjúpt niður. Virtist sumt af því sett þar til varnar gegn bleytu. Sumt kann að hafa verið þakhellur. Nr. 4 er stór lind, og í henni mikið af beinum, einkum hrossbeinum. Nr. 5 er rof- eða moldardyngja, líklega mynduð við uppgröft Bruuns. [106] Eftir því, sem næst verður komizt, hefur húsaskipun Eyvindar litið út svo sem myndin sýnir [uppdr ÚAT, 106]. Hafa þá kofarnir verið fjórir eða fimm, séu göng talin með ... Hins vegar sýnist nú vera harla ólíklegt. að það geti verið rétt hjá Stefáni, að útidyr væru á öllum kofunum." ÚAT, 104-106. ÓB telur að E+H hafi flutt sig í Innra-hreysi þar sem þó er verra til búskapar vegna þess hve nálægt Sprengisandsleið Eyvindarkofi er, og jafnvel að bæjarstæðið þar hafi reynst óbyggilegt til lengdar sökum bleytu - ÚAT, 107 Árb 1898; ÚAT, 105, 106

**RA-673:002** 2 tóftir Innra-Hreysi útilegumannabústaður
"Um 8 kílómetra í norðaustur af rústunum í Eyvindarveri [RA-673:001] eru leifar af ... Innra-Hreysi. Það er í dalverpi milli melaldna ... [99] Fast norðan við rústirnar rennur á, sem dregur nafn af hreysi Eyvindar og er nefnd Hreyiskvísl." ÚAT, 98-99. Rústirnar munu fara undir vatn þegar Kvíslaveita er fullgerð (1985) " Það er í dalverpi milli melaldna. Útsýni er þar ekkert og staðurinn sést hvergi af alfaraleið. ... Við Innra-Hreysi er graslendi sæmilegt, en lítið að víðáttu ..." ÚAT, 98 GG ath 27.8.1953; GG 1983ÚAT, 107-108. Dagbók Einars Brynjólfssonar 7.8.1772: "[fundu Eyvindarkofa] Síðan lögðum við upp á Sprengisand og komum þá brátt á troðna og breiða slóð. Þóttumst við geta greint spor fjögurra manna ... Brátt komum við að smálæk með dálitlum grasteygingum báðum megin. Með honum lá brautin, og fylgdum við henni, unz við komum auga á nokkura kofa, og skammt þaðan var strjálingur af búfé ..." ÚAT, 100 [ en fjórir hestar voru í hafti fjær kofunum. E+H handtekin og færð til Reykjahlíðar en á suðurleið komu þeir Einar enn við í Innra-Hreysi] og færðu til byggðar frá hreysinu það, sem þeir fundu fémætt, nefnilega skinn, beðjardýnu og nokk- [102] ura skinnbjóra og tágakörfu, en páli, potti, kjöti, mör og

axarkjaggi var sá burthlaupni Eyvindur búinn að ná, þá að norðan komu." Úr bréfi frá Sigurði Sigurðssyni landþingsskrifara 18.8.1772 til Þorsteins Magnússonar sýslumanns Rangvellinga í HH I, 49. Úr dagb. Gísla Gestssonar 27.8.1953: "Þar er aðeins ein greinileg kofarúst, sem merkt er nr. 2 á uppdráttinn. Virðist kofinn hafa verið 1,70 m á lengd, en breidd ekki minni en 1,25. En nú vantar með öllu norður-[108] vegg kofans, sem vissi út að kvíslinni. Ef til vill hefur hann verið felldur. Í gólfi er ármöl, en ofan á henni torfa, en ekki gólfskán. Enda er þess varla að vænta, þar eð Eyvindur var nýlega fluttur í hreysið, þegar hann var tekinn. Við 3 voru aðeins undirstöður veggjar, en við 5 var veggurinn 65 cm hár. Allar hleðslur voru úr grjóti. Nr. 1 er grjótflekkur, sem gæti verið leifar af kofa. Þar nálægt fannst hausbein úr kind. Nr. 4 er Hreysiskvísl. / Þar sem Einar Brynjólfson talar um nokkra kofa við Hreysiskvísl, verður að ætla, að kofarnir hafi ekki verið færri en þrír. Er því sennilegast, að einhverjir þeirra hafi lent í kvíslinni, þar eð nú eru ekki sýnilegar menjar eftir fleiri en tvo kofa, þó að grjótflekkurinn sé talinn með. / Ekki hafa fundizt þarna neinir munir, svo að vitað sé." ÚAT, 107-108. ÚAT, 107 ÚAT, 101

**RA-673:003** þjóðsaga útilegumannabyggð
í Köldukvíslarbotnum upp við Vatnajökul, suðaustan við Vonarskarð ath þjóðs

**RA-673:004** heimild ferja
Bátar við Hald í Tungnaá, við Tungnaárflutning sem er á.a.g. 6-7 km frá ármótum Þjórsár og Tungnaár, innst á Ferjufit á Landmannaafrétti "Sunnan megin árinnar er 5-6 m hár stuðlabergshamar. Í honum er brött klauf eða skora, sem farið er um með allan farnagur , sem fluttur er. ... Norðan megin árinnar er hallandi graslendi, Stóra-Hestatorfa, en mjó sandeyri meðfram ánni. ... Á ferjustaðnum er áin um 110-112 m breið, straumþung og kaststrengur í henni sunnan til."

1772: bátur við Tungnaá og eiga hann nokkrir bændur í Holtum. Fá þeir 1 lamb fyrir hver 20 sem flutt eru yfir ána á honum - Ferðaskýrsla Einars Brynjólfssonr um Sprengisandsleið. 1775: Bátur á Tungnaá - SP Ferðabók - GR I, 323. "Elstu menn, sem nú [um 1945] lifa og sjálfir fóru í leitir á Holtamannaafrétt strax eftir fermingu, segja, að þegar þeir fóru fyrst til fjalls, hafi 3 bátar verið við flutninginn, og að forfeður þeirra hafi sagt, að svo hafi verið í þeirra tíð, 2 bátar nokkuð stórir, oft nefnt skip, og 1 minni. Þeir þurftu að vera með sérstöku lagi, breiðir og flatbotnaðir, svo að þeir rúmuðu margar kindur og flytu vel á grunnu vatni við löndin. Árið 1894 smíðaði Kristján Pálsson bóndi á Borgartúni í Þykkvabæ nýjan bát, ágætt skip. Á honum var hægt að flytja 60 fráfærulömb, eða 35 kindur fullorðnar. Um aldamótin smíðaði Kristján annan bát, lítið minni. Þriðji báturinn er minnstur, [325] notaður þegar lítið þurfti að flytja, svo sem þegar kindur voru reknar úr Sultartanga ... Eins þegar farið var í eftirsöfn og þriðju leitir. / Tveir menn réru hvorum hinna stærri báta, nema ef mikill stormur var, þá kom fyrir, að fjórir yrðu að róa. Einn maður sat í skutnum og gætti þess, að kindurnar færu ekki upp úr bátnum. Kindurnar voru handlangaðar að bátnum (maður rétti þær manni). Við bátinn stóðu tveir menn, hvor móti öðrum; þeir tóku undir kindina og lyftu upp í bátinn. Eftir síðustu aldamót var smíðaður timburfleki með þéttum þverrimlum. Var annar endi hans látinn standa upp á borðstokkinn á bátnum og kindurnar látnar ganga hann upp í bátinn. Þetta þótti bót frá því, sem áður var, en féð var hálftregt að gnaga flekann." GR I, 324-25. Bátarnir voru eign sveitarinnar - GR I, 304-305 "Þjóðsaga er til um það, að Þorlákur helgi hafi vígt þennan ferjustað við Tungnaá - GR I, 326
GR I, 304, 323-26

**RA-673:005** heimild rétt
Uppi á hamrinum sunnan Tungnaár við Tungnaárflutning, er fjárbyrgi, sem rúmar 12-14 þús. fjár, hlaðið úr hraungrjóti - Þegar leitarmenn komu að Tungnaárflutningi lét fjallkóngurinn menn hlaða upp byrgin og lagfæra færigrindur - GR I, 304. Í byrgið á syðri bakkanum var fjársafnið sett á haustin, jafnóðum og það var ferjað suður yfir ána og látið vera þar næstu nótt -
GR I, 304, 324

**RA-673:006** heimild rétt
Aðhald fyrir fé á norðurbakka Tungnaá´r við TungnaárflutningGR I, 304, 324 Þegar leitarmenn komu að Tungnaárflutningi lét fjallkóngurinn menn hlaða upp byrgin og lagfæra færigrindur - GR I, 304. Aðhaldið norðanmegin var úr blágrýti -
GR I, 324

**RA-673:007** heimild sæluhús
Leitarmannakofi er innan við Tungná hjá Tungnaárflutningi
- GR I, 304

**RA-673:008** heimild hlóðir
Hlóðir á berangri við tjaldsstað norðan Tungnaár hjá Tungnaárflutningi
GR I, 304

**RA-673:009** heimild rétt
Hestarétt byggð 1901 sunnan megin Tungnaár hjá Tungnaárflutningi, um 50 m frá fjárbyrginu á hamrinum -"Venja var að skilja nokkuð af heyi eftir við ána til að gefa hestunum nóttina, sem verið var við ána á frameftirleið. Þá voru þeir byrgðir í rétt, sem byggð var 1901 sunnan megin árinnar. Reynt var að skilja þar eftir mat til að létta á klyfjahestunum, en ekki gafst það vel. Hagamúsin var ásækin í hann og hann skemmdist meira en sá matur, sem fluttur var með sér."
GR I, 305, 323

**RA-673:010** heimild sæluhús
Leitarmannakofi á Klifshagavöllum
Þar eru rýrir hesthagar - GR I, 305. "Leitarmannakofi var byggður þar nokkru fyrir s.l. aldamót." - GR I, 305. Þriðji náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið "Þar vað þá að gefa hestunum hey, því að hagar voru bitnir af fallhestunum á inneftirleið."
GR I, 305, 307

**RA-673:011** heimild Svörtubotnar náttstaður
Tjaldstaður í Svörtubotnum "Þar er blautt mýrarver með starar- og brokgróðri og smátjörnum." Innsti tjaldstaður á austurhluta Holtamannaafréttar. Þar sameinuðust undanreiðarmenn meginliðinu - GR I, 306

**RA-673:012** heimild Innra-Hreysi náttstaður
Tjaldstaður og rétt við Eyvindarhreysi Innra (Innra Hreysi). Á þessum stað gistu 6 undanreiðarmenn sem smöluðu Vesturkrók innan við Svörtubotna þar sem þeir sameinuðust meginliðinu. GG segir í Árb 1983, 103, 107 að fornleg rétt sé norðan Hreysikvíslar, andspænis Innra-Hreysi. Telur hann vafa leika á hvort hún hafi verið fjárrétt og stingur upp á að hún gæti hafa verið heimilsrétt þeirra Eyvindar. Hermann Guðjónsson í Árb 1984, 100 segir hinsvegar að rétt þessi hefði lengi verið talin hluti af tjaldstæðinu eða allt frá því að smölun hófst á þessum hluta afréttarins nálægt miðbiki 19. aldar. Vitnar hann um þetta til manna sem voru fæddir á árunum 1863-78 og sem voru samtíma þeim eldri mönnum sem voru brautryðendur um leitir á þessu svæði. "Réttin var notuð fram á fjórða tug þessarar aldar, eða þar til mæðiveikin fór að herja á sauðfé Áshreppinga ... Var þá annar háttur tekinn upp við smölun [afréttarins] og þessi tjaldstaður lagður niður. Síðast gistu réttina tvær kindur norðan úr Skagafirði, sem fundust á Háumýrum í haustleitum 1934."
- GR I, 306; Árb 1984, 100

**RA-673:013** heimild sæluhús
Leitarmannakofi í IllugaveriGR I, 307 Annar náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið

- GR I, 307

**RA-673:014** heimild Byrgistorfur náttstaður
Byrgistorfur eru austan undir Búðarhálsi á bili þar sem Kaldakvísl rennur í Tungnaá "Þar eru tvær litlar valllendistorfur með góðum hesthaga."
GR I, 307-308 4. náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið

**RA-673:015** tóft Biskupsþúfa sæluhús
Biskupsþúfa er í Þúfuveri norðan við Sóleyjarhöfðavað - áningarstaður á Sprengisandsleið "Eru hagar góðir í verinu. Biskupsþúfa ... er há, bungumynduð malaralda með lyng- og mosagróðri í hlíðunum neðanverðum, en sléttum valllendisgrundum fyrir sunnan og vestan." - GR I, 308 GR I, 308 Áningarstaður á Sprengisandsleið þegar Þjórsá var farin á Sóleyjarhöfðavaði. "Talið er að biskuparnir hafi hafi haft þarna náttstað fyrr á öldum, þegar þeir ferðuðust milli Suður- og Austurlands, og af því sé nafnið komið. Vottar þar enn fyrir fornu tóttarbroti, sem á að vera leifar frá þeim tíma."
GR I, 308

**RA-673:016** heimild Þúfuver náttstaður
Tjaldstaður vesturleitarmanna. Virðist sami staður og RA-673:015
GR I, 308

**RA-673:017** heimild Hvanngil náttstaður
Hvanngil eru við Þjórsá gegnt Loðnaveri á Gnúpverjaafrétt. í Hvanngil vareinnig farið á rótar- og grasafjall. Tjaldstaður vesturleitarmanna aðra nótt á frameftirleið
- GR I, 322, 308

**RA-673:018** varða Þrívörður samgöngubót
3 háar grjótvörður á öðrum af tveimur stöðum þar sem farið verður niður hamrabrúnina á efsta pallinum í Básum norðvestan í Búðarhálsi -

GR I, 309

**RA-673:019** örnefni Manntapahella
"... alllöng, slétt grágrýtishella, er liggur skáhallt niður að og ofan í Þjórsá." Í Neðstugöngu vestur með Búðarhásli -"Úr berginu fyrir ofn hana seytlar alltaf vatn á hana, sem heldur henni feikilega sleipri. Sagt er, að nokkrir Neðstugöngumenn hafi freistast til að stökkva hana til að tka af sér langan og erfiðn krók, en runnið ofan í Þjórsá ... Dregur hellan nafn sitt af því. Herma munnmæli, að 18 menn hafi farist á Manntapahellu."
GR I, 310

**RA-673:020** heimild Einistorfur náttstaður
Einistorfur "eru niður undir Þjórsá, vestan í Búðarhálsi framarlega." - Síðasti tjaldstaður vesturleitarmanna á frameftirleið áður en komið er að Tungnaárflutningi. "Í dimmviðri og þoku (en hún er oft á Hálsinum) er vont að finna Sniðin [sem er bratt og gróið mosaklif skammt innan við tjaldstaðinn], en annarsstaðar er ómögulegt að komast með hesta niður af Hálsinum í tjaldstaðinn."
- GR I, 310

**RA-673:021** örnefni Búðarháls
Búðarháls er neðsti hluti Holtamannaafréttar og eftir honum liggur Sprengisandsvegur niður á Rangárvelli Heimild um búð eða búðir

**RA-673:022** heimild náttstaður
Í eftirleitum var tjaldað "niður við Þjórsá skammt innan við Búðarhálsfoss (Dynk)."
GR I, 313

**RA-673:023** gata leið
"Gamlar, grónar götur, ... liggja margar hlið við hlið efst í Hestatorfu í stefnu vestur yfir Blautukvísl að Tangavaði." á Sprengisaandsleið
GR I, 322

**RA-673:024** heimild Tangavað vað
Tangavað er neðsta vað á Tungnaá. Þegar það var farið, var haldið rétt ofan við smáhólma í ánni um miðjan Sultartanga, sem er syðsti oddinn, milli Tungnaár og Þjórsár." - "Tangavað mun haf verið lengi aðalvaðið yfir ána, þegar farin var leiðin um Sprengisand eða Vonarskarð. Eins þegar farið var á grasa- eða rótarfjall á Holtamnnaafrétt ... Á því vaði fór Sveinn Pálsson 1795, er hann fór til Veiðivatna. Lítið farið síðan um 1880." GR I, 322 Þegar trippi voru enn rekin á Þóritungur (fyrir 1881) voru þau rekin yfir Tungnaá á Tangavaði - GR I, 323. sbr. örn Vaðfit á Landmannaafrétt sunnan við ána
GR I, 322

**RA-673:025** heimild brunnur
við TungnaárflutningGR I, 326 "Þjóðsaga er til um það, að Þorlákur biskup helgi hafi vígt þennn ferjustað við Tungnaá og brunn, sem þar var, en er nú samfallinn og týndur."
GR I, 326

## Þóristungur RA-674

Þóristungur eru miðhluti Þjórsártungna hinna fornu og takmarkast af Blautukvísl að austan, Tungnaá að sunnan og Köldukvísl að vestan. Norðurmörk eru óljós en leitarsvæði náði ekki lengra norður en á móts við Illugaver á Holtamannaafrétti. "[frá því um miðja 19. öld reka] bændur í Landssveit ... almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst ... Hross hafa eigi verið rekin á Þóristungur síðan 1881, en um annan stað er ekki að ræða fyrir hross á afrétt-[258] um þessum, og þau því síðan gengið allt árið í heimahögum. Smölun þeirra á afrétti er óþekkt núlifandi mönnum." GR I, 257-58 "Um og eftir miðja síðutu öld voru trippi rekin á Þóristungur og höfð þar á sumrin. Síðast voru þau rekin þangað árið 1881. Þau voru alltaf rekin yfir ána á Tangavði. / Þegar hætt var að reka trippi á Þóristungur, tóku 7 bændur úr Holtamannahreppi, nú Áshreppi, sig saman og ráku kindur þangað." - GR I, 323 Þóristungur "eru sandöldur með mýrarverum og allgóðum gróðri með kvíslum og giljum, sem mikil hvönn óx í að fornu, en er nú horfin að mestu. Þangað var farið á rótar- og grasafjall fram til 1880." - GR I, 300. Hvanngil heitir líka langt inn með Köldukvísl gegnt Sauðafelli á Holtamannaafrétti. - GR I, 317 Á Þóristungum eru víða örnefni sem minna á hestaafréttinn s.s. Trippavað á Köldukvísl við Miðtungur, Trippagil og Trippagilsalda inn með Köldukvísl - Herforingjaráðskort - Fjallagrös eru sunnarlega með Þórisvatni - GR I, 317 og heitir Grasatangi sem gengur út í vatnið í suðvesturhorni þess - DMA

**RA-674:001** heimild Þórisós náttstaður
Þórisós er við enda þess arms Þórisvatns sem er vestan við Útigönguhöfða og er hann affall úr vatninu í Köldukvísl. Þar undir hraunnefi er tjaldsstaðurinn "Hagi er sem enginn" - GR I, 317
Annar tjaldstaður leitarmanna, einnig notaður í eftirleitum
GR I, 313, 317

**RA-674:002** heimild rétt
"Hestarétt og fjár er" við tjaldstað hjá Þórisósi, sem er affallið úr Þórisvatni í Köldukvísl
GR I, 317
**RA-674:003** heimild Mðtungur náttstaður
Miðtungur eru vestast í Þóristungum, við Köldukvísl, sunnan við þar sem kemur krókur á hana til vesturs. Tjaldstaður - síðar færður innst í Fremstutungu.
GR I, 313, 316, 317
**RA-674:004** heimild Fremstatunga náttstaður
Tjaldstaðurinn var innst á Fremstatungu sem er syðst og vestast á Þóristungum gegnt Hrauneyjum. Tjaldstaður eftir að hætt var að tjalda á Miðtungu "Þar var betri tjaldstaður og skýlla fyrir hesta." Á þessum slóðum er sýndur kofi á Hkorti.
GR I, 316
**RA-674:005** heimild Útkvíslar náttstaður
Útkvíslar eru í suðausturhorni Þóritungna, suður undir Bólöldu, og heitir Tjaldkvísl þar sem tjaldstaðurinn er.
GR I, 313, 318, 341
**RA-674:006** heimild Byrgisver rétt
Byrgisver er vestan við Fremstutungu, vestast á Þóristungum. í Byrgisveri eru fjárbyrgi sem taka 12-14 hundruð fjár og er rekið í þau tvo síðustu gangnadaga.
GR I, 318, 319
**RA-674:007** heimild Þórisvatnsbotn náttstaður
við botn Þórisvatns "Upp úr vatnsbotninum er ekki hægt ð komast með hesta nema á einum stað, norðvestur af tjaldstað."
GR I, 317 tjaldstaður leitarmanna
**RA-674:008** heimild rétt
"lítið byrgi uppi í öldunni norðan við tjaldstað." í Þórisvatnbotni. Fé var rekið í byrgi þetta þá einu nótt sem leitarmenn gistu þar
GR I, 317.
**RA-674:009** heimild ferja
Bátur við ármótin þar sem Kaldakvísl rennur í Tungnaá

# Landmannahreppur

## Galtalækur RA-468

**RA-468:002** bæjarstæði Merkihvoll býli Friðlýstar minjar
Merkihvols-rústir hinar fornu. Þær eru um 4,3 km landnorður frá [Galtalæk], við veginn, upp með Rangá ytri að vestan. - einnig þinglýst sem fornleifar á Landmannaafrétti (Friðlýsingarskrá 67-68)

## Landmannaafréttur RA-683

Landmannaafréttur nær frá norðurhlíðum Heklu, um há-Torfajökul að Kirkjufellsvatni og ós, er úr því fellur í Tungnaá. Landmenn eiga einnig afrétt norðan við Tungnaá í Veiðivötnum (RA-684) en Tungnaá ræður merkjum við afrétti Holtamanna. - "Álitið hefur verið, að Landmannaafréttur hafi að fornu tilheyrt Landmönnum einum og Holtamannaafréttur bændum í Holtamannahreppi hinum forna. Eftir miðja 19. öld er nokkur breyting á orðin, því að þá eru nokkrir bændur úr Holtamannahreppi farnir að reka fé sitt á Landmannaafrétt, og bændur í Landssveit reka þá almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst. Um 1890 var Holtamannahreppi skipt í tvo hreppa. Ákváðu þá hreppsnefndir hinna nýju hreppa, að Holtamenn skyldu reka á Landmannaafrétt en Áshreppingar á Holtmannaafrétt. Hefir sú tilhögun haldist síðan, þó að eigi hafi hlotið samþykki Landmanna." GR I, 257

- Um ferjustaði og vöð á Tungnaá sjá nyrðri afréttina - Holtamannafrétt, Þóristungur og Veiðivötn. - Lambafit - stór grasflöt sem var með fram Helliskvísl, sem Lambafitjahraun frá 1913 dregur nafn sitt af, rann það yfir fitina og huldi með öllu. Hafði það verið siður Landmanna að sleppa þar fráfærulömbum á vorin, er þau voru rekin á fjall -- HB Sumar, 75-76

**RA-683:001** tóftir Áfangagil sæluhús
tóftir leitarmannakofa í Áfangagili vestan í Valafelli "... hestar una illa gróðrinum sem er að mestu þursaskegg, og vatn er þar eigi annað en smálind, er fellur niður gilið"-"Um mjög langa tíð hefir verið sæluhús í Áfangagili. Sér þar votta fyrir fornum tóttabrotum."
GR I, 253
**RA-683:002** heimild Áfangagil sæluhús
Leitarmannakofi frá 19. öld í Áfangagili vestan í Valafelli. "... hestar una illa gróðrinum sem er að mestu þursaskegg, og vatn er þar eigi annað en smálind, er fellur niður gilið" -"Fram um síðustu aldamót var þar afarforn torfkofi, borghlaðinn úr hnaus, og stæði sennilega enn ef eigi hefði blásið að utan fyrir hirðuleysi. Í honum gátu hafst við 4-5 menn. Eftir að kofi þessi hrundi, var byggður annar úr torfi og grjóti með járnþaki. Tekur hann sex menn á bálka og fjóra hesta." GR I, 253 Getið í frásögn af eftirleitum 1886 -
GR I,253, 336
**RA-683:003** heimild Áfangagil sæluhús
Leitarmannakofi frá um 1900 í Áfangagili vestan í Valafelli. "... hestar una illa gróðrinum sem er að mestu þursaskegg, og vatn er þar eigi annað en smálind, er fellur niður gilið" "Um mjög langa tíð hefir verið sæluhús í Áfangagili. Sér þar votta fyrir fornum tóttabrotum [RA-683:001]. Fram um síðustu aldamót var þar afarforn torfkofi, borghlaðinn úr hnaus, og stæði sennilega enn ef eigi hefði blásið að utan fyrir hirðuleysi. Í honum gátu hafst við 4-5 menn [RA-683:002]. Eftir að kofi þessi hrundi, var byggður annar úr torfi og grjóti með járnþaki. Tekur hann sex menn á bálka og fjóra hesta." GR I, 253. - "Hafi einhverjum ekki tekist að útvega sér tjaldrúm, leita þeir sér skjóls í kofanum, og þykir ekki vegsauki í fyrsta safni, og eru þeir kallaðir kofabúar." GR I, 259. - Kofarnir fyrst og fremst notaðir við eftirleitir.
GR I, 254
**RA-683:004** heimild Áfangagil náttstaður "
Tjöldin eru reist í hálfhring á sama hvamminum frá ómunatíð. Er hann bæði fagur og veðursæll." - "... hestar una illa gróðrinum sem er að mestu þursaskegg, og vatn er þar eigi annað en smálind, er fellur niður gilið" GR I, 253 sbr. 259 um óróa í hestum
GR I, 259

**RA-683:005** heimild Landmannahellir náttstaður
"Þegar komið er að Landmannahelli, reisa Hellismenn tjöld sín á bakka Helliskvíslar, niður og vestur af Hellisdyrum." - "Há og svipmikil fjöll eru umhverfis og flest gróin að efstu brún. Á láglendi eru þar og sæmilegir hesthagar."
GR I, 260
**RA-683:006** heimild Landmannahellir sæluhús
"... var smákofi í Hellisdyrum." Hellirinn er sunnan í litlu felli, Hellisfjalli, og fyrir munna hans rennur Hellsikvísl. Hellirinn tekur um 70 hesta - Eldri en sæluhúsið sem byggt var 1907. "Sá kofi var einkar hlýr og oftast vel um genginn, þó að gluggalaus væri. Menn tendruðu þá kertaljós og vildu ekki geyma hroðann í skúmaskotum. Ýmsir vildu halda því fram, að í kofa þessum væri ekki allt með felldu og settu í samband við mann sem endur fyrir löngu hrapaði til bana í Löðmundi í svonefndu Egilsgili, og er við manninn kennt. Engir sögulegir atburðir eru kunnir af reimleika þessum, enda töldu aðrir, að þeir væru eigi annað en dropatal í Hellinum sjálfum." GR I, 254 Á fyrsta degi þegar tjöldin eru reist eiga Hellismenn " að hreinsa Hellinn, þ.e. moka út óhreinindi, er í hann hafa safnast árið áður." -
GR I,253-54, 261
**RA-683:007** heimild Landmannahellir hlóðir
í Landmannahelli "voru fernar hlóðir á bálka inn með berginu vestan megin."Hellirinn er sunnan í litlu felli, Hellisfjalli, og fyrir munna hans rennur Hellsikvísl. Hellirinn tekur um 70 hesta - GR I, 253-54"Þar gátu menn hitað kaffi, hvernig sem veður var, þó að reykur væri þar fullmikill inni, ef vindur stóð upp á dyrnar. Tjöld voru fleiri en hlóðir, og urðu því sumir að bíða, þangað til aðrir voru búnir að hita, en skylt var að láta þá vita, þegar hlóðir losnuðu, enda er mikilsvert að komat í þær heitar og vel lifandi glóð, því að þá þurfti miklu skemmri tíma [262] til að hita á katlinum ... Eftir að prímusar komu til sögunnar (um aldamót) breyttist þetta á skömmum tíma."
GR I, 261-62
**RA-683:008** heimild Landmannahellir sæluhús
"Í brekkunni skammt vestur frá Hellinum er sæluhús, byggt fyrir almannafé 1907, fullsæmilegt þegar vel er um það gengið."Hellirinn er sunnan í litlu felli, Hellisfjalli, og fyrir munna hans rennur Hellsikvísl. Hellirinn tekur um 70 hesta
- GR I, 253-54, 255
**RA-683:009** hleðsla rétt
byrgi skammt inn með/sunnan í Hellisfjalli frá Landmannahelli. Fjárbyrgi Hellismanna voru frá ómunatíð í Suaðleysum en "við fjárfellinn mikla 1882 voru svo fáar kindur á afrétti, að eigi þótti taka því að fara með þær svo langt í burtu "fram í Sauðleysur", og var þá hlaðin smárétt fyrir þær sunnan í Hellisfjalli, er síðan var stækkuð og öðrum bætt við, eftir því sem fé fjölgði." GR I, 278 - Eftir að Hellismenn höfðu reist tjöld sín á fyrsta degi "eiga þeir að hressa upp byrgin, sem eru þar skammt inn með jallinu og hlaðin úr vondu grjóti (þursabergi) og oft meira og minna fallin."
GR I, 261, 278
**RA-683:010** hola Hellsifjall
Áður en Laugamenn fara frá Landmannahelli á fyrsta degi gangna ganga þeir frá "heypokum sínum í smáskútum í Hellisfjali og geyma þar, þangað til þeir koma aftur austan að."
GR I, 260
**RA-683:011** heimild Landmannalaugar náttstaður
"Reisa [Laugamenn] tjöld sín á Laugarbakkanum." - GR I, 260 "Undan [Laugahrauni] renna tærar lindir, og samhliða þeim koma heitar lindir upp úr eyri austan við hraunið og renna saman við kalda vatnið og myndast af því dálítill lækur. Á bökkum hans er gróður fjölbreyttur og kjarngóður, smári o.fl. ... [gróðurblettur þessi er þó] eigi stærri en svo, að upp nýtist af 30 hestum á 2-3 sólarhringum." GR I, 255 " Þar er þurrast, en þó svo rakt, að breiða verður reiðing í botn tjaldanna, svo að eigi drepi í gegnum föt manna. Fljótlega er gengið að heitri uppsprettu og bergt á Laugakaffi."
GR I, 260
**RA-683:012** hús sæluhús
í Landmannalaugum."Enn er þar með hraunbrúninni, fyrir noraðn lækinn, smákofi, borghlaðinn, yfir 100 ára gamall, og eigi að sjá, að þar hafi haggast steinn. En kaldur er hann orðinn, því að súg dregur í gegnum veggina. Þyrfti litla aðhlynningu, en aðeins aðgæslu til þess að hann stæði enn um ómælda tíð. Kofi þessi tekur aðeins þrjá menn. Hurð hefir aldrei verið fyrir honum, en heypoka stungið í dyrnar á nóttunni, á meðan sofið var þar." Leystur af hólmi af sæluhúsi b. 1905 - GR I, 256. - 'Handan við lækinn er lítill dýrgripur, gerður af mannahöndum. Það er kringlóttur kofi, allur úr grjóti hlaðinn, svo þak sem veggir, en að utan þakinn grassverði að mestu. - Sagður er hann um hundrað ára gamall og lengi getur hann staðið enn.'
- HB Sumar, 79
**RA-683:013** heimild sæluhús
í Landmannalaugum. "Skammt neðar í brekkunni (hraunbrúninni) [en sæluhúsið frá 1927] er tóttarbrot af sæluhúsi, er byggt var 1905, en brotnaði niður sökum snjóþyngsla." - GR I, 256 - Nýtt sæluhús var byggt ofar í brekkunni 1927 "sæmilega vistlegt og rúmgott" - GR I, 256. 'Rústir af sæluhúsi, sem byggt var laust eftir síðustu aldamót, eru í hraunjaðrinum, en það sligaðist af snjóþyngslum, svo að það var endurbyggt 1927 á hærri og snjóléttari stað.'
- HB Sumar, 79
**RA-683:014** heimild rétt
í Landmannalaugum. Á fyrsta degi þegar búið er að tjalda "er farið að byrgjunum (réttir, sem féð er geymt í á nóttum), og hresst við, ef úr hefir fallið frá því árið áður, sem venjulega er lítið. Þau byrgi eru hlaðin úr góðu hrungrjóti." GR I, 260. " Allmiklu sunnar [en sæluhúsið] við hraunið er sú rétt, sem nú er notuð til fjárgeymslu."
- HB Sumar, 79
**RA-683:015** heimild rétt
"Fyrrum, og frá ómunatíð, voru fjárbyrgi Hellismanna suður í Sauðleysum, meira en hálftíma ferð frá Hellinum." 1882 var byrjað að hafa í byrgjum við Hellisfjall og hafa þá byrgin í Sauðleysum lagst af
- GR I, 278
**RA-683:016** örnefni Jónsvarða
"Reykjadalamenn fara ... að smalaleiðum Rangvellinga sunnan Markarfljóts, við Blautukvísl og Jónsvörðu ..."
GR I, 263
**RA-683:017** örnefni Vaðfit
Vaðfit er á austurbakka Þjórsár sunnan við Sultartanga þar sem Tangavað [RA-673:024] var
Hkort
**RA-683:018** heimild kolagröf
Kolagrafir í Sölvahrauni. -Skógur í Sölvahrauni og kolagrafir 'Fyrir tiltölulega skömmu hafði það verið alvaxið skógi, sem var höggvinn svo miskunarlaust, að nú sér þar enga hríslu, en kolagrafir hér og þar bera vitni um það sem var.
' - HB Sumar, 72

**RA-683:019** heimild Byrgi rétt
'Rétt við veginn [Landmannaleið] þar [austan til í Sölvahrauni] eru gerði nokkur, sem Byrgi heita, og geyma gangnamenn þar fé sitt í seinni leitum á haustin. Hefur túngresi mikið vaxið þar upp af sauðataðinu og þótti klárunum gott að grípa þar niður ...'
- HB Sumar, 72

**RA-683:020** heimild rétt
Landmannalaugar: "Byggingaleifar fornar eru við hraunröndina, skammt frá litla kofanum, og lítur helzt út fyrir, að þar hafi fjárréttir verið." - "Kaldavermsl mörg vella þar undan hrauninu og hafa myndað mýrarsvakka, svo að hleðslur allar hafa mjög sokkið, og er óhugsandi, að í því feni hafi verið byggt frá upphafi, svo að uppspretturnr hafa hlotið að koma fram síðar, sennilega við jarðskjálfta eða annað rask."
HB Sumar, 79

**RA-683:021** náma Brennisteinsalda
Brennisteinsalda er sunnan Laugahrauns á Landmannaafrétti "Þarna hleðst brennisteinninn upp í háar hrúgur umhverfis hveraaugun, engum til nota, nema þá sjaldan gangnamenn hafa tekið dáítið af honum í vettling sinn og haft til að bræla fjárhús, en nú mun það að mestu lagt niður."
- HB Sumar, 81

**RA-683:022** þjóðsaga Torfajökull
Þjóðsaga um að Torfi í Klofa hafi flúið pláguna seinni (1493) með allt sitt hyski og búfénað og haldið upp í jökul þann, er síðan er við hann kenndur, og hafzt þar við í stórum og frjósömum dal, unz plágunni létti. Gekk hann öðru hvoru upp á jökulinn og sá þá bláa móðu upp í miðjar hlíðar byggðafjallanna, og var það veikin.
Er móðan var horfin, hélt hann til byggða og var þá plágunni aflétt, en sagt var að sumu fólki hans hafi fallið svo vel vistin í dalnum í jöklinum, að það ílengdist þar og gerðist reglulegir útilegumenn."
- HB Sumar, 82

**RA-683:023** þjóðsaga Jökulgil útilegumannabústaður
"... sagt var að sumu fólki [Torfa í Klofa sbr. RA-683:022] hafi fallið svo vel vistin í dalnum í jöklinum, að það ílengdist þar og gerðist reglulegir útilegumenn. Mun það vera Jökulgil, sem munnmælin gerðu að frjósömum dal, og var því almennt trúað statt og stöðugt, að þar byggju útilegumenn, þar til Landmenn tóku sig til og könnuðu það árið 1852, og hafa þeir leitað það síðan á hverju hausti."
- HB Sumar, 82

**RA-683:024** örnefni Frostastaðavatn
- Frostastaðavatn örn. munnmæli ATH

## Veiðivötn RA-684

Svæðið takmarkast af Tungnaá að sunnan og austan til upptaka við Vatnajökul. Vesturmörk eru við Blautukvísl og þaðan bein lína um Heljargjá í Tröllahraun. GR I, 300. Veiðivötn eru austasti hluti þess svæðis sem til forna kallaðist Þjórsártungur. " Veiðivatnasvæðið er á afrétti Landmanna og smala þeir einu sinni á hverju hausti. Er talsvert gróið umhverfis vötnin og í Snjóöldu, en minna í Snjóöldufjallgarði." ÚAT, 110 - "Nokkur gróður er víðast hvar á vatnsbökkunum, en mosi og annar háfjallagróður ... teygir sig upp eftir öldunum umhverfis." GR I, 256

Veiðivötn voru áður kölluð Fiskivötn og er þeirra getið í Njáls sögu ATH. "Á fyrri öldum virðist veiðin hafa verið stunduð bæði úr Skaftártungu og Rangárvallasýslu, en hin síðustu 200 ár einkum úr Rangárvallasýslu og nokkuð úr Árnessýslu." GG í ÚAT, 125 Árni Magnússon segir í Chorographicu frá um 1700: "Í Fiskivötnum veiða þeir mest í Novembri (quod fieri non deberet), er nógur silungur. Skálavatn, Tjaldvatn, Langavatn, Fossvatn eru þar sérlegustu, sem í er veitt." Chorographica, 26. Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder saavel som en Fiskebad og der skal endnu sees de Fiskegaarde af Steen som de have törred deres flekkede Örter paa mun nu er dend Fangs forlagt." Sýslulýsingar 1744-47, 62. Sveinn Pálsson segir í dagb. 1793 (um Skaftártungu) "áður fyrr voru stundaðar miklar silungsveiðar úr þessari sveit að haustinu, einkum uppi við Fiskivötn, sem liggja eina dagleið héðan til norð-norðvesturs, en þessi bjargræðisvegur lagðist niður nokkru eftir 1740, en að fullu í síðasta gosi. Frá þessum tíma eru enn þrír bátar við vötnin til engra nytja ... Auðsætt er, að í fyrri daga hafa margir farið til þessara vatna, því að umhverfis þau eru margar götur og breiðar, en auk þess sést þar enn fjöldinn allur af görðum, er notaðir hafa verið til þess að herða aflann á." FSP, 649-59 og ennfremur: "Í fyrndinni kvað samt mest hafa kveðið að veiðinni í Stóra-Sjó [nú Litlisjór], en síðan hefur hún lagst af vegna þess, að menn þóttust verða varir við báta á norðanverðu vatninu og fleiri ummerkja eftir veiðiskap ókunnra manna." og "Skaftártungumenn stunduðu veiðarnar lengst, þar eð þeir eiga aðeins eina dagleið úr byggð. Þeir fóru Tungná austan við vötnin á móts við Tungnárfjall [nú Snjóalda] en það vað hefur nú færzt lengra til norðausturs, upp á móts við hvassan gadd, sem heitir Göndull [nú Nátttröll], en áin er þó sögð mjög ysjótt þar." SP Ferðabók(dagbók 1795: Ferð til Fiskivatna) 649-59. Skv. sóknalýsingu Ásprestakalls 1840 veidu Skaftártungubúar í Veiðivötnum og Landmenn og máske Rangvellingar - SSR; ATH. Í lýsingu Stóruvallasóknar frá 1841 segir: "Í Fiskivötnum er silungsveiði, sem emir var stunduð til forna en nú á tímum. Þykir það eki tilvinnandi um heysláttartímann að lát fólk liggja þar, því oft er þar lítið um aflabrögð." SSR; ath. Enn er mest veitt í vötnum þeim sem ÁM nefnir en ekki fæst branda úr Litlasjó, Grænavatni eða Ónýtavatni - ÚAT, 125-26. Veiði virðist hafa verið lítil í Veiðivötnum á 18. öld og má þar vera um að kenna tíðum eldgosum, en eftir Kötlugosið 1918 hvarf veiði úr vötnunum því sem næst gersamlega og fór ekki að votta fyrir ungviði fyrr en 4-5 árum seinna og þó talið að silungurinn hafi ekki náð sér að fullu að stærð og gæðum 20 árum seinna. Þá gæti ofveiði verið um að kenna því að reynsla hefur sýnt að séu veiddir t.d. 30 hestburðir í nokkur ár, þá þverri veiðin að miklu mun. - Guðmundur Árnason í ÁFÍ 1940.

**RA-684:001** tóft útilegumannabústaður
Austan í Snjóöldufjallgarði. "Spölkorn sunnar en skútinn er [sand]vik við [Tungnaá] og nær suður þangað, sem djúpt skarð klýfur fjallgarðinn ... en austan í skarðsbrekkunni stendur mjög hár steindrangi, sem nú nefnist "Nátttröllið". Frá "Nátttröllinu" að skútanum mun ver nær hálfs annars klukkutíma gangur." GG í ÚAT, 111

"Fellur Tungnaá víðast upp að fjöllunum og eru þar andskriður allbrattar upp frá ánni, en móbergshamrar ofar, undir brekkurótunum rennur áin án þess nokkurt undirlendi sé, en sums staðar verða þó sandvik milli fjalla. ... Skútinn er neðst í alháum kletti, mjög víður, ekki minna en 20 m fyrir munnann, en grunnur og hár að framan, þar eð bergið slútir raunverulega nokkuð. Niður frá skútanum er snarbrött sandskriða með mósteinum og dálitlum mosateygingum á stangli." ... "Sé gengið með Tungná, er naumast unnt að koma auga á skútann né kofa, sem í honum leynast, þar eð bunga ofarlega í brekkunni skyggir á." GG í ÚAT, 111 "Skútinn snýr samhliða ánni, hár og víður ... er hann ... ekki minna en 20 m langur meðfram ánni, og slútir bergið fram yfir innri brún kofaveggjanna, og er skútinn því meira en 4 m djúpur." GG í ÚAT, 112

Ingvar Árnason í Bjalla og Óskar Jónsson í Holtsmúla fundu fyrst hrossmjöðm uppi í sandbrekku og síðan hleðslurnar í skútanum laugardaginn í 22. viku sumars 1936. GG ofl gerðu athugun 21.9.1952 en stærri rannsóknarleiðangur með 12 mönnum var gerður 22.-24.8.1953. Kvikmynd var tekin af verkinu.

21.9.1952 var rannsakaður austurhluti "mannvirkisins og komu þar í ljós lágir veggir, hvergi hærri en 90 cm, en ekki sáust leifar af þaki. Myndaðist þarna kofatótt ca. 3x3 m að stærð, og voru hlaðnir þrír veggir, en bakveggurinn var kletturinn, sem slútti alveg fram yfir kofann. Ekki fundum við annað fémætt í tóttinni en fáein bein." ... Kofarnir voru tveir og nefni ég þann, sem var nær jöklinum, eystri kofann, en hinn vestri kofann. Kofarnir stóðu hlið við hlið, svo að einn veggur með tveim dyrum á sneri fram að ánni, sá veggur var (að utanmáli) [113] meira en 11 m langur, vestasti hluti hans var ekki grafinn fram.

Veggir eystri kofans voru hvergi hærri en 90 cm. Það var við dyrnar, sem voru nokkru vestar en á miðjum vegg. Frá dyrum austur í horn var 1,20 m. Dyrnar voru 55 cm breiðr innst, en víkkuðu lítið eitt út. Veggjaþykkt var víðast kringum 1,30 m. Kofagólfið hækkaði allmikið innan við [114] miðju, en þar lækkuðu veggir að sama skapi, þannig að yfirborð þeirra var sem næst lárétt. Eystri veggurinn náði því ekki nema vel hálfa leið inn að berginu, og var kofinn því ekki greindur frá skútanum fyrir austn, næst berginu. Vestri veggurinn náði alla leið upp að hellisveggnum. Í horninu vestan við dyrnar lágu nokkrar hellur í gólfinu. Þar voru miklar kolaleifar, en þó var þetta varla eldstæði, þar eð óbrenndum beinflísum og trjáleifum var blandað í kolin. Gólfið innan við hellurnar var einnig mjög svart af viðarkolum. Gólfskán í eiginlegum skilningi var ekki í kofanum, en þunnt mannvistarlag var þó á öllu gólfinu. Í því var mikið af beinaleifum, einkum fiskbein, og kolamylsnu, ásamt litlu af tréflísum. Svipað lag var uppi á veggjunum, einkum innanverðum, bar þar met á beina- og trjáleifum. Frá dyrum að vegg oru tæpir 3 m, en breiddin milli veggja var rúmir 3,20 m. Hér má nefna, að í loft skútans voru gerð berghöld þannig, að ýmist var borað gat í gegnum þunnan kamb í rjáfrinu eða tvær holur voru gerðar skáhallt inn í það, þannig að þær mættust inni í berginu. Vou þessi berghöld ekki færri en 30 á ýmsum stöðum í skútaþakinu. Sú tilgáta kom fram, að tjaldað hafi verið frá veggjunum upp í loft og tjöldin bundin í berghöldin, en ekki tókst að finna neitt annað, sem styrkti þessa tilgátu, en þessi möguleiki er fyrir hendi. / Vestri kofinn var allur meiri og merkilegri en hinn. Þar höfðu veggirnir verið hlaðnir upp að hellisrjáfrinu, og hefur þetta þarmeð verið sæmileg vistarvera. Hæð veggjanna upp að þaki hefur hvergi verið mikið yfir 2,50 m. 4,65 m vestan við dyr eystri kofans lágu göng inn í vestri kofann, þau voru um 2,30 m löng og rúmlega 40 cm breið. Utarlega í göngunum var þröskuldur, steindrangi, þvert yfir þau, 12 cm hár yfir gólfið. Litlu innar lá steinn þvert yfir göngin í 65 cm hæð frá gólfi. Var aðeins brotið af öðrum enda hans, og má vera, að hann hafi legið þarna á sínum [115] stað, en hafi þó verið nokkru hærri upphaflega. Ekki fannst annar dyraumbúnaður, og hvergi fundust neinar leifar af hurð. Innan við göngin var ferhyrnt gólf um 1,50 m á hvorn veg, og var vel manngengt á gólfinu. Í því vr 10 cm þykk, hörð, flögótt gólfskán, mjög dökk að lit. Auturjaðar gólfsins var í beinu framhadi af austurvegg ganganna. Beint inn af gólfinu var bálkur eða svefnstaður, frá 1 1/2 til 2 m að lengd frá gólfi að bergi, en um 175 cm á hinn veginn. Í frambrún hans risu þrjár hellur á rönd, og var bálkurinn um 30 cm hærri en gólfið. Á honum var 5-10 cm þykkt lag af einhverjum jurtaleifum, að því er virðist einkum víðigreinum og grasi. Austan og vestan bálksins voru nokkrir steinar, en ekki mátti greina, hverjir voru upphaflegir á þeim stað eða hverjir voru úr efstu lögum veggjanna. Vestast í kofanum, vestan bálks og "gólfs", var laust eða ótroðið lag af kolasalla og beinamylsnu, og voru fiskbein mest áberandi. Í austurbrún þessa sorplags, vestan gólfsins, lágu þrír steinar, en mynduðu ekki eiginlega hleðslu. Í innsta horni að vestan, í smugu á milli veggjar og bergs, lá hrúga af hrossleggjum, [116] sem notaðir hafa verið sem kubbar á net. Ekki er víst, að þeir hafi verið faldir þarna. Austan við gólfið risu tvær hellur á rönd, og má þó vera, að hellan hafi upphaflega verið ein, en sprungið síðar í tvennt. Austan þeirra (og bálksins) var öskuhaugur, um 25 cm hærri en gólfið. Neðst var askan ljós (viðaraska) og mikið af brunnum beinum í henni, en svartar koladrefjar innan um. Ofar vas askan dekkri og mikið af óbrunnum beina- og viðarleifum í henni. Raunverulegt eldstæði fannst hvorki í kofunum né utan þeirra, en askan sýnir, að þar hefur þó verið kveiktur eldur. Veggir vestri kofans voru allt að 1,75 m að hæð, yfirleitt hlaðnir úr flötum mósteinum og lengsta mál þeirra 20-60 cm. Upphaflega hafa veggirnir náð allt upp í skútarjáfrið, en vænta má, að efst hafi hleðslan verið óvönduð, líklega einhlaðin og þétt með mosa og grasrót. Eins og að framan er sagt, hefur verið farið með eld í kofanum, og má því vænta, að raufar hafi verið í hleðslunni upp við bergið. Trúlegt er, að hellur, sem lágu niðri á utanverðum framveggnum, hafi verið notaðar sem hlerar fyrir vindaugu. Niðri við gólfskán innan við veggina var talsvert af grjóti, sem eflaust hefur upphaflega verið í ofanverðum veggjunum, en hrunið eftir að íbúarnir yfirgáfu kofana. Á sorphaugnum vestan gólfsins lágu allstórar hellur og yfir þeim sandblandinn leir. Ætla má, að hellur þessar hafi verið reistar upp á rönd efst á vestri veggnum og hallað upp að berginu, en hrunið inn, er kampinn snaraðist, en hann var orðinn hrörlegur. Sandborni leirinn á hellunum gæti verið leifar af grasrót, sem notuð hafi verið til að þétta kofann. Á tveimur stöðum, innst í göngunum að vestan og í miðjum kofavegg að vestan, voru stórar hellur, meira en 1 m á lengd og allt að 80 cm á hæð, reistar upp á rönd til drýginda í hleðslu. Mjög var það misjafnt, hve langt bergveggurinn gekk fram, og á milli kofanna gekk berghaft langt fram í skútann, og var það notað sem [117] hluti af vegg á milli kofanna. Stærð vestri kofans var frá útvegg að bergi 3 m, en vegglengd frá austri til vesturs 4,30 m. Ekki var kofinn manngengur annars staðar en frammi við vegg og á öllu "gólfinu".

Utan kofanna fór ekki mikil rannsókn fram, enda ekki eftir neinu að grafa vegna staðhátta, nema fyrir austan kofana, þar er skútinn enn allhár og flatt gólfið. Austan við innri enda austasta kofaveggjarins lá dálítill steinn, og þegar hann var fjarlægður, kom í ljós, að undir honum voru hrossleggir, sem notaðir hafa verið sem kubbar á net. Þeim hafði verið raðað lögulega saman og steinninn síðan lagður yfir þá. Ekki vottaði þarna fyrir neinum netjaleifum, hvorki [118] riðils né teina, en í kringum kubbahrúguna fannst mikið af tréleifum, líkast því að það væru tálgu- eða höggspænir. Annað fannst ekki utandyra. / Loks er að geta jarðvegs þess, sem burt var grafinn, en efst var, þar sem þykast var (rétt innan við vegg), um 13 cm lag af smágervum foksandi, undir honum var svart vikurlag 90 cm þykkt, skiptist þar á grófur vikur, allt að  cm í þvermál, og fíngerðari vikur eða öllu heldur aska, en ekki var vikurinn samt lagkiptur, heldur var askan í afmörkuðum fyllum í grófa vikrinum. Neðst var aftur 10 cm þykkt lag af svipuðum foksandi og efst, en aftur á móti var neðsta lagið talsvert þéttara. Þegar þess er gætt, að svona grófur, svartur vikur fýkur sem ekki, og að neðan skútans er snarbrött brekka að Tungná, og að allt sem ofan af klettunum kemur, steypist langt fram yfir skútann, enda gætir vinda ekki í skútanum, nema lítils súgs samhliða ánni, verður vikurdyngjan varla öðruvísi skýrð, en að hún hafi borizt þangað í eldgosi og hafi staðið vindur á landsunnan og gosstöðvarnar verið í þeirri átt. Nú er það ekki kunnugt, að svona grófur vikur falli öllu lengra en 25-35 km frá eldstöðvunum í lengsta lagi, en þá hlýtur vikurinn að stafa frá Skaftáreldunum 1783, því að Lakagígir eru einmitt í suðaustri til austurs og fjarlægðir til þeirra eru 20-30 km. ...

Ekki var um auðugan garð að gresja í kofanum að því er til gripa kom, en þó skal því lýst, sem fannst.

Munir úr járni. 1 lítill kengur eða lykkja, og er annar [119] armur hennar aðeins hálfur. Lengd (heila armsins) 7 cm, breidd 2,5 cm, þykkt armanna efst um 0,5 cm. 2. Þrír naglahausar, líkastir róm á hnoðnaglaendum. 3. Nokkrir litlir óskilgreinanlegir ryðkekkir. Allt er þetta afmyndað af ryði.

Munir úr tré. 1. Sívöl spýta úr furu eða greni, hálfkúlulöguð fyrir nedana, 14 cm löng og 2,5 cm gild í þvermál. Spýtan líkist mjög handfangi af hníf, en ekki hefur tangi verið rekinn í það. Spýtan er klofin í báða enda, og má [120] vera, að hnífblaði hafi verið stungið í hana öðrum megin, og þeim megin vottar fyrir ryði, en auk þess er sá endinn lítið eitt sviðinn. Spýtan fannst í holu í berginu uppi yfir vestri kofanum. Hjá henni var ofin pjatla. 2. Smáspýtur og flísar í sorpinu í vestri kofanum. 3. Spænir og flísar austan við eystri kofann. 4. Brunnar spýtur, flest mjóar greinar, en einnig viðarkol úr erlendu tré, fundnar hér og hvar.

Vefnaður. Hjá spýtunni í hellisloftinu fannst lítil, ofin pjatla, sem næst rifin í þrennt, og eru allir bútarnir ekki meira en 20 fersentimetrar. Vefnaðurinn er einskefta úr ullarbandi allsnúðhörðu, og er ívaf og uppistaða mjög vipuð. Pjatlan er græn að lit og hefur líklega verið lituð svo í upphafi. Í einn jaðarinn hefur verið stoppað með grófara bandi, og virðist það vera að einhverju leyti úr togi. Stoppið er mógult að lit. /

Bein. 1. Kubbar af netjum. Ein og fyrr er getið fundust á tveimur töðum hrúgur af kubbum. Austan við eystri kofann og innst og vestast í vestri kofa. Steinn lá yfir eystri kubbunum, annað hvort til að þeir geymdust betur eða til að fela þá, en þeir vestri voru inni í afkima innst við bergið og því heldur ekki á gangvegi. Í hvorri hrúgu um sig voru 24 kubbar. Eystri kubbarnir voru að því er séð verður allir úr hrossleggjum. Tuttugu leggir voru klofnir, líklega með þunnum meitli, og síðan boruð göt í báða enda, víðast þannig, að fyrst er höggvið með meitli, unz komið er inn í frauð, en þá er gatið hreinborað, líklega heldur með oddmjóum hníf en bor, en á 5 kubbum er gatið gert eingöngu með bor, 3 með 9,2 mm og 2 með 7,6 mm breiðum bor. Á einum hefur smíðin misheppnazt, og er hann heill í annan endann, en flaskað úr til hálfs í hinn, síðan hafa verið gerð tvö göt í ggnum báða enda eins og á hinum 20. Þrír leggir eru ekki klofnir, en aðeins gerð göt í gegnum þá skammt frá endunum. Kubbarnir hafa að líkindum verið bundnir við leggja-[121]tein netsins með sérstökum þáttum, sem hfa verið þræddir í gegnum götin. Allir eru kubbarnir töluvert slitnir. Þeir eru frá 16,5 cm til 28 cm langir, og er samanlögð lengd þeirra 5,45 m, en alls vega þeir 2930 gr. Kubbarnir í vestri kofanum voru allt öðruvísi. Þeir voru þó úr hrossleggjum, en hver leggur hefur verið sagaður um þver í þrennt og síðan boruð hola í framlengingu mergholsins og kubbarnir síðan þræddir á snæri, leggjateininn. Leggirnir hafa verið unnir þannig, að fyrst er söguð í þá skora inn undir frauð allt um kring með lélegri sög eða hníf, og leggirnir síðan brotnir um skoruna, holurnar á tveimur kubbum eru líklega boraðar með oddmjóum hníf, en á 14 með nálægt 12 mm gildum bor. Í þessum kubbum eru 5 efri endar af leggjum, 8 miðhlutar og 11 neðri endar leggja. Lengd kubbanna er frá 6-12 cm, en samanlögð lengd þeirra er 2,05 m, og allir vega þeir 1965 gr. Tveir kubbarnir, hvort tveggja neðri endar, eru einnig með gati þvert í gegn rétt við hlassið og hafa líklega áður verið notaðir eins og eystri kubbarnir. Þessir kubbar eru allir mjög lítið slitnir, en þó aðeins máðir á brúnum og virðast vera yngri eða skemur notaðir eða kannske hvort tveggja. Auk þess sem kubbar fundust í þessum tveimur hrúgum, fundust á öðrum stöðum 5 kubbar. Í eystri tótt einn langsboraður og einn þverboraður klofinn kubbur og í vestri kofa tveir langboraðir og einn þverboraður kubbur, hann var mjög fornlegur og virðist vera klofinn úr einhverju stærra beini en hrossleggur. Enn fremur fundust tvö brot úr kubbum, sitt í hvorri tótt, sem eru þannig til orðin, að þegar búið var að sagla þverskoru um legg, hefur hann ekki brotanð um skoruna, heldur hefur sjálfur leggurinn sprungið. Brotin eru allsmá og geta bæði verið úr sama legg og virðast taka af öll tvímæli um, að þar á staðnum hafi menn fengizt við að gera kubba úr hrossleggjum.

[122] Allmikið fannst af beinum og beinabrotum á víð og dreif í kofunum, og einnig mátti sjá á ösku, að miklu hafði verið brennt af beinum. Ekki fundust svo víst sé önnur stórgripabein en netjakubbarnir, en þó er vert að minna á hrossmjöðmina, sem þeir Ingvar og Óskar fundu, þegar þeir sáu kofann fyrst. Mest var þarna af kindabeinabrotum, hryggjarliðum, rifjum og lærleggjum, en bein úr fótum eða hausum fundust ekki. Sá möguleiki er því fyrir hendi að öll kindabeinin séu nestisbein, þótt það verði ekki sannað. Talsvert var einnig þarna af fuglabeinum, en meira þó af fiskbeinum, einkum í sorpinu. Þar á meðal var einn hryggjarliður og er bolur hans 1,9-2,3 cm í þvermál. Ekki er ljóst úr hvaða fiski hann er, en þess má geta, að í Veiðivötnum veiðast allt að 8 kg þungir silungar, og má vera að liðurinn sé úr mjög stórum urriða. / Munir úr steini. Eins og fyrr er sagt fann Óskar í Holtsmúla steinker í brekkunni framan við kofana. Það fluttum við inn í eystri kofann. Kerið er úr mósteini, að utanmáli 67 cm langt, 30 cm breitt og 26 cm hátt, lítið eitt óregluelga tilsett. Ofan í steininn hefur verið klöppuð ferstrend þró, líklega með meitli, en örðugt er að ákveða breidd hans af meitilförunum, þó þau séu í sjálfu sér ljós, þar eð horni meitilsins virðist hafa verið beitt fremur en allri egginni. Innanmál kersins er: lengd 38 cm, breidd 16 cm og dýpt 15 cm. Nokkuð hefur flaskazt úr annarri hlið kersins, og er því ekki hægt að barmafylla það af vatni./ Sumarið 1954 kom Guðmundur Jónsson bílstjóri í kofana með hóp farþega. Þá fannst þar brýni í veggjarholu, en þegar til átti að taka síðar var það horfið, og lék grunur á að (útlendur) farþegi hafi hirt það til minja um komuna í rústirnar.

Loks er að geta þess, að raufarnar fyrir berghöldin í hellisrjáfrinu, sem eru ekki færri en 30, hafa verið klappaðar [123] með meitli, sem varla hefur verið meira en 1 cm fyrir munnann." GG í ÚAT, 112-23. "Þegar vestri kofinn var lagfærður í ágústlok 1959, fundust tveir lambskjálkar og einn boraður fótleggur ásamt með brýni." GG í ÚAT, 2. nmgr s. 128. GG telur að hin þykka gólfskán bendi til að í kofunum hafi verið búið alllengi og reiknar út að frá því hann var yfirgefinn og þar til vikurinn úr Skaftáreldum settist í skútann hafi liðið a.m.k 170 ár og hafi þeir því verið í notkun ekki síðar en um 1600 - ÚAT, 123-25. Hann telur jafnframt líklegast að kofarnir hafi verið gerðir af útilegumönnum þar sem þeir séu langt frá vötnum þeim sem veiði er í (minnst 6 km) en mjög torfundnir og langt frá öllum leiðum - GG í ÚAT, 127-28. GG telur að 2-4 menn hafi getað hafst við í kofunum, þeir hafi verið vel búnir tólum og öðrum áhöldum, s.s. netjum og að þeir hafi yfirgefið staðinn án flausturs og ætlað sér að koma þangað aftur.

GG í ÚAT, 109-29; ATH Ár

**RA-684:002** heimild ferja

3 bátar við Veiðivötn 1793FSP, 649-59 Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder saavel som en Fiskebad og der skal endnu sees de Fiskegaarde af Steen som de have törred deres flekkede Örter paa mun nu er dend Fangs forlagt." Sýslulýsingar 1744-47, 62. Sveinn Pálsson segir í dagb. 1793 (um Skaftártungu) "áður fyrr voru stundaðar miklar silungsveiðar úr þessari sveit að haustinu, einkum uppi við Fiskivötn, sem liggja eina dagleið héðan til norð-norðvesturs, en þessi bjargræðisvegur lagðist niður nokkru eftir 1740, en að fullu í síðasta gosi. Frá þessum tíma eru enn þrír bátar við vötnin til engra nytja ... "

FSP, 649-59

**RA-684:003** heimild leið

götur/troðningar umhverfis VeiðivötnFSP, 649-59 Sveinn Pálsson segir í dagb. 1793 (um Skaftártungu) "áður fyrr voru stundaðar miklar silungsveiðar úr þessari sveit að haustinu, einkum uppi við Fiskivötn, sem liggja eina dagleið héðan til norð-norðvesturs, en þessi bjargræðisvegur lagðist niður nokkru eftir 1740, en að fullu í síðasta gosi. Frá þessum tíma eru enn þrír bátar við vötnin til engra nytja ... Auðsætt er, að í fyrri daga hafa margir farið til þessara vatna, því að umhverfis þau eru margar götur og breiðar, en auk þess sést þar enn fjöldinn allur af görðum, er notaðir hafa verið til þess að herða aflann á."

FSP, 649-59

**RA-684:004** heimild herslugarðar

við VeiðivötnSýslulýs, 62; Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder saavel som en Fiskebad og der skal endnu sees de Fiskegaarde af Steen som de have törred deres flekkede Örter paa mun nu er dend Fangs forlagt." Sýslulýsingar 1744-47, 62. Sveinn Pálsson segir í dagb. 1793 (um Skaftártungu) "áður fyrr voru stundaðar miklar silungsveiðar úr þessari sveit að haustinu, einkum uppi við Fiskivötn, sem liggja eina dagleið héðan til norð-norðvesturs, en þessi bjargræðisvegur lagðist niður nokkru eftir 1740, en að fullu í síðasta gosi. Frá þessum tíma eru enn þrír bátar við vötnin til engra nytja ... Auðsætt er, að í fyrri daga hafa margir farið til þessara vatna, því að umhverfis þau eru margar götur og breiðar, en auk þess sést þar enn fjöldinn allur af görðum, er notaðir hafa verið til þess að herða aflann á." FSP, 649-59

**RA-684:005** þjóðsaga Útilegumannabyggð

við norðurenda Litlasjós. "Í fyrndinni kvað samt mest hafa kveðið að veiðinni í Stóra-Sjó [nú Litlisjór], en síðan hefur hún lagst af vegna þess, að menn þóttust verða varir við báta á norðanverðu vatninu og fleiri ummerkja eftir veiðiskap ókunnra manna." SP Ferðabók (dagbók 1795: Ferð til Fiskivatna) ATH sagni um útilegumannabyggðir við Stórasjó sbr.

**RA-684:006** örnefni Skálavatn

Skálavatn er eitt Veiðivatn, um mitt vatnasvæðið, austan við Tjaldvatn og Langavatn. Suðaustan við það er stakt fell sem kallast Skálafell.

Skálavatn er eitt þeirra vatna sem veiði er í og er þess fyrst getið um 1700 - Chorographica, 26. Ekki hafa fundist neinar menjar um byggingar við vatnið - ÚAT, 125-127. Óglögg merki um tóft eru á Skálanefi/Skálatanga -

sbr. Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder ..." Sýslulýsingar 1744-47, 62. GG Tjarnarkot, 75 bendir á að ekki sé vitað að Skaftfellingar hafi nokkurntíma átt kofa við Tjaldvatn og því megi kofar þeirra og búðir hafa verið við Skálavatn. "...nokkrar líkur eru til að fyrsta hús í Veiðivötnum hafi staðið við Skálavatn. Þar heitir á einum stað Skálanef eða Skálatangi. Þar sér fyrir tótt, en óljós er hún og getur vart talist ótvíræð." GG Tjarnarkot, 82

GG Tjarnarkot, 82 Chorographia, 26; Sýslulýs, 62; ÚAT, 125-27, 170-71

**RA-684:007** örnefni Tjaldvatn

Tjaldvatn er eitt Veiðivatna, og er nálægt miðju veiðisvæðinu í vestari vatnaröðinni. Tjaldvatn er eitt þeirra vatna sem veiði er í og er þess fyrst getið um 1700 (Chorographica, 26). Við það hafa lengi verið aðalbækistöðvar veiðimanna í Veiðivötnum sbr RA-684:008- .

Chorographica, 26, ÚAT, 125-27 ATHFSP.

**RA-684:008** hús Tjarnarkot sæluhús

"Veiðimannakofi Landmanna stendur við Tjaldvatn, og er af þeim kallaður Tjarnarkot. Hann er og sæluhús þeirra fjallmanna, er safna fyrir innan Tungnaá." GR I, 256 "Bækistöð veiðimanna í Veiðivötnum, vatnakarla, heitir Tjarnarkot. Það stendur á litlum tanga, sem skagar út í Tjaldvatn. Er tanginn eldbrunninn mjög og eru öll mannvirki þar byggð við hraunhóla eða smágígi. Tjarnarkot er tvö hús byggð við hólahrúgald framan við miðjan tangann, og eru ekki ótvíræð mannaverk á neinu þar fyrir framan á tanganum."

sbr. Þorsteinn Magnússon sýslumaður segir 1744: "De fra Schaftefields Sijssel have tilforn haft der Hijtter eller Boder saavel som en Fiskebad og der skal endnu sees de Fiskegaarde af Steen som de have törred deres flekkede Örter paa mun nu er dend Fangs forlagt." Sýslulýsingar 1744-47, 62. Sveinn Pálsson lýsir tveimur kofum við Veiðivötn 1795 og voru þeir báðir hrörlegir og ónothæfir en ekki er ljóst hvort þeir voru við Tjaldvatn þó líkur þyki til þess - FSP, 649-59 sbr GG Tjarnarkot, 82. Þjóðsaga er að Brandur á Merkihvoli (þar 1819-29) hafi eitt sinn legið einn við veiðiskap við Veiðivötn og skotið útilegumann í kofadyrunum er hann vildi ryðjast inn til Brands - GG Tjarnarkot, 77 Þorvaldur Thoroddsen kom til Veiðivatna 1889 og lýsir Tjarnarkoti svo: "Kofarnir eru tveir; er annar með hlóðum, hafður fyrir eldhús, en hinn er íveruhús veiðimanna; þar er breiður bálkur til að liggja á, hey var þar inni dálítið og netstubbar gamlir." ÞT Ferðabók II, 240-57. - "Syðra húsið er eldhús og snýr nær því frá austri til vesturs. Dyr eru á vesturgafli við suðurvegg, en stuttur kampur norðan dyra, þær eru 0,90 m víðar og án dyraumbúnaðar og hurðar. Áður var torfþak á húsinu, en nú er það þaklaust og hvolft yfir það báti. Lengd hússins frá dyrakampi að gafli er 2,50 m, breidd um 1,30 m. Við gafl er hlaðinn stallur þvert yfir húsið, 0,50 m breiður með öskustó í miðju, og yfir hana eru lagðar hellr og verður rifa á milli, sem aska getur hrunið niður um ef eldur er kveiktur á hellunum, einnig kemur þá loft upp um glufuna, sem glæðir eldinn. Ekki var eldstó á stallinum, og hafa [80] pottar og katlar hangið í hóbandi yfir eldinum. Í norðurveggnum er lítið, ferskeytt hólf rétt við eldstæðið, og hefur það verið notað sem geymsla eð skápur. Eldhúsið hefir ekki verið notað mörg undanfarin ár, enda er örðugt að afla eldiviðar við Veiðivötn. / Norðan við eldhúsið er 2 m breitt sund, en þá er komið að aðalhúsinu í Tjarnarkoti, enda munu sumir nefna það eitt Tjarnarkot. Það snýr frá norðaustri til suðvesturs, dyr á langvegg og snúa á móti norðvestri, lengd að utan er 8 m, en breidd um 4 m, en hún er raunar óljós vegn hraunhólsins. Innanmál hússins er l. 4,20 m og br. 2,30 m. Dyr eru aðeins 0,70 m víðar og lengd dyragangs, eða þykkt framveggjar, er 1,30 m. Hurð er fyrir dyrum allhá, en áður var lágur gluggi yfir hurðinni, en þó var hann ekki þar frá upphafi. Þegar komið er inn úr dyrum, verða lágir bálkar til beggja handa og 1,20 m br. gangur á milli. Báðir ná bálkarnir þvert yfir húsið, og er nyrðri bálkurinn 1,20 m br., en hinn syðri 1,70 m. Bálkarnir eru vart hnéháir, hlaðnir úr grjóti, og framan við þá eru tréstokkar, svo sem rúmstokkar, og er búið var í Tjarnarkoti, lögðu menn reiðingsdýnur á bálkana, lágu á þeim og hlúðu að sér með skinnum o.fl. Fram að 1918, þegar veiði hvarf að mestu í vötnunum vegna Kötlugoss, var fjórum tilteknum mönnum ætlað rúm á nyrðri bálki, en 6 á þeim syðri, og var það almenningur, "en þröngt var á báðum væri þessi tala fyllt" (J.Á.), sjá mynd. Í beinu framhaldi af ganginum eru dyr í gegnum bakvegg hússins inn í helli. Er hann lágur fremst, en manngengur að heita má, þegar inn er komið, hann er óreglulega lagaður, mesta vídd um 2 m, en lengd frá kofa inn í botn um 3,50 m. Hellirinn mun vera elzta vistarvera á staðnum og á sér ýmis gælunöfn "svo sem Hoíló, Blíðheimur, Aftanköld o. fl." (J.Á.).

Þetta hús er ekki gamalt. Þegar fyrst er vitað, stóð hér lítill kofi með aðeins einum bálki, en árið 1910 var húsið stækkað til muna og sett á það járnþak. Á báðum stöfnum kofans eru nú litlir gluggar, en engin eru þar þil. Gluggarnir munu ekki vera gamlir. Bæði húsin eru hlaðin úr hraunsteinum, sem hér eru nógir til, en að utan er byggt úr torf- og grjótlögum til skiptis. Útveggir eru allt að 2 m þykkir." GG Tjarnarkot, 79-80. Einhverjar viðbætur eru komnar á húsið síðan og 1968 tók Þjms húsið að sér og var það það ár endurhlaðið að hluta og nýtt þak sett á - GG Tjarnarkot, 82-83

GG Tjarnarkot, 79-83, GR I, 256; Sýslulýs, 62

**RA-684:009** heimild Kvíslarvaðvað

á Tungnaá, sunnan við BlautukvíslGR I, 322 SP fór hér yfir á leið sinni frá Veiðivötnum 1795 - Ath Ferðabók. "Notað fram um 1910." -

GR I, 322

**RA-684:010** heimild Bjallavað vað

á Tungnaá, undan Bjöllum á LandmannaafréttiGR I, 323 Þetta vað er enn [um 1945] farið þegar farið er til Veiðivatna og ekki er mjög mikið í ánni. - GR I, 323. "Vorið 1934 var bátur látinn á Tungnaá hjá Bjallavaði á Landmannaafrétti, og annar bátur 1936 á sama stað. Á sumrin eru þessir bátar hafðir sinn hvorum megin árinnar til afnota fyrir fólk, sem fer til Veiðivatna, þegar mikið er í ánni, svo að hún er illfær eða ófær á vaðinu."

GR I, 323

**RA-684:011** heimild Svartakróksvað vað

á Tungnaá, nálægt Blautaveri, þar sem áin beygist til suðvesturs. -"Lítið farið eftir síðustu aldamót."

GR I, 323

**RA-684:012** heimild Austurkróksvað vað

á Tungnaá, rétt austan við Austur-Bjalla. "Ekkert notað síðustu áratugina."

GR I, 323

**RA-684:013** heimild Snjóölduvað vað

á Tungnaá, austur undan Tröllinu, sem er um 60 feta hár drngur á sléttum sandi innan við Snjóöldu. - “"Ekki farið um langa tíð." GR I, 323

**RA-684:014** hleðsla Ampahóll bústaður

Ampahóll er hjá Tjaldvatni. Árið 1880 brá Arnbjörn Guðmundsson, sem lengi hafði stundað veiðar í Veiðivötnum og var þá 64 ára, búi sínu í Króktúni á Landi og flutti ásamt konu sinni með litla búslóð að Tjaldvatni. "Þar gerði hann sér skúta inn í hraunhól þann, sem síðan er nefndur Ampahóll, og byggði forskála fram af. Þetta var þröng vistarvera, súgmikil og svo lág að kona hans gat vart setið þar upprétt við rokkinn. Um haustið sótti sonur Arnbjarnar foreldra sína; voru þau þá komin í þrot af kulda og skorti, þar eð slingsbirgðir þeirra höfðu eyðilagst og var Arnbjörn búinn að fá skyrbjúg, en kona hans nær lögst í kör."

GG Tjarnarkot, 77, 81

**RA-684:015** tóft Suðurlandskofi sæluhús

"Nokkra faðma norðaustur frá Tjarnarkoti er hóll með smáskúta í, sem snýr suðvestur, og tóttarbrot fram af skútanum, og kallast Suðurlandskofi. Þar héldu þeir til á tímabili, sem syðst bjuggu í Landssveit, en nú er því löngu hætt."
Jón Árnason: Örnefni við Veiðivötn

**RA-684:016** hola Geymsla
"Rétt austar [en Suðurlandskofi RA-684:015] er smá hólstrýta hol að innan og kallast Geymsla. Þar mun Ampi (arnbjörn Guðmundsson frá Króktúni) hafa geymt eitthvað af búslóð sinni". Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880 - sjá RA-684:008
Jón Árnason: Örnefni við Veiðivötn

**RA-684:017** tóft hesthús
"Rétt þar austar [en Geymsla RA-684:016] er ílangt tóttarbrot, og átti það að vera hesthús Ampa, en aldrei mun hafa verið gert yfir það."Jón Árnason: Örnefni við Veiðivötn Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880 - sjá RA-684:008

**RA-684:018** tóft eldhús
"Frammi fyrir dyrum Ampahóls [RA-684:008] eru óljósar leifar mannvirkja. Þar var áður lítið, borghlaðið eldhús ...” Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880 - sjá RA-684:008.
GG Tjarnarkot, 81

**RA-684:019** hleðsla
"Frammi fyrir dyrum Ampahóls [RA-684:008] eru óljósar leifar mannvirkja. Þar var áður lítið, borghlaðið eldhús [RA-684:018] og nokkrar krær, sem hann saltaði silung í." Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880 - sjá RA-684:008.
GG Tjarnarkot, 81

**RA-684:020** þjóðsaga Vatnsgígur
"Vestur frá Ampahól er annar hár hraunhóll flatur í kollinn og nefnist Vatnsgígur. Er gjóta niður í hann með vatni í botni og er talið að séu allt að 15 metrar niður að vatninu. Ofan í þetta ker á Brandur á Merkihvoli að hafa varpað útilegumanninum dauðum." [Sbr RA-684:008]
GG Tjarnarkot, 81

**RA-684:021** hleðsla herslubyrgi
"Norður frá Vatnsgíg [RA-684:020], úti á flötu hrauni, stendur herslubyrgi Ampa. Það var áður borghlaðið, en fyrir nokkru var tekið ofan [82] af því til að gera við rétt, sem er norðan undir kletti skammt norðaustur frá Ampahól og var áður heygarður Ampa." Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880 - sjá RA-684:008
GG Tjarnarkot, 81-82

**RA-684:022** hleðsla heygarður
"Norður frá Vatnsgíg [RA-684:020], úti á flötu hrauni, stendur herslubyrgi Ampa [RA-684:021]. Það var áður borghlaðið, en fyrir nokkru var tekið ofan [82] af því til að gera við rétt, sem er norðan undir kletti skammt norðaustur frá Ampahól og var áður heygarður Ampa."
Arnbjörn hafðist við í Veiðivötnum ásamt konu sinni Guðlaugu Stefánsdóttur sumarið 1880 - sjá RA-684:008
GG Tjarnarkot, 81-82

**RA-684:023** tóft Hlíðarendakofi sæluhús
"Austur af Ampahól, niðri við sléttan sand, er lítil tótt, nefnd Hlíðarendakofi. "Segir sagan, að Vigfús sýslumaður Þórarinsson á Hlíðarenda hafi gjört út til Veiðivatna og átt kofa þarna." (GÁ Veiðivötn) Vigfús var sýslumaður Rangæinga 1789-1819." Hlíðarendalind kom upp suður af kofanum, en hún og austasta vík Tjaldvatns fylltust af sandi veturinn 1946-47.
GG Tjarnarkot, 82.

**RA-684:024** hellir Hórukofi náttstaður
"Í krika inn í Hádegisöldu, austur frá Tjarnrkoti, er smáhellir, sem stundum var legið í. Hann nefndist Hórukofi."
GG Tjarnarkot, 82

**RA-684:025** hleðsla Hestagígurrétt
"Í eldgíg norðaustur frá Ampahól, handan við slétt, sandorpið hraun, hefir verið gerð hestarétt og er óvenjulegt mannvirki. Þar heitir Hestagígur."
GG Tjarnarkot, 82

# Árnessýsla

## Gnúpverjahreppur

### Gnúpverjaafréttur ÁR-673

Fossá að upptökum skipti afrétti og heimalöndum að sunnan og vestan, en svæðið sem nú er framan við afréttagirðingu úr Háafossi út í Þjórsá framan við Sandafell telst hér til Þjórsárdals. Úr Fossárdrögum eru austurmörk við Flóamannaafrétt lína um Öræfahnjúk og þaðan um há-Flóamannaöldu til Arnarfells . Deila var um afréttarmörkin á 19. öld [GR II, 53-54] en mörk voru þinglesin 2.6.1890 á manntalsþingi að Stóranúpi. (GR II, 92-93). Fyrir 1938, þegar girðing var sett upp á merkjunum, voru þó leitir sameiginlegar fyrir innan Dalsá. Austurmörk eru Þórsá en norðurmörk eru um Þjórsárkvíslar.

"Fyrrum var kóngurinn ekki skyldugur til að fara lengra en að Dalsá, enda var ekki leitað lengra í fyrstu leit. Er það fyrst árið 1845, að farið er að smala Norðurleitina, en fyrst er leitað inn yfir Fjórðungssand í fjallsafni árið 1879. Þó hafði áður verið farið þangað í eftirleitir." GR II, 65

**ÁR-673:001** heimild tjaldstæði
Í Þjórsárverum, að því er virðist sunnar en Eyvindarhreysi undir ArnarfellsmúlaSkýrsla Brynjólfs Sigurðssonar 1762 "Þessir menn leituðu 1ta og 2an octobris. Þann 3ja fundust tjaldstaðir þjófanna og seinast þeirra híbýli ..." Skýrsla Brynjólfs Sigurðssonar 1762, pr í Söguþáttum Gísla Konráðssonar, s. 94-95. Þetta er ekki ótvírætt en af orðalaginu að dæma eru tjaldstaðirnir á öðrum stað en hreysið ÁR-673:002.
(ÚAT, 136).

**ÁR-673:002** heimild útilegumannabústaður
Í Þjórsárverum, "vestan til við Arnarfell undir jöklinum, hér um 3 þingmannaleiðir frá byggð." Talið eiga við Arnarfellsmúla ÚAT, 138-38. Tóftirnar munu vera horfnar.

"Anno 1762 þann 1ta octobris, sem var föstudagur, fóru 33 karlmenn með 45 hesta frá Kallbak í Ytrahrepp upp á fjöll að leita eftir mönnum, sem þar höfðu sézt þann 7da septembris. ... Þessir menn leituðu 1ta og 2an octobris. Þann 3ja fundust tjaldstaðir þjófanna og seinast þeirra híbýli, vestan til við Arnarfell undir jöklinum, hér um 3 þingmannaleiðir frá byggð. Þar var grafinn innan stór hóll, fallega hlaðnir kampar að dyrum og hrísflaki í þeim; fyrir innan kampana var hús þvert um, tveggja faðma langt, en vel faðms breitt, grafið með páli og rekum. / Innan af þverhúsinu lágu nær 2ja faðma löng göng upp í hólinn í kringlótt eldhús, sem var 20 fet í kring. Í eldhúsinu voru lítil hlóð. Uppi yfir þeim héngu 2 lundabaggar og magáll af sauðum.

Húsin voru af viðarflökum og sauðagærum upp gerð og tyrfð; gærurnar skaraðar sem helluþak.

Í fremra húsinu fundust tvær bækur, nefnilega sumarpartur Gíslapostillu í 8vo og Jóns Arasonar passíuprédikanir, tveir askar, trédiskur, skæri, mjólkurtrog, smiðjubelgur, smjör skemmt í óbrúkuðum skinnstakk, 4 fjórðungar að vikt, rifrildi af skinnbrók og þar í samanrunnin vorull, 2 pör karlmannaskór af nýju hrossskinni, 1 par kvenskór og 1 par dito minni til 10 á 11 vetra gamals ungmennis af sauðskinni, kvenmanns svuntu slitur af grænu raski, klæðis kventreyju garmur, barns nærskyrtu ræfill af einskeftu, rauðir kven- og aðrir barns-sokka ræflar, gul prjónapeysa með sléttum látúnshnöppum, skjóða með álftafiðri í, vorullar bandhnyklar, 2 snældusnúðar.

Utan húss var þar viðarköstur af rifhrísi, fullkomlega á 30 hesta; í honum sauðakjöt, föll af 73 1/3 sauð tals, ganglimir af folaldi, sauðamör, nóg klyf á 4 hesta, ristlar á 1 hest. Sauðahöfuð voru þar hjá í bunka 75, flest af gömlum sauðum, nokkur af tvævetrum og þrevetrum, á hverjum mörgkin þekktust og áttu heima 22 á Unnarholti, 9 á Kópsvatni, 18 á Tungufelli, 15 á Berghyl, 1 á Miðfelli, 2 á Hólum, 2 á Seli, 3 á Skálholti, 1 á Auðsholti og 2 óviss.

Engan mann urðu leitarmenn varir við; því fóru þeir að leita spora hjá híbýlum þessum, og fundu þeir 5 hesta og tveggja manna ný spor upp á Arnarfellsjökul, hver þeir röktu upp á hájökul og svo vestur eftir honum, svo lengi dagur hrökk. Fjúkmaldur og þoku fengu þeir á jöklinum. Snéru þeir til baka eftir sólarlag til híbýla þjófanna.

Eigendur af sauðahöfðunum skiptu með sér slátrinu, sem var nokkuð skemmt. Bækur, smjör og skinnstakk, peysuræfilinn með treyju og svuntugarmi fluttu þeir með sér, virt 50 álnum. Hitt annað rusl, fúið og fánýtt, brenndu þeir upp með hreysinu og kofunum, sem þeir umturnuðu og umveltu.

Síðan hefur ekki í Árnessýslu til þjófanna spurzt eður við þá vart orðið.

Til byggða var skemmst af jöklinum, þá leitarmenn aftur snéru, í Blöndudalinn.

En híbýli sín meina þeir hafi flúið og í flaustri við skilið, þá þeir, yfir eyðisand sléttan og nær 3ja part úr þingmannaleið langan, hafi um daginn séð för leitarmanna. Þó hafa þeir með sér tekið það nauðsynlegasta, svo sem tjald, verkfæri, reiðtygi, pottinn og gærur nokkrar, item langan staf með broddi neðan í, sem af hestinum hafði dregizt í snjónum, þar um fóru." pr. í Söguþáttum Gísla Konráðssonar, s. 94-96. Páll Melsteð segir í Íslendingi 1861-62, að sézt hafi tóttarbrot í Arnarfellsmúlum og annað niðri við Þjórsá, en nú muni þær menjar undir lok liðnar. - Landbrot mun hafa verið töluvert í Arnarfellsmúlum í nánd við kvíslarnar. ÚAT, 138. ÓB ofl leituðu á svæðinu í júlí 1950 og fundu engar tóftir þó hann telji ekki loku fyrir skotið að þær geti leynst undir hávöxnum gróðri sem þar var.

Skýrsla Brynjólfs Sigurðssonar 1762; Páll Melsteð, ÚAT, 138.

**ÁR-673:003** gerði gæsarétt
í Nauthaga í Þjórsárverum. Skýrsla um gæsaleiðangur Scotts og Finns Guðmundssonar sumarið 1951? Getið er um margar gæsaréttir á þessum slóðum,

ÚAT, 138-39

**ÁR-673:004** tóft óþekkt
Í Þjórsárverum, austan við Nauthaga, skammt frá gæsarétt ÁR-673:003, á mel.

"...sumarið 1951 fundu menn úr gæsaleiðangri Scotts og Finns Guðmundssonar tótt eina rétt austan við Nauthagann, skammt frá gæsaréttinni þar. Er hún ein sér úti á mel og hafði verið með helluþaki, en hellurnar lágu á gólfinu. En ekki getur ýsing þeirra félaga á tóttinni með nokkru móti samræmzt frásögn Brynjólfs Sigurðssonar um hreysi Eyvindar. Töldu þeir líklegast að kofi þessi hafi verið byggður til notkunar við gæsadráp, þegar rekið var að í re´ttinni. Ekkert vatnsból er við kofann ..."

ÚAT, 138

**ÁR-673:005** þúst óþekkt
Austan við Arnarfellsöldu, um 1 km frá Þjórsá. "...hrúga úr samanbornu grjóti, sem virðist vera leifa af tótt. Hugsanlegt er, að hún sé leifar af tótt þeirri, sem Páll Melsteð talar um niðri við Þjórsá."

ÚAT, 1. nmgr s. 139 ATH Pál Melsteð í Íslendingi 1861-62.

**ÁR-673:006** tóft óþekkt
neðst í Hnífárveri innan við Fjórðungssand, uppi á grjótöldu

"...kofarúst á innanverðum Gnúpverjaafrétti ... Kofinn hefur verið hlaðinn úr mjög stórum steinum, og eru sumir þeirra jarðfastir. Gert hefur verið yfir hann með helluþaki, og lágu hellurnar niðri í gólfinu. Lengd tóttarinnar er einn og hálfur metri, en breiddin einn metri að innanmáli. Mesta vegghæð er um 1,20 m. Kofa þessum er þannig valinn staður, að ekki er líklegt, að hann hafi verið leitarmannakofi. En hinar mörgu gæsaréttir á þessum slóðum sýna, að þarna hefur verið tíðförult af byggðamönnum, áður en farið var að smala þar í haustleitum, og vel gátu refaskyttur lagt þangað leið sína."

ÚAT, 139

**ÁR-673:007** tóft útilegumannabústaður
"Suðaustur af Arnarfellsmúlum eru víðáttumikil mýrarver alt niður að Þjórsá. Innan til móts við Múlana niðri undir Þjórsá stendur dálítil hæð upp úr verinu. Hún er nefnd Arnarfellsalda. Vestan við ölduna er lítið stöðuvatn. Vestan í öldunni, móts við mitt vatnið, eru leifar af kofa neðarlega í brekkunni."

"Nú sést þar aðeins óljós steinaröð, sem veggirnir hafa staðið. Virðist lengd kofans hafa verið um 2,70 m, en breiddin rúmur 1 m. Um 1930 var rútin ennþá allglögg. Hæstur var þá veggurinn að norðan og náði manni í mitti. Einnig voru greinilegir kampar móti vestri að norðanverðu við dyrnar, og var þetta allt hlaðið úr grjóti. En að sunnnverðu sáust engin merki um vegg. Síðan hefur tóttin [140] eyðzt af aurskriðu ofan úr öldunni, sem sópað hefur burtu öllu nema undirstöðunni." Lýsing tóttarinnar um 1930 er samkv. uppl. frá Jóhanni Kolbeinssyni á Hamarsheiði, fjallkóngi Gnúpverja. Hann hefur og lagt einn stein ofan á annan fast við rústina til að aukenna staðinn. ÚAT, 139-40. Minjar um útlegð Jóns Jónssonar og Gunnlaugs Bergssonar vinnumanna frá Laugardælum í Flóa. Þeir lögðust út 20. október 1848 og þann 23. voru þeir komnir inn í Múlaver "og bárust þar fyrir á grjótmel. ... [141] Þennan dag var þoka, en um nóttina gek hann í norðankafald. Fóru þeir Gunnlaugur þá að byggja sér kofa og voru búnir ð því um dagmálaleytið. Í veggina höfðu þeir grjót og sand, en sæluhúshurðina [sem þeir höfðu stolið af sæluhúinu í Gljúfurleit þann 21.] höfðu þeir fyrir árefti og þöktu með hnausum." Þeir voru handsamaðir næsta dag -

Þingbækur Árnessýslu 1848; ÚAT, 139-142.

**ÁR-673:008** heimild sæluhús
í Gljúfurleit. Útileguþjófarnir Jón Jónsson og Gunnlaugur Bergsson stálu hurð af sæluhúsi þessu þann 21. október 1848 og höfðu sem árefti

á kofa þann sem þeir byggðu síðan við Arnarfellsöldu -
ÚAT, 140 (þingbækur Árnessýslu 1848).
**ÁR-673:009** heimild Arnarfell áfangastaður
Í Arnarfelli var áfangastaður BárðdælingaSSÞ, 94 1840: "Inn í austanverðum Arnarfellsjökli stendur Arnarfell . Austan á því er jarðvegur vaxinn hvanngresi og smákvisti. Sléttur sandur liggur inn að fellinu að austan, en að vestan er það áfast við jökulinn. Í felli þessu er áfangastaður Bárðdælinga á suðurleið þegar ekki er fært að ríða Þjórsá á Sóleyjarhöfðavaði, því að þá er farið yfir hana við jökulinn"
SSÞ, 94
**ÁR-673:010** heimild Sandafell náttstaður
fyrsti tjaldstaður leitarmanna er spölkorn innan við afréttargirðingu, inni í Sandafelli. Á heimleið er þó tjaldað hjá leitarmannakofanum hjá afréttargirðingunni (Sjá Þjórsárdal)
GR II, 44
**ÁR-673:011** þjóðsaga Skúmstungur
"Óljós munnmæli eru til um það, að í Skúmstungunum hafi í fyrndinni dvalið einsetumaður. Heldur mun vera þar ömurlegt að vetri til, en sumarfegurð mikil."
GR II, 45
**ÁR-673:012** örnefni Starkaðssteinn
Stór stakur steinn í Starkaðsveri og á Bárðdælingur með því nafni að hafa orðið úti undir honum
"Herma munnmæli, að þar hafi orðið úti maður nokkur, Starkaður að nafni, norðan úr Bárðardal. Var hann á leið suður að hitta unnustu sína, sem átti heima í Gnúpverjahreppnum. Er mælt, að hann hafi borið beinin undir stórum, stökum steini, sem er þarna í verinu, og er við hann kenndur og heitir Starkaðssteinn. Lét Starkaður unnustu sína vita um örlög sín með eftirfarandi vísu: Angur og mein fyrir auðarrein/oft hafa skatnar þegið./ Starkaðs bein und stórum stein/um stundu hafa legið."
GR II, 46
**ÁR-673:013** örnefni Skiptibrík
"Dálítið ofar en Kóngsásinn, inn við Dalsá, er Skiptibrík. Er þar skipað í leitir."
GR II, 48
**ÁR-673:014** heimild Gljúfurleit náttstaður
Annar tjaldstaður leitarmanna. "Framarlega í Gljúfurleit er tjaldstaður og leitarmannakofi."
GR II, 48
**ÁR-673:015** heimild Gljúfurleitarkofi Eftirleitakofi
"Framarlega í Gljúfurleit er tjaldstaður og leitarmannakofi."
í Gljúfurleit eru tveir kofar og er annar þeirra eldgamall "Er nú hætt að nota hann, en hann er stæðilegur og á að standa sem minjagripur." Skv korti er einn kofi á norðurbakka Gljúfurár neðst í Gljúfurleit og er það væntanlega sá sem átt er við í GR II, 48 en annar rétt sunnan við Geldingaá, en hvort það er tiltölulega nýr kofi eða hvað verður að ath betur. "Allir kofarnir, sem notaðir eru, eru sæmilega góðir, allir byggðir þannig, að bálkur er fyrir mennina, en á gólfi er rúm fyrir fimm hesta, en fleiri hestar fara [55] ekki í eftirleitina."
GR II; 48, 54-55
**ÁR-673:016** heimild Loðnaver náttstaður
tjaldstaður leitarmanna í Styttri-Norðurleit "Innan við Dalsá er tjaldstaður og leitarmannakofi."
GR II, 48
**ÁR-673:017** heimild Loðnaverskofi sæluhús
eftirleitakofi í Styttri-Norðurleit "Innan við Dalsá er tjaldstaður og leitarmannakofi."
"Allir kofarnir, sem notaðir eru, eru sæmilega góðir, allir byggðir þannig, að bálkur er fyrir mennina, en á gólfi er rúm fyrir fimm hesta, en fleiri hestar fara [55] ekki í eftirleitina."
GR II; 48, 54-55
**ÁR-673:018** heimild Kjálkaver náttstaður
Tjaldstaður leitarmanna - "Ofarlega í [Kjálkaveri] inn við Kisu er leitarmannakofi; þar er einnig tjaldstaður."
GR II; 49
**ÁR-673:019** heimild Kjálkaverskofi sæluhús
Eftirleitakofi - "Ofarlega í [Kjálkaveri] inn við Kisu er leitarmannakofi; þar er einnig tjaldstaður."
"Allir kofarnir, sem notaðir eru, eru sæmilega góðir, allir byggðir þannig, að bálkur er fyrir mennina, en á gólfi er rúm fyrir fimm hesta, en fleiri hestar fara [55] ekki í eftirleitina."
GR II;49, 54-55
**ÁR-673:020** heimild Bólstaður sæluhús
Leitarmannakofi neðst í Tjarnarveri, niður við Þjórsá rétt að segja inn við Blautukvísl, hjá Sóleyjarhöfðavaði
Kofinn heitir Bólstaður "Mun nafnið komið af því, að þar höfðu aðsetur sitt varðmenn, er skydlu gæta þess, að sunnanfé hefði engan samgang við norðanfé fyrir niðurskurðinn vegna kláðans." Hjá Bólstað er vað á Blautukvísl. 1883 eða 84 var kominn kofi á þessum stað - GR II, 86 - "Allir kofarnir, sem notaðir eru, eru sæmilega góðir, allir byggðir þannig, að bálkur er fyrir mennina, en á gólfi er rúm fyrir fimm hesta, en fleiri hestar fara [55] ekki í eftirleitina."
GR II; 50, 54-55
**ÁR-673:021** heimild Sóleyjarhöfðavað
"Hjá Bólstað er vað á Þjórsá á Sprengisandsvegi, sem liggur þarna yfir ána. Heitir vaðið Sóleyjarhöfðavað, eftirsamnefndum höfða austan við ána. Stórgrýtt er áin þarna og oft ófær vegna vaxtar, einkum framan af sumri."
GR II, 50
**ÁR-673:022** dys Oddkelsalda legstaður
"Neðarlega í [Oddkelsveri] er smáhæð, sem heitir Oddkelsalda. Herma munnmæli, að verið beri nafn útilegumanns, er Oddkell hét. Á hann að vera dysjaður á öldunni, ásamt konu sinni. Eru þar tvær gróthrúgur, allstórar, og hefir grjótið verið tínt í þær a stóru væði, og hefir það verið allmikil fyrirhöfn, því að lítið er um grjót þarna í grenndinni."
GR II, 51
**ÁR-673:023** heimild Nauthagi náttstaður
"Í Nauthaganum er tjaldstaður leitarmanna; er þar gott að gista í góði veðri ..."
Nauthagi er stórt svæði vaxið stör og öðrum votlendisgróðri - "...skjóllaust er þar. Rétt hjá tjaldstaðnum er volgur lækur eða laug."
GR II, 51

**ÁR-673:024** örnefni Nauthagi
Nautalda er vestast í Oddkelsveri og gegnt henni, innan við Miklukvísl, er Nauthaginn - Nauthaginn er "stórt svæði, vaxið mjög hávaxinni stör og öðrum votlendisgróðri, því að mjög er þarna votlent, einkum í úrkomutíð."
"Örnefni þessi, Nautalda og Nauthagi, eru þannig tilkomin, að þar fundust tvö naut, sem Jón Guðmundsson ritstjóri átti. Hann flutti frá Kirkjubæ á Síðu til Reykjavíkur árið 1847. Munu nautin hafa ætlað að leita átthaganna, sennilega vorið eftir að Jón flutti, farið yfir Hvítá langt inni í óbyggðum, svo austur með Kerlingarfjöllum. Fundust þau um haustið í Nautöldu, að líkindum í eftirleit ..."
GR II, 51
**ÁR-673:025** gata Sprengisandsvegur leið
"Ævafornir götutroðningar, e.t.v. úr grárri forneskju (hjá Arnarfellsöldu), sýna að löngu horfnar kynslóðir hafa lagt þarna leiðir sýnar."
GR II, 54
**ÁR-673:026** heimild Skógakofi sæluhús
Leitarmannakofi í "Fitjaskógum fremst."
"Allir kofarnir, sem notaðir eru, eru sæmilega góðir, allir byggðir þannig, að bálkur er fyrir mennina, en á gólfi er rúm fyrir fimm hesta, en fleiri hestar fara [55] ekki í eftirleitina. Þó er Skógakofinn undantekning frá þessu. Í honum er ekkert rúm fyrir hesta, enda er hann eldgamall, en þó miklu yngri en gamli kofinn í Gljúfurleit. Enginn útbúnaður er í kofunum nema fötur í sumum og skóflur ..."
GR II; 54-55
**ÁR-673:027** örnefni Vörðuhóll
í Miklulækjarbotnum
GR II, 87
**ÁR-673:028** kuml legstaður
2 kuml í Hólaskógi, um 4-5 km innan við rústirnar í Stöng, skammt innan við afréttargirðingu, skammt frá Sprengisandsleið hinni fornu, um 40 metrum suðaustur af annarri vörðu norðan afréttargirðingarinnar. Um 60 m voru á milli
Kumlin fundust 1978 og voru rannsökuð þ. á. af GG og ÞM Í kumli 1. var beinahrúga af einum manni og hefur kumlið líklega blásið upp áður og beinunum verið safnað í hrúgu. Í kumlunu voru 4 raftölur, 11 glertölur, ryðgaðar trjáleifar og viðarmold á einum stað. Helst virtist að kumlið hefði snúið NA-SV og var það af konu, um 50-60 ára að aldri. Nokkrum m NV við fundust hrosstennur og mjaðmagrindarbein úr hrossi og nokkrir aðfluttir steinar og hefur þar mögulega verið hrosskuml. Kuml. 2 var 60 m sunnar en 1. Í því fannst spjótsoddur líkl af G-gerð - frá 10. öld en öll bein voru horfin.
ÞM Fornkuml

## Þjórsárdalur ÁR-674

Þjórsárdalur tilheyrði Gnúpverjaafrétti áður en dalurinn var girtur af og voru vestur og suðurmörk um Fossá til upptaka. Mörk milli Þjórsárdals og Gnúpverjaafréttar eru afréttargirðingin frá Háafossi austur í Þjórsá framan við Sandfell. Þjórsá er á austurmerkjum
"Er allmikill og mjög þéttur skógur sunnan í [Búrfelli]. Er mælt, að Hjalti Skeggjason, hafi byggt þar skip sitt fyrir löngu; mun þá skógurinn haf verð stórvaxnari enn nú. / ... / Búrfell hefir að ýmsu leyti verið gullkista Gnúpverja. Þnagð ráku margir fé sitt á útmánuðum, einkum þeir, sem ekki höfðu næg hey, eða þeir, sem áttu margt fé, en takmarkað landrými. En í Búrfelli er hagasælt, og þá var lítið hugsað um, hvað hollt væri skóginum. Einnig var allmikið sótt af viði í Búrfell, einkum til fjárhúsagerðar." - GR II; 43. "Áður fyrr var rekstrarleiðin upp Stangarfell í stað þess að fara veginn. Var það kallað að reka upp leppa, en svo kallast sneiðingarnir suðvestan í Stangarfelli. Nú [um 1945] er sjaldan rekið þarna á vorin, því að betur þykir ganga að fara veginn, en á haustin er safnið rekið þarna fram."
GR II, 44

**ÁR-674:001** bæjarstæði Stöng býli Friðlýstar minjar
JÁM
**ÁR-674:002** bæjarstæði Skeljstaðir býli Friðlýstar minjar
BJ 1861: "Laugardaginn 20. Júlí skoðaði ég, með Skólapilti Páli Jónssyni frá Stóranúpi, tóptarústir á Steinastöðum Skéljastöðum og Sámstöðum í Þjórsárdal. Á skéljastöðum og Steinastöðum sjást engin skil á bæar lögun, alt er sandorpið, en á Sámstöðum líkist hún hérumbil myndinni hér að framan ..."
Árbók 1984, 191; JÁM
**ÁR-674:003** bæjarstæði Steinastaðir býli Friðlýstar minjar
BJ 1861: "Laugardaginn 20. Júlí skoðaði ég, með Skólapilti Páli Jónssyni frá Stóranúpi, tóptarústir á Steinastöðum Skéljastöðum og Sámstöðum í Þjórsárdal. Á skéljastöðum og Steinastöðum sjást engin skil á bæar lögun, alt er sandorpið, en á Sámstöðum líkist hún hérumbil myndinni hér að framan ..."
Árbók 1984, 191; JÁM
**ÁR-674:004** bæjarstæði Sámsstaðir býli Friðlýstar minjar
BJ 1861: "Laugardaginn 20. Júlí skoðaði ég, með Skólapilti Páli Jónssyni frá Stóranúpi, tóptarústir á Steinastöðum Skéljastöðum og Sámstöðum í Þjórsárdal. Á Skéljastöðum og Steinastöðum sjást engin skil á bæar lögun, alt er sandorpið, en á Sámstöðum líkist hún hérumbil myndinni hér að framan, að því leyti sem sást fyrir sandi. Tölustafirnir sýna lengd veggjanna að fetatali. Bærinn hefir staðið neðarlega í brattri brekku, á dálitlum hjalla, sem valla hefir verið nógur fyri hann. Dyrnar hafa verið við A. og er bratt niður [192] frá þeim og lítur út fyri að þar hafi verið tröppur. Þó sést það ekki til vissu því öll brekkan fyrir neðan bæinn er alþakin grjóti úr suðurvegnnum. Ekki varð annað séð enn C og B væri eitt hús. Í húsinu D standa uppreistar 2 hraunhellur mjög svartar þó varð ekki séð með vissu hvurt það var sótlitur. Helzt er athuga vert um millibilið J. og veggja brotin E.I. K. sem ekki varð séð til vissu hvurnig löguð eru; hvurt dyr hafa verið við endan á E inní húsin F. og H. eða veggurinn E hefir verið fastur við L. en dyr í G. inní H. milli I. og K. og inní F. við endann á M. sem mjög óglöggt sést til, því alt millibilið E. G. I. K. M. er grjótdreif ein. Ég er nnars hræddur um að veggjabrotin E. I. K sé ekki annað en hrapaðir steinar sem af hendingu liggja svona í röð en veggurinn hafi verið öðruvísi, skekkjan á E bendir líka til að veggurinn hfi ekki verið svo. Til mætti gét að hann hafi líkst eihvurri af þessum myndum, myndin a hefur húsin F og H. tvídyruð og bæinn undireins tvídyraðan. Myndin b hefir þau eindyruð og bæinn, og er hún að minni meiningu ólíklegust. Myndin c hefir húsin eindyruð en bæinn tvídyraðan og þykir mér hún líklegust. Ef grafið væri í tóptirnar mundi mega finna hina réttu undir stöðu því án efa hafa þær meir eða minna fyllst af sandi áður enn þær hröpuðu niður. Bærinn hefir snúið mót suðri; fyrir austan bæinn við O hefir staðið hús, (útibúr) á stærð við F. að lögun hérumbil eins og þessi mynd þó var breiddin minni en lengdin. Það var orðið svo áliðið dags að ekki var tími til að feta hana og ekki að skoða fjósið sem er nokkru austar. Fleiri tóptir hefi ég ekki haft tækifæri til að skoða enda mun þessi bezt."
JÁM; Árb 1984, 191-92;
**ÁR-674:005** bæjarstæði í Gjáskógum býli Friðlýstar minjar
**ÁR-674:006** heimild vað
á Fossá, neðan við Hjálp, fast neðan við gljúfrið. "Var safnið rekið þar fyrrum, og varð þar stöku sinnum þrautarlendingin ef áin var svo

mikil, að ófært var að reka yfir hana á Fjallmannavaðinu ... lngt fyrir ofan Hjálp."
GR II, 43

**ÁR-674:007** heimild Fjallmannavað vað
á Fossá "nokkuð langt fyrir ofan Hjálp, þar sem vegurinn liggur inn úr. Kemur Rauðá í Fossá rétt neðan við vaðið, smáá, sem rennur um Gjána.” Fjallmannavað var aðalvaðið á Fossá þegar safnið var rekið yfir, en þegar ófært er á því er safnið rekið yfir neðan við Hjálp -
GR II, 43

**ÁR-674:008** örnefni Þjófafoss
í Þjórsá, þar sem áin beygir aftur til norðvesturs fram hjá suðurodda Búrfells + Þjófagil austan í Búrfelli "Benda örnefni þessi til, að þarna í grennd hafi afbrotamenn dvalið."

**ÁR-674:009** heimild sæluhús
Leitarmannakofi við afréttargirðinguna innan við Stangarfell. Á þessum stað er einnig tjaldað á heimleið úr göngum ATH SSÁ
GR II, 44

**ÁR-674:010** heimild kolagröf
í Hólaskógi og Bláskógum. "Benda nöfnin til þess, að þarna hafi verið skógur til forna; einnig sjást þar gamlar kolagrafir, einkum í Bláskógum."
GR II; 44

**ÁR-674:011** heimild sæluhús
"... lítill kofi í Gjánni, smáhellisskúti, sem hefir verið lagfærður þannig, að settur vr í hann dyraumbúningur og hurð. Nú er hætt að nota hann."
GR II, 54

**ÁR-674:012** heimild Lepparstaðir (1) býli Friðlýstar minjar
**ÁR-674:013** heimild Lepparstaðir (2) býli Friðlýstar minjar
**ÁR-674:014** þjóðsaga Búrfell
Tröllskessan Þuríður bjó í Búrfelli og átti systur í Næfyrholtsfjalli
Í Landnámu er þess geti (ÍF I, 286-87) að Þjórsdælir vildu grýta Þuríði Arngeirsdóttur í hel fyrir tröllskap. Síðar var talið að hún væri tröllskessa sú í Búrfelli við Þjórsá sem systir hennar í Næfurholtsfjöllum bað að lána sér pott: Einu sinni var maður nokkur á ferð fyrir ofan efstu bæi í Landsveit. Heyrði hann þá að kallað var í Næfurholltsfjalli: "Systir ljáðu mér pott." Þá var svarað í Búrfelli: "Það er ekki gott, en hvað á að gjöra við hann?" N: "Sjóða í honum mann." B: "Hver er hann?" N: "Gissur á Botnum, Gissur á Lækjarbotnum." B: "Ekki færðu hann, hann er kámugur um kjaftinn." Maðurinn hafði nýlega verið til altaris og því unnu þær systur honum ekki mein." -
ÍV, 155; ÞJÁ I, 154; III, 234; IV, 120

## Skriðufell ÁR-263

Eign Skógræktar ríkisins.
Mýrlendi í Skriðufellsnesi hefur nú verið ræst fram og ræktað í tún

**ÁR-263:002** bæjarstæði Áslákstunga fremri býli Friðlýstar minjar
JÁM; Árb 1884-85, 47-48
**ÁR-263:003** bæjarstæði Áslákstunga innri býli Friðlýstar minjar
JÁM; Árb 1884-85, 47-48
**ÁR-263:004** bæjarstæði Fagriskógur býli Friðlýstar minjar
JÁM; Árb 1884-85, 47-48
**ÁR-263:005** bæjarstæði Karlsstaðir býli Friðlýstar minjar
Árb 1884-85, 47-48
**ÁR-263:006** heimild í Grjótárkrók býli Friðlýstar minjar
Rústir í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri
Árb 1884-85, 47-48

## Ásólfsstaðir ÁR-264

Skógrækt ríkisins á allt fjall- og skóglendi jarðarinnar Landið er allt grasgefið, og túnin jafnan snemmsprottin. Ásólfsstðanes er mýrlent, og er nú að mestu ræst fram og ræktað í tún. Á Ásólfsstöðum voru eins og á Skriðufelli hlunnindi af skógum til eldiviðar, og einnig var nokkuð um skógarhögg til sömu nota út af bænum til bænda í nágrenninu - SB I, 349

**ÁR-264:002** tóft Stórólfshlíð býli Friðlýstar minjar
Árb, 1884, 46-47
**ÁR-264:003** tóft Skallakot býli Friðlýstar minjar
Árb, 1884, 46-47

## Hagi ÁR-265

Nýb. Melhagi var stofnað á 3/32 af óskiptu landi Haga árið 1960
Hagaey liggur fyrir landi jarðarinnar í Þjórsá. Hún var áður nýtt tibeitar, en er nú alfriðuð, enda var oft harðsótt að sinn skepnum þar, þegar áin var í ham. - SB I, 351

**ÁR-265:002** tóft Snjáleifartóftir býli Friðlýstar minjar
Árb 1884-85, 46

## Fossnes ÁR-266

Að meiri hluta er um fjalllendi að ræða, víða gróið kjarnagrösum, sem þóttu áður verðmæt til vetrarbeitar. Ár og lækir falla um landið og er þar víða að finna hrikaleg gljúfur og gil. Syðri hluti jarðarinnar liggur lægra, þar er mýrlent og grasgefið land og allvel fallið til ræktunar

**ÁR-266:002** tóftir í Sauðhúsdal Friðlýstar minjar
Fornar rústir í Sauðhúsdal, garðlög og tóft við Garðabrekku, aflangur hringur og smátóft
Árb 1905, 34; Árb, 1894, 10

## Hamarsheiði ÁR-267

Nýb. Víðihlíð á 30 ha. eignarlandi var stofnað 1959. Hamarsheiði II var stofnað 1960 og er helmingur jarðarinnar
Mikill hluti landsins er fjalllendi, sem liggur hátt, og er það sem hæst ber og liggur næst afréttinum, gróðurlítið, en víða eru þar skjól og gróðursælt í lautum og lækjardrögum. Það, sem lægra liggur og nær bænum, er grasgefið; var að hluta mýri, en er nú þurrkað og ræktð tún.

**ÁR-267:002** heimild Lómsstaðir býli Friðlýstar minjar
Lómsstaðarúst, í grastorfu milli tveggja gilja, er falla saman og mynda Lómsstaðalæk
**ÁR-267:003** heimild Ásasel sel Friðlýstar minjar
Ásaselsrúst, við útfall Lómsstaðalækjar í Tungná

## Flóa- og Skeiðamannafréttur ÁR-753

"...afréttur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár" (Fjallskilareglugerð, 1.gr.). Úr Fossárdrögum eru austurmörk við Flóamannaafrétt lína um Öræfahnjúk og þaðan um há-Flóamannaöldu til Arnarfells . Deila var um afréttarmörkin á 19. öld [GR II, 53-54] en mörk voru þinglesin 2.6.1890 á manntalsþingi að Stóranúpi. (GR II, 92-93). Frá upptökum Stóru Laxár eru mörkin bein lína um Rjúpnafell, Rauðkolla og Kisubotna í Blautukvíslarjökul. "Á Flóa- og Skeiðamanaafrétt skal reka á þessa staði: Sandvíkurhreppur í Kamb, Hrungerðishreppur á Kiljansfitjar, Villingaholtshreppur innst í Hestfjallaver, Gaulverjabæjarhreppur í Kinnrver, Stokkseyrarhreppur (og Eyrarbakkahreppur) í Kinn, Skeiðahreppur í Fossárdal." (Fjallskilareglugerð 7.gr.). 1912 var sett upp girðing milli afréttarins og heimalanda í Gnúpverjahreppi og þá um leið fengið nokkuð af heimalöndum þeirra jarða, er næstar voru, bæði til að stækka landið, sem ótti var um að mundi verða of lítið, þegar féð gæti ekki runnið af afréttinum, og ennfremur til þess að fá heppilegra girðingarstæði. Samið var um leigu fyrir land þetta, og er sú leiga greidd árlega síðan. Girðingin er um 28 km á lengd, náði milli Laxár og Fossár." GR II, 108 Fyrir 1938, þegar girðing var sett upp á merkjunum við Gnúpverjaafrétt, voru leitir sameiginlegar fyrir innan Dalsá þannig að Flóa- og Skeiðamenn lögðu 2-3 menn til í leitirnar með Gnúpverjum. (Sá skilningur virðist hafa verið að Gnúpverjaafréttur og Hrunamannaafréttur lægju saman innan við Dalsá, en þegar farið var að fara í skylduleitir inn fyrir Dalsá hafi Gnúpverjum fundist að Flóa- og Skeiðamenn ættu að smala sinn skerf, og mun landamerkjadeilan hafa snúist um að fá staðfest að þeir síðarnefndu ættu afrétt inn að jöklum og bæri því að leggja mannskap í leitir. Landamerkjadómurinn frá 1890 hefur staðfest þetta en þetta innsta svæði eftir sem áður heyrt undir leitarsvæði Gnúpverja). 3 leitir voru á Flóa- og Skeiðamannaafrétt; Skeiðamannaleit austast, Flóa-austurleit (Austurleit) í miðið og Flóa-vesturleit (Vesturleit) vestast.

**ÁR-753:001** heimild náttstaður
1. tjaldstaður Skeiðamanna var nálægt Skriðufelli í Þjórsárdal -
GR II, 110
**ÁR-753:002** heimild náttstaður
1. tjaldsstaður Austurleitar var nálægt Skriðufelli í Þjórsárdal en þó ekki á sama stað og tjaldstaður Skeiðamanna. Þessi tjaldstaður var færður innar á afréttinn þegar fjallgirðingin var sett upp 1912
- GR II, 110
**ÁR-753:003** heimild Grímsstaðir náttstaður
1. náttstaður vesturleitar var í Grímsstöðum sem er austanvert við Laxá, gegnt eyðibýlinu Hrunakrók í Hrunamannahreppi. Vesturleitin lá 2 nætur á Grímsstöðum á frameftirleið og síðan í Mástungnanesi áður en afréttargirðingin var sett upp 1912-
GR II,110, 112
**ÁR-753:004** heimild Flóamannafit náttstaður
2. tjaldstaður Flóamanna, bæði Austur- og Vesturleitar var í Sultarfit (Flóamannafit) við Stóru-Laxá innan við Kóngsás. "... örlítil grastorfa innarlega með Laxá, og er þar skjóllaust og alger hagleysa fyrir hesta ... hvergi er teljandi gras nálægt, aðeins lítil kindasnöp innan um grjótása og melöldur ..." Á síðari árum var rétt hlaðin fyrir hesta á þessum stað.
GR II, 110-11
**ÁR-753:005** heimild Sultarfit náttstaður
2. tjaldstaður Skeiðamanna var við Sultarfit rétt við innstu upptök Fossár betra skjól þar fyrir hesta en á Sultarfit Flóamanna en að öðru leyti svipaðir ókostir. Á síðari árum var rétt hlaðin fyrir hesta á þessum stað.
GR II, 110-11
**ÁR-753:006** heimild Skeiðamannahólmi náttstaður
Náttstaður Skeiðamanna á frameftirleið var í Skeiðamannahólma, sem er hólmi í Fossá, neðan við Fossárdalinn
- GR II, 111
**ÁR-753:007** heimild Blakkdalir náttstaður
Síðasti náttstaður Skeiðamanna á frameftirleið var í Blakkdölum við Þverá, vestan Ásólfsstaða. Eftir að afréttargirðingin var sett upp 1912 var gist á Hagaflötum - þó ekki fyrr en hætt var að gista síðustu nóttina í Mástungnanesi og breyttist það er Skeiðaréttir voru byggðar 1881 (?)
- GR II, 111
**ÁR-753:008** heimild undir Kletti náttstaður
Tjaldstaður Austurleitar á frameftirleið var undir Kletti við Grjótá -
GR II, 112
**ÁR-753:009** heimild Þverárdalur náttstaður
Síðari tjaldstaður Austurleitar á frameftirleið var í Þverárdal við Þverá, nokkru innar en Blakkdalir, þar sem Skeiðamenn lágu. Eftir að afréttargirðingin kom 1912 var náttstaður þessi færður í Seljadal við girðinguna innst í Fossneslandi
GR II, 112
**ÁR-753:010** heimild sæluhús
í Kambinum innan við Grímsstaði. 1914: "Þessa nótt lágum við í smákofa í Kambinum. Kofinn var ætlaður tveimur mönnum ... Hestarnir

voru fyrir utan kofann, bundnir á streng."
- GR II, 121

**ÁR-753:011** heimild Skillandsfitjar sæluhús
eftirleitakofi í Skillandsfitjum. 1914: "Kofinn á Skillandsfitjum var svo rúmgóður, að hafa mátti þar fjóra hesta inni. Bálkur var þar fyrir mennina."
GR II, 123

**ÁR-753:012** örnefni Skillandsá
einnig Skillandsfitjar. Þessi örnefni "munu þannig til komin að Skillandsá skildi heimaland og afrétt hér áður fyrr." Fitjarnar eru þó kallaðar Kiljanfitjar í fjallskilareglugerð
- GR II, 123

**ÁR-753:013** heimild Fossárdalsrúst býli Friðlýstar minjar
Árb 1885, 48-54; Árb 1897, 21

**ÁR-753:014** heimild Rauukambarúst býli Friðlýstar minjar
Árb 1885, 48-54; Árb 1897, 21

**ÁR-753:015** heimild Lóuþrælar (1) býli Friðlýstar minjar
Árb 1885, 48-54; Árb 1897, 21

**ÁR-753:016** heimild Lóuþrælar (2) býli Friðlýstar minjar
Árb 1885, 48-54; Árb 1897, 21

**ÁR-753:017** heimild Bergálfsstaðir býli Friðlýstar minjar
Árb 1885, 48-54; Árb 1897, 21

**ÁR-753:018** heimild Sandatunga býli Friðlýstar minjar
Árb 1885, 48-54; Árb 1897, 21

**ÁR-753:019** heimild Lambhöfðarúst býli Friðlýstar minjar

# Hrunamannahreppur

## Hrunamannaafréttur ÁR-683

Vesturmörk eru um Hvítá og Jökulkvísl inn í Blágnípu sunnan í Hofsjökli. Austurmörk eru Stóra-Laxá að upptökum og síðan lína um Eystr-Rjúpnafell, Lambafell, Kisufell, Þverfell og í jökulinn. Búðará fyrir innan Þorsteinshöfða var talin vera á mörkum afréttar og heimalanda en Tungufell átti þó slægjuland í Búrfellsmýrum innan við Búðará og notaði það af og til fram að 1890 - GR II, 142. Ekki var farið í fjárleitir í Kerlingarfjöll "fyrr en um og eftir miðja 19. öld. Smöluðu þá Húnvetningar Jökulkróknin og Blánípuverin. Hreppamenn fóru lengst innst á Skipholtskrók, en hann liggur með Jökulkvíslinni, sunnan og vestan við fjöllin." GR II, 138. Árið 1980 keypti Hrunamannahreppur 1400 ha úr landi Jaðars sem hafði verið innan fjallgirðingar - GR II, 183. "...skammt fyrir innan Hamarsholt skiptir mjög um til hins verra, því að þar tekur við ríki sandfoks og uppblásturs. Þar er land ýmist örfoka eða hálfblásið, en á stöku stað standa eftir stórar og leitlar torfur með heiðargróðri, sem veita eyðingunni viðnám ... Ekki hefur uppblásturinn alls staðar náð sér niðri, svo er t.d. í lægðunum og þar sem mýrlendi er og fitjar meðfram ám og lækjum. Þar er ennþá kjarngott beitiland fyrir þúsundir sauðfjár og fjölda hrossa. / Mjög hefir landið innan við byggðina breytst til hins verra í tíð núlifandi manna. Má rekja orsakirnar að nokkru til þess, að skömmu eftir aldamótin síðustu var sett girðing framan við afréttinn, milli Hvítár og Stóru-Laxár, til þess að verja sauðfénu bæði í afrétt á vorin og heim aftur á haustin. Þá var landið víða kjarri og skógi vaxið. En nú brá fljótt til hins verra. Sauðfé streymdi að [142] girðingunni síðari hluta sumars í þúsunda tali og á upp allt, sem tönn á festi, fyrst skógarleifarnar og svo grassvörðinn niður í vikurinn, sem undir er allsstaðar á þessu svæði." GR II, 142.

**ÁR-683:001** heimild Búðarártunga býli
JÁM

**ÁR-683:002** heimild Búðarárbakki býli Friðlýstar minjar
Tóftirnar eru á suðaustur-bakka Búðarár við veginn.
JÁM, Árb 1896, 5-8; Árb 1898. F, 56

**ÁR-683:003** bæjarstæði Stangarnes býli
BJ kallar þennan stað Stöng
JÁM

**ÁR-683:004** bæjarstæði Rógshólar býli
JÁM

**ÁR-683:005** bæjarstæði Mörþúfur býli
JÁM

**ÁR-683:006** heimild Heygilsbotnar býli
einnig kallað Heygil
JÁM

**ÁR-683:007** heimild Harðivöllur býli
JÁM

**ÁR-683:008** heimild Rafntóftir býli
sbr Hrafntóftaver við Hrafntóftalæk austan við Bláfell
JÁM

**ÁR-683:009** heimild Grjótártunga býli
örn vestan við Hrafntóftalæk
JÁM

**ÁR-683:010** heimild Hrísalækir býli
JÁM

**ÁR-683:011** heimild Fosslækjartungur býli
JÁM

**ÁR-683:012** heimild Ásgarður nyrðri býli

í Kerlingarfjöllum. Sama og Innri Ásgarður ?
JÁM. sbr GR III, 142
**ÁR-683:013** heimild Ásgarður syðri býli
í Kerlingarfjöllum. Fremri Ásgarður er þekkt örn vestan í Kerlingarfjöllum
JÁM; GR II, 155
**ÁR-683:014** heimild Djáknadyngja býli
Einnig kallað Djáknadys
JÁM
**ÁR-683:015** heimild Arnórsstaðir býli
JÁM
**ÁR-683:016** heimild Grímsstaðir býli
JÁM
**ÁR-683:017** bæjarstæði Laugahvammar býli Friðlýstar minjar
á Laugahvömmum innan við Búðará, spölkorn frá Hvítá, nokkru neðar en móts við Bláfell
Árb 1896, 5-8; Árb 1898. F, 56
**ÁR-683:018** bæjarstæði Þórarinsstaðir býli Friðlýstar minjar
Þórarinsstaðir eru fyrir innan Stangará, sunnan við Harðavöll
Árb 1896, 5-8; Árb 1898. F, 56
**ÁR-683:019** heimild Fjallamannagil náttstaður
1. tjaldstaður leitarmanna var í Fjallmannagili í Hnausheiði
GR II, 144
**ÁR-683:020** heimild Fosslækur náttstaður
2. tjaldstaður leitarmanna var í Fosslæk, sem rennur í Grjótá vestan við Búðarfjöll
GR II, 144
**ÁR-683:021** heimild Ásgarður sæluhús
leitarmenn í Norðurleit tjölduðu í Ásgarði og er þar lítið sæluhús eða leitarmannakofi meir en 60 ára gamall [ca. 1945]. Ferðafél. Íslands hefur nú byggt "stórt og myndarlegt sæluhús" - GR II, 145 - frásögn um tjaldsetningu á þessum stað 1905 -
GR II, 144-45, 174-75
**ÁR-683:022** heimild Geldingatangi náttstaður
Tjaldstæði aðalleitar var á Geldingatanga við Stóru-Laxá, sunnan undir Geldingafelli.
GR II, 145, 178
**ÁR-683:023** heimild Rauðárhlíð náttstaður
náttstaður 6 vestustu leitarmenn áttu náttstað í Rauðárhlíð meðan hinir fóru í Leppistungur. Rauðárhlíð er sunnan við Leppistungur norðan við Innri-Rauðá, austan við Mosöldu
GR II, 146, 178
**ÁR-683:024** heimild Leppistungur náttstaður
aðaltjaldstaður leitarmanna aðra og þriðju nótt gangna var í Leppistungum austan við Miklumýrar. "Leppistungur eru við Sandá, er kemur innan frá Kerlingarfjöllum suðaustanverðum, og er tjaldtaðurinn austanvert við ána." - "Leppistungur heitir tjaldstaður í Hrunamannaafrétti, og er legið þar aðra nóttina, sem verið er á fjalli í fyrsta safni. Nokkrir fjallmanna liggja þar einnig þriðju nóttina, en svo allir saman fjórði nóttina í Svínárnesi." - GR II, 175 "Tjaldstaðurinn Leppistungur dregur nafn af tveimur hólum eða hnúkum skammt ofan við tjaldstaðinn. Heita þeir Stóri-Leppir og Litli-Leppir."
- GR II, 175GR II; 146, 147, 175
**ÁR-683:025** örnefni Búðarháls
Búðarháls er norðan við Búðarfjöll milli Grjótár og Miklumýrarlæks. Þessi örnefni hljóta að vísa á aðrar búðir en Búðará og Búðartunga sem eru miklu sunnar á afréttinum
Hkort
**ÁR-683:026** hús Svínárnes sæluhús
kofi í Svínárnesi sem er tungan milli Svínár og Sandár vestur af Illaveri.
1916: "... sá kofi var hlaðinn úr torfi og kökkum og því sæmilega hlýr."
GR II, 152, 163
**ÁR-683:027** örnefni Brennivínsgil áfangastaður
? inn með Leirá á austanverðum Hrunamannaafrétti
1916: "Var náttstaðurinn valinn við gil eitt lítið sem Brennivínsgil heitir. Er sagt, að á þeim slóðum hafi fjallmenn oft blandað sér drykkinn til ferðarinnar." GR II, 159. ókunnur höf: Undir Fellinu er friðsæll blettur/þar fellur Laxá í hyl; /þar er fáskrýddur Fjallmannaklettur/og fossandi Brennivínsgil.
GR II, 159, 184
**ÁR-683:028** heimild sæluhús
eftirleitakofi í Frægðarveri
1916: "...kofinn hlaðinn úr grjóti og blés allt í gegn, svo að við urðum að troða heyi í stærstu götin." GR II, 162 - getið 1928 -
GR II, 167
**ÁR-683:029** varða samgöngubót
varða á klettabrún norðaustur af Litla-Leppi. getið í frásögn af eftirleitum 1928
GR II, 170
**ÁR-683:030** heimild Rofshólakofi sæluhús
Rofshólakofa er getið í frásögn ef eftirleitum 1928
- GR II, 172

## Hörgsholt ÁR-308

Ekki búið síðan 1973 en jörðin er nýtt til beitar.

Landið er stórt og margbreytilegt um landslag og gróðurfar. Háir ásar með djúpum skorningum og kjarnagróður í brekkum og lautum, og blautar mýrar, þýfðar en grasgefnar. Beitiland ágætt sumar og vetur fyrir allar skepnur. Skjól í öllum áttum. Heyskapyr reytingssamur. Heima við bæinn er knappt um ræktunarland. En spölkorn vestan við túnið er stórt mýrlendi, sem liggur vel við ræktun, enda nú þegar tekið til ræktunar. - SB I, 232

**ÁR-308:002** heimild Friðlýstar minjar
Forn bæjarrúst suðvestan í Árfelli ásamt fornlegum túngarðsspotta hjá. Á síðari tímum hefir hjer verið stekkur og stekkjar-tún um.

### Laxárdalur ÁR-310
Síðan 1904 í Gnúpverjahreppi

Heita má, að eingöngu sé um fjalllendi að ræða, að nokkru leyti grýtt og bert, en víða eru þar góðir hagar og kjarnagrös, sem þóttu vera til bjargar á vorin, meðan treyst var á jörðina fyrst og fremst. Túnin eru grasgefin en erfið, vegna þess hversu þau eru sundurgrafin af giljum og eru dreifð um landareignina. Hlunnindi eru af laxveiði í Stóru-Laxá.

**ÁR-310:003** heimild Miðfell býli Friðlýstar minjar
"Þær eru í flötum móa fyrir sunnan djúpt gil, sem er sunnanndir Miðfelli, fast við það"
Árb 1896, 2

## Biskupstungnahreppur

### Framafréttur ÁR-693
Hvítárvatn og Hvítá skipta frétti Biskupstungnamanna í tvennt og er syðri hlutinn kallaður Framafréttur. Hvítá ræður mörkum að austan en ap sunnan skilur Sandá - Sandavatn og Farið í Hagavatn afréttinn frá Tunguheiði sem er eign Bræðratungukirkju (GR II, 413) og heimalöndum Hóla - 20 km2 sem hreppurinn keypti og lagði til afréttarins 1958 (GR II, 247) - Haukadals og Úthlíðar. Haukadalsheiði er smöluð sér en þó að hluta á kostnað fjallskila og sama á við um Úthlíðarland, en um Hóla og Tunguheiði er smalað með afréttinum.

"Meginhluti framafréttarins eru blásnir melar og apalgrjót. [199] [í Einifelli] er gróðurlendi dálítið, svo og í suðurbrún Sandvatnshlíðarinnar. ... Mest er graslendið við Sandá austur undir Hvítá. Heitir það í Sultarkrika. Þá er og gróður nokkur í brekkunum inn með Hvítá ... Meðfram Brunnalækjunum nokkru sunnan við Grjótá, eru valllendibrekkur, er Brunnalækjartorfur heita, en Hellatorfur vestar ... Munu torfur þessar ver leifar þess gróðurlendis, sem eitt sinn hefir þakið allt svæðið suður að Sandá. ... Austur frá Geldingafelli hallar landinu niður að Hvítárvatni og Hvítá. Eru þar lyngtorfur og gróður dálítill upp eftir neðstu hlíðum fellsins ... og nokkurt haglendi er í því allhátt upp eftir hlíðum þess; einkum þó sunnan og suðaustan. [200] Niður af suðauturhorni Bláfells, í bug við Hvítá, er graslendi allstórt, er Fremstaver heitir. Þar er haglendi gott öllum fénaði, og gott aðver ameð hesta, ... Miðver heitir graslendi dálítið, nokkru ofar með ánni ... Milli Lambafells og Hvítár er mýrarver allstórt, er Lambafellsver heitir ..." GR II, 198-200.

"Svo virðist sem áður fyrr hafi verið miklu meiri gróður á þessu svæði a.m.k. suður og suðvestur af Bláfelli. Frá því segir í gömlum máldögum kirknanna í Tungunum, að þær hafi átt skógarhögg í Sandvatnshlíð og inn við Bláfell. Í Jarðabókinni 1709 er þess getið í lýsingu Bræðrtungu og Torfastaða, að kirkjurnar á þessum stöðum hafi átt skóg á þessum slóðum, en sagt er að hann sé aleyddur. Enn sjást þó leifar af birki á einum 4 stöðum á þessu svæði og auk þess í Bláfellshólma í Hvítá austan við Bláfell. Eru þar nokkuð hávaxnar hríslur, en á hinum stöðunum er aðeins lágvaxið kjarr." SB I, 23.

**ÁR-693:001** heimild sæluhús
Eftirleitakofi í Fremstaveri sem er allstórt graslendi í bug við Hvítá niður af suðausturhorni Bláfells. "Þar er haglendi gott öllum fénaði, og gott að vera með hesta ..." "... er þar náttstaður eftirsafnsmanna, og þriðjuleitarmanna, bæði fyrstu og síðustu nótt fjallferðarinnar. Þar er og gamall eftirleitakofi niður við ána." - "Enn [1985] stendur þó gamall leitarmannakofi í Fremstaveri ..." -
GR II, 200, 218, 250, SB I, 23

**ÁR-693:002** tóft Lambafellskofi sæluhús
"Milli Lambafells og Hvítár, er mýrarver allstórt, er Lambafellsver heitir, og þar neðst við kvíslina er lítill sæluhúskofi, kenndur við fellið."
1985: "Tóftir hafa fram að þessu sést eftir kofa ... í Lambafellsveri norðaustan Bláfells." - GR II; 250. Fyrsti tjaldstaður eftir að safnið hefur verið rekið yfir Hvítá og var tjaldað "sunnan í Lambafelli" eftir að safnið hafði verið rekið yfir Lambafellskvísl í svonefndan Tæpastíg. - GR II, 213 - ekki er alveg ljóst af þessum frásögnum hvort kofinn var á sama stað og tjaldstaðurinn en sú skipan er venjulegri.
GR II, 200, 213, 250

**ÁR-693:003** heimild Sultarkriki náttstaður
Sultarkriki er graslendi meðfram Sandá austur við Hvítá. Tjaldstaður á frameftirleið
GR II, 199I, 213

**ÁR-693:004** heimild Buðlungabrekkur náttstaður
Tjaldstaður Framafréttarmanna var í Buðlungabrekkum, en þær eru austan í Brekknafjalli, skammt austan við Hagavatn, sunnan við 'Farið' Ekki er alveg ljóst hvaða landareign þetta er - sunnan við Farið gæti þýtt að þessi staður sé í landi Haukadals eða Úthlíðar.
GR II, 214

**ÁR-693:005** hleðsla Hellar sæluhús
Hellisskúti í svonefndum Hellum vestan við Bláfell, beint á móti Kórnum, sem er djúpt gljúfur neðst í Valagili . "Í hellisskúta þessum getur að líta grjóthleðslur til skýlis fyrir viðlegumenn." taldar vera elstu minjar um leitarmannaskjól á afréttinum
GR II, 250

**ÁR-693:006** þjóðsaga Bláfell
Risinn Bergþór bjó í Bláfelli. Bergþór var bróðir Þóris í Þórisdal. Hann bjó í Bláfelli og var stundumnefndur Bláfellingur. Hann glímdi við Orm Stórólfsson í Skjaldbreið. Kona Bergþórs hét Hrefna. Þau skildu að borði og sæng og flutti hún sig að Hrefnubúðum (ÁR-694:020) og stunduðu þau bæði veiði í Hvítárvatni. Bergþór gerði ekki mein að fyrra bragði. Hann verslaði á Eyrarbakka

- ÍV, 23; ÞJÁ I, 202-3; III, 276-77; Gríma III, 122; ÞSS III, 214, 218; VII, 89; Bárðars 9 k.

**ÁR-693:007** þjóðsaga Bláfell
Hallgerður tröllkona sat fyrir Ólafi á suðurleið.Sama sögn er tengd þessu Bláfelli og Bláfelli sunnan við Mývatn. "Í báðum tilvikum spyr Hallgerður ferðamanninn: Ólafur muður/ætlarðu suður? - og hann svarar nokkurnveginn á þessa leið: Sittu heil á hófi/Hallgerður á Bláfjalli. - Í einni gerð sögunnar fóðrar Hallgerður hesta fyrir Ólaf meðan hann rær á Stafnesi og í annarri gefur hún honum hið nafnkennda Tröllkonurím áheimleið. Í þriðju gerð er hún álfkona sem er tröll í álögum og losnar úr þeim við að Ólafur nefnir nafn hennar."

ÍV, 57; ÞJÁ I, 151, 155-56; III, 233; ÞSS III, 289

## Biskupstungnaafréttur ÁR-694

Sá hluti Biskupstungnaafréttar sem er norðan við Hvítá og Hvítárvatn og takmarkast af Langjökli að vestan, sýslumörkum um þvert Kjalhraun að norðan að fremstu kvísl Blöndu, þá Blánípujökull í Jökulkvísl - Jökulfall þar til það fellur í Hvítá að austan. Þetta landsvæði áttu kirkjurnar í Haukadal, Bræðratungu, Skálholti og á Torfastöðum að einum fjórða hver og seldu þær Biskupstungnahreppi 25.4.1851( með leyfi kirkjustjórnarráðsins 23.9.1850) - afsalið frá 26.4.1857 - Lovs. XIV, 581-82 (GR II, 196-98). Þessi afréttur var þó aðeins notaður fyrir hross, og etv nautgripi, af Biskupstungnamönnum fram um 1880 er farið var að reka þangað sauðfé að sunnan. sbr. 1853: Biskupstungnamenn hafa að undanförnu rekið hross og naut norður yfir Hvítá með samkomulagi Kúluheiðarmanna. Brandstaðaannáll, (Sumar á Fjöllum s. 43). Fram um 1880 höfðu Húnvetningar smalað svæðið allt suður að Hvítá og hafa talið að það tilheyrði Auðkúlukirkju. Trippi Biskupstungmanna gengu aðeins í Hvítárnesi og Fróðárdal. 1709 segir að afréttur þessi hafi ekki verið notaður í manna minnum (að sunnan amk) "Sauðfe´mun þó hafa verið rekið á hann á 18. öld og skv SSÁ var rekið vestan við Hvítárvatn og leiðin verið í fjöruborðinu. Leið þessi virðist hafa lokast fyrir aldamótin 1800 - SB I, 32. "Þegar kemur fram að miðri 19. öld er farið að ræða um nauðsyn þess að farið sé að koma fé á afréttinn fyrir innan Hvítá, vegna þess að það tolli illa á Framafréttinum. Fer það svo, að Biskupstungnahreppur kaupir afréttinn af kirkjunum ... Nokkur bið varð þó á því, að farið væri að reka fé þangað. Hefur fjárkláðinn, em hér herjaði um þetta leyti, vafalaust átt þátt í því. Á þessum tíma er þó vitað, að Tungnamenn ráku þangað hross og nautgripi og fóru þangað að tína fjallagrös og jafnvel safna hvannarótum og álftafjöðrum. / Árið 1880 er farið með fráfærulömb frá 4 bæjum inn yfir Hvítá. Gerðu [33] bændurnir það að eigin frumkvæði og á eign ábyrgð. Lömbin fundust öll í Tjarnheiði um haustið "væn eins og dilkar". Árið eftir bættust 2 bændur við, en 1882 munu hafa rekið 4 bændur, og var mislingafaraldrinum sem gekk það vor kennt um að það gerðu ekki fleiri. Eftir þetta fór rekstur innyfir að vrða almennur, og þá fyrst voru gerð þangað fjalskil að frumkvæði hreppsyfirvalda." SB I, 32-33

Tangaver dregur nafn sitt af því að þar "var áður graslendi mikið og haglendi gott, en nú er það allt horfið, og eftir eru blásnir melar og grjótöldur. Fyrsta graslendið, sem talist getur, þegar inn fyrir Hvítá kemur, eru svonefndar Svartártorfur, harðvellisbakkar meðfram Svartá að sunnan, neðabn frá Hvítárvatni upp á móts við Fremri-Skúta. [201] Allt landið á milli Jökulkvíslar og Svartár er að mestu blásnir melar og grjótöldur yfir að líta, en þó eru þar víða gróðurblettir, einkum meðfram kvíslunum. Þeirra stærst er Skútaverið, sunnan undir Innri-Skúta, austur við Jökulkvíslina. [í Fossrófum] skiptast á melöldur og graslendi á allstóru svæði, og þykir æði leiðótt þar og vandmalað. ... Blákvíslin á upptök sín í Blánípuverum, sem eru stór mýrarver vestur af Blánípu með mörgum tjörnum og lækjardrögum, fúin og ill yfirferðar. ... Vestan og norðan við Blánípuverin taka við sléttir sandar allt norður að Blöndu og vestur að Kjalhrauni. [202] ... [Tjarnheiði hefur] fyrrum verið fagurt land og gróðursælt, en gróður fer þar nú ört minnkandi vegna uppblásturs, ... Vestur frá sæluhúsinu breiðir Hvítárnes úr sér, marflatt og víðáttumikið, vaxið broki og stargróðri, votlent og vont yfirferðar um miðju, en meðfram ám og lækjum, sem um það renna, eru sendnir valllendisbakkar og starungsflesjur. ... [203] ... Fróðárdalurinn, fagur og grösugur, eins og Hvítárnesið, enda beint framhald af því ... Sunnan í brekkum Leggjabrjóts upp af botni Hvítárvatns eru gróðurtorfur fagrar, með fjölbreyttum fjallajurtum ... [204] Sunnan undir Fremra-Sandfelli eru fagrar og grösugar brekkur, er Þverbrekkur heita. Að þeim slepptum er lítið um gróður norður með Hrútafelli, þar til kemur í Fögruhlíð [sem er] lágur fjallshryggur austur úr sjálfum jöklinum. Brekkan sunnan í móti er allbrött og grasi gróin upp undir brún, og það svo, að undrum sætir, því að nærri liggur, að það leggist í legur sums staðar eins og á vel sprottnu túni ... Að norðan er hlíðin ekki jafnbrött og að sunnanverðu, og ekki er [205] hún jafngróin þeim megin, en þó er þar haglendi nokkurt og oft er fé þar eigi síður en að sunnanverðu." GR II, 200-205 + Silungur gengur upp í Hvítárvatn og í Tjarná.

**ÁR-694:001** örnefni Þjófadalir útilegumannabústaður

"Bræðr tveir bjuggu í Engihlíð í Langadal, Föstólfr ok Þróttólfr; þeir váru miklir fyrir sér. Þeir tóku við manni til ásjá ok vildu hann hafa í leynum, meðan þeir færi til þings, á Kili skammt frá Reykjavöllum, [127] en þeir myndu lúka málum hans. ... [128] Þeir Þróttólfr ok Föstólfr fóru til þings, sem fyrr segir, en maðrinn var meðan í Þjófadal ok vænti, at þá myndi minna fé goldit, ef hann færi eigi sjálfr. Þeir riðu ok til þings Húnrøðr ok Þórólfr leikgoði. Hross hljópu frá þeim skammt frá Reykjavöllum, ok leituðu víða ok fundu eigi. Þeir sá mann skammt frá sér ok hugðu vera illmenni ok hann myndi tekit hafa hross þeira; þeir fréttusk ok eigi fyrir ok hljópu þegar at honum ok drápu hann; riðu síðan til þings ok sögðu þeim bræðrum Þróttólfi ok Föstólfi;" Vatnsdæla saga, ÍF VIII, 126-28; Þjóðsaga um níu skólapilta frá Hólum sem áttu að hafa flúið í Þjófadali af því að þeir höfðu drepið kerlingu. "Lifðu þeir mest af því að stela afréttarfé frá Tungna- og Hreppamönnum. Á endanum voru þeir unnir og drepnir í Þjófanesi fyrir framan Bláfell, á milli Grjótár og Sandár. Heitir fit ein við Sandá Þjófafall, er þeir hröktust út á, áður en þeir féllu."

ÞT, Ferðabók II, 193-94 ATH; ATH, Kålund II, 50, 421.

**ÁR-694:002** heimild Þjófatóft

vestan til í syðsta Þjófadalnum skv. ÞT. Eina heimild er ÞT sem getur þess ekki hvort hann hefur sjálfur séð tóftina. Fannst ekki við leit 1949,

ÚAT, 78-79

**ÁR-694:003** tóft óþekkt

fyrir sunnan Hrútafell, í skarðinu milli þess og Baldheiðar. "Í miðju skarðinu er lítið stöðuvatn, afrennslislaust, sem mjög mishátt er í. Norður af vatninu eru gróðurteygingar upp í hlíðar Hrútafells. Fast neðan við austustu gróðurteygingana eru leifar af tótt,"

"... leifar af tótt, og hefur verið hlaðið vörðubrot í henni. Tóttin er mjög úr sér gengin, og sjást aðeins undirstöður veggjanna. Rústin snýr milli suðvesturs og norðausturs. Dyrnar virðast hafa verið á gaflinum móti suðvestri eða nánar tiltekið stefnt beint á nafnlaust fell, sem er vestur af Baldheiði og fyrir sunnan Innri-Fróðárdal. Suðausturveggurinn er greinilegastur og er um 6 m á lengd. En breidd tóttarinnar er um 3 m að utanmáli, en um 1 m að innanmáli. 31. ágúst 1958 skoðaði ég [ÓB]tóttina ásamt Gísla Gestssyni og fleirum, og fundum við hana eftir tilvísun Tómasar Tómassonar í Helludal í Biskupstungum. Gísli gerði lítils háttar gröft í tóttina og fann mjög þunna gólfskán rétt undir yfirborði, en undir henni var hvítur vikur. Óljósar leifar af tré fundust á tveim stöðum. Í norðausturvegg fannst eitt kindabein, sem virðist hafa verið stungið inn í hann. Óvíst er til hvers kofi þessi hefur verið notaður. En varla hefur hann verið leitarmannakofi eða sæluhús vegfarenda. Nálægt tóttinni eru engir hrosshagar og hún er allfjarri Kjalvegi, og óhugsandi er, að þar hafi nokkurntíma legið leið milli landsfjórðunga. Manni hlýtur því að detta í hug sá möguleiki, að kofinn hafi um skammahríð verið felustaður sakamanns ..." ÚAT, 80. Þetta mun vera sama -mannvirki og HB minnist á: 'Svo sagði mér Tómas heitinn Tómasson, bóndi í Brattholti, að sagt hefði sér verið í æsku, að í krikanum milli skriðjökulsins og Hrútafells sæjust nokkur merki mannaverka, svo sem leifar af vegghleðslu eða því líku. Aldrei kvaðst hann þó hafa haft ástæður til að gæta að því nánar og mun það líklega vera óathuguð enn.

' - HB Sumar, 59; ÚAT,79, 80; SB I, 27

**ÁR-694:004** heimild Gránunes náttstaður

"Nesið milli [Svartárbotna eystri og vestri - rétt sunnan við Kjalhraun] heitir Gránunes."- Örnefnið er frá 1781 en í þessu hagaveri sunnan Kjalhrauns fannst hryssa grá frá Reynistaðarbræðrum.- HB Sumar, 55. "Þar hefir jafnan verið tjaldstaður fjallmanna og lengst af miðstöð fjall- [201] ferðarinnar á Biskupstungnaafrétt. Þar var réttað tvo daga í röð því, sem safnaðist á öllu svæðinu á milli jökla. Þar komu saman leitarmenn úr Biskupstungum, Hrunamannahreppi og norðan úr Húnavatnssýslu." GR II, 200-201 - Norðurleitarmenn á Hrunamannaafrétti tjalda þriðja daginn sem þeir leita í Gránunesi. "Gránunes er tjaldstaður á afrétti Biskupstungnamanna. Smala fjallmenn úr Biskupstungum fé í Gránunes þetta kvöld og komu þangað auk þeirra 9 manna úr Hrunamannahreppi, 3 menn úr Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu, sem

smöluðu með í Gránunes þetta kvöld. Var þarna oft margt fé saman komið og var því re´ttað um kvöldið. Drógu Hreppamenn fé sitt úr, og var það oftast um og yfir 100. Var það venjulega rekið austur yfir Jökulkvísl um kvöldið ... Mennirnir héldu svo aftur í tjaldstaðinn í Gránunesi og voru þar um nóttina." GR II, 144 Fyrir 1880: "Þá voru ... Húnvetningar einir um að smala afréttinn, allt suður að Hvítá, og Hreppamenn komu til móts við þá í Gránunes og drógu þar úr sínar kindur." GR II, 197. Eftir 1880: Gránunesmenn voru 24 og tjölduðu tvær nætur í Gránunesi. Þangað komu til móts við þá fyrsta daginn 4 menn frá upprekstrarfélagi Svínavatnshrepps, til þess að hirða það fé sem þeir áttu þar. "Að loknum sundurdrætti var sunnanféð rekið til baka suður á hraunið fyrir sunnan Gránunes, en norðanféð byrgt inni yfir nóttina." GR II, 208 - Hreppamenn virðast hafa komið daginn eftir og var þá enn réttað og dregið sundur í Gránunesi. Réttin ÁR-694:021 virðist hafa verið vestan við vestari kvíslina

GR II, 200-201, 208, 209

**ÁR-694:005** heimild ferja

Ferjan, 2 bátar litlir, var ofan við þar sem nú er brúin yfir Hvítá. Brúin "er sem næst því mitt á milli gamla ferjustaðarins og vaðsin, sem fjallmenn notuðu jafnan, þegar það var fært." GR II, 200 "Eftir stuttan rekstur var komið að Hvítá, örðugasta farartálma fjallferðarinnar áður en brúin kom til sögunnr. Var féð rekið í hana í smáhópum á ferjustaðnum og bátar hafðir á floti á meðan til þess að bjarga því, [211] sem gafst upp á sundinu. Sumir fylgdu svo fénu gangandi af stað frá ánni suður Bláfellsháls, á meðan aðrir fóru með hestana niður á vaðið, sem jafnan var gert, þegar það var fært. Annars varð að ferja farangurinn og sundleggja hestana, en sjaldan var það þó, sem þess þurfti." GR II, 210-11 sbr. 213 Safnið var "rekið í ána á ferjustaðnum skammt ofan við hornið, sem brúin er nú á. Þar hagar svo til, að áin er lygn og breið og fellur frá norðri til suðurs. Féð átti því að horfa í vestur á sundinu yfir ána, og væri sól komin svo vestarlega á himininn, að féð sæi hana speglast í vatninu framundan sér, var hætt við, að það [212] fengi ofbirtu í augun og færi að hringsnúast. Vildi það þá oft snúa aftur til sama lands [þessvegna mikilvægt að koma safninu að ánni sem fyrst um daginn] ... Strax þegar fnið var komið saman við ána, var fyrsta verkið að taka úr því fullorðna hrúta og farlama kindur, ef einhverjar voru, og fé þetta flutt yfir á bátum. Síðan var tekinn hópur, ekki mjög stór, og hann rekinn út í með þeim krafti sem unnt var. Þótti jafnan áríðandi, að vel tækist með fyrsta hópinn. Þegar féð hafði tekið sundið, komu bátarnir tveir til sögunnar. Voru að jafnaði tveir valdir menn á hvorum. Fylgdu þeir fénu eftir og voru viðbúnir að bjarga því, sem gafst upp á sundinu, en slíkt kom nálega alltaf fyrir í hvert skipti, sem hópur var rekinn í ána. ... Þegar fyrsti hópurinn hafði náð landi að sunnanverðu, var tekinn annar hópur úr safninu og farið eins að með hann, og þannig koll af kolli, þar til allt var komið yfir um, sem unnt var að láta synda. En alltaf sneri eitthvað aftur á sundinu til sama lands, og oftast var það sama féð. Það var svo að síðustu ferjað yfir um. / Þegar vel gekk, var þetta aðeins nokkrir bátsfarmar, en áraskipti voru á því, hve vel féð lagði í ána, og fyrir kom það, að flytja þurfti svo hundruðum skipti af safninu, og var það slæmt verk, þegar [213] farkostuinn var aðeins tveir bátar litlir, sem báru til samans 30-40 kindur." GR II, 211-13. 1918: "Bátarnir voru bæði litlir og lekir [og tókst ekki að koma safninu yfir og það rekið austur um Hrunamannaafrétt]" - GR II, 222. Ferjustaðurinn var um 1/2 km fyrir ofan brúna, og bátur hafði verið þar amk frá síðustu öld - SB I, 23

GR II, 200, 210-11, 211-13, 222

**ÁR-694:006** heimild Skagfirðingavað vað

Eitt af þremur vöðum á Hvítá, voru öll fyrir neðan brúna, en Skagfirðingavað næst henni. Brúin "er sem næst því mitt á milli gamla ferjustaðarins og vaðsins, sem fjallmenn notuðu jafnan, þegar það var fært." GR II, 200 Eftir að búið var að reka féð yfir á ferjustaðnum fóru sumir "með hestana niður á vaðið, sem jafnan var gert, þegar það var fært. Annars varð að ferja farangurinn og sundleggja hestana, en sjaldan var það þó, sem þess þurfti." GR II, 211, sbr. 213 - Skagfirðingavað á Hvítá á Kjalvegi

GR II, 200, 211, 213; SB I, 23, HB Sumar, 64.

**ÁR-694:007** tóft Karlsdráttur

Karlsdráttur er upp af botni Hvítárvatns alveg yst við skriðjökulinn sem fellur í vatnið. Hann er hringmynduð dalkvos með grösugum brekkum, í hálfhring móti suðvestri, en Hvítárvatn skerst inn í dalbotninn á milli tveggja grjóttanga. tóftin er í vestanverðum hvamminum upp af vognum. "Upp af vognum er samnefndur hvammur. Er þar mikil gróðursæld, bæði grasgróður, blóm, lyng og lítilsháttar birki, enda er þarna gott skjól, sérstklega fyrir norðanáttinni." - "Í vestanverðum hvamminum mótar fyrir tóft af kofa, sem gæti hafa verið notaður af veiðimönnum og einnig af ferðamönnum, því meðan farið var vestan við Hvítárvatn mun hafa verið farið þarna um." - SB I, 26 "Sagt er, að þessi saður hafi fengið nafnið Karlsdráttur af því, að maður nokkur hafi haldið þarna til við silungsveiðar og haft með sér folaldshryssu. Hafi hann tjóðrað folaldið á öðrum tanganum og farið vo með hryssuna í kringum tjörnina, yfir á hinn tangann, og látið hana synda með vaðinn eða netið yfir um til folaldsins. Þannig á hann að hafa veitt vel, þó að enginn væri báturinn ... sundið er ekki breiðara en svo, að hesti væri vel fært að synda þar yfir."

- SB I, 26; GR II, 203-204

**ÁR-694:008** heimild Þjófadalir náttstaður

í Þjófadölum. "Sauðaland er þarna með ágætum í dalnum og fjöllunum norður frá honum, og þarna gekk það hvað innan um annað, fé Norðlendinga og Biskupstungnamanna, á meðan það var frjálst ferða sinna." - "Þar höfðu Norðlendingar jafnan náttstað í fyrstu leit, á meðan þeir smöluðu allan þennan afrétt, og þar var jafnan sameiginlegur náttstaður Biskupstungnamanna og Húnvetninga í eftirsöfnum áður fyrr." - Tjaldstaðurinn var væntanlega á sama stað og skáli Ferðafélagsins er nú. Í frásögn af hrakningum norðanmanna sem tjaldað höfðu í Þjófadölum 1916 en lentu í fárviðri og brutust norður um Kjöl til Seyðisár er getið um fé sem þeir höfðu náð áður en stormurinn skall á og hafði það verið byrgt í rétt. - GR II, 227 en ekki kemur fram hvar hún var þó að af líkum megi r´ða að hún hafi verið hjá tjaldstaðnum.

GR II, 207, 218, 246

**ÁR-694:009** heimild Svartártorfur náttstaður

Sunnan við Svartá í grennd við Fremriskúta. Tjaldstaður leitarmanna á frameftirleið frá Seyðisá - líklega einnig samma og Svartárbugar, annar áfangi á leið Eyfirðinga í Biskupstungur -

SSE, 182; GR II, 210, 217, 230, 231

**ÁR-694:010** heimild Fúlukvíslareyrar náttstaður

Tjaldstaður á Fúlukvíslareyrum sunnan við Hrefnubúðir. Eftir að sæluhús FÍ var byggt í Hvítárnesi hefur jafnan verið gist þar.

GR II, 211; GR III, 281

**ÁR-694:011** tóft sæluhús

í Tangaveri við ferjustaðinn á Hvítá. 1918 þurfti að aflífa hest við ferjustaðinn og var" kjötið sett í lítinn sæluhúskofa, sem þá var þarna uppistandandi."- GR II, 223 [1985] sást tóft þessa kofa enn GR II, 250. Kofi þessi er líka við Kjalveg

GR II, 223

**ÁR-694:012** hús sæluhús

í Fossrófum, sem er graslendi austur og inn af Gránunesi þar sem Fossrófulækur á upptök sín. "Enn stendur þó gamalla leitarmannakofi ... í Fossrófum, raunar upphaflega varðmannakofi frá varðstöðu gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma, en notaður síðar sem leitarmannakofi."

GR II, 250

**ÁR-694:013** tóft sæluhús

í Kjalfellsveri við suðausturhorn Kjalfells "Tóftir hafa fram að þessu sést eftir kofa í Kjalfellsveri við suðausturhorn Kjalfells," Kofinn

stóð til um 1960
GR II, 250; SB I, 30

**ÁR-694:014** tóft Svartárbugar sæluhús
"Tóftir hafa fram að þessu sést eftir kofa ... í Bugum á vesturbakka Svartár móts við norðausturhorn Hrefnubúða."
GR II; 250

**ÁR-694:015** hleðsla rétt
Rétt í Hraunhól við Fúlukvísl austan Hrúrfells. Ljósmyndin er eftir Arnór Karlsson - einnig birt í GR II, 418
SB I, 28

**ÁR-694:016** heimild Hólmavað
Eitt af þremur vöðum á Hvítá, voru öll fyrir neðan brúna, en Hólmavaðvar í miðið. Sbr ÁR-694:006.
SB I, 23

**ÁR-694:017** heimild Eyfirðingavað
Eitt af þremur vöðum á Hvítá, voru öll fyrir neðan brúna, en Eyfirðingavað fjærst henni, spölkorn neðar en hin tvö.Sbr. ÁR-694:006.
SB I, 23

**ÁR-694:018** bæjarstæði Tjarnarkot býli Friðlýstar minjar
fast austan við sæluhús FÍ í Hvítárnesi, á hólbala austanmegin Tjarnár. Silungsveiði er í Hvítárvatni "Þar er víðlent graslendi og sumstaðar grasgefið votlendi, þar sem mögulegt var að afla heyja. Tjarná rennur þarna rétt hjá og er silungur í henni og þá ekki síður í Hvítárvatni. Skógur er í hlíðum Hrefnubúða og fuglalíf mikið á sumrin á þessum slóðum." Sbr þjóðs um Hrefnu, konu Bergþórs í Bláfelli, sem byggði bæ undir Hrefnubúðum ATH KE/SÞ. -1920: Tjarnarkot. "Við höldum yfir Tjarná hjá rústunum af Tjarnarkoti, þar sem seinna var byggt sæluhús Ferðafélags Íslands. Álitið er, að þar hafi bær staðið til forna og séu tóftir, er [62] þar finnast leifar bæjarhúsa. Allt mun þó óvíst um það og leitlar eð engar skjallegar heimildir til um bústað þann, enda sennilegt að ekki hafi þar verið búið lengi. [ranns af BJ og DB] ... húsaskipun, sem í engu virðist frábrugðin því, sem gerðist á smábýlum sunnanlands fram á 19. öld. Votlent er þar allt í kringum bæjarstæðið, og ekki sést þar heldur merki þess, að tún hafi verið ræktað, og engin fjárhús eða önnur útihús." - HB Sumar, 61-62
SB I, 26; Árb 1898. F, 56; HB Sumar, 61-62

**ÁR-694:019** heimild býli
Sunnan við ÁR-694:018 og sæluhús Ferðafélagsins í Hvítárnes. býli við Jökulkvísl 1920: 'Seint á síðustu öld sáust einnig nokkur merki bæjarrústa suður undir Jökulkvísl, þar sem land allt er örfoka. Var og mjög upp blásið þá og hleðslur allar runnar til og úr lagi færðar af vatni og aurskriði. En það, sem ótvírætt benti á, að þar hefð byggð verið, voru nokkur naglabrot, viðarkol og heinbrýni ásamt fúnum beinaleifum. Nú er bær sá öllum gleymdur og ekki einu sinni nafn hans vitanlegt.' - "Óljósar sagnir eru um annan bæ (en ÁR-694:018) litlu sunnar. Er þess getið í grein í blaði fyrir tæpum 100 árum, að þar hafi sést bæjarrústir, en vart munu þær sjáanlegar nú."
HB Sumar, 62; SB I, 26 (1979)

**ÁR-694:020** þjóðsaga Hrefnubúðir
Hrefna bjó í eða undir hlíðum Hrefnubúða. Hrefna "kona Bergþórs í Bláfelli. Henni þótti óskemmtilegt útsýni þar eftir að land kristnaðist en Bergþór vildi ekki flytja búferlum. Slildu þau því að borði og sæng og tók hún sér bólfestu í Hrefnubúðum norðan Hvítár og hittust hjónin öðruhverju við silungsveiðar."
ÞJÁ I, 202; Gríma III, 122; ÍV, 66

**ÁR-694:021** hleðsla Gránunesrétt rétt
í Gránunesi, hinu megin við vestari kvíslina. Réttin er hlaðin úr hraungrýti og var byggð fyrir síðustu aldamót - SB I, 31 - allt safnið var rekið í þessa rétt og fé Húnvetninga og Hreppamanna dregið þar úr - SB I, 36
SB I, 31, 36

**ÁR-694:022** heimild Beinahóll legstaður
"Skammt suðaustur frá [Grettishelli] er hraunhóll, sem nefndur er Beinahóll." Einnig kallað Beinabrekka. "Þar urðu úti haustið 1780 þeir Reynistaðarbræður, Bjarni og Einar, synir Halldórs klausturhaldara, og þrír menn aðrir, ásamt 200 sauðfjár og mörgum [276] hrossum. Þegar sá er þetta ritar, kom fyrst á Beinahól, fyrir 66 árum [1881], var hóllinn tilsýndar hvítur, eins og ullartætlum væri dreift um hann, en þegar að var komið, sást, að þetta var dreif af hrossa- og kindabeinum, sem voru hvít og skinin. Nú [1947] eru beinin horfin, því að mosi hefir vaxið yfir þau að mestu. Aðeins sjást enn stöku hrossabein. En þegar um mosann er gengið, finnst fyrir beinum undir fæti niðri í mosanum." Hafa ferðamenn á Kili síðan stundum þóst sjá skugga þeirra Reynistaðarbræðra á Kili, og er því lýst þannig að tvo menn ber við tjaldvegg - HB Sumar, 51. Björgu systur þeirra dreymdi:
'Enginn finna okkur má/undir fannar hjarni,/dagana þrjá yfir dauðum ná/dapur sat hann Bjarni.'
eða
'Í klettaskoru krepptir erum* við báðir [*liggjum]/en í tjaldi áður þar/allir vorum félagar.' - HB Sumar, 56
GR III, 275-76; HB Sumar, 55

**ÁR-694:023** varða Kjalvegur samgöngubót
Sú grein Kjalvegar sem liggur um Þjófadali er vörðuð a.m.k. að hluta en þær vörður munu ekki eldri en frá 1920. Kjalvegur 1920: "tókum við til við vinnuna og hlóðum vörður úr torfi eða grjóti, eftir því hvort nærtækara var. Svo var fyrir lagt, að breytt skyldi hinni fornu leið yfir Há-Kjöl, sem liggur yfir Kjalhraun og um Gránunes, og áttum við að varða hina nýju leið frá Hveravöllum suður um Tjarnadali, Þjófadali, niður með Fúlukvísl, um Þverbrekknaver og Tjarnheiði að Hvítá. Þó að leið þessi sé lengr en sú eldri, er hún að öllu leyti skemmtilegri, náttúrufegurð meiri, greiðfærari og grösugri, svo að víða eru hesthagar góðir. Byrjuðum við á vörðuhleðslunni hjá tjaldstað okkar við Oddnýjargil í Tjarnadölum og héldum suður." -
HB Sumar, 43

**ÁR-694:024** heimild legstaður
dys Reynistaðarbræðra - drjúgan spöl frá Beinabrekku, fannst 1846 af 'grasafólki að sunnan'-
HB Sumar, 55.

## Bræðratunga (Tunguheiði) ÁR-344b

Bræðratungukirkja á Tunguheiði sem er meðfram Hvítá að vestan upp frá Gullfossi - telst nú til Biskupstungnaafréttar (GR II, 247). "Er landsvæði þetta um 8 km langt og 2 km breitt. Það hefur verið talið eign Bræðratungukirkju, en dómur fjallar nú um, hver sé löglegur eigandi þess." SB I, 21 (1980)

"Landið er að miklu leyti grýtt og gróðurlítið, enda mun þar hafa verið uppblástur mikill fyrr á öldum og fram yfir síðustu aldamót." SB I, 21

**ÁR-344b:001** bæjarstæði Tungusel bústaður/sel
"Skammt frá Hvíta, [22] um hálftíma gang fyrir innan Gullfoss. eru tóftarbrot. Er það nefnt Tungusel, er sagt, að þar hafi verið haft í seli frá

Bræðratungu. Einnig mun hafa verið búið þar og getur Jarðabókin fá 1709 um, að tveir menn hafi búið þar hvor í sínu lagi á liðinni öld, en býlið hafi farið í eyði fyrir 40 árum, enda sé þar öldungis óbyggjandi vegna uppblásturs. Munnmæli eru um að maður nokkur, er Þorsteinn hét Kolbeinsson, hafi búið þar upp úr miðri 18. öld. Sagt er að eina búfé hans hafi verið 12 ær. Nú má sjá þar skammt frá bæjartóftunum, uppblásna tóft af fjárhúsi, og virðist síðast hafa verið þarna einstætt jötuhús, þar sem 12 kindur gætu hafa komist að jötu."

SB I, 21-22

**ÁR-344b:002** náttúrumin Vegatorfusteinn manndómsraun

við gömlu leiðina upp frá byggðinni (Kjalveg að því er virðist). "Glöggt merki [uppblástursins á Tunguheiði] er nafn á steini, sem var við gömlu leiðina upp frá byggðinni og notaður var sem aflraunasteinn. Er hann nefndur Vegatorfusteinn, en þar er nú algjörlega örfoka melar og grjót."

SB I, 21

## Hólar ÁR-358

Hólar eiga heiðina austan Ásbrandsár sunnan við Sandá og vestan við Tunguheiði sem er eign Bræðratungukirkju. Jörðin er í eyði og var keypt af Biskupstungnahreppi 1958 og lögð við afréttinn (GR II, 247)

"Stórar spildur eru örfoka land, en á milli grasgefnir blettir, og er raunar svo til allur syðri hluti jarðarinnar grasi gróinn og víða frjósamur. Skiptast þar á valllendi og mýrar. Síðast á síðustu öld var sandfok mikið til baga, og var sandur þá hreinsaður af túninu og fluttur í hóla, sem enn sjást. Ennfremur var uppblásturinn stöðvaður norðan við túnið með því að stinga niður börð og flytja í þau moðrusl." SB I, 79

**ÁR-358:002** heimild Lambavað vað

Lambavað er á ÁsbrandsáSafnið af Biskupstungnaafrétti var áður rekið yfir á Haukadalsheiði á Lambavaði til að komast hjá því að þurfa að sundreka á Tungufljóti en Ásbrandsá er tæplega helmingur Tungnafljóts að vatnsmagni.

GR II, 215

**ÁR-358:003** heimild Móskurður mógrafir

austan við bæinn

SB I, 79

**ÁR-358:004** örnefni Selhaga rsel

Selhagar eru norðan við Krosshóla, austan við Ásbrandsá

Hkort

## Haukadalur ÁR-361

Haukadalheiði milli Sandfells og Árbrandsár og sunnan Sandvatns er heimaland Haukadals og smalað sér en þó að hluta á kostnað fjallskila - GR II, 214. "Land Haukadals með hjáleigum er talið um 8.500 ha að stærð. Það nær all innanfrá Sandvatni, vestur fyrur Sandfell, austur að Ásbrandsá og Tungufjóti og suður að ámótum þess og Almenningsár, en Laugá, sem er á vesturmörkum jarðarinnar, hefur áður runnið í hana." SB I, 85

"Nyrsti hluti jarðarinnar liggur í yfir 200 m hæð yfir sjó. Þar er nú að mestu örfoka land, og mun uppblástur hafa verið þar stöðugt í a.m.k. þrjár aldir ... Þegar kemur niður á láglendið, taka við flatlendir móar, en syðst er stór mýrarfláki, er Almenningur nefnist. Þar eru engjalönd jarðanna, og var honum skipt þannig, að efst var spilda Laugar, þá Bryggju, síðan Tortu og syðst Haukdals. Sumarhagar voru taldir mjög góðir í Haukadal fyrir allan fénað, en snjó þyngsli hamla oft beit á vetrum. Hættur voru allmiklar fyrir fé og smölun erfið. Mikið er þar af góðu ræktunarlandi. Jarðhiti er mikill." SB I, 85. Nátthagi heitir tungan milli Ásbrandsár að austan og Litlu-Grjótár að vestan. Þar enn innar með Ásbrandsá heita Skógarhlíðar. - Hkort

## Úthlíð ÁR-370

Vesturmörk Úthlíðar ná frá Brúarárbotnum, ofan við Brúarskörð, beina stefnu í Hagavatn. Heiðalöndin eru smöluð sér en þó að nokkru leyti á kostnað fjallskila - GR II, 214. "Jörðin er víðlend, og nær hún allt inn að Langjökli, austan frá Fari og vestur á Eldborgir á Lambahrauni." - SB I, 101

"Meginhluti landsins er Úthlíðarhraun, og er það mjög breytilegt að gróðurfari. Nyrst er það gróðurlítið, og sums staðar hefur jarðvegur blásið burt ... Sunnan til er það víða vaxið skógi, og ýmis konar lyng og grasgróðri og valllendisflatir eru með fjöllum. Hættur eru fyrir sauðfé í hrauninu, einkum í sumarhitum er það fer niður í hraunkatla og gjár, sem það kemst ekki upp úr. Sumarhagar og vetrarbeit eru með ágætum, þar sem landið er skjólgott og þurrlent, en þó er það oft nokkuð snjóþungt. Veiði er nokkur í lækjum." SB I, 101.

**ÁR-370:004** þjóðsaga Þórólfsfell

Þorálfur (risi) var faðir Bergþórs í Bláfelli, og bjó í Þórólfsfelli sem líka er kallað Kálfstindur -Einnig kallaður Þórólfur og líka talinn hafa átt heima í Bláfelli (með Bergþóri syni sínum) eða Hlöðufelli (með Hlaðgerði móður Bergþórs) - en Þórólfsfell er einna fjallið sem hann er einn um - ÍV, 153. Kálfstindur er nú venjulega nafnið á þessu fjalli en hinsvegar er Þórólfsfell eitt rétt norðan við Hlöðufell - ath mögulegan rugling

ÍV; 153; Ármanns s. yngri 6. og 10. k; ÞJÁ I, 202-203.

# Grímsneshreppur

## Grímsnesafréttur ÁR-703

Laugdælingar og Grímsnesingar voru upphaflega saman í hreppsfélagi og er miðað við það hér. Austurmörk afréttarins voru úr Brúarárskörðum bein lína um Eldborgir í Lambahrauni í Hagavatni, með vatninu um Hagafell í Langjökul. Langjökull og Þórisjökull takmörkuðu afréttinn til norðurs. (Vesturmörk eru óljós og þarf að ath betur en hafa legið uþb úr skarðinu milla Litla og Stóra Björnsfells sunnan við Þórisjökul um há Skjaldbreið í Karl og Kerlingu og úr þeim um Tindaskaga í Hrafnabjörg). Mörk afréttar við heimalönd Laugarvatns og Efstadals þarf líka að ath betur - Klukkuskarð virðists kipta. Þegar hreppnum var skipt (hvenær?) fengu Laugdælingar eystri hluta afréttrins í sinn hlut og réð lína úr Langjökli um vesturbarm Lambahlíða og Hrúðurkatla. Þaðan um Langafell, Sköflung, Skriðuhnjúk, um Skefilfjöll og í Klukkuskarðs. Síðan hafa Grímsnesingar bætt allmiklu landi við afrétt sinn. Annarsvegar vesturhluta

Skjaldbreiðar árið 1890 og eiga þeir nú afréttinn austan við Hrafnabjörg - Geitafell í Fanntófell (GR II, 292) en þetta land var keypt af Þingvallakirkju. Hinvegar keyptu þeir spildu á Lyngdalsheiði af Böðvari Magnúsyni á Laugarvatni sem nær frá Þrasaborgum inn í Skefilfjöll. Fyrir Ísleifu eru þessi lönd talin með Þingvallakirkju og Laugarvatni Hagafell var lengi fram eftir árum ekki smalað - GR II, 252.

**ÁR-703:001** heimild Hlöðuvellir náttstaður
Tjaldstaður Laugdælinga í leitum var á Hlöðuvöllum sem eru sunnan undir Hlöðufelli "Samfelldasta gróðurlendið á innafrétti Lægdæla er Hlöðuvellir sunnan og suðasutan við Hlöðufell." - Nálægt þessum stað koma Skessubásavegur og Eyfirðingavegur saman: "Þar var fyrrum áningarstaður þeirra, sem riðu til Alþingis norðan Kjalveg og um Eyfirðingaveg sunnan undir Skjaldbreið. Á hlöðuvöllum er nú risinn leitarmannaskáli Laugæla, rúmar 15 manns. Einnig er þar hús yfir hesta leitarmanna."
GR II, 253, 290.
**ÁR-703:002** heimild Fífilvellir náttstaður
Annar tjaldstaður austurleitar Grímsnesinga var á Fífilvöllum sem eru norðan undir Skjaldbreið "...bendir nafnið til fagurgróins lands, en nú má heita, að þar sé auðn ein." "gamall tjaldstaður all fram um 1925."
GR II, 254, 293
**ÁR-703:003** heimild undir Kerlingu náttstaður
Þriðji Tjaldstaður austurleitar Grímsnesinga var undir Kerlingu sem er sandhnúkur sunnan undir Skjaldbreið. Á sama stað gistu einnig 3-4 Laugdælingar.
GR II, 254, 257
**ÁR-703:004** örnefni Þjófafell
Þjófafell er í Þjófahrauni milli Skefilfjalla og Tindaskaga. Þjófahraun er einnig merkt á kortinu allmiklu sunnar á móts við Hrafnabjörg Eyfirðingavegur liggur um þenna stað
Hkort
**ÁR-703:005** þjóðsaga Hlöðufell
Hlaðgerður tröllkona bjó í Hlöðufelli. Hlaðgerður var móðir Bergþórs í Bláfelli og kona Þórálfs í Þórólfsfelli og var sögð eiga heima í Hlöðkufelli. Eftir annari sögn bjó Þórálfur um lík hennar í Hlaðgerðarfelli -
ÍV, 62; ÞJÁ I, 202; Ármanns s. yngri 6. og 10. k

# Þingvallahreppur

## Þingvellir (afréttur) ÁR-466b

Þingvallakirkja átti afréttinn. Vesturmörk eru sömu og sýslumörk; úr Hrúðurkörlum við Þórisjökul, þaðan sjónhendinu yfir Sjónarhól, yfir há-Kvígindisfell, þaðan yfir Kjöl norðan Búrfells, þaðan í Skálafell og Moldarbrekkur austarlega á Mosfellsheiði. Árið 1890 keyptu Grímsnesingar vesturhluta Skjaldbreiðar af Þingvallakirkju fyrir jörðina Kaldárhöfða en austurmörk Þingvallaafréttar hafa þar áður verið uþb úr Þórijökli um há-Skjaldbreið um Tindaskaga og í Hrafnabjörg. (GR II, 292). Einnig keyptu Skorradals- og Lundarreykjadalshreppar "aaldrjúgan hluta af afrétti Þingvllakirkju til að auka við sín afréttarlönd (1880 eða 1886) - GR II, 296). - Hálendismörkin eru að austan látin fylgja hreppamörkum þeim sem nú eru milli Þingvalla og Grímsness - úr Hrafnabjörgum í Smágíga við Hlíðargjá
"Mjög eru afréttarlönd þeirra Þingvellinga og Þingvallaland kjarngóð beitilönd, sem kunnugt er. Skiptast þar á heiðar-, skógar-, mýrar- og valllendisgróður." GR II, 253.

**ÁR-466b:001** varða Hallbjarnarvörður samgöngubót
Hallbjarnarvörður eru norðan við vegamót Kaldadals- og Uxahryggjaleiðar. Samkvæmt Landnámu voru átta vörður á tveimur hæðum hlaðnar yfir menn, sem féllu þar, en á 18. öld voru tvær vörður hjá sæluhúsinu hlaðnar til minningar um Jón biskup Vídalín, sem dó þar. - Biskupsbrekka. 1920 voru þar vörðubrot - HB Sumar, 7
[sonur Snæbjarnar Eyvindarsonar landnámsmanns í Vatnsfirði] "var Hólmsteinn faðir Snæbjarnar galta, er vá Hallbjorn, son Odds at Kiðjabergi, hjá Hallbjarnarvorðum. Hann hafði áðr vegit Hallgerði konu sína, dóttur Tungu-Odds." ÍF I, 191 (H 121). Sbr. ÍF I, 388 (S 389, H 343) "Snæbjorn reið eptir þeim með tólfta mann, ok er þeir Hallbjorn sá eftirreiðina, báðu forunautar hans hann undan ríða, en hann vildi þat eigi. Þeir Snæbjorn kómu eptir þeim við hæðir þær, er nú heita Hallbjarnarvörður; þeir Hallbjorn fóru á hæðina ok vorðusk þaðan. Þar fellu þrír menn af Snæbirni ok báðir forunautar Hallbjarnar. Snæbjorn hjó þá fót af Hallbirni í ristarlið; þá hnekkði hann á ena syðri hæðina ok vá þar tvá menn af Snæbirni, ok þar fell Hallbjorn. Því eru þrjár vorður á þeiri hæðinni, en fimm á hinni. Síðan fór Snæbjorn aptr." ÍF I, 194 (S 152).
20.7.1236: "Fóru þeir þá allir samt út í Skálaholt að Þorláksmessu ... Þeir fóru úr Skálaholti allir samt upp í Laugardal og þaðan vestur á Bláskógaheiði þar til er þeir komu til Hallbjarnarvarðna. Þá segir Órækja að hann vill ríða hinn syðra dal til Stafaholts en Sturla bað hann ríða til Reykjaholts ... riðu þá hinn syðra dal sumir menn Órækju ... en Órækja reið í Reykjaholt." Sturl, 380.
1252: "Riðu þeir Hrafn og Sturla suður á Bláskógaheiði þar til er þeir komu suður undir Hallbjarnarvörður. Stigu þar af baki og biðu Þorgils þar fram á nóttina allt til þess er sendimaður Þorgils kom og segir að hans var ekki þangað von. ... ." Sturl, 606. 1262: "Réðust þeir Hallvarður og Egill til ferðar með Sighvati. Og er þeir komu suður til Hallbjarnarvarðna kom þar í móti [745] þeim Sturla og Vigfús. Reið Vigfús og Egill og Hallvarður til Þingvallar." Sturl, 744-45.
Landnáma, Sturl, Sumar á fjöllum s. 7, FSP, 106
**ÁR-466b:002** heimild Gatfell náttstaður
Fyrsti tjaldstaður vesturleitar Grímsnesinga var við Gatfell sem er við norðaausturhorn LágafellsLeitarmannahús var byggt á þessum stað 1970 og segir að áður hafi verið tjaldað við Söðulhóla - GR II, 293 en í GR II, 354 virðist sem Söðulhávellir séu annar staður en Gatfell. - tjaldstaður undir Gatfelli -
HB Sumar, 11; GR II, 254
**ÁR-466b:003** heimild Söðulhávellir náttstaður
Ef sama og Söðulhólar (sbr Söðulhólagjá) þá er þessi staður mjög skammt frá Gatfelli. Hér var annar tjaldstaður vesturleitar GrímsnesingaGR II, 254 Helst ætti þessi staður að vera norðan við Skjaldbreiðarhraun, en Söðulhólar eru skammt frá Gatfelli og þar var tjaldað áður en leitarmannaskálinn við Gatfell var byggður
- GR II, 293
**ÁR-466b:004** heimild Draugabrekka náttstaður
"Við Uxahryggjaleið á Þingvallaafrétti norðan Víðikera er Draugabrekka.""Þar höfðu [297] leitarmenn Þingvellinga fyrrum tjaldstað sinn

um hríð í leitum, en áttu þar svo ónæðissama hvíldarnótt vegna umferðar og vopnaskaks fornamanna, segri sagan, að þeir hættu þar gistingu, en fluttu tjaldstað sinn í fremri Víðiker."

GR II, 296-97

**ÁR-466b:005** heimild fremri Víðiker náttstaður

Víðiker eru norðan við Tröllaháls á Uxahryggjaleið. "[í Draugabrekkum] höfðu [297] leitarmenn Þingvellinga fyrrum tjaldstað sinn um hríð í leitum, en áttu þar svo ónæðissama hvíldarnótt vegna umferðar og vopnaskaks fornamanna, segri sagan, að þeir hættu þar gistingu, en fluttu tjaldstað sinn í fremri Víðiker."

GR II, 296-97

**ÁR-466b:006** bæjarstæði Litla Hrauntún býli Friðlýstar minjar

í hrauninu austur af Ármannsfelli

Hkort; Árb 1880-81, 22, 98

**ÁR-466b:007** bæjarstæði Hrafnabjörg býli Friðlýstar minjar

Hrafnabjörg voru í hrauninu vestur af norðurenda Hrafnabjarga - tilh. nú Grímstungnaafrétti

Hkort; Árb 1880-81, 22, 98

**ÁR-466b:008** þjóðsaga Ármannsfell

Fornmaðurinn Ármann í Ármannsfelli á að vera heygður einhverstaðar hjá fellinu. Jón Guðmundsson lærði orti rímur af Ármanni á 17. öld og eftir þeim var skrifuð saga og enn aðrar rímur eftir henni

-ÍV, 18; Rímnatal, 38-41; Ármanns saga, ÞJÁ I, 197, 202, 242; Einar Ól. Sveinsson: Um íslenzkar þjóðsögur, 93.

**ÁR-466b:009** þjóðsaga Jórukleif

Tröllkonan Jóra sat fyrir ferðamönnum í Jórukleif, sem annars heita Sandkluftir í Ármannsfelli, rændi þá og drap. Tókst byggðamönnum ekki að ráða hana af dögum fyrr en kóngur í Noregi kenndi ungum manni að koma að henni á hvítasunnumorgun því þá svæfu allar meinvættir

ÍV, 79; Bárðar saga, 13. k; Landnám Ingólfs III, 16-18; ÞJÁ I, 173-75; II, xxix; Ólafur Davíðsson; Íslenzkar þjóðsögur I, 185-86

**ÁR-466b:010** þjóðsaga Skjaldbreið

Tröllkonan Kólka átti byggð í helli suður undir Skjladbreið en réri steinnökva á Skaga

ÍV, 87; Ólafur Davíðsson; Íslenskar þjóðsögur I, 159-60

**ÁR-466b:011** örnefni Biskupsbrekka áfangastaður

Biskupsbrekka er norðaustan við Kvígyndisfell, vestan við Skjaldbreiðarhraun

'Þar skiptast vegir. Liggur annar [8] vestur Uxahryggi og ofan Lundarreykjadal, en hinn norður Kaldadal til Húsafells eða Kalmannstungu.' Um dauða Jóns Vídalín á þessum stað í ágúst 1720, vísa Jóns 'Herra Guð í himnasal/haltu mér við trúna;/kvíði ég fyrir Kaldadal,/kvölda tekur núna.'- HB Sumar, 7-8.

**ÁR-466b:012** heimild Brunnar áfangastaður

Brunnar eru 'efsti áningarstaður, áður en lagt er á Kaldadal. Þar er dálítið stöðuvatn, Brunnavatn og mýrarflákar. Þar var það, [10] sem Jónas Hallgrímsson lagðist fyrir í döggvott grasið um morgun, þegar hann hafði vakað um nóttina og orti kvæðið óviðjafnanlega, Fjallið Skjaldbreiður.'

HB Sumar, 9-10.

# Borgarfjarðarsýsla

## Strandarhreppur

### Stóri-Botn BO-002

**BO-002:007** öskuhaugur Arnesarhellir útilegumannabústaður

"Í klettahöfða, sem gengur alveg fram að [Hvalvatni], norðaustan í Miðju Hvalfelli, eru fornir bústaðir manna. Þar hafðist Arnes útileguþjófur við vetrarlangt, og hafa fram til þessa sést merki þarvistar hans í litlum og lélegum hellisskúta, ..." ÁFÍ 1950 ATH í hellisskúta við stöðuvatn. Jón Helgason í ÁFÍ 1950 telur að merki veru Arnesar í hellinum séu "...bálur hlaðinn og leifar gamalla beina. Þar fannst og einu sinni kambur, telgdur ´´ur horni. Líklegt er að útlaginn hafi sótt silung í vatnið ..." ÓB skoðaði hellinn í júní 1951: "Neðst í klettahöfða, alveg niðri við vatnið, er gjögur, og inn úr því í meira en mannshæð gengur hellirinn, og suður úr honum, hægra megin við hellisopið, gengur afhellir. Aðalhellirinn er um 6x6 m að flatarmáli og 2 til 3 m á hæð. Afhellirinn er um 5 m á lengd og um 2 m á breidd og er manngengur inn til miðs, en lækkar inn við botninn. Í hellinum voru hér og þar smá beinabrot, bæði úr kindum og stórgripum, en engin heilleg bein. Meðal beinanna var eitt, sem greinilega var tálgað í odd. Mest var af beinaleifum í mynni afhellisins, [144] rétt innan við hellisopið. Ekki gátum við séð leifar af bálki né öðrum mannvirkjum." ÚAT, 143-44. Munnmæli og heimildir um útlegð Arnesar raktar í ÚAT, 144-45 og er engin ótvíræð heimild um dvöl hans í þessum helli, sem ætti helst að hafa verið haustið 1757, en þá hafðist hann við á ýmsum bæjum í grendinni m.a. Botni. Hinn möguleikinn er að matarleifarnar í hellinum séu eftir byggðamenn sem stunduðu veiðar í Hvalvatni.

ÁFÍ 1950; ÚAT, 143-44

**BO-002:008** þjóðsaga Hvalvatn

Maður sem neitaði að gangast við barni sem hann átti við huldukonu í Geirfuglaskeri við Hvalneskirkju breyttist í Illhveli með rauðan haus sem kallað var Rauðhöði eða Faxi. Hvalurinn grandaði allt að 19 bátum og drap að lokum syni tveggja fjölkunnugra presta í Saurbæ á Hvalfjarðrströnd og Kjalarnesi. Þeir teymdu þá hvalinn inn allan Hvalfjörð upp Botnsá og komu honum fyrir í Hvalvatni. Dregur fossinn Glymur nafn af atganginum þegar hvalurinn braust upp gljúfrið en stórkostleg hvalbein skulu hafa fundist við vatnið

ÍV, 113; ÞJÁ I, 81-85; III, 148-54

## Lundarreykjadalshreppur

### Kaldidalur BO-673

Óljós eignarhaldskipting er á þessu svæði. Jarðirnar og afréttarlöndin vestan við Ok eru talin eiga land að Kaldadalsvegi hver um sig en merki milli þeirra verða ekki ákveðin austan við Ok. Sömuleiðis er óljóst með upprunalegt eignarhald á svæðinu fyrir sunnan og austan Reyðarvatn. Mögulega er þar um að ræða lönd þau sem Borgfirðingar keyptu af Þingvallakirkju á seinni hl. 19. aldar

**BO-673:001** þjóðsaga Egilsáfangi áfangastaður
Egilsáfangi er "dálítið daldrag til vinstri handar við götuna [á Kaldadal] með nokkrum uppsprettum og dýjavætlum, grænbryddum lækjarbökkum og fagurgulum mosaflekkjum."

"Þetta er nú áfangastaðurinn hans Egils gamla. Ekki hefir hann vorkennt klárunum sínum, þó að hagalítið væri, því að tæplega þætti okkur þar takandi út úr hesti. En karlinn hefur verið þrár, eftir því sem sagan segir. Norðlenzkur var hann og fór "suður" á hverju sumri til skreiðarkaupa. Lá hann þarna ævinlega með lest sína, en missti hest í hvert skipti ofan í einhverja kelduna eða pyttinn, og þótti það ekki einleikið. Skammt er að fjallshöfða miklum er Fanntófell heitir og gengur suður úr Okjökli. Þar var talin tröllabyggð, og voru það engjar þeirra, sem Egill beitti. Þótti þeim illt undir því að búa og tóku ríflega hagatollinn. Gekk svo í 18 sumur, og voru þá tröllin annaðhvort dauð eða uppgefin, nema víst var um það, að 19. sumarið missti karl engann hestinn, en þá hætti hann líka ferðum sínum suður á land.'

- HB Sumar, 10

**BO-673:002** varða Kerling
- Kerling á Kaldadal, vörðubrot vestan undir Hrúðukörlum "óásjáleg vörðuhrúka, hrófað upp af nokkrum móbergssteinum og inn á milli þeirra stungið nokkrum stórgripabeinum, sem nú eru blásin og fornfáleg. Kringum hana er ofurlítill grasblettur."

Beinakerlingavísur, dæmi um frá Kaldadal: 'Veri þeir allir velkomnir,/sem við mig spjalla í tryggðum./Eg kann varla að una hér/ein í fjallabyggðum.' - 'Kerlingin á Kaldadal/kallar hún stórum stórum./Hún sér þá koma sunnan að,/synda í hlykkjum fjórum.' - HB Sumar, 13. Og ennfremur
'Sækir að mér sveinaval,/svo sem væru óðir./Kúri ég ein á Kaldadal,/komið þið, piltar góðir.' Og
'Herra minn góður Hólum frá, /hafið þér nóg að gera/í sænginni mér að sofa hjá,/svo sem það á að vera.' -
'Misst hef eg bæði megn og þrótt,/mörgum hafnað vinum./Eg hef vakað í alla nótt/eftir biskupinum.' e. Pál lögmann Vídalín, kveðið til biskupsins á Hólum -

HB Sumar, 12-14

**BO-673:003** örnefni Sæluhúsakvísl sæluhús
á Kaldadal skammt frá Sandvatni

-HB Sumar, 14

**BO-673:004** örnefni Bræðravirki
Bræðravirki er í suðausturhlíðum Oks, rétt vestan við Kaldadalsveg

Hkort

## Lundur (Lundartunga) BO-178b

"Milli Syðri-Sandfellskvíslar og Engjadalsár er Lundartunga, fyrrum heimaland frá Lundi, enda áföst hinu eiginlega heimlandi neðst. Engjadalsá skilur þar einungis á milli. Lundartunga var seld Andakílshreppi 1910." BB II, 249

"Engjadalir liggja að meiri hluta á Lundartungu. Þeir eru að miklu leyti flóasvæði með mörgum tjörnum og pollum."

**BO-178b:001** heimild Tungurétt rétt
neðarlega í Lundartungu. "Áður en Oddsstaðarétt var byggð [1886] var Tungurétt ... aðalréttin [fyrir Lundarreykjadal, Andakíl og Skorradal]. Hún var byggð nokkru eftir 1840, e.t.v. 1842 ... Fyrir daga Tunguréttar áttu Lunddælir sumir að sækja í Valhnúkarétt á Brennistaðahálsi skv. fjallskilareglugerð frá 1792."

BB II, 251; GR II, 349;

**BO-179b:003** garðlag
Í Reyðarvatnsósi (Óstjörn) "er hólmi sem nefnist Óshólmi og myndar tvær kvíslar eða ála með hægum straumi. Norðurállinn er miklu breiðri, um 40 m, og er milli hólmans og tanga nokkurs. Út frá tanganum gengur garður í átt til hólmans; hann stendur upp úr vatninu á 10 m kafla, næst tangnum, en 17m eru á kafi. Milli garðsins og hólmans er svo 13 m bil þar sem hvergi er steina að sjá."

"Steinarnir sem upp úr standa eru líklega flestir uþb. 30x30 sm, vel meðfæri eins manns, en þeir sem eru á kafi eru stærri, flestir uþb. 40x60 sm að sjá, og mun hafa þurft tvo til að lyfta þeim. Garðurinn sem upp úr stendur er allt að 2 m á breidd en sá hlutinn sem er á kafi er allmiklu breiðri á kafla. / Suðurállinn er miklu mjórri, um 7-8 m þar sem mjóst er. Í honum miðjum er óreglulegt steinasafn á kafi og um 11 m neðar eru um 20 steinr í röð þvert yfir álinn, hver um 30 x 30 sm, eða nálægt því, og flestir stakir." Árb 1988, 8. Mikið hefur verið skrifað um garða þessa og er það rakið af HÞ. Niðurstaða hans er sú að mannvirki þetta sé fornt, þ.e. frá miðöldum en að það hafi verið lagað um miðja 19. öld. Hann telur eins og flestir aðrir að garðurinn hafi gegnt því hlutverki að veiða silung og stingur hann upp á því að veiðigildra af einhverri ort hafi verið strengd milli garðendans og hólmanns þegar veiða átti. Getum hefur einnig lengi verið að því leitt hvort hér muni ekki komin ástemma sú í Reyðarvatnsósi sem getið er um í Reykholtsmáldaga frá ca. 1185 og munu það m.a. vera munnmæli í héraðinu. Ekki er neitt vitað fyrir víst um þetta ítak Reykholtskirkju á seinni öldum en munnmæli eru einnig að við Skálahóll sem er skammt frá hafi verið Reykholtssel og jafnvel kallað Snorrasel.

HÞ í Árb 1988, 5-27

**BO-179b:004** örnefni Skálahóll
"Neðan við Óstjörnina eru rústir á hóli einum. Nefna flestir hann Skálahól og merkja það af, að þar muni hafa verið veiðimannaskáli, en aðrir segja að hér hafi verið Reykholtssel eða Snorrasel, og þr finnst sauðatað í jörðu, sem bendir til að þar hafi sel staðið. Hlýtur það þó að hafa átt sér skamman aldur, sakir mývargsins, sem þarn er óskaplegur."Ö-Afrétt Lunddælinga, "'Skálinn' eða 'selið' hefur verið lítið hús, tvískipt, annar hlutinn um 4,50 m langur, hinn um 2,50."

## Gullberastaðir (afrétt) BO-179b

Heiðalönd þau em fylgdu Gullberastöðum voru seld Andkílingum til afréttar - GR II, 349. Gullbertaðatunga var milli Lambár og Fossár.

**BO-179b:001** heimild Gullberastaðasel bústaður/sel
"Sunnan á Gullberastaðatungu, nærri norðurstefnu frá Reykjum, var Gullberastaðasel."- "Mun hafa verið haft þar í seli frá Gullberastöðum fram yfir miðja 19. öld, en föst búseta (húsmennskubýli) hófst þar 1854 og héslt með nokkrum hléum til 1897.

BB II, 250

**BO-179b:002** örnefni Skotmannstjarnir
Skotmannstjarnir - sögn um veiði
- HB Sumar, 7

### Oddsstaðir (afrétt) BO-180b
"Oddsstaðatunga er á milli Engjadalsár og Lambár. Var hún innsti hluti heimalands Oddsstaða og náði fram að Fanntófelli. Andakílshreppur eignaðist Oddsstaðatungu 1933." - BB II, 249

**BO-180b:001** þjóðsaga Fanntófel ltröllabústaður
Fanntófell er stakt fell sunnan við Ok, vestan við Kaldadalsveg. Þar var tröllabyggð sbr söguna um Egilsáfanga
- HB Sumar,10

### Þóreyjartungur B0-674

### Reykholt (selland) BO-199d
Óljóst er um heimildir fyrir sellandi þessu og enn óljósara um takmörk þess. Í lögfestingu frá 1837 var kirkjunni einungis fest landið "austan frá Drangshlíð og útundir Fossárflóa."1895 keypti Lundarreykjadalshreppur "land við Reyðarvatn" af Reykholtskirkju en þegar Andakílshreppur keypti Gullberastaðatungur 1898 voru þær taldar vera milli Lambár og Fossár. Þetta verður því haft fyrir satt hér þ.e. að Reykholt hafi átt selland sem náði fyrst og fremst yfir Leirárdal en takmarkaðist af Drangshlíð að sunnan og línu rétt norðan við Fossá að norðan. "Landið vestan Langáss, og þá einkanlega Leirárdalir og Drangshlíð, er vel gróið, en mikið af því er viðkvæmt fyrir beit, því að jarðvegur er víða sandborinn."

**BO-199d:001** heimild sel
sagt er að Reykholt hafi átt sel undir Vestri Fossárhöfða
Ö-Afréttur Lunddælinga

**BO-199d:002** bæjarstæði Fuglaþúfa býli
Austan við Fossá og örskammt frá Reyðarvatni "er lágur ávalur hólhryggur, er nefndur var Fuglaþúfa. Þar var reistur bær 1858 eða 1859. Ekki stóð sú byggð nema til 1860. 1863-1868 bjó þar svo Illugi Ásgrímsson, en búskapur hans endaði með heyleysi, og fluttist fjölskyldan suður í Skorradal." "Þverfellsbónda þótti kominn vargur í veiðina í vatninu og nefndi býlið í gamni Vargþúfu. Fleiri nöfn voru notuð á býli þessu: Reyðarvatn, Illugabær, Illugakot og jafnvel Fossá."
BB II, 250

**BO-199d:003** örnefni Selhóll sel
"Austur af Langás, syðst, er Sjónarhóll ... Tveir hólar eru vestar, suður af austurenda Leirárhöfða, Miðhóll ... og Selhóll, upp undan leitarmannaskála, er lengi stóð við austurenda Reyðarvatns, þar til fyrir nokkrum árum." - "Að sögn Kristjáns Þorsteinssonar frá Reykjum (1849-1934) stóð þar eitt sinn sel frá Reykholti og nefnt Snorrasel."
BB II, 250

**BO-199d:004** heimild sæluhús
"Austur af Langás, syðst, er Sjónarhóll ... Tveir hólar eru vestar, suður af austurenda Leirárhöfða, Miðhóll ... og Selhóll, upp undan leitarmannaskála, er lengi stóð við austurenda Reyðarvatns, þar til fyrir nokkrum árum."
BB II, 250

## Hálsahreppur

### Reykholt (Geitland) BO-199b
Tungan milli Hvítár og Geitár - eign Reykholtskirkju frá 12. öld amk.

Hrólfur í Geitlandi, sonur Úlfs sonar Gríms háleyska er Skallagrímur gaf land milli Andakílsár og Grímsár og bjó á Hvanneyri. ÍF I, 71 (S 30 og Þ(M)). "Úlfr, son Gríms ens háleyska ok Svanlaugar, dóttur Þormóðar af Akranesi, systur Bersa, hann nam land milli Hvítár ok suðurjokla ok bjó í Geitlandi. Hans synir váru þeir Hrólfr enn auðgi, faðir Halldóru, er tti Gizurr hvíti, þeira dóttir Vilborg, er átti Hjalti Skeggjason. Annarr son [78] hans var Hróaldr, faðir Hrólfs ens yngra, er átti Þuríði ... þeira born váru þau Kjallakr at Lundi í Syðradal ... [og] Solvi í Geitlandi, faðir Þórðar í Reykjaholti, foður Solva, foður Þórðar, foður Magnúss ... Þriði son Hrólfs var Illugi enn rauði, er fyrst bjó í Hraunsási ... Þann bústað gaf Illugi Bolverki [mági sínum], en Illugi fór þá at búa á Hofstoðum í Reykjadal, því at Geitlendingar áttu at halda uppi hofi því at helmingi við Tungu-Odd." ÍF I, 77-78 (S 41) sbr ÍF I, 79 (H 29). + saga um Karla Konálsson á Karlastoðum leysingja Hrólfs í Geitlandi ÍF I, 82 (S 42, H 30). Reykholtsmáldagi c. 1185: "Geitland með skógi" DI I, 280. ATH Árb 1893: 76; ÁFÍ 1954: 95; JÁM; Jónas Hallgrímsson Rit 3, 154 (1989 II, 414-15); ÞJÁ I, 662; Kaalund I, 326 (1882, ; ÞT Ferðabók III, 11-12. Þjóðsaga um að Reykholt hafi upphaflega verið í Geitlandi en að hverinn Skrifla sem þar var hafi tekið sig upp og flutt þangað sem Reykholt er nú. Varr bærinn fluttur á eftir - ÞJÁ I, 659. Um aldir notað sem afrétt Borgfirðinga sunnan Hvítár en hætt var að reka þangað um 1875 - GR II, 345

**BO-199b:001** tóft Þjófakrókur óþekkt
"Á uppdrætti herforingjaráðsins er Þjófakrókur sýndur suður af Geitlandi inn við Langjökul. Þar eru tvö fell, sem heita Hádegisfell, og milli þeirra fann Jakob Guðmundsson á Húsafelli tóttarbrot, eitt sinn er hann var í smalamennsku, en hafði ekki tíma til að rannsaka það nánar."

Í þætti sínum um Fjalla-Eyvind segir Gísli Konráðsson að Eyvindur og Halla hafi hafist við á Arnarvatnsheiði eftir að Skagfirðingar hröktu þau af Hveravöllum, en að lokum hafi þau flutt byggð sína í Þjófakrók, sem sé á milli Eiríksjökuls og Baldjökuls eða uppi undir Geitlandjökli. Eyvindur á að hafa stolið kvígu geldri og nokkrum geldingum frá Snorra presti Björnssyni, sem þá var nýlega kominn að Húsafelli, og hafi Snorri þá riðið einn saman upp í Þjófakrók, eftir að njósn hafði borizt um hreysi þeirra þar, og skipaði þeim að færa byggð sína og hafi þau þá slangrað norður að Arnarvatni. Kristleifur á Kroppi (Úr b. Borgarfj. II, 300-10) telur óvíst hvar Þjófakrókur hafi verið og er því mögulegt að nafnið á uppdrættinum sé aðeins ályktun útfrá sögu Gísla ATH syðri mörk Geitlands
ÚAT, 59

**BO-199b:002** þjóðsaga Þórisdalur

Þórisdalur er nú talinn milli tveggja hæstu fjallshryggjanna í miðju skarðinu milli Geitlandsjökuls og Þórisjökuls. Austast í dalnum er lítið stöðuvatn, en mest af dalbotninum er grjót og urðir. Dalur þessi er að öllu leyti hinn óbyggilegasti og óhugsandi að menn hafi getað dvalizt þar - ÚAT, 167

"Um haustit fór Grettir í Geitland ok beið þar til þess, er bjart veðr kom. Þá gekk hann upp á Geitlandsjokul ok stefndi í landsuðr eptir Joklinum ok hafði með sér ketil ok eldsvirki. Þat ætla menn, at hann hafi farit at tilvísan Hallmundar, því at honum hefir verit víða kunnigt. Grettir fór þar til, er hann fann dal í joklinum, langan ok heldr mjóvan, ok lukt at joklum ollum megin, svá at þeir skúttu fram yfir dalinn. Hann komsk ofan í einhverjum stað; hann sá þá fagrar hlíðir grasi vaxnar ok smákjorr; þar váru hverar, ok þótti honum sem jarðhitar myndi valda, er eigi lukðusk saman joklarnir yfir dalnum. Á lítil fell eptir dalnum ok sléttar eyrar báðum megin. Lítill var [200] þar sólargangr, en þat þótti honum ótal, hve margr sauðr þar var í dalnum; þat fé var miklu betra ok feitara en hann hafði þvílíkt sét. Grettir bjósk nú þar um ok gerði sér skála af þeim viði, sem hann fekk þar til. Tók hann sér nú sauði til matar; var þar betri einn sauðr til niðrlags en tveir annars staðar. Ein ær mókollótt var þar með dilki, sú er honum þótti mest afbragð í vera fyrir vaxtar sakar. Var honum forvitni á at taka dilkinn, ok svo gerði hann ok skar síðan dilkinn; hálf vætt mors var í dilkinum, en hann var þó ollu betri. En er Mókolla missti dilks síns, fór hon upp á skála Grettis hverja nótt ok jarmaði, svá at hann mátti enga nótt sofa; þess iðraðisk hann mest, er hann hafði dilkinn skorit, fyrir ónáðum hennar. Hvert kveld, er hálfrokkvit var, heyrði hann hóat upp í dalnum, ok þá hljóp féit allt til ins sama bóls hvert kveld. Svá hefir Grettir sagt, at fyrir dalnum hafi ráðit blendingr, þurs einn, sá er Þórir hét, ok í hans trausti hafði Grettir þar verit; við hann kenndi Grettir dalinn ok kallaði Þórisdal. Dætr kvað hann Þóri eiga, ok hendi Grettir gaman at þeim, enda tóku þær því vel, því at þar var eigi margkvæmt. En þá er fastat var, gerði Grettir þá minning, at þá skyldi eta mor ok lifrar um langafostu. Ekki bar þar til tíðenda um vetrinn. Þá þótti Gretti [201] þar svo daufligt, at hann mátti þar eigi lengr vera; fór hann þá í brott ór dalnum ok gekk suðr þvers af joklinum ok kom þá at norðan at miðjum Skjaldbreið. Reisti hann upp hellu ok klappaði rauf ok sagði svá, ef maðr legði auga sitt við raufina á hellunni, at þá mætti sjá í gil þat, sem fellr ór Þórisdal." ÍF VII, 199-201. Um helluna sjá Árb 1910, 40-41.

Grettissaga. Heimildir um Þórisdal sem í þjóðs er stundum einnig kallaður Áradalur sjá skýrslu prestanna sem fundu dalinn 1664 í HH; Björn Gunnlaugsson í Skírni 1835: 104-107; og í Sunnanpóstinum II (1836): 113-24; Bjarna Eggertsson í Þjóðólfi, 7. nóv 1902; Petermanns Mitteilungen 1910 II (m. uppdrætti e. L. Wunder); Björn Ólafsson í Eimreiðinni 1918: 206-17; Helga Hjörvar e. frásögn Hauks Eyjólfssonar í Vísi 19.8.1924; og eftir heimild Björns Ólafssonar í Vísi 26.8.1924; Hauk Eyjólfsson í Lögréttu 4., 11. og 18. nóv. 1924; Ásgeir Magnússon í Iðunni 1931: 277-84 og Tryggva Magnússon í Lesb. Morgunbl 19.5.1935. Áradalur var upphaflega talinn staðsettur í norðanverðum Vatnajökli en Jón lærði bendlaði hann við Þórisdal og kvað um í Áradalsóði ATH

**BO-199b:003** hleðsla Trússárbotnarétt rétt

Trússárbotnar eru neðst og nyrst á Geitlandi gegt Kalmannstungu en Trússá rennur í Hvítá austan við Tunguna. "[Borgfirðingar sunnan Hvítár] réttuðu þar fé sínu við Trússárbotna, og stendur rétt sú að nokkru enn sem minjar frá liðnum öldum og nefnist hún Trússárbotnarétt." Rekið var á Geitland til um 1875

- GR II, 345

**BO-199b:004** tóftir Hamraendar bústaður/sel Friðlýstar minjar.

Hamraendar eru skammt fyrir norðan Geitá, undir brattri brekku. BJ skoðaði staðinn [1893] og segir að tóftirnar séu mjög óljósar og aðeins ein sé greinileg frá þýfinu í kring. Tóft þesi var með dyr á norðvesturhlið og afhýsi á suðausturenda.

GÓ skoðaði staðinn 15.08.1989 og gerði af honum uppdrátt 17. og 20.08.1990. Hann lýsir alls 8 tóftum auk túngarðs og tveggja garðspotta. Tóft 2 mun vera ungleg fjárhúsrúst og 3 mun heldur ekki vera gömul. GÓ telur að rústir 4 og 8 gætu verið mjög gamlar. Tóft 5 er þyrping af kofum sem munu hafa verið fjárhús. Tóft 6 er fjárhús með hlöðu eða heytóft frá yngri tímum en tóftir 7 og 8 eru ógreinilegar. Hann gefur ekki mál á tóftunum og ekki er skali á uppdrættinum-

Árb 1893: 76; GÓB, 85-88.

**BO-199b:005** tóftir Kot bústaður/sel Friðlýstar minjar.

Norðan við Geitá, austar en HamraendarJónas Hallgrímsson;

Skv. JÁM IV, 258 hafði eyðibýlið Geitlandskot ekki verið í byggð í 2 eða 3 kynslóðir en byggingaleifar og túngarða sýnilegar. GÓB rannsakaði staðinn 1989. Rústasvæðið er um 250 m langt og 200 m breitt. Að vestan takmarkast það af Jökulhlaupi en túngarður er allt um kring. Stærsta tóftaþyrpingin (1) er um 32 m á lengd og um 18 m á breidd. Hún skiptist í 10 hólf sem ekki sýnast öll vera samtíma. 5 syðstu hólfin líta út fyrir að vera elst. Nyrðri hólfin fannst GÓ erfiðara að túlka en hann telur þó að fremri hlurinn hafi upphaflega getað verið skáli með afhýsi en allt er þetta óljóst vegna síðari breytinga og viðbóta. Fast sunnan við (1) eru nokkur fjárbyrgi að hluta til byggð inn í brekkuna. Tóft (2) er langhús, snýr N-S. Mál hennar er um 29 x 11 m. Bakhús hefur verið byggt við það á syðri hluta eytri langveggjar sem er uþb 9 x 5. Dyr eru á vestari langhlið um 8 m sunnan við norðurgafl. GÓ sýnist tóftin lík víkingaaldarskála með bogadregnum veggjum og breiðust um miðið en mjókkar út til endanna þar sem hún er 8 m breið. Um 11 x 5 m og 0,8 m djúp lægð er ofan í tóftina, trúlega frá seinni tímum. Talsvert ofar í brekkunni er tóft (3) og er um að ræða 15 m langt langhús og er það 8 m breitt um miðjuna. Það er mjórra um endana. Dyrnar eru á syðra langvegg, um 6 m frá vesturgafli. Skilveggur með dyraopi skiptir tóftinni í tvennt í austurendanum. Prufuskurður var tekin í miðja tóftina og komu viðarkolaleifar í ljós á 0,5 m dýpi. Merki um eldri byggingar koma undan góflum þessarar byggingar. Upp að þessari byggingu liggur 70-80 m langur upphlaðinn stígur eða traðir með 0,6 m breiðum og 0,2 m háum veggjum langseftir. Um 25 m neðan við tóft (3) er um 15 x 6 m ferköntuð lægð sem GÓ telur merki um ræktun. Í brekkunni milli (2) og (3) er uppspretta og seytlar lækur frá henni en hverfur á móts við tóftir (2) og (9). Túngarðurinn sem umlykur allt svæðið er úr torfi og grjóti, allt að 3 m þykkur og 0,4-0,5 m hár. Á tveimur stöðum eru 30-35 m bil í garðinn þar sem hann hefur blásið. Við norðvesturenda túnsins er tvískipt hólf umgirt utanvið hann en merkin þarum eru ógreinileg. (6) og (7) eru litlar tóftir sambyggðar við túngarðinn. Að auki eru 3 minni tóftir (9), (10) og (11) sem GÓ telur vera eftir útihús, neðst og vestast á rústasvæðinu. GÓ telur að um leifar býlis frá miðöldum sé að ræða

KK; BJ 1893; ÞT; GÓ 1989Árb 1893: 76; GÓB, 89-92

**BO-199b:006** örnefni Prestatindur

Ýmist Prestatindur - hn(j)úkur eða - hn(j)úkar. Öxl eða smáfell sem gengur út úr Geilandsjökli og er fyrir vesturenda Þórisdals - Prestatindur örn. í Þórisjökli - kenndur við prestana Helga Grímsson og Björn Stefánsson sem fundu Þórisdal 1664, skýrslur þeirra sjálfra pr. í Hrakningum og heiðavegum - s. 16-18 'komu þeir loks á móbergshrygg nokkurn, og tók þá að halla austur af. Mun það vera höfði sá, er síðan heitir Prestatindur. Gengu þeir eftir honum, þangað sem hann er hæstur, og skyggndust um. [og sáu þaðan Þórisdal]'-

HB Sumar, 17

**BO-199b:007** heimild fjárhús

Tvær fjárhústóftir sunnarlega í Geitlandi. 'Þó hefur sagt mér [Hirti Björnsyni] greinargóður maður, er kunnugur var um þessar slóðir, að sunnarlega í Geitlöndum sæjust tvær fjárhústóftir fornar. Hafi húsin verið einstæð og um 90 feta löng, svo að útlit er fyrir, að þar hafi verið hýst margt fjár. Með öllu er nú óvíst, hverjir þar hafa verið að verki.'-

HB Sumar, 21

# Mýrasýsla

## Hvítársíðuhreppur

### Húsafell MH-001

Deildargil ræður merkjum að vestan, Hvítá að norðan, Geitá að austan og Ok að sunnan en jörðin er talin ná svo langt upp á Kaldadal sem efstu grös. "Gilsbakki átti til forna allt skógarhögg í Húsafellsskógi vestan við Hagagarð [MH-001:022], en Húsafell átti ítak í laxveiði í Kjarrá. Nú er hvorttveggja gengið til baka." Húsafell er nú í Hálsahreppi

**MH-001:003** tóftir Hlíðarendi býli Friðlýstar minjar.
Hlíðarendarústir eruí þrennu lagi og er skammt á milli þeirra. Þær eru upp með Geitá, vestan við þar sem Lambá rennur í hana, sitthvorumegin við Kaldadalsveg

JÁM (byggt í 3-4 ár um 1660 en lagðist af vegna ferðamannaátroðnings). BJ segir að meðan Snorri Björnsson var prestur á Húsafelli hafi dáið þar gömul kona sem var fædd í Hlíðarenda. Hann lýsir þeim sem tveimur rústum og að sú eystri sé af gammali gerð þar sem hólfin liggja í röð og dyr á milli og útgangur á langvegg. Vestari rústin sé yngri og séu hólfin í hnapp en ógreinilegri þar sem sauðfjárveikivarnarkofi var byggður ofan í þær á 19. öld. Árb 1893, 77-78.GÓ skoðaði staðinn 1990 og gerði af honum uppdrátt. Hann lýsir 5 tóftum auk túngarðs. Vestustu tóftaþyrpinguna telur hann vera bæjarhús með 7 herbergjum. Það austasta er 1 m djúpt og er gengið inn í það frá norðri. Bæjardyrnar voru austaná þyrpingunni og innaf þeim herbergi í hverju var 1 m djúp gryfja frá seinni tímum. Innaf þessu herbergi var annað sem GÓ telur hafa verið baðstofu eða eldhús. Vestan við hana er 0,6 m djúpt hólf með dyr í vestur, mikið samanfallin. Vestan við þetta hólf er einhverskonar upphækkun og norðan við hana og vestan við tóftaþyrpinguna ógreinilegar veggjaleifar. Tóft 2 er á lækjarbakka um 100 m vestan við (1). Hún er opin í norður en vesturlanghliðinn er byggð inn í brekkuna, en austurlanghliðin er samanfallin og engin merki sáust um suðurgafl. Fast norðan við (2) er tóftaþyrping (3) með 4 hólfum sem sýnast vera frá mismunandi tímum. Tóft 4 er um 150 m norðaustan við (3) niðri á eyrinni þar sem Lambá fellur í Geitá. Hún er 0,7-0,8 m júp og 3x2 m lægð í hól. Engar dyr sáust. Túngarðursendinn er um 20 m sunnan við tóft (4). Garðurinn er úr torfi og víða mjög ógreinilegur. Hann liggur í sveig í SSA og endar við fjallsræturnar. Kaldadalsvegur liggur yfir hann. Um 30 m austan við (4) er stekkjartóft fast við ósinn þar sem Lambá rennur í Geitá. Hann er niðurgrafinn í náttúrulegri lægð. Norðurgaflinn er hlaðinn úr grjóti en austurhlið og suðurgafl eru úr torfi. GÓ telur að rústir þessar séu frá tímabilinu 1300-1700 en ekki getur hann um hvervegna svo eigi að vera.

Árb 1893: 77-79: 1909: 41-43: 1910: 33-36; Ö-Húsafell, 39; GÓB, 110-112.

**MH-001:004** heimild Engimýrargata leið
"Upp með [Sel]gilinu og upp skriðurnar liggur gata, sem heitir Engimýrargata. Hún liggur upp á Engimýrina ..." [MH-001:020]

Ö-Húsafell, 41

**MH-001:005** örnefni Skúlaskeið
Skúlaskeið er nyrsti hluti Kaldadals - Skúlaskeið örn. á Kaldadal sbr. kvæðið - rutt af Fjallvegafélaginu -

HB Sumar, 16

**MH-001:006** varða Klofavarða
"Hátt uppi í Deildargilsdrögum heitir Klofavarða."- "Um hana veit Jón í Hraunsási."

Ö-Húsafell, 23

**MH-001:007** heimild Syðstiskáli
"Í Deildargilsdrögum eða nágrenni þeirra var Syðstiskáli. ... Í þessum kofa héldu til fimm varðmenn." - "Sá eini, sem mundi finna hann nú með vissu, er Sigurður í Hraunsási."

Ö-Húsafell, 23

**MH-001:008** hola Ólafsgröf kolagröf
"Mitt á milli Kiðár og Langáss er gömul kolgröf, sem kennd er við Ólaf Pálsson og heitir Ólafsgröf. Hún er nú horfin ..." Um sumarmál 1887 var Ólafur Pálsson þarna við kolagerð með deng frá Húsafelli, en 7 ára piltur sem með þeim var brá sér frá þeim og druknaði í Kaldá

Ö-Húsafell, 28

**MH-001:009** varða Rindilsvarða
"Á Holukletti eða heldur austar var varða, sem hét Rindilsvarða. Þar týndist í hríðarbyl 1865 mórauður hvolpur með þessu nafni."

Ö-Húsafell, 29

**MH-001:010** tóftir Kaldárbotnatættur bústaður/sel
"Við Kaldárbotna hefir eitt inn verið býli. Er það nefnt Kaldárbotnatættur. Brot af túngarði sem er eftir, heitir Kaldárbotnagarður."

Ö-Húsafell, 30-31

**MH-001:011** heimild Skagfirðingavegur leið
"Austan við Húsafellsskóg er Fláki. Eftir þessum fláka liggur Skagfirðingavegur frá Fjárhól og suður að hlíð eða á Mógilsflöt ..."

Ö-Húsafell, 31

**MH-001:012** hola Þorsteinsgröf kolagröf
"Rétt norðan við Selgilið norðan við götuna fram með hlíð er Þorsteinsgröf. Hún er kennd við Þorstein, er nefndur var garmur. Hann gerði þar til kola fyrir sr. Þórð í Reykholti 1879."

Ö-Húsafell, 37

**MH-001:013** örnefni Tjaldbrekka
"Neðst við fjallið [Selfell] mót vestri er brekka, sem heitir Tjaldbrekka."

Ö-Húsafell, 37

**MH-001:014** heimild Skagfirðingaflöt áfangastaður
"Neðst við Mógilsflöt er Skagfirðingaflöt. Þetta er sem næst undir miðri hlíðinni. Þar áðu Skagfirðingar í skreiðarferðum sínum áður fyrr."

"Skagfirðingavegur ... er vegur sá alla jafna nefndur, sem þeir fóru frá Kalmannstungu suður á Mógilsflöt. Þessi vegur var ekki farinn af öðrum en þeim, en þeir fóru oft með langar skreiðarlestir af Suðurlandi á hverju vori allt fram til 1880. Eftir það lögðust slíkar ferðir niður. En götuslóðin sést, og nafnið er til minja um þessi löngu og erfiðu ferðalög."

Ö-Húsafell, 38

**MH-001:015** heimild Lambabyrgi fjárskýli
Innstaflöt er þar sem Engimýrarlækur kemur niður innst á Hlíðarendanum. "Smáblettur á Innstuflöt heitir Lambaflöt. Við flötina er

Lambaklettur og Lambabyrgi er undir klettinum."
Ö-Húsafell, 39

**MH-001:016** heimild Björnsskáli
"Í Hlíðarendanum heldur hærra eru smástallar, sem nefndir eru Hlíðarendastallar, Rétt við fresmtu flötina var Björnsskáli. Þarna var Björn frá Gautsdal 1875 með Jakobi Halldórsyni frá Reykjum á Reykjaströnd til að handsama fé, er það slyppi við Deildargil."
Ö-Húsafell, 40

**MH-001:017** tóftir Neðrasel
"Neðri-Selhóll er aðeins neðar en móts við Teitsgil, en Efri-Selhóll er ofar og hærra uppi. Brekkan niður að gilinu frá neðri hólnum heitir Neðrasel.”
Ö-Húsafell, 41

**MH-001:018** heimild Efrasel
"Neðri-Selhóll er aðeins neðar en móts við Teitsgil, en Efri-Selhóll er ofar og hærra uppi. Brekkan niður að gilinu frá neðri hólnum heitir Neðrasel. Þar sjást tættur, en Efrasel er innundir melbarði rétt hjá fossinum, en hann heitir Selfoss. Hann er mitt á milli Teitsgils og þess, er Selgilið beygir til suðurs."
Ö-Húsafell, 41

**MH-001:019** náttúruminGrettistak
"Upp af skriðum og seljum heitir efsta brúnin Hlíðarbrúnir, og hæsta hæðin á Selfjalli heitir Grettishæð. Þar á er gríðarstór steinn, sem heitir Grettitk, og frá Efraselinu gengur Grettislág upp á Grettishæð."
Ö-Húsafell, 42

**MH-001:020** heimild Leirgerðarstaðir náttstaður
"Bak við Selfjallið eða suður af því og ofan við Hlíðarbrúnir er stór mýrarfláki frekar blautur og fúinn, sem heitir Engimýri. Henni hallar austur og er afrennsli hennar Engimýrarlækurinn, sem rennur niður hjá Hlíðarenda. Vestast á mýrinni heita Leirar. Norðan við miðja mýrina er tjaldstaður, sem nefndur er Leirgerðartaðir. Annar er beint á móti, sunnan hennar, sem heitir Bollastaðir. Leirgerðarstaðir er gamalt tjaldstæði engjafólks frá Húsafelli, og hefir nafnið tvenns konar merkingu. Þar dró fólk af sér leirug plögg, þegr það kom úr þesum fúakeldum. Í öðru lagi var þar tundum látið fjúka í kveðlingum, og átti það skylt við þá ljóðagerð, sem leirburður er nefndur."
Ö-Húsafell, 42 "Engimýrin nær ekki norður að Lambá. Engimýrin var heyjuð allt til ársins 1928. Þar var ekki hægt að þurrka, en var bundið votaband og flutt heim á tún. Það þótti hæfilegt að fara þrjár ferðir á dag með letina." Ö-HúsafellAV, 13

**MH-001:021** varða Klofavarða samgöngubót
"Upptök Lambár eru nefnd Nyrðri-Lambárdrög og Syðri-Lambárdrög. Þetta eru mýrar og uppsprettur. Milli draganna er varða, sem heitir Klofavarða."
Ö-Húsafell, 43 - Lambárdrög 'Grasið og lindirnar [þar] ... er fyrsta verið norðan dalsins.' - HB Sumar, 19

**MH-001:023** heimild Klettavað vað
Innstaflöt heitir á Hlíðarenda þar sem Engimýrarlækur kemur niður. "Af Innstuflöt er Klettavað á Geitá."
Ö-Húsafell, 39

## Kalmannstunga (Hallmundarhraun) MH-002b

Til bráðabirgða er Hallmundarhraun aðgreint frá heimajörð með ímyndaðri línu beint úr Torfabæli þvert yfir topp Strúts. Norðlingafljót skilur Hallmundarhraun og Arnarvatnsheiði

**MH-002b:001** heimild Surtshellir
1236: "Sturla reið nú á brott með Órækju upp til jökla og Svertingur með honum einn hans manna. Þeir riðu upp á Arnarvatnsheiði þar til er þeir koma á Hellisfitjar. Þá fara þeir í hellinn Surt og upp á vígið. Lögðu þeir þá hendur á Órækju ..."
Sturl, 381 Um Jötuninn Surt sjá Landnámu ÍF I, 240-41; Bárðar sögu 13. k og ÞJÁ I, 136. Um Surtshelli - HB Sumar, 27-29

**MH-002b:002** öskuhaugur Beinahellir útilegumannabústaður
"Skammt fyrir innan fremsta opið á þaki Surtshellis skerast tveir afhellar inn í bergið sinn til hvorrar handar, og er gólfið í þeim allmiklu hærra en í aðalhellinum. Hellirinn til hægri handar er kallaður Beinahellir, því að í honum hefur fundizt allmikið af fornlegum beinum og eru sum þeirra brotin til mergjar." -"Beinahrúga þessi er alltaf að minnka, því að margir ferðamenn hafa bein brott með sér, en þó er töluvert eftir."
ÚAT, 38

**MH-002b:003** mannvirki Vígishellir útilegumannabústaður Friðlýstar minjar
(Í Surtshelli) "Beint á móti Beinahelli [MH-002b:001] eða litlu innar er hinn afhellirinn, sem kallaður er Vígishellir. Um 30 m frá inngangi hans er sporöskjumynduð grjóthleðsla ..."
"...sporöskjumynduð grjóthleðsla þvert yfir [Vígishelli], þannig að endar hennar snerta hellisveggina báðum megin. Hleðsla þessi er um 70 cm. á hæð, og svæðið, sem hún efmarkar, er um 6,90 metrar á lengd og um 3,20 m á breidd. Á báðum hlipum eru dyr, svo að hægt er að ganga óhindrað inn eftir hellinum. En sinn við hvorn enda sporöskjuhleðslunna eru eldstæði, sem líta út eins og skápar í veggjunum með hellu yfir. Á gólfinu fyrir framan bæði eldstæðin eru öskuleifar. Utan við hleðsluna að framanverðu eru allmiklar beinaleifar, áþekkar þeim, sem eru í Beinahelli [MH-002b:001], og hafa fundizt bein, bæði af nautum, hrossum og kindum. Engir munir hafa fundizt í Vígishelli, nema Eggert Ólafsson fann þar hálfgert verkfæri úr beini ..." ÚAT, 38. ATH Eggert og Bjarna, HKL í TMM 1949 og MÞ í Skírni 1910 + sagnir um Hellismenn í Landnámu: "Torfi [Valbrandsson á Breiðabólstað] drap Kroppsmenn tólf saman, ok hann réð mest fyrir drápi Hólmsmanna, ok hann var á Hellisfitjum ok Illugi enn svarti ok Sturla goði, þá er þar váru drepnir átján Hellismenn, en Auðun Smiðkelsson brenndu þeir inni á Þorvarðsstoðum." ÍF I, 75 (S 37) og "Hrosskell gaf land Þorvarði, foður Smiðkels, foður þeira Þórarins og Auðunar, er réðu fyrir Hellismonnum; hann bjó á Þorvarðsstoðum ok átti Fljótsdal allan upp með Fljótum." ÍF I, 83 (S 43); "Þorvaldr holbarki var enn fjórði [sonur Þórðar í Höfða]; hnn kom haust eitt á Þorvarðsstaði til Smiðkels ok dvalðisk þar um hríð. Þá fór hann upp til hellisins Surts ok færði þar drápu þá, er hann hafði ort um jotuninn í hellinum. Síðan fékk hann dóttur Smiðkels..." ÍF I, 240 (S 208); Harðar sögu og Hólmverja: "Þorgeirr gyrðilskeggi [á flótta eftir dráp Hólmverja] nam staðar á Arnarvatnsheiði ok lagðist í helli á Fitjum ok smanaði sér liði ok var þar, þar til Borgfirðingar gerðust til þeira. Þá stökk [82] Þorgeirr norðr á Strandir ok var þar drepinn, " ÍF XIII, 81-82 (Fitjar (eða Hellisfitjar) munu vera grónar eyrar meðfram Norðlingafljóti, nú nefndar Fugleyrar (Kaalund I, 339)) og munnmæli: Hellismanna saga er í Þjóðs JÁ II, 300-304
ÚAT, 38-39 + Gísli Konráðsson: Saga Hellismanna, Ísafirði 1830, Winnepeg 1889. Einnig: EÓ: Reise I, 238-53; Kaalund I, 338-43; Árb 1909: 46-48; Grímni 1983: 124-25. Um jötuninn Surt sbr. Arkiv 21: 1905, 14-30 einkum 16-18. ATH Árb 1890: 74-75; 1909: 43-47

**MH-002b:004** hleðsla Víðgelmir óþekkt
"í Víðgelmi eru leifar fornra beina, og í smugu einni mjög þröngri, sem liggur til vinstri handar, þegar inn er komið og opnast í aðalhellinn

nokkru innar, fann Matthías Þórðarson fjórar fyrirhleðslur."

MÞ telur að hleðslurnar séu eftir sakamenn, sem hafi lagst út og átt hendur sínar að verja. Einnig talar MÞ um leifar af þvergörðum í aðalhellinum. En ekki þori eg að fullyrða, að grjótdreifar þær, sem hann á við, séu mannaverk. Engar sagnir eru til um útilegumenn í Víðgelmi."

ÚAT, 42; ATH MÞ í Skírni 1910

**MH-002b:005** mannvirki Hallmundarhellir útilegumannabústaður

Hellir í ofanverðu Hallmundarhrauni fundinn 1956, um 20 mínútna gang frá Syðra Sauðafjalli í stefnu frá Eiríksnípu á mitt Sauðafjall syðra. Þar er niðurfall í hruninu, um 20 m vítt, og nær 40 m langt og stefnir frá austri til vesturs. Austur úr katli þessum gengur hellir, víð [44] ur og hár fremst, en þrengist og lækkar austur eftir og er aðeins mjó tota austast og gjóta undir gólfi hennar, en þunnt gólfið, svo að ekki er hættuleaust að fara í gjótuna. Alls er hellirinn nær 40 m. langur. 15 m innan við hellisopið hefur verið hlaðinn garður ..."

Kalman Stefánsson bóndi í Kalmannstungu fann hellinn 1956 og gerði þjóðminjaverði viðvart. 12.07.58 gerðu Gísli Gestsson ofl. athuganir í hellinum, mældu og ljósmynduðu og 1.09 sama ár kom GG þar aftur með Guðmundi Kjartanyni jarðfr, ath. gólf og tíndu saman bein.

"15 m innan við hellisopið hefur verið hlaðinn garður þvert yfir hellinn, þar sem hann er rúmlega 6 m víður. Syðst er garður þessi tæp mannhæð, en við norðurvegg er hann um 2,75 m hár. Að ofan er garðurinn víðast nær 1 m breiður, en ekki verður nú séð, hve þykkur hann er að neðan. Hvergi er minna en mannhæð frá garðinum upp í hellsrjáfrið. Dyr eru á garðinum, rétt norðan við miðju, 0,75 m víðar. Innan á garðinum er gert þrep neðarlega, og sé staðið á þrepinu, sést vel út yfir garðinn. // Við nyrðri hellisvegginn, tveimur m innan við garðinn, er svo sem flet á gólfinu, að innanmáli um 1,7x1,2 m. Vestan að fletinu er fremst einn langur, vellagaður steinn, en uppi við hellisvegginn hlaðin brík og rís hella þar upp við hana innanverða. Eystri langveggur er hleðsla, alla leið [45] um það bil hnéhá. Framan við fletið er aðeins ein steinaröð, og taka steinarinir vart upp fyrir botn fletsins, sem er nokkuð hnökróttur á að liggja. Allur er frágangur fletsins hinn lögulegasti. // Innan við fletið er gerð lítil kró. Hún nær jafnlangt fram á hellisgólfið og fletið, en nær hvergi út að hellisveggnum. Króin er að innanmáli nær 1,2 m löng og 0,75 m breið fremst, en bogadregin hleðsla er að innra horni hennar. Virðist kró þessi óhæf sem svefnstaður, og er alls óljóst til hvers hún hefur verið notuð. Veggir króarinnar eru allt að hnéháir, en hún er alveg opin fram á hellisgólfið. // Við syðra hellisvegg er afmarkað svo sem flet, með einfaldri steinaröð, 1,3x1,0 m að stærð. Það er óljóst, en ótvíræð mannaverk eru þó á því. Loks er óvönduð hleðsla fyrir innsta kima hellisins, og má vera að hún sé sett til varnar [46] því að farið sé þangað inn, enda er það ekki hættulaust vegna þess hve hellisgólfið er þunnt þar. // Víða á hellisgólfinu, einkum í fleti og kró við norðurvegg og þar í grennd, var talsvert af kindabeinum, jafnt hausbein og leggir sem önnur bein, og voru flest leggbein brotin til mergjar. Einnig fundust þar nokkrar hrosstennur. Ekki voru þar þó nein ókjör af beinum, svo að þau lægju í hrúgum, en talsvert var þó af beinum í flestum gjótum í gólfinu. Beinin voru mörg mjög fúin, en sum voru þó næsta heilleg. Í fletinu við norðurvegg fundust tvær litlar pjötlur [47] úr eir eða látúni og rétt þar hjá brotið brýni úr flögubergi, svo mjótt, að það hefur vart verið nothæft til að brýna annað með en skónálar. // Innan við innri króarvegginn voru lítilfjörlegar eldleifar í gólfinu, viðarkolamolar og aska. Hvergi annarsstaðar í hellinum fundust nein merki eftir eld. // Hellisgólfið er á að gizka 8-10 m neðar en yfirborð hraunsins, en það er á þessum slóðum í 460 m hæð yfir sjávarmál. Er því næsta kalt í hellinum og lítill gróður þar niðri, helzt skófir og dálítill mosi. Ekki er hægt að sjá, að gróður á hleðslum sé að neinu ráði minni en á veggjum hellisins né rjáfri. // Hraunketillinn fyrir framan hellinn má heita fullur af allgrófum foksandi. Þaðan liggur brött sandbrekka niður í hellinn og hrynur sandurinn jafnt og þétt niður brekkuna, og að sama skapi færist sandskaflinn innar í hellinn. Hann er nú kominn yfir garðinn miðjan og talsvert inn á gólfið fyrir innan hann, svo að aðeins endar garðsins mega teljast sýnilegir niðurúr, en að utan sést aðeins efst á ytri brúnir hans út við hellisveggina." ÚAT, 43-47. (Enginn sandur er á hellisgólfinu sjálfu innan við skaflinn og er byggðin þar því eldri en skaflmyndunin. Skaflinn er lagskiptur og eru lögin efst um 3 cm breið. Sandurinn er eki uppblástur heldurfoksandur af Eiríksjökli. GG ályktar útfrá þykkt skaflsins að ekki geti verið minna en 300 ár frá því mannvirkin voru gerð en telur þó að þau séu miklu eldri. Þá finnst honum lýsing Grettis sögu á staðsetningu Hallmundarhellis vísa á svipaðar slóðir og þessi hellir er og af því mun stafa nafngiftin.)

GG: Hallmundarhellir í ÚAT, 43-50

**MH-002b:006** heimild Hallmundarhellir bústaður

Af vísum Hallmundar má ráða að hellir hans hafi verið suður af Arnarvatnsheiði, undir Eiríksjökli og kallar hann hellinn hrunketil. GG telur að þessi hellir sé sá sami og hann rannsakaði 1958 [MH-002b:004]

Grettir hittir 'Lopt' (Hallmund) á Kili, þeir stympast og aðspurður um heimaslóðir sínar kveður Loptr: Ætlak hreggs/í hrunketil/steypi niðr/frá stórfrerum;/þr má hængr/hitta grundar/lítinn stein/ok land hnefa. [Eg ætla í hinn vindglymjanda helli niður frá st´órum skriðjöklum (/Balljökli); þar getur Grettir hitt Hallmund). Grettir lét sér ekki skiljast hvar Loptr byggi og hann kvað því enn: Esat mér dælt/at dylja þik,/ef þú vill/vitja þangat;/þat's ór byggð/ Borgfirðinga,/þars Balljökul/bragnar kalla (ór byggð = fyrir ofan byggð). ÍF VII, 176-77

Hallmundur kemur Gretti til hjálpar í bardaga við Þóri úr Garði: "Hallmundur sagði: "Þat vil ek nú, at þú komir til heimkynna minna, því at þér mun langt þykkja hér á heiðinni." Grettir kvazk þat gjarna vildu. Nú fóru þeir báðir samt suðr undir Balljokul; þar átti Hallmundr helli stóran ok dóttur gilda vexti ok skoruliga. Þau gerðu vel við Gretti, ok græddi hon þá báða. Þar dvalðisk Grettir lengi um sumarit. Hann kvað flokk um Hallmund, ok er þetta þar í: Hótt stígr hollum fæti/Hallmundr í sal fjalla." ÍF VII, 184 (Sömu vísuorð eru einnig í Bergbúa þætti (ÍF XIII, 443) sjá nánar grein Guðmundar Finnbogasonar í Skírni 1935: 172-81) og "...olli hvatr ór helli/Hallmundr, es komk undan." ÍF VII, 185 "Þá er á leið sumarið, fýsti Gretti aptr til byggða at finna vini sína ok frændr. Hallmundr bað hann sín vitja, er hann færi suðr um land ..." ÍF VII, 185 Seinna "fór Grettir til fundar við Hallmund, vin sinn, ok dvalðisk þar um sumari, þar til er á leið." ÍF VII, 199 (Grímr frá Kroppi sest í skála Grettis við Arnarvatn, en Hallmundi lék öfund á og stal fiski frá Grími, sem sat fyrir honum og særði hann og elsti hann síðan:) Þeir fóru allt suðr undir Balljokul; þar gekk þessi maðr inn í helli. Eldr ar bjartur í hellinum; þar sat kona við, stór vexti og þó skaplig. Þat heyrði Grímr, at hon heilsaði foður sínum ok nefndi Hallmund." ÍF VII, 202 Hallmundur kvað síðan Hallmundarkviðu (ÍF VII, 203-204) Hallmundur dó síðan og Grímr gaf sig fram við dótturina: "Þar dvalðisk Grímr margar nætr í hellinum ok nam kviðuna, ok fór þá lagliga með þeim. Grímr var á Arnarvatnsheiði um vetrinn eptir dauða Hallmundar." ÍF VII, 205 Sjá einnig Inngang Þórhalls Vilmundarsonar í ÍF XIII, ccv-ccx. Í Hallmundarkviðu í Bergbúaþætti sem annars meinast eiga stað milli Djúpadals og Gufudals eru einnig þessi vísuorð í 12 vísu: "Einn ák hús í hrauni,/heim sóttu mik beimar///sjaldan" ÍF XIII, 449.

Grettis saga, ÍF VII, 176-77, 184; Ath einnig Bárðar sögu, 9. kap

**MH-002b:007** hleðsla óþekkt

"Um tíu mínútna gang nær Syðra Sauðafjalli [en Hallmundarhellir MH-002b:004] í sömu stefnu er dálítil skál í hrauninu, sporöskjulöguð. Skálin er með grjótbörmum, sem sumstaðar eru þverhníptir efst. Í þeim enda skálarinnar sem veit að Eiríksgnípu, er dálítill hellir ... Við austurhlið hellisins eru hlaðnir tveir veggir ..."

"Hellsopið er 15-16 m vítt og dýpt hellisins inn í botn um helmingi lengri. Hellisgólfið er allmiklu lægra en skálin fyrir utan, en miðbik skálarinnar er um það bil eins djúpt. Allt hellisgólfið er stórgrýtt. Við austurhlið hellisins eru hlaðnir tveir veggir, sem mynda eins og þríhyrning við vegg hellisins rétt innan við opið. Hleðsla þessi er mjög mosavaxin og um það bil hnéhá, og virðast hafa verið dyr móti

hellisopinu. Dyraveggurinn er um 2,6 m langur og hinn veggurinn ívið lengri. Berghlið þríhyrningsins var um 2,6 m."
ÚAT, 48

**MH-002b:008** hleðsla Franzhellirútilegumannabústaður
Skammt suður af uppsprettulindum sunnan við Reykjavatn. Franzhellir er um 7 mínútna gang frá uppsprettunum. Hann er utan í hraunhól, sem varða er á, og snýr hellisopið mót norðri.
Útdráttur af grein Kristleifs í ÚAT, 51-57 og heimildir sem vísað er í á s. 56. einkum grein Jóns Helgasonar í Jólablaði Frjálsrar þjóðar 1957.
ÚAT, 51; Kristleifur Þorsteinsson: Úr byggðum Borgarfj, 300-310

**MH-002b:009** hleðsla Eyvindarhola útilegumannabústaður
Um tveggja mínútna gang aðeins norðan við vestur frá Franzhelli [MH-002b:007] er Eyvindarhola ofan í lágan hraunhól með tveimur vörðum á. Heimild um dvöl Eyvindar á Arnarvatnsheiði er Gísli Konráðson og borgfirsk munnmæli
ÚAT, 57Kristleifur Þorsteinsson: Úr byggðum Borgarfjarðar II, 300-310; GR II, 361

**MH-002b:010** öskuhaugur "Beinahola"
Um 7 mínútna gang litlu sunnar en vestur frá Franzhelli [MH-002b:007] er holan, sunnan til á stórri sléttri hraunbreiðu, sem er umkringd úfnu hrauni á allar hliðar. Nálægt miðri hraunsléttunni er dálítil grasflöt og skammt sunnan við hana er holan rétt við brún úfna hraunsins. Fast við holuna að vestanverðu eru tveir grasbollar í hraunsléttunni.
Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur fann holuna í ágúst 1951 þegar verið var að svipast um eftir Eyvindarholu. "Beinahola líkist Eyvindarholu að því leyti, að hún er neðanjarðar hellir með gati upp úr í miðju. Opið er um 1 m á lengd og 60 cm. á breidd. Undir opinu er hellisgólfið á kafi í mosa, en þegar lengra dregur frá, er það alþakið stórgrýti. Hellirinn er eins og sporaskja í lögun, um 10 m á lengd og 8 m á breidd. Gólfið er hæst undir opinu, en lækkar á alla kanta frá því. Sama er að segja um hellisloftið, en þó er hæst undir loft hjá opinu. Þar er rúmlega einn og hálfur metri af gólfinu upp að yfirborði hraunsins. Í holunni er mikið af beinum, bæði úr kindum og stórgripum, og eru mörg beinin brotin til mergjar. Þegar komið er að, ber mest af krúnu af nautgrip, sem er rétt undir opinu og er eins mosavaxin og steinarnir í kring. En engin mannvirki var að sjá í helli þessum. ... sum beinin eru brotin til mergjar. Ekki voru þar heldur neinar heillegar beinagrindur, eins og verið hefði, ef skepnur hefðu hrpað ofan í holuna og drepist þar." ÚAT, 60 Ól.Briem telur að þetta hafi verið forðabúr Fjalla-Eyvindar
ÚAT, 60

**MH-002b:011** heimild Reykjavatnsskáli sæluhús
Leitarmannaflokkur á hælunum á Jóni Franz útileguþjófi kom að Reykjavatnsskála 28.11.1814
ÚAT, 55 (ATH Kristleif Þorsteinsson: Úr byggðum Borgarfjarðar II, 300-310; einnig Landsyfirréttardóma I, 425-27; II, 20-24.)

**MH-002b:012** örnefni Virkishólar
Á korti, sýnt NV við Reykjavatn en sunnan við Reyká Nautavatn og austan við Norðlingafljót og Breiðatanga. Virkishólaflói er sunnan við hólana.Hkort;
DMA 1714 I

**MH-002b:013** heimild Reykjavatnsskáli sæluhús
"Við vatnið er leitarmannaskáli og hafa Jökulkróksmenn þar náttból ..." GR II, 335
"Við Reykjavatn er fallegt umhorfs, gróðursæld mikil umhverfis afbragðs-veiðivatn." Ef kofinn við Úlfsvatn var sá eini á Arnarvatnsheiði árið 1887 (GR II, 355) þá er þessi væntanlega yngri, annars er hann sami og MH-002b:011
GR II, 335, 359

**MH-002b:014-** heimild
varðkofi í Skógarhlíð "'Austur með Strútnum, þar sem heitir Skógarhlíð, er haugur orpinn og á honum bautasteinn mikill."
Þannig stendur á því, að árið 1860, er fjárkláðinn gekk sunnan lands, var vörður settur frá jöklinum niður með Hvítá til sjávar. Átti vörður þessi að varna því, að sýkt og ósýkt fé gengi saman. Í verði þessum var fjöldi manns, og bjuggu þeir í torfkofum, sem hrófað var upp í þessu skyni og nefndir skálar.
Einn af skálum þessum var í Skógarhlíðinni og þar vörður Jóhannes Jónsson frá Lambagerði, sem var þurrabúðarkarl hjá Svarfhóli í Stafholtstungum. ... Svo hefur sagt mér Narfi [22] Jónsson, er vinnumaður var í Kalmannstungu nokkru eftir síðustu aldamót, en honum sagði Guðmundur Sigurðsson, er þar var vinnumaður um það leyti, er kláðavörðurinn var, að Jóhannes hefði þá um sumarið misst hest sinn við skálann, grafið hann þar og orpið haug yfir. Færði hann svo stein allmikinn og sléttan á hauginn og hjó á hann vísu dróttkvæða, er hann hafði ort, og er hún svona:
'Áður á Ísaláði/örðugt að manna vörðum/stóðu feður, þar flóðin/fram hrundu jöklum undan;/seinni öld, öðru valdi/örlög bundin, á grundu/vakir hér von að spaka,/varnar sauðum til nauða.'
Bendir vísan að starfi varðmannanna, en að engu leyti til þess, yfir hvað leiðið er orpið. Höggin er vísan með stóru latínuletri, en er nú lítt læsileg sakir þess, hversu steininn er vaxinn mosa og skófum.
Seinna var enn vörður settur í sama skyni á þessar slóðir 1875-6. Í honum var Sigvaldi Jónsson, alþekktur hagyrðingur úr Skagafirði. Ef til vill er hún eftir hann, vísan þessi, ...
'Lyngs við bing á grænni grund/glingra og syng við stútinn./Þvinga ég slyngan hófahund/hring í kringum Strútinn. (nmgr: Í Héraðssögu Borgarfj II, segir Björn Jakobsson á Stóra Kroppi, að vísa þessi sé eftir Sigurð Eiríksson, sem lengi var vinnumaður í Kalmannstungu). Nú er skálarúst varðmannanna vallgróin og skógurinn í Skógarhlíðinni orðinn að hvítgráum kalviði.' -
HB Sumar, 21-22

**MH-002b:015** þjóðsaga Vopnalág
- Vopnalág örn. í Hallmundarhrauni 'Löng, skeifulaga og grasi gróin dæld í hraunið, einkennilega fögur og aðlaðandi. Þar var það - segir sagan - að byggðamenn fóru að Hellismönnum.'
-HB Sumar, 29-30

**MH-002b:016** þjóðsaga Eiríksjökull
- Eiríksjökull örn. eftir einum Hellismanna 'Hjarta mitt er hlaðið kurt,/hvergi náir skeika;/með fótinn annan fór ég á burt,/fáir munu eftir leika.-
HB Sumar, 30

**MH-002b:017** þjóðsaga Þorvaldsháls
- Þorvaldsháls - einn Hellismanna á að hafa verið veginn þar s. 30. Mikil jökulalda, þakin stórgrýtisbjörgum, sum meira en mannhæðarhá.
"Heyrt hef ég, að maður nokkur hafi lokið ævi sinni undir einum þessara stóru steina. Voru vinnumenn tveir frá Kalmannstungu að veiðum um haust norður á heiðum. Gerði þá norðanstórhríð, er þeir voru á heimleið. Hafði annar lent í vosi, og frusu föt hans mjög, leitaði skjóls undir steininum og varð þar til, en hinn komst heim til sín við illan leik. Þótti síðan verða vart slæðings nokkurs á hálsinum og þó einkum við steininn, þar sem maðurinn varð úti."-
HB Sumar, 30

**MH-002b:018** heimild Hólmavað vað

Vað á Norðlingafljóti norðvestan við Þorvaldsháls þar sem heitir Hæðarsporður norðan við fljótið
HB Sumar, 30

## Kalmannstunga (Arnarvatnsheiði) MH-002c

Mörk milli Arnarvatnsheiðar og Hallmundarhrauns eru um Norðlingafljót. Árið 1880 selid Stefán Ólafsson bóndi í Kalmannstungu Hálsasveit og Reykholtsdalshreppi alla Arnarvatnsheiði frá Svínalæk og eins og grös náðu milli Norðlingafljóts og merkjlínu þeirrar er skilur milli Sunnlendinga- og Norðlendingafjórðungs. Veiðirétt í öllum vötnum á hinu selda svæði til móts við kaupendur áskildi Stefán sér og erfingjum sínum. Söluverðið var þrjú þúsund krónur. Landspildan frá Svínalæk að landamerkjum Fljótstungu, er var undanskilin [kaupunum], nefndist Bugar. Af því landi hafði Kalmannstungubóndi engar nytjar. Fáum árum síðar lét Ólafur Stefánsson í Klamannstungu þetta land af hendi til sömu sveita fyrir mjög sanngjarnt verð." - GR II, 331

"Arnarvatnshæðir eru víða blásnar og grjótberar efst, en milli þeirra flestra eru hin bestu gróðurlönd og utan í þeim eru brekkur, bollar og lautir með angandi sumargróðri. Hæðirnar hafa verið að blása upp á umliðnum öldum. Má sjá víða háar gastorfur með stórum víðihríslum, sem eru smám saman að missa fótfestu og haldstyrk í einangruðum og hrörnandi jarðvegi." GR III, 146. Gamlir og skjarrir sauðir úr Borgarfirði "héldu sig í stórum hópum á Tvídægru norðanverðri, því að þar eru hagar allir betri en sunnan við merkin." - GR III, 165 - "Sunnan og suðaustan við Langajörva er víðáttumikið flatlendi, 500 m yfir sjávarmál, sem heitir Fljótsdrög. Takmarkast þau af Langjökli og Hallmundarhrauni að austan og sunnan. Fljótsdrög eru víða blautlend mjög með gróðurmiklum flóum, tjörnum, lónum og jökulkvíslum, sem í vatnavöxtum flæða víð vegar um sanda og aura. Gróður er þar mikill og stórvaxinn, og sækir sauðfé þangað mjög ... Fjöldi svana hefur þar bólfestu á sumrum, einnig lómar, himbrimar o.m.fl. fuglar. Veðursæld er óvenjuleg í Drögunum." GR IIII, 221.

**MH-002c:001** heimild Fljótsdragatangi náttstaður
í Fljótadrögum, gróðursæll kimi undir hraunjaðri - Fljótsdragatangi myndast "annarsvegar af Fljótinu, en hins vegar af djúpu lóni, sem er vatnsmikil uppspretta undan Hallmundarhrauni stutt frá. Hraunið er þar úfið og ófært, svo er það brunnið. Hraunröndin er þarna 5-10 m há." "Þar mætast Borgfirðingar og Vatnsdælingar og taka sér náttból..."
GR II, 336; GR III, 226, 230

**MH-002c:002** heimild Réttarvatn rétt
Náttstaður Vatnsdælinga og sundurdráttur norðan og sunnanfés. "Tangi gengur fram í Réttarvatn frá útsuðri, ekki breiðari en svo, að með þeim mannafla sem þar var saman kominn, mátti verja safninu úr tanganum, meðan sundurdrátturinn stóð yfir."

Til Réttarvatns reka Fljótsdragamenn allt fé austan frá Langjökli, Víðdælingar, Miðfirðingar og annar leitarflokkur Borgfirðinga. Þar er dregið sundur fé Borgfirðinga og Húnvetninga. Sýslumörk liggja yfir vatnið og er Réttartanginn sunnan við mörkin en Víðdælingatangi - náttstaður Víðdælinga norðan við. "Meðal annarra mannvirkja frá síðustu tímum, leitarmönnum til hjálpar og hægðarauka, er grjótgarður yfir Réttarvatnstanga þveran, þar sem féð er rekið að." GR II, 337. "Frá vestri liggur Réttartangi, sem skiptir vatninu nær því í tvennt. Er hann svo einkennilegur að lögun, að líkast væri, að við myndun landsins væri til þess ætlast, að fé væri aðskilið þar. Þar sem aðaltanginn byrjar, er örmjótt eiði, 2-3 m breitt, fram á aðaltangann sem er um 5-6 þúsund fermetrar að flatarmáli og myndar felyg fram í vatnið. Bakkar tangans eru nokkuð háir og stórgrýttir. Á þessum tanga hefir fé verið réttað frá ómunatíð. Árið 1918 voru byggðir réttarveggir og fengnar grindur til betri aðstöðu. Þangað til hafði fé verið réttað þannig, að menn stóðu í þéttri röð yfir tangann í tveim töðum, og höfðu féð í kvínni. Var sú aðstaða óhæg einkum í illviðrum og þegar öldugangur var mikill á vatninu." GR III, 234 "... var til haustsins 1948 réttað í Réttartanga við Réttarvatn og dregið þar sundur sunnan og norðanfé. Stóðu að þeim sundurdrætti Borgfirðingar, Vatnsdælir, Víðdælir og Miðfirðingar, ..." GR III, 182. "Áður fyrr varliðskosturinn þó mun meiri, enda veitti ekki af, meðan engin var réttin nema Réttartanginn. Varð að slá manngarð um safnið, því að ella hraktist það út í vatnið við umferðina við sundurdráttinn, en auk þessa þurfti einnig að standa kringum það fé, sem úr var dregið." GR III, 206
GR II, 337; GR III, 182, 233-35

**MH-002c:003** heimild Úlfsvatn náttstaður
Náttból austan við Úlfsvatn. Á þessum stað tjaldaði sá leitarflokkur Borgfirðinga sem kom til móts við Fljótsdragamenn -
GR II, 337 sbr. GR II, 355. Vatnið á að taka nafn af því að þar var einn Hellismanna drepinn - HB Sumar, 30

**MH-002c:004** heimild sæluhús
skammt frá Úlfsvatni. "Var þá [1887] og enginn leitarmannakofi á leitarsvæðinu, nema smákofi skammt frá Úlfsvatni, sjálfsagt gamall veiðimannakofi." - GR II, 355 ; 1898: koma þar eftirleitarmenn á Húksheiði og hitta fyrir menn sunnsn af Hvítársíðu sem voru við dorg upp um ís "var þarna hlýtt, svo að ekki hefi ég átt þar aðra betri nótt. Þótt kofi þessi sé alls ekki mjög kaldur á eyðikofavísu, er þar sjaldnast notalegt að leggjast fyrir sveittur og blautur." - 1902 var skáli þessi í mun betra ástandi en Arnarvatnsskáli og voru þar hitunartæki sem vantaði við Arnarvatn - GR III, 194; Enn í notkun 1900x1910
GR II, 355, 358; GR III,184-85 sbr. 190; 195-98

**MH-002c:005** heimild Álftakróksskáli sæluhús
í Álftakróki milli Mordísarvatn og Núpavatns
GR II, 338

**MH-002c:006** heimild Veiðitjörn náttstaður
Tjaldstaður leitarmanna við Veiðitjörn. getið í frásögn af leitum 1887 - GR II, 355

**MH-002c:007** heimild rétt
"Út í Úlfsvatn gengur örmjór tangi, er nefnit Austurriðatangi. Hafði einhverntíma fyrir löngu verið hlaðinn garður þvert yfir tangann, en nú [1887] var hann fallinn. Rákum við nú kindurnar út í tanga þennan og tókum síðan til við garðhleðslu. Sóttist okkur verkið fljótt því nóg var af hleðlugrjóti."
GR II, 362

**MH-002c:008** þjóðsaga Leggjabrjótur
Leggjabrjótur rennur úr Leggjabrjótsvötnum í Veiðtjörn suðvestan undir Arnarvatnshæðum. Ekki er það víst, hvort það var við þennan Leggjabrjót eða annan samnefndan læk norður á Núpsheiði, "sem draugarnir mættust, er lögmennirnir Páll Vídalín og Oddur Sigurðsson sendu hvor öðrum. Þeir flugust á í læknum og stórgrýtinu og hættu ekki glímunni fyrr en fótleggir beggja voru brotnir að knjám. Draugarnir hafa líklega gufað þar upp með góðri samvisku gagnvart húsbændum sínum, því að þeir höfðu af miklum áhuga og trúleik reynt að koma ferð sinni fram, en voru svo óheppnir að mætast til átaka á einum versta glímuvelli, sem til er á leiðinni."
GR III, 160

**MH-002c:009** tóftir Halldórstóftir býli Friðlýstar minjar.
Halldórstóftir eru vestan við Norðlingafljót og hraunkvíslina sunnan undir Kleppum
Árb 1890: 74-75; 1909: 43-47

**MH-002c:010** heimild Skagfirðingavegur leið

Skagfirðingavegur og Grímstunguheiðarvegur koma saman hjá Arnarvatni hinu mikla og þaðan liggur leiðin til suðvesturs yfir Arnarvatnshæðir yfir Leggjabrjót og niður að Norðlingafljóti vestan við Núðavatn og þaðan beint að Hólmavaði [MH-002b:02X] en fljótið tekur sveig til suðurs.

- Arnarvatnsheiði 'Eftir móum og grundum lágu samhliða ótal grasi grónir götutroðningar, sem vitnuðu um kynslóðir, er fram hjá höfðu farið ... Sums staðar hefur steinum verið kastað úr götunni og lagðir í beina röð með fram henni og annarsstaðar hreykir sér ein og ein varða á hæstu leitum. Ef til vill eru þetta handarverk Felixar landsynnings, sem sagt er, að um eitt skeið hafi verið að vegarruðningi á Arnarvatns- og Grímstunguheiði, auðnuleysingjans, sem gleymdur er að mestu utan viðurnefnisins hressilega ...'-

HB Sumar, 33

## Gilsbakki (Lambatungur) MH-007b

Lambatungur tilheyrðu Gilsbakkakirkju. Á síðari hluta 19. aldar mun oft hafa verið leigður þar upprekstur, en 1890 var gerður leigusamningur við Hálssveitunga og Reykdælinga um upprekstur til 99 ára, ákveðin fjártala ár hvert. Síðan hann rann út hefur hann verið framlengdur til skamms tíma í einu. Tveimur áratugum síðar ver upprekstrarfélagi Þverárréttar selt landið með þeim formála, að það væri aðeins selt að grasnytjum og engu öðru leyti. Aðrar nytjar (fyrst og fremst veiðiréttur) tilheyra því Gilsbakka." - MS Afréttir, 10. "Magnús Sigurðson, sem prestur var á Gilsbakka 1844-1858, lögfesti Gilsbakka allt það land, sem veiðiréttur Gilsbakka nær yfir ... Reisti hann um leið kröfu um afréttartoll fyrir upprekstur í þetta land. Forsvarsmenn upprekstrarsvæðisins munu í fyrstu hafa tekið þá kröfu gilda, en þá risu sveitarbændur upp og höfnuðu henni. Úr þessu varð mikið málastapp, en því munhfa lyktað með amtmannsúrskurði, þar sem ályktað var að hefð væri komin á tollfrían upprekstur og var kröfunni hafnað." MS Afréttir, 3

Lambatungur voru nytjaðar til slægna frá Gilsbakka þótt langt væri að sækja - MS Afréttir, 10.

**MH-007b:001** heimild Þorvaldsvatnatangi náttstaður

Síðasti náttstaður Heiðarleitarmanna fyrir c. 1887 var í Þorvaldsvatnatanga er gengur út í Neðra-Þorvaldsvatn. "Tjaldstaður í Þorvaldsvatntanga var á urðarholti, en mýrarfen umhverfis. Hesthagar eru þar nauðaómerkilegir "
Uppúr 1887 var þessi tjaldstaður lagður niður og safnið rekið beint niður í Svelg við Fljótstungurétt á þriðja degi -

GR II, 355-57 ATH hvort þessi staður gæti tilh. Fljótstungu eða jafnvel Þorvaldsstöðum

**MH-007b:002** tóft sæluhús

"... leifar af tveimur gömlum veiðikofum við Grunnuvötn" - Ath einnig örn Skálalækur sem rennur úr Kvíslarvatni syðra í nyrðra Grunnavatnið.

MS Afréttir 11

**MH-007b:003** heimild sæluhús

"... leifar af tveimur gömlum veiðikofum við Grunnuvötn" - Ath einnig örn Skálalækur sem rennur úr Kvíslarvatni syðra í nyrðra Grunnavatnið.

MS Afréttir 11

## Gilsbakki (selland) MH-007c

Gilsbakkasel átti Kjarrárdal vestanmegin innan við Vatnshnjúkalæk en efri mörk eru óviss - sögn er að Staðarhóll í Vatnaflóa heiti svo vegna þess að hann hafi verið á mörkum sellands staðarins. Afréttarmörk Þverárhlíðar og Hvítársíðu (Gilsbakkasels) eru um Staðarhól, um Nautavatn og Breiðavatn í Þverárvötn. Þaðan niður Þverárvatnatungu í Hrólfsvatnskvísl. Þar heita Kvíslamót sem saman koma Hrólfsvatnskvísl og Litla-Þverá - GR II, 429. Vesturmörk Lambártungna eru Kjarrá, Skjaldartjarnarkvísl og Kvíslarvatn nyrðra og verður Gilsbakkaselsland látið ná milli þessara takmarka að sýslumörkum. Heiðarvígasaga: "En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilong- [284] um Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir dvalizk." ÍF III, 283-84. "Magnús Sigurðson, sem prestur var á Gilsbkka 1844-1858, lögfesti Gilsbakka allt það land, sem veiðiréttur Gilsbakka nær yfir ... Reisti hann um leið kröfu um afréttartoll fyrir upprekstur í þetta land. Forsvarsmenn upprekstrarsvæðisins munu í fyrstu hafa tekið þá kröfu gilda, en þá risu sveitarbændur upp og höfnuðu henni. Úr þessu varð mikið málastapp, en því mun hafa lyktað með amtmannsúrskurði, þar sem ályktað var að hefð væri komin á tollfrían upprekstur og var kröfunni hafnað." MS Afréttir, 3 - "Gilsbakki átti til forna allt skógarhögg í Húsafellsskógi vestan við Hagagarð [MH-001:022], en Húsafell átti ítak í laxveiði í Kjarrá. Nú er hvorttveggja gengið til baka."

**MH-007c:001** tóftir Gilsbakkasel sæluhús

Gilsbakksel er rétt sunnan við lækinn sem rennur úr Hrólfsvatni í Kjarrá. Þar gistu leitarmenn Hvítsíðinga.

"Ekki liggja á lausu neinar heimildir um það, hvenær fyrst er reistur gangnamannakofi við Gilsbakkasel, en þó má ætla, að það hafi orðið fljótlega eftir að selfarir lögðust af. Ingvar Magnúson, bóndi á Hofsstöðum í Stafholtstungum, ... segir mér að einhverntíma á árunum milli 1915-20 hafi Sveinbjörn Jónsson frá Háafelli unnið við að hlaða upp og þekja kofa, sem þar hafi staðið, en verið fallinn. Hafi þar áður verið skýli gangnamanna, en hvort þar hafi verið um upphaflegu seltóftina að ræða skal ég ekki segja. ... En orsök þess að gangnakofinn er upphaflega reistur við Gilsbakkasel er vafalaust sú, að þar hefir seljapeningur verið flestur ... Selið því verið stærra en önnur og ef til vill verið haft lengur þar í seli en frá öðrum bæjum, og rústin, hafi hún verið fallin [432] á annaðborð, hentað betur en aðrar til að þjóna því hlutverki, er breyttir tímar kröfðust. / Sveinbjörn mun hafa byggt upp hesthús um sama leyti og kofann. Standa þessar byggingar, sem nú eru orðnar rústir einar, sín hvorum megin á lækjarbakka, fyrir innan grónar valllendiseyrar, sem Kjarrá liðast um og heita Gilsbakkaeyrar. Þröngt hafa sáttir mátt sitja í kofa þessum sem varla hefir verið meira en 4 x 7 álnir að flatarmáli. Samt hafa orðið að komast þar fyrir 16 menn, liggjndi andfætis hver öðrum." - 1949 var síðan reistur hermannabraggi á þessum stað sem síðan hefu verið notaður fyrir leitarmenn og hesta þeirra - GR II, 379. "Þar er rúst eða tóft af leitakofa úr torfi og grjóti á austurbakka lækjarins, en tóft af hesthúsi vestan við lækinn. Leitarkofinn rúmaði 16-18 menn liggjandi á gólfi, en hesthúsið rúmaði tuttugu hesta. Hús þessi voru lögð af 1948, þegar reistur var hermannaskáli fyrir menn og hesta, sem enn stendur, nú sem hesthús aðeins. Af selhúsunum er óvíst að neinar leifar séu til, selið hefur verið gert að leitaskála þegar selförin lagðist af og sjálfsagt verið notað sem slíkt miklu fyrr, þegar sellöndin voru leituð á haustin. Efni sekhúsanna hefur verið endurnýtt í skála jafnóðum og þurfti. Hesthúsið vestan við lækinn var víst ekki gamalt, frá því öðruhvoru megin síðustu aldamóta og hið fyrsta sem þar var byggt."

GR II, 379; MS Afrétt, 5

**MH-007c:002** heimild vígi

"Flói heitir á heiðinni, ok eru þar votn stór; þat er í norðanverðum Flóanum vatn þat, er nes liggr í ok eigi breiðara at ofanverðu en níu menn megu standa jafnfram, ok deilir norðr vatnfollum til heraða várra ór því vatni; þangat vísa ek yðr til."

Ekki eru menn sammála um hvar á Tvídægru þetta vatn á að vera, þó líklegt verði að þykja að það eigi að vera annarsvegar á leið milli Kjarrárdals og Núpsdals og hinsvegar á vatnaskilum, sem næst því sem nú er kallað Vatnaflói. BJ stakk upp á nyrðra Hávaðavatni (Árb. 1895: 18-19) en "Torfi Magnússon bóndi í Hvammi í Hvítársíðu telur, að lýsing Brynjólfs á því vatni komi alls ekki heim, og getur

þess til, að farið sé nafnavillt og lýingin eigi við Urðhæðavatn, en þótt svo væri, skortir nokkuð á, að það samrýmist því er sagan segir." (ÍF III, 283 2. nmgr). Sjá Árb. 1937-39. Sigurður Guðmundsson á Kirkjubóli telur hinsvegar að lýsing sögunnar "gæti sem best átt við Krókavatn. Í vestara andnesinu má gjarnan hafa vígi nokkurt, og gætu sem best níu menn, sem verjast samsíða, lokað tanganum, þannig að ekki yrðu þeir sóttir á bak." GR II, 430

Heiðarvígasaga, 24. kap ÍF III, 283

**MH-007c:003** heimild Heiðarvíg vígi

"En annat vígi er í sunnanverðum Flóanum, er ek vilda síður, at þér hefðið, ok yðr gegnir verr, ef þér þurfuð að taka. Þar gengr enn nes fram í vatn; þar megu standa átján menn jafnfram, ok deilir suðr vatnfoll til heraða þeira ór því vatni."

Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um hvar Heiðarvíg hafi átt sér stað og hefur t.a.m. verið bent á Hrólfsvatn skammt frá Gilsbakkaseli (Kaalund I, 351-52). Það er hinsvegar ekki í Vatnaflóa og hvergi nálægt vatnaskilum og í seinni tíð virðast menn sammála um að telja nyrðra Kvíslarvatn vera staðinn (BJ í Árb. 1895, 18-19; MÞ í Árb. 1937-38 og GR II, 430)

Heiðarvígasaga 24. kap sbr. 29. kap og urðu Heiðarvíg á þessum staðÍF III, 283

**MH-007c:004** heimild Vambarhóll náttstaður

Eftir að hafa smalað allan Vatnaflóa tjölduðu Hvítsíðungar við Vambarhól, sem er sunnan við Langavatn, á vesturbakka Langavatnskvíslar

GR III, 430

**MH-007c:005** heimild Bjarnastaðasel

Bjarnastaðasel er við Bjarnastaðaselsgil vestan við Kjarará. Svo er að skilja að þarna sjáist rústir enn

MS Afréttir, 5

**MH-007c:006** tóft Valstrýta sæluhús

Valstrýta er nafn á veiðikofa sem er vestanvert við Nyrðra-Kvíslavatn skammt norðan Kvíslavatnskvíslar. Kofinn var tveggja manna rúm. Hann mun hafa staðið uppi fram á fjórða áratug þessarar aldar

- MS Afréttir, 5

### Sámsstaðir (selland) MH-012b

Sellandið er milli Fanngils og Vatnshnúkalækjar neðarlega í Kjarrárdal og er Örnólfsdalssandur á mörkum við Kvíar Heiðarvígasaga: "En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilong- [284] um Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir dvalizk." ÍF III, 283-84

**MH-012b:001** heimild Sámsstaðsel

Leifar Sámsstaðsels eru undir Sámsstaðahöfða

MS Afréttir, 5

**MH-012b:002** hleðsla rétt

1848 byggðu Hvítsíðungar rétt "á Kjörinni við Kjarvará hjá Sámsstaðahöfða." -Rétt þessi var byggð vegna óánægju með Fiskivatnsrétt og mun Magnús Sigurðarson á Gilsbakka hafa haft forgöngu þar sem hann var þá farinn að taka fé í upprekstur af Hálssveitungum í Lambatungur. Réttin var notuð til 1852 en var þá bönnuð af Páli Melsteð amtmanni. Endursögn eftir hdr. Daniels Jónssonar frá 1873-74 - GR II, 375 Rústin sést enn sunnan undir Sámsstaðahöfða

GR II, 375GR II, 375; MS Afréttir, 5

**MH-012b:003** örnefni Víghóll

Víghóll er innan við innra Rangárgilið fast við Kjarrána

Hkort; ATH grein Þórhalls Vilmundarsonar í Lesb Morgunbl

### Reykholt (selland) BO-199c

Reykholtskirkja átti selland á Kjarrardal milli Skjaldmeyjargils og neðsta Rangagils, frá Kjarrará upp á Örnólfsdalssand móti Kvíalandi. Heiðarvígasaga: "En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilong- [284] um Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir dvalizk." ÍF III, 283-84

[berjalestur hefur eflaust fylgt afréttarnotum] en í sellandi Reykholts er gott berjaland - MS Afréttir, 4

**BO-199c:001** heimild Norðtungusel

neðarlega á dalnum skammt austan við SkjaldmeyjargilHkort; "Leifar af Reykholtsseli og Norðtunguseli eru í Reykholtsselslandi." -

MS Afréttir, 5

**BO-199c:002** heimild Reykholtssel

"Leifar af Reykholtsseli og Norðtunguseli eru í Reykholtsselslandi."

MS Afréttir, 5

## Þverárhlíðarhreppur

### Þverhlíðingaleit (Tvídægra) MH-623

Afréttarmörk Þverárhlíðar og Hvítársíðu (Gilsbakkasels) eru um Staðarhól, um Nautavatn og Breiðavatn í Þverárvötn. Þaðan niður Þverárvatnatungu í Hrólfsvatnskvísl. Þar heita Kvíslamót sem saman koma Hrólfsvatnskvísl og Litla-Þverá - GR II, 429. Hellisá skilur Hellistungur frá Þverhlíðingaleit

**MH-623:001** heimild Hellishólmar náttstaður

Leitarmenn á afrétt Þverhlíðinga áttu aðsetursstað í Hellishólmum innarlega í Hellisdal. Nú er á þessum stað leitarmannaskáli

GR II, 379

**MH-623:002** heimild Melar býli

(S 51, H 39) "Þorbjörn blesi nam land í Norðrárdal fyrir sunnan á upp frá Króki ok Hellisdal allan ok bjó á Blesastöðum. Hans son var Gísli at Melum í Hellisdal; við hann eru kennd Gíslavötn." ÍF I, 87; Ekki er viða hvar Melar eiga að hafa verið en örn. Háumelar er til á Hellisdal og er þess getið til að býlið hafiverið þarLandnámabók

sbr. JÁM; ÁFÍ 1935: 59; 1953: 61.

### Helgavatn (selland) MH-021b

Helgavatn í Þverárhlíð á selland á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel, austan Litlu- Þverár milli Sýrdalslækjar og Fanngils. "Eignarrétturinn yfir þessu landi er háður þeim takmörkum, að eigandi þess má ladrei, hver sem hann verður, setja nýbýli í landið, né taka það í upprekstur." (LB-M)

**MH-021b:001** tóftir Helgavatnssel bústaður/sel
"Í Helgavatnsseli var búseta á síðari hluta 19. aldar, síðast 1886."
MS Afréttir, 6, 7

### Hermundarstaðir MH-026

**MH-026:002** heimild Fiskivatnsrétt rétt
Um 1678 var réttarhald Þverhlíðinga "fært í svokallaðan Lambhaga, öðru nafni Fiskivatnstanga, á Þverárhlíðarhálsi í landi Hermundarstaða."

"Tanginn var að mestu afgirtur frá náttúrunnar hendi og í honum var féð geymt. ... Til réttarinnar voru leituð Kjörin, Lambatungur og Norðurfjall til mót við Norðlendinga og Snjófjöll ofan að Hvassá ásamt Hellistungum. [DJ] segir drátt hafa verið erfiðan í Fiskivatnsrétt, og varð að draga féð þar um langa og grýtta leið. " - endursögn e. hdr. Daniels Jónssonar frá 1873-74 -

Rétt þessi var endanlega lögð niður 1851 er Þverárrétt var byggð en 1844 hafði verið haldinn fundur til að ákvarða nýtt réttarstæði og markað fyrir rétt með steinaröðum "suður á Lambhaganum" - af þessu varð þó ekki -
GR II, 374-75

## Norðurárdalshreppur

### Hvammur (Forni-Hvammur) MH-048b
Stundum talin sjálfstæð jörð og var sú landareign seld upprekstrarfélagi Þverárréttar með afsali 7. febrúar 1914

**MH-048b:001** bæjarstæði bústaður
"Forni-Hvammur var í byggð 1658-1676, en síðan í eyði þar til litlu eftir 1850, og segir í JÁM (IV, 300), að enginn viti, hve mörg hundruð ár þar hafi verið auðn, áður en jörðin var byggð upp 1658." (ÓL Byggð og saga, 342) og segir ÓL að hann hafi ekki fundið Forna-Hvamms getið í eldri heimildum. ÓL ræðir um bæjarnafnið og telur mögulegt að Hvammur hafi upphaflega staðið á þessum stað en síðar verið fluttur neðar í dalinn -
ÓL Byggð og saga, 342-44

**MH-048b:002** örnefni Hlíð
merkt á korti sem eyðibýli eða rústir austan við Hvassá gegnt Forna-Hvammi
Hkort

**MH-048b:003** örnefni Seltjörn sel
Seltjörn er uppi á hálsinum vestan við Forna-Hvamm, norðan við leiðina yfirum að Gestsstöðum
Hkort

### Hellistungur MH-048c
Nú á afrétti Stafholtstungna og nokkurra jarða austanmegin í Norðurárdal. Þær takmarkast af Hellisá að vestan og Norðurá að austan. "Hellistungur heita ofarlega í Norðurárdal, dalurinn austan Norðurár og fyrir norðan Hellisá og fjallendið þar austur af. Í hellistungum er nú engin byggð, og hefir eigi verið svo öldum skiptir, en munnmæli herma, að þar hafi verið byggð að fornu, og kvað enn sjást til rústa þar á nokkrum stöðum. Rústir þessar hafa aldrei verið rannsakaðar, og er því óvíst, hvort þar er um bæjarústir eða seljarústir að ræða, en Hellistungur eru nú og hafa lengi verið afréttarlan Stafholtstungnamanna, Þverhlíðinga, Hvítsíðinga og Norðdæla austan Norðurár og Sanddálsár." ÓL Byggð og saga, 305

Bæjarkirkja í Bæjarsveit átti geldnautaupprekstur í Hellistungur framfrá Norðurárdal 1707 - JÁM IV, 190. Óljóst er hvort þetta er sama og 'afrétt uppi í norðurárdaal' sem kirkjn áti skv. elstu máldögum hennar (DI V, nr. 350) en kirkjan átti lík afrétt í Svarfastungur (DI III, nr. 88) eða Hvarfsártungur (DI III, 223, 191) sem ÓL telur að sé sama og Hvassártungur vestan Norðurár (ÓL Byggð og saga, 306). "Þá töldu og forráðamenn Hjarðarholtskirkju í Stafholtstungum hana eiga landssvæði nokkurt neðan til í Hellistungum. Var það tilkall byggt á tveimur lögfestum Hjarðarholts frá 19. öld, og á nokkrum vísitasíum kirkjunnar, og var hin elsta þeirra vísitatía Páls prófasts Gunnrssonar frá 1694. Tilkalli þessu var hrundið með dómi landsyfirréttarins 12. okt. 1896, og kirkjunni aðeins dæmdur réttur til selfarar í landið (Landsyfirréttar- og Hæstaréttardómar V, 327-330) og var það byggt á því, að kirkjunni var í JÁM aðeins eignuð selstaða í landinu." - ÓL Byggð og saga, 306.

**MH-048c:001** heimild Kirkuból býli
Kirkjuból er forn eyðijörð í Hellistungum "í því plátsi, sem nú er fjárupprekstur brúkaður af sveitinni ... Sýnileg eru hér byggðamerki og garðaleifar, en enginn minnist hér hafi byggt verið, og ómögulegt aftur að byggja." JÁM

- Jóhann Eyjólfsson sagði Ólafi Lárussyni að bæjarnafnið þekktist enn í sveitinni "og hafi bærinn staðið innarlega í dalnum, fyrir innan Forna-Hvamm, uppi undir Heiðarporði." - ÓL Byggð og saga, 305. MS telur aftu á móti að það hafi verið í suðaustur frá bæjarstæðinu í Fornahvammi - MS Afréttir, 9JÁM IV, 299; JJ, 126

ÓL telur augljóst að hér hafi verið býli sem hafi lagst í eyði fyrir löngu og að hugsanlegt sé að þar hafi á sínum tíma verið kirkja þó engin rök séu fyrir því. Hitt sé ekki heldur vitanlegt að landið hafi nokkurntíma verið kirkjueign - ÓL Byggð og saga, 305-306 og telur hann hugsanlegt að á Kirkjubóli hafi sóknarkirkjan verið áður en Hvammur var fluttur neðar í dalinn frá Forna-Hvammi - Sama, 342-43

**MH-048c:002** heimild Hellisrétt rétt
"Daniel Jónsson telur, að elsta fólk í sínu ungdæmi hafi borið saman um, að réttarhaldið hafi verið í svokölluðum Hellistungnasporði við Hellisá. Að líkindum hefur gljúfur verið notað til sundurdráttar eins og tíðkaðist um þær mundir."

endursögn eftir handriti Daniels frá 1873-74. Taldi hann að Fiskivatnsrétt hefði verið byggð um 1678 þannig að þessi rétt hefur átt að vera eldri - "Við suður enda Kjúkubrekku, þar sem Hellisá rennur fram úr neðsta gljúfraþrengslinu, eru allháir hamraveggir báðum megin ár og lítil graseyri inn með hamraveggnum að norðanverðu. Þar á eyrinni var fyrrum fjárrétt fyrir afréttarfénað sem hét Hellisrétt.

Talið erað þar hafi verið síðast 1677 eða 1678. Nú sjást ekki merki um mannvirkjaleifar þar."
GR II, 374; MS Afréttir, 9

**MH-048c:003** heimild
selstaða frá Hjarðarholtskirkju neðarlega í Hellistungum, á Hellisdal skammt austan svonefndra Hvamma, sem eru tvær brekkur við Hellisá, skammt ofan gljúfrana -
"Þá töldu og forráðamenn Hjarðarholtskirkju í Stafholtstungum hana eiga landssvæði nokkurt neðan til í Hellistungum. Var það tilkall byggt á tveimur lögfestum Hjarðarholts frá 19. öld, og á nokkrum vísitatíum kirkjunnar, og var hin elsta þeirra vísitatía Páls prófasts Gunnrssonar frá 1694. Tilkalli þessu var hrundið með dómi landsyfirréttarins 12. okt. 1896, og kirkjunni aðeins dæmdur réttur til selfarar í landið (Landsyfirréttar- og Hæstaréttardómar V, 327-330) og var það byggt á því, að kirkjunni var í JÁM aðeins eiguð selstaða í landinu." -
ÓL Byggð og saga, 306; MS Afréttir, 9

### Krókur MH-053
Hluti af landi Króks, frá fjallgirðingu að Hellisgili, er eignarland upprekstrarfélags Þverárréttar, selt og afsalað af eiganda Króks

**MH-053:002** heimild Blesastaðir býli
Í Krókalandinu austan [fjall]girðingarLandnb,
Hér meinast hafa verið bæjarstæði Blesastaða, landnámsbýlis Þorbjarnar blesa. "Þorbjorn blesi nam land í Norðrárdal fyrir sunnan á upp frá Króki ok Hellisdal allan ok bjó á Blesastöðum." ÍF I, 87Skv. JÁM voru þá munnmæli um byggð þar , líklega snamma á 17. öld og Jarðab. 1804 getur um Blesastaði sem eyðihjáleigu - JJ, 126. Ekki munu þar sjást neinar rústir
MS Afréttir, 7

## Stafholtstungnahreppur

### Tungnaleit (Holtavörðuheiði) MH-643
Tungnaleit er það svæði kallað hér sem er austan við Forna-Hvammsland og norðan við Norðurá

**MH-643:001** tóft Heiðarsporður sæluhús
Stafholtstungnamenn höfðu [fram um síðustu aldamót] skála innarlega í Norðurárdal móts við svokallaðan Heiðarsporð. Nú er hann úr sögu - GR II, 379 - vestan við Norðurá þar sem Austurá fellur í hana -Sæluhús þetta var síðast notað sem leitarmannahús 1929 - MS Afréttir, 9. Eftir að þessi skáli lagðist af gistu leitarmenn í Fornahvammi.
MS Afréttir, 9, GR II, 379

**MH-643:002** Hæðarsteinn
Hæðarsteinn er merkjsteinn milli héraða, þ.e. Norður og Suðurlands, á há-Holtavörðuheiði, við veginn austan Norðurár.
"Eru mikil og forn viðurlög við, ef menn þá, sem ekki hafa áður komið ð Hæðarsteini, skortir hangikjöt eða hákarl og brennivín til að veita félögum sínum þar á staðnum. Héldu einkum vermenn fyrrum fast á þessum rétti."
Tröllkonan Depilrassa sem hafðist við í fjöllum fram af Húnavatnssýslu rændi mönnum og fénaði. Hún stal Þorsteini nokkrum og átti við honum annan Þorstein. Þá át hún báða síðan við Hæðarstein
- ÍV, 130 ÞJÁ III, 255.GR III, 138-39

# Húnavatnssýsla

## Staðarhreppur

### Óspaksstaðir HV-001

**HV-001:002** tóftir Óspaksstaðasel bústaður/sel
Óspaksstaðasel er á austurbakka Hrútafjarðarár gegnt Gilhaga, um 7 km fyrir framan Óspaksstaði. JÁM telur Óspaksstaðasel eyðijörð, en það byggðist upp aftur eftir 1847, 1861 og fór í eyði 1943
Hkort; Húnaþing III, 341

**HV-001:003** hleðsla Réttargil rétt
á austurbakka Hrútafjarðarár þar sem Réttarfoss er í henni. "Til forna voru réttirnar innan við byggðina við Hrútafjarðará, og sét þar enn glögglega fyrir hleðslum, þótt aðstæður frá náttúrunnar hendi hafi verið notaðar til hins ítrasta. / Að austanverðu var rekið að klettum við ána og hlaðið fyrir framan. Er þar foss allmikill í ánni, er af þessum ástæðum heitir Réttarfoss."
GR II, 140

**HV-001:004** heimild Skútagilseyri náttstaður
Tjaldstaður leitarmanna var á eyri þar sem Skútagil fellur í Hrútafjarðará "Á Skútagilseyrinni er gott skjól og nokkuð aðhald fyrir hesta."
"Klettarnir eru þarna mjög lausir í sér (móberg) og gerðu sumir gangnamenn sér að leik að krota fangamark sitt á bergið eða á björg, er fallið höfðu úr því niður á eyrina."
GR III, 137-38

**HV-001:005** þjóðsaga tröllabústaður
"Sá þurs var þangat boðinn [í jólaveislu hjá Hít í Hundahelli], er Kolbjörn hét; hann byggði þann helli, er stendr í Breiðdaslbotnum, en þat er í framanverðum Hrútafjarðardal, nærri Brattagili, þar sem víðkar og grynnir dalinn vestr undan Sléttafelli." Bárðar s, 13.kap; "Ferr þat fram, at Kolbjorn fastnar Þórði dóttur sína Sólrúnu með þeim skilmála, at á hálfs mánaðar fresti skal hann sækja brullaupit heim til Kolbjarnar; sagði hann heimili sitt vera í helli þeim, er í Brattagili er ..."
Í SSH, 12 segir að Kolbjarnrhellir þekkist þá ekki, nema hann skyldi verið hafa skúti í Skútagili, sem liggur vestur í Hrútfjarðará.

- Það þykir þó ólíklegt. Jón Tómasson frá Hrútatungu bendir á, að Skútagil hafi áður heitið Brattagil (sbr. JÁM IV, 265) og telur að þar muni hellir Kolbjarnar hafa verið; hjá Skútagilseyri mótar enn fyrir hellisskúta undir klettinum -

Ö-Staðhreppingaafréttur; GR III, 137-38; Bárðar s, 14. kap ÍF XIII, 143, 149.

**HV-001:006** þjóðsaga Rauðsgilshæðir
Hvar eru Rauðsgilshæðir?
Móðir Kolbjarnar jötuns var Skrukka og sat hún brúðkupið í Kolbjarnarhelli. Santi, hundur Gests Bárðarsonar, hratt á hana bjrgi svo að hún hruggbrotnaði. Gangnamenn úr Hrútafirði og Miðfirði fundu bein hennar kvöld eitt undir Rauðsgilshæðum. Þeir vildu færa þau til kirkju en náðu þeim með engu móti upp og brenndu loks beinin til ösku.
- Bárðar saga, 15-16 k; ÞJÁ II, 91, ÍV, 130

## Hrútatunga HV-002

Óviss en hér talin vera Hrútatunga (ásinn) að austan niður að Síká, allt suður til Skútagils. JÁM: Eðigarður og Hellukot taldar eyðihjáleigur

**HV-002:002** tóftir Björnssel
"...all nokkru framar en Tungusel á bökkum Síkár [eru] rústir, kallaðar Björnssel, en ekki er vitað um hvenær það var notað."
Húnaþing III, 340

**HV-002:003** heimild Tungusel
Tungusel er á tungu milli Síkár að austan og lækjar sem fellur í hana að vestan. Gegnt Fosseli "... var af og til í byggð á síðustu öld, en 1879 urðu síðustu ábúendurnir að hverfa þaðan"
Húnaþing III, 340

**HV-002:004** örnefni Skiptholt
Skiptholt eru einhversstaðar syðst á Staðhreppingaafrétti og er það ágiskun að telja þau í Hrútatungulandi frekar en Óspaksstaða eða Foss. Leitum var skipt á Skiptholtum og á síðari árum hefur þar verið tjaldsstaður leitarmanna. "Á síðustu árum hefir verið legið í tjaldi á Skiptholtum, og hefir þar verið sett upp girðing til aðhalds fyrir hestana."
GR III, 138

**HV-002:005** tóftir Hellukot býli
"Í aust-suðaustur af svonefndum Stöpum í landi Hrútatungu er fornt eyðibýli, Helluland eða Hellukot (Hella), og er Helludalur fornt nafn á dalnum meðfram Síká." "Munnmælasaga hermir, að í Svartadauða hafi allt heimilisfólkið dáið á Hellu, en í Hrútatungu einn maður lifað plágna af."
Húnaþing III, 340

**HV-002:006** heimild Þórðarstekkur býli
"Suður frá Torfholtunum, ... í landi Hrútatungu, var ... fornt býli, og er síðasta þekkt nafn á því Þórðarstekkur," - "en í JÁM er getið um nafnlausan stekk, sem beri merki þess að haf áður verið býli, svo líklega er Þórðarnafnið tilkomið eftir það."
Húnaþing III, 340

## Foss HV-003

Síká ræður vesturmerkjum jarðarinnar, en austurmörk eru á heiðinni. Jörðin á nú land fram fyrir Fosssel að Brennikvísl (?) en þar fremst var áður selland frá Bálkastöðum (?)

**HV-003:002** bæjarstæði Fosssel bústaður/sel
"Fosssel er ... austan við Síkána, á milli Fosslands og Staðarspotta, í landi því, er áður tilheyrði Bálkastaðaseli." "Er talið að bæjarhús í Fossseli hafi verið byggð á sama stað og Bálkastaðasel stóð, eða ef til vill nokkru utar. Þarna [var búið til 1979]"
Húnaþing III, 340

**HV-003:003** heimild Bálkastaðasel sel
Talið vera á sama stað eða nokkru framar en bæjarhús voru síðar byggð á Fossseli. Bálkastaðaseli mun hafa tilheyrt afmarkað selland en selið er löngu aflagt og landið fallið undir Foss.
Húnaþing III, 340

**HV-003:004** tóft
"Norðaustur af Fossseli er Fitjavatn og er í því smávegis af silungi. Vatnið er í Fosslandi. Norðan við vatnið séstmóta fyrir kofarústum."
"Munnmæli herma að þar hafi um tíma búið einsetumaður og að hann hafi drukknað í vatninu."
Húnaþing III, 340

## Staður (Staðarspotti) HV-005b

Staðarspotti var selland Staðarkirkju og var fram með Sléttafelli að austan en Síká að vestan. Það var framan við Bálkastaðasel/Fosssel og hafa mörkin verið um Brennikvísl eða svo og landið náð suður að Skútagili og Krókavatni. 1847: "Prestsetrið Staður hefir notalega hagbeit fyrir búsmala sumar sem vetur ... Selland staðarins á fjalli fram hefir um langan tíma eigi orðið notað til annars en fjallagrasa tekju, hrossa- og geldfjárbeitar á sumrum." JJ, 247.

**HV-005b:001** heimild Staðarsel
"Staðarsel var fram með Sléttafelli ..." -"...er ekki vitð til að þar hafi verið heilsársvist. Var selvegurinn þangað langur og erfiður, enda selið aflagt fyrir löngu."
Húnaþing III, 340

# Torfustaðahreppur

## Húkur (Húksheiði) HV-033b

Fram af Vesturárdal suður að sýslumörkum á Tvídægru. Vesturmörk eru um Sléttafell í Krókavatn en austurmörk eftir vatnaskilum við

Núpsdal um Böðvarshaug í vesturströnd Flóavatns syðst. Staðarbakkakirkja eignaðist 'hvk allann' milli [1360-89] og 1399 - DI III, 536-37 sbr. DI III, 164. 1847: Staðarbakki átti "afréttarland tveim megin ár í Vesturárdal." JJ, 247 "[alm um Afrétti Miðfirðinga] Á milli [dalanna þriggja] eru fremur lágir hálsar, sem eru ákaflega grösugir og úrvalsbeitilönd, en einkum eru þó sumarhagar góðir í hlíðum þessara dala. Þar eru líka mikil skjól í brekkum, dældum og lautum. Var það almælt fyrrum, að í harðindavorum, þegar fe´naður gekk illa fram og var nær hordauða af fóðurskorti, að honum væri borgið, ef hann komst fremst í þessi gróðurríku dalalönd, þegar snjóa fór að leysa." GR III, 143.

**HV-033b:001** bæjarstæði Lækjarbær býli
í Vesturárdal austanmeginn, um 6 km framan við Dalgeirsstaði Lækjarbær var byggður sem nýbýli á sellandi Staðarbakka um síðustu aldamót og var oftast í byggð til 1926 - Eyibýlið Jafnhólslækir var á sama sellandi og má vera um sama bæjarstæði að ræða. í eyði 1902 og gistu eftirleitarmenn þá í kofunum
- Húnaþing III, 338.; GR III, 192

**HV-033b:002** heimild náttstaður
leitarmenn á Húksheiði höfðu ekki skála og gistu í tjöldum en ekki kemur fram hvar. Líklegt er að það hafi verið hjá Krókavatni. Nú er kominn skáli sunnan Fellshala -
GR III, 183, 204

**HV-033b:003** heimild Jafnhólslækir sel
selstaða frá Staðarbakka, óljóst hvar en líklega á svipuðum slóðum og Lækjarbær. Staðarbakki átti selstöðu á svonefndum Jafnhólslækjum og býli með sama nafni var komið í eyði fyrir meir en mannsaldri 1840 - SSH ATH
Húnaþing III, 338

## Efrinúpur (Núpsheiði) HV-042b

Núpsheiði tilheyrði fyrrum Efranúpsbónda - GR III, 143. Núpsheiði er upp af Núpsdal og nær suður að sýslumörkum á Tvídægru. Vesturmörk eru vatnaskil við Austurárdal (Húksheiði) um Böðvarshaug í vesturströnd Flóavantns syðst. Austurmörk eru Þverá og Þverárdrög um Halldórshól í Hraungarða vestan við Hólmavatn í Strípalónum. Kirkjan á Núpi átti ekkert í heimalandinu en hún eignaðist á 14. öld 2 krókahöld í Arnarvatn og skálagjörð með tveimur mönnum, eða rúm í skála - DI III, 164-65.sbr. DI III, 537.

"... sums staðar á þessum langa og breiða ás [Hraungörðum] eru beitilönd góð, einkum í kringum Arfavötn. Öll er Tvídægra norðan Hraungarða gróðurmikil. Meirihluti á Tvídægru norðanverðri eru flóa- og mýraflatneskjur milli vatnanna. Vatnaflói vestast á Núpsheiði er stórt graslendisflæmi nær samfellt. Þó að víða séu holt, urðir og ásar, er gróður alls staðar, jafnvel þar sem grýttast er, en hlýlegar skjólbrekkur og skrautbollar á vor- og sumartíma eru utan í ásum og mishæðum. Meðfram ám, vötnum, kvíslum og óteljandi lækjum eru bithagalönd svo góð, að betra verður ekki kosið upp til fjalla. [147] Stundum leggst fannþungi á heiðina snemma að haustinu, vo að jörðin liggur ófrosin undir mjallar- og frerafeldi allan veturinn. En þegar vordagar koma og sól og sunnanþeyr vinna saman að því að leysa klakadrómann af heiðarlandinu, sem hefir sofið og hvílt sig í sex mánuði, gerast hljóðlát kraftaverk. Þá vaxa hin þróttmiklu heiðargrös svo skjótt, að undrum sætir. Má þá oft í góðri tíð sjá starunginn hafa svo hraðan vöxt og viðgang, að hann fylgir fast eftir brúnum og skörum þverrandi stórfanna í lautum og hvörfum, en skepnur, sem neyta gróðursins, endurnýjast að sæld og útliti á nokkrum dögum." - GR III, 146-47 "[alm um Afrétti Miðfirðinga] Á milli [dalanna þriggja] eru fremur lágir hálsar, sem eru ákaflega grösugir og úrvalsbeitilönd, en einkum eru þó sumarhagar góðir í hlíðum þessara dala. Þar eru líka mikil skjól í brekkum, dældum og lautum. Var það almælt fyrrum, að í harðindavorum, þegar fénaður gekk illa fram og var nær hordauða af fóðurskorti, að honum væri borgið, ef hann komst fremst í þessi gróðurríku dalalönd, þegar snjóa fór að leysa." GR III, 143 . Hvönn vex í hólma í miðju Ketilvatni - GR III, 145. Veiði: Ketilvatn: Í því er mikil silungsveiði - GR III, 145; Veiðitjörn er skammt fyrir austan Ketilvatn. Rennur lækur úr henni í vatnið. Í læknum riðar bleikjusilungurinn fyrrihluta vetrar, og er lækurinn ævinlega auður og ófrosinn meðan riðtíminn varir. Þarna var veitt mikið á dorg fyrr á tímum - GR III, 145. Hávaðavatn: í því er nokkur silungsveiði - GR III, 145. Urðarhæðarvatn: lítil sem engin veiði - GR III, 145 Kvíslavötn: Megnið af þeim er í Sunnlendingafjórðungi. Í þeim er mikil silungsveiði, sem eingöngu hefur verið notuð af Borgfirðingum. - GR III, 145. Flóavötn nyrðra og syðra: í báðum þessum vötnum er talsverður silungur, en veiði hefur þar ekki verið notuð í manna minnum - GR III, 145. Hólmavatn á miðri Núpsheiði. Í því er nokkur veiði en sjaldan notuð - GR III, 145. Kvíslavötn á merkjum milli Þverár í Núpsdal og Núpsheiðar eru tvö: Í þeim báðum er góð silungsveiði, sem löngum hefir verið nýtt af Núsdælingum. - GR III, 145

**HV-042b:001** heimild Lestmannaeyri áfangastaður
"Fremst í [Núpsdal] fórum við [gangnamenn] af baki og stöldruðum litla stund á Lestamannaeyri. Þar hafa gangnamenn áð jafnan frá ómunatíð, áður en þeir lögðu upp á heiðina; og eins þegar þeir komu ofan í dalinn úr leitum." GR III, 158 úrvalshagar eru í hlíðinni fyrir ofan Lestamannaeyri. Á heimleið á gangnamenn á Lestmannaeyri og þar bíða þeirra hrossagæslumenn og láta þá fá hesta sína. Þar er sofið síðustu nóttina og tjöldin reist á eyrinni -
GR III, 158, 166

**HV-042b:002** þjóðsaga Hjónapollur
"Úr norðara [Kvíslavatninu] rennur lækurinn í grjóti ofan í litla tjörn, sem er 3-4 m í þvermál. Þessi tjörn heitir Hjónapollur."
"Munnmælasögn hermir, að fyrr á öldum hafi ung hjón úr Núpsdalnum haldið til um þriggja vikna tíma við þessa litlu tjörn og veitt silung sér til lífsbjargar. Þetta var í miklum vorharðindum og féll þá fólk unnvörpum úr hungri norðanlands, en silungsveiðin í þessari litlu tjörn barg lífi hinna ungu hjóna. Lækurinn fellur neðanjarðar úr tjörninni, en vart kemur það fyrir, að menn, sem stansa um tund við Hjónapoll, sjái ekki nokkra silunga skjótast milli bakkanna."
GR III, 158 - Ath heimild en sagan mun vera alllöng

**HV-042b:003** þjóðsaga Leggjabrjótur
Stórgrýttur lækur snokkru fyrir sunnan Syðri-Kvísl á Lestamannavegi. "Ekki er það víst, hvort það var við þennan Leggjabrjót eða annan samnefndan læk austur á Sandi, sem draugarnir mættust, er lögmennirnir Páll Vídalín og Oddur Sigurðsson sendu hvor öðrum. Þeir flugust á í læknum og stórgrýtinu og hættu ekki glímunni fyrr en fótleggir beggja voru brotnir að knjám. Draugarnir hafa líklega gufað þar upp með góðri samvisku gagnvart húsbændum sínum, því að þeir höfðu af miklum áhuga og trúleik reynt að koma ferð sinni fram, en voru svo

óheppnir að mætast til átaka á einum versta glímuvelli, sem til er á leiðinni."
GR III, 160

**HV-042b:004** heimild Urðarhæðir náttstaður
Tjaldstaður leitarmanna var norðvestan í Urðarhæðum, stórgerðir og grasgefnir móar sem nefnast Hvannastóð eru nálægt UrðarhæðumUm tjöldin, sem um aldamótin voru 2, eitt 15 manna og annað 5 manna - GR III, 161. Á þessum stað var seinna reistur skáli sem notaður var í fyrrileitum
GR III, 161

**HV-042b:005** heimild Böðvarshaugur
náttstaður Síðarileitarskáli Núpsheiðarmanna var við Böðvarshaug sem er vestast á heiðinni norður af Flóavatni
GR III, 183

**HV-042b:006** örnefni Skiptahóll
Skiptahóll er austan Flóavatns - þar var leitum Hvítsíðunga skipt. Á fyrsta degi riðu leitarmenn að Skiptahóli og hófu leitina þaðan a.m.k. fram til 1928.
GR III, 430, 444, 445, 448

## Hreiðarstaðir HV-047

1802 er jörðin sögð í eyði og nýtt frá Bjargarstöðum. Ekki nefnd í skýrslu prests frá 1842 sem bendir til að hún hafi þá verið í eyði en 1845 segir sýslum. í skýrslu sinni að eigandi jarðarinnar búi á henni - JJ, 224 Skv. Húnaþingi III, 337 fóru Hreiðarsstaðir í eyði 1783. Hreiðarsstaðir tilheyra nú landi Bjargarstaða

**HV-047:001** bæjarstæði Hreiðarstaðir býli
Bærinn stóð vestanmeginn í Austurárdal, nokkru framar en Bjargarstaðir
Húnaþing III, 337

## Aðalból (Aðalbólsheiði) HV-049b

Aðalbólsheiði er upp af Austurárdal og nær suður að sýsluskilum á Tvídægru. Vesturmörk eru Þverá og Þverárdrög um Halldórshól í Hraungarða vestan við Hólmavatn í Strípalónum. Austurmörk eru um Fitjá og úr Fitjárbotnum í Arnarvatn mikla "[alm um Afrétti Miðfirðinga] Á milli [dalanna þriggja] eru fremur lágir hálsar, sem eru ákaflega grösugir og úrvalsbeitilönd, en einkum eru þó sumarhagar góðir í hlíðum þessara dala. Þar eru líka mikil skjól í brekkum, dældum og lautum. Var það almælt fyrrum, að í harðindavorum, þegar fe´naður gekk illa fram og var nær hordauða af fóðurskorti, að honum væri borgið, ef hann komst fremst í þessi gróðurríku dalalönd, þegar snjóa fór að leysa." GR III, 143 "Á [Aðalbólsheiðir] rennur [Austurá] í gegnum mörg smávötn og lón. Í ánni eru margir hólmar ... vaxnir sóley, blágresi og margs kyns blómaskrúði. Með ánni eru hin bestu haglendi og mættu sums staðar vera slægjulönd, ef þau væru til þess höfð. Silungsgengd er mikil í ánni á þessu svæði. Heita má að hún sé krök af stórum og feitum urriða og belikju, enda eru lífsskilyrði fyrir fiskinn frábærleg góð, því að grjótið í botni árinnar loðir saman af gróðri og frjómagni. / Á miðri heiðinni fellur Geiradalslækur í Austurá. Kemur hann sunnan of austan úr Arnarvatnshæðum og er allmikill farvegur. Í honum er oft góð veiði, og með honum er haglendi svipað og með Austurá." GR III, 142 Meðfram Strípalónum eru kjarngóð beitilönd - GR III, 144. "Arnarvatnshæðir eru víða blásnar og grjótberar efst, en milli þeirra flestra eru hin bestu gróðurlönd og utan í þeim eru brekkur, bollar og lautir með angandi sumargróðri. Hæðirnar hafa verið að blás upp á umliðnum öldum. Má sjá víða háar gastorfur með stórum víðihríslum, sem eru smám saman að missa fótfestu og haldstyrk í einangruðum og hrörnandi jarðvegi." GR III, 146.

Veiði: Arnarvatn: "ákaflega veiðisælt. Í því er fjallableikja og urriði. Þegar ísa leysir af því með vorinu, gera nokkur heimili í Miðfjarðardölum út menn til að veiða í vatninu, og fá þeir oft mikinn afla á stuttum tíma. Húsafellsbóndi á líka veiðirétt í nokkrum hluta af vatninu, og stundaði hann veiðina, einkum fyrrum, af miklu kappi. Veiðiréttur mun hafa verið sérstök gjöf til Húsafellskirkju, því að ekki eiga Borgfirðingar land að Arnarvatni." GR III, 144. Gunnarssonavatn: munnmæli að þar væri eingöngu loðsilungur, bannvænn, ef etinn væri. Sögn að Jósef bóndi á Signýjarstöðum hafi veitt þar 14 feitar bleikjur af báti með nokkrum netum um nótt og þótt lítill afli og því hafi hann fært sig - GR III, 144. Hlíðarvatn: úrvalsveiðivatn og mjög aðdjúpt - GR III, 144 Strípalón: eru mörg veiðisæl - GR III, 144. Hólmavatn: Þar er allgóð veiði. Þrír hólmar eru í vatninu, og er allmikið andavarp í tveimur þeirra - GR III, 144.

**HV-049b:001** heimild náttstaður
úr Réttartanga héldu Aðalbólsheiðarmenn með fé það sem þeir áttu norður fyrir Arnarvatn og höfðu þar náttstað -
GR III, 183

**HV-049b:002** heimild sæluhús
Leitarmannaskáli bæði fyrir men og hesta nálægt Stóra-Arnarvatni þar sem heitir Hnúabak fyrir norðan vatnið - væntanlega á svipuðum slóðum og tjaldstaðurinn. Ekki er í lýsingum alltaf gerður skýr greinarmunur á þessum skála og þeim sem er austan vatnsins sunnan við Búðará (á Víðidalstunguheiði) en sá er vafalaust eldri
GR III, 183

**HV-049b:003** örnefni Skálatjörn
Skálatjörn er suðaustantil á Aðalbólsheiði, norðvestur af Arnarvatni mikla, en lengra en svo að hún geti dregið nafn af skála Aðalbólsheiðarmanna við Arnarvatn (?)Lkort
Þetta örn er ekki á Hkortum og gæti verið rangt sett

**HV-049b:004** bæjarstæði Aðalbreið býli
Eyðibýli fremst á Austurdal austanmegin, litlu neðar en Þorvaldsá fellur í Austurá, um 4 km framar en Aðalból, verið talið afburðaland til sauðfjárbeitar. "Þetta býli byggðist ekki fyrr en komið var fram á 19. öld." "fór í eyði 1938, og hefur fylgt Aðalbóli síðan."
Húnaþing III, 337

## Skárastaðir HV-050

**HV-050:002** bæjarstæði Gilsbakki býli
Gilsbakki var við vesturbakka Fitjár, austan í Aðalbólshásli. Á Gilsbakka var búið 1860-1903, síðast af Sveini Jónssyni. Býlið var byggt úr landi Skárastaða -
GR III, 336; Húnaþing III, 336

# Þorkelshólshreppur

## Víðidalstunga (Víðidalstunguheiði) HV-150b

Víðiddalstunguheiði tilheyrði Víðidalstungukirkju og voru vesturmörk Fitjá frá heimalöndum suður í Fitjárdrög, en þaðan lína suður í Arnarvatn mikla, en þá Skammá í Réttarvatn. Að austan eru mörkin frá Kornsárvatni suður Heiðamótaás um Hraungarða með beinni stefnu vestan við Bláfell við Hrútagil. Þaðan ráða fjórðungamörk um Langajörva í Réttarvatn - GR III, 205 Kirkjan átti þriðjung í heimalandi og er annars ekki getið í elstu máldögum hennar; 1318 - DI II, 478; [1360x89] - DI III, 163; ATH 11.02.1385 - DI III, 383 en í máldaga 1394 er þetta: "Er fiarreckstur j vijdedalstungu jord vm allann hreppinn vt ad Gliuffura og luka lamb af Reckstri til þes er eru sextiger. og suo med sama vpp þadann epter þui sem vrskurdarBreff Raffns logmanns. og stadfestu Breff Þorsteins logmanns þar vm gor vatta." (ath einnig að Jón Hákonarson gaf kirkjunni afrétt - hvaða) - DI III, 538-40. Þá átti Víðidalstungukirkja átti veiði í kerjum víða (ATH) og 1385 átti hún fjórðung í Fitjá ofan frá kerjum - DI III, 383. ATH Hvenær Stórahlíð fór í eyði - Ath einnig Öxnatungu (eyði frá 1939) og Stóra Hvarf (eyði frá 1943) (Húnaþing III, 321)

"...stórt og kjarngott afréttarland ... það er nær allt gróið land, þótt suðausturhlutinn sé nokkuð berangurslegur." GR III, 205 - "Þegar komið er suður af há-Sandi, lækkar landslagið og gróður fer vaxandi. Frá Bláfelli til Fljótsdraga kallast það Höllin. Þar eru kindahagar víða ágætir. Uppblásturs gætir þó nokkuð víða í sunnanverðum Sandi. / Suðvestur af Bláfelli eru samfelldir hæðaásar, sem heita Langajörvi. Þeir eru leitarmerki sunnan fyrir Víðdælinga." GR III, 221.

**HV-150b:001** tóft + örnefni Grettisskáli útilegumannabústaður

"Grettisskáli blasir við af Svartarhæð, norðan megin við austasta hluta Arnarvatns. Þar sér vel til skálatóftar Grettis á litlum hóli, og gengur þar tangi fram í vatnið. Norðan við skálatóftina er klettur, sem heitir Grettishöfði." (Kristleifur Þorsteinsson: Á Arnarvatnsheiði, Andvari 1933: 71)

"Norðan megin á Grettistanga, sem Grettisskáli stendur á, framan til við víkina, sem skerst inn milli hans og Grettishöfða, er allhár bakki að vatninu, og koma staðhættir þar vel heim við söguna." SV Árb 1888-92, 76-77

"Ekki verður bent á það með neinni vissu, hvar hamraskarð það hafi verið, er sagan getur um, en þó mun þar vart vera nema um tvo staði að ræða. Annar er Grettishöfði fyrir norðan vatnið austanvert, skammt frá Grettisskála, en hinn er Svartarhæð, sunnan megin við vatnið gegnt Grettisskála. Á hvorugum staðnum er þó neitt slíkt hamraskarð nú sem það, er sagan lýsir." ÍF VII, 183 nmgr 2. "Grettir fór upp á Arnarvatnsheiði ok gerði sér þar skála, sem enn sér merki, ok bjósk þar um, því at hann vildi nú hvatvetna annat en ræna, fekk sér net og bát ok veiddi fiska til matar sér. Honum þótti daufligt mjok á fjallinu, því at hann var mjok myrk[179]fælinn. En er þat fréttu aðrir skógarmenn, at Grettir var þar niðr kominn, þá var morgum hugr á at finna hann ... [Hrútfirðingar keyptu að Grími að vinna á Gretti, Grettir tók við honum en grunaði] Þat var einn morgin, er Grímr kom heim af veiði, at hann gekk inn í skálann ok stappaði fótum ... " ÍF VII, 178-79 [Grettir drap Grím - Rauðskeggur sendur til höfðs honum og kemur autan að á Arnarvatnsheiði] " þá er Grettir hafði verið þar einn vetr" - ÍF VII, 180 [Grettir tók við Rauðskegg] "Þórir rauðskeggr var tvá vetr hjá Gretti á heiðinni ... Eina nátt um várit kom á stormviðri mikit, er þeir váru í svefni. Grettir vaknaði ok spurði, hvar bátr þeira væri. Þórir spratt upp og hljóp til bátsins ok braut hann allan í sundr ok kastaði ýmsa vega brotunum, ok var því líkt, em veðrit hefði fleygt. Eptir þat gekk hann inn í skálann ok mælti hátt: "...bátr okkarr er allr brotinn í sundr, en netin liggja langt úti í vatninu." "Sæk þú þau þá," sagði Grettir, "því at [182] mér þykir þér sjálfrátt verit hafa, er bátrinn er brotinn." [Þórir ber við ósyndi] Grettir stóð upp ok tók vápn sín ok gekk til vatnsins. Þar var svá við vaxit, at nes gekk fram í vatnit, en víkrhvarf mikit var oðrum megin nessins. Vatnit var djúpt at landinu, ok hafði leikit undan bakkanum, svá at holt var með." [Grettir syndir eftir netunum en Þórir ræðst á hann þegar hann reynir að komast upp bakkann, Grettir kafaði undir hann og gekk á land í víkinni - drap síðan Þóri rauðskegg] ÍF VII, 181-82 LVII. kap. [Ger aðför að Gretti] "Þat var einn dag, at hann sá margra manna reið, ok stefndi til byggða hans. Hljóp hann þá í hamraskarð eitt ok vildi eigi renna ... Hamraskarðit var mjótt, svá at hann gat vel varit oðrum megin ... féllu þá menn [184] af Þóri [og hverfa á brott og létu 18 menn en Hallmundur hafði varið bak Grettis og fara síaðn í helli Hallmundar] ÍF VII, 183-84. LXII. kap "Litlu síðar en Grettir fór af Arnarvatnsheiði, kom sá maðr á heiðina, er Grímr hét ... Hann settisk nú þar, sem Grettir hafði áðr verit, ok veiddi vel ór vatninu. Hallmundi lék ofund á. er Grímr var kominn í stað Grettis, ok hugsaði, at honum skyldi engi [202] árferð í vera, þótt hann veiddi mart. Svá bar til einn dag, at Grímr veiddi hundrað fiska ok bar heim til skála ok bjó um úti [en svo hvarf fiskurinn, og þannig koll af kolli, 200 síðan 300 fiskar og þá var hann farinn að gruna og] bar heim ok vakði yfir skála sínum. Grímr sá út í hurðarboruna ef nokkurr kæmi til skálans íF VII, 20-202 [berst við Hallmund, særir hann til ólífi, fylgir honum í hellinn og heyrir hann kveða Hallmundarkviðu í andarslitrunum þar sem m.a. er þetta í eftir vísu um samskipti þeirra Grettis]: "Þat vas næst/es Þórir kom/Arnarvatns/upp á heiði,/ok vit tveir/við tigu átta/odda leik/eiga knóttum." ÍF VII, 203 [svo dó Hallmundur en Grímr lærði kviðuna af dóttur Hallmundar] "Grímr var á Arnarvatnsheiði um vetrinn eptir dauða Hallmundar." [Grímr barðist síðan við Þorkel Eyjólfsson og gaf honum líf en þá góss og frelsi og varð farmaður sbr. Laxd. k. 171-75 og Þórðar s. hreðu] ÍF VII, 205 - - Grettishöfði - norður af Arnarvatni 1920: 'Undir honum, er sagt, að sézt hafi skálatóft Grettis Ásmundarsonar til skamms tíma.' -

HB Sumar, 31; ÍF VII, 178-205 + ATH SV, Árb 1888-92, 76-77; MÞ: Árb 1936: 49-60

**HV-150b:002** heimild útilegumannabústaður

"Eiðr kvazk þat helzt ætla, at Grímr ætti bæli norðr á Tvídægru við Fiskivötn. Síðan ríðr Þorkell norðr á heiðina þá leið, er Eiðr vísaði honum, ok er hann sótti á heiðina mjok langt, sér hann hjá vatni einu miklu skála ok sækir þangat til. LVIII. kap Nú kemr Þorkell til skálans, ok sér hann þá, hvar maðr sitr við vatnit við einn lækjarós ok dró fiska ..." Samkvæmt Grettissögu dvaldi Grímr í sama skála og Grettir hafði byggt áður (HV-150b:001), en frásögn Grettissögu af Grími er útdráttur úr Laxdælu sem hefur útilegu Gríms mörgum árum fyrr en Grettissaga útilegu Grettis á Arnarvatnsheiði sbr nmgr 1 s 205 í ÍF VII, 205

ÍF V, 173.Laxdæla s, ÍF V, 173

**HV-150b:003** örnefni Búðará

Búðará rennur úr Valdavatni í Arnarvatn mikla töluvert f. sunnan GrettishöfðaHkort - Búðará örn. við Arnarvatn - grasbali þar við og tjaldstæði

- HB Sumar, 31

**HV-150b:004** heimild sæluhús

- "Við austurendann á [Arnarvatni mikla] liggur ruddur vegur milli norður- og suðurbyggða. Þar hækkar landið upp frá vatninu. Þar rennur Skammá ofan í vatnið og myndar bjartan og hvítkembdan foss nokkurn spöl frá því. Skammt frá fossinum er gamalt sæluhús, sem var ómissandi fyrir ferðafólk, einkum fyrr á tímum, þegar umferð yfir heiðina var mikil vor og haust, sérstaklega af kaupafólki." GR III, 143

- Mögulegt er að kofi þessi hafi einnig verið notaður sem veiðikofi; [1360-89] átti Gnúpskirkja 2 krókahöld í Arnarvatn og skálagjörð með tveimur mönnum, eða rúm í skála - DI III, 164-65. Einnig 1394 - DI III, 537 en ekki 1318 og hefur verið um nýtt ítak að ræða [1360-89]

1902: [eftirleitamenn finna kofann í fárviðri:] "Ekki leist okkur hlutur okkar góður, er við hrundum hurð frá staf á þessu sæluhúsi. Það var

byggt úr torfi og grjóti með timbri í risi á öðrum stafni, og var þar rúðulaus gluggi. Reyndist kofinn því halfur af fönn, bæði niðri og eins uppi á litlu lofti, sem í kofanum var, og vera skyldi svefnloft. Svo var mikill súgur á lofti þessu að ekki lifði þar ljós, og ekki niðri heldur. Varð okkur fyrst fyrir að reyna að hnoað snjó í stærstu götin á kofaskrifli þessu, en ekkert stóð fyrir storminum. Hitunartæki fundum við engin, og er þar skemmst af að segja, að nóttina alla hímdum við hríðskjálfandi í kofa þessum, liggjandi á bárujárnsplötum, er við fundum þar ..." GR III, 194.
1916: "Við vissum af sæluhúskofa við Arnarvatn, þótt lélegur væri ... [212] Hann var að vísu ekki stærri en svo, að tæplega rúmaðist þar annar [leitar]flokkurinn með sæmilegu móti, hvað þá báðir ... Svo hagaði til í skála þessum, að í honum var upphækkaður pallur, hæfilegur fyrir 6-8 menn að liggja á. Þar fyrir framan var gólflaust, svo að stinga mætti inn hesti, ef á lægi. Nú var pallurinn orðinn gamall og fúinn, svo að hann brotnaði undan þeim þunga, sem á hann kom, og var þá það ráð gripið að taka borðin úr honum, hlaða steinum og spýtnabraki undir þau og gera þannig bekki með öllum veggjum skálans. Var svo setið þarna alla nóttina og skipst á að sitja undir, því að tvöföld og jafnvel þreföld varð röðin að vera ..." GR III, 212 - Sæluhúskofi við Skammá milli Réttarvatns og Arnarvatns 'lítill og lágkúrulegur, eins og hann hnipri sig saman í lágnættishúminu og skammist sín fyrir að vera til.'- HB Sumar, 31.
GR II, 336; GR III, 143, 194, 211-12

**HV-150b:005** heimild Fossabrekkur náttstaður
Fyrsti tjaldstaður leitarmanna var í Fossabrekkum sem eru við efstu drög upptakakvíslar Víðidalsár. Fram um aldamótin komu þangað einnig til næturdvalar allmargir Vatnsdælir, sem vera skyldu í sundurdrætti við Réttarvatn daginn eftir - GR III, 205, sbr. 225-26 - væntanlega einnig áfangastaður á Grímstunguheiðarvegi sem liggur meðfram Fossabrekkum. Náttstaðurinn hefur verið við Dauðmannskvísl - GR III, 225 og þar er nú risinn skáli - GR III, 216
GR III, 205

**HV-150b:006** heimild Víðdælingatangi náttstaður
Eftir að fé hafði verið dregið sundur í Réttartanga sunnan við Réttarvatn fóru Víðdælingar í náttstað í Víðdælingatanga norðan við vatnið - "Tveir tangar ganga fram í vatnið. Frá norðaustri liggur hár og langur tangi, er Víðdælingatangi nefnist. Þar hafa Víðdælir náttstað næstu nótt."
GR III, 207, 233, 235, 261

**HV-150b:007** heimild Fitjárdragaskáli sæluhús
Sama dag og réttað er við Réttarvatn halda seinniflokksmenn úr byggð og gista í Fitjárdragaskála sem er norðan við Fitjá suður af Kolgrímsvötnum. Skálinn var byggður 1907 og var aðaláningar- og gististaður á heiðinni uns hann var lagður niður 1981 og nýr skáli byggður við Dauðsmannskvísl. "Hann var gerður úr torfi og grjót, en bárujárn í þaki, svo að hann lak ekki, en þröngt var þar, þegar hann var fullskipaður."
GR III, 207, 216

**HV-150b:008** heimild Fagurhóll náttstaður
Annan dag gangna leita Vesturtungumenn norður að Fagurhól sem er vestur undan Fimmmenningum (og tjalda þar). Það segir ekki berum orðum að leitarmenn hafi gist á þessum stað, en það hlýtur þó að vera
GR III, 207

**HV-150b:009** heimild Litliskáki sæluhús
Litliskáli er við Víðidalsá vestanverða um það bil sem Sandfellskvísl fellur í hana að austan og þar gista Austurtungumenn í leitum. Skáli þessi er einnig kallaður Hrossmjöðm og á korti er hann merktur sem Sandfellskvíslarkofi
GR III, 207

**HV-150b:010** heimild Haugakvísl náttstaður
Tjaldstaður leitarmanna í Austurheiði er við Haugakvísl
- GR III, 216

**HV-150b:011** bæjarstæði Fosshóll býli
Fosshóll við Öxná þar sem hún beygir til suðausturs.Húnaþing III, 321; GR III, 216 "Þar mun ekki hafa verið langvarandi búseta, og fór síðasti ábúandinn, Jón Jónsson, síðar á Litla-Búrfelli, þaðan árið 1886. Baðstofan á Fosshóli var rifin 1895 og notuð til viðgerða á Lækjarkotsbænum." einn tjaldstaður leitarmanna í Austurheiði er á Fosshóli - GR III, 216
Húnaþing III, 321.

**HV-150b:012** heimild Bleikskvísl náttstaður
Tjaldstaður leitarmanna í Austurtungu er við Bleikskvísl -
GR III, 216

**HV-150b:013** heimild Mönguhóll náttstaður
Tjaldstaður leitarmanna á Vesturtungu er á Mönguhóli.
GR III, 216

**HV-150b:014** bæjarstæði Lækjarkot býli
Lækjarkot var í suðurhlíðum Gafls, austan við Bergsá. "Austan Bergár, undir Gaflshlíðinni, er Lækjarkot, landmikil jörð en harðbýl, sem sennilega hefur fyrst byggst eftir 1840. Býlið var í eyði 1906-16, en byggðist þá aftur af Ingibjörgu Árnadóttur og Guðmundi Jónssyni. Guðmundur lést árið 1937 en búskap var haldið þar áfram til 1939. Þá lagðist Lækjarkot í eyði og er landið, sem áður fylgdi Víðidalstungu, nú í eigu hreppsins. Þó jörðin sé víðlend, draga snjóþyngsli úr möguleikum til vetrarbeitar, en nokkur hlunnindi voru af silungsveiði."
Húnaþing III, 320

**HV-150b:015** bæjarstæði Jónskofi býli
"Jónskofi stóð á svonefndum Kömbum, sem eru skammt fyrir framan Yxná, þar sem hún fellur í Víðidalsá." "Þar bjó aðeins Jón sá, sem kofinn er við kenndur, ásamt fjölskyldu sinni. Ekki var bústofninn stór enda búskapartíðin ekki löng, en þetta var fyrir um 100 árum."
Húnaþing III, 321

**HV-150b:016** örnefni Kolgrímsdys
Kolgrímsdys er við Kolgrímsvötn
- LM Þorkelshólshr

**HV-150b:017** heimild Ólafsvörður
einnig kallaðar Biskupsvörður
- LM Þorkelshólshr

**HV-150b:018** þjóðsaga Atlalækur
Atlalækur rennur í Arnarvatn hið mikla að austan en nafn sitt á hann að hafa af einum Hellismanna sem þar var drepinn. Tjaldstæði í skjólgóðu lautardragi við lækinn (1920)
HB Sumar, 30, 33

**HV-150b:019** þjóðsaga Geiraldsgnúpur
Einnig Geiraldsgnýpa og hún að fá nafn sitt af einum Hellismanna sem var drepinn þar

HB Sumar, 30

# Áshreppur

### Haukagil (Haukagilsheiði) HV-198b

Austurmörk við Lambatunguri er um Álftaskálará (á korti Skútalækur og Álka) að upptökum og þaðan bein lína að fjórðungamörkum um Stórasand austan við Bláfell. Vesturmörk eru sýslumörk úr Kornsárvatni í Sandhorni og þaðan bein lína í austurenda Bláfellstjarnar um vesturbrún Stórasands vestan við Bláfell. Suðurmörk eru fjórðungamörk. Ath norðurmörk - var Kornsárselsland sérstök landareign?

"Heiðalönd þessi eru ágæt beitilönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs. / Á þurrlendinu á hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi. Hinir stóru mýrarflákar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og ljósastör. Í þessu heiðalöndum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir. Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn eða sauðfé. / Langmestan hluta gróðrarins mynda hálfgrösin. Líka er mikið af lingrösum með kvíslum og lækjum. Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa. Glitra þær með margskonar litum yfir hásumartímann. / Vötn og tjarnir eru víðsvegr um heiðarnar. Talsverða silungsveiði er í sumum, er var notað mikið fyrr á tímum. Fuglalíf er fjölbreytt og mikið; mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar. Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október. / Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi notuð nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917-19. ... [Á Stórasandi er gróður] lítill, og sums staðar enginn. Vatn er þar hvergi í þurrkatíð. Þótt landið sé gróðursnautt, fer fé mikið um sandinn. Leitr það til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, á Arnarvatnsheiði og víðar." GR III, 219.

**HV-198b:001** heimild Langilækur náttstaður
Tjaldstaður Haukagilsheiðarmanna fyrir síðustu aldamót var við Langalæk sem rennur úr Sandhorni í Álftaskálará. Annar náttstaður Haukagilsheiðarmanna var við Hólavatnslæk.
GR III, 239

**HV-198b:002** heimild Hólavatnslækur náttstaður
Tjaldstaður Haukagilsheiðarmanna fyrir síðustu aldamót var við Hólavatnslæk sem rennur líkl. úr Hólavatni (Holuvatn á korti) í Álftaskálará (Álká) norðan við Hólavatnshæðir. Annaðhvort var gist á þessum stað eða við Langalæk
GR III, 239

**HV-198b:003** heimild Kornsársel
Kornsársel var á vesturbakka Kornsár í Kornsárhólum. Á þessari öld hafa leitarmenn á Haukagilsheiði haft síðasta náttstað á Kornsárseli, en óvíst hvort svo hafi verið fyrir 1930 en þá var gist á Fremstaseli. "Þar var af og til búseta, fram undir síðustu aldamót. Árið 1898 voru þar Jakob Árnason og Jösef Blöndal. Á tímabili, [319] eftir að farið var að smala Víðidalsfjall norður, höfðu gangnamenn náttstað á Kornsárseli síðustu nóttina og geymdu þá hestana í tóftarbrotunum. Er heiðargirðingin var sett upp á núverandi stað, var náttstaðurinn færður að Fremstaseli."
GR III, 240; Hkort; Húnaþing III, 318-19

**HV-198b:004** heimild Fremstasel
sel frá Haukagili á vesturbakka Álftaskálarár nokkru framar en núverandi Haukagilsheiðargirðing, gegnt því sem Selkvísl rennur í Álku að austan. Fyrir 1930 gistu leitarmenn á Haukagilsheiði síðustu nóttina á Fremstaseli
- GR III, 240, Húnaþing III, 317, 319

**HV-198b:005** örnefni Baðstofuvatn
Baðstofuvatn er vestast á Haukagilsheiði nálægt merkjum við Víðidalstunguheiði, og rennur Kleppukvísl úr því í Kornsá.
Hkort

**HV-198b:006** tóftir Hofssel sel
"Hofssel var á bakka Kornsárkvíslar vestur f Hofsselsvörðu, sm er norðantil í Haukagilslandi."
Húnaþing III, 319 Ath tilh líkl Kornsárselslandi sem gæti verið sérstök eign.

**HV-198b:007** tóftir Gilsbakki býli
"Gilsbakki var suður við Álku, í hvamminum skmmt fyrir ofan brúna. Þar sjást enn tóftarbrot..." -"...munu þar hafa verið fjárhús og stekkur löngu eftir að kotið fór í eyði."
Húnaþing III, 317

**HV-198b:008** örnefni Einvígisfoss
Einvígisfoss er í Álftaskálará undir Skútahálsi
Hkort

### Lambatungur HV-673

[1369x89]: [Grímstungukirkja á] hálfar Lambatungur við Haukagil. - DI III, 161-62 sbr. 1394 - DI III, 541-42. Lambatungur hafa síðan tilheyrt Haukagili að hálfu og Grímstungu að hálfu. Austurmörk við Grímstunguheiði eru um Bríkarkvísl í Þórarinsvatn og þaðan bein lína að fjórðungamörkum um Gedduvatn og Bríkarkvíslardrög og þaðan lína aðeins vestan við Sanddalsstrýtur. Vesturmörk við Haukagilsheiði er um Álftaskálará (á korti Skútalækur og Álka) að upptökum og þaðan bein lína að fjórðungamörkum um Stórasand austan við Bláfell

"Heiðalönd þessi eru ágæt beitilönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs. / Á þurrlendinu á hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi. Hinir stóru mýrarflákar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og ljósastör. Í þessu heiðalöndum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir. Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn eða sauðfé. / Langmestan hluta gróðrarins mynda hálfgrösin. Líka er mikið af lingrösum með kvíslum og lækjum. Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa. Glitra þær með margskonar litum yfir hásumartímann. / Vötn og tjarnir eru víðsvegr um heiðarnar. Talsverða silungsveiði er í sumum, er var notað mikið fyrr á tímum. Fuglalíf er fjölbreytt og mikið; mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar. Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október. / Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi notuð nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917-19." GR III, 219

**HV-673:001** varða Beinakerling samgöngubót
"... grjótvarða, alldigur um sig. Stendur hún við Sandveg á vestarlegum Sandi." - "Heitir varða þessi Beinakerling. Eru þar hrossbein forn milli steina. Gamall siður, er tíðkaður var meðal ferðamanna, var sá, að stinga vísu í hrosslegg og láta í vörðuna. Var þeim einkum stefnt til manna, er von var á á eftir. Kölluðust þær beinakerlingavíur, og voru oft harla klúrar, þótt út af brygði, eins og þessi vísa, er fannst í Kerlingu um Björn Eysteinsson ... ber með sér: Eg á Sandi auðum bý,/á mér fáa vini,/blíðum fagna býst eg því/Birni Eysteinssyni."
GR III, 220 - beinakerling á Stórasandi - HB Sumar, 13

**HV-673:002** heimild Sandfellsflá náttstaður
Sandfellsflá er á mörkum Lambatungna og Grímstunguheiðar við Bríkarkvísl, alllangt sunnan við Gedduvatn. Fyrsti náttstaður Sandmanna á suðurleið og náttstaður Lambatugnamanna á úteftirleið.
GR III, 228, 237, 239

**HV-673:003** heimild Bríkarhvammur náttstaður
Annar náttstaður Lambatungumanna á úteftirleið "...ljómandi fallegum náttstað með sléttri valllendisgrund og háum brekkum."
"Þar var oft skemmt sér vel, því að þangað koma Lambatungnamenn til náttstaðar um miðjan dag, ef vel gengur. Í Bríkarhvammi var siður að glíma og gera sér margt til skemmtunar."
GR III, 240

**HV-673:004** örnefni Hrafnavörðubotnar
Hrafnavörðubotnar eru við norðurbrún Stórasands suðsuðvestan við Lambamannasandfell en austan við Álkulón
Hkort

## Grímstunga (Grímstunguheiði) HV-199b

1318: "Sá er á stað býr í Grímstungum skal veita afrétt ef hann vill, en ei sá er Þórhallsstaði á - DI II, 476-77.
[1369x89]: [Grímstungukirkja á] Þórhallsstaði (með veiði og afrétt), hálfar Lambatungur við Haukagil, selland suður á fjalli. - DI III, 161-62 sbr. 1394 - DI III, 541-42.
1847: "Jörðin hefir landrými til fjalls og landkosti þar í betra lagi. Eptir dómi 10. Júní 1758 á staðurinn lamba-upprekstur til fjalls, og gjaldast presti árlega [251] 20 fjalltollar, sem eru jafnmörg lömb. ... Kirkjujörðin Kot er leigð með ... 3 dagsláttum (fyrir selstöðu og beit í Grímstungnalandi)." JJ, 250-51.

Eign Grímstungukirkju en eftir að Grímstungusókn var lögð undir Undirfellsprestakall 1881 hafði Undirfellsprestur tekjur og gjöld af heiðinni til 1901 að Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa festi kaup á heiðinni og galt 1700 krónur fyrir hana og leigulaus réttindi fyrir fjárréttarstæði á Undirfellseyrum við réttun sauðfjár. Um leið féll sú kvöð á upprekstrarfélagið að kosta eyðingu refa, sem prestakallið hafði áður borið kostnað af. - GR III, 218-19. áður hafði félagið leigt heiðina frá ári til árs. Mörk við Forsæludalskvíslar að austan eru um Vatnsdalsá og Strangakvísl til upptaka og þaðan lína í Lyklafell, fjórðungamörk ráða að sunnan en að vestan skilur Bríkarkvísl heiðina frá Lambártungum og úr Bríkárkvíslardrögum bein lína að fjórðungamörkum aðeins vestan við Sanddalsstrýtur. Við söluna 1901 voru merki milli heiðar og heimalnds ákveðin svo: frá Vatnsdalsá ræður Sjónarhólslækur til upptaka og þaðan bein lína í Sýrsvatn (Í daglegu tali nefnt Sísvatn). Frá Sýrsvatni ræður Sýrsvatnslækur til Selkvíslar og hún þaðan til Álku. - Húnaþing III, 117. Fyrr á tímum höfðu "flestir búendur upprekstur á Grímstunguheiði og guldu Grímstungupresti, og síðar Undirfellspresti, beitartoll, sem kallaðist fjalltollur. Var það haustlamb frá hverjum búanda, sem fé átti. Var skattur þessi oft misvel af hendi leystur, og ekki laust við, að til óánægju drægi milli bænda og presta um greiðsluna." GR III, 218

"Heiðalönd þessi eru ágæt beitilönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs. / Á þurrlendinu á hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi. Hinir stóru mýrarflákar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og ljósastör. Í þessum heiðalöndum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir. Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn eða sauðfé. / Langmestan hluta gróðrarins mynda hálfgrösin. Líka er mikið af lingrösum með kvíslum og lækjum. Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa. Glitra þær með margskonar litum yfir hásumartímann. / Vötn og tjarnir eru víðsvegr um heiðarnar. Talsverða silungsveiði er í sumum, er var notað mikið fyrr á tímum. Fuglalíf er fjölbreytt og mikið; mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar. Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október. / Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi notuð nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917-19. ... [Á Stórasandi er gróður] lítill, og sums staðar enginn. Vatn er þar hvergi í þurrkatíð. Þótt landið sé gróðursnautt, fer fé mikið um sandinn. Leitar það til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, á Arnarvatnsheiði og víðar." GR III, 219 Sjá einnig lýsingu á gróðurfari í Húnaþingi III, 117.

**HV-199b:001** heimild Grímstungnamannasel sel
"Útilegumenn ok ránsmenn váru mjok í þenna tíma bæði suðr ok norðr, svá at náliga mátti engi á sínu halda. Á einni nóttu ræntu þeir at Haukagili mat miklum ... [Þeir Ingólfr á Hofi] riðu suðr á heiði ... Þeir Ingólfr kómu á sporin þeira ok rokðu þau, þar til er þeir villtusk um, því at sporin lágu þá á tvo vega. Þá skiptu þeir ok liði sínu ... Þar váru sel skammt frá þeim [Ingólfr telur helli ránsmanna þar skammt frá og tekur hellur tvær í gili sem þar var hjá] [108] [Ingólfr] gekk síðan að selinu. Þat var tvídyrt..." ÍF VIII, 107-108. Þórðarbók Landnámu: "Ingólfr vá tvá menn í einu hoggvi af Hellismonnum í seli í Miklagili"Vatnsdælas, Sturl,

"Kunnugur maður (Þ.K.) telur, að sel þau, sem sagan (og Þb) talar um, muni vera Grímstungusel vestari, fram með Selkvísl, þau hin sömu, sem getið er í Sturlunga sögu. Miklagil muni tákna Álftaskálargil, sem Selkvísl renni í. "Hellirinn" sé einhver skúti í giljunum kringum selin." ÍF VIII, 108 nmgr 3. 1255: " En þeir Bergur [menn Þorgils og Sturlu] riðu ákaft norður eftir heiðinni og gátu tekið njósnarmenn Nikuláss hjá Grímstungnamannaseljum. ..." Sturl, 690 ATH Kaalund - "Grímstungusel hið vestara var við Selkvíslina, sem sameinast Álftaskálará eða Álku, eins og hún heitir í daglegu tali, rétt fyrir framan Grímstunguheiðargirðinguna."
- Húnaþing III, 317

**HV-199b:002** heimild Grettisþúfa legstaður
"Nú [eftir dráp Grettis] riðu menn til alþingis, ok urðu færi liðveizlumenn [Þorbjorns] Onguls [Þórðarsonar] en hann ætlaði, því at málit mæltisk illa fyrir. Þá spurði Halldórr [Þorgeirsson], hvárt þeir skyldi hafa hofuð Grettis með sér til alþingis. Ongull lézk þat ætla at hafa. "Þat er óráðligt," segir Halldórr, "því at nógu margir munu vera mótstoðumenn þínir, þó at þú gerir eigi slíkar áminningar til þess að vekja upp harma [268] manna." Þá váru þeir komnir á veg ok ætluðu at ríða Sand suðr. Ongull lét þá taka hofuðit ok grafa niður í sandþúfu eina; er þat kolluð Grettisþúfa." Grettis s, 84. kapÍF VII, 267-68 Seinna í sama kafla kemur fram að höfuð Grettis hafi verið grafið við kirkju að Bjargi í Miðfirði - ÍF VII, 269-70 þannig að sagan mun meina að höfuðið hafi verið grafið upp aftur og tekið frá Grettisþúfu. "Örnefnið Grettisþúfa er nú týnt á þessum slóðum, en norðvestan til á Stórasandi er brattur malarhóll, sem kallaður er Grettishæð, og má vera, að það sé sami staður, sem átt er við í sögunni og hafi nafnið breyzt svo." ÍF VIII, 268, 1. nmgr. - "Norðanvert við miðjan há-Sand er einkennileg strýta, sem nefndist Grettishæð, eigi mjög há, en sést langt að. Mun örnefni þetta frá dögum Grettis, samanber Grettissögu, 84. kapítula, en þar nefnd Grettisþúfa. Við Grettishæð liggur hinn forni Sandsvegur eða Skagfirðingavegur ..."

GR III, 220

**HV-199b:003** örnefni Sunnlendingahæð

Sunnlendingahæð er suðaustnvert á Stórasandi, suðvestan við Krák en norðan við Strýtur.  Á þessari hæð hittust leitarflokkar Vatnsdælinga og Borgfirðinga og þar hafa samleitir þeirra vestur með Langjökli og inn í Fljótsdrög hafist

- GR III, 228-29

**HV-199b:004** heimild Áfangi náttstaður

"...Dragfláin ... liggur frá norðri suður að Fellakvísl og hefir afrennsli í kvílina ofan svokallaðs Áfanga.  Þar höfðu Austurheiðarmenn og Kvíslamenn náttstað áður fyrr. - Húnþing III, 119.  Tjaldstaður leitarmanna á Grímstunguheiði var við Fellakvísl sem rennur í Ströngukvísl norðan við Litla-Svínafell en sunnan við Draugaflá -

GR III, 239, 281

**HV-199b:005** heimild Öldumóðukvísl náttstaður

Austurheiðarmanna á úteftirleið fyrir síðustu aldamót var norðan við Öldumóðukvísl sem er vestarlega um miðja Grímstunguheiði.  Einnig aðalnáttstaður í seinni göngum.  Skálinn sem seinna var reistur á þessum stað var gegnt því sem Þjófakvísl rennur í Öldumóðukvísl, austan við Öldumóðuhöfða.  Við Öldumóðukvísl hefur seinna verið byggður kofi úr torfi og grjóti með bárujárnsþaki - Lestavegur var hér um

Húnaþing III, 119 GR III, 239, 242, 260.

**HV-199b:006** heimild Svínvatnslækur náttstaður

Annar náttstaður Austurheiðarmanna var við Svínavatnslæk sem er vestan við Svínavatnshæðir

GR III, 239

**HV-199b:007** örnefni Þjófahæðir

Þjófahæðir eru milli Þjófakvíslar að austan og Öldumóðukvíslar að vestan

Hkort

**HV-199b:008** heimild Grímstungusel eystra sel

"Grímstungusel hið eystra, sem var á Fremridal nokkru framar en Litlidalur, var byggt fram á 19. öld."  Litlidalur mun vera Forsæludalur vestan Vatnsdalsár og Fremridalur sami dalur framar en bærinr (?)

Húnaþing III, 317

**HV-199b:009** heimild Skútabær býli

Skútabær "var á Skútaeyrunum austan við Álku, nokkru framar [en Grímstungusel vestari]."

Hjáleiga frá Grímstungu.  "Þar mun ekki hafa verið búið síðan á 18. öld.  Gömul munnmæli herma, að síðasti bóndinn hafi flust með 500 fjár að Breiðabólstað, en þar hafi féð allt fallið, og var það til marks um það, hversu ágætt var til beitar þar fram á heiðinni í þá daga.  Önnur sögn er sú, að Skúti hafi lagst í eyði í plágunni miklu 1495, og hefur hann þá byggst upp aftur."

Húnaþing III, 317

**HV-199b:010** bæjarstæði Þórhallsstaðir býli Friðlýstar minjar.

Vestanmegin á Forsæludal gegnt Koti (Sunnuhlíð)

Árb 1892: 78

**HV-199b:011** tóft Glámsþúfa Friðlýstar minjar.

lítill grashóll með bolla ofaní, tveim stuttum bæjarleiðum fyrir framan Þórhallsstaði

Árb 1892: 78

**HV-199b:012** þjóðsaga Svartarhæð

Á korti Svartahæð og er spölkorn suðaustan við Grettishæð og á hún að taka nafn af einum Hellismanna sem þar var veginn

HB Sumar, 30

## Forsæludalur (Forsæludalskvíslar) HV-201b

"áður fyrr tilheyrðu Forsæludalskvíslar jörðinni Forsæludal og var svo allt til ársins 1891 að Björn Eysteinsson bóndi á Réttarhóli seldi landið að 1/4 hluta Upprekstrarfeálgi Ás- og Sveinsstaðahrepps og að 3/4 hlutum Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar fyrir 1.200 krónur ... Framanskráð upprekstrarfélög hafa átt landið síðan óskipt, en smalað þar eftir samkomulagi stjórna upprekstrarfélaganna á hverjum tíma en leitarmörk verið nokkuð óljós og oft orðið að deiluefni."  Húnaþing III, 111 sbr.  GR III, 218.  "Mörk Kvíslalandsins eru þannig: Að norðan jaðrar það við heimaland Forsæludals en það er vestan frá Vatnsdalsá, á móti Svínalækjarósi á Grímstunguheiði, og þaðn bein lína í há-Bótarfell.  Þaðan til austurs sjónhending yfir Eyjvatn mitt á milli hólmans og tangans, sem er austan við Tungnalækjarós og þaðan austur í merki við Auðkúluheiði.  Er það við sunnanvert Vestara-Friðmundarvatn en nokkur rönd af vatninu vestast er í heimalandi Forsæludals þar sem austurmörk hins upphaflega lands Forsæludals eru norðan frá úr Káryrðlingatjörn í Kolkukvíslarós, þar sem hún kemur saman við Fellakvísl, en þaðan til suðurs sjónhending í Búrfjallahala og til Langjökuls./ Að vestanverðu eru merkin milli Kvíslalandsins og Grímstunguheiðar, Vatnsdalsá, fram um Stórakrók að ósi Miðkvíslar en þaðanheitir Strangakvísl.  Hún kemur úr vestri sunnan Stórakróks, um skamman veg, en annars er höfuðstefna Ströngukvíslar úr suðri, undan Krákshrauni norðvestur af Búrfjallahala.  Strangakvísl er vesturmerki Dalskvísla á móti Grímstunguheiði og frá upptökum kvíslarinnar þaðan til Langjökuls.  Eru þessi merki mjög óljós e n trúleg stefna til jökulsins er á milli Hundavatnanna um Lyklafell." Húnaþing III, 111

"Þar eru ágæt beitarlönd, einkum fyrir hross." - GR III, 218   "Heiðalönd þessi eru ágæt beitilönd, bæði fyrir hross og fé.  Gróður er fjölbreyttur og víða mikill.  Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs. / Á þurrlendinu á hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi.  Hinir stóru mýrarflákar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og ljósastör.  Í þessu heiðalöndum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir.  Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn eða sauðfé. / Langmestan hluta gróðrarins mynda hálfgrösin.  Líka er mikið af lingrösum með kvíslum og lækjum.  Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa.  Glitra þær með margskonar litum yfir hásumartímann. / Vötn og tjarnir eru víðsvegr um heiðarnar.  Talsverða silungsveiði er í sumum, er var notað mikið fyrr á tímum.  Fuglalíf er fjölbreytt og mikið; mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar.  Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október. / Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi notuð nema lítið hina síðari áratugi.  Þó var allmikið tekið af grösum 1917-19. ... [Á Stórasandi er gróður] lítill, og sums staðar enginn.  Vatn er þar hvergi í þurrkatíð.  Þótt landið sé gróðursnautt, fer fé mikið um sandinn.  Leitr það til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, á Arnarvatnsheiði og víðar." GR III, 219   - "Dalskvíslalandið verður að teljast fjölskrúðugasta afréttarsvæði Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa og það hlýlegasta.  Þar eru grösug flóasvæði, svo sem Melbrigður, Hornflá og Ljósastararflárnar.  Kvíslar, ár og lækir veita skilyrði til samfellds gróðurs sem nýtist mjög öllum skepnum á ákjósanlegasta hátt ... til beitar./  Jarðvegsbygging í þurrlendisásum í Kvíslum sýnist öllu fíngerðari en þá er vestar dregur á heiðina.  Hestlækjarbungur liggja tiltölulega hátt norðan frá Ströngukvísl sunnan Stórakróks ... Þær eru að því leyti ólíkar ásunum vestar á heiðinni að mosaþembur eru þar ekki áberandi heldur er lynggróður ríkjandi.  Gróður á Hestlækjarbungum verður mjög fyrir ásókn

áfoks ... Mjög ber á því að gróðurlaus flög eru sunnan í móti en lynggróðurinn þræðir aftur á móti þar sem nokkurt afdrep er. [113] ... Austur af Hestlækjarbungum og norður af Öldum er fíngerður votlendis- og umvarpagróður r verður stórgerðari er kemur norður í flár þær er áður voru nefndar.  /  Ekki eru önnur stöðuvötn í Kvíslum en Eyjavatn á mörkum þeirra og heimalands Forsæludals ... Kvíslaland er tiltölulega auðugt af kvíslum og lækjum þar sem er nokkuð af smásilungi, þó ekki til nytja, en veiði er í Eyjavatni en lítið mun stunduð á síðari árum." Húnaþing III, 113  Björn Bjarnason á Brandsstöðum (1789-1859) taldi möguleika á að byggja upp nýbýli á 10 stöðum í Forsæludalskvíslum og er til hdr hans þar sem hann gerir grein fyrir hverjum stað - pr í Húnaþingi III, 114-15.

**HV-201b:001** heimild Illakelda náttstaður
Tjaldstaður í Forsæludalskvíslum - væntanlega nálægt Bótarfjalli.  Fyrir 1918 er Forsæludalskvíslar voru smalaðar af sérstökum leitarmannahóp höfðu þeir náttstað síðustu nótt á heiðinn annaðhvort við Illukeldu eða Bótarfjall -
GR III, 225
**HV-201b:002** heimild Bótarfjall náttstaður
Bótarfjall eða Bótarfell er austan við Vatnsdalsá, norðan við Svínavatnshæðir.  Fyrir 1918 er Forsæludalskvíslar voru smalaðar af sérstökum leitarmannahóp höfðu þeir náttstað síðustu nótt á heiðinn annaðhvort við Illukeldu eða Bótarfjall -
GR III, 225
**HV-201b:003** heimild rétt
Fyrir 1800 var safnið af Forsæludalskvíslum réttað í svokölluðum Rana sunnan Friðmundarár. Er þar langur klettarani í ármótum Vatnsdalsár og Friðmundarár. Um 1800 var farið að rétta Kvíslasafnið við túngarðinn í Þórormstungu með hjálp færikvía en 1853 voru réttirnar þrjár - af Haukagilsheiði, Grímstunguheiði og Forsæludalskvíslum - sameinaðar og ný re´tt byggð á Undirfellseyrum -
GR III, 243
**HV-201b:004** bæjarstæði Réttarhóll býli
"Réttarhóll stendur á suðurbakka Fellakvíslar nokkru ofar en þar sem hún fellur í Miðkvísl."
"Er þar nærtækt til veiðfanga, bæði silungs og fugla, og landkostir ágætir."  ca. 1850: "Réttarhól.  Þar er mikið túnstæði en lítið um grjót.  ... útbeit er góð á bökkunum og haggott austur í jöðtunum." Húnaþing III, 114.  Landnytjar meðan búið var 1886-91: "Heyskapur í Melbrigðuflá, Ljósastararflá, við Mjóavatnslæk og Álfthólsflá.  Heyskapur hófst úr 13. helgi sumars og heyjaðir um 400 hestburðir.  Heyið flutti Björn heim á tveim hestum nema síðasta árið þrem og var hægt að fara 5-6 ferðir á dag. / Silungsveiði var mest í Mjóavatni. ... Rjúpnaveið var mikil, talin mest 900 stykki og álftir mest 100 talsins.  Auk þess var grasatekja. / Fjögurra tíma ferð var talin frá Réttarhóli til næstu bæja, sex klukkustunda ferð til kirkju og 16 klukkustunda ferð í kaupstað ..."
"Björn Eysteinson keypti Kvíslalandið af Hannesi Þorvarðarsyni og Bjarna Snæbjörnssyni árið 1883 og var kaupverðið 900 krónur. [116] ... Er Björn flutti frá Forsæludal [1886] reif hann hús er voru á Dalsseli og flutti viðinn fram á Re´ttarhól.  Þar voru hús öll byggð úr torfi og veggjahæð 2 1/2 alin.  Byrjað var á bæjarhúsunum í 10. viku sumars og lokið 16 vikur af sumri.  ... Bústofn Björns er hann flutti að Réttarhóli var 34 leiguær, þrjár stóðmerar, tveir hestar og sex gemlingar en er hann flutti þaðan fimm árum síðar átti hann 170 ær og níu hros.  Síðan hefir ekki verið búið á Réttarhóli og voru húsin fljótlega rifin og úr sögunni.  ... Aðaldyr bæjarins á Réttarhóli voru til austurs en við vesturdyr var heystæði og hús yfir 150 fjár, 14x5 álnir að stærð." Húnaþing III, 115-16   Björn bjó síðar í Grímstungu
Húnaþing III, 115-16; GR III, 218;
**HV-201b:005** heimild Dalssel bústaður/sel
"Alllangt upp með Friðmundará að norðan var Forsæludalssel, í daglegu tali Dalssel."- " Þar var búið fram á síðari hluta 19. aldar, þó ekki væri sú byggð samfelld.  Gekk síðasti bóndinn undir nafninu Rúsínu-Gvendur.  ... Björn Eysteinsson reif húsin á Dalsseli, er hann byggði á Réttarhóli 1886."
Húnaþing III, 316
**HV-201b:006** heimild Lestavað vað
Vað á Vatnsdalsá þar sem heitir Stórikrókur, sunnan við Eyjavatnsbungu en norðan við Áfhóla á Grímstunguheiði
Húnaþing III, 113
**HV-201b:007** heimild Réttarhóll rétt
"Réttarhóll stendur á suðurbakka Fellakvíslar nokkru ofar en þar sem hún fellur í Miðkvísl.  Nafnið er dragið af rétt er þar stóð áður fyrr og var notuð til sundurdráttar á fé."  Rétt þesi var eldri en leitarmannakofinn HV-201b:008 sem aftur var eldri en býli Björns Eysteinssonar
Húnaþing III, 115
**HV-201b:008** heimild Réttarhóll sæluhús
"Réttarhóll stendur á suðurbakka Fellakvíslar nokkru ofar en þar sem hún fellur í Miðkvísl.  Nafnið er dregið af rétt er þar stóð áður fyrr ... Síðar stóð þar leitarmannakofi og lagðist niður fyrr reimleika."
kofinn hefur verið aflagður fyrir 1886 er Björn Eysteinsson byggði á þessum stað.  Þar nálægt hafði unglingspiltur einn orðið úti og fór að bera á reimleikum í húsinu og var hann kallaður Réttarhólsmóri.  Sæluhúsið á að hafa verið flutt á annan hól en það breytti engu um reimleikann -
Gráskinna II, 119; Húnaþing III, 115
**HV-201b:009** heimild virki
Um virkið við Friðmundará og útlegumenn Þórólfs heljarskinns -
ÍF VIII, 46, 82-84 - Vatnsdæla s.

# Svínavatnshreppur

## Auðkúla (Auðkúluheiði) HV-235b

"Jörðin hefir útbeit og haggæði í betra lagi. ... Eptir selstöðu og afréttarland kirkjunnar gjaldast árlega 24 fjalltollar, á 10 f. hver.  Í fjalllandinu er og nokkur grasatekja, álptveiði og fjaðratekja, sem leigist við 40 f. eptirgjaldi." JJ, 251 Landamerki Auðkúluheiðar skv. máld eru Blanda að austan frá Vallgili til Hofsjökils, um Jökulkvísl- Jökulfall í Hvíta og Hvítárvatn. Að vestan úr Káryrðlingatjörn í há-Friðmundarhöfða, þaðan bein lína í Fellakvísl og með henni til upptaka.  Þaðan bein lína í nyrðri Búrfjallahala og þaðan í Langjökul. - GR III, 269.  Auðkúluklerkar hafa því talið sig eiga afréttinn sunnan Kjalhrauns sem nú tilheyrir Biskupstungaafrétt.  Það svæði töldu líka kirkjurnar í Haukadal, Bræðratungu, Skálholti og Torfastöðum að þær ættu og af þeim keypti Biskupstungnahreppur svæðið um miðja 19. öld.  Á þeim tíma og fram til 1881 voru þó Húnvetningar einir um að reka sauðfé á þennan afrétt og sáu einir um smölun hans - sjá nánar ÁR-694.  Mörk milli heimalands og afréttar voru ekki ákveðin fyrr en heiðin var seld undan kirkjunni - þá lína úr Káryrðlingatjörn um há-Helluvörðuás í Vallgil við Blöndu. GR III, 269.  Hvannavallakvísl skiptir Auðkúluheiði og Hveravöllum

**HV-235b:001** heimild Biskupsáfangi náttstaður

"Þar sem Seyðisá fellur í Blöndu, kemur hún úr suðvestri, en um 3-4 km frá ármótunum er krókur á henni og kemur hún þar úr vestri ... [þar] heitir Biskupsáfangi að sunnanverðu við ána. ... "

um 9 km norðan við Hveravelli. Náttstaður undanleitarmanna á frameftirleið og sameiginlegur náttstaður Biskupstungnamanna og Auðkúluheiðarmanna eftir smölun á Kili. "Tungan milli Þegjanda og Blöndu heitir Biskupstungur. Þar er mjög gott haglendi suður að söndum, sem eru norður af Kjalhrauni austanverðu." - GR III, 275

GR II, 209-10, 214, 224-30, 234; GR III, 281

**HV-235b:002** heimild Seyðisárrétt rétt

"Þar sem Seyðisá fellur í Blöndu, kemur hún úr suðvestri, en um 3-4 km frá ármótunum er krókur á henni og kemur hún þar úr vestri ... [þar] heitir Biskupsáfangi að sunnanverðu við ána. ... Í Biskupsáfanga hefir nú [1947] um 50 ára skeið verið fjárrétt til sundurdráttr á fé sunnan- og norðanmanna." GR III, 275 "Tungan milli Þegjanda og Blöndu heitir Biskupstungur. Þar er mjög gott haglendi suður að söndum, sem eru norður af Kjalhrauni austanverðu." -

Til Biskupsáfanga við Seyðisá var fé smalað af öllum Kili, Þjófadölum og norðan um Sandkúlufell og þar drógu Biskupstungnamenn sitt fé úr. - GR III, 281. Getið eru um rétt sem safnið var byrgt inní um nótt og dilk sem sunnanféð var dregið í - GR II, 210 "Í fyrstu var fé kannað aðeins í aðhaldi við Seyðisá, en síðar var byggð þar rétt til sundurdráttar." - GR III, 284. 1916: "Þegar var hafist handa um að hressa við fjárréttina, sem þar er, svo að hún væri vel fjárheld, því að um nóttina átti féð að geymast í henni, og að morgni átti svo að draga í sundur, þegar búið væri að smala allan afréttinn sunnan úr Þjófdölum og vestan úr Búrfjöllum." GR II, 225 - ekki hefur verið þar hestarétt þá. sbr SB I, 36 sem hefur einnig: "Byrjað var á að draga norðanfé út, og voru þá Árnesingar í dyrunum til að fylgjast með, að rétt væri dregið. Réttinni var skipt í miðju með vegg, sem á voru stórar dyr. Þegar féð komst fyrir í nyrðri hlutanum, var það rekið þangað og sunnanféð dregið í suðurhlutann, og fylgdust nú Norðlingar með, að ekki væru dregnar kindur frá þeim. ... Nóttina sem nú fór í hönd, var sunnanféð geymt í réttinni." SB I, 36 1918: leitarmenn hittast við réttina við Seyðisá - GR III, 292

GR II, 210; SB I, 36-37; GR III, 275, 281

**HV-235b:003** hleðsla á Réttum rétt

"Örskammt fyrir sunnan Réttarbunguna við árgilið [Blöndu] er kallað Réttir eða á Réttum." -"Þar hafa til forna verið fjárréttir, og sjást þess enn merki. Þar eru hvammar í gilinu, sem nefnast Réttarhvammar."

GR III, 270

**HV-235b:004** örnefni Tjaldavellir áfangastaður

"Á milli [Friðmundarvatnsbungu] og Galtabólsbungu eru með Fannlæk þurrrar flatir, og eru þar nefndir Tjaldavellir."

GR III, 271 Við Kjalveg

**HV-235b:005** örnefni Helluvörðuháls

Helluvörðuháls er á heiðarmerkjum milli Auðkúluheiðar og Vatnsdalsjarða norðvestan við Leirtjarnir sem eru norðan við Vestara-Friðmundarvatn -Á þessum slóðum liggja leiðir yfir heiðina milli Svínadals og Vatnsdals og Lestavegur suður á Stórasand og má vera að varða þessi eða vörður tengist þeim samgönguleiðum en einnig gætu hún hafa verið á merkjum.

GR III, 271

**HV-235b:006** heimild Kolkuskálisæluhús

"Austan við Olbogaflá er ás, og á suðurenda hans, við upptök Kolkukvíslar erhóll, sem heitir Kolkuhóll. Þar hefir lengi verið leitarmannakofi."

Náttstaður á sjötta degi gangna var á Kolkuhóli fyrir 1870 - GR III, 281 1916: "Fyrsta daginn [í eftirleitum] var ekkert leitað, en farið sem leið lá fram í Kolkuskála, sem er norðanvert við miðja Kúluheiði. Kofi þessi var [288] þá lítill en eigi kaldur." - Nýrri skáli mun hafa verið byggður á þessum stað en allt nú komið undir uppistöðulón - GR III, 296

GR III; 271, 281, 287-88

**HV-235b:007** heimild Blönduvöð vað

"Alllöngum spöl sunnar en Sandá fellur í Blöndu eru kölluð Blönduvöð."

"Þar er Blanda hallalítil og fremur straumlítil. Þar eru sléttir bakkar að henni, og fellur hún þar nokkuð dreift á sandeyrum, og eru þar oftast allgóð vöð á henni." GR III, 272 ":..eru þar mosavaxnir ásar og graslitlir móar. Þó eru frá Blönduvöðum við og við allgóðir hagar suðr með ánni." -

"Þar lá áður lestavegur yfir hana. Vegur sá lá upp úr Mælifellsdal í Skagafirði [273] suður Eyvindarstaðaheiði og þarna yfir Blöndu, frá henni vestur með Blönduvaðaflóa og yfir norðurhala Helgufells, yfir Sandárstokka og norðan við Sauðafell, þaðan suðvestur yfir Öldur og upp á Stórasand sunnan við Tröllagil, sem kemur vestan úr sandinum sunnan við Svínafell, og er þá komið yfir Dalskvíslaland og á Grímstunguheiði. Vegur þessi hefur til forna verið mjög fjölfarinn, bæði með skreiðalestir og af kaupafólki og öðru ferðafólki. Má þar á sumum stöðum, þar sem jarðvegs kennir, telja meira en 60 samhliða götuslóðir."

GR III, 272-73

**HV-235b:008** örnefni Áfangafell

"Sunnan við Kolkukvísl, þar sem hún fellur vestur úr Kolkuflóanum, kemur allstórt fell, sem heitir Áfangafell, og rennur Fellakvísl með því að vestan. Austan við Áfangfell er stór flói, sem heitir Kolkuflói, og næ hann jafnlangt suður og Áfangafell ..." Þeir gangnamenn sem komu úr byggð á móti þeim sem smöluðu um Kjöl og þar sunnan við "höðu náttstað við Fellakvísl vestan undir Áfangafelli." á frameftirleið

GR III, 273, 281

**HV-235b:009** heimild Kúlukvíslarskáli sæluhús

"Við Kúlukvísl beint suður frá Arnarbæli er leitarmannakofi."

"Í Kúluflá og með Kúlukvísl eru ágætir hagar."- 1916: "leitarmannakofi við Kúlukvísl var fallinn niður ..." GR III, 287 "...þekjan hafði fallið inn, [289] en hékk þó föst á einni veggbrúninni og myndaði þannig afdrep, ef inn var skriðið. / Þeir félagar ... skriðu svo inn í kofann undir þekjuna. Varð lítið um umbúnað og urðu þeir að leggjast niður á bert moldargólfið." GR III, 288-89. 1918 virðist kofinn hafa verið endurbyggður: "...komu þeir félagar að Kúlukvíslarskála ... Var þá harður snjógaddur kringum kofann og engin leið til að komast inn nenma hafa skóflu, en svo heppilega vildi til, að hún var á kofaþakinu til ötyggis, ef eitthvað þyrfti til hennar að taka, annað hvort að dytta að kofanum í haustferðum eða vetrarferðum ... Varð nú fljótlega komist í kofann, en eigi var hlýlegt inni, því að veggir og þak var hvítt af hélu og hrími..."

GR III, 274, 287, 288-89, 291

**HV-235b:010** heimild Seyðisárdrög náttstaður

Seyðisárdrög eru milli Búrfjalla og Sandkúlufells vestarlega á Auðkúluheiði. Þar heitir Sjónarhóll á einum stað en ekki kemur fram hvar nákvæmlega tjaldstaðurinn var.

Fyrir 1870: á úteftirleið gistu Auðkúluheiðarmenn í Biskupsáfanga en Vatnsdælingar höfðu náttstað í Seyðisárdrögum - GR III, 281. Fyrir 1918: Fimm menn af Lambártungum gistu ásamt Auðkúluheiðarmönnum í Seyðisárdrögum fyrstu nóttina og leituðu síðan austur með Langjökli um Búrfjöll og Þjófdalafjöll. Um síðustu aldamót fóru leitarmenn líka að hafa náttstað í Seyðisárdrögum á frameftirleið -

GR III, 225, 284

**HV-235b:011** heimild Vökuhvammur náttstaður

"Á þriðjudag leituðu svo Auðkúluheiðarmenn norðasta hluta heiðarinnar, og að kvöldi var allt fé rekið í Vökuhvamm við Sléttá, suðvestur frá Stóradal, og var vakað þar yfir því um nóttina."

GR III, 282

**HV-235b:012** heimild rétt

"Áður [en 1819] hafði [réttin] staðið fram á Sléttárdalnum vestan við Sléttá."

"Var [rétt fyrir almenning] byggð þar 1804 á sléttri eyri við ána, en áin braut sér farveg gegnum réttina, og varð því að færa hana." [aq 1819] Af því varð nokkurt stapp sem endaði með því að Stóradalsbóndi lánaði land sitt undir rétt gegn beitarítaki í Auðkúluselslandi - GR III, 282 Örskamm frá þessari rétt hafði áður staðið réttin HV-235b:013

GR III, 282-83

**HV-235b:013** heimild rétt

"Áður [en 1819] hafði [réttin] staðið fram á Sléttárdalnum vestan við Sléttá."

"Örskammt frá [þeim stað sem réttin var byggð 1804] hafði áður staðið rétt, sem notuð var af almenningi, en sú rétt mun hafa lagst niður um 1750. Þar var síðar byggt býli um nokkur ár, og var það nefnt Ingibjargarsel, eftir konu sem þar bjó."

GR III, 283

**HV-235b:014** heimild Ingibjargarsel bústaður/sel

Fram á Sléttárdal, vestan við Sléttá

"Örskammt frá [þeim stað sem réttin var byggð 1804] hafði áður staðið rétt, sem notuð var af almenningi, en sú rétt mun hafa lagst niður um 1750. Þar var síðar byggt býli um nokkur ár, og var það nefnt Ingibjargarsel, eftir konu sem þar bjó."

"Allmiklu utar [en Kúlusel sem var gegnt Sléttadal], á svonefndum lækjum, eru rústir annars sels, og bendir stærð þeirra til talsverðra umsvifa, þó að sel þetta, sem einnig var frá Auðkúlu, muni ekki hava verið drjúgt sem sjálfstætt býli. Í bændarímu frá 1830 er þar talin búandi Ingibjörg Guðmundsdóttir, og hljóðar viðkomandi erindi á þessa leið: "Í seli Kúlu soltin púla náir,/gáfna-slóttug geðs um hörg/Guðmundsdóttir Ingibjörg." Bendir vísan ekki á auð í búi. Ingibjörg þessi, sem kölluð var "hin hæverska" mun hafa verið einn síðasti ábúandinn, fram á fjórða tug síðustu aldar. Selið var við hana kennt og ýmist kallað Imbusel, Ingibjargarsel eða Kerlingarsel."

GR III, 283; Húnaþing III, 306

**HV-235b:015** heimild Kúlusel bústaður/sel

Vestnamegin á Sléttárdal gegnt býlinu SléttárdalHúnaþing III, 306 "Í svonefndu Kúluseli bjó síðastur Þorlákur Ásmundsson, sem mun hafa horfið þaðan 1907."

Húnaþing III, 306

**HV-235b:016** heimild Smalahól llegstaður

Smalahóll er nálægt Smalatjörn, norðvestan við Þrístiklu hjá Kjalvegi

"Til er saga um anfngiftina á Þröm, sem minnir mjög á söguna um Ruglu í Rugludal, og á nafnið Þröm samkvæmt henni ekkert skylt við merkingu orðsins "Þramar" í dag. Hét konan Þröm, en ekki er getið um nafn smalans, sem Þröm kæfði í Smalatjörn, vestan við Þrístiklu, og dysjaði í Smalahól. Svo eru sögurnar líkar að óhugsandi er annað en upphaflega sé um þá sömu að ræða. Báðir höfðu smalarnir strokk kerlingar bundinn á bak sér, og skyldi vera fullstrokkað, er þeir komu heim."

Húnaþing III, 305

**HV-235b:017** örnefni Dauðsmannsgil

Dauðsmannskvísl rennur um Dauðsmannsgil af sunnanverðum Djöflasandi sem er í vikinu milli Þjófadalafjalla og Búrfjalla. Eftir að hún kemur úr gilinu fellur kvílin beint í suður og í Hvannavallakvísl

## Auðkúla (Hveravellir) HV-235c

Suðurmörk um mitt Kjalhraun eins og á korti Mið-Ísland nema vestur úr Grýtu bein lína um Þröskuld í miðjan Jökulkrók en norðurmörk Hvannavallakvísl.

- Um útlegð Magnúsar sálarháska á Hveravöllum- HB Sumar, 46-7.

- Hvervellir - áningarstaður 'Í æsku heyrði ég þá sögu - sem er að nokkru samhljóða frásögn í Þjóðsögum Jóns Árnasonar - að bóndi nokkur norðlenzkur færi einhverju sinni norður Kjöl snemma sumars með skreiðarlest, og hafði hann til fylgdar svein einn 14 vetra. Áðu þeir á Hveravöllum, og komu þar að þeim tveir menn all-ískyggilegir. Voru það þeir Eyvindur og Abraham útileguþjófar. Heimtuðu þeir matföng nokkur af bónda, klyfjar af einum hesti eða tveimur og er því var synjað, vildu þeir láta hendur skipta. Barði bóndi þá á Eyvindi en sveinn-[49]inn greip svipu mikla með hamarshaus á endanum og réðst á Abraham - Slíkar svipur þóttu hinir mestu kjörgripir á ferðalögum og voru sums staðar til fram á síðustu áratugi. - Kom strákur höggi á vanga Abrahams, svo að brotnaði kjálkinn, en þeir Eyvindur höfðu sig sem skjótast á brott og þótti ferð sín hin versta. Hélt bóndi svo áfram norður með lest sína og þótti hafa mjög vaxið í áliti og þó einkanlega drengurinn.'- HB Sumar, 48-49.

**HV-235c:001** örnefni Grettishellir

"Hann er geysistór, sjálfgerður hraunhellir í miðju Kjalhrauni eða nánar sagt hraunhóll, holur að innan með op á báðum endum. [13] Sjö vörður eru uppi á hólnum, og eru þær í vörðukerfi gamla Kjalvegarins. Engin mannvirki eru í helli þessum ..."

ÚAT, 12-13; GR III, 275

**HV-235c:002** varða samgöngubót

(Grettishellir [HV-235b:001] er hraunhóll í miðju Kjalhrauni) "Sjö vörður eru uppi á hólnum og eru þær í vörðukerfi gamla Kjalvegarins."

ÚAT, 13

**HV-235c:003** tóft Eyvindarkofi útilegumannabústaður

"Vestan við hverasvæðið á Hveravöllum er Eyvindarkofi í hraunsprungu, sem stefnir milli norðurs og suðurs (eða nánar til tekið norðvestnorðurs og sauðaustsuðurs), ..."

"... er hlaðið ofan á barmana [í hraunsprungunni] hraungrýti, en gaflarnir eru allir hlaðnir. Tóttin er í tvennu lagi, og er hún aðskilin með eins metra þykkum vegg. Stærra húsið er um 4,2 m á lengd og 1,2-1,35 m á breidd. Vesturbarmur sprungunnar er hærri, um 30 cm og eru víðast ein til tvær seinaraðir ofan á honum. [74] Á austurbarminum sunnanverðum er hleðslan hærri, svo að veggurinn verður jafnhár vesturveggnum. Norðan við þessa hleðslu er austurbarmur sprungunnar enn lægri, og er þar engin hleðsla ofan á honum nema nyrzt. Í þessu opi virðast dyranr hafa verið. Norður af þessu húsi er annað hús minna, um 2 metrar á lengd og einn metri á breidd. Veggjahæð sést ógreinilega, því ð inni í tóttinni er þykkt jarðlag. Er þar mikið grjót, og virðist helluþak liggja þar undir jarðveginum. Stærri tóttin er einnig vallgróin, en ekki sjást þar neinar leifar af þaki. Í rústum þessum fannst tágakarfa 1881, og er hún nú á Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ." ÚAT, 73-74

Þess er getið af bæði Gísla Konráðssyni og Páli Melsteð að kofi Eyvindar sjáist á Hveravöllum en elsta lýsing á honum er eftir

Ebenezer Henderson sem kom að Hveravöllum sumarið 1815 og lýsir kofanum á þessa leið: "Norðan við hverasvæðið sjást ennþá leifar af bæli ræningja, sem [76] bjuggu þar fyrir minna en 30 árum. Það er sjálfgerð gjá í hraunhól, sem var svo haglega byrgð með hraungrjóti, að enginn gat ímyndað sér annað en þar væri venjulegur hellir í hrauninu. Staðurinn er mjög hentugur að því leyti, að fá metra þaðan er vellandi hver, sem hægt var að sjóða í matvæli. Þegar Ólafsson og Pálsson komu til Hveravalla, hlóðu þeir vörðu hér um bil miðja vegu milli hreysisins og Öskurhóls. En hún hefur verið algerlega eyðilögð af ræningjunum, sem að öllum líkindum hafa talið, að of mikið bæri á henni til þess, að óhætt væri að láta hana standa svo nærri kofa sínum." Iceland, 433

1920: Byrgi Eyvindar 'Enn þá sést byrgi hans glögglega í klappahól í hraunjaðrinum örskammt frá Eyvindarhver. ... [48] ... Sprunga um metersbreið er eftir hraunhólnum, og hefur grjóti verið hlaðið þvert yfir hana á þrem stöðum, þannig, að tvær vistarverur mynduðust. Er sú stærri um 5 m. löng, en hin líklega helmingi styttri. Stendur hleðslan prýðilega og hefur verið fyllt á milli steinanna með mosa og grjóti. Ekki sjást þess nú merki, hvernig þakið hefur verið yfir sprunguna. Getur það bæði hafa verið með skinnum og torfi, þó að til þess hafi þurft lítilsháttar árefti, mundi það allt horfið fyrir ævalöngu.'- HB Sumar, 47-48

ÚAT, 73-74

**HV-235c:004** hleðsla Eyvindarhver hlóðir

Rétt austan við Eyvindarkofa er Eyvindarhver, vestarlega á hverasvæðinu

"[Eyvindarhver] lítur út eins og hringur, hlaðinn úr hnullungum. Inni í honum er grjótbotn, og bullar hveravatn alls staðar upp milli steinanna. Þennan hver á Fjalla-Eyvindur að hafa hlaðið upp til þess að geta soðið þar mat sinn." ÚAT, 75 - - Eyvindarhver á Hveravöllum 'Vestarlega á hverasvæðinu við hraunröndina er Eyvindarhver, fylltur grjóti, þar sem vatn, og þó mest gufa, ryðst upp á milli steinanna með dyn miklum og gutli." - "Hefur hverinn verið fylltur upp með grjóti, ... og er ekki ólíklegt [48] að það séu verk þeirra Eyvindar, og hafi kjöt verið lagt á steinana og soðnað þar í sjóðandi vatni og gufu, sem um þá leikur.

ÚAT, 75; HB Sumar, 45, 47-48

**HV-235c:005** hleðsla Eyvindarrétt rétt

"Um einn kílómetra litlu austar en í hásuður frá skála Ferðafélagsins á Hveravöllum er stór hraunhóll úti í Kjalhrauni, sem er fast sunnan við Hveravelli. Hóll þessi, sem er langstærsti hraunhóll á þessum slóðum, er klofinn í miðju af sprungu, sem liggur milli norðurs og suðurs. Er hún alldjúp og víð með grasi í botni. Þvert yfir sprunguna er hleðsla á tveim stöðum ..."

"Þvert yfir sprunguna er hleðsla á tveim stöðum, og ennfremur er hlaðið upp í skarð, sem gengur vestur úr henni. Mannvirki þetta er kallað Eyvindarrétt. Hún er um 7-8 metrar á lengd milli þvergarðana og um 2 metrr á breidd þvert yfir sprunguna. Engar heimildir aðrar en nafnið Eyvindarrétt eru um það, að hún sé handaverk Fjalla-Eyvindar. En vel getur nafnið verið tilgáta ein, þar eð almenningi hefur lengi verið kunnugt um dvöl Eyvindar á Hveravöllum. Af mannvirki þessu eru nú aðeins undirstöður eftir, en fyrir nokkrum árum hlóðu einhverjir strákar nýja veggi ofan á þær. Að lokum skal þess getið, að norðar í sprungunni eru rofhnausar úr aðfluttu torfi eða mýrarkökkum, en undir þeim fannst ekkert gólf, en þar voru kindabein."

ÚAT, 75

**HV-235c:006** varða

"Þegar Ólafsson og Pálsson komu til Hveravalla, hlóðu þeir vörðu hér um bil miðja vegu milli hreysisins og Öskurhóls." Ebenezer Henderson, Iceland, 433

" En hún hefur verið algerlega eyðilögð af ræningjunum, sem að öllum líkindum hafa talið, að of mikið bæri á henni til þess, að óhætt væri að láta hana standa svo nærri kofa sínum." E. Henderson, Iceland, 433 ATH þýðingu ATH Reise

**HV-235c:007** heimild sæluhús

Á Hveravöllum, þar sem gamla sæluhúsið er (1959)

(EÓ og BP komu á Hveravelli 1752 og fyrir þann tíma hafði Eyvindur ekki dvalist þar. EÓ segir frá rúst af stóru húsi, sem menn haldi að útilegumenn hafi búið í fyrrum. Hann telur það þó ólíklegt, því að staðurinliggi á bersvæði og opið sé þaðan í allar áttir. Um upphaf þessarar tóttar er allt ókunnugt, en líklegt má telja að hún sé af fornu sæluhúsi, enda er getið um sæluhús í Hvinverjadal á Sturlungaöld. Miklu ólíklegri er sú tilgáta, að rústin sé handaverk Þorgeirs ins hvinverska, sem Landnáma segir að hafi dvalist einn vetur á Hvinverjadal á Kili ... Rúst þessi var sýnileg, þangað til gamla sæluhúsið, sem nú er á Hveravöllum, var byggt ofan í hana fyrir nokkrum áratugum.

- ÚAT, 76-77 ath EÓ, Reise

**HV-235c:008** örnefni Hvannavellir

Hvannavallakvísl og Hvannavallagil eru beint vestru af Hveravöllum

Hkort; DMA 1814 IV?grafnar hvannarætur

**HV-235c:009** örnefni Dúfunesskeið

Dúfunesskeið er nú kallað vestan við Seyðisá, ANA við Hveravelli, en Dúfunesfell er austan Seyðisár, sléttir sandmelar

" ... Þórir dúfunef keypti vánina [um unghryssi sem hvarf] ok fann síðan. Þat var allra hrossa skjótast ok var kölluð Fluga. Örn hét maðr; hann fór landshorna í millum ok var fjölkunnigr. Hann sat fyrir Þóri í Hvinverjadal, er hann skyldi fara suðr um Kjöl, ok veðjaði við Þóri, hvárs Þeirra hross mundi skjótara, Því at hann hafði allgóðan hest, ok lagði hvárr þeira við hundrað silfrs. Þeir riðu báðir suðr um Kjöl, Þar til er þeir kómu á skeið þat, er síðan er kallat Dúfunefsskeið. En eigi varð minni skjótleiksmunur hrossa en Þórir kom í móti Erni á miðju skeiði. Örn unði svo illa við félát sitt, at hann vildi eigi lifa ok fór upp undir fjallit, er nú heitir Arnarfell, ok týndi sér þar sjálfr, en Fluga stóð þar eptir, því at hon var mjök móð. En er Þórir fór af þingi, fann hann hest [236] föxóttan ok grán hjá Flugu; við þeim hafði hon gengit. Undir þeim var alinn Eiðfaxi, er útan var færðr ok varð sjau manna bani við Mörs ..."

- ÍF I, 235-36 (S 202, H 169) - GR III, 275

**HV-235c:010** heimild Hvinverjadalur

Hvinverjadalur eða Vinverjadalur er ekki þekkt örnefni lengur en er yfirleitt talið eiga við um Hveravelli frekar en Þjófadali, sem er enda einnig gamalt örnefni og kemur fyrir í Vatnsdælasögu. Örnefnið Reykjavellir er þó einnig notað í Landnámabók og er ljóst af samhengi að ekki er um nákvæmlega sama svæði að ræða þó hugsast geti að svo hafi verið litið á að Reykjavellir væru í Hvinverjadal. Í Vinverjadal hefur verið sæluhús á 13. öld og má vera hið sama og HV-235c:007

"Vékell enn hamrammi hét maðr, er land nam ofan frá Gilá til Mælifellsár ok bjó at Mælifelli; hann spurði til ferða Roðreks. Þá fór hann litlu síðar suðr á fjöll í landaleitan. Hann kom til hauga þeira, er nú heita [232] Vékelshaugar; hann skaut milli hauganna ok hvarf þaðan aptr. En er þetta spurði Eiríkr í Goðdölum, sendi hann þræl sinn suðr á fjöll, er hét Rönguðr; fór hann enn í landaleitan. Hann kom suðr til Blöndukvísla ok fór þá upp með á þeiri, er fellr fyrir vestan Hvinverjadal ok vestr á hraunit milli Reykjavalla ok Kjalar ok kom þar á manns spor ok skilði, at þau lágu sunnan at. Hann hlóð þar vörðu þá, er nú heitir Rangaðarvarða. Þaðan fór hann aptr, ok gaf Eiríkr honum frelsi fyrir ferð sína, ok þaðan af tókusk ferðir um fjallit milli Sunnlendinga fjórðungs ok Norðlendinga." ÍF I, 231-32; (S 196, H 162)

" ... Þórir dúfunef keypti vánina [um unghryssi sem hvarf] ok fann síðan. Þat var allra hrossa skjótast ok var kölluð Fluga. Örn hét maðr; hann fór landshorna í millum ok var fjölkunnigr. Hann sat fyrir Þóri í Hvinverjadal, er hann skyldi fara suðr um Kjöl, ok veðjaði við Þóri, hvárs Þeirra hross mundi skjótara, Því at hann hafði allgóðan hest, ok lagði hvárr þeira við hundrað silfrs. Þeir riðu báðir suðr um Kjöl, Þar

til er þeir kómu á skeið þat, er síðan er kallat Dúfunefsskeið. En eigi varð minni skjótleiksmunur hrossa en Þórir kom í móti Erni á miðju skeiði. Örn unði svo illa við félát sitt, at hann vildi eigi lifa ok fór upp undir fjallit, er nú heitir Arnarfell, ok týndi sér þar sjálfr, en Fluga stóð þar eptir, því at hon var mjök móð. En er Þórir fór af þingi, fann hann hest [236] föxóttan ok grán hjá Flugu; við þeim hafði hon gengit. Undir þeim var alinn Eiðfaxi, er útan var færðr ok varð sjau manna bani við Mörs ..." ÍF I, 235-36 (S 202, H 169)

"... Haraldr konungr sendi Þorgeir enn hvinverska til Íslands at drepa Ásgrím [Ondóttsson landnámsm á Glerá nyrðri]. Hann var of vetr á Kili í Hvinverjadal ok kom øngu fram um hefndina." ÍF I, 264 (S 229)

" ... Haraldr konungr setti Þorgeir systurson Gríms til höfuðs Ásgrími ok fekk honum herskip tvau; hann fann hann aldri. Þá fór hann til Íslands ok ætlaði að drepa Ásmund [bróður Ásgríms] ok kom á Eyrar ok var í Hvinverjadal um vetrinn. Þat sumar eptir kom Ásgrímr út á Eyrum ok átti skip hálft við Þóri keilismúla, ok váru fjórir menn ok tuttugu á. Þeir váru ósamÞykkir ok leysti Ásgrímr skip til sín. Þórir reið norðr með hálfa skipverja ok kom í Hvinverjadal ok sagði til fara Ásgríms ok reið heim síðan. Ásgrímr reið hálfum [267] mánuði síðar frá skipi ok gisti at Þróndar mjöksiglanda í Þróndarholti. Hann bauð honum vetrvist ok kvað honum eigi mundu óhætt vera norðr at ríða fyrir Þorgeiri. Ásgrímr fór Þó norðr með tólf manna, ok höfðu tólf hesta klyfjaða ok töskur á. Þann dag er Þeir riðu um Kjöl, bað hann þá í brynjum ríða ok hafa kufla fyrir útan ok segja, ef þeir Þorgeir fyndisk, at Þórir keilismúli fœri Þar, en Ásgrímr væri norðr farinn. Þeir váru tvær nætr at Þorgeirs, því at hann hugði þá Þóri vera. Hann hafði fyrir þrjá tigu manna. Hann reið á götu með þeim ok sofnaði, er hann kom heim, ok dreymði, at kona kœmi at honum ok segði honum, hverir gestir með honum höfðu verit. Síðan riðu þeir eptir Ásgrími. Þeir Ásgrímr biðu á Vékelshaug hinum syðra, ok þar kom Ásmundr bróðir hans til móts við hann með fjóra tigu manna; hann sætti þá Þorgeir." ÍF I, 265, 267 (H 195)

1106: "Þat er og sagt, at frændr hans [Jóns biskups] ok vinir létu flytja kirkjuvið hans frá skipi ok sunnan í Vinverjadali; en Norðlendingar fara þángat eptir ok draga svo heim til Hóla." Jóns saga helga b.v. í C gerð - Bsk I, 162 nmgr 2, einnig í B gerð - Bsk I, 234.

1238: "En aðra [af Miðfirðingum] létu þeir [Kolbeins menn] fara suður á fjall með sér og fundu þeir Kolbein í Vinverjdal og gaf hann þeim grið og fóru þeir aftur vopnalusir." Sturl, 407.

1252: "Gissur sendi menn suður til sona sinna að þeir skyldu koma til móts við hann í Vinverjadal með sjö tigi manna en hann valdi lið úr Skagafirði, sex tigi manna, og þeir riðu með honum suður í Vinverjadal." Sturl, 568.

1254: "[úr Haukadal] fóru þeir Þórir fimmta dag jóla með þrjá tigu manna norður á fjall. Þá gerði harða veðráttu og hríðir á fjallinu og hinn sjöunda dag jóla höfðu þeir hríðviðri. Tók þá að dasast mjög liðið. Þorgeir kiðlingur lagðist fyrir. Komust þeir eigi með hann. Dó hann suður frá Vinverjadal. ... Er hann þar kasaður. ... Þeir komu í Vinverjadal og voru þar um nóttina fyrir hinn átta dag. Um daginn eftir [1.1.1255] fóru þeir úr Vinverjadal. Var þá veður nokkru léttara. Og er þeir voru skammt komnir frá Vinverjadal þá kom hræljós á spjót allra þeirra og var það lengi dags. Tíunda dag komu þeir síð um kveldið ofan í Svartárdal." Sturl, 664.

sept. 1257: "Reið biskup og Þorgils í Skálaholt og gerði biskup þá veislu góða Þorgilsi og hans félögum. Biskup segir að hann mundi norður með Þorgisli og vera með honum á Miklabæ. Nú riðu þeir til fjalls upp allir. Og þá gerði óveðráttu harða og reið biskup heim í Skálaholt ... Nú riðu þeir Þorgils á fjall og höfðu harða veðráttu. Þeir voru um nótt í Vinverjadal. Þorgils ræddi um að hann vildi liggja um nóttina í durum sæluhússins, bað þar búa um sig. Var svo gert. Lögðu þeir undir hurðina frá húsinu og þar ofan á klæði og lá hann þar um nóttina. [Þorgils dreymdi draum] [732] Og um myrgininn er þeir riðu norður frá sæluhúsinu þá segir Þorgils Sveinbirni presti drauminn ..." Sturl, 731-32. (1199x1201) "Kolbeinn ok hans húsfrú hafa með sinni fylgð riðit þann stóra kjöl, er millum bygða liggr um mitt landit, at hann tekr náttgistíng í þeim stað, er landsmenn kalla Vinverjadal." Guðmundar saga bróður Arngríms, Bsk II, 32 [í miðsögunni, sem líklega er heimild Arngríms, er aðeins talað um stað á Kili]

ÓLlandnSkag, 139-40; ÞTFerðabók II, 205-207; FSP, 515, 753; Jón Eyþórsson (1965): Hvar er Hvinverjadalur; FEB,

**HV-235c:011** heimild Rangaðarvarða samgöngubót

"En er þetta spurði Eiríkr í Goðdölum, sendi hann þræl sinn suðr á fjöll, er hét Rönguðr; fór hann enn í landaleitan. Hann kom suðr til Blöndukvísla ok fór þá upp með á þeiri, er fellr fyrir vestan Hvinverjadal ok vestr á hraunit milli Reykjavalla ok Kjalar ok kom þar á manns spor ok skilði, at þau lágu sunnan at. Hann hlóð þar vörðu þá, er nú heitir Rangaðarvarða. Þaðan fór hann aptr, ok gaf Eiríkr honum frelsi fyrir ferð sína, ok þaðan af tókusk ferðir um fjallit milli Sunnlendinga fjórðungs ok Norðlendinga." ÍF I, 232; (S 196, H 162)

Landnáma

**HV-235c:012** heimild legstaður

Dys einhversstaðar sunnan við Hvinverjdal - gæti eins verið í ÁR-694

1254: "[úr Haukadal] fóru þeir Þórir fimmta dag jóla með þrjá tigu manna norður á fjall. Þá gerði harða veðráttu og hríðir á fjallinu og hinn sjöunda dag jóla höfðu þeir hríðviðri. Tók þá að dasast mjög liðið. Þorgeir kiðlingur lagðist fyrir. Komust þeir eigi með hann. Dó hann suður frá Vinverjadal. ... Er hann þar kasaður. ... Þeir komu í Vinverjadal og voru þar um nóttina fyrir hinn átta dag. Um daginn eftir [1.1.1255] fóru þeir úr Vinverjadal."

Sturl, 664.

**HV-235c:013** hús sæluhús

Á Hveravöllum sunnan hverasvæðisins er gamalt sæluhús úr grjóti

Húsið er eign Svínavatnshrepps en er nú í tímabundinni umsjá Minjaverndar. Sæluhús þetta er byggt ofan í tóft þá sem talin er hafa verið af eldra sæluhúsi - frá Sturlungaöld jafnvel

**HV-235c:014** örnefni Bræðrahver

á Hveravöllum

HB Sumar, 45

**HV-235c:015** hver

hver- ón. hver á Hveravöllum, norðan við Bláhver: 'Dálítil kringlótt þústa stendur þar upp úr ljósgráum hverabalanum. Ofan í hana er eins og höggvin skál eða ker barmafullt af tæru vatni, sem ólgar upp um lítið op á skálarbotninum, og fylgja því fáeinar loftbólur ... Uppsprettan er svo mikil, að vatnið í skálinni endurnýjast á skömmum tíma. Enda hefur þessi hver verið mörgum, er dvalið hafa á Hveravöllum lengur eða skemur, til margra hluta nytsamlegur. Í honum hafa menn soðið mat sinn og þvegið föt sín.'

- HB Sumar, 45

## Stóridalur HV-246

Stóridalur á land fram Sléttárdal austanmeginn. Bærinn mun upphaflega hafa heitið Sléttárdalur og vera sami bær og getið er í Heiðarvígasögu. Nafnbreytingin mun vera frá um 1800 - Húnaþing III, 306

**HV-246:002** bæjarstæði Sléttárdalur bústaður/sel

Austanmegin á Sléttárdal gegnt KúluseliHúnaþing III, 305-306 "Sléttárdalur er framarlega á samnefndum dal. Í fyrstu var hér selstaða frá Stóradal, enda nafnið upphaflega Stóradalssel. Selið þótti afar stórt, og til marks um það var [306] stærð kvíanna, sem tóku allt að 180 ám. Sérstakt býli var gert hér um 1920, en síðastur bjó þar, til 1944, Bjarni Halldórson."

Húnaþing III, 305-306

**HV-246:003** heimild Hagakot býli

"...hjálega frá Stóradal, inni á dalnum, nokkru nær en Sléttárdalur, eða á merkjum þessara býla."

Húnaþing III, 306

**HV-246:004** heimild Svínavatnssel bústaður/sel

"Í suðvestur frá Sléttárdal var Svínavatnssel eða Gíslasel, þar sem föst búseta mun hafa verið stutt."

Húnaþing III, 306

### Þröm HV-247

Jörðin á land austan Blöndu fram um Gilsvatn. 1512 voru tvö býli á Þröm og er annað Gamla-, Forna-, eða Fremri-Þröm löngu farið í eyði. (Ytri) Þröm hefur oft fallið í auðn, en endanlega árið 1937. Þjóðsaga um kerlinguna/tröllkonuna Þröm sem kæfði smalann í Smalatjörn - sjá HV-235b:016

**HV-247:002** bæjarstæði Gamla-Þröm býli

"Í landi Þramar, suður undir landsenda, er bæjarrúst, sem heitir Gamla-Þröm."

"Aðrar heimildir nefna Fornu-Þröm, og enn aðrar Fremri-Þröm. Hugsanlega hefur aðeins verið um eitt býli ð ræða, og þá tilfærslu bæjarins, en þó bendir ýmislegt til þess að um tíma hafi þau verið tvö. Árið 1512 keypti Gottskálk Hólabiskup "Þremi tvenn" auk annarra jarða í sömu sveit. Biskup ánafnaði Hólastóli jarðir sínar [sbr DI]."

Húnaþing III, 305

**HV-247:003** heimild Þramrbrunnur brunnur

"Sagt er að niður við Blöndu sé þarna [nál. Gömlu-Þröm] hlaðinn brunnur, Þramarbrunnur."

Húnaþing III, 305

**HV-247:004** heimild Guðlaugsstaðasel sel

mun hafa verið í nánd við Gilsvatn - getið í fornum heimildum en staðsetning ekki þekkt

Húnaþing III, 305

## Bólstaðarhlíðarhreppur

### Eyvindarstaðir (Útheiði) HV-273b

Haugakvísl skilur útheiðina og Álfgeirstungur en að norðan skilur heiði og heimalönd lína "úr Kolluhvammsgreni í Blöndugili um Austurdali við syðra mynni Rugludals í hæstu bungu Hölknafells, og þaðan sjónhending í háustur á Fossárdalsbrúnir. Ráða svo hæstu brúnir hans í efra enda Smjörmálsgils. ... Smjörmálsgil ræður í Fossá, en hún fram á móti Arnarhól. Úr Arnarhóli liggja merkin austur á Þingmannaháls, en hann skiptir svo merkjum eftir því sem vatn fellur, meðan hann endist. Ræður svo sjónhending suður á Hraungarð. Ræður hann síðan suður á Hraungarðshaus, og af hæstu bungu hans suður að Ströngukvísl. Þaðan ræður austasta kvísl hennar að upptökum." - GR III, 298 Aðrir láta austurmörkin vera austar eða lína úr Arnarhóli austur í suðurenda Aðalmannsvatns og úr því með Eystri-Bugakvísl til upptaka og þaðan sjónhending austan við Bugahæð í Haugakvísl þar sem hún fer að renna í norðvestur. (sbr RGI Þættir XIX þar sem landamerkjabréf frá 1886 er tilfært) Útheiðin, Álfgeirstungur og Guðlaugstungur teljast tilheyra Eyvindarstöðum og eru stærsti hluti svæði þess sem frá alda öldi hefur verið leitarsvæði Bólhlíðinga en nú er allt svæðið milli Blöndu og Jökulsár vestari sameiginleg afrétt Bólstaðarhlíðar-, Lýtingsstaða- og Seyluhreppa. Skagfirðingar voru farnir að reka fé á Eyvindarstaðaheiði og Hávtungur á Stafnsafrétt um 1800 og urðu af því deilur sem leiddu til þess að Stafnsrétt var gerð að skilarétt fyrir allt leitarsvæðið sbr. GRI III, 338-41. Galtará skiptir Útheiðinni í tvennt, 'norðan Galtarár' og 'milli' kvísla' "Landið norðan Galtarár er ásótt flatlendi. Eru ásarnir allir lágir og afrenndir ... Nú er land þetta allmjög gróið, einkum vestan til, þó að sá gróðurfeldur sé allmargbreytilegur. Austurhlutinn er aftur á móti mjög blásinn. Er þar um allvíðáttumikið ásaflæmi að ræða, sem uppblástur herjar mjög á, og eru þar stór svæði örfoka. .... Vesturhlutinn er allmjög gróinn ... þó að hæstu ásarnir og bungur nokkrar, er hæst ber á, séu allber. Í lægðunum milli þeirra eru allvíðir flóar, sem eru ágætlega grösugir. Eru þeir víða vaxnir mjög stórgerðu broki og öðrum votlendisgróðri, er vex í hálendisflóum okkar. Summir þessir flóar eru tvímælalaust uppfyllt stöðuvötn ... [300] Í tveimur þessara flóa var heyjað, meðan byggð var svo nærri að það væri tiltækilegt. Stórafláin var heyjuð frá Fossum mjög oft, og hefir það haldist við allt til þessa dags. Mun bóndi sá er nú býr þar oft hafa sótt þangað drjúga björg í bú sitt, þó að engjavegur sé geysilangur. Refsárflói var iðulega heyjaður frá Rugludal, meðan þar var búið, og er það þó firnalöng leið. En gróður er oft geysistórvaxinn í þessum flóum, og er því mjög fljótfenginn heyfengur þarna. En mjög er erfitt með þurrkvöll, og varð því að flytja heyið alllangan veg, áður en hann fengist viðunandi. Auk þess eru flóarnir mjög fúnir, og því nær eða alveg ótræðir hestum og varð því að bera heyið, oft alllangan veg, áður en hestum varð við komið. Þessi heyfengur myndi því þykja erfiður nú. [í Blöndugili eru geysiháir hamrar og gróðursælt mjög á milli þeirra - fer þar saman veðursæld og kostaland] Er Fossárdalinn þrýtur, tekur við dæld nokkur, allvíð og gróin í botn, er Fossárdalsdrög heitir. ... Galtarárdrögin eru allgróin talsvert fram eftir. Þó fer gróðurinn rýrnandi eftir því sem sunnar dregur og endar á smáteygingum meðfram lækjasytrum. Taka þá við berir sandar nær gróðurlausir. [301] 'Milli kvísla' er landslag í höfuðdráttum mjög svipað og norðan Galtarár. Þó verða ásarnir hærri og bolmeiri, enda yfirleitt blásnari. Er sá ásinn, sem þar er mestur (Safnásinn) nær allur örfoka. ... Landið 'milli kvísla' er miklum mun rýrara haglendi en 'norðan Galtarár'. Veldur því hvorttveggja að ásarnir eru hærri og meiri, enda er landið miklu þurrara. Á þessu svæði er ekki hægt að telja nema þrjá flóa, sem nokkuð degur, og liggja tveir þeirra opnir fyrir uppblæstri, enda rýrna þeir óðum. Annar þeirra, Langaflói, sunnan Galtarár mun vera gamall vatnsbotn. Hinn heitir Haugaflá og liggur norðan Haugkvíslar, alllangt upp með [302] henni. Kvíslin og fláin draga nafn sitt af tveim hólum, er standa þar og rísa drjúgum yfir umhverfið [=Vékelshaugar]..." GR III, 299-302. "Gróðurinn á norðurhluta [Eyvindarstaða]heiðarinnar skiptist í býsna margbreytileg gróðurfélög. Ásarnir eru að miklu leyti vaxnir fjalldrapa og lyngi, einkum krækiberjalyngi. Með þeim er að sjálfsögðu allmargt af hinum harðgerðari þurrlendisjurtum. Mjög óvíða ná þær þó svo yfirhönd, að hreint valllendi ríki nema á smáblettum, og þá heslt ef dregur til skjóls af einhverjum ástæðum. / [Flóarnir] eru að sjálfsögðu allmisjafnir að gróðri, og veldur þar rakastigið mestu um. Hið blautasta er vaxið mjög stórgerðu broki, og eru þó fráteknar grónar tjarnir. Þær eru oftast vaxnar mjög stórvaxinni ljósastör. Botn tjarnanna er oftast vaxinn stórgerðum mosa. Myndar hann ásamt störinn alltraustan grunn. Heldur störin oft velli alllengi, eftir að mosinn er orðinn svo hár, að hann er kominn upp úr tjörninni. Eru slíkar flesjur oftast hestfærar, meðan störin heldur velli. En þegar svo er komið, mun brokið fara að seilast til valda, og þá horfir málið anna veg við. Verða flesjurnar þó oftast fljótlega ótræðar gripum. Mosinn mun oftast dauðadæmdur, er það hefir sigrað. En brokið þarf líka mikla bleytu til að ná fullum þroska. Brokið breytist svo aftur mjög fljótlega ef flóinn þornar ... Verður það þá smágerðara, og aðrar tegundir fara að skjóta upp höfðinu, uns komið er á það stig, að þurrlendisgróður er orðinn ríkjandi. Er þá oft

skammt til foks. Hjálpar þar til, að einmitt slíkt land verður venjulega fyrir mjög miklum ágangi, því að hross sækja mjög á það land, sem liggur undir slíkum gróðurskiptum.- Þessi margbreyttu gróðurstig, þar sem votlendi er að breytast í þurrlendi, eru mjög algeng um fló heiðarinnar. / Eftir því sem innar dregur á heiðina, minnkar fjalldrapinn, og verður hans lítið vart fyrir framan Haugakvísl." GR III, 310 - um uppblástur sem er mestur á brúnum Fossárdals þó að Öfuguggavatnshæðir séu að gróa upp að nokkru - GR III, 310-312. "Í Blöndugili, rétt sunnan við heiðartakmörkin, er skógartorfa umlukt hömrum á allar hliðar. Torfa þessi er ekki yfir 50 m2 að flatarmáli. Þarna eru nokkrar birkihríslur, og munu þær hæstu allt að 3 m á hæð. Drjúgur hluti torfunnar er vaxinn jarðlægu kjarri ... Einir mun vaxa á tveimur stöðum á heiðinni, en smávaxinn og fátæklegur á báðum stöðum. Annar vaxtarstaðurinn er Blönduvatnshólar ... Hinn er Galtarártorfur, grastorfur nokkrar, er sýnilega eru leifar af allstórum flóa, sem nú er að mestu blásinn. Eru torfurnar alllangt upp með Galtará. ... Aðeins eitt stöðuvatn er á heiðinni, sem nokkur veiði er í, Blönduvatnið ... Mun sú veiði ekki mikil. Dálítil veiði er í Galtará og Haugakvísl. En skammt mundi það draga." GR III, 312.

**HV-273b:001** gata Skagfirðingavegur leið
"Yfir [Safn]ásinn, allskammt fyrir norðan Blönduvatn, liggur hinn forni Skagfirðingavegur vestur á Stórasand. Má þar á einum stað sjá 26 götur samhliða, og eru þær yfirleitt alldjúpar, svo að oft hefir verið farið þar um. Liggja þessar götur að Blönduvöðum, sem eru þar vestur undan."
GR III, 301I, 302

**HV-273b:002** örnefni Tjaldhóll áfangastaður
"Þá má og geta þess, að báðir eru flóarnir [sinn hvorum meginn Blönduvaða HV-235b:007] hinir ágætutu áningarstaðir. Heitir og hólbarð nokkurt austan austari flóans Tjaldhóll, og mun heitið allfornt." -
GR III, 301

**HV-273b:003** heimild Vékelshaugar
"Vékell enn hamrammi hét maðr, er land nam ofan frá Gilá til Mælifellsár ok bjó at Mælifelli; hann spurði til ferða Roðreks. Þá fór hann litlu síðar suðr á fjöll í landaleitan. Hann kom til hauga þeira, er nú heita [232] Vékelshaugar; hann skaut milli hauganna ok hvarf þaðan aptr." ÍF I, 231-32

"[Haugakvísl og Haugaflá] draga nöfn sín af tveim hólum, er standa þar og rísa drjúgum yfir umhverfið, einkum sá eystri, sem er sýnu meiri. Virðist hann vera ferlegur jökulakstur ... Hinn vestari er klappaborg ... Hólar þessir eru í daglegu tali kallaðir Haugar. En telja verður fullvíst, að hér séu Vékelshaugar þeir, er Landnámabík skýrir frá. Og þótt svo langt sé á milli þeirra, að ekki geti átt sér stað, að Vékell hafi skotið spjóti á milli þeirra, ef sá verknaður er skilinn svo, að hann hafi skotið því þessa vegalengd í einum áfanga, virðist hitt ekki jafnfráleitt, að þessi athöfn hafi verið nokkurs konar helgun landnámsmannsins, og leiðin því skotin í svo mörgum áföngum, sem þörf krafði, sbr. þegar landnám var helgað með eldi." GR III, 302. ATH Ól Lár Landn Skag, 139 - fjarlægðin milli hólanna er 600-800 m. "Ekki sýnist það trúleg saga að Vékell hafi skotið spjóti eða tundurör milli hauganna þótt hamrammur væri, því stærri hóllinn er alllangt frá. Hins vegar er sá sem kofinn er við, tvískiptur, eða tveir hólar með stuttu millibili og trúlegri saga að spjótinu hafi verið skotið milli toppanna á þeim."
Landnáma, RGI Þættir IV

**HV-273b:004** tóftir Eyvindarstaðasel
"...Eyvindarstaðir höfðu selför við Galtará. Sést þar enn allglöggt móta fyrir seltóttum á yðri bakka árinnar, og bera þær enn nafnið Eyvindarstaðasel." -

"Má og ætla, að það [selið] hafi verið nytjað sem slíkt um alllangt skeið. Þó kann það að villa sýn í þessu efni, að vel má vera, að á rústum selsins hafi verið reist skýli fyrir leitarmenn og hafi þau staðið þar alllengi. Nú er áfangi gangnamanna á norðurbakka árinnar ..." sbr HV-273b:005
GR III, 302

**HV-273b:005** heimild sæluhús
Áfangi/sæluhús gangnamanna á norðubakka Galtarár gegnt Eyvindarstaðaseli

"... kann það að villa sýn í þessu efni, að vel má vera, að á rústum [Eyvindarstaða]selsins hafi verið reist skýli fyrir leitarmenn og hafi þau staðið þar alllengi. Nú er áfangi gangnamanna á norðurbakka árinnar, og má vel vera, að skýlið hafi verið flutt norður fyrir ána, þegar Langiflói þornaði norðan til, en það hefir hann hlotið að gera, þegar lækurinn, sem fellur úr flóanum, gróf sig niður. [303] Hlaut þá gróðurfar að breytast mjög til hins verra fyrir hesta leitarmanna, en Galtarárflói nærtækur og grösugur [norðan við ána]." Kofi var kominn á þessum stað 1894 - GR III, 349 sbr. 313 og nýr skáli byggður 1964 en nú hefur allt þetta svæði farið undir uppistöðulón frá Blönduvirkjun - GR III, 358 sbr. Rósmund G Ingvarsson Þættir IV: "Við Galtará hefur lengi verið gangnamannakofi og er enn. (1988). Hann er rétt norðan við ána og aðeins neðar en Eyvindarstaðasel hefur staðið. Er jafnvel talið að kofinn hafi áður verið í rústum selsins en svo verið byggður nýr kofi norðan við ána. Þar standa enn veggur úr torfi og grjóti og þar er skáli með áföstu hesthúsi. Vegna fyrirhugaðs virkjunarlóns verður nú reistur nýr skáli við Galtará talsvert ofar og var hesthús byggt þar s.l. sumar (1987)
GR III, 302

**HV-273b:006** örnefni Þingmannaháls
Örnefni á Kjalvegi, vestan við Svartárbuga, sunnan við Hanskafell og norðan við Ytra Skiptafell Rétt austan við Þingmannaháls klofnar Skagfirðingavegur frá Kjalvegi. Liggur sá fyrrnefndi um vikið milli Hanskafells og Þingmannaháls en Kjalvegur liggur yfir hálsinn sunnan við hæsta topp hans

**HV-273b:007** dys Kurbrandsdys
"... austan Kurbrandsmýra. Sést þar allvæn grjóthrúga, ekki langt vestan við alfaraleið." Húnaþing III, 302Húnaþing III, 302; GR III, 314; ÞÓD III, 19-20 "[Ein saga af Ruglu blótkonu í Rugludal] er sú, að hún hafi haft smalamann er Brandur hét. Skyldi hann gæta alls málnytupenings hennar. Var hann af því Kurbrandur kallaður. Þann sið hafði Rugla, að binda strokkinn á bak Brandi, er hann fór með féð að morgni. Skyldi strokkurinn fullskekinn að kvöldi, er búsmali kom [314] á stöðul. Nú bar svo til eitt kvöld, að Brandur kom eigi heim með kýr né ær. Fór þá Rugla að leita hans. Fann hún hann sofandi á ás þeim, er liggur austanhalt við mýrar þær, er síðan eru við hann kenndar og nefndar Kurbrandsmýrar. Drap hún hann þar og dysjaði. Heitir þar síðan Kurbrandsdys, er hann var götvaður. / Sá siður er tengdur við dys þessa, að hver sá, er fyrsta sinn fer í göngur, skal leggj aþar þrjá steina. Heimilt var þó síðar að leysa sig undan þesari kvöð með því að láta félögum ínum í té einn pela af brennivíni. Væri hvorug skyldan af hendi innt, skyldi hann leiddur þrjá hringa kringum dysina, og átti þá taumhaldið að vera sá hluti líkamans, er ógjarnan er hafður á glámbekk. (Sagnir Jónasar Illugasonar ofl.)" GR III, 313-13 Sagan er í ÞÓD II, 19-20

**HV-273b:008** þjóðsaga Goðhóll
"...líka nefnt Goðhólar. Er annar þeirra allstór þúfa. - Er hann á brún Blöndugils, skammt fyrir sunnan norðurmerki heiðarinnar."

"Rugla sú er byggði Rugludal, var blótkona mikil. Reisti hún hörg einn við hól þennan og gekk þangað til blóta. Er það nær tveggja stunda gangur. Fleiri sagnir eru til um hana, er benda til, að hún hafi verið mikil fyrir sér." sbr söguna um Kurbrand HV-273b:007 - "Segja sumir að þar megi sjá móta fyrir veggjum. Ekki getur sá, er þetta ritar [Guðmundur Jósafatsson], fallist á þau rök, og hefir þó athuga

þett eftir föngum."
GR III, 313
**HV-273b:009** tóft Haugakofi sæluhús
"Skáli stóð á vestari Haugnum um alllangt skeið, og var hann talsvert notaður af vetrarleitarmönnum."
1886: "Kofi var norðan við [Hauga]kvíslina, heldur forn og óvistelgur. Hann var nefndur Haugakofi eftir Vékelshaugum. ... hurðin stóð opin og snjóskafl á gólfinu." GR IV, 62. "Við Haugakvísl norðanverða, á Vékelshaugum var kofi, Haugakofi, og sjást leifar hans."
GR III, 313; IV, 62; RGI Þættir IV
**HV-273b:010** heimild rétt
"Fyrir því komu margir Tungusveitungar eigi til gangna [á Eyvindarstaðaheiði], en það var vani orðinn, einkum eftir að niður var lagður dráttur Skagfirðinga við Galtará á Eyvindarstaðaheiði, að þeir ráku til Stafnsréttar..." Gísli Konáðsson Húnvetningasaga (GR III, 338)
Ekki kemur fram hvort rétt hafði verið byggð fyrir þennan sundurdrátt en það verður þó að telja líklegt

## Eyvindarstaðir (Ásgeirstungur) HV-273c

"Herma sagnir, að Ásgeirstungur hafi í öndverðu legið undir Álfgeirsvelli í Skagafirði. Má benda á það að Álfgeirsvellir voru gjaldfrjálsir um fjalltolla, og mun engin önnur jörð á því svæði sem hér um ræðir og ekki átti land að afréttinni, hafa notið þeirra fríðinda. Sögn hermir að Ásgeirstungur hafi verið látnar til Eyvindarstaða með þessu skilyrði, og hafi það því verið talið til réttlætingar þesu gjaldfresli. ... [303] ... En snemma á öldum munu Eyvindarstaðir hafa eignast Ásgeirstungur ..." GR III, 302-303. Ásgeirstungur takmarkast af Haugakvísl að norðan og austan, Ströngukvísl að sunnan og Blöndu að vestan. Austurmörkin eru ólós og stundum talin um Hraungarð - Hrungarðshaus en eystri mörkin (Haugakvísl til upptaka og í Ströngukvísl um Fossbrekku) verða höfð hér

"Landið er í aðaldráttum líkt og norðan Haugakvíslar, ásótt flatlendi. Hallr því örlítið móti V og NV. Er neðri (=vestari) hluti Tungnanna mjög þurr og allmjög blásinn á stórum svæðum. Efri hlutinn (=austur- og suðausturhlutinn) er aftur á móti ágæta vel gróinn. Eru þar víðáttumiklir flóar, er takmarkast af lágum ásum ... Er þar um allstórt flæmi að ræða, sem er mjög flatt, og fer gróðursældin eftir því. Á þetta land herjar nú uppblástur..." GR III, 303 sbr um uppblástur GR III, 311. Ásgeirstungur takmarkast að austan af Haugahrauni en austurtakmörk þess er Hraungarðurinn sem er sandalda, er telja má að liggi á vesturbrún hálendishryggs þess sem kallaður er Hraun. Er hann mjög gróðurlítill. Það er og hægt að segja um Haugahraunið mestallt. Þó eru þar allvel grónar vinjar, sem einu nafni heita Hraundrag, og liggja þær í allsamfelldri röð eftir því nær endilöngu hrauninu. Þessar gróðurvinjar er í lægðum, þar sem dregur til raka, og eru þó nær eingöngu vaxnar þurrlendisgróðri. Eru þær víða mjög sléttar. Haugahraun er að öðru leyti óreglulegar sandöldur ... GR III, 304.

**HV-273c:001** þjóðsaga Mannabeinavatn
Mannabeinavatn er tjörn austan Kjalvegar, nokkru sunnar en Þúfnavatn, skammt frá Ströngukvísl. -
Tjörnin er nær þornuð, lækurinn sem úr henni fellur hefur grafið sig niður og þurrkað hana og Strangakvíl átt drjúgan þátt í að fylla það. Hefur allmikill hluti hins upprunalega stöðuvatns gróið vel, og er þr nú æðistór flói sunnan og suðasutan við vatnið. Heitir hann Mannabeinavatnsflá -
Jónas Illugason frá Brattahlíð segir þessa sögu um uppruna nafnsins: "Í fyrndinni var svæði það, sem tjörnin liggur á, grasi gróið. Stóð þar leitarmannakofi og var þar áfangi. Var þar oft háreysti og ófagur munnsöfnuður. Kvöld eitt keyrði mjög úr hófi um orðbragðið, og tók þó einn leitarmanna ekki þátt í þessu glensi þeirra. Þegar leitað var náða, gat han ekki sofnað og gekk út. Kom þá hlauð mikið í Strönguvísl með svo miklum jakaburði, að hún stíflaðist sunnan við hæð þá, er liggur vestan vatnsins. Flóði kvíslin yfir áfangastaðinn og drekkti öllum leitarmönnum nema þein, er áður getur. Myndaðist þá vatnið. Löngu síðar rak svo bein þeirra upp úr vatninu. Var lengi reimt þar umhverfis. Var og áfangi, er hafður var þarna skammt frá, til skamms tíma ýmist nefndur Neðriáfangi eða Draugaáfangi."
GR III, 303-304
**HV-273c:002** heimild Kvíslavöð vað
Kvíslavöð eru á Ströngukvísl þar sem Kjalvegur liggur yfir, alldrjúgan spöl frá Blöndu Byltist Strangakvísl þar á allvíðum söndum -
GR III, 303
**HV-273c:003** heimild Neðriáfangi sæluhús
Náttstaður leitarmanna skammt frá Mannabeinavatni var ýmist kallaður Neðriáfangi eða Draugaáfangi vegna reimleika í tengslum við Mannabeinavatn
Strögukvíslaskáli var risinn 1894 - GR III, 346 og var í notkun 1914: "Stendur hann á ás norðan kvíslarinnar, nokkru austar en Kjalvegur." - GR III, 350. "Skáli þessi er ... skammt frá Kjalvegi, og eru þess nokkur dæmi, að þeir sem hann fara, leiti þar skjóls." - GR III, 313 Þessi áfangastaður var fluttur um miðja öldina lengra upp með Strögukvísl - GR III, 313( Ekki er augljóst hvort elsti Strögukvíslarskáli var í Neðraáfanga eða hvort að Neðriáfangi var færður að skálanum) "Strögukvíslaskáli var endurbyggður 1959. Þar er nú verið að byggja stóran skála samkvæmt samningi virkjunaraðila við Blöndu og heimamanna." GR III, 358 "Þá var kofi við Strögukvísl norðanverða, nokkuð ofan við Kjalveg. Hann mun hafa verið nenfdur 'Neðri áfangi'. á þeim stað var skáli reistur og hestahús (tvö) og nú hefur verið byggt þar mjög myndarlegt hús með sambyggðu hesthúsi ofl. Strögukvíslarskáli."
GR III, 304, 313, 346, 350; RGI Þættir IV
**HV-273c:004** heimild Áfangaflá náttstaður
Tjaldstaður Skagfirðinga - GR IV, 53 og sæluhús e. 1930 "Annar skáli við Strögukvísl er nánast í efstu grösum í Ásgeirstungum og heitir þar Áfanagflá. Þar var áður kofi, en síðan var settur þar upp skáli fyrir gangnamenn og braggi fyrir hestana. Þar gistu Skagfirðingar sem leituðu svonefnd Hraun, austan Eyvindarstaðheiðar og norðan Strögukvíslar."
Þessi skáli hefur ekki verið notaður eftir 1985/86 vegna breytinga á smölunarkerfi - RGI Þættir IV Skáli þessi er "eingöngu ætlaður vestasta flokki Skagfirðinga, sem verður að leita þangað vestur vegna hagleysis á leitarsvæðum hans." GR III, 313. Skálinn hafði ekki verð byggður 1930 - GR IV, 51
RGI Þættir IV; GR III, 313
**HV-273c:005** heimild Grjóthólaflá náttstaður
Efriáfangamanna var í Grjóthólaflá, sem er norðan Strögukvíslar ofantil í Ásgeirstungum. Náttstaður þessi var síðar fluttur suður yfir kvílina að Herjhól.
GR III, 314, 315

## Eyvindarstaðir (Guðlaugstungur) HV-273d

Guðlaugstungur takmarkast að sunnan og vestan af Blöndu en að norðan og austn af Strögukvísl. Svartakvísl er á suðurmörkum hinna eiginlegu Guðlaugstungna og heitir þar fyrir sunnan Svörtutungur. Hvortveggja tungurnar tilheyra Eyvindarstöðum.

"Munnmælasögn hermir, að Guðlaugstungur hafi í öndverðu verið numnar af Guðlaugi þeim, er Guðlaugsstaðir í Blöndudal eru kenndir við, og beri þær nafn hans. En orsök þess að þær komust undir Eyvindarstaði hermir sögn [þessi]: Snemma á öldum eignuðust Eyvindartaðir beitarítak vestan Blöndu á suðurbarmi gils þess, er Gilsá er við kennd. Er þar jarðsælt. Einhverju sinni er harðna tók um haga, var þar fannbert og nægur hagi. BRá þá bóndi sá, er bjó á Guðlaugsstöðum, á sitt ráð og beitti nautum sínum á rima þennan. Bóndinn á Eyvindarstöðum þoldi illa ágananginn og sendi þræl sinn að reka bautin. Þrællinn rak nú nautin sem ákafast og sást lítt fyrir. Þegar bóndinn á Guðlaugsstöðum sá til ferða þrælsins, tók hann vopn sín og snéri til móts við hann. Þegar þrællinn sá til ferða bónda, taldi hann sig varbúinn að mæta honum og tók á rás undan. Blanda var á ísi á hyl þeim, er Skeshylur heitir og er undan norðvesturhorni Eyvindarstaðatúnsins. Rann nú þrællinn til hylsins, en bóndi hljóp suður gilbarminn að vestan. Þegar hann kom á klettanöf þá, sem er vestan Skershylsins, skaut hann spjóti eftir þrælnum, er þá var staddur í skeri því, er hylurinn dregur nafn af. Kom spjótið í hann miðjan, og varð það hans bani. Heitir þar síðan Þrælssker, er þrællinn féll, en Spjótsnöf, er bóndi stóð. / Urðu nú víðsjár af vígi þessu. Var leitað um sættir, og tókust þær á þann veg, að Guðlaugstungur skyldu látnar til Eyvindarstaða í þrælsgjöld, og hefir svo haldist síðan." (Sögn Guðmundar Jónssonar b. í Hvammi í Svartárdal ofl.) GR III, 309

"Hiklaust mun mega telja Guðlaugstungur ásamt með Svörtutungum eitt ágætasta gróðurlendi, sem til er hér á landi svo hátt yfir sjó. Eru þær að mestu ein samfelld gróðurbreiða, og er mjög mikill hluti þeirra meira og minna blautir flóar. Eru þeir víða svo fúnir, að þeir eru ótræðir gripum, ef fara skal sjónhendingar. En víða fer þó stóð um þær, sé það sjálfrátt ... Tungurnar eru yfirleitt mjög flatlendar. Hallar þeim örlítið móti NV og eru mishæðalitlar ... Guðlaugstungur voru mjög frægt grasatekjuland, meðan fjallagrös voru nýtt til bjargráða. En eflaust mun þar nú rýrari tekjuvonir í því efni [og rekur höf ástæðu þess til hvarfs rústanna sem víða voru um þetta svæðien grösin uxu í hliðum þeirra. [306] En með hvarfi þeirra] minnkar grasatekjan mjög og getur jafnvel horfið með öllu, þegar þær hverfa. Grösin eru, sem kunnugt er, þurrlendisskófir og þola því ekki nábýli og enn síður sambýli við votlendigróður, síst stórvaxinn, eins og brokið verður víða um Guðlaugstungur. ... Gróður er talsverður umhverfis Draughálsinn, en sjálf er hábungan fremur gróðursnauð. .... [Í Svörtutungum] nær gróðurlendið samfellt lengst inn á Eyvindarstaðaheiði. Er meginhluti þeirra alllangur flói inn með Blöndu, ágætlega grösugur. Er hann óvíða mjög breiðir, en illtræður hestum, enda sjaldan til þes hætt að fram ameð þá út í hann. [Landið suður af tungunum heitir Guðlaugstunguhraun og Svörtutunguhraun og eru gróðurlitlir hálendissandar] Smáfelld gróðurbönd seilast dálítið mislangt frá hinum samfellda gróðurfelldi Tungnanna inn á sandana [um auðnir undir Hofsjökulbrún 306-309] - GR III, 305-309. "...allmikið er af krækiberjalyngi í Guðlaugstungum neðan til. Þar eru stundum ágæt ber." GR III, 310. Um hættu af uppblæstri - GR III, 311 mun lítil og er Guðlaugstungnahraun frekar að gróa upp - GR III, 311-12.

**HV-273d:001** örnefni Herjólfslækur
Herjólfslækur er austastur og mestur lækja þeirra sem renna um Guðlaugstungur og falla í Ströngukvísl. "Á hann að draga nafn af einum Hellismanna, sem á að hafa fallið þar."
GR III, 305

**HV-273d:002** örnefni Draugháls
Draugháls er í Guðlaugstungnasporði þar sem mætast Blanda og Strangakvísl og er allfyrirferðarmikil blágrýtisalda, gróður er talsverður umhverfis hálsinn og liggur Kjalvegur meðfram honum að austan -
GR III, 306

**HV-273d:003** varða Eyfirðingavegur samgöngubót
"Sjást enn á þessari leið þrjú vörðubrot, sem ætlað er að séu leifar frá þessum ferðum. Má af þeim marka stefnu þeirra, enda mun hún augljós við athugun og torfærulítil." Vörðurnar munu vera einhversstaðar milli Þverbrekku og Blöndukvísla -
GR III, 308-309

**HV-273d:004** örnefni Eyfirðingahóll
Eyfirðingahóll heitir skammt norðan Blöndukvísla og var þar mótsstaður gangnamanna og göngum skipt - væntanlega við Eyfirðingveg. Á þessum slóðum heitir líka ein kvíslin Eyfirðingakvísl
GR III, 314, 315

**HV-273d:005** heimild sæluhús
Syðsti skálinn á Eyvindarstaðaheiði er við Blöndu í Svartártungum, nokkru sunnar en Kjalvegur fyrir yfir Blöndu -Kofi þessi var reistur fyrir undanleitarmenn, meðan Svörtutungur voru gengnar með Árnesingum og hefur verið aflagður sem gististaður gangnamanna fyrir nokkru -
GR III, 313; RGI Þættir IV

**HV-273d:006** heimild Herjhóll náttstaður
Efriáfangamanna var við Herjhóll (>Herjólfshóll sbr HV-273d:001?) sem er sunnan við Ströngukvísl austarlega í Guðlaugstungum.
"...þegar Guðmundur Jónsson, bóndi á Brún, varð gangnaforingi, færði hann áfangann [sem verið hafði í Grjóthólaflá] suður fyrir kvíslina og setti hann við Herjhól ... er svo haldið enn í dag." GR III, 315. Seinna hefur verið byggður kofi á þessum stað en hann hefur nú verið aflagður sem gististaður gangnamanna fyrir nokkru - RGI Þættir IV. Guðmundur Jónsson mun hafa orðið gangnaforingi laust eftir 1830 og lét af 1865 - GR III, 321
GR III, 314, 315; RGI Þættir IV

**HV-273d:007** heimild Blöndutjörn náttstaður
"... smátjörn, sem liggur í dæl nokkurri vestan undir [Hofsjökli]." - Náttstaður undanreiðarmanna -
GR III, 314

**HV-273d:008** heimild Svörtukvíslaráfangi náttstaður
Undanreiðarmenn lágu fyrstu nóttina við Svörtukvísl og þar var líka náttstaður aðalgangnamanna áður en hinar eiginlegu göngur hófust -
"Er hann sléttur sandbakki og þó gróinn, en síki nokkurt norðan við hann og að nokkru að austan."-"Var Svörtukvíslaráfangi orðlagður fyrir gleðskap. Studdist það við hvorttveggja, að þá voru gangnamenn óþreyttir, enda dugðu vínföng mörgum aðeins fyrstu nóttina."
GR III, 314-15

## Stafn (Stafnsafrétt) HV-279b

"Mun Stafnsafrétt hafa náð yfir Hátungur, milli Fossár og Svartár, Svartárbuga og sandana suður af Bugunum, allt fram að Hofsjökli." GR III, 297 Einnig Haukagilsheiði austur að vatnaskilum, en Stafnsafrétt er hér látin enda fram við Haugahraun. Framan við botn Fossárdals ber heimildum ekki saman um merkin milli Stafnsafréttar og Eyvindarstaðaheiðar. Skv. GR III, 298 - sem virðist sýna viðteknar skoðanir gangnamanna - lágu merkin frá Arnarhóli - fyrir botni Fossárdals - austur á Þingmannaháls sem síðan skiptir merkjum eftir því sem vatn fellur meðan hann endist. Ræður svo sjónhending suður á Hraungarð. Samkvæmt landamerkjalýsingu Eyvindarstaðaheiðar 28.09.1886 krækti heiðin til austurs í suðurenda Aðalmannsvatns og átti þaðan vestan við aðrahvora Bugakvíslina, þannig að skv þessu bréfi átti Eyvindarstaðaheiði stóran hluta Svartárbuga. Þar sem vafi er um þessi merki verða hin höfð og Svartárbugar austan Þingmannaháls látnir fylgja Stafnsafrétt, enda er það eðlilegra mv legu landsins. Stafnsafrétr hefur verið seld undan Stafni og er nú notaður með Eyvindarstaðaheiði til upprekstrs úr Bólstaðarhlíðar-, Lýtingsstaða- og Seyluhreppum (RGI Þættir XIX) - ATH bréf til Hóalbiskups 1608.

Meðan Stafnsafrétt var heimaland Stafns og skiptust lambatollar af Eyvindarstaðaheiði og Stafnsafrétt að helmingi milli eigenda Eyvindartaða og Stafns eftir að Stafnsrétt var gerð að skilarétt 1801 - Húnvetningasaga Gísla Konráðs. Þegar um 1800 ráku margir Skagfirðingar fé á Háutungur. -

1394 á Bergstaðakirkja hálfan Fossárdal með allri jarðareign, haga og hryssa og allra landsnytja til rétta fyrir austan og þar gegnt fyrir vestan (með frekari skilmálum, á húsgjörð í dalnum og skal bóndi á Stafni fá sauðamanni af Bergstöðum húsrúm, ketil og eldivið, dryk og vinnu óleigis með sínum mönnum) Eitt gelt naut skal vera með kúneytum í Stafni hvort sumar ef sá vill er á Bergstöðum býr - DI III, 544-45 sbr [1360x89] - DI III, 158-59 en ekki 1318 - DI II, 473.

**HV-279b:001** hleðsla Ranarétt rétt
Áður en skilarétt var stofnuð að Stafni 1812 var aukarétt þar og stóð hún á Háutungnasporði vestan við Svartá

"Upprunalega var Stafnsrétt byggð á tungusporðinum milli ánna, Svartár og Fossár, og hét þá Ranarétt. Sér þar enn móta allljóst fyrir mannvirkjum. Eru þau allforn og tekin ð gerast óljós. Þó er vel hægt að gera sér fyrir því, að þarna hafir rétt staðið. Mun nú drjúglangt síðan ð hún var flutt norður fyrir ána. Er þar líka miklum mun betri aðstaða ..." GR III, 327 Ranarétt var líka kölluð Stafnsrétt meðan hún var aukarétt - (Húnvetningasaga Gísla Konráðssonar)

GR III,327, 338

**HV-279b:002** heimild Stafnssel
Stafnssel voru tvö og var annað þeirra" frammi á Stafnsgili, skammt fyrir vestan mynni Þjófagils. Þar mun byggð hafa enst lengur [en í hinu selinu] enda vorar þar mun fyrr." Ekki kemur fram hvenær sel þetta á að hafa verið notað sem heilsársbústaður

Húnaþing III, 301

**HV-279b:003** örnefni Þjófagil
Þjófagil fellur í Stafnsgil framarlega

Húnaþing III, 301

**HV-279b:004** örnefni Vopnalækur
Vopnalækur mun gamalt heiti á læk þeim sem fellur úr Aðalmannsvatni í Svartá

RGI Þættir XIX

**HV-279b:005** heimild Bugaskáli sæluhús
Bugaskáli er við suðurenda Aðalmannsvatns fast við lækjarsprænu sem rennur í það að sunnan. Getið í fráögnum af eftirleitum um síðustu aldamót og 1914 - GR III, 35; GR IV, 55 - notaður af Skagfirðingum - GR IV, 47 um 1900: "...var kofinn bæði lítill og svo lágur, að þeir gátu ekki staðið uppréttir, og áttu því óhægt með að ganga um gólf sér til hita." GR IV, 55 "Við suðurenda Bugavatns, öðru nafni Aðalmannsvatns í Bugum, hefur lengi verið kofi og síðar skáli. ... Kofinn var á stórum hól sunnan við vatnið og standa leifar hans. Við hann er rétt með háum veggjum. Skáli, Bugaskáli, með viðbyggðu hesthúsi var resitur spökorn vestar, þ.e. vestan við Bugaflána ... Við kofann í Bugum töldu menn sig hafa orðið vara við ferðir framliðinna gangnamanna en ekki fara þó margar sögur af því."

RGI Þættir IV; GR III, 351; IV,47, 49, 55

### Kóngsgarður HV-280
Ekki nefnd 1802 og hefur þá væntanlega verið í eyði, en fór síðast í eyði 1887. Húnaþing III, 301-302 Samkv. SSH var Kóngsgarður byggður upp sem nýlenda árið 1833 og hafði þá verið í eyði síðan á 15. öld. JÁM getur þó um leigumála hér ATH. 1394 á Bergstaðakirkja hálfan Fossárdal með allri jarðareign, haga og hryssa og allra landsnytja til rétta fyrir austan og þar gegnt fyrir vestan (með frekari skilmálum, á húsgjörð í dalnum og skal bóndi á Stafni fá sauðamanni af Bergstöðum húsrúm, ketil og eldivið, dryk og vinnu óleigis með sínum mönnum) Eitt gelt naut skal vera með kúneytum í Stafni hvort sumar ef sá vill er á Bergstöðum býr - DI III, 544-45 sbr [1360x89] - DI III, 158-59 en ekki 1318 - DI II, 473

Nú nytjað frá Fossum og hefur túnið verið sléttað með vélum.

**HV-280:001** bæjarstæði Kóngsgarður býli
Á bæjarhólnum standa nú fjárhús frá Fossum og hefur hóllinn og túnið umhverfis verið sléttað

Dagb. OV 1992, 8

**HV-280:002** frásögn bænhús
Á fyrri hluta aldarinnar sáust ógreinilegar þústir fyrir framan hlaðið á Kóngsgarði sem agt var að væri eftir bænhús. Var talið að þústirnar væru leiði.ekki sést til fornleifar

Dagb. OV 1992, 8

**HV-280:003** heimild Kóngsgarðssel
"Langt fyrir framan Kóngsgarð var Kóngsgarðssel, en engar sögur fara af búskap þar."

Húnaþing III, 302

# Skagafjarðarsýsla

## Lýtingsstaðahreppur

### Hraun Sk-653
Hraun er hálendisauðn norðvestur af Hofsjökli. Syðst skilur austasta kvísl Ströngukvíslar Hraunin frá Guðlaugstungum, þá Haugakvísl eða Hraungarður- Hraungarðshaus frá Ásgeirstungum. Jökulsá Vestari er á mörkum við Hofsafrétt en norðurmörk eru óljós. Stafnsafréttur telst yfirleitt ekki ná lengra fram en á móts við Syðra-Skiptafell en Goðdalir og aðrar jarðir í Skagafirði ekki lengra en að Skiptabakka við Jökulsá og yfirleitt skemur. Hraun virðast aldrei hafa verið talin tilheyra ákveðinni jörð en þau eru á leitarsvæði Bólstaðarhlíðar- og Lýtingsstaðahreppa. Vatnaskil milli Héraðsvana og Blöndu eru um mið Hraun og er þau því í báðum sýslunum en talin hér með Skagafirði því svo virðist sem Skagfirðingar hafi leitað hér meira en Bólhlíðingar Haugahraun (á austurmörkum Ásgeirstungna) er hluti af geysivíðáttumiklu sandflæmi, sem nær allt austur að Jökulsá. ... Norður frá Hofsjökli liggur allbreiður hálendishryggur, sem samfelldur og að mestu ósprunginn nær norður að Mauturtakmörælifellshnjúk.

**Sk-653:001** örnefni Eyfirðingahólar
Eyfirðingahólar "eru rétt vestan við Vestari-Jökulsá og enda austan vestustu kvíslar hennar. Eru hólar þessir allmikil þyrping jökulruðnings og ekki háir." GR III, 299 Eyfirðingavegur lá meðfram þessum hólum -
"Eyfirðingahólar eru rétt austan við Vestustukvísl ofarlega. Þegar Eyfirðingar riðu til þings í gamla daga, áðu þeir við þessa hóla. Riðu svo vestur með jökli. Þetta er þyrping uppmjórra melhóla, úr móbergi."
GR III, 308GR III, 299, 308, Ö-Hraun, 3
**Sk-653:002** örnefni Skiptamelur
Skiptamelur er norðan við Bláfell um mið Hraun. "Hann mun vera í línu - eða rétt norðan við línu frá Eyfirðingahólum í Bláfell." ÖhraunÖHraun "Gangnamannaflokkur sá er nefndur var Austflokkur ... skipti göngum á Skiptamel og leitaði hraunin norður eftir og allt út hjá Ölduhrygg á fyrsta gangnadegi." Ö-Hraun, 4
**Sk-653:003** heimild Skiptabakki
Skiptabakki er við Vesturkvíslina vestanverða gegt Jökultungusporði
"Neðarlega í Jökultungunni, suður og yfir frá Skiptabakka er allstór Kvos, opin vestur að Vesturkvíslinni. Í Kvosinni, sem svo er nefnd, er svolítill hagi og þar voru oft kindur, enda fundu þær frekast þar ofurlítið gras þegar þær komu niður í sporðinn og stoppuðu við kvíslarnar." "[Skiptabakki er] við Jökultungusporðinn og dregur trúlega nafn af því, að þar var göngum skipt, þ.e.a.s. gangnamönnum Vestflokks var raðað á línuna upp Jökultunguna. Þarna hófust leitirnar. Meðan gangnamenn gistu í Hraunlækjarkofa, riðu þeir af stað snemma morguns og skyldu voru komnir á Skiptabakka þá sauðljóst var. Ætíð var áð á bakkanum nokkra stund, en þar er ofurlítill hagi og lindarlækur. Oftast var hestunum þó gefið hey þarna á seinni árum. Við bakkan stendur Skiptabakkaskáli [sem] var byggður 1975 [og er nú notaður af fjallabílamönnum]."
Ö-Hraun, 3- 4 - sbr GR III, 357, 359
**Sk-653:004** gata Eyfirðingavegur leið
"... norðan við Polla má telja milli 10 og 20 samliggjandi götutroðninga." Pollar heita norðan við Bláfell og Skiptamel og eru þeir ekkert sérlega nálægt því sem aðrar heimildir greina að að Eyfirðingavegur hafi legið. Annaðhvort er hér um aðra Polla að ræða eða aðra leið þó erfitt sé að sjá hver sú ætti að hafa verið.
GR IV, 58
**Sk-653:005** heimild Ystihóll áfangastaður
"Ystihóll er ... norðastur [Eyfirðingahóla] og við hann var áningarstaður (Vestflokks) gangnamanna."Ö-Hraun "Þarna kom gangnaflokkurinn, Vestflokkur, saman um hádegisbil fyrsta leitardagsins, eftir að hafa smalað Jökultunguna, og einnig þrír austustu menn Austflokks, sem fóru upp að hólunum til að taka við þeim kindum sem fundust í tungunni. Þarna var göngum skipt upp á nýtt og nú haldið í vestur. Þremenningarnir héldu hinsvegar til norðurs og ráku kindurnar ofan Jökultunguna og niður á Goðdaladal."
Ö-Hraun

## Mælifell Sk-125

**Sk-125:003** heimild Landkönnuðr landamerki
(S 194, H 161) "Hrosskell hét maðr, er nam Svartárdal allan og Írarfellslönd öll með ráði Eiríks; hann nam ofan til Gilhaga ok bjó at Írarfelli. Hann átti þræl þann er Roðrekr hét; hann sendi hann upp eftir Mælifellsdal í landaleitan suðr á fjöll. Hann kom til gils þess, er verðr suðr frá Mælifelli ok nú heitir Roðreksgil; þar setti hann niðr staf [231] nýbirkðan, er [þeir] kölluðu Landkönnuð, ok eptir þat snýr hann aptr."
ÍF I, 230-31;sbr ÓLlandnSkag, 101-102, 138; Um stafi á landnámsmerkjum sjá Dag Strömbäck í Arkiv 1926: 320-22.

## Gilhagi Sk-130
Flóalækur-Gljúfurá kiptir löndummeð Írafelli og Gilhaga

**Sk-130:002** tóft Gilhgsel sel
"Í sveignum norðan við Drangagilslækinn eru rústir Gilhagasels ..."
RGI Þættir X
**Sk-130:003** hleðsla rétt
"Í sveignum norðan við Drangagilslækinn eru rústir Gilhagasels, og gegnt því, sunnan lækjarins eru vallgrónar leifar réttar."
RGI Þættir X

## Írafell Sk-131
Flóalækur-Gljúfurá skiptir löndum með Írfelli og Gilhaga en Svartá með Írafelli og Svartárdal. Írafell er í eyði

**Sk-131:002** heimild Kvíld áfangastaður
"Leiðin [milli Gilhaga og Buga yfir Litlasand] liggur nokkuð upp með Sáluhjálparlæknum og síðan yfir hann og suðvestur á Kvíld ... eftir glöggum götum suður og upp í Kvíldina og eftir henni ... Kvíldin er dálítið dalverpi, flatt í botninn og sæmilega grösugt og var ævinlega áð þar á ferðalögum."
RGI Þættir X Þessi leið var bæði grein af Kjalvegi og upprekstrarleið á Eyvindarstaðaheiði

## Giljar Sk-138
Giljar voru eign kirkjunnar á Hofi; 1318 - DI II, 463-64; 4.6.1377 - DI III, 318-19. Árið 1910 var það sem nú er austurhluti Hofsafréttar seldur undan Giljum, sex bændum í Lýtingsstaðahreppi; á Bústöðum í Austurdal, Litluhlíð, Bjarnastaðahlíð og Bakkakoti í Vesturdal, Tunguhálsi og Villinganesi og urðu Giljar eigendur að 1/7 af þessu landi. Land þetta nær frá Lækjum sem falla í Giljaá rétt framan við Giljadal og að Hofsjökli en austurmörk eru Jökulsá eystri framan við Símonarklif og vesturmörk Bleikálukvísl, Runukvísl og Stafnsvatnshæð. - RGI Þættir XVII - Spurning þá hvort mannvirki á Vesturdal framan við Stafnsá tilheyra ekki Giljum?
- "Í graslaysisárum var stundum heyjað suður á Giljamýrum, og þó einkum í Króknum, áður fyrr fra´sumum bæjum í Vesturdal, því að stör, brok og annar slíkur gróður bregt þar varla. Var þetta langur og erfiður heybandsvegur." GR IV, 89

**Sk-138:001** heimild Orravatnsrústakofi sæluhús
"Orravatnsrústakofi ... er ... um 5 klst. hófleg reið frá Þorljótsstöðum. Kofinn er á melhól norðvestanvert við rústirnar."
Einnig kallaður Rústakofi, hann er norðan við Orrahaug"Var hann byggður af torfi og grjóti, dimmur og óvistlegur, og ekki stærri

en það að sjö eða átta menn gátu verið þar inni, setið eða legið hlið við hlið og haft matföngin við fætur sér. Ekkert hitunartæki var þar. Nú hefir kofinn verið endurbyggður, nokkuð stærri en hann áður var, vistlegri og þægindameiri." GR I, 95; Kofi þessi hefur verið kominn 1883
GR IV, 90, 95; 110, 122, 123, 125, 126

**Sk-138:002** heimild Keldudalskofi sæluhús
Keldudalskofi var "austan við ána nálægt miðjum dalnum eða lítið eitt sunnar." - GR IV, 97"Var hann líkur Rústakofa að þægindaskorti, [98] en öllu traustari því hann var að hálfu leyti hellisskýti. Nú hefir hann verið fluttur vestur yfir ána og gerður betri en hinn var. Fram undir 1890 var kofinn norðan við dalsmynnið, niður undir Jökulsá." (í Austurdal í landi Skatastaða - Sk-211:007). Kofi þessi er sá eini á Hofsafrétt sem nú er notaður í fyrstu göngum -
GR IV, 97-98, 112, 122, 127

## Þorljótsstaðir Sk-139

Þorljótsstaðir eiga austurhlið Vesturdals. Bærinn fór í eyði 1946

**Sk-139:001** bæjarstæði Þorljótsstaðir býli
GS teiknaði bæjarrústirnar 1984
FAI, 83-86

**Sk-139:002** kuml legstaður
kumlateigur um 1,5 km norðan við Þorljótsstaði, í fjallshlíðinni miðri, í 335,4 m.y.s
.KEKH, 105-106, 201ff; FAI, 86-88

**Sk-139:003** tóftir Stafn býli
Stafn er austanmegin í Vesturdal, um 2 km sunnan við Þorljótsstaði, í 367 m.y.s. Tóftirnar eru hátt uppi í fjallshlíðinni á þurru graslendi. Umhverfis tóftirnar er allstórt túnstæði og fjallshlíðarnar ofanvið eru grasigrónar. Sunnan við tóftirnar er þýfi vaxið kjarri -

JÁM segir á á Stafni sé stekkur frá Þorljótsstöðum, sem talið sé að verið hafi fornt lögbýli því þar séu byggingaleifar glöggar margra húsa og garða. Þá er talið að ekki megi byggja hér upp aftur vegna skriðufalla á túnstæðið. Bruun segir að á Stafni séu beitarhús frá Þorljótsstöðum sem byggð séu á rústum eldri bæjarhúsa og umkringd miklu túni. Sunnan við beitarhúsin sé tóft af tvöföldum fjárhúsum sem séu 12 skref á lengd og 4 og 6 skref á breidd. eitarhúsin voru í notkun fram um 1940. GS rannsakaði staðinn 1983 og gerði af honum uppdrátt. "1. [beitarhús] It is a single sheep-house, measuring about 8,5 x 4 m internally, with a central feeding trough, [90] and a barn at the back, about 3 x 3 m in size. It is somewhat dug into the slope and seems to be built on top of earlier remains. 2. To the NE of (1) is another, smaller sheep-house also with a central feedingtrough nd dug into the slope, but lacking a barn. It is about 7 x 4,5 m in size internally. 3. SE of (1) are the unclear remains of two rectangular buildings, placed side by side. They are obviously older structures than (1) and (2), and perhaps the ones referred to by Bruun. Their total extent is about 7 x 7 m. There is now a gully, formed by water, between (3) and (1). 4. North-east of structure (1), some overgrown stone form a circle. This is greener than the surrounding area, and may be the place of a well.

Considerably further south the flattened out and unclear remains of an enclosure bank, overgrown with birch brushwood, could be seen running down the slope to the track which passes below the site." Snið var tekið í túngaðinn og er hann eingöngu gerður úr mold á þeim stað þó að steinar sjáist á öðrum stað í sári. H 1104 og H 1300 liggja upp á garðinn en ofan á H 1300 er torflag sem bendir til að hér hafi byggð verið hafin fyrir 1104 og varað fram yfir 1300.
Bruun 1897; FAI, 89-91

**Sk-139:004** heimild Þrælsgerði
Skv. lýsingu Bruuns var Þrælsgerði á lækjarbakka um 900 m norðan við Hringanes, og um 125 m austan við Hofsá

Bruun lýsir þremur mannvirkjum og gerði af þeim uppdrátt. Nr 1. var 3 x 10 skref og opin til vesturs. Umhverfis hana var vinkillaga túngarður norðan og vestan við en lækurinn var til suðurs. Sunnan við lækinn var rétt eða gerði (nr. 3) um 90 x 50 skref, og kallar Brunn það nátthaga. Skv. örnefnaskrá frá fyrri hluta aldarinnar var Þrælsgerði býli sem farið hafði í eyði fyrir löngu, en þar hafði síðar verið beitarhús frá Þorljótstöðum. Skv. skránni átti beitarhúsatóftin að sjást og allstór túngarður umhverfis. GS rannsakaði svæðið 1983 og 1984. Henni tókst ekki að finna neinar tóftir á þessum stað. Hún segir að lækir þeir sem Bruun lýsir hafi breytt um farveg og auk þess sé svæðið kjarri vaxið þannig að ekki sé gott að greina sokknar tóftir. Borholur voru gerðar í haug eða mishæð hálfa leið upp brekkuna fyrir ofan ána. Ekki komu neinar mannvistarleifar fram við þá könnun og telur GS hauginn líklega vera skriðu. Engin merki fundust um túngarð eða nátthaga.
Árb 1898. F, 59-60; FAI, 91

**Sk-139:005** tóftir Hringanes bústaður/sel Friðlýstar minjar.
Hringanes er austan við Hofsá alveg á brún árgilsins í 383,2 m.y.s. Svæðið er allt vaxið lágvöxnu birkikjarri sem gerir rústirnar ógreinilegar Bruun rannsakaði staðinn 1897 og gerði af honum uppdrátt og taldi að um væri að ræða leifar býlis. Bæjarhúsin taldi hann að hefðu staðið alveg á brún gilsins og teiknar hann tvær raðir af herbergjum og taldi hann að þar á meðal hefði verið fjós og hlaða. Innan við hálfhringlaga túngarðinn teiknar hann 3 minni byggingar. nr. 2 túlkaði Bruun ekki, en nr. 3 lýsir hann sem aflangri og mjórri tóft sem gæti hafa verið kvíar, en 4 sem virðist hafa verið minni bygging telur hnn hafa verið hesthús eð smiðja. Sunnan við túngarðinn voru nokkrar reglulegar gryfjur eða dældir sem Bruun taldi hafa verið kolagrafir. Einnig minnist hann á þúst utan við túngarðinn sem hann taldi að væri hugsanlega mannvirki en hann sýnir hana ekki á teikningu sinni. GS lýsir minjum þeim sem hún fann svo: "1. Only three rooms could be made out with certainty in the main complex, but there were probably more. It is completely overgrown and measures about 16 x 5 m externally. To the east of it is a hollow into which leads a dreied-up stream-bed. This may at some stage have served as the water supply for the farm. A small mound to the east perhaps contains building remains, now not visible on the surface. A trial hole seemed to have been dug into the easternmost room of the complex. It was reexcavated in 1984, with about 20 cm added to its northern side, making the hole [94] about 50 x 60 cm in size. It revealed what seemed to be an insubstantial floor-layer at a depth of 70 cm, partly laid with floor slabs. On top of this was turfy material, but no sign of any tephra lyaers. ... 2. This structure, placed owards the upper edge of the enclosure bank, faces and is open to the SW. It lies at right angles to (1) and measures about 6,5 x 3,25 m internally. Just north and west of it is a dried up stream-bed, tapering down towards structure (3). (2) may perhaps be interpreted as an outbuilding. 3. This is a small recangular structure, about 3,7 x 2,8 m in size internally, placed up against the inside of the enclosure bank. It probably served as an outbuilding." Austan við (3) tók GS snið í túngarðinn. Garðurinn reyndist byggður úr torfi með H 1300 gjósku í. Undir torfinu var grjótlögn og undir henni þunnt lag af H 1104 að því er best varða séð in situ. Undir því var landnámslagið tvöfallt sem þótti benda til að það væri þar í torfi. Á þessum grunni dró GS þá ályktun að um tvö byggingarskeið væri að ræða í túngarðinum á Hringanesi. Annarsvegar milli 900 og 1104 og hinsvegar eftir 1300. Ekki verður sagt hvort staðurinn var yfirgefinn í millitíðinni. GS telur að í samanburði við aðra svipaða staði í Austurdal sé líklegast að hér hafi verið um býli að ræða sem hafi verið farið í eyði löngu fyrir 1713. GS getur ekki um hvort hún sá til

kolagrafa þeirra sem Bruun nefndi né hvort hún telur það sem hún kallar (3) vera sama og nr. 3 eða nr. 4 hjá Bruun.
Árb 1898. F, 59-60; FAI, 91-95

**Sk-139:006** tóft Þorljótsstaðasel sel
Þorljótsstaðasel er um 3 km sunnan við Hringanes á austurbakka Hofsár, rétt sunnan við Illagil á litlum höfða sem kallaður er Selhöfði, á aflíðandi grasi vöxnum palli, heldur mjóum, og vex kjarr í brekkunni fyrir ofan. Tóftin er við neðri mörk kjarrsins.

"... unclear remains of a rectangular, completely overgrown structure, with one gable facing the river, measuring about 6,5 x 4 m externally. The structure is so unclear that it was only established as such bydigging a trial hole towards the bottom end of it. 30 cm below the surface the stone-built inner edge of the structure appeared and at the depth of 60 cm was a slab, perhaps indicating the floor. Some bits of charcoal were found, but no evidence of turf. The cultural deposits show that there was without doubt human activity at this site. It can, however, not have been extensive in view of the small extent of the platform and the small structure discovered there."
FAI, 95

## Hof (afréttur) Sk-141b

Vesturmörk eru með Jökulsá vestari en austurmörk við Bleikálukvísl í Runukvísl og Hofsá ATH bréff frá 1377. JÁM, 1711: "Afrétt á jörðin upp í fjöllin, sem brúkast árlega fyrir toll, lamb af hverjum rekstri, og nýtur ábúandi sjálfur tollsins, sem sjaldan er meiri árlega en xx álnir, mest xxx." Þessi landaregin er nú vesturhluti Hofsafréttar

**Sk-141:001** tóftir Hamarsgerði
Harmarsgerði er í Vesturdal, litlu framar en gegnt ármótum Giljár og Hofsár, á nesi sem gengur út í Hofsá. Í 274 m m.y.s. Þar meinast hafa verið býli sem farið var í eyði fyrir 1713, en nú er á staðnum sýnilegar minjar eftir sel og beitarhús frá Hofi Svæðið milli nessins sem rústirnar eru á og fjallsrótanna er votlent, einkanlega sunnanvið

JÁM telur Hamarsgerði sem eyðijörð þar sem sést til tófta og túngarðs. Í lok 19. aldar var beitarhús frá Hofi á þessum stað og hafði áður verið notað sem sel. Beitarhúsin höfðu verið byggð ofan í bæjarhúsin en túngarður var vel sýnilegur. Við rannsókn GS 1983 og 84 fundust engin merki um túngarð en leifar þriggja mannvirkjum voru sýnilegar: Beitarhúsatóft: "What remains of them is a well preserved stone- and turf-built foundation, overlain with turf, of a rectangular building, oriented approximately E-W, with a central feeding trough and a small bar a t the back. A second, much worse preserved structure, lies parallel to the south of the first." Í öðru lagi er hringlaga dæld fast norðan við beitarhúsatóftina sem talin er geta verið brunnur. Í þriðja lagi er tóftaþyrping um 5 m norðan við beitarhúsatóftina sem er mun óljóari og alveg gróin. "...five rooms placed in a row, at right angles to (1), with at least one additional room attched to the western side [tóft þessi þykir lík annari í Tungu og er talin vera leifar sels þess er Bruun minnist á] Coring into this complex revealed some scattered bits of charcoal and lots of tephra evidently embedded in turf. Unfortunately, it was not possible to date the complex on this basis."
- FAI, 106-107

**Sk-141:002** bæjarstæði Hrafnsstaðir býli Friðlýstar minjar.
Hrafnsstaðir eru vestanmegin í Vesturdal, rétt norðan við Hrafnsgil skáhallt gegnt Snorrahúsum austan megin, í u.þ.b. 300 m.y.s. í aflíðandi brekku, grasi gróinni

JÁM getur um Hrafnsstaði sem eyðibýlis í landi Hofs og að þar sjá enn greinilega til tófta og túngarðs, en sagt að ekki hafi verið búið þar í manna minnum. Bruun kannaði staðinn og gerði teikningu sem sýnir bogadreginn túngarð og 6 tóftir innan hans. Bruun taldi að tvískipta tóftin nr. 3 væri bæjarhúsin en hinar tóftirnar eftir útihús. GS kannaði einnig staðinn og fann allar sömu tóftir og Bruun en engin merki um garðinn önnur en aflanga dæld eða grunnan skurð norðan við rústasvæðið. Lækurinn sem Bruun teiknr var þá þurr en farvegurinn vel greinilegur. GS lýsir tóftunum svo, og notr sömu númer og Bruun: "1. The clearest structure at the site is placed where the soil cover is fairly thick. It measures about 6,5 x 3,5 m internally and has a bank running along the outside of the southern and eastern sides. The building was augered. It reveled bits of charcoal at various depths, but no thephra layers. 2. This square structure is blaced just below (1). It measures about 4 x 4 m internally. Structures (1) and (2) stand out greener than the surrounding area. [104] 3. The complex is made up of at least two rooms, with a possible third room placed to the north of them. Its total extent is about 14 x 7 m. The southernmost room was augered. It revealed no cultural deposits, but an undisturbed layer of the H 1300 tephra lay at a depth of 30 cm. 4. This is a very unclear feature. It was augered and revealed neither cultural deposits nor tephra layers. It is unlikely that this was a structure. 5. Placed close to the river, on much drier ground, is this square structure, measuring about 5,5 x 4,5 m internally, with a doorway in the south-eastern corner. It is yellowish in appearance as is structure (6). 6. This is the largest strucutre at the site, measuring about 10 x 4 m internally. It has no sign of a doorway. A trial hole was dug into the south-eastern corner, and the following stratigraphy established (Fig. 40). At a depth of 12-18 cm a 0,4 cm thick undisturbed layer of a grey-blush tephra wa found, identified as the H 1300 layer. About 9 cm below it, a similar layer of black, somewhat windblown tephra was found, identified as probably layer 3, dated somewhere between 900 and 1100 ... Unfortunately the H 1104 layer was not discovered between the two to make this identification absolutely certain. Four separate layers of cultural deposits followed. The first one of these lay 11 cm below tephra layer 3, 1-2 cm thick and consisting of charcoal, peat ash and burnt bones. then there were 5 cm of windblown material and another cultural deposit layer, up to 1,5 cm thick. Then came 20 cm of windblown material before the 3rd layer of cultural deposits and another 7 cm down to the 4th layer. This stratigraphy indicated periodic occupation at least four times before the black layer 3 fell, sometime before 1100. It makes the site one of the earliest in the area." GS telur að tóft 6, og tóft líka vegna áþekks útlits, tilheyri elsta stigi byggðar á staðnum og hafi verið yfirgefin fyrir 1100, en að tóftir 1, 2 og hugsanlega 3 séu yngri. Boranir sýndu ekki mikil merki um búsetu og því sé líklegra að þetta hafi verið réttir eða fjárskjól af einhverju tagi frá seinni tímum. GS telur að lögun tóftar 6 geti eins bent til að hér hafi verið sel
Árb 1898. F, 59-60; FAI, 103-106

**Sk-141:003** frásögn Skógar býli
Skv. munnmælum í dalnum var býli hátt uppi í hlíðinni vestan við Hofsá á hóli rétt sunnan við Skógalæk, gegnt Þorljótsstöðum. Grasi vaxnar fjallshlíðar með gisnu kjarri

Bruun talar um Hrísastaði á þessum slóðum og segir að þar sjái ekki lengur til neinna rústa. Skv. örnefnaskrá átti ekki á sjást í tóftirnar fyrir kjarri og víði en heimilda menn GS hafa aldrei heyrt að hér ættu að vera rústir þó að hefðin um að allstórt býli hafi átt að vera á þessum stað virðist sterk. GS skoðaoði staðinn 1984 og fann engin merki um mannvirki.
FAI, 102

**Sk-141:004** frásögn býli
Miðja vegu milli Þorljótsstaða og Stafns fellur Miðmundarlækur í Hofsá að vestan. Þar á norðurbakka lækjarins niðri við ána á að hafa verið býli. Ekki sjást þar nein mannvirki.

Ekki eru til neinar ritaðar heimildir um býli eða aðra mannvist á þessum stað og er ekki vitað hvað hann á að hafa heitað. Staðurinn er votlendur og stórþýfður en GS fann engin glögg merki um mannvirki þar 1984
- FAI, 102

**Sk-141:005** frásögn Tungukot býli

Vestantil í Vesturárdal á sporðinum þar sem Lambá rennur í Hofsá, norðan við Tungu [Sk-141b:006] á að hafa verið býlið Tungukot og er þessa getið í ýmsum heimildum. Á þessum stað er lítill völlur kargaþýfður en engin skýr merki um mannvirki

GS skoðaði staðinn 1983 eða 1984 og tók borkjarna en ekki greindust neinar mannvistarleifar í honum og telur hún að aldei hafi verið mannvist á þessum stað.

FAI, 101-102

**Sk-141:006** tóftaþyrping Tunga býli Friðlýstar minjar

Tunga er vestanmeginn í Vesturdal, í hvammi eða dæld við Lambamannavað, aðeins norðar en Hringanes austan við Hofsá, í 378 m.ys. Hvosin sem rústirnar eru í er grænni en umhverfið og mjög greinileg þegar horft er yfir Hofsána

JÁM minnist ekki á þennan stað sérstaklega en GS telur hugsanlegt að til hans sé vísað sem eins af þrælsgerðunum sem áttu að vera nálægt Hraunþúfuklaustri. Bruun kom á þennan stað og gerði teikningu af rústunum sem er í aðalatriðum eins og teikning GS: "The total external width of the complex is about 14,8 m. It contains 4 rooms in the front row and two in the back row. The two central rooms in the front row are raised and indistinct - elsewhere the walls are fairly clear. The two central rooms were cored. In only one of them (the one further south) scattered occupational debris was discovered in the form of bits of charcoal, burnt earth and peat-ash. Neither coring gave any indication of date, although tracs of thephra were discovered." FAI, 100. GS bendir á að tótaþyrping þessi sé um margt lík nr. 3 í Hamarsgerði og einnig meintum bæjarhúsum á Kolgrímastöðum í Austurdal. Hún telur að hinar fátæklegu mannvistarleifar í borkjarnanum bendi ekki til langvarnadi búsetu, og að þar að auki sé varla nokkurt túnstæði á þessum stað þannig að rústir þessar hljóti að vera eftir sel.

Árb 1898. F, 59-60; FAI, 100-101

**Sk-141:007** tóftir Hraunþúfuklaustur býli Friðlýstar minjar.

Hraunþúfuklasutur er í 432 m.y.s. um 6 km framan við Tungu (Sk-141b:006). Bæjarstæðið er á litlu nesi útí Hofsá aðeins norðan við þann stað þar sem Hraunþúfukvísl rennur í hana.

JÁM getur um óljósar en umfangsmiklar byggingaleifar og túngarðs þar sem verið hafi stór bær. Þess er einnig getið þar að kirkjuklukka hafi fundist á Hraunþúfuklasutri og sé hún geymd í Goðdölum. Ekki er vitað um afdrif klukku þessarar. Bruun rannsakaði staðinn og gerði uppdrátt af minjunum þar sem hann sýnir 7 tóftir og túngarðsstubb. Hann lagði til að hér heði verið nunnuklaustur og að tóft nr. 1 hefði verið kirkjan. KE rannsakaði staðinn í tvígang og dró í efa margar af tóftum þeim sem Bruun tali sig geta greint. KE taldi aðeins víst um tóftir 1 og 2 auk túngarðsins. Hann taldi að Hraunþúfuklasutur gæti hafa verið lítið býli, sel eða sæluhús, en nýlegt sæluhús (Sk-141b:008) er skammt frá rústunum og tveir hellar í nágrenninu hafa gegnt hlutverki leitarmannaskýla (Sk-141:009 og Sk-141b:010). Sigurður Þórarinsson gerði takmarkaða rannsókn 1970 en kom aftur 1973 ásamt Þór Magnússyni og gerðu þeir tveggja daga uppgröft og könnuðu fjórar af tóftunum. Skurður í gegnum tóft nr. 1 leiddi í ljós langeld, um 1,4 m á lengd og hellur yfir honum sem gætu verið merki um yngra gólf. Um 15 cm þykkt kolagólf var í kringum langeldin og merki um set meðfram langveggjum. Að innanmáli var bygging þessi 4,4 m á breidd en 20 m á lengd að utanmáli. Nokkrir steinar voru austan við langeldinn sem þóttu benda til þess að þar hefði verið þverveggur sem skipti húsinu í tvennt. Beint ofan á gólfinu var þunnt lag af gjósku úr Heklu frá 1104, en ofar greindust þessi gjóskulög í óhreyfðu: H 1300, H 1766 og efst líklega L 1783. Í og yfir gólfinu fundust nokkrir biksteinar, tvö brot úr sauðaleggjum og eitt herðarblað úr kind. Tekið var sýni til C14 greiningar úr gólfinu sem gaf óleiðréttan aldur 870 +/- 100. Þverskurðir í tóft nr. 2 leiddu í ljós að hún er 2,5 x 7 m að innamáli. Veggir vour úr torfi og H 1004 var hér einnig á gólfinu. Þar ofan á fundust í óhreyfðu H 1300 og H 1766. Prufuskurður í það sem merkt er sem nr. 5 leiddi í ljós að um einhverskonar mannvirki er að ræða en það er ekki skýrt nánar í skýrslum um rannsókn þessa. Við hliðna á nr.1 er lítið ferhyrnt mannvirki sem Bruun sýndi ekki á teikningu sinni og hlaut númerið 8. Skurður sem tekinn var í það sýndi að um var að ræða hústóft um 3 x 3 m að stærð með skýru gólflagi. í Tóft þessari fannst eitt leggjarbein af kind. Sigurður taldi að Hraunþúfuklaustur hefði lagst í eyði við Heklugosið 1104 en GS bendir á að fyrst að gjóskan fannst á sjálfu gólfinu þá hljóti þakið að hafa verið fallið þegar gjóskan féll og því sé líklegt að Hraunþúfuklasutur hafi verið farið í eyði áður en Hekla gaus. GS rannsakaði staðinn 1983 og gerði af honum uppdrátt. Tóft nr 3 á teikningu Bruuns fannst ekki en að öðru leyti ber teikningunum bærilega saman. GS gefur garðspotta innan við túngarðinn númerið 3. GS lýsir ekki tóftum 1, 2 eð 8 frekar. "4. An unclear depression, into which a small trial hole seemed to have been made sometime in the past, perhaps in 1973. The depression was cored and revealed no occupational debris, only what looked like the H 1300 tephr at a depth of 17-18 cm, and further down, at a depth of 106,5-108,5 cm, a very black tephra. 5. This large mound was cored just in front (1) and (2), and revealed neither cultural deposits nor tephra layers. A trial trench done further east in the mound in 1973 had, however, produced occupational debris as mentioned earlier. 6. This feature does not resemble that drawn up by Bruun, but is in a similar location. It represents a horseshoe-shaped wall - perhaps the end of a structure whose southern portion has collapsed down a bank. Some stones were showing in the bank. It is uncertain whether this is a structure or simply a natural feature. Coring revealed no occupational debris. 7. Thisis an L-shaped depression in the northern end of the large mound (5). It was not investigated any further. [sæluhúsrústin Sk-141b:008 er nr. 9] 10. The enclosure bank seemed to be all there as drawn up by Bruun. A stream run to the east of it." GS telur að stærð tóftarinnar nr. 1, gerð langeldsins og þykkt gólfsins sýni að hér hafi verið allmikil mannaferð. Hún telur að Hraunþúfuklaustur hafi byggst snemma og verið yfirgefið skömmu fyrir 1104. FAI, 95-99 Á það má benda að það er sérkennilegt að gjóskan skuli hafa fundist beint ofan á gólfinu; það á ekki að geta gerst ef þak var á húsinu meðan gjóskan féll og hafi þakið verið fallið hefðu leifar þaksins átt að vera á milli gólfsins og gjóskunnar. Hugsanlegt er að þakið hafi verið tekið niður þegar staðurinn var yfirgefinn en slíkt er þó ekki vanalegt og ekki gott að sjá tilganginn.

Árb 1898. F, 59-60; FAI, 95-99

**Sk-141:008** tóft sæluhús

Sæluhúsrústin er tæpum 50 m austan við rústirnar af Hraunþúfuklaustri sem eru á litlu nesi út í Hofsá vestanmeginn á Vesturdal, litlu norðar en þar sem Hraunþúfukvísl rennur Hofsá. "Down by the river are the remains of a recent hut, with walls made of an outer and an inner face of stone and turf. The wooden frame of the roof, which had collapsed into the hut, was covered with turf. The hut measures about 3,5 x 2 m internally ..." dyr hafa verið syðst á austurhlið - FAI, 99. Kofinn var byggður 1912

FAI, 99; GR IV, 98, 100

**Sk-141:009** hellir Bjartabaðstofa náttstaður

Hellir kallaður Bjartabaðstofa er í oddanum milli Runukvíslar og HraunþúfuárGR IV, 100 Munu gangnamenn stundum hafa gist í helli þessum eða öðrum sem kallaður er Háabaðstofa en þó tíðkaðist það ekki um síðustu aldamót heldur völdu menn sér alut að sofa í eða hlé undir brekkubarði í nánd við hinar fornu húsarústir

- GR IV, 100 ATH KE Punkta um Hraunþúfuklaustur

**Sk-141:010** hellir Háabaðstofa náttstaður

Hellir kallaður Háabaðstofa er efst uppi í Runubrúnunum gegnt Klaustri og var hann stundum afdrep gangnamanna

Munu gangnamenn stundum hafa gist í helli þessum eða öðrum sem kallaður er Bjartabaðstofa en þó tíðkaðist það ekki um síðustu aldamót heldur völdu menn sér alut að sofa í eða hlé undir brekkubarði í nánd við hinar fornu húsarústir -

GR IV, 100 ATH KE Punkta um Hraunþúfuklaustur

**Sk-141:011** heimild náttstaður

Um og fyrir aldamótin síðustu náttuðu Vesturpartsmenn sig annað hvort á Hrunþúfuklaustri "eða einhvers staðar á Lambatungunum."GR IV, 98 Alllöngu eftir 1912 var kofi byggður á Lambatungunum, upphaflega sem "fjárhús af bóndanum í Villinganesi, sem þá hafði keypt Tungurnar með það fyrir augum að hafa sauðfeá sitt þar framan af vetrum. Sú ákvörðun fe´ll þó skjótlega niður. En húsinu hefir verið haldið við síðan vegna gangnamanna."

GR IV, 98

**Sk-141:012** heimild Miðhlutarkofi sæluhús

"Þrír fóru norður með Jökulsá og leituðu svæðið austur frá henni, austur um Sátu og allt norður fyrir Miðhlutardrög, og gistu um nóttina í kofa, sem er norðan við Miðhlutarána niður undir Jökulsá." Um aldamótin síðustu - kofi er enn á þessum stað skv korti. - einnig notaður í eftirleitum

GR IV, 99, 103

### Goðdalir Sk-145

Goðdalir eiga land meðfram Jökulsá vestari að norðan/vestan fram að Jökultungu (Skiptabakka) eða Hraunlæk. Vesturmörk eru um Goðdalafjall á vatnaskilum við Svartárdal (Melrakkadalur er á hálendismörkum)

**Sk-145:003** heimild Hraunlækur náttstaður

Áður en Hraunlækjarkofi var byggður við Ytra Hraunlæk var legið í tjöldum við Hraunlæk

Ögoðdalir, 6

**Sk-145:004** hús Hraunlækjarkofi sæluhús

Sæluhús fremst á Goðdaladal við Hraunlæk örstutt frá Jökulsá vestari. Heimildum ber ekki saman um hvort kofinn standi við Efri eða Ytri Hraunlæk [um aldamót? Hjálmar Þorláksson á 19. ári:] "Nálega fremst á Goðdaladal var kofagarmur ... Kofinn í Goðdaladal stendur á aflöngum melhól, og er allbreitt mýrarsund ofan við hann. Sleppa gangnamenn, er þar gista, hrossum sínum vanalega í mýrarsund þetta. Einnig má sleppa hrossum ofan við hólinn ... Dyrnar á kofanum voru efst í veggnum uppi undir þaki og sneru móti norðri, en engin hurð. Var því allhátt inn af á kofagólfið ..." GR IV, 57. "Annað nafn á Goðdaladalskofa er Hraunlækjarkofi. Kofinn var um langt skeið fyrsti náttstaður gangnamanna úr Lýtingsstaðahreppi, - bæði Austflokks og Vesflokks. Hraunlækjarkofi stendur enn uppi (1994) og hefur verið rætt um að halda honum við. Þetta er tiltölulega lítill kofi úr torfi og grjóti og með torfþaki. Þröngt var þr á gangnamönnum og þægindi engin. Áður var þarna minni kofi, ætlaður eftirleitarmönnum og tók fjóra menn. Mun hafa verið byggt við hann og er eldri hlutinn norðast, þar sem er ofurlítill stallur. Á melbrúninni suðaustan við kofann eru leyfar annars kofa og hefur hann verið niðurgrafinn. Þeir sem unnu að byggingu Hraunlækjarkofa, - með Magnús Helgason í Héraðsdal í fararbroddi, munu hafa búið sér til þetta skýli og hafst þar við meðan þeir unnu að byggingunni. (Þetta mun hafa verið á árabilinu 1935-1941). Áður lágu gangnamenn í tjöldum við Hraunlæk. 8hóllinn sem kofinn stendur á er kallaður Kofahóll en hætt var að nota kofa þennan er skálinn var byggður á Skiptabakka 1975]."

GR III, 359; IV, 47, 51, 57-58; RGI Þættir IV; Ö-Goðdalirr, 6

**Sk-145:005** tóftir óþekkt

"Á Ytri-Bug sést ennþá fyrir gömlum rústum." Ytri-Bugur er gil sem fellur til norðurs í Jökulsá, rúmlega 3 km norðan við Hraunlæk

Ö-Goðdalir, 6

**Sk-145:006** örnefni Geirhildarstígur

"Geirhildarstígur er í gilinu [Jökulsár] neðan undir Hæðum." norðn við Stóralæk sem er norðan við Ytra Bug

Ö-Goðdalir, 6

**Sk-145:007** tóftir óþekkt

"Á Hæðanesi sést fyrir allstórum húsarústum, sem ekki eru kunn munnmæli um eða nafn á." Hæðanes er ofan í Jökulsárgilinu drjúgan spöl framan við Melrakkadal

Ö-Goðdalir, 6

**Sk-145:008** tóft

"Smalabyrgi er utan og ofan við Hæðanes."

Ö-Goðdalir, 6

## Akrahreppur

### Skatastaðir Sk-211

Skatastaðir eiga Austurdal vestanmegin

**Sk-211:002** 3 tóftir Miðklif óþekkt

Miðklif er vestanmegin í Austurdal, uþb miðja vegu milli Nýjabæjar og Hildarsels, í 315,5 m.y.s. fast niður við Eystri Jökulá, á mjóum palli niðri við ána, sem að hluta er vaxið lágu kjarriÞessa staðar er ekki getið í heimildum og benti Kristján Guðjónsson bóndi á Skatastöðum GS á staðinn. Á staðnum eru 3 tóftir, ein sem lítur út eins og skáli, og tvær minni, ein vestan við skálatóftina og önnur um 30 m norðan. Skammt sunnan við staðinn er grjóthlaðin rétt sem GS lýsir ekki nánar. "1. The main structure is a lonhouse (1), oriented approximately N-S, alongside the river, 17 m in length externally and 5 m wide. It appeared as a mound on the left hand side of the path, facing north. The structure is divided int two rooms, about 9 and 5 m in length internally. The walls were partly made of stones and are now overgrown. [Borað var í bæði herbergin. Í minni hólfinu var H 1300 efst í kjarnanum og leit út fyrir að það væri jafnfallið yfir tóftina, en fokmold greindist sitthvoru megin við H 1300 í kjarnanum. Undir H 1300 voru viðarkolabútar og þar fyrir neðan dekkra lag með viðarkolum. Þar fyrir neðan var ljósara lag með fokmoldarskellum en undir því var viðarkolsbútur. Þar undir var gjóska sem greindist sem H 1104 fast ofan á þéttu viðarkolalagi blandað með gjósku. Undir því var lag með gráum sandi og mold þar fyrir neðan. Þá kom 10 cm þykkt lag af stórgerðum viðarkolabútum, blandað með svartri gjósku eða sandi og enn neðar grá og gróf gjóska og grjót. GS túlkar borkjarnan sem svo að byggingin hafi verið í notkun fyrir 1104 en líklega lagst í eyði þá en þó hafi einhver mannaferð verið hér af og til fyrir 1300. Hún bendir á að skortur á láglendi í kring geri ólíklegt að hér hafi verið sjálfstætt býli en sér einnig líkindi með skálunum á Ísleifsstöðum, í Hvítárholti og Snjálefiartóftum sem þó hafi ekki haft hlaðinn millivegg eins og hér er. - Ekki kemur fram hvort borkjarninn í stærra hólfinu hafi verið eins og sá sem lýst er] 2. This feature seemed to represent the remains of a structure. An attempt was made to core it, but this could only be done down to a depth of 19 cm because of gravel. It is possible that a structure has hera been covered by a scree, but this could not be established. 3. This depression into the valley-slope most definitely represents the remains of a man-made structure. A stone-built wall is clearly visible in the south-western inner corner. This structure has an open gable facing east."

FAI, 144-45

**Sk-211:003** tóftaþyrping + 3 tóftir Selsvellir sel Friðlýstar minjar.

Selsvellir eru vestanmegin á Austurdal, á ská í suður á móti Nyjabæ, í um 307 m.y.s. Flestar eru byggingaleifarnar fast á

árbakkanumNorðan við tóftirnar rennur lækur út í Eystri Jökulsá en vestan við er mikið graslendi að parti til vaxið kjarri

Skv. JÁM meintust hér vera byggingaliefar og túngarða en engin byggð í manna minnum. Talið hafa verið notað sem sel frá Bjarnastaðahlíð í tíð Brynjólfs biskups (1571-1627). Þá voru Selsvellir ekki taldir byggilegir aftur vegna skorts á túni og slælegrar beitar. Skógurinn Sperðill, sunnan við Selsvelli, var talinn rétt svo brúknlegur til kolagjörðar. Nú er hér talið gott beitarland. Bruun skoðaði staðinn og lýsir túngarði og 3-4 tóftum innaní og taldi hann að sumar væru fjárhús frá síðari tímum. GS rannsakaði staðinn 1981 og 1982 og lýsir minjunum svo: " 1. Furthest north, placed right on the old river-bank and oriented at right angles to it, is a rectangular, very clear building foundation, measuring 7,9 x 3,2 m, probably the remains of a seep-house. The walls are low and completely overgrown. Coring this structure revealed no floor-layers and nothing which could shed light on its date. [148] 2. About 50 m further south, cutting longwise through the river bank, is a rectangular depression, measuring 7,5 x 3,1 m. Part of its original length may have been lost into the river. It is doubtful that this represents the remains of a building. A more likely interpretaion is, perhaps, that turf was cut here to be used as building material, leaving a depression. 3. 16-17 m further south lies a complex of three rooms, partly eroded by the river. Kristján [Guðjónsson] of Skatastaðir remembered there being more to this complex when he first saw it as a boy, but could not describe how it had changed. The largest room (a) is placed furthest to the north, oriented at right angles to the river and partly eroded by it. Its length in 1981 was 8,4 m, and its width about 3,5 m. The walls are made of stones and turf. Two smaller rooms lie to the south: (c) which lies closer to the river and measures about 4 x 2,5 m internally, and (b) about 3,5 x 2 m. North of (a), a mound (d) indictes a fourth room in the complex. The complex was cored in a few places. It revealed patches of thephra, apparently embedded in turf, and bits of charcoal in places, but no compact floor-layer or indication of date. 4. Some distance to the west of (3), in the valley slope, a small structure facing N-E and measuring 5,4 x 2,2 m, was found in 1982. It is probably that of an outbuiling." Ekki fann GS nein merki um túngarð og telur hún að byggingaleifar þessar styðji ekki að hér hafi nokkurntíma verið heilsársvist. Engin gólflög sáust í borkjörnum. GS telur líklegast að (3) sé sel og telur mögulegt að hinr tóftirnar séu frá öðrum tímum. Þó telur hún ekki útilokað að her kunni að hafa verið búið í fyrndinni.

- FAI, 146-48

**Sk-211:004** tóftir Skatastaðasel sel

Skatastaðasel er vestanmegin í Austurdal, gegnt Svartabakka, í 281 m.y.s., á láglendisbala meðfram ánni sem myndar skeifulaga hvamm inn í fjallshlíðina.

Á Skatastaðaseli eru auk bogadregins túngarðs alls 8 tóftir eða tóftaþyrpingar, og er (1) þeirra greinilegust enda síðast í notkun. Skv. JÁM var hér þrælsgerði umkringt görðum en Bruun segir að hér hafi verið sel frá Skatastöðum of gerði af því teikningu. í Örnefanskrá frá 1933 eru minjrarnar taldar vera af eyðibýli og sgt að enn sjáist rústir. Þar er sagt að Skatastaðel hafi verið notað sem beitarhús frá Skatastöðum til 1887. GS rannsakaði Skatastaðasel 1981 (og/eða 1982) og lýsir minjunum svo: "1. The most recent remains on the site are those of a well preserved fold , with walls of up to 1,1 m in height, built around the turn of the century on top of the beitarhús [sem Bruun teiknaði] ... The beitarhús were used as a sheiling in the summer, ... Remains belonging to the earlier phase are still visible at the back of the fold ... 2. This is well overgrown complex consisteing of 6 rooms, located about 20 m north of (1), facing the river. The rooms furthet to the east and west have an open gable facing the river and could perhaps be interpreted as the traditional skemma with a wooden gable. Between them are [hér vantar í textann] 3. This is a longhouse, which lies 5-6 m north-east of (2), closer to the river. It is made up of two rooms. The one to the west is clearer, measuring 3,2 x 3,5 m, and perhaps built later than the other room which is all flattened out. The entire length of both is 11 m. The structure was cored, but did not reveal any culturl deposits or indication of date. 4. A rectangular hollow, measuring 15 x 5 m, placed up against the stone built bank west of (1). This may have been a fold, from which all the building stones have later been removed. 5. This is a milking fold (kvíar), which lies about 20 m south of (1). It is well preserved, dug down, stone built on the inside, long and narrow, curving northwards, and with a doorway on the northern side. The internal length is 14.7 m, width 1,3 m. On Bruun's plan it ha two doorways on th enorthern side (1898, 28). ... 6. Some very unclear remains midway between (1) and (5), measuring about 2,2 x 3 m, could be those of a building. 7. This is a complex of three buildings, placed side by side, located west of the other remains, at about the height of the stone-built enclosure. It is oriented lengthwise NE-[150]SW. External length is 12,9 m, maximum width 8 m. The walls are overgrown and no doorway is visible. Thi complex was probably used for domestic animals. 8. To the south of (1) is a rubbish heap. It was augered down to the depth of 45 cm reveling bits of charcoal, ash and burnt bone - a definite sign of cooking activity." Kristján Guðjónson á Skatastöðum telur að Skatastaðsel hafi verið býli fyrrum og sé (1) byggt þar sem bæjarhúsin voru síðar en fyrst hafi þau verið þar sem (2) er. Niðurstaða GS er sú að byggingaleifarnar á Skatastaðaseli séu frá ýmsum tímum og að staðurinn hafi gegnt ýmsum hlutverkum. Hún telur að (2) geti vel verið leifar af gangabæ. -

FAI; 148-50

**Sk-211:005** 4 tóftir + garður Hólakot bústaður/sel

Hólakot ervestanmegin í Austurdal um 1,5 km norðar en Skatastaðsel, gegnt Arastekk, ú 288 m.y.s.í fjallsrótum, í aflíðandi brekku og lækur fyrir norðan

Skv. Bruun var Hólakot býli sem fór í eyði í plagunni 1402-04. Hann lýsir fjórum tóftum og túngarði og gerði af þeim uppdrátt. Skv. örnefnaskrá frá 1933 var Hólakot eyðibýli og sjást þar leifar bæjarhúsa, fjárhúsa, túnstæðis og túngarðs. GS rannsakaði staðinn 1981-84 og gerði uppdrátt sem er mjög líkur uppdrætti Bruuns. Hún lýsir minjunum svo: "1. These are the remains of a longhouse, placed up against the western side of the enclosure bank, oriented approximately N-S and divided into two rooms. The bigger room measures about 7,5 x 4,3 m internally, and was possibly entered from the west. The room north of it is about 4,75 m in length and opens out to the west. [hola var grafin í stærra hólfið og var H 1300 þar yfir mannvistarlögum. 12 cm undir því var gólflag en viðarkolabútar voru einnig milli þess og H 1300 og undir gólfinu. Þar undir var fokmold. GS telur að þetta hafi verið íbúðarhúsið - yfirgefið einhverntíma fyrir 1300] 2. The structure, which is divided into two rooms, lies just south if (1), and is also placed up against the enclosure bank. The overall measurements are 8,5 x 4,8 m maximum. It probably housed domestic animals. 3. [nr 4 hjá Bruun] This structure which is also divided into two rooms, is oriented at raight angles to (1) and (2). The overall outer measurements are 16,3 x 4,8 m. It seems too large to have served exclusively as an outbuilding and it is suggested that at least part of it was used as a stackyard or a fold. 4. [nr. 3 hjá Bruun] This is a small, square structure, placed to the south of (3). Overall outer measurements asre about 5 x 5 m." Snið var tekið í suðurhlið túngarðsins. H 1300 er yfir torfhleðslunni en í henni er H 1104 og lag 3. Lag 3 er einnig óhreyft undir vegghleðslunni og landnámslagið undir því. Garðurinn hefur því verið byggður milli 1104 og 1300. Niðurstaða GS er sú að hér hafi verið smábýli, í byggð milli 1100 og 1300, og engin merki séu um yngri mannvirkjagerð. Hún telur Hólakot einn best varðaveitta minjastað í Austurdal. Heitið á þessum rústum er fyrst skráð af Bruun 1897.

FAI, 151-54

**Sk-211:006** heimild Desjamelur legstaður

4 heiðnar grafir eiga að vera vestanmegin í Austurdal, sunnan við Hólakot. Dysjar þessar eiga að vera sýnilegar skv. örnefnaskrá frá 1933 en GS skoðaði ekki staðinn á meðan á rannsóknum hennar í Austurdal stóð

FAI; 151

**Sk-211:007** heimild Keldudalskofi sæluhús

"Fram undir 1890 var [leitarmannakofi á austurhluta Hofsafréttar] norðan við dalsmynnið, niður undir Jökulsá." - eftir það var hann færður upp í dalinn SK-138:002

GR IV, 98

## Nýibær Sk-212

Nýjabæjar er fyrst getið 1464 (DI V, 410) og hefur þess verið getið til að jörðin sé gömul en nafnið stafi af breyttu bæjarstæði - bæjarhúsin hafi áður verið þar sem nú er kallað Fagrabrekka. Býlið fór í eyði 1880 eða 1882. GS telur að Nýajbæjarafrétt milli Jökulsár eystri og vatnaskilum við Eyjafjörð fram að Hofsjökli hafi upphaflega tilheyrt Nýjabæ eingöngu en síðar hafi afréttin orðið eign Ábæjar að helmingi og síðan algerlega eftir að Nýibær fór í eyði - FAI, 140-141

Túnið er niðri á áreyrunum og hefur áin flætt yfir það.

**Sk-212:001** bæjarstæði Nýibær býli

Nýibær er rétt sunnan við Tinná á flötum eyrum niðri við ána í 302 m.y.s. Áin hefur flætt yfir tún og bæjarstæði og að hluta þurrkað út sum útihúsanna og er nú ekki annað eftir af þeim en steinahrúgur

Bæjarhúsin eru fast við ána þar sem nú er flatt graslendi og sjást tóftirnar enn greinilega. Bæjarþorpið virðist hafa verið röð af samliggjandi húsum sem snéru stöfnum í vestur. Að utanmáli er allt þorpið 22,2 x 11,4 m. Í austurkanti hins gróna svæðis er lítil ferhyrnd bygging, 9,6 x 5,8 m að utanmáli. Sunnan og austan við bæjarhúsin hefur áin flætt yfir og eyðilagt byggingar og eru steinadreifar nú það eina sem eftir er af þremur byggingum. Tvær þeirra var hægt að koma máli á og var nnur 6 x5 m og hin 13,6 x 6,8 m.

FAI, 140-41

**Sk-212:002** tóft Fagrabrekka býli

Fagrabrekka er á norðurbakka Geldingalækjar, sunnan við Nýjabæ.

Á þessum stað meinast bærinn hafa verið áður en Nýibær var byggður. Þegar GS rannsakaði staðinn 1981 sást þar aðeins ferhyrnd rétt, 19,3 x 8 m að stærð og á suðurbakka lækjarins

FAI, 141

**Sk-212:003** tóftaþyrping Hildarsel sel

Hildarsel er um 6 km sunnan við Nýjabæ á austurbakka Eystri Jökulsár, á flötu graslendi

Skv. Bruun hét staðurinn Hlíðarsel og hafði verið beitarhús frá Nýjabæ og stakk hann upp á því að þar hefði getað verið búli fyrrum en ekki hafði hann neinar heimildir fyrir því. Skv. ýmsum heimildum í héraðinu hét staðuinn Hildarsel eða Jórhildarsel og meina sumir að þar hafi verið býli sem heitið hafi verið eftir húsfeyju. Skv. örnefnaskrá frá fyrri hl. aldarinnar var hér sel og beitarhús frá Nýjabæ en ekki til þess vitað að þar hafi verið höfð heilsársvist. Skv. þeirri skrá eru þær minjar sem þar sjást nú leifar húsa sem byggð voru um síðustu aldamót með það í huga að hefja þar búskap. Byggingunni var aldrei lokið og ekkert varða af byggð hér. GS rannsakaði staðinn 1981 og gerði uppdrátt af hinum ófullgerðu bæjarhúsum. Þau samanstanda af níu herbergjum og eru vel greinileg. Stærsta herbergið er fjárhús með garða, 7,7 x 3,5 m að innanmáli. Norðan við það eru fjögur minni herbergi sem líklega voru ætluð til íbúðar og tengjast öll um bæjargöng sem opnast í vestur. Til austurs eru tvær tóftir hvorug með ljósar dyr og til suðausturs tvær sokknar aflangar tóftir sem líklega hafa átt að vera heygarðar. Í allt eru bæjarhús þessi 25 m að lengd og 15 m á breidd að utanmáli. Ekki fundust nein skýr merki um eldri minjar á þessum stað og telur GS að um hér geti ekki verið um gamla byggð að ræða og að aldrei hafi verið búið hér. Á Hildarseli hefur nú verið reist sæluhús, hesthús og girðingarhólf

FAI, 141-42

**Sk-212:004** þúst Hjálmarssel sel Friðlýstar minjar

Hjálmarssel er fast sunnan við Hjálmarsselslæk á austurbakka Eystri Jökulsár.

Skv. Bruun bjó Bólu-Hjálmar hér á árunum 1825-30 en að fyrir þann tím hafi hér verið býli sem kallað var Sandgil og megi enn sjá fornar byggingaleifar í túninu. Skv. örnefnaskrá frá 1977 hét bærinn Sandagil og Hjálmarssel var byggt á rústum þess. Einhver áhöld eru um hvort Hjálmar hafi búið í Hjálmarsseli eða hvort hann hafði þar aðeins í seli meðan hann bjó í Nyjabæ. Aðrir munu aðeins hafa haldið að Bólu-Hjálmar hafi aðeins reist selhúsin en hafi aldrei notað þau en öllum heimildum mun bera saman um að í Hjálmarsseli/Sandgili séu byggingaleifar frá fyrri hl 19. aldar auk eldri tófta. GS rannsakaði staðinn 1981 og fann þá aðeins ógreinilegann haug af hleðslugrjóti fast á bakka Hjálmarsselslækjar og var hann 6,7 x 6,6 m að stærð. Ekki fundust neinar aðrar minjar en svæðið er að hluta til vaxið birkikjarri og víði.

- FAI, 143

**Sk-212:005** heimild Fagrahlíð býli

Fagrahlíð er fast á austurbakka Eystri Jökulsár um 300 m sunnan við Hjálmarsselslæk. Svæðið er allt vaxið birkikjarri.

Skv. JÁM var Fagrahlíð býli sunnan við Nýjabæ sem fyrir löngu var komið í eyði og sáust þar þá byggingaleifar og túngarðs, en túnið var blásið en beit góð. Skv. lýsingu Björns Egilsonar frá 1950 sást þar aðeins ein ógreinileg tóft á árbakkanum. GS fann engar minjar á þessum stað er hún leitaði þar 1982 en telur þó ekki útilokað að þær geti leynst þar því svæðið er vaxið birkikjarri sem gerir yfirborðskönnun torvelda. GS telur næsta víst að hér hafi verið býli í fyrndinni

- FAI, 143

**Sk-212:006** hleðsla rétt

"Fjárrétt, grjóthaliðin í Geldingalækjarkriðu, mjög gömul, furðu stæðileg og vandað mannvirki."

Minnispktar Árna Bjarnasonar Uppsölum, 2

**Sk-212:007** hleðsla rétt

"Grjótrétt lítil framan við Fossá. Þar drógu Eyfirðingar og Skagfirðingar sundur fé það, er kom af "Fjöllunum", en þau voru smöluð sameiginlega."

Minnispktar Árna Bjarnasonar Uppsölum, 2

## Ábær Sk-213

Ábær á land austan við Jökulsá eystri milli Ábæjardals og Tinnár (?). Jörðin fór í eyði 1941

1713 lá túnið undir skemmdum af sandi. GS segir að um í kringum bæinn megi víða sjá tóftir útihúsa og rétta og lítur út fyrir að túnið hafi aldrei verið sléttað með vélum

**Sk-213:003** tóft Arastekkur stekkur

Austan við Eystri Jökulsá, um 1 km sunnan við Ábæ, gegnt Hólakoti. JÁM getur um Arastekk eða Ábæjarsel þar sem séu túngirðingar og hafi það verið þrælsgerði. Í örnesfanskrá frá 1935 er talað um Gamlastekk þar sem séu byggingaleifar. GS lýsir "... one completely overgrown structure ... oriented approximately E-W, built right up against the valley side and divided into two rooms. The

overall external length is 13-14 m. [133] The most likely interpretation of these remains is that they represent a stekkur, ... The smaller compartment, which is the more solidly made of the two, with walls made of stones and turf and measuring about 3 x 3,5 m internally, would have been the lam-compartment and the larger one, which is now only a rectangular depression, the sheep fold. No trace of the enclosure banks, mentioned in 1713 survey, was found."

FAI, 132-33

**Sk-213:004** 3 tóftir + garður Svartibakki

Á austurbakka Eystri Jökulsár, um 1,5 km sunnan við Arastekk, í um 286 m.y.s. gróíð flatlendi

JÁM getur um þennan stað sem þrælsgerði eins og Arastekk. Bruun taldi að um væri að ræða eyðibýli. Hann lýsir túnstæði með garði umhvefis sem sé um 76 x 45,5 m. Þar innan í sé stekkur sem augljóslega sé byggður úr efni úr eldri rústum, og tvær ógreinilegar tóftir, algrónar og sokknar. Stekkur þessi hefur ekki verið í ntkun í manna minnum en í örnefnaskrá er hann einnig kallaður Gamlistekkur. GS rannsakaði staðinn 1982 og gerði af honum uppdrátt og lýsir sömu rústum og Bruun. Henni mælist að svæðið innan við túngarðinn sé um 65 x 54 m. Hún tók einnig skurð í túngarðinn í norðvesturhorni hans. Neðst í sniðinu fannst landsnámslagið og þar yfir "lag 3" og þar yfir H 1104. Þar ofan á var sama syrða öfug sem bendir til að eftir 1104 hafi torf verið hlaðið á þessum stað. Yfir þessu er meira torf með H 1104 í. Þar yfir er óheyfð mold og síðan H 1300 yfir garðinum. Þar er gjóskan tvöföld sem GS telur að geti verið merki um viðgerð eftir 1300. Rústunum lýsir hún svo: "1. At the eastern end of the enclosure there is a mound on top of which some structures have been built. The complex has the lay out of a double heep-house, facing west, measuring about 5,4 x 7 m internally, with what looks like a barn at the back, measuring about 5,4 x 2,9 m. All are made of tone and turf, now overgrown [GS telur að um stekk sé að ræða þar sem ekki sé vitað að hér hafi verið beitarhús og hafi þá minna hólfið aftan við verið lambakróin. Á teikningu hennar eru ekki sýndir grjótveggir sem hlaðnir hfa verið inn í tóftina til skjóls fyrir gangnamenn. Hún telur sýnt að tóft þessi sé byggð á eldri minjum sem hún telur hafa verið býli] 2 & 3. Both structures might well belong to the earlier phase of the site. They are flattened out and overgrown, placed stright in front of (1), approximately in the centre of [134] the enclosure. (2) is less clear, perhaps divided into three and measuring about 10,5 x 6,5 m externally. (3) is more clearly a rectangular structure, divided into two, measuring about 8,5 x 6,5 m externally." Niðurstaða GS er að hér hafi verið reist býli stuttu eftir 1104 og löngu fyrir 1300 sem hafi möguleg enn verið byggt um 1300. Seinna var stekkur byggður á bæjarhólnum og verið í notkun einhverntíma milli 1713 og 1898.

FAI, 133-35

**Sk-213:005** heimild Ófriðastaðir bústaður/sel

Ófriðarstaðir voru á austurbakka Eystri Jökulsár um það bil sem þriðjungur er eftir af leiðinni milli Svartabakka og Tinnársels. Á flötum áreyrum, grónum og að nokkru vöxnum lágvöxnu kjarri. Hofsá hefur hlaupið hér yfir og eytt landi og byggingaleifum

JÁM getur um þrælsgerði hér sem hafi hugsanlega verið býli fyrir löngu þar sem byggingaleifar sjáist innan í gerðinu. Býli þetta hafi þó ekki verið byggt í manna minnum og megi ekki byggjast upp aftur vegna skemmda á túnstæði. Bruun kom hér 1897 og lýsir leifunum sem mjög fornum og óljósum tóftum umkringdum garði. Þá getur hann einnig um munnmæli sem hann hafði eftir bóndnum á Merkigili um að á þessum stað hefði staðið bardagi milli Eyfirskra of Skagfirskra bænda vegna landaþrætu, og hafi bærinn af því nafn sitt. Bruun getur einnig um dysjar sem sumar séu algerlega eyddar og að 30-40 árum fyrr hafi talsvert af mannabeinum fundist þar. 1890 höfðu fundist þrjár kjúkur á staðnum og þær teknar til ahndargagns. Einu gripirnir sem vitað er um að þarna hafi fundist er hringur úr silfri sem bóndinn í Nýjabæ fann 1840 og gekk síðan með á þumalfiingri sínum, en svo var hringurinn víður að hann toldi ekki á öðrum fingrum, og koparhólkur en ekki er til lýsing á honum og eru báðir gripirnir nú týndir. Í örnefnaskrá frá 1935 er getið um Ófriðarstaði sem eyðibýli. Við rannsókn GS 1982 fundust engar óyggjandi byggingaleifar né leifar eftir dysjar. Aðeins funnst óljós dæld fast við ána, sem var 8,6 x 2,6 að innanmáli en ekki var gengið úr skugga um hvort um mannvirki var að ræða.

FAI, 135-37

**Sk-213:006** tóftir Tinnársel bústaður/sel

Tinnársel er hátt í fjallshlíðinni norðn við Tinná þar sem hún rennur út í Eystri Jökulsá. Rústirnar eru í 339 m.y.s.

JÁM segir að býli hafi verið byggt hér á selstöðu frá Ábæ og hafi helmingur Ábæjarlands heyrt þar til. Byggð lagðist af í Tinnárseli 1707 og sé landið síðan notað frá Ábæ. Tinnársel var aftur í byggð 1735 til 1762 og enn byggðist það aftur en lagðist endanelaga í eyði 1849. Eftir það var hér selstaða og síðast beitarhús frá Ábæ og var hætt að nota þau 1929 (skv. Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu). - Skv. JJ, 265 var Tinnársel stólsjörð sem seld hafði verið með Nýjabæ og var þá (1847) enn eigi talin byggð. Skv. Bruun sem rannsakaði staðinn 1897 var hér byggð af og á til 1820 en einhver búskapur þó til 1850. 1897 var haft í seli frá Ábæ í Tinnárseli á sumrum og höfð beitarhús á vetrum. Selibyggingarnar voru skv. Bruun byggðar ofan á eldri bæjarhúsum. Hann gerði teikningu af selinu og getur einnig um kvíar sem voru skammt norðan við það. Skv. örnefnaskrá frá 1935 var Tinnársel býli til forna en þá notað sem beitarhús. GS rannsakaði staðinn 1982 og gerði af honum uppdrátt. Auk selsins skráði hún allmargar minni byggingar og tvo garðspotta: "1. The most recent and clearest remains are those of the sheep house complex (beitarhús), used until 1929. They are located on a platform high up in the mountainside, facing south. ... The complex consists of two sheep houses, placed side by side, with central feeding troughs and doors on the south gable. Each house measures about 9 x 3 m internally. At right angles to them, at the back, is a barn, measuring about 7 x 2,5 m internally. The walls are stone- and turf-built, slightly dug into the slope. At the north-[138]western corner of the complex the overgrown remains of further buildings can be seen, clearly predating those just described and belonging to n earlier building phase. In the south side, between the two doors, leading into the sheep-houses, there is a large, five sided stone, placed horizontally. It is inscribed with the following initials and dates:' Óli Kr. Tinnársel, Ár 1902.' 'SF, Ár 1887.' 'SS, KT 1400.' 'PT, Ár 1919.' ... Other building remains are scattered all around and up the slope behind (1). 2. This is obviously older than (1), consisting of a stone built structure facing roughly south, measuring 5,7 x 2,1 m internally. At right angles to it to the north is a rectangular hollow. 3. An overgrown stone-built structure, dug into the slope, 4,4 x 2,1 m in size internally. [139] 4. This structure is similar to (3), somewhat clearer, 2,5 x 2,5 m in size internally. 5. An overgrown, rectangular structure, with a small partition in the north-eastern corner. Total internal measurement is 7,8 x 4,2 m. 6. This is a square hollow, 7,7 x 3,6 m in size, placed just west of a stream. 7. The unclear remains of a building, obscured by hummocks, perhaps about 3,1 x 3 m in size. 8. An oblong hollow, 10,4 x 4,5 m in size. Most likely to have been a fold. 9. A hummocky overgrown area, with stones protruding, forming a rectangle, about 3,8 x 2,9 m in size. It may have been a structure. 10. A divided, stone built feature, built up agains the enclosure bank. Its total length is about 12 m. It is most leikley to have served as a fold. [garðurinn sem þessi tóft er byggð upp við snýr þvert á brekkuna og er um 100 m á lengd milli NNV og SSA um 120 m austan við hinn túngarðinnog tóftadreifina] 11. In front of the structures a completely overgrown enclosure bank can be seen, in appearance as if it might have belonged to the original occupation of the site." Snið var tekið í túngarð þennan framan við (1). Í því sést torfveggur með mismunandi gjóskuröndum í mismunandi hnausum. Torf með H 1104 var neðst í veggnum en á milli torfa með landnámslaginu sem einnig var í torfum ofar í veggnum. Veggurinn var byggður ofan á óhreyfði landnámslaginu. H 1300 var óhreyft yfir veggnum að hluta, en mannvistarlag með viðarkolum og móösku var yfir því lagi. Veggurinn hefur því verið hlaðinn milli 900 og 1300. Niðurstaða GS er því sú að í Tinnárseli hafi byggð hafist snemma, jafnvel stuttu eftir 900 og telur hún sennilegast að um býi hafi verið að ræða. Samkvæmt ritheimildum hafði býli verið byggt í setóftum og hefur það haldist í óstöðugri byggð fram undir miðja 19. öld. Eftir það var hér selstaða og beitarhús sem voru síðast notuð 1929.

FAI, 137-40

## Nýjabæjarafrétt/Laugafellsöræfi Sk-730

Allt svæðið austan við Eystri Jökulsá þar til Geldingsá rennur í hana og þaðan austan við línu í suðausturhorn syðra Urðarvatnsins. Þaðan ræður lína æi tind sem er 935 m hár fyrir syðstu drögum Eyjafjarðardals þaðan í suðasutur í tind sem er 997 m hár vestan við Bleiksmýrardrög og þaðan í tind sem er 892 m framan við Bleiksmýrardrög. Þaðan lína í SSV í Vegamótavatn og þaðan í vestur í Háöldukvísl þar sem hún snarbeygir til suðurs og áfram með henni til Hofsjökuls. Einnig Austurdalur austanmegin fram að Hvítá. Þessi mörk eru algerlega tilbúin en eignarhald á þessu svæði er mjög vafa undirorpið og hefur Hæstaréttardómur dæmt Nýjabæjarafrétt einskismannsland (ATH mörk hins umdeilda svæðis?) Hin eiginlega Nýjabæjarafrétt er austurhluti Austurdals, nú talið frá Ábæjará en áður líklega frá Hvítá - GR IV, 129. AH getur um Fossá sem suðurmörk Nýjabæjarafréttar - AH Laugafellsöræfi, 4 en Geldingsá er vanalegra. Svæðið þar framan við er kallað Fjöll. "Lansvæði þetta er eða var eignarheimildalaust, að því er best verður vitað. Munnmæli herma þó, að það hafi tilheyrt Eyfirðingum og þá helst Möðruvöllum í Eyjafirði eða ef til vill Grund." GR IV, 178

"Það var eitt sumar að grasafólk fór fram á heiðar, eins og siður var til, og var með því unglingsstúlka, er Svanhildur hét, 12 eða 13 vetra gömul. Svo vildi til, að hún týndist í göngu og fannst ekki aftur. Villtist hún þangað er Laugafell heitir ... Svanhildur fann þar dilká eina, er var svo gæf, að hún gat handleikið hana, og tók hún það ráð, til að stilla hungur sitt, að hún saug ána með dilknum og fylgdi henni eftir um sumarið. Jafnframt át hún bláber og þoldi því ekki sáran sult. Um sumarið fóru gangnamenn með lengsta móti og allt fram í Laugafell. Þar fundu þeir ána og Svanhildi og höfðu hvorutveggja með sér til byggða ..." Gráskinna ATH

**Sk-730:001** þjóðsaga Þórutóftir sel

1840: "[við Laugafell] hafði Þórunn ríka á Möðruvöllum um sumar sel (og hélt þar til með hyski sitt, eftir tradition, meðan Svartidauði geisaði yfir." SSE, 202

Nú er aðeins eftir lítil gróðurtorfa þar sem sæluhúsið stendur en Angantýr Hjálmarsson og faðir hans muna að hún hafi áður verið mun stærri og hafi hörfað jafnt og þétt síðustu eina öld

"Fornar rústir á bakka Laugafellskvíslarinnar vitna ... um mannavistir þarna og eru alltaf kallaðar "Þórutóftir". Þar hafa fundist m.a. bein og aska, sem sanna einhverja búsetu á staðnum." - "Samkvæmt munnmælum hafði Þórunn nokkuð af fólki með sér. ... Hún sendi öðru hvortu einn mann í einu til byggða til að frétta a fplágunni en hún bannaði þeim öllum að koma til baka, nema henni væri aflétt. Fyrsti maður sem hún sendi heim, kom ekki til baka. Trúlega hefur þann næsta ekki langað til byggða og verða plágunni að bráð, því hann kom samdægurs til baka og sagðist sjá pláguna. Hún lægi eins og móða yfir allri byggðinni og næði upp í miðjar hlíðar. Fleiri sendimenn komu til baka með sömu fréttir ... Að lokum kom einn maður til baka með þá frétt að plágunni væri aflétt og þá hefur Þórunn trúlega farið að búa sig til heimferðar."

- SSE, 202; AH Laugafellsöræfi, 2

**Sk-730:002** heimild Laugafell náttstaður

Tjaldstaður leitarmanna úr Eyjafirði var við laugarnar undir Laugafelli. "Það þótti betra að liggj úti við laugarnar en annarsstaðar, vegna þess að þar var hægt að taka af sér skó og hafa þá þíða við velgjuna."

AH Laugafellsöræfi, 3; GR IV, 141

**Sk-730:003** hleðsla rétt

Laugafell: "Þá var rétt á melnum neðan við sæluhúsið og hún stendur að nokkru enn." Rétt þessi hefur verið skammt frá tjaldstæði hinna eyfirsku leitarmanna hjá laugunum. "Loks er stundum réttað í illa gerðu aðahaldi hjá laugunum við Laugafell."

AH Laugafellsöræfi, 3; GR IV, 133

**Sk-730:004** heimild Réttarhvammur náttstaður

Réttarhvammur er austan við Geldingsá, rétt ofan við þar sem hún rennur saman við Eystri Jökulsá.Í Réttarhvammur var áfangastaður eyfirskra leitarmanna eftir að þeir höfðu verið í Laugafelli. Þar var byggður leitarmannakofi fyrir 1920 og er hann kallaður Gráni og aðeins notaður sem hesthús eftir að leitarmannaskálinn Sesseljubær var byggður 1971. Gráni er byggður úr torfi og grjóti og er meginhluti hans ætlaður hestum, en innsti hluti kofans er afmarkaður með grind og er ætlaður mönnum. ... Kofinn mun rúma sæmilega fimm menn með tíu hesta." Áður en Gráni var byggður hafði verið um nokkurt árabil kofi þar rétt hjá sem Gráni er nú - GR IV, 132 - Hjálmar Þorláksson minnist á kofa við Geldingsá sem muni hafa sligast undan snjóþunga og er óljóst hvort það er sá sami - GR IV, 132 1. nmgr. "Við Geldingsá er fremur ómerkileg rétt" þar sem Eyfirðingar og Skagfirðingar skilja fé sitt - GR IV, 133. Um byggingu Grána sjá GR IV, 180-84.

AH Laugafellsöræfi, 3; GR IV, 132-33, 182

**Sk-730:005** tóft sæluhús

Eftirleitakofi við nyrsta laugalækinn við Laugafell.

"Það var gerð fleiri en ein tilraun til að koma upp leitarmannakofa við nyrsta laugalækinn, en þeir stóðu skammt. Hvorttveggja var, að þeir fúnuðu við ylinn og rakann frá læknum og svo munu snjóþyngsli hafa ligað þá niður. Við nákvæma athugun má enn sjá hvar þessi kofi var. Hann hefur verið lítill og ekki rúmað nema tvo menn. Trúlega hafa það verið Skagfirðingar sem komu þessum kofa upp til að leita skjóls í eftirleitum, sem venjulega voru ekki farnar fyrr en um veturnætur og stundum síðar." sbr "... það sagði mér Kristján bóndi Kristjánsson á Ábæ, að sá kofi hefði staðið illa fyrir raka. Ég man ekki betur en Kristján byggði hann upp, en fljótt hrundi hann. Þar voru viðarsprek til að stinga undir ketil, fyrst þegar ég kom þar." frásögn Hjálmars Þorlákssonar í Villingadal - um aldamót?

1. nmgr GR IV, 132; AH Laugafellsöræfi, 3

**Sk-730:006** örnefni Þórunnarlaug

Nafn á laug nálægt LaugafelliKennt við Þórunni ríku á Möðruvöllum sem á að hafa haft hér sel sbr. Sk-730:001. Það er mögulega þessi laug sem um 1800 var talin upphlaðin: "Da der tidligere fortaltes, at ved Laugafell fandtes et kunstig udhugget bad, med ukundte skrifttegn onmring, lod den kgl. kommision til oldsagers bevaring 1819 gennem amtmanden paa Nordlandet foretage en undersögelse af stedet, der dog ikke förte til noget resultat."

Kaalund, 120

**Sk-730:007** heimild Stórahvammskofi sæluhús

Stórihvammur er austan við Jökulsá um 2 km neðan við Réttarhvamm. Hvammurinn sjálfur er um 3 km á lengd. Þar var leitarmannakofi fyrir síðustu aldamót - "... eru þar stórir víði- og hrísrunnar og margs konar annar gróður."

"Nokkru áður en Gráni var byggður [1920] kom Hrólfur Þorsteinsson, þá bóndi í Ábæ, upp kofa syðst í Stórahvammi. .... var inngangurinn um þekjuna. - GR IV, 132 "Aftur á móti hékkl þá [er Hjálmar Þorláksson í Villingadal fór fyrst í göngur (?)] uppi kofi í Stórahvammi, en var orðinn hálfur af mold, því að eiginlega var hann grafinn inn í moldarbarð, og bar næsta lítið á honum."

GR IV, 132 1. nmgr., GR IV, 122, 132, 177

**Sk-730:008** heimild Fossárkofi sæluhús

"Þá var löngum kofi utan við Fossá" Var inngangurinn um þekjuna - "Í Fossárkofa þóttust sumir verða varir reimleika, og voru taldir valdir

að því tveir menn, sem sagnir herma, að hrapað hafi fram af Vothamarsskeiðum á Fossárdal."

Í svipuðum slóðum, sunnan við Fossána er eða var fremur lítil rétt þar sem Skagfirðingr og Eyfirðingar skildu fé sitt. 1912 var Fossárkofi eini uppistandandi kofinn á Nýjabæjarafrétt - "Kofinn norðan við Fossá var ekki stærri en svo, að þrír menn gátu legið í honum við góða hægð, en þröngt á fjórum. Hann var lágur og hlýr. Engar dyr voru á veggjum, en gat á mæni og hella lögð yfir. Þennan kofa byggði Steingrímur Jónsson, bóndi á Silfrastöðum, þegar hann var í Austurdal, einhverntíma fyrir 1880"

GR IV, 132, 133, 140

**Sk-730:009** mannvirki

"... nokkru fyrir sunnan og neðan laugarnar [við Laugafell], að heita má fast við Laugafellskvíslina, [var] mannvirki, sem bar að blása upp, og þar allmikið af kindabeinum."Sögn Hjálmars Þorlákssonar í Villingadal - telur hann þetta geta hafa verið leitarmannakofa eða jafnvel útilegumannabústað "því hann er lítt áberandi" Hugsanlega er þetta sama og Þórutóftir (Sk-730:001) en ólíklegt er þó að Hjálmar hefði ruglast á þeim.

**Sk-730:010** heimild rétt

Sunnan við Hvítá. "Við Hvítá hefir oft verið réttað í vorleitum í aðhaldi þannig gerðu, að haðnir hafa verið veggir tveir frá kletti sunnan við ána og fram í landsteinana."

GR IV, 133

# Eyjafjarðarsýsla

## Saurbæjarhreppur

### Leyningur (Leyningsdalur) Ey-363b

1712: "Selstöðu með tilliggjandi landi á jörðin á Leyningsdal, sem liggur fram frá Villingadalslandi fyrir framan Svartá, en hefur ekki brúkast í marg[t] ár, nem fyrir hross og geldfje á sumur." JÁM X, 252 1802: afrétt er tekin verða í lömb frá tveimur bæjum - JJ, 302 1885: "Líka fylgir jörðinni afrjett, svokallaður Leyningsdalur. Takmörk hans að neðan er Torfufellsá, og fjallsbrúnin að ofan, Galtá að framan og Svartá að heiman." LM E I, 80.

**Ey-363b:001** heimild Hestasteinn áfangastaður

"Skammt norðan Votahvamms er Hestalautin og Hestasteinninn á gróinni skriðu efst í lautinni. Gangnamenn á Leyningsdal skilja hesta sína venjulega eftir í Hestalautinni og láta reiðtygin á steininn og ganga þar beint upp í Heimari-Skálina yzr."

Ö-Saur, 112

**Ey-363b:002** heimild Gamla-Sel

"Gamla Selið er á barði norðan við [Leynings] eyrarnar og Svartáreyrarnar út og upp frá því."

Ö-Saur, 112

### Torfufell Ey-366

1712 var Hólsgerði partur af Torfufelli. Bygt fyrir manna minni í úthögum fram frá, afdeilt að túni og útslægjum, en öðrum landsnytjum óskift." JÁM X, 255. "... að norðan og vestan ræður Torfufellsá landamerkjum fram að svonefndri Galtá, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufell dalinn beggja vegna og fram á fjöll þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar." LM E I, 176 (Suðurmörk ekki skilgreind) Hálendismörkin eru við Steinbogann

"Grundirnar taka við norðan Lautarinnar og ná heim að túni. Annars má heita, að Grundirnar séu líka orðnar að túni. Túnið, sunnan og neðan við bæinn, heitir Sandur, en áfram þar suður og ofan er nú alltaf kallað Nýrækt og Nýræktarhvammur þar neðan við ... Syðsti hluti gamla túnsins heitir Gerðistún. Þar er hesthús, sem alltaf er kallað Gerði. Gerðistún er skilið frá Suðurtúninu með Grófinni ... í henni er Grófarlækurinn. Norðan undir bænum er Lautin og Brekkan upp úr henni. Yzt á túninu er Sauðhúsflöturinn. Fjárhúsið, sem stendur á brún hans, hefur þá væntanlega heitið Sauðhús. Miðflatarbrekkan var ofan við Sauðhús- [106] flötinn, þá kom Miðflötur og Efstiflötur suður og upp af honum. Brekkurnar og fletirnir eru nú minni en áður því búið er að jafna það nokkuð með jarðýtu." Ö-Saur, 105-106

**Ey-366:008** heimild Gamli-stekkur stekkur

"Ytri- og Syðri-Járnhryggslækurinn sameinast hjá Nefinu, en Járnhryggsskriðan er út og upp frá því, og Gamli-Stekkurinn er norðan hennar. Flóinn er neðan Gamla-Stekksins ..."

Ö-Saur, 104-105

**Ey-366:009** heimild Kerlingarvað

"Kerlingarvað er utarlega í Hvamminum"

Ö-Saur, 105

**Ey-366:010** heimild Lambhúvað

"Lambhúsvaðið er þar sem Syðsti-Farvegurinn kemur í Eyjafjarðarána."

Ö-Saur, 105

**Ey-366:011** örnefni Kvíavöllur kvíar

"Kvíavöllurinn og Kvíaklöppin eru suður og upp af Efstafleti ..."

Ö-Saur, 106

**Ey-366:012** örnefni Hesthúshóll hesthús

Hesthúshóllinn er neðan við Kvíavöllinn og suður af Efstafleti

Ö-Saur, 106

**Ey-366:013** örnefni Akurhóll akur

"Akurhóllinn er út og fram af Mýrdalnum og Balinn neðan við hann."

Ö-Saur, 106

**Ey-366:014** hleðsla Réttarhorn rétt

"Réttin stendur á Réttarhorninu við kjaft Torfufellsgilsins. Þar liggur Réttargjáin niður í gilið, en Réttarhvammur er þar niðri í gilinu:"

Ö-Saur, 106

**Ey-366:015** örnefni Garður

"Garðurinn er utan við Jarðfallið."

Ö-Saur, 107

**Ey-366:016** þjóðsaga Draughólar

Stóruskriðulækur rennur út og fram af Stóruskriðu og breiðit um Smáhólana. "Smáhólarnir eru nefndir Draghólar í Þjóðtrú og þjóðsagnir (sögn eftir Hannes Jónsson). Talið er, að Smáhólarnir séu dysjar manna, er féllu í bardaga milli Eyfirðinga og Skagfirðinga, er þeir börðust þarna út af eignarrétti yfir Galtártungum. Sögn Hannesar segir, að barizt hafi verið út af fjöllunum fram af Eyjafirði og Skagafirði, en önnur munnmæli herma, að sá bardagi hafi farið frm á Ófriðarstöðum í Austurdal í Sakgafirði."

Ö-Saur, 108

**Ey-366:017** tóftir Fremra-Sel

"Selhvammurinn er utan og framan undir Smáhólunum. Í honum er Fremra-Selið."

Ö-Saur, 108

**Ey-366:018** tóftir Heimara-Sel

"Heimara-Selið er utan og ofan við Selhamminn eða niður undan Mið-Selsskriðunni. Í kringum selið er Selmórinn og hlaðinn garður í kringum hann. Selgrundinn er ofan við Selmóinn. Tryggvi Sigurðsson á Jórunnarstöðum, sem bjó í Torfufelli árin 1878-1881, hafði síðast í seli þarna. Mun hann þá hafa byggt selið upp."

Ö-Saur, 108

**Ey-366:019** tóft smalakofi

Eftir að hætt var að hafa í seli í Heimara-seli (1881) voru kvíaær reknar heim til mjalta "en smalabyrgið var þá undir [109] stórum steini framan við selið, eða sunnan og framan í Syðstu-Selgilsskriðunni."

Ö-Saur, 108-109

**Ey-366:020** örnefni Byrgisskriða

"Skammt framan við Stóruskriðu er Byrgisskriða og Byrgisskiðugilið upp frá henni ..."

Ö-Saur, 108-109

**Ey-366:021** þjóðsaga Ísleifsskál

"Ísleifsskálin er þar nokkru framar í fjallsbrúninni [en Grenishryggur hjá Galtá]. Sagt er, að þangað hafi foringi Skagfirðinga flúið úr bardaganum í Smáhólunum. Hafi hann verið eltur þangað og drepinn og heygður."

Ö-Saur, 109

**Ey-366:022** varða Fjórvörður

"Fjórvörður eru í Vestara-draginu [Torfufellsdals], suðvestur af Galtárhnjúk. Fara má ríðandi upp sunnan við Galtárgil, fram Galtárhjalla og vestur [110] Vestara-Drag, og koma niður Hvítárdal í Austurdal í Skagafirði."

Ö-Saur, 109-10

## Úlfsá Ey-368

Á Eyjafjarðardal fram að Hafrá sem ræður merkjum við Arnarstaðatungur en merki milli Úlfsár og Hólsgerðis eru um Merkjalaut sem er því sen mæst beint niður af miðjum Hólsgerðishnjúk. Úlfsá fór í eyði 1925 en þá féll snjóflóð á bæinn sem skemmdi tún og fjárhús.

**Ey-368:004** tóft beitarhús

Sunnan við Hafrá heita Hafrárhólmar "Á barði ofan hólmanna eru rústir, sem beitarhús kallast." Beitarhúsagrund heitir og milli Mós og Réttarskriðu þar ofan við

Ö-Saur, 99

**Ey-368:005** örnefni Réttarskriða rétt

Réttarskriða er norðan við Beitarhúsagrund og Réttarskriðuhólmur þar neðan við

Ö-Saur, 99 Ekki kemur fram hvort til réttarinnar sér

**Ey-368:006** örnefni Tjaldbakki

Tjaldbakki er stór sléttur bakki meðfram Eyjafjarðará neðan við Réttrskriðuhólm og beitarhúsin

Ö-Saur, 99

**Ey-368:007** tóftir Fremri-Úlfá

"Heiman Réttarskriðu er Réttarskriðuholt og nyrst á því og neðst húsarústir, Litla- eða Fremri-Úlfá. ennilega hefur býli verið þar.

"Ö-Saur, 99 Sama og Magnúsartóftir?

**Ey-368:008** heimild Magnúsartóftir býli

"Magnusar tofter kallast fornt stekkjarstæði hjer í landinu framarlega. Á því eru munnmæli, að Úlfá hafi þar í fyrndinni staðið og þaðan færð verið undan skriðum, og sjást hjer enn nokkrar líkur til garðlaga í kring. Ekki má hjer bygð setja fyrir heyskaparleysi."

JÁM X, 256. Þetta örn. er ekki þekkt lengur en tóftirnar gætu verið þær sömu og nú kallast Fremri-Úlfá. sbr. Ö-Saur, 99

**Ey-368:009** örnefni Geitakofagrund geitakofi

Geitakofagrund og Geitakofahryggur eru sunnan við Kvíahrygg sunnan túnsins á Úlfá

Ö-Saur, 100

**Ey-368:010** örnefni Kvíahryggur kvíar

Kvíahryggur er sunnan við túnið á Úlfá

Ö-Saur, 100

**Ey-368:011** örnefni Stekkjargrund stekkur

Úlfárgrund er norðan Úlfár en norðan við hana er Stekkjargrund

Ofar í fjallinu eru örn. Stekkjarlág, Stekkjarhólar, Stekkjargil og Stekkjarrimi og virðast þau öll vera í hnapp og vísa á sama stekkinn en óljóst er af örn.lýsingunni hvort Stekkjarbarmur er þar svo nærri að það sé líka örugglega sami stekkurinn. -

Ö-Saur, 101

## Hólar (Eyjafjarðardalur) EY-373b

Hólakirkja átti dalinn framan við Tjarnir og selland Arnarstaða. 1712: "Afrjett á staðurinn fram frá Tjarnarlandi og botninn á

Eyjafjarðardal. Þángað á Hóla kirkjusókn fyrir austan Eyjafjarðará skylduuprekstur fyrir afrjettartoll, brúkast stundum, stundum ei, sakir harðinda og grasleysis. 1889: "Hólar eiga afrjett í Eyjafjarðardal að austan verðu árinnar fram frá Klaufá, við hana er byggður trippagarður, og að vestanverðu árinnar fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rjett á móti garðinum að austanverðu árinnar og fram til jökla að austan og vestan til sýsumóta. Þess skal getið, að garðurinn að vestanverðu við Eyjafjarðará stendur framar en í miðju Stangarlækjarfjalli, en Stangalækjarfjall hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða. Nú hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um, að láta merkin vera um trippagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða ábúendur að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrétt með því að viðhalda trippgarðinum að vestanverðu Eyjafjarðarár (þó eru undanskildir gamlir og grimmir graðfolar)." LM E I, 173-74. Skv. landamerkjaskrá frá 1923 eiga Hólar dalinn upp að djallsbrún að austan en að sýslumótum að vestan - LM E II, 75.

- Svíná og Svínheiði örn á austanverðum Eyjafjarðardal framan við Klifsá og Klifsheiði. Fyrir framan Svínheiði heita Svínastallar, farm á móts við Sandá "Örnefni þessi, sem við svín eru kennd, benda ótvírætt á, að þar hafi svín gengið fyrrum." LE I, 62-63 - Einnig Hafrá og Hafrárdalur vestanmeginn á Eyjafjarðardal

**EY-373b:001** þjóðsaga Þjófhóll
Einstakur hóll, vestanmegin við Eyjafjarðará, framan við Sandá þar sem heitir Botn, heiman við Runu.
Um Þjófhól "er sú saga, að einu sinni endur fyrir löngu hafi útilegumenn komið heim að Úlfá og rænt þar. Á leið sinni fram dalinn týndu þeir nokkru af þýfinu, og fannst síðar skyrkolla, og fleira af því hjá Þjófhól." LE I, 62 "Þjóðsagan segir, að nafnið sé af því komið, að eitt sinn hafi [97] komið gestur að Úlfá og beðsizt gistingar. Var það um vetur. Bauðst hann til að skemmta heimafólki með kveðskap um kvöldið og kvað rímur. En það þótti þó kynlegt að oftar en einu sinni skaut hann inn vísu þessari: 'Átta krof á einni rá - / efni þessu vík ég frá. / Taktu hann rauð, en bittu Brún, / bíddu mín fyrir utan tún.' Að morgni var gesturinn horfinn og átta krof úr eldhúsinu og skyrkolla úr búri. Kollan fannst suður á hólnum, sem nú heitir Þjófhóll."
LE I, 62; Ö-Saur, 96-97

**EY-373b:002** örnefni Garður
"Garðurinn er sunnan Klaufár og Hraunið er þar á nesi við ána á móti Syðra-Strangalækjargili." Austanmeginn
1889: "Hólar eiga afrjett í Eyjafjarðardal að austan verðu árinnar fram frá Klaufá, við hana er byggður trippagarður, og að vestanverðu árinnar fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rjett á móti garðinum að austanverðu árinnar og fram til jökla að austan og vestan til sýsumóta. Þess skal getið, að garðurinn að vestanverðu við Eyjafjarðará stendur framar en í miðju Stangarlækjarfjalli, en Stangalækjarfjall hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða. Nú hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um, að láta merkin vera um trippagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða ábúendur að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrétt með því að viðhalda trippgarðinum að vestanverðu Eyjafjarðarár." LM E I, 173-74. Sbr landamerkjaskrá Arnarstaða LM E I, 204. 1923 er við Klaufá "hlaðinn fyrirstöðugarður. Gegnt þessum grði, er annar garður vestan meginn árinnar."
Ö-Saur, 94; LM E II, 75

**EY-373b:003** heimild Arnarstaðasel sel
Á Eyjafjarðardal vestanverðum, fyrir framan Hafrá

**EY-373b:004** örnefni Áfangasteinn
"Við fjallsræturnar, sunnan Svínár, er stór steinn, sem heitir Áfangasteinn." Austanmeginn. sbr. Vaðhól syðst í Tjarnalandi ?
Ö-Saur, 94

**EY-373b:005** þjóðsaga
Hellismunni var áður undir klifinu framnið Brúsahvamm "og sagði þjóðsagan, að þaðan væri gangur allt í Sursthelli. Hrunið er nú fyrir munna þennan."
Ö-Saur, 97-98

**EY-373b:006** garðlag
Milli Heimari og Fremri Strangalækjar, "miðja vegu, er hlaðinn garður, sem vera átti hrosstóði heim dalinn. Heim að þeim garði áttu Hólar land, báðu megin dalnum."
Ö-Saur, 98

**EY-373b:007** þjóðsaga Ullarvötn huldufólksbústaður
Leitarmenn og fé hurfu nokkur hasut í röð hjá Ullarvötnum við Vatnahjallaveg en þegar Sigurður bóndason leitaði þar kinda föður síns kom þar til hans huldukonan Valbjörg eða Vandráð og kvað honum sömu örlög búin nema hann færi til hennar. Á þriðja hausti vitjaði Sigurður föður síns í draumi og næsta aðfangadaskvöld kom hann ásamt Eiríki presti í bæ þeirra Sigurðar og Valbjargar og tókst að koma fjölskyldunni allri til byggða og gæfðist Valbjörg smám saman
ÍV, 145. Sagan er í ÞJÁ I, 97-99

## Arnarstaðir (selland) Ey-375b

Arnarstaðartungur eru vestanmegin á Eyjafjarðardal framan við Hafrá og ná að Heimari-Strangalæk og líklega upphaflega að garði þeim sem var mitt á milli Strangalækjanna - Ey-373b:006.1712: "Selför með tillliggjandi landi á jörðin fram á Eyafjarðardal vestan framm, sem er allar Arnarstaðartungur á milli Hafrarár og Strángalækjar, hefur áður brúkast, en nú ekki í margt ár, því landið er mjög haglítið fyrir stórgripi." JÁM X, 262 Skv. Jarðab. 1802 áttu Arnarstaðir afrétt fyrir lömb af 2 jörðum JJ, 303 og mun það vera Arnarstaðartungur 1889: "Sömuleiðis eiga Arnarstaðir afrjettarland í Arnarstaðatungum frá Hafrá að norðan fram að trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjfjarðarár. Þess skal getið, að Stangalækjarfjall í Arnarstaðatungum hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða. En nú hafa jarðareigendunirr komið sjer saman um, að láta merkin vera um tryppagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða menn að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrjett með því að viðhalda trippgarðinum vestan Eyjafjarðarár en þó eru undanskildir gamlir og grimmir graðfolar." LM E I, 204. "Er þar grösugt hið neðra, valllendi og móar.... Hlíðin milli heimara lækjar og Hafrár er alveg gróin." Ö-Saur, 98

**Ey-375b:001** tóftir Arnarstaðasel sel
"Hvammur er rétt sunnan Hafrár, og í holti þar eru gamlar seltóftir, Arnarstaðsel."-"Ferðafélag Akureyrar hefur reist sæluhúsið Tungufell á mel þar suður og upp af."
Ö-Saur, 98

**Ey-375b:002** heimild Hákarlatorfa áfangastaður
"Nokkuð upp með Hafrárgili [sunnanmeginn], sem er djúpt klettgil, er grastorfa stór, sem heitir Hákarlatorfa, áningastaður, er farinn er Eyfirðingavegur."
Ö-Saur, 98

**Ey-375b:003** varða Sankti-Pétur samgöngubót

"Hafrárgilið gengur þvert upp fjallið, unz það hefur náð brún fjallsins, Tungnafjalls, þar em hún er lægst. Þar breytir það stefnu og liggur í suðvestur eftir dalverpu, sem myndast af ... fláa fjallsins og heitir Hafrárdalur. Þar sem gilið breytir stefnu, er hóll í suðurbarmi þess og kallazt Hæll. Eftir Hafrárdal liggur Eyfirðingavegur frá Hælnum að Sankti-Pétri, sem er varða á suðurbrún dalsins, og ber hana við loft frá fremstu bæjum að sjá."
Ö-Saur, 99

## Tjarnir Ey-369

Tjarnir eiga Eyjafjarðardal austanmegin fram að Klaufá. 1802 eru Márstaðir og Stigagerði taldar eyðihjáleigur og þá er talinn afréttur fyrir lömb frá 4 bæjum. Hálendismörk eru látin vera um Glerá þ.e. Ey-369:016 +
Á túninu austast er Lambhúshóll, þá kemur Hólhúsbrekka og Hólhúshóll norðaustur af bænum. Vestur af honum er Úttúnið og út og fram af því er Flagið ... Suður frá bænum er Suðurtúnið. Mórinn er suðvestur af túninu og vestan Mýrarinnar. Ö-Saur, 91

**Ey-369:016** heimild Tjarnarrétt rétt
"Mórinn er sunnan í Gleráreyrum meðfram Eyjafjarðará. Þar ofan við er Tjarnarrétt og Beitarhúsin."
Ö-Saur, 92
**Ey-369:017** heimild beitarhús
"Mórinn er sunnan í Gleráreyrum meðfram Eyjafjarðará. Þar ofan við er Tjarnarrétt og Beitarhúsin."
Ö-Saur, 92
**Ey-369:018** bæjarstæði Granastaðir býli
"Yzt á Mónum [sem er sunnan í Gleráreyrum] var fornt eyðibýli sem Granastaðir hét. Var það byggt á söguöld og getur þess í Reykdælasögu. Talið er , að það muni hafa farið í eyði í Svartadauða."
Ö-Saur, 92
**Ey-369:019** tóftir Selhólar sel
"Neðanvert við Svörtu-Hryggina [sem eru sunnan Moldbrekkna sem eru aftur suður og upp frá Mónum] og suður með ánni eru Selskálarhólmar og Selskálarhóllinn suður og upp af þeim. Selgrundin er suður og fram af hólnum. Syðst og neðt á grundinni eru tveir hólar, sem heit Selhólar. Þar var sel frá Hólum. Selskálareyrar er þar meðfram Eyjafjarðará." 1712 eiga Hólar "Selstöðu með haga fyrir ásauð, sem elst í Hólum, iii kýr og 1 hest í stokki í Tjarnarlandi, hefur áður brúkast, en nú ekki í nokkur ár." - JÁM, 260 1889: "Hólar eiga fríja betalingslausa selstöðu til allrar brúkunar á dalnum fyrir heman ... Klaufá, þar sem hentast sýnist, allt heim að Glerá. Samkvæmt þinglesnum sáttagjörningi frá 1. júlí 1882."
LM E I, 174; Ö-Saur, 92
**Ey-369:020** tóftir Klaufárgerði býli
"Skammt sunnan Vaðhóls eru grundir. Munnmæli herma, að þar hafi erið býli, sem Klaufárgerði hét, og þar sést vel fyrir tóftarbrotum. Klaufáin er rétt sunnan við Klaufárgerðið."
Ö-Saur, 94
**Ey-369:021** örnefni Vaðhóll
"Við Eyjafjarðará, gegnt Ytra-Strangalækjargili, er Vaðhóllinn. Skammt sunnan Vaðhóls eru grundir [þar sem tóftir Klaufárgerðis eru]
Ö-Saur, 94 vað á Eyjafjarðará?

## Æsustaðir (Æsustaðatungur) Ey-377b

Þessarar eignar er ekki getið í JÁM. Jarðab. 1802 telur afrétt fyrir lömb frá 4 bæjum og mun þar átt við Æsustaðatungur. "Sömuleiðis fylgir Æsustöðum afrjettarland það fram af Sölvadal, sem Aðatungur nefnast, eða Æsustaðatungur öðru nafni og eru merkjatakmötk þessi: Að norðan Kollhóll, sem er lítið eitt fyrir framan Þormóðsstaðaá, þar sem hún fellur í Sölvadalsá, að sunnan eru klettar þeir, sem Hrafnabjörg nefnast, merkjatakmörk og eru þeir nokkru framar en í miðjum dalnum." LM E II, 40. Æsustaðatungur eru því vestan megin á Sölvadal, heiman við Hrafnabjörg sem skilja Æsustaðatungur og Hraunártungur sem tilh. Möðruvöllum og ná að landi Núpufells (Núpufellsdal) og Þormóðsstaðaá

**Ey-377b:001** heimild beitarhús
"Nokkuð langt fyrir utan [Nýju Skriðu] er Beitarhúsahryggur. Þar utan við er stór grund, og á henni voru beitarhús, sem notuð voru frá Þormóðsstöðum fram yfir aldamót (1900). Neðan við grundina er hvammur, sem heitir Beitarhúsahvammur. Norður af Beitarhúsunum eru móar norður að Kollhól..."
Ö-Saur, 42
**Ey-377b:002** þjóðsaga Kollshóll legstaður
Kollshóll er á merkjum Æsustaðatungna og Núpufellsdals og í honum á Kollur, bróðir Grundar-Helgu o.fl. að vera grafinnHH Söguminjaskrá
Þjóðs frá 'J.Á.'

## Núpufell (Núpufellsdalur) Ey-379b

1712: "Þormóðsstaðadalur liggur undir jörðina, hann er framm frá Þormóðsstaða landi, og er selland vestan framm, sem brúkast oftast nær, þó þangað þyki langt og seinfært. Afrjettur er austan fram á dalnum, sem ábúandi brúkar fyrir lömb og geldfé, og leyfir þangað upprekstur nokkrum sveitarmönnum fyrir afrjettartoll eður óákveðna greiðasemi, sem ekki verður ákveðið að upphæð." JÁM X, 266 1890: "Afrjettarland á jörðin Núpufellsdal allan, austan við Þormóðsstaðadalsá, framan úr dalsdragi og út í svonefndan Tunguspörð, og þaðan fram á Kollhól, sem er heimarlega á Æsustaðatungum, liggja merkin neðan frá árgili rjettsýnis yfir hólinn á fjall upp." LM E II, 42-43. Núpufellsdalur er vestan Tungnafjalls og austan við Þormóðsstaði. Tungnafjallsöxl skilur dalinn frá Æsustaðatungum en Þormóðsstaðaá skilur hann frá landi Þormóðsstaða. - Skv. afsalsbréfi fyrir Núpufelli frá 25.5.1815 áskildi Hallgrímur Thorlacius sem þá átti 10,5 hdr í Hrísum sér og erfingjum sínum, óátalda beit í Núpufellsbithaga fyrir gripi þá og fjenað, er sá partur [Hrísa] framfleytir - LM E II, 43.

**Ey-379b:001** heimild sel
1712: "Þormóðsstaðadalur liggur undir jörðina, hann er framm frá Þormóðsstaða landi, og er selland vestan framm, sem brúkast oftast nær, þó þangað þyki langt og seinfært." JÁM X, 266

## Möðruvellir (Sölvadalstungur) Ey-391b

1712: "Afrjettarland á staðurinn framm úr Sölvadal, sem heitir Sölvadalstúngur, og brúkast af öllum ábúendum Möðruvallaeigna til uppreksturs fyrir lömb og geldfje, og so eru þángað stundum látnir hestar á sumur." JÁM X, 276. og Jarðab. 1802 segir að þar séu tekin lömb til göngu frá 10 bæjum. Möðruvellir áttu Sölvadal allan austanmegin framan við Ánastaðaland, þ.e. milli Sandár og Hrafnabjarga sem eru merki við Æsustaðatungur heimarlega í Hraunártungum vestan Sölvadalsár. 1886: "Afrjettarland á jörðin frá Sandá, allan Sölvadal að austan og Sandárdal að vestanverðu og Hraunárdal allan báðumegin og þaðan suður á fjöll, að svonefndu "Laugafelli"." LME I, 161. Milli Sandár og Ánastaða var einnig eyðibýlið Agnúastaðir og heyrði undir Möðruvelli og er það pláss tekið með hér þó norður merki þess séu ekki ljós.

**Ey-391b:001** garðlag Nautagarður
Flesjur eru sunnan við Hraunáreyrar. Svo taka við skriðuhryggir fram að svokölluðum Nautagarði.
"Sagt er, að Guðmundur ríki á Möðruvöllum hafi látið menn sína (sumir segja þræla) hlaða garðinn. Sér þó fyrir honum við ána og spölkorn upp í hlíðina.
Ö-Saur, 41-42

**Ey-391b:002** hleðsla Tjaldhóll náttstaður
"Framan við Nautagarð eru skriðuhryggir fram að Tjaldsteini, sem stendur í nesi við ána, og við hann er hlaðinn grjóthringur eða byrgi, sem grasafólk hefur hlaðið eða tjaldað þarna."
Ö-Saur, 42

**Ey-391b:003** heimild Agnúastaðir býli
1712: "Agnúastaðir kallast fornt eyðiból fyrir framan [Ánastaða] land. ... Þetta eyðiból liggur undir Möðruvelli í Eyjafirði og hefur nú í eyði legið undir 60 ár, og atla menn að það væri þar fyrir skamma stund bygt, þó eru hjer litlar girðíngar í kring."
1712: Byggingarkosti vita nálægir ekki að undirrjetta, meina þá þó alllitla. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Landið brúkar til beitar Ánastaða ábúandi og geldur þar fyrir x álnir í landaurum til umboðsmanns heimajarðarinnar." JÁM X, 270. Land Agnúastaða var seinna sameinað Ánastaðalandi. Bærinn stóð á gilbarmi sunnan undir Agnúastaðahrygg og voru beitrhús á bæjarstæðinu fram yfir 1910. Mýri er suður og upp frá bænum og heitir Agnúastaðasund -
JÁM X, 270; Ö-Saur, 38-39

**Ey-391b:004** þjóðsaga Preststjörn
"Sunnan við Langhól er Tjarnarsund, og er Preststjörn efst í sundinu."
"Nafn sitt dregur tjörnin af því, að þar druknaði eitt sinn prestur, sem talið er að átt hafi heima á Kerhóli. Var hann að koma úr embættiserindum frá Agnúastöðum, en datt niður um ís á tjörninni. Önnur sögn, er að presturinn hafi átt heima á Agnúastöðum og verið að finna vinkonu sína, sem hátti heima á Ánastöðum." Enn eina útgáfu heyrði OV í fjósinu á Eyvindartöðum en þá átti presturinn að hafa búið á Ánastöðum og átt vingott við einsetukonu sem bjó á Agnúastöðum - Dagb OV 1992, 17.
Ö-Saur, 38

**Ey-391b:005** varða samgöngubót
"Sandá fellur um Sandárdal. Nær því fram á miðjum dalnum er Austurgil. Er það stórt gil og klofnar í tvennt uppi í fjallinu og liggja drög frá því til suðausturs og norðausturs uppi á fjallinu. Sunnan syðra dragsins eru vörðubrot, sem talið er að hafi verið á kaupstaðarleið Bleiksmýrardalsmanna, þegar þeir fóru til Akureyrar."
Ö-Saur, 39

**Ey-391b:006** varða samgöngubót
"Stór varða er á Skjónafelli. Var þar gamalt vörðubrot 1920, en þá var varðan endurnýjuð. Valdimar Pálsson á Möðruvöllum stjórnaði endurbyggingunni. Varðan er hlaðin úr grjóti og er um 2 m á hæð. Í henni er eirkýla eða skjöldur með áletrun. Er þar letrað ártalið 1920 ..."
Ö-Saur, 40

## Þormóðsstaðir Ey-393

Þormóðsstaðir voru eign kirkjunnar í Núpufelli - JÁM X, 269. Gildrulækur er á norðurmerkjum og þar fyrir ofan Merkjahóll en sunnan við hann er stararmýri sem kallast Þrætupartur. Þormóðsstaðir eiga síðan allan dalinn vestanmeginn til fjalla ATH í túni - Hesthúslækur, kartöflugarðsstæði í Miðhúsmel, Fjárhús og Bæjarlæk, Stóra Hús

**Ey-393:006** örnefni Rekstrarhvammur
"Fyrir neðan túnið sunnan til er hvammur í árgilinu, sem heitir [45] Rekstrahvammur."
Ö-Saur, 44-45

**Ey-393:007** heimild Stekkjartún fjárhús
"Sunnan við melinn [sunnan við Rekstrarhvamm fyrir neðan túnið] er hvammur í gilinu, er heitir Stekkjarhvammur. Upp af honum er túnblettur, sem heitir Stekkjartún. Þar hefur staðið fjárhús."
Ö-Saur, 44-45

**Ey-393:008** tóft Geitakofaholt geitakofi
Neðst í Þormóðsstaðaheiði er "holt, grasi gróið. Eru á því tóftarbrot, og er það kallað Geitakofaholt."
Ö-Saur, 45

**Ey-393:009** varða
"Beint niður af [Geitakofaholti] er svokallaður Langhóll. Er varða á hæsta toppi hans."
Ö-Saur, 45

**Ey-393:010** varða Sjónarhóll
"Sunnan við endann á Efri-Langamel, eða áfastur við hann, er strýtumyndaður hóll, sem Sjónarhóll heitir. Er snarbratt út af honum á þrjá vegu. Uppi á toppi hans er vörðubrot."
Ö-Saur, 46

**Ey-393:011** örnefni Stekkjargilstekkur
Norður af Moldhól er bratt "niður í svokallað Stekkjargil. [47] Eftir gilinu rennur Stekkjarlækur ofn í Þormóðsstaðaá. Norðan við Moldhól er hæð, sem Stekkjarhæð heitir."

Ö-Saur, 46-47

**Ey-393:012** tóft Þorkelsstekkur stekkur

"Rétt norðan við [Hæðarlæk] er stekkur fast við ána, sem Þorkelsstekkur er kallaður. Má ver að hann sé kenndur við Þorkel Bergsson, sem bjó í Seli.

"Ö-Saur, 47

**Ey-393:013** bæjarstæði Þormóðsstaðasel bústaður/sel

Á Þormóðsstaðseli var stofnað býli 1835 og fór það í eyði árið 1907. Bæjargil er yst í túninu á Seli - en utan og ofan við það er strýtumyndaður hóll er Grjóthóll heitir. Sunnan til í túninu í Seli er gróinn skriðuhryggur. Er fjárrétt sunnan í honum, sem notuð hefur verið til skamms tíma. Þar sunnan við er Selmýri. - Ö-Saur, 47. Á Túnakorti er sýnt eitt útihús auk bæjarhóls

Ö-Saur, 47; Túnakort

**Ey-393:014** tóft Byrgishryggur

Niður af [Mosaskálum], nær miðjum, er grjóthryggur, sem Byrgishryggur heitir. Er þar gömul byrgistóft." (Mjög framarlega á Þormóðsstaðadal)

Ö-Saur, 48

# Suður Þingeyjarsýsla

## Hálshreppur

### Reykir SÞ-088

Reykjum tilheyrir Bleiksmýrardalur vestanmegin fram að Skarðsá. Jörðin tilheyrði Munkaþverárklaustri

1839: "[afdalir Fnjóskadals þrír] eru hafðir fyrir afréttarlönd geldfjár og næst byggðum fyrir búsmala." SSÞ, 54

**SÞ-088:002** tóftir Reykjasel sel

vestan við Fnjóská gegnt Tungu. Reykjasel er talin hjáleiga 1760 og var þá byggð fyrir 40 al. landsk. 1 kúgildi -

JJ, 318.Hkort, bl. 73

**SÞ-088:003** tóftir Káraselsel sel Friðlýstar minjar

Kárasel er vestan Fnjóskár gegnt Halldórshvammi

Hkort, bl. 73; Árb. 1906: 14-15

**SÞ-088:004** hleðsla rétt Friðlýstar minjar

Gamlar réttir, á grund litlu ofar en Kárasel

Árb. 1906, 14-15.

**SÞ-088:005** tóftir Fardísaróftir Friðlýstar minjar

Sunnan við Kárasel, vestan Fnjóskár spölkorn norðan við Smiðjugil

Hkort, bl. 73; Árb. 1906: 14-15

**SÞ-088:006** tóftir Smiðjusel sel

Smiðjusel er í hvammi upp í hlíðinni vestan við Fnjóská, sunnan við drag sunnan við Smiðjugil Járn og kolagerðarstaður?

Hkort, bl. 73

**SÞ-088:007** tóftir Skarðssel sel

Skarðssel er á vesturbakka Fnjóskár rétt norðan við Skarðsá undir Hágöngum

Hkort, bl. 73

### Hrafnagil (Bleiksmýrardalur) EY-316b

1394: [Hrafnagilskirkja á ] hálfan Bleiksmýrardal framan frá Skarðsá - DI III, 560-61 sbr. 1429 - DI IV, 378-79. (ATH 1318 - DI II, 453.
1712: "Afrjettarland á staðurinn framm úr Fnóskadal hálfan Bleiksmýrardal, og eru þangað skyldugir að reka allir bændur lömb sín í Öngulstaða og Hrafnagilshreppum, og so hefur áður verið, en smám saman hefur þessi upprekstur aflagst sakir harðinda og miklra vatna, og reka nú þángað allfáir. Afrjettartollur var venjulega lamb af hverjum bónda, og so er enn af þeim fáum sem reka." JÁM X, 218

**EY-316b:001** tóftir Flaustur

Flaustur er vestan við Fnjóská, um 2 km sunnan við Grákollulæk

Einnig kallað Flausturbalar og formið Klaustur kemur einnig fyrir: sbr. 1839: "Á Bleiksmýrardal ... hafa menn sjá þóst nokkur aurmál fornra byggða, á svokölluðu Klaustri."

SSÞ, 54; Hkort, bl. 73; Árbók 1906: 14

**EY-316b:002** tóftir Sandakot

Vestanmegin á Bleiksmýrardal, framan við Fremri Lambá gegnt s.n. Söndum

Hkort

**EY-316b:003** þjóðsaga Grákolluskál

Tröllkonan Grákolla bjó í helli langt fram á Bleiksmýrardal sem er hrofinn en þar heitir Grákolluskál sem Jón bóndason á Illugastöðum sem vingast hafði við hana kom henni fyrir í tjörn að henni látinni - og voru börn hennar og bóndi þar fyrir. - Grákollulækur er einnig á dalnum-

Gríma V, 174--79

**EY-316b:004** þjóðsaga

Tröllskessan Loppa bjó í fjallskál vestan ár í Bleiksmýrardal. Hún stal Jóni nokkrum við grasatínslu og hafði heim með sér til systur sinnar og slapp hann frá þeim naumlega og var þá orðinn lengri en aðrir menn

ÞJÁ I, 182

**EY-316b:005** heimild

Miðpartar náttstaður Aðra nótt gangna á Bleiksmýrardal "var svo tjaldað beggja megin ár, einhvers staðar á Miðpörtunum." Seinna var reistur kofi þar.

GR IV, 259

**EY-316b:006** heimild sæluhús

Leitarmannakofi við Heimari-Lambá. Kofa þessa er getið í samb. við frásögn af eftirleitum 1907 - GR IV; 266 og 1926 - GR IV, 267 og hefur hann enn staðið ca. 1945

GR IV, 266, 267

## Tunga SÞ-089

Tunguland afmarkast af Fnjóská að vestan og fylgir því Bleiksmýrardalur hálfur, mörk við Snæbjarnarstaði óviss. Tunga fór í eyði 1935. Jörðin tilheyrði Munkaþverárklaustri

1839: "[afdalir Fnjóskadals þrír] eru hafðir fyrir afréttarlönd geldfjár og næst byggðum fyrir búsmala." SSÞ, 54.

**SÞ-089:002** tóftir Halldórshvammur

Halldórshvammur er ca. 2 km sunnan við bæinn í Tungu, gegnt Káraseli

Hkort, bl. 73

**SÞ-089:003** heimild Klaufakot býli Friðlýstar minjar

nálægt mynni Bleiksmýrardals

Árb 1906, 13

**SÞ-089:004** heimild Austursandar náttstaður

"Tjaldað var suður á Austursöndum dálítið sunnan við Svartá" Á Söndum var gist tvær nætur og tjaldað fyrri nóttina eftir að þar var byggður kofi

GR IV, 258, 259

**SÞ-089:005** heimild sæluhús

Leitarmannakofi við Bleiksmýri sem er gegnt Heimari-Lambá Kofa þessa er getið í sambandi við frásögn af eftirleit 1899 og er ekki sagt skýrt frá staðsetningu hans en ljóst að hann hefur verið þar nálægt sem kallað er Bleiksmýri, allgóðan spöl utan við Sandá.

GR IV, 262-65

## Hjaltadalur SÞ-091

Mörk milli Snæbjarnarstaða og Hjaltadals óviss. Jörðinni tilh. Hjaltadalur allur og Timburvalladalur vestanmegin en hann lá áður undir hjáleiguna Kambfell. Hjaltadalur fór í eyði 1908. Jörðin var eign Munkaþverárklausturs 1839: "[afdalir Fnjóskadals þrír] eru hafðir fyrir afréttarlönd geldfjár og næst byggðum fyrir búsmala." SSÞ, 54

**SÞ-091:002** tóftir Grænutóftir Friðlýstar minjar

Grænutóftir eru vestanmeginn í Hjaltadal litlu norðar en gegnt Fossgili

Hkort bl. 73; Árb. 1906: 13 ATH taldar á Bleiksmýrardal í Tungulandi

**SÞ-091:003** tóftir Stíflhólasel sel

Stíflhólasel er vestanmeginn á Hjaltadal gegnt Stíflhólum sem eru norðan við Stíflhólagil

Hkort bl. 73

**SÞ-091:004** tóftir Smáhólasel sel

Smáhólasel er austanmeginn á Hjaltadal milli Tröllaklifs og Fossgils

Hkort bl. 73

**SÞ-091:005** örnefniSláttumýrar

Framarlega á Hjaltadal, beggja vegna Hjaltadalsár, á móts og norðan við Sláttugil. Heimild um engjaslátt

Hkort bl. 73

**SÞ-091:006** örnefni Bæjarstæði

Þetta örnefni er merkt við fjallsbrúnina vestan megin á Hjaltadal framan við Sláttumýrar

Hkort bl. 73

**SÞ-091:007** tóftir Bjarnasel sel

Við mynni Hjaltadals, austanmegin, um 1,5 km sunnan við KambfellHkort bl. 73

**SÞ-091:008** bæjarstæði Kambfell býli

Kambfell stendur undir Kambfellshnjúk við mynni Hjaltadals, austanmeginnKambfell fór í eyði 1819, en var 1805 talið nýbýli byggt á fornri eyðihjáleigu frá Hjaltadal og metið til 7 hundraða - JJ, 319. 1839: "[Undir Kambfellshnjúk stóð] fyrir skömmu norðvestan undir kot eitt að nafni Kambfell, sem eyðilegðist vegna skriðufalla á tún og engi."

SSÞ, 54

**SÞ-091:009** örnefni Kirkjuhóll

Hóll skammt norðan við Kambfell á austurbakka Hjaltadalsár

Hkort bl. 73

**SÞ-091:010** tóftir Tungufell býli Friðlýstar minjar

Fast á vesturbakka Timburvalladalsár, framan við mynni Timburvalladals

Hkort bl. 73; Árb. 1906: 12 - tilh. Sörlastöðum ? ATH

**SÞ-091:011** tóftir Timburvellir býli Friðlýstar minjar

Timburvellir eru utarlega á Timburvalladal, vestanmeginn. Timburvellir fóru í eyði ca. 1870

Hkort bl. 73; Árb. 1906: 12 - tilh. Sörlastöðum ?

**SÞ-091:012** heimild

Fjórir ungir menn úr Illugstaðasókn gengu eitt sinn upp á Kambfellshnjúk og hlóðu þar vörðu er lengi var sjáanleg úr byggð. Einn þessara manna var Páll, faðir Ólafs Pálssonar, er nú [1946] býr í Sörlatungu, og orti hann þessa vísu um för þeirra félaga: 'Kambfells upp á hnjúkinn há/höldar skunda gjörðu./Menn svo skyldi merkin sjá/mikla hlóðu vörðu.' Sagt er að Kambfellshnjúkur sé svo mjór efst að sitja megi klofvega á honum og hafa annan fótinn á Timburvalladal en hinn á Hjaltadal. Mjög fáir menn munu þó hafa komið upp á hnjúk þennan.

- GR IV, 254

## Sörlastaðir SÞ-092

Sörlastöðum tilheyrði Timburvalladalur austanmeginn. Jörðin er nú í eyði. Tilheyrði Munkaþverárklaustri 1839: "[afdalir Fnjóskadals þrír] eru hafðir fyrir afréttarlönd geldfjár og næst byggðum fyrir búsmala." SSÞ, 54

**SÞ-092:002** tóftir Heimarasel sel
Uppi í hlíðinni austanmeginn í Fnjóskadal, þar sem heitir Reitur
Hkort bl. 73
**SÞ-092:003** tóftir Fagraneskot
Fagraneskot er austanmegin á Timburvalladal, um miðja vegu milli Fremraskarðs og Mýrabrekknagils
Hkort bl. 73
**SÞ-092:004** tóftir Bakkasel sel
Bakkasel er austanmegin á Timburvalladal milli Mýrabrekkna og Hvítármýra
Hkort bl. 73
**SÞ-092:005** tóftir Hvítárkot
Hvítárkot er austanmegin á Timburvalladal á norðurbakka Hvítár

# Ljósavatnshreppur

## Ljósavatn (Króksdalur) SÞ-159b

Króksdalur vestanmeginn frá Galtargróf að Kiðagili.

Munnmæli að Egill á Lundarbrekku, sonur Gnúpa-Bárðar, þess er nam Bárðardal, gæfi Helga krók frænda sínum, syni Guðlaugs Ásgeirsonar úr Sogni, land allt milli Mjóadals og Skjálfandafljóts fram til sanda. Nefndu þeir land þetta Króksdal og reisti Helgi þar bú og nefndi að Helgastöðum. Helgi átti fjárleitir með Mývetningum austan Skjálfandafljóts og sel í Öxnadal. Sagan af Hrana hring, Ódáðahraun III, 138. 1380 og 1431: Króksdalur frá Galtargróf fram að Kiðagili fylgir heimalandi Ljósavatns - DI III, 356; IV, 456.

1840: "Fyrir sunnan byggð liggur báðu megin upp með Skjálfandafljóti dalur sá er Krókdalur heitir, af Helga krók sem bjó að Helgastöðum. Til annarra eyðijarða vita menn ekki í því plássi." SSÞ, 95 "...eru merki um fornar byggingar suður á Króksdal og upp í Grafarlöndum, en þessi tóttarbrot eru með öllu órannsökuð og nöfn þeirra týnd. Sennilega hafa þó þarna verið annaðhvort sel eða býli." Ódáðahraun III, 140. (sbr Smiðjugil)

1840: "Hlíðarnar [í Króksdal] höfðu áður verið skógi vaxnar, en nú sést þar varla annað en sprek og stönglar." SSÞ, 95

**SÞ-159:001** heimild Helgastaðir býli
Vestan Skjálfandafljóts, suður á móts við Bálabrekku, á Króksdal eru óblásnar torfur aðeins á 3 stöðum og er ein þeirra á Helgastöðum. Þar "er sandtaðan aðalgróðurinn, en dálítið er þar um grávíðislauf, og fjalldrapi sést þar, en lítið. Á Helgastöðum er talsvert landsvæði gróið á ný, og þar er sandtaðan svo þétt og stórvaxin, eins og væri það ræktað tún."

Örnefnið er þekkt, en ekki sjást þar neinar rústir og segir JÁM að Skjálfandafljót hafi brotið land á þessum stað og skolað rústunum burt ATH - Ódáðahraun III, 138. Ath söguna af Hrana hring. 1840: talið meðal eyðibýla sem prestur veit um, SSÞ, 103
"Bæjarstæði Helga þykjast kunnugir gangnamenn hafa greint, en harla óljóst mun það orðið." GR IV, 283
GR IV, 285, Ódáðahraun III, 138
**SÞ-159:002** örnefni Smiðjuskógur smiðja
Vestan við Skjálfandafljót, móti Bálabrekku
1840: "[Krókdalur] er þeim megin líka nefndur Smiðjuskógur." "Vesturhlíðar Krókdals eru víðast örfoka, en sunnan við Galthól er staður, sem Smiðjuskógur heitir. Þar sést til gjallhauga nokkurra [283] og rústir fornra bygginga eru þar allgreinilegar, steinar holaðir af mannahöndum (kvarnarsteinar) og fleira."
GR IV, 282-83; Ódáðahraun III, 140
**SÞ-159:003** dys Galtahóll legstaður
Vestan Skjálfandafljóts, gegnt Sandmúla
Skv. Sögu af Hrana hring drap Sigfús, húskarl Gauta á Gautlöndum, Vakur, sauðamann Helga króks, en Hrani hringur, sonur Egils á Lundabrekku, vó aftur Sigfús og var hann dysjaður fyrir austan fljót. Þetta gerðist er þeir voru allir í fjárleitum. Af þessu hlutust vígaferli og fór Hróaldi galti, bróðir Sigfúsar og þeir níu saman, að Hrana og fundu hann þar sem hann var að skógarhöggi ásamt tveimur húskörlum Helga. Börðust þeir þar og lauk svo að Hrani drap þá alla nema tvo en einnig féllu förunautar Hrana. Voru þeir allir dysjaðir þar sem heitir Galtahóll. - Ath sögu af Hrana hring. Kallaður Galthóll á korti.
Ódáðahraun III, 138 Sbr GR IV, 282
**SÞ-159:004** örnefni Kvíahraun kvíar
Kvíahraun er vestanmegin á Króksdal, gegnt Ytramúla, sunnan við Smiðjuskóg. Aðrar skýringar gætu verið á örn. þessu en að þar hafi verið kvíar
Hkort
**SÞ-159:005** heimild Dældir áfangastaður
"Í norðanverðu Kiðagili eru grónir hvamar, og allmikill gróður er skammt þar frá, sem heitir í Dældum. Þar er aðaláningarstaður ferðamanna, er fara um Sprengisand, enda vía vörðurnar leiðina þangað."
GR IV, 283
**SÞ-159:006** heimild Kvíar rétt
"Kvíarnar verða þarna æ dýpri, eftir því sem norðar dregur, og norðast eru grónar torfur undir nokkurra metra háum björgum. Þar eru góðir hestahagar og skjólsamt við björgin. Fjárrétt er þarna í Kvíunum ..."
GR IV, 285
**SÞ-159:007** heimild Kvíakofi sæluhús
"Kvíarnar verða þarna æ dýpri, eftir því sem norðar dregur, og norðast eru grónar torfur undir nokkurra metra háum björgum. Þar eru góðir hestahagar og skjólsamt við björgin. Fjárrétt er þarna í Kvíunum og gagngnamannakofi, sem nefndur er Kvíakofi." -
GR IV, 285
**SÞ-159:008** heimild sæluhús
Á Ytri-Mosum "eru góðir hesthagar, enda er þar gangnamannakofi."
- GR IV, 285

## Mjóidalur SÞ-171

Býlið Mjóidalur fór í eyði 1894 en hafði verið byggt upp á rústum Mjódalskots 1812. Hjáleiga frá Mýri (SÞ-170) 1840: "Í Mjóadalnum ... stendur bærinn Mjóidalur, áður nefnt Mjoadalskot, hér um bil mílu sunnar en Mýri og er hjáleiga frá Mýri. Þar er landgott og víðslægt en framar vetrarhart. Mýrar og Mjóadalslandi er mjög hætt við spjöllum af sandfoki þegar vindar ganga." SSÞ, 100 Í Mjóadal var "löngum vel búið. Pétur Péturson - síðar bóndi á Stórulaugum í Reykjadal - bjó þar á 8. áratug aldarinnar sem leið, og hafði 200 fjár, 4 kýr og 8 hross. Í Mjóadal dvaldi Stephan G Stephansson, Klettafjallaskáldið, síðustu árin, sem hann átti heima á Íslandi. Árið 1894 lagðist byggð niður í Mjóadal. Síðustu ábúendurnir voru Arnfríður Sigurðardóttir og Baldvin Friðrikson." GR IV, 281

Miklar líkur benda til, að uppblástur og sandfok hafi mestu valdið um, að byggðin í Mjódal og á Íshóli lagðist niður í lok síðustu aldar." GR IV, 282.

**SÞ-171:001** bæjarstæði Mjóidalur býli
Vestanmegin í Mjóadal, litlu norðar en miðja vegu milli Ytri-Lambár og Grjótár. fór í eyði 1894 en 1840 telur prestur Mjóadal meðal nýbýla sem byggð hafi verið síðan um seinustu aldamót - SSÞ, 104
Ódáðahraun III, 138
**SÞ-171:002** bæjarstæði Hólkot bústaður/sel
Vestan megin í Mjóadal, milli Fremri- og Ytri-Lambár 1840: talið meðal eyðibýla sem prestur veit um, SSÞ, 103
Ódáðahraun III, 138
**SÞ-171:003** tóftir býli
á vestanverðum Mjóadal, þar sem Sveigur er kallaður
BBSÞ, 268
**SÞ-171:004** tóftir býli
ónefnt býli; utarlega á Mjóadal að austan
BBSÞ, 268
**SÞ-171:005** tóftir býli
ónefnt býli; sunnarlega á Mjóadal að austan
BBSÞ, 268
**SÞ-171:006** tóftir Engimýrar býli
býli á hálsinum austan Mjóadals
BBSÞ, 269 ATH staðs - gæti tilh. Íshóli
**SÞ-171:007** heimild Hátún býli Friðlýstar minjar
milli Mýrar og Mjóadals - SSÞ, 103
1840: Meðal eyðijarða sem prestur veit um - Ath gæti verið í landi Mýrar ATH hvort þetta er sama og "Fornar bæjarrústir, í tungunni milli Fiskiár og Mjóadalsár."
Árb 1898. F, 71, 74; Árb 1906, 10; Bruun 1928: 166-71
**SÞ-171:008** heimild samgöngubót
beggja vegna Grjótár fyrir norðan gljúfrin. "Hvörgi er ruddur vegur í sveitinni ... nema milli Mýrar og Mjóadals yfir stórgrýtisskriður beggja megin Grjótár fyrir norðan gljúfrin ..."
SSÞ, 104

## Íshóll SÞ-172

Íshólsdalur allur. Fór í eyði 1897. Jörðin tilheyrði Laufáskirkju. 1840: "Ísólfs- til forna máske Rangár- eða Hofgarðs-dalur." - SSÞ, 95 1840: "Íshóll er 5 hundruð. Þar er landgott og slægjur nokkrar en vetrarhart og hætt við landskemmdum af sandfoki á vetrum." SSÞ, 100 "Síðustu ábúendur á Íshóli voru Jóhanna Sigursturludóttir og Jón Þorkelsson frá Víðikeri." GR IV, 282 Töluvert af silungi er í Íshólsvatni. - GR IV, 281. Sunnan við Hrafnabjargahlíð liggja Lækjadalir vestur í hálendið. Eru þeir lítið daladrag, og voru þar slægjur frá Íshóli. - GR IV, 282. Mjög er landið blásið í dalnum sunnan- og vestanverðum, en þó er þar enn haglendi nokkurt. ... Miklar líkur benda til, að uppblástur og sandfok hafi mestu valdið um, að byggðin í Mjódal og á Íshóli lagðist niður í lok síðustu aldar." GR IV, 282.

**SÞ-172:001** bæjarstæði Íshóll býli
Vestanmegin í dalnum, við suðurenda Íshólsvatns, neðst í brekku
Ódáðahraun III, 138 Fór í eyði 1897
**SÞ-172:002** bæjarstæði Hofgarðar býli Friðlýstar minjar.
Austanmegin í dalnum, á.a.g. 1 km sunnan við Íshólsvatn. Nú er dalbotninn allur vaxinn lágu kjarri og grávíði og eru rústirnar af þeim sökum illgreinilegar

Annað nafn á tóftum þessum er Horngarður. 1840: "Tjáist þar hafa verið gamalt eyðibýli, Hof- eður Horngarðar, og skyldi þar hafa verið kirkjustaður, jafnvel prestssetur." SSÞ, 95. - 1840: talið meðal eyðibýla sem prestur veit um, SSÞ, 103 "Kirkja hef eg heyrt talað hafi verið á Hofgörðum sem nú hefur ógnarlengi legið í kalda koli. Hafi nokkrir nú byggðir bæir þangað sótt framan til í dalnum, þá sækja þeir nú að Lundarbrekku." SSÞ, 104
Árb 1898. F, 71, 74; Árb 1906, 10; Bruun 1928: 166-71; Ódáðahraun III, 138
**SÞ-172:003** heimild beitarhús
"Að Íshólsvatni vestanverðu liggur hallalítil fjallshlíð, sem fulyrt er, að öll hafi verið vaxin birkikjarri í byrjun 19. aldar. Nú er þar örfoka land, en grjóthrúga mikil sýnir merki þess, að þar hafi eitt sinn staðið beitarhús í skógarhlíðinni."
GR IV, 281

## Bárðdælaafrétt vestari SÞ-643

Afréttin sunnan við Mjóadal, austan við vatnaskil milli Fnjóskár og Skjálfandafljóts og línu í Fjórðungsöldu um Tungnafellsjökul í upptök Skjálfandafljóts. 1840: "Afréttarlöndin [Bárðdælinga] eru fyrir ofan byggðina beggja megin fljótsins. Mývetningar hafa geldfjárupprekstur fyrir austan það og nokkrir Reykdælingar, en Bárðdælir fyrir vestan, bæði á Mjóadal, Íshólsdal, í Melum og á Krókdal. Almenningur er nefndur partur sunnan af Mjóadal og reka Bárðdælingar tollfrítt í hann geldfé sitt. Krókdal eignarr sér Ljósavatnskirkja, en til hinna landanna, sem fyrir afrétt brúkast, eiga tiltölu efstu bæirnir í byggðinni, svo sem Íshóll, Litlatunga og Mjóidalur fyrir vestan fljótið, en Stórutungu tilheyrir afréttarpartur fyrir austan það. Hitt annað vilja Mývetningar tileinka sinni sveit ... [103] ... tveir eða þrír bændur úr Mývatnssveit sem tíðka upprekstur vestan Fljótsins [koma til réttar Bárðdælinga hjá Mýri]" SSÞ, 102-103

**SÞ-643:001** heimild Áfangatorfur áfangastaður
"Sunnanvert við Kiðagil heita Áfangatorfur. Þar eru nú fremur lélegir hesthagar, en svo virðist af gömlum sögnum, sem þar hafi fyrrum verið aðaláningarstaður við norðanverðan Sprengisand. Sagt er að þar hafi Skálholtsbiskupar jafnan áð, er þeir fóru um sandinn og þvert yfir Ódáðahraun á yfirreið sinni um Austurland." áfangastaður á Sprengisandsleið, hagablettur í Kiðagili.
Ódáðahraun I, 173-74; GR IV, 283

**SÞ-643:002** heimild Tjarnardrag náttstaður
"Nokkuð upp með Jökulfalli liggur lítið mosadrag - og ber allhátt. Það heitir Tjarnrdrag. Þar hefir um langan aldur verið tjaldstaður gangnamanna." Á Tjarnardragi eru lélegir hesthagar og lítið er þar um skjól -
GR IV, 284

**SÞ-643:003** heimild Fljótsdalur náttstaður
"Á Fljótsdal er land víða örfoka, en þó er nokkuð gróðursvæði í norðanverðum dalnum. Þar var til skamms tíma tjaldstaður gangnamanna í seinni göngum."-"Sandtaða og grávíði er aðalgróðurinn á Fljótsdal."
GR IV, 286

**SÞ-643:004** heimild Fljótskvíslar náttstaður
"Suður um Fljótskvíslar vestanverðar er og vel gróið, og tjalda gangnamenn þar stundum í seinni tíð, þar eð hagar eru þar betri en á Tjarnardragi."
GR IV, 286

**SÞ-643:005** heimild Jökuldalur náttstaður
Náttstaður Bárðdæla sem smöluðu suður með Þjórsárkvíslum og Jökuldal var á dalnum -
GR IV, 287

## Bárðdælaafrétt eystri SÞ-644

Afréttin austan við Skjálfandafljót - austurmörk við Ódáðahraun óviss. Afréttarland þetta var til forna sameiginlegt með Mývetningum. "...eru merki um fornar byggingar suður á Króksdal og upp í Grafarlöndum, en þessi tóttarbrot eru með öllu órannsökuð og nöfn þeirra týnd. Sennilega hafa þó þarna verið annaðhvort sel eða býli." Ódáðahraun III, 140. 1840: "Afréttarlöndin [Bárðdælinga] eru fyrir ofan byggðina beggja megin fljótsins. Mývetningar hafa geldfjáruppprekstur fyrir austan það og nokkrir Reykdælingar, en Bárðdælir fyrir vestan, ... Stórutungu tilheyrir afréttarpartur fyrir austan [Skjálfandafljót]. Hitt annað vilja Mývetningar tileinka sinni sveit ... [103] ... tveir eða þrír bændur úr Mývatnssveit sem tíðka upprekstur vestan Fljótsins [koma til réttar Bárðdælinga hjá Mýri]" SSÞ, 102-103. Ca. 1840: "Einarsstaðakirkja á þar ítak í Krókdal." SSÞ, 124 1840: "Hlíðarnar [í Króksdal] höfðu áður verið skógi vaxnar, en nú sést þar varla annað en sprek og stönglar." SSÞ, 95
- Í Krossárgljúfri er gæsavarp nokkurt, og mun stundum hafa verið farið þangað úr Bárðardal til eggjatöku, en því mun nú alveg hætt. Ódáðahraun I, 178

**SÞ-644:001** heimild útilegumannabústaður
ókunnur hellir suður af Bárðardal. Árni Grímsson útileguþjófur á að hafa hafst við í helli einhversstaðar suður af Bárðardal 1747
ATH IA IV, 405, 675; Árbækur Espólíns X, s. 12; Sagnaþættir Þjóðólfs (1947), 148-78; II, 2-15. Þjóðs Sigfúsar Sigfússonar X, 367; Ódáðahraun II, 416-18. Þingeysk sögn erað Árni og félagar hans tveir hafi hafst við í Suðurárbotnum.

**SÞ-644:002** tóft óþekkt
á Dyngjuhálsi, austur frá Gæsavötnum (norður af Gæsahnjúk? b.v. í ÚAT, 169)2Fannst er unnið var við landmælingar í Vonarskarði 1932
"Kofi þessi er milli tveggja stórra steina, rétt hjá dálitlum móbergskletti, sem er þarna á hálsbrúninni. Steinþór Sigurðsson, magister, lýsir kofarústinni þannig: "Hann er hlaðinn upp úr móbergi, hringlagaður, rúmlega tveir metrar í þvermál að neðan og hefur verið hlaðinn upp í strýtu. En þakið er fallið niður og kofinn auk þess hálffullur af sandi. Dyrnar snúa að vötnunum, og er gott útsýni úr þeim yfir alla sléttuna, hraunið og fljótið niður fyrir Marteinsflæðu." Kofarúst þessi er í 1214 metra hæð yfir sjó. / Það er dálítið erfitt að hugsa sér þennan kofa aðsetur útilegumanna. því að veður munu válynd þar á Dyngjuhálsinum. Illt er þar líka um vatn og aðdrætti. Staðurinn hefur því fáa kosti sem útilegumannabæli aðra en útsýnið. Þó er alls eigi fjarri sanni, að fjallbúar hafi hróflað upp þessu skýli til þess að hafa þar athvarf, er þeir flæktust milli Suður- og Norðurlands, en hitt er heldur ekki óhugsandi, að skýlið sé gert af byggðamönnum, sem fóru Vatnajökulsveg, en líkur eru til, að Skálholtsbikupar hafi farið þessa leið á 17. öld, og væri þá ekki útilokað, að biskupssveinar hefðu verið þarna að verki. Enginn vottur beina, ösku eða gólfskánar er að finna í kofarúst þessari. / Ef til vill er þetta eitt af hreysum þeim, sem sagt, er að Fjalla-Eyvindur hafi átt við vesturjaðar Ódáðahrauns. En hvað sem um það er, og hver em hefur gert þennan kofa, þá er ósennilegt, að nokkur hafi notað hann til langdvalar."
Mbl 191. tbl. 1932; Ódáðahraun II, 421-22

**SÞ-644:003** heimild Hafursstaðir býli
í Hafursstaðahlíð, milli Sandár og Sandmúladalsár. 1700 var hér allt víði vaxið, en nú er mest allt land með Hafursstaðahlíð blásið
"Hafursstaðir kallast fornt eyðibýli í þessum almenningi á Hafursstaðahlíð, og sjást þar enn nokkur byggingamerki, rústa og girðinga. Ekki má þetta eyðiból aftur byggja, því að það er víði vaxið, en heyskapur enginn." JArðabÁM, ATH. Skv DB sáust enn rústir sels eða bæjar á þessum stað árið 1897 en ekki kom hann þar sjálfur, Árb 1898 ATH. ÓJ: "Enginn hefur getað vísað mér á þessar rústir, sem ættu að vera einhversstaðar milli Sandár og Sandmúladalsár, og ekki hef ég komið auga á nein merki þeirra, þótt ég hafi skyggnzt nokkuð eftir þeim. Vera má að rústir Hafursstaða hafi orpizt sandi, en mest allt alnd með Hafursstaðahlíð er blásið." Ódáðahraun III, 139 Hugsanl. að rústir undir Sandmúla em enn sjást séu af Hafursstöðum og Hafursstaðahlíðin hafi þá færst til. Þórður Flóventsson frá Svartárkoti talar þó um rústir á tveimur stöðum og kallar Efri- og Neðri-Hafursstaði - Laxa og silungaklak á Íslandi, s. 191. 1840: talið meðal eyðibýla sem prestur veit um, SSÞ, 103
Ódáðahraun III, 138-39

**SÞ-644:004** bæjarstæði undir Sandmúla býli
"...undir Sandmúlanum, sunnan Sandmúladalsár, [eru] greinilegar bæjarrústir..."-"...jarðvegur allur er þar brott fokinn, svo ekki er þar annað eftir en grjót úr veggjum og svo mikið af beinahrasli."
"Haustið 1908 og sumarið 1909 fann Erlendur Þórðarson frá Svartárkoti, [síðar] prestur í Odda á Rangárvöllum, þarna ýmsa muni, er hann færði Matthíasi Þórðarsyni, þjóðminjaverði. Þar á meðal var hluti úr vefjarskeið úr hvalbeini, steinbolli, líklega steinlampi, járnmél, hnífsblö, önglar, perlur, snúðar úr steini og beini, greiðubrot og 304 grömm af fornu gangsilfri. Voru það 36 smábútar, þar a meðal bútar úr hringum og menjum eða öðrum skrautgripum. Telur MÞ [140] fund þennan óræka sönnun þess, að þarna hafi verið býli á landnámsöld eða söguöld. / Sumarið 1910 grefur Heinrich Erkes í rústirnar undir Sandmúlanum. Kom hann þá niður á eldstæði, er hann hugði smiðju. Í rústunum fann hann 25 muni, sem voru sendir á Þjóðminjasafnið í Reykjavík. Meðal muna þessara var járnhaki, naglar,

hnífsblöð, hárkambur úr beini, kljásteinar, kvarnarsteinn o.fl. smávegis."
Ódáðahraun III, 139-40. ATH Árbók 1909, 24-31; Erkes í Geogr Tidskr 21, 233-38

**SÞ-644:005** hús sæluhús
"Þar skammt suður frá dalsmynninu austanverðu [í Öxnadal] er dálítill leitarmannakofi ..." - "Nyrzt [í Öxnadal] er geysiþykkur jarðvegur í dalnum, sundur skorinn af grófum, sem eru margir metrar á dýpt." - "... leitarmannakofi, sæmilegt hús, en gersneytt öllu, sem til þæginda má telja."
Ódáðahraun I, 174-75

**SÞ-644:006** gata leið
Austan við Skjálfandafljót, rétt norðan við Kiðagil, í snarbrattri fjallshlíð
"Að austan er snarbrött fjallshlíð niður í Fljótið. Óljósir götutroðningar liggja þarna norður með Fljótinu, hátt upp í þverbrattri hlíðinni, en ekki munu þeir henta svimagjörnu fólki, og þótt sú leið sé sækjandi fyrir gangandi mann, er hún illfær með hesta, því að auk þess sem gatan er tæp, svo að lítið virðist mega út af bera, eru þarna víða smá grófir og skorningar, sem geta verið hestum háskalegir. Betri leið með hesta er upp úr Hraunárdal yfir múlann og austur í Öxnadal."
Ódáðahraun I, 174

**SÞ-644:007** heimild mannabein
í Bálabrekku austan við Skjálfandafljót
"Norður af mynni Öxnadals er allbratt niður að fljótinu, og heitir þar Bálabrekka. Þar hafa fundizt mannabein fyrir nokkru, og er þar enn hauskúpa ein fönguleg og vel varðaveitt."
Ódáðahraun I, 176

**SÞ-644:008** tóft + rétt sæluhús
Leitarmannakofi og rétt við mynni Kolmúladals, á gróðurrönd meðfrm hraunbrúninni sem er fyrir mynni dalsins
"Þarna var til skamms tíma leitarmannakofi niðurgrafinn og hlaðinn saman að ofan. Hann er nú fallinn með öllu, en lítið aðhald fyrir kindur er hlaðið norður við hraunjaðarinn." - Þetta er nú á leitarsvæði Mývetninga - Langt er síðan hætt var að nota kofa þennan og gistu gangnamenn í Svartárkoti þar til byggingar hófust við Stóruflesju í Suðurárbotnum um 1980 -
BBSÞ, 355, Ódáðahraun I, 179

**SÞ-644:009** dys legstaður
í Hafursstaðahlíð. "Þarna upp undir hlíðinni [Hafursstaðahlíð] er dálítil hrúga af smásteinum og kringum hana slangur af mannabeinum. Líklega er þetta forn dys, sem þarna hefur blásið upp."
Ódáðahraun I, 180

**SÞ-644:010** örnefni Kolmúli
Kolmúladalur er austasti dalurinn nyrst á Bárðdælaafrétt, austan við Hafursstaðaheiði og Álftatjarnarflæðu. Útbruni rennur framan við mynni dalsinsHkort heimild um kolagerð?

**SÞ-644:011** heimild sel
í Öxnadal. Skv. sögunni af Hrana hring átti Helgi krókur selstöðu í Öxnadal
Sagan af Hrana hring

# Skútustaðahreppur

## Gautlönd (afrétt) SÞ-194b

**SÞ-194:001** 4 tóftir Sandvatnssel. sel
Rústir við Selvog, sem er við norðausturhorn Sandvatns Þar er rúst um 12 m löng og um 6 m breið og skiptist í um 5 - 6 hólf. Við suðausturhorn hennar er önnur tóft, um 4 m löng og um 2 m breið. Norðan við þessar rústir er hringlaga gerði, um 4-5 m í þvermál og vestan við það er lítil, aflöng tóft á vatnsbakkanum, kölluð Stekkur
.AFSkút e HH

**SÞ-194:003** tóft Nollssel sel
Rústir á austurbakka Grófarinnar, sunnan og á móts við Hólssel
AFSkút e HH

**SÞ-194:002** tóftir Hólssel sel
Rústir á lágum hól í Lindarmýri, vestan við Grófina, við Stangargötur, um 1 km frá Stöng. Ein rústin er um 10 m löng og um 5 m breið og virðist skipt í 3 hólf. Þar hjá eru nokkrar ógreinilegar rústir.
AFSkút e HH

**SÞ-194:004** tóftir Gautlandasel sel
Rústir á austurbakka Grófarinnar, um 1 km neðar en Nollssel. Þar er stór rúst, um 17 m á lengd og um 15 á breidd, er skiptist í nokkur smærri hólf. Þar eru einnig um 7-8 smærri rústir.
AFSkút e HH

**SÞ-194:005** tóftir óþekkt
Rústir á mólendisholti við lind, um 500 m frá Gautlandaseli
AFSkút e HH

## Baldursheimur SÞ-195

ca. 1840 hafði verið haft í seli frá Kálfaströnd í Baldursheimslandi - SSÞ, 123

**SÞ-195:002** bæjarstæði Þorleifsstaðir býli
Rústir eyðibýlis sunnan Þorleifsstaðamela.
Aðalrústin er á smáhól, vestantil innan túngirðingar. Hún er um 22 m löng og um 10 m breið og skiptist í u.þ.b. 5 hólf. Skammt norðvestan hennar er annar hóll, með hringlaga tóft sem er áföst túngarðinum. Þá sér móta fyrir nokkrum ógreinilegum tóftum austan við þessar.

AFSkút e HH; ATH JÁM

**SÞ-195:003** 3 tóftir Hrútvíðirsel sel

(Hrútvíða(r)sel). Rústir í skarði milli Seláss og Ennis.

Þar er heilleg hringlaga rétt og nokkrar ógreinilegar tóftir. Í brekkurótunum er ein rúst, um 8 m löng og skiptist í 2-3 hólf. Framan við réttina er önnur rúst, um 13 m löng og 2-3 minni tóftir

AFSkút e HH

**SÞ-195:004** tóft Kristínarsel sel

Rúst sunnan við Enni, um 500-700 m sunnan við Hrútvíðirsel. Þar sést tóft,um 10 m löng og um 7-9 m breið og skipist í 5-6 hólf.

AFSkút e HH

**SÞ-195:005** tóft Selás sel

Sel á Selás. Rúst (?) í Grænpollamýri, suður af Sandvatni

AFSkút e HH

## Skútustaðir (afrétt) SÞ-200b

vesturmörk liggja um vesturodda Mikleyjar í Suðurárbotnum

**SÞ-200b:001** bæjarstæði Hrauntunga bústaður/sel Friðlýstar minjar

"Eyðibýlið Hrauntunga stendur við næstvestustu kvísl Suðurár, á vesturbakka hennar örskammt neðan við upptökin" Rangt á Hkorti - Jóhann Briem í ÚAT, 168 1. nmgr

"Ekki er sennilegt, að þarna hafi nokkru sinni verið mýr [142] lendi, en þó gæti verið að lindir undan hraunjaðrinum hafi einhverntíma bleytt þarna túnstæðið, en þess sjást nú engin merki. Nú er gróður lítill umhverfis rústirnar. Ekki mun þó túnið hafa blásið beinlínis upp, öllu frekar sandorpizt."

"Bærinn hafði staðið á vesturbakka kvíslarinnar og verið þrjár húsaraðir. Í miðröðinni voru þrjú hús. Var stærsta og syðsta húið eldaskáli, en norður úr honum lítið hús og annað, líklega búr, vestur úr skálanum. Nyrzta húsið í miðröðinni hefur líklega verið skemma og utangengt í hana, en vestur af henni annað hús áþekkt. Syðra húsið í austustu röðinni mun hafa verið bæjardyr, gengið í þær að sunnan og úr þeim inn í skálann og í hitt húsið í þessari sömu röð, sem mun hafa verið skemma. Stærð húsanna hefur verið frá 3x3 m til 4x5 m innanmál, en eldaskálinn langstærstur, eða um 4x13 m.

Skammt suður frá bænum er ferhyrnd tótt, sem mun hafa verið smiðja, því að þar fannst gjall, kol, aska, eldstó, naglar o. fl. Þar fyrir sunnan, fast við kvíslina, eru svo leifar af stórum öskuhaug, sem að nokkru er kominn í kvíslina. Í honum fundust bein úr hestum, geitfé, smávöxnu sauðfé og nokkur bein úr smáum nautgripum.

Vestur af þessum rústum eru svo þrjár tættur með nokkru millibili, sem munu hafa verið peningshús, en hringlöguð rétt hefur verið spölkorn norður með kvíslinni. Loks hefur svo legið túngarður í sveig frá kvíslinni norðan og vestan við allar þessar byggingar að hraunbrúninni, en að austan ver kvíslin, sem er vatnsmikil og djúp. Landstærð innan þessara marka er um fjórir hektarr.

Engir merkir forngripir hafa fundizt í Hrauntungu. Þó hefur fundizt þar kambur með eirspöngum, járnnaglar, litlit steinsnúðar og eitthvað fleira. / Erkes leitað líka í rústunum í Hrauntungu árið 1910, en fann þar fátt verðmætt."

Ódáðahraun III, 141-42 Árb 1898. F, 71, 74; Árb 1906, 10; Bruun 1928: 166-71

**SÞ-200b:002** heimild Skútustaðir bústaður

Í Mikluey. ÁM getur um eyðiból, er nefnist Skútustaðir í Mikluey í Skútustaðaafrétt, er liggur fram og austur frá Stórutungulandi. Þar séu miklar tóttarrústir og girðingar og talið að Skútustaðir við Mývatn hafi staðið þar í fyrndinni. Fyrir nokkrum árum þóttust kunnugir sjá þar kirkjugarðsleifar. Ekki má hér aftur upp byggja vegna þess að túnstæði er orðið að blautri mýri, en engjar eru engar.

JÁM (Ódáðahraun II, 140-41) Kemur ekki heim við rústir í Hrauntungu en í Mikley er nú hvergi að sjá rústir - sjá SÞ-200b:003

**SÞ-200b:003** gripir legstaður

Á tanga einum í Mikluey. Tangi þessi var áður grasi gróinn, en mun nú örfoka. Þórður Flóventsson segir, að á tanga einum í Mikluey hafi 1902 fundist gafl úr líkkistu o. fl., er bendi til, að þar hafi verið grafreitur.

Laxa og silungaklak á Íslandi, 191; Ódáðahraun III, 141

**SÞ-200b:004** mannabein

Norðan við Hrauntungurústir. Þórður Flóventsson segir að árið 190 hafi fundist þrjár beinagrindur norðan við Hrauntungurústir. Virtist höggfar á einni hauskúpunni, en handleggur brotinn á annarri beinagrind - ÓJ bv að mannabein hafi víðar fundizt á þessum slóðum - Væntanlega sama og "Mannabein hafa fundizt í Mótungunni, vafalaust forn dys."

ÞF Laxa og silungaklak á Íslandi, 192, Ódáðahraun I, 143, 182.

**SÞ-200b:005** bæjarstæði Krákárbakki býli

Um 9 km suður af Baldursheimi. Vestur af sunnanverðum Sellöndum, á nesi þar sem Kráká beygir til austurs, á vesturbakka árinnar. Nýbýli 1843 - fór í eyði 1910

"Tún hefur verið stórt, greiðfært, varið torfgarði nema að austan, þar sem áin er, en hún er þarna breið, en fremur grunn og rennur á grjóti. Út frá túninu eru víðlendar mýrar og holt." - "Ræktunarskilyrði eru þar ágæt, og gæti túnið sjálfsagt verið grasgefið ef áburð skortir eigi. Engjar hafa víst líka verið nægar, en líklega nokkuð votar og ekki grasgóðar. Beit mun og haf verið sæmileg, einkum austan Krákár í Sellöndunum, en snjóþyngra mun vestur á heiðinni, og þar vorar líka seinna."

Býlið mun oftast hafa verið kallað Árbakki eða Bakki. "Bygging hefur verið þarna ekki lítil, og standa veggir húsanna enn að mestu, en þök eru fallin eða rofin." Fyrsti áb. var Jón Björnsson (f. 1810 d. 1860) og k.h. Helga Jónsdóttir (f. um 1803). Þau reistu bú 1843 eða 1844 og 1845 voru þar 8 manns í heimili. Jón reisti öll hús á Krákárbakka, ræktaði túnið, sléttaði það og girti. 1860 er Helga talin búandi en Sigríður dóttir hennar og Jóhannes Jóhannesson h.m. talin í húsmennsku og þá alls tólf manns í heimili. S og J bjuggu þar til dauða hennar 1871. 1868/69 eru talin fram 7 hdr lausafjár, 1 kýr, 30 ær m. lömbum, 4 geldar, 18 gemlingar og 6 hestar. Páll guðmundsson og k.h. Gúðrún Jónsdóttir áb. 1874-81. 1882 er tvíbýli en 1887 er býlið komið í eyði. Frá 1889 til 191bjuggu þar Pétur Guðmundsson og Aðalbjörg Árnadóttir.

- Ódáðahraun III, 144-46

**SÞ-200b:006** örnefni Vegborg

skammt sunnan við Hrauntungu. Þórður Flóventsson segir að rekja megi vörðubrot frá Hrafnabjargavaði á Skjálfandafljóti, austur yfir frambruna að Vegborg, sem er skammt sunnan við Hrauntungu

- Laxa og silungaklak á Íslandi, 192

**SÞ-200b:007** tóft Hólavatnssel sel

Hólavatnssel. Rústir á Hólavatnsás við Vestara-Hólavatn í heiðinni um 2.5 km vestnorðvestur af Krákárbakka

AFSkút e HH

**SÞ-200b:008** tóft Botnatóft óþekkt

Rúst skammt frá Botnakofa, sem er gamall gangnamannakofi við Suðurárkvíslar, nokkru neðar en Hrauntunga(?). Rústin er um 20 m löng og um 10 m breið, talin hafa verið fjárhús eða sæluhús
AFSkút e HH
**SÞ-200b:009** hús Botnakofi sæluhús
Botnakofi er gamall gangnamannakofi við Suðurárkvíslar, nokkru neðar en Hrauntunga(?). - Norðar af korti að dæma.
"Austan við austustu kvíslina er leitarmannakofi, hlaðinn úr hellugrjóti með torfþaki, rúmgóður, en rakur og óvistlegur." Langt er síðan hætt var að nota kofa þennan og gistu gangnamenn í Svartárkoti þar til byggingar hófust við Stóruflesju í Suðurárbotnum um 1980 -
BBSÞ, 355; Ódáðahraun I, 182
**SÞ-200b:010** hleðsla rétt
Í Suðurárbotnum, skömmu eftir að allar kvíslarnar mætast og eftir að áin er aftur farin að falla í strengjum og á flúðum milli víði vaxinna smáhólma. Á austurbakka Suðurár. "Þar er á austurbakka árinnar rétt, byggð að mestu úr timbri og grjóti, sem Mývetningar eiga, en þetta er á afrétt þeirra."
Ódáðahraun I, 183
**SÞ-200b:011** gripir
einhversstaðar á Framfjöllum, 1840: "Fyrir fám árum fannst hér í afréttinni á Framfjöllum sverð, eflust frá fyrri tíðum, sem var afhent sál. kansellíráði Th. Björnsen." gæti eins líklega verið á austurafrétt Bárðdæla
SSÞ, 127

## Grænavatn (afrétt) SÞ-203b

**SÞ-203b:001** bæjarstæði Oddastaðir búsaður/sel
Oddastaðir (Oddsstaðir). Eyðibýli, yst í Sellöndum, austan við Sellandagróf. Þar eru bæjartóftir og túngarður svo og sporöskjulaga tóft með sporöskjulaga gerði utan um.
ÁM nefnir O sem eyðibýli frá Grænavatni sem notuð sé sem selstaða. ca. 1840 nefnir Oddsstaði sem eyðibýli sem menn vita ekki hvenær fór í eyði-
AFSkút e HH; JÁM, SSÞ, 124
**SÞ-203b:002** tóft Höllusel sel Höllusel.
Rústir á hóli, skammt innan við Oddastaði
AFSkút e HH
**SÞ-203b:003** tóft Sellandahús sel
Sellandahús (Grænavatnssel?). Rústir á vesturbakka Sellandagrófar. Þar hefur verið reistur gangnamannakofi. a. 1840: "Grænavatn [á selstöðu] fram í Sellöndum."
SSÞ, 123Ódáðahraun III, 145; AFSkút e HH
**SÞ-203b:004** tóft + gerði óþekkt
Tóftir við Sellandagróf. Rústir og garður um 5 - 700 m norðan við Sellandahús
AFSkút e HH
**SÞ-203b:005** tóft Sellandarétt rétt
Stór fjárrétt á Flötum, austan við Ásinn norðan Grasaskarð. Lögð af um 1910.
AFSkút e HH
**SÞ-203b:006** tóft Strengjarétt rétt
Fjárrétt úr grjóti, á bakka Krákár, undir Strengjabrekku. Talin vera gömul skilarétt
AFSkút e HH
**SÞ-203b:007** tóft Sveigakot búsaður
Rústir (?) á blásnum mel við Syðsta-Sveig, austan við Randarskarð
AFSkút e HH
**SÞ-203b:008** tóft Gömlu-Melhús beitarhús
Rústir á Grænavatnsmelum, sunnan við Villingafjall. Sagðar hafa verið beitarhús
AFSkút e HH
**SÞ-203b:009** tóft Melhús beitarhús
Rústir á Grænavatnsmelum norðan við Gömlu-Melhús. Sagðar hafa verið beitarhús. - Sunnan við Villingafjall
AFSkút e HH
**SÞ-203b:010** hleðsla Grænavatnsstífla stífla
Stífla í vetrarfarvegi Krákár í Randarskarði
AFSkút e HH

## Vogar (afrétt) SÞ-207b

**SÞ-207b:001** tóftir Selhóll sel
"Sel í Lúdent. Austan og sunnan við Selhól er gróðurtorfa með dældum er kunna að vera leifar af seltóftum."
AFSkút e HH
**SÞ-207b:002** tóft beitarhús
"Rústir í Lúdent. Meintar beitarhúsatóftir eru suður af Vestustudokk í Lúdent."
AFSkút e HH
**SÞ-207b:003** heimild stekkur
"Stekkur í Randarviki. Randarviki er upp af Auðnum"
AFSkút e HH
**SÞ-207b:004** heimild Búrfellshólaaðhald rétt
Aðhald í samnefndum hólum við
e HH
**SÞ-207b:005** heimild Lúdentsaðhald rétt

Aðhald við Aðhaldsborg í Lúdentsborgum
ÁFSkút e HH

**SÞ-207b:006** heimild rétt
Rétt á Auðnum. Rétt, undir hraunkambinum, nyrst á Auðnum
AFSkút e HH

## Reykjahlíð (afrétt) SÞ-208b

Afréttin austan Námaskarðs allt suður til jökla

Möðrudalskirkja átti sjö kapla göngu yfir um Jökulsá (1408 og 1493 - DI VII, 198; XII, 39) og 1532: "á Mývatnsöræfi fyrir norðan Jökulsá og hálfar Herðubreiðstungur." DI IX, 638.

1843 átti Grenjaðarstaðakirkja hrossagöngu á Mývatnsfjöllum - JJ, 336. Um hrossabeit um vetur á Mývatnsöræfum, einkanlega í mellöndum austan við Nýjahraun sjá Ódáðahraun III, 87-88. "Í mellönd [þau sem eru austan Nýjahrauns] reka Mývetningar oft fé sitt á haustin og hafa það þar fram um hátíðar. Sjaldgæft mun, að slys verði að þesu, fé fenni eða týnist, svo að teljandi sé, en oft hefur verið erfitt að smala fénu saman og koma því austan úr mellöndum niður í sveit í hríðum og fannfergjum. Hro voru einnig um langt skeið látin ganag þarna austur á fjöllunum, og áttu umar kirkjur þar ítök um hrossagöngu, og hefur hún því vafalaust verið talin til hlunninda. Nú mun þó að mestu hætt að láta hross ganga þarna." Ódáðahraun I, 66

**SÞ-208b:001** hleðsla Eyvindarkofi útilegumannabústaður
"Eyvindarkofi stendur í dálitlu viki við Lindá [í Herðubreiðarlindum], við olbogann, þar sem hún beygir fyrst til norðurs, og er umvafinn hvönn og víði."

"Það er grjótbyrgi, hlaðið með fram gjávegg, rífan faðm á lengd hér um bil og hálfan faðm á breidd. Hrosshrygg hafði hann fyrir mæniás í kofanum, og var dregin tág eftir endilöngu mænuholinu til að halda honum saman, síðan var þakið yfir með melju. Í dyrunum var hella, svo vel felld, ð eins var og heflað væri. Vatnslind bunaði fram úr berginu, sem hreysið var hlaðið við og féll niður rétt hjá fleti hreysisbúans. Svo haglega var búið um vatnsból þetta, að ekki þurfti annað en seilast úr rúmfletinu, lyfta upp hellu, sem faldi lindina og sökkva ílátinu í. Sprekaköstur stór var við hreysið, og ætla menn, að Eyvindur hafi geymt í honum vetrarforða sinn." Þjóðs JÁ II, 249.

"Í beygjunni þar, sem Lindáin fellur til norðausturs, er dálítil varðaa hlaðin á hraunkampi. Rétt hjá vörðunni er ofurlítið hrúgald og sé betur að gáð, kemur í ljós, að þetta er kofahróf, hlaðið upp með hraunkampi, þakið úr hellum, og er farið niður um það í kofann. ... Kofinn er þröngur mjög, varla meira en tveir m. á lengd og einn á breidd, en í gegnum hann ennur dálítil lind undir hraunhellum, sem lagðar eru í botninn. ... Þó mun þetta ekki sá upprunalegi Eyvindarkofi, heldur er þessi kofi hlaðinn upp eftir [84] 1920, en undirstöðurnar að Eyvindarkofa voru notaðar og sömu hellur í þakið, sem Eyvindur hafði þakið sinn kofa með." Ódáðahr I, 83-84.
"Fyrst skal þá nefna Eyvindarkofa í Herðubreiðarlindum. Kofi sá er nú ber þetta heiti, er þó ekki sá upphaflegi Eyvindarkofi, heldur gerður upp úr rústum hins gamla kofa um 1922, og munu að mestu notaðar sömu hellurnar í þakið. Með hliðsjón af framangreindri lýsingu á kofa Eyvindar má ætla, að stærð og gerð þessa kofa sé nokkurn veginn eins. / Kofinn stendur í dálitlu viki við Lindána, þar sem áin beygir til norðurs. Koma talsverðar lindir þar fram úr vikinu, og rennur ein undir gólfi kofans. Mikil hvönn og víðir er þar við lindirnar, og þekur gróðurinn veggi kofans, en hann er hlaðinn upp með hraunkletti, jafnhár klettinum. Kofinn er um tveir metrar á lengd og einn á breidd innanmáls eða varla það og nokkru þrengri upp. Undir loft er rösk mannhæð. Gengið er niður um þakið. Þetta er lík stærð og sögð var á kofa Eyvindar. Ekki er sjáanlegt, að nein þörf hafi verið á hrosshryggnum, sem sagt er, að Eyvindur hafi notað í mæniás, því að hellurnar í þaki kofans ná alveg yfir hann. Kofinn er ákaflega þröngur og óvistlegur, en sagður hlýr. Mjög illt væri að finna hann, ef ekki væri varðaa rétt hjá honum, sem vísar á hann." Ódáðahr II, 421 ÚAT, s. 82 bætir við að endurhleðslan hafi verið gerð til afnota í eftirleitum og telur ð í kofanum sé rúm fyrir tvo menn til að liggja við hliðina á uppsprettulindinni.
Þjóðs JÁ II, 249; Ódáðahr I, 84; II, 421; ÚAT, 81-82

**SÞ-208b:002** hleðsla óþekkt
Í Herðubreiðarlindum "Í hraunjaðrinum 3-400 metra norður af Eyvindarkofa er byrgi ... í klettasprungu ..."

"Byrgi þetta er í klettasprungu og er þannig til orðið, að rétt við hraunjaðarinn eru stórir stakir steinar, og upp að þeim hallast aðrir minni. Raufinni er lokað að ofan á þann hátt, að ofan á minni steinana er hlaðið grjóti upp að þeim stærri. Að vestan loka steinarnir sjálfir raufinni, en móti austri myndast smáop, sem hefur verið inngangur í byrgið. Í byrginu er haðinn bálkur, og við hliðina á því er dálítið gólfrúm. Í þakhæð byrgisins nokkru ofar í raufinni fannst dálítið af kindabeinum, sem ekki voru brotin til mergjar." Frásögn Gísla Eiríkssonar bílstjóra sem fann staðinn sumarið 1955 -
ÚAT. 82

**SÞ-208b:003** tóft óþekkt
Í Herðubreiðarlindum, um 20 metrum norðar en SÞ-208b:002 og í sömu hæð

"... hringhlaðin tóft á annan metra í þvermál upp við stóran stein. Engar menjar sjást þess að þak hafi verið á tóftinni, og er líkleg [83] ast, að hún hafi verið gerð til að stinga inn í einni eða tveimur kindum." e. frásögn Gísla Eiríkssonar sem fann tóftina sumarið 1955
ÚAT, 82

**SÞ-208b:004** þjóðsaga dalur í Herðubreið útilegumannabyggð
, ath þjóðs

**SÞ-208b:005** tóft Skarðssel sel
Skarðssel í Hlíðardal. Rústir á austurbakka Dallækjar, vestan undir Sandabotnaskarði.

"Spölkorn niðri í dalnum eru gamlar seltættur. Þar í kring grösugar valllendisgrundir, og lind kemur þar undan brekkunni rétt ofan við selið. Það er austan megin í dalnum, en hér um bil andspænis því er ljósleitur hóll, sem heitir Hithóll. Hefur þar auðsjáanlega verið jarðheiti, en er nú útkulnaður."
1840: "Reykjahlíð á selstöðu austur í Skarðsseli, ... Frá Vogum hefur nú í fá ár verið haft í seli í Skarðsseli." SSÞ, 123.
1852: "Guðrún Björnsdóttir í Duluth í Ameríku getur þess í endurminningum sínum, að þá er hún var vinnukona í Reykjahlíð, um eða laust eftir 1852, var búsmali hafður á Austara-Seli einn mánuð á sumrin, og var þá samtímis heyjað á Skarðsseli. Guðrún og önnur vinnukona voru í selinu, mjólkuðu og unnu milli mjalta að heyskap á Skarðsseli. Fóru þær ríðandi á milli." GB í Syrpu, 4. árg, s. 174;
1860: Pétur Jónsson bóndi í Reykjahlíð hafði þá í seli í Skarðsseli - Preyer, W. & Zirkel, F. : Reise nach Island im Sommer 1860, (Ódáðahraun I, 240) Selið var lýði fram undir síðustu aldamót, Ódáðahraun III, 148
AFSkút e HH; Ódáðahraun I, 53-54a.

**SÞ-208b:006** tóft Austara-Sel. sel
"Austara-Sel er í Austaraselsheiði suður af Jörundi, rétt norðan við veginn milli Grímsstaða á Fjöllum og Reykjahlíðar, og eru röskir 10 km frá Reykjahlíð þangað austur.

Selið hefur staðið við vatnsmikla lind ( Austaraselslind), sem sprettur upp þarna í heiðinni, og eru lyngi vaxnar heiðar allt umhverfis. Ódáðahraun III, 148. "Nokkru austar [en Sandfell] kemur silfurtær uppsprettulækur norðan úr heiðinni. Við lind þessa eru rústir

af gömlu býli og nefnast Austarasel."
1731: "Lík [Bjarna Jónssonar, 13 vetra, sem sendur hafði verið til að sækja kýr í dal einn fyrir norðan Reykjahlíð í þoku þann 20.6.1729] fannst tveimur árum og tíu dögum síðar af tveim selráðskonum í Austaraseli, er ætluðu einn morgun í hvannstóð, líklega upp í Sandabotna." IA II, 632; Blanda IV, 369-70; Ódáðahraun II, 231.
1852: "Guðrún Björnsdóttir í Duluth í Ameríku getur þess í endurminningum sínum, að þá er hún var vinnukona í Reykjahlíð, um eða laust eftir 1852, var búsmali hafður á Austara-Seli einn mánuð á sumrin, og var þá samtímis heyjað á Skarðsseli. Guðrún og önnur vinnukona voru í selinu, mjólkuðu og unnu milli mjalta að heyskap á Skarðsseli. Fóru þær ríðandi á milli. Dætur Péturs bónda í Reykjahlíð voru til skiptis í selinu og saúm um búverkin. Auk ánna voru tíu geitur hafðar í selinu. Skeknir voru fjórir strokkar dag hvern, en eldiviður var ekki annar en hrís, sem vinnukonurnar rifu þar í heiðinni og báru heim. Smalarnir voru tveir. Gætti annar búsmalans á daginn, hinn á nóttunni. Skyr og smjör var sótt tvisvar í viku og reitt heim í þar til gerðum skrínum." GB í Syrpu IV. árg s. 174 (Ódáðahraun III, 148-49).
laust e. 1860: Jón Jónsson gæzka og k.h. Jóhanna hófu búskap í Austara-Seli.
1866-67: Féllu 12 ær, 20 gemlingar og 10 unglömb í Austara-Seli.
1868: Jón í Austara-Seli tíundar 4 hdr í lausafé. Þá voru 5 manns í heimili
1869: Framtal Jóns um vorið: 14, ær, þ.a. 2 geldar, 12 gemlingar, 1 hestur. En um haustið vantaði 2 kindur af fjalli, 9 fórust e. göngur og fundust aðeins tvær aftur dauðar. Þá voru 4 í heimili.
1870: Jón og fjölskylda hans flytja frá Austara-Seli um vorið. (Ódáðahraun III, 149) - "Enga kú hafði Jón, en fært hefur hann frá, og var málnytan, sem bæði var mikil og góð, aðalbjörgin. Sauði hefur Jón haft, þótt eigi séu þeir taldir fram, en þetta má marka af því, að lömbin virðast öll sett á. eða því sem næst. Sauðirnir voru hafðir til frálags og seldir í kaupstaðinn fyrir úttekt, sem varla mun þó hafa verið mikil. / Heyrt hef ég, að Jón hafi heyjað þannig, að hann skar með hníf grastoppa hér og þar og tróð í poka, sem hann svo bar heim. Heyfengur getur því varla hafa verið handa mörgu fé, en beitin var notuð til hins ýtrasta, og hafði Jón kindur sínar á vetrum suður í Búrfellshrauni í helli, sem við hann er kenndur og nefndur Jónshellir. Mun þar hafa verið jarðsælla en austur í heiðinni." - Ódáðahraun III, 150.
1870: Um vorið flytur Sigurjón Guðmundsson frá Hlíðarhaga að Austara-Seli og k.h. Friðfinna Davíðsdóttir og 3 synir en alls sex í heimili. Bústofn þeirra var 18 ær lembdar, 4 gemlingar og 2 hross.
1871: Bústofn 10 ær, 5 gemlingar og 2 hross en enn sex í heimili.
1872: Bústofn 1 kýr, 8 ær lembdar, 6 ær geldar, 8 gemlingar, 2 hestar fullorðnir og 1 tryppi en þá um vorið fluttu þau Sigurjón niður í Mývatnssveit. - "Baðstofan í Austara-Seli var með fjósi undir gólfi, og þar hafði Sigurjón kúna síðasta veturinn, er hann var í selinu. Þá var það eitt kvöld, er Friðfinna var að mjólka beljuna, að Sigurjón gekk um gólf uppi og hampaði einu barninu ... Brást þá gólfið undan fótum hans, og kom hann niður í básinn hjá kúnni. Abrninu gat hann þó snarað frá sér í það rúmfletið er næst var um leið og gólfið sveik." Ódáðahraun III, 151-52. Austara-Sel var eftir þetta í eyði til 1873 að þangað flutti Sigursteinn Halldórsson og bjó í eitt ár með 12 ær, 6 gemlinga og 1 hest með 3 í heimili. Austara-Sel fór svo endanlega í eyði 1874. - Ódáðahraun III, 152
Ódáðahraun I, 59; III, 148-53

**SÞ-208b:007** bæjarstæði Hlíðarhagi býli
Rústir við suðurenda Eilífsvatns. Landamerki skv. afréttarskrá 13.3.1878: "Að vestan ráða Hágangnafjöll út í Áfanga og þaðan í Eilíf. Úr Eilífi ræður bein stefna til austurs gegnt Austari-Brekku, og ræður hún merkjum suður á móts við fremri Hágangnahorn."

Suður frá austurenda Eilífsvatna gengur grunn hvilft eða dalnefna, grasi gróin. Vestan megin dals þessa eru allbrattar brekkur niður frá Hágöngunum, en að austan lágar grjótöldur. Býlið stóð við litla lækjarsprænu, sem að vestan fellur niður á gróðurrönd þessa, skammt suður frá vatninu - Ódáðahraun III, 153. "Ekki getur hjá því farið, að harðbýlt hafi verið á Hlíðarhaga, túnið lítið og snöggt, engjar reytingssamar og vetrarríki mikið. Þó mun hafa verið jarðsælt og mjög kjarngott land austan í Hágöngunum og nokkur engjareytingur, og mun að öllu samanlögðu hafa verið mun betra undir bú á Hlíðarhaga en á Austara-Seli." Ódáðahraun III, 157.

"Lækur kemur niður grasi gróna hlíð vestan við bæinn, rennur gegnum túnið og út í vog úr vatninu skammt norðan við túnið. Valllendisgrundir eru þarna suður með hlíðinni, en snögglegt og síðgróið virðist þar ..." Ódáðahraun I, 55
1861: Þá voru byrjuð að búa í Hlíðarhaga hjónin Guðni og Sigurveig en ekki er vitað hvað þau bjuggu lengi.
1864: Um haustið er Sigurður Guðmundsson (f. 1832) fluttur í Hlíðarhaga og k.h. Sólveig Grímsdóttir og 3 börn.
1866 eða 67 eru Sigurður og Sólveig flutt niður í Mývatnssveit.
1868 byrja að búa í Hlíðarhaga hjónin Þorlákur Jónsson (þá 29 ára) og Sigurbjörg Jónsdóttir (þá 33 ára) barnlaus.
1869: Bústofn 10 ær lembdar, 6 gemlingar, 1 hestur og 2 geitur. Þá fyrst 3 í heimili en svo 8 meðan fjölskylda Sigurjóns Guðmundssonar hafðist þar við um hríð uns þau fluttu að Austara-Seli. Sonur Sigurjóns man eftir baðstofunni í Hlíðarhaga það ár: Hún var tvær rúmlengdir og biti um hana miðja. Undir palli voru hafðar kindur en kýr var engin.
1870: Bústofn 8 ær, 6 gemlingar, 2 hross, 1 geit
1871: Bústofn 6 ær lembdar, 3 ær geldar, 2 hestar og 5 í heimili
1872: Bústofn 3 ær lembdar, 3 ær geldar, 4 gemlingar, 1 hestur. Vorið var hart og missti Þorlákur 8 gemlinga og 9 unglömb og hefur líklega flust þaðan þá strax um vorið. Hlíðarhagi var í eyði til
1876 að þangað flutti Gottskálk Þorkelsson (þá 37 ára) og var bústofn hans það ár 18 ær lembdar, 12 gemlingar, 2 hestar en tíund 4 hdr í lausafé og 5 í heimili.
1877: Bústofn 16 ær lembdar, 6 ær geldar, 12 gemlingar, 1 hestur, 2 tryppi og 1 kýr, tíund 5 hdr í lausafé.
1878: Um vorið flytur Gottskálk frá Hlíðarhaga, líkl. til Ameríku og er býlið síðan í eyði.

Baðstofan stóð þó nokkur ár eftir þetta og var notuð sem sæluhús eða leitarmannakofi. Ódáðahraun III, 153-57. "Lítið sést nú af bæjarrústunum á Hlíðarhaga, nema nokkrar vallgrónar tættur, að mestu sokknar í jörð, en þarna er rétt og tvö smá hús, annað nýlegt með tyrfðum bálkum, en hitt eldra og lélegra. Þau eru notuð af fjárleitarmönnum." Ódáðahraun I, 55. 1960 var byggt timburhús í Hlíðarhaga fyrir leitarmenn en hesthús er braggi sem settur var upp skömmu eftir 1940
- AFSkút e HH; Ódáðahraun I, 55; III, 153-57; BBSÞ, 355

**SÞ-208b:008** heimild Vatnasel sel
Við suðurenda Eilífsvatns

Býlið Hlíðarhagi var byggt á selstöðu þeirri sem Vatnasel hafði kallast. Selfarir voru þá löngu aflagðar þar og er ekki vitað hvort nýbýlið var reist á tættum selsins eða öðrum stað - Ódáðahraun III, 153.
.AFSkút e HH

**SÞ-208b:009** tóft Réttargrund rétt
Rúst af stórri rétt skammt ofan við Hlíðarhaga
AFSkút e HH

**SÞ-208b:010** tóft sel
Sel í Gæsadal. Rústir á grund við ytra vatnið í Gæsadal
AFSkút e HH

**SÞ-208b:011** tóft Seljadalur sel
Sel í Seljadal. Rústir á rana er gengur suður í Seljadal að vestanverðu. Seljadalur er djúp dalkvos suður af Víðidal en norðan við Slýin, dalkvos þessi er víða vaxin birkikjarri en er vatnslaus með öllu úr því vorleysingum er lokið
AFSkút e HH; Ódáðahraun I, 49
**SÞ-208b:012** tóft Dalhús beitarhús
Rústir í Hlíðardal, skammt fyrir norðan Námaskarð, sagðar hafa verið beitarhús. "Austan við [Námaskarð] er dálítil grastorfa. Þar voru eitt sinn beitarhús frá Reykjahlíð. Þeirra sjást nú engin teljandi merki."
Ódáðahraun I, 58
**SÞ-208b:013** tóft Dalsrétt rétt
Rúst af grjóthlaðinni rétt í Hlíðardal, nærri Dalhúsum, sögð hafa verið lögð niður um 1880.AFSkút e HH
**SÞ-208b:014** heimild Rauðuborgarkofi sæluhús
Rústir gangnamannakofa og hesthúss í Rauðuborgum við norðausturhorn Skógarmannafjalla eystri, endurbyggt 1942. Kofaborg er austur af Skógarmannafjöllum. Það er nokkuð hár gjallhóll með djúpri skál niður í kollinn. Sunnan undir þesum gíg er lítill óvistlegur kofi
Þar er vatnsból við hraunið, en þrýtur þó e fram a´sumar kemur. Þarna við hraunið eru mellönd allgóð og heita þau Búrfellsmelar, en suður af gamla kofanum eru Búrfellstögl, en það eru laufrendur með melslæðingi - Ódáðahraun I, 64Sunnan undir Kofaborg er lítill óvistlegur kofi, mikið niðurgrafinn, og tóft af öðrum stærri kofa, en austur af kofaborginni, rétt við jaðar Nýjahrauns, er dágóður leitarmannakofi, 3x4 m að stærð með hlöðnum veggjum og flötu járnþaki. - Ódáðahraun I, 65 - Það er væntanlega þessi sem var hlaðinn 1942. -"Áður var hér kofi nokkru vestar suður af Kofaborg, var hann að mestu niðurgrafinn. 1963 var reist þar hús sem nú stendur ... Stendur það skammt norður af eldri kofanum"
- BBSÞ, 356; AFSkút e HH
**SÞ-208b:015** hús Klaustur sæluhús
Hraunstampur í lægð á milli Brekkna, um 50 m sunnan við þjóðveg á Austurfjöllum. Þar hefur verið hlaðið lítið skýli fyrir gangnamenn. - "Austarlega í jarðfallinu [milli Vestaribrekku og Austaribrekku], rétt sunnan við veginn, er keilulöguð grasþúfa. Ef betur er að gætt, sést sunnan á henni hurð, sem hallast að stöfum. Þarna er dálítið leitarmannaskýli, [60] gert á þann hátt að keilulaga þak hefur verið gert yfir kringlóttan hraunketil. Skýli þetta nefnist Klaustur."
Ódáðahraun I, 60
**SÞ-208b:016** heimild Gamla-Sæluhús sæluhús
Rúst (?) sæluhúss er stóð við gamla veginn í austurjaðri Móa, vestur af Skógarholti 1844: "Sæluhús er eitt á Mývatnsfjöllum austur að ánni, að miklu grafið ofan í sandinn til að geta taðið, og er sá vegur varðaaður iðulega, þar vegur eins á sumardag er óglöggur af sandfoki."
SSÞ, 27;AFSkút e HH
**SÞ-208b:017** heimild Fjallagjáarkofi sæluhús
Rúst (?) gangnamannakofa á vesturbarmi Fjallagjár
AFSkút e HH
**SÞ-208b:018** renna tjaldstæði
Heilagsdalur - Fyrrum gististaður ferðamanna er fóru Biskupaleið. þar hafa fundist ummerki sem talin eru vera tjaldhringar.
AFSkút e HH
**SÞ-208b:019** heimild Dalaaðhald rétt
Smárétt í Dalbörðum
AFSkút e HH
**SÞ-208b:020** heimild Miðhólsaðhald rétt
Smárétt í Fjallagjá
AFSkút e HH
**SÞ-208b:021** heimild Randaaðhald rétt
Smárétt í Röndum
AFSkút e HH
**SÞ-208b:022** vegur Bræðraklif samgöngubót
Ruddur og lagður slóði upp úr Hafragjá (á Biskupaleið).
"Þar á miðjum gjáveggnum [Í Hafragjá] hittum við brot af þremur vörðum, eru tvær þeirra fallnar, en ein uppistandandi. Norðan við vörðurnar hefur verið rutt einstigi eða klif niður í jarðfallið. Klif þetta heitir Bræðraklif og er fyrsta glögga merkið um hinn forna veg, sem við hittum [á leið að vestan]. Nokkur sandr hefur safnazt undir gjáveggnum hjá klifinu og er þar dálítill melgróður. Austari veggur jarðfallsins er lægri og skemmri en sá vestari ..." Ódáðahraun I, 77.
AFSkút e HH
**SÞ-208b:023** örnefni Ferjufjall ferja
Ferjufjall er fast við Jökulsá á Fjöllum gegnt Bæjarlöndum suður af Möðrudal
Hkort
**SÞ-208b:024** örnefni Ferjuás ferja
Ferjuás er lágt fell fast við Jökulsá á Fljöllum gegnt suðurenda Grímstaðanúps
Hkort
**SÞ-208b:025** örnefni Vörðukambur samgöngubót
"Dálítið sunnar og vestar [en Vallhumalslág] um það bil sem austurvegg Fjallagjár þrýtur, er hraunhæð, er nefnist Vörðukambur."
"Þar eru vörðubrot forn, og hefur vegur verið ruddur yfir miðjan kambinn frá vestri til austurs. Talið er, að fyrr á öldum muni vegur hafa legið þvert yfir Ódáðahraun af Heilagsdal, og hafi þá ýmist [67] verið farið Grafarlönd eða þessa leið og að Ferjuás ..."
Ódáðahraun I, 66-67
**SÞ-208b:026** náma Fremri-Námar brennisteinsnáma
Fremri-Námar eru vestan í Ketildyngju, austur af mynni Heilagsdals. Í kolli Ketildyngju er mikill og djúpur, dálítið óreglulegur gígur, sem heitir Ketill ... eru um allan hnjúkinn gilleitar leirflögur og brennistenshitur. Eru þr mikil lög af mjög fallega kristölluðum brennisteini. Þetta eru Fremrinámur ..."
"... þótti brennisteinn þaðan betri og hreinni en úr öðrum námum í Þingeyjarsýslu. Einhver brennisteinn er lík austan og suðaustan í dyngjunni, og allur er efri hluti hennar að austan og sunnan sundursoðinn af jarðgufum og grjótið ummyndað í brúnleitan leir. Mest er það heit vatnsgufa, sem þar streymir upp." Ódáðahraun I, 74 sjá vörður SÞ-208b:036 og kofa SÞ-208b:037
Ódáðhraun I, 74
**SÞ-208b:027** náma Hlíðarnámar brennisteinsnáma
Hlíðarnámar eru austan og norðan í Námafjalli
Hkort

**SÞ-208b:028** örnefni Skógarmannafjöll
Skógarmannafjöll eru 3-4 lítil fell í suðaausturenda Búrfellshrauns
ATH munnmæli. Mögulegt að örn. vísi ekki á útilegumannabyggðir heldur skógarhöggsmenn/kolagerðarmen en í miðju Búrfellshrauni er örn Skógarholt og annað Skógarholt er austan við Móa norðan við Hrosaborg
Kkort

**SÞ-208b:029** örnefni Kofahæð
Kofahæð er skammt frá Jökulsá á Fjöllum, nyrst í landi Reykjahlíðar og liggur gamla leiðin frá Austaraseli niður í Jökulsárgljúfur þar um
Hkort

**SÞ-208b:030** örnefni Gangnamannaskarð
Gangnamannaskarð er á merkjum milli Reykjahlíðar og Áss, suðvestan við Hrútafjöll
Hkort

**SÞ-208b:031** tóftir í Halaskógi bústaður
undir Halaskógarfjalli
BFE pers. comm

**SÞ-208b:032** hellir Jónshellir fjárskýli
í Búrellshrauni
"Heyfengur getur því varla hafa verið handa mörgu fé [hjá Jóni Jónssyni b. í Austara-Seli 1860-70], en beitin var notuð til hins ýtrasta, og hafði Jón kindur sínar á vetrum suður í Búrfellshrauni í helli, sem við hann er kenndur og nefndur Jónshellir. Mun þar hafa verið jarðsælla en austur í heiðinni." -
Ódáðahraun III, 150

**SÞ-208b:033** náma Kröflunámur brennisteinsnáma
suðvestan í Kröflu og við Leirhnúk
Ódáðahraun II, 329

**SÞ-208b:034** hús sæluhús
"Það stendur rétt á árbakkanum vestan megin, þar sem ferjað er yfir ána frá Grímsstöðum á Fjöllum, en frá ánni og til Grímsstaða er um fimm km. vegur." Ódáðahraun III, 17 "Rétt neðan við húsið er dálítið vik við ána, og seytla þar fram smáuppsprettur undan grjótöldunni. Þar, sem húsið stendur, er brattur grjótkambur að ánni, en flatar eyrar að austanverðu. áin rennur hér á flötu landi, en þó er straumþunginn mikill, einkum þegar vöxtur er í henni."
"Sæluhúsið við Jökulsá er reist um 1880 eða skömmu síðar til afnota fyrir póst og aðra ferðamenn ... Húsið er hlaðið úr grjóti, bundnu saman úr steinlími. Neðst er kjallari, og liggja niður í hann nokkrar tröppur og heldur þröngar dyr. Kjallarinn er notaður fyrir hesthús. Yfir kjallaranum eru tvö herbergi, og er ofn og rúmbálkur í innra herberginu, ásamt borði. Milli herbergjanna er skilrúm úr þunnum fjölum. Loks er dálítið loft uppi í risi hússins." Ódáðahraun III, 17. "... er skilrúm úr plægðum fjölum milli herbergjanna, og er skífunum rennt í nót í listum, em eru bæði að ofan og neðan." Ódáðahraun III, 21. Um reimleika í þessu húsi: Ódáðahraun III, 17-23.
Ódáðahraun I, 66, III, 17-21

**SÞ-208b:035** garðlag vörslugarður
Gæsadalur er þvert fyrir suðurenda Gæsafjalla. Hann er allur gróinn. Þar voru fyrrum geymd naut á sumrin. Var þá hlaðinn grjótgarður þvert yfir dalinn sunnarlega og garðstúfar frá [49] vatninu upp í skriðurnar, þar sem vatnið tekur þvert yfir dalinn. Ennþá sjást leifar þessara mannvirkja.
- Ódáðahraun I, 48-49

**SÞ-208b:036** varða samgöngubót
"... má eftil vill finna einhver vörðubrot norðaustan í dyngjunni [Ketildyngju], sem eiga að vísa leið niður í Heilagsdal ..."
Ódáðahraun I, 75

**SÞ-208b:037** tóft
"... sunnan á [76] dyngjunni [Ketildyngju] er dálítið grjótbyrgi ..." Grjótbyrgið "er hlaðið úr hraunhellum. Innanmál 2.3x2.1 m, en stafnhæð um 1,5 m. og dyr á vestyrstafni 75 cm. háar, en 44 cm breiðar. Hliðarveggir fallnir að mestu, og engin merki sjást um þak." Ódáðahraun I, 76 ÓJ telur að kofinn sé í sambandi við brennisteinsnámið í Fremrinámum og sé frá þeim tím er þær voru nýttar (18. öld eða fyrr). R.F. Burton getur þess í ferðalýsingu sinni frá 1872: "Sunnan á dyngjunni var stöng stungið niður milli þjótandi gufuopa, og vísaði hún á skýli, sem verkamenn höfðu gert þar, hlaðið úr hraunhellum." Burton 1875; Norðanfari II, 1872, 82 (e. Ódáðahraun I, 244)
Ódáðahraun I, 75-76

**SÞ-208b:038** varða samgöngubót
Frá Ferjufjalli til norðurenda Gjáfjalla "Frá Hafragili [SÞ-208b:022] er vegur langur yfir hraun og gjár austur í Grafarlönd. Einhversstaðar norður af Gjáfjöllum hefur líklega hin forna leið skipzt, önnur álman legið norðaustur yfir Vörðukamb og að Ferjuási, en hin asutur að Ferjufjalli, og eru hér og þar mosavaxnar vörður á þeirri leið. Engin vafi er á því, að leið þessi hefur á síðari tímum spillzt mikið af sprungum og hraunum, og er líklegt, að þessar breytingar hafi ekki ðeins orðið vestan Gjáfjallanna, heldur einnig norður af fjöllunum, en þar er nýlegt hraun vestan undir austustu álmu fjallanna."
Ódáðahraun I, 78.

**SÞ-208b:039** hús Miðfellskofi sæluhús
Austan í Miðfelli við Jökulsá á Fjöllum, sunnan við skarðið sem gengur í gegnum fellið mitt "Skammt frá kofa þessum ... eru lindir við fellsræturnar og dálítið haglendi meðfram þeim. Í björtu veðri er ´gæt útsýn af Miðfellinu, sunnan við skarðið, yfir öræfin ..."
Einnig nefndur Fellnakofi, "... lítill leitarmannakofi og fremur óvistlegur. Veggir úr grjóti, en þak flatt, úr einföldu bárujárni, Torfbálkur er innst í kofanum."
Ódáðahraun I, 79

**SÞ-208b:040** varða
Austantil í Herðbreiðarlindum
"Lengra austur í Lindunum er dálítið vörðutyppi. Í henni á að vera fjöl með ánegldu bílmerki, A-80. Það er númerið af fyrsta bílnum, sem ók suður í Herðunreiðrlindar haustið 1937. Áður ahfði ekki verið reynt að aka bíl suður með Jökulsá. - nmgr 1) Í sumar 1944, var búið að snúa merkið af spýtunni og það horfið."
Ódáðahrun I, 84

**SÞ-208b:041** hellir Hvammfjallahellir náttstaður
Náttstaður vestur af Hvammfjöllum - í Útbruna?
Langt er síðan hætt var að nota kofa þennan og gistu gangnamenn í Svartárkoti þar til byggingar hófust við Stóruflesju í

Suðurárbotnum um 1980 -
BBBSÞ, 355
**SÞ-208b:042** gripir
sverð er fannst í Grafarlöndum
Sigurður Jónsson bóndi á Möðrudal (f. þar 1814, b. frá 1842 til d. 1874) fann eitt sinn sverð í Grafarlöndum í eftirleitum. "Úr búi hans gekk það til Stefáns Einarssonar og úr hans búi til Sigurðar Haraldssonar, tengdasonar Stefáns."
HS Þættir, 49
**SÞ-208b:043** þjóðsaga Bláfjall
Tröllkonan Hallgerður bjó í eða við Bláfjall við leiðina suður á alnd og lagði spurningu fyrir ferðamanninn Ólaf
Sama sögn er tengd þessu Bláfelli og Bláfelli við Kjalveg á Framafrétti Biskupstungna. "Í báðum tilvikum spyr Hallgerður ferðamanninn: Ólafur muður/ætlarðu suður? - og hann svarar nokkurnveginn á þessa leið: Sittu heil á hófi/Hallgerður á Bláfjalli. - Í einni gerð sögunnar fóðrar Hallgerður hesta fyrir Ólaf meðan hann rær á Stafnesi og í annarri gefur hún honum hið nafnkennda Tröllkonurím áheimleið. Í þriðju gerð er hún álfkona sem er tröll í álögum og losnar úr þeim við að Ólafur nefnir nafn hennar."
ÍV, 57, ÞJÁ I, 151, 155-56; III, 233; ÞSS III, 289
**SÞ-208b:044** þjóðsaga Bláhvammur
Kráka var vergjörn tröllskessa sem bjó í hamrahelli ofan við Bláhvamm í Bláfelli. Hún mangaði til við Mývetnska karlmenn en var jafnan hryggbrotin og í hefndarskyni gróf hún út vatn eitt á öræfum og veitti því í Laxá og mælti svo um að Krákuá skyldi allajafna brjóta engi og heimalönd fremri hluta Mývatnssveitar.
ÞJÁ, 178-80

### Ódáðahraun SÞ-653
Hraunið sjálft framan við allar leitir

**SÞ-653:001** örnefni Ódáðahraun
Nafnið kemur fyrst fyrir í riti Gísla Oddssonar "Undur Íslands" frá 1638
**SÞ-653:002** heimild bústaður
Milli Kiðagils og Möðrudals á Fjöllum Saga um Odd Einarsson biskup sem hreppti þoku í hrauninu, viltust og hittu fyrir kotbæ í hrauninu og voru þar um nótt. ÓB vill hafa þetta fyrir sama kot og rústirnar í Hrauntungu í Suðurárbotnum ÚAT, 167-69 og þar hafi búið sakamenn.
Biskupasögur Jóns Halldórssonar ATH
**SÞ-653:003** þjóðsaga dalur í Vatnajökli útilegumannabyggð
ATH Þjóðs sbr Áradalur
**SÞ-653:004** varða
"Á norðurbarmi [Öskjuvatns], ekki langt vestur frá Víti, er hrunin varðaa."
"Hjá vörðubrotinu er dálítill, ljósleitur flatur steinn, sem nú er allur sprunginn, en á hann hafa verið klöppuð fangamörk Þjóðverjanna, sem fórust í Öskju sumarið 1907." Ódáðahraun I, 119. 20. ágúst 1908 "... hófu þau þá að byggja vörðu á hábarmi vatnsins, skammt vestur frá Víti, og skyldi hún vera einskonar minnismerki um þá Knebel og Rudolff. Grunnur vörðunnar var þrír m. á hlið, en hæðin um fjórir metrar, og dróst hún saman að ofan. Varðaan var hlaðin úr vikurstykkjum, því að ekki var völ á öðru byggingarefni. Í suðurhlið hennar settu þau grágrýtisstein, sem Reck hafði höggvið á : D 1907/ Walter von Knebel / Max Rudolf" - leiðangur dr. Hans Reck og Viktorinu von Grumbkow 1908
Ódáðahraun I, 119, 335 - Ina v. Grumbkow: Isafold, Berlin 1909.
**SÞ-653:005** þjóðsaga Dyngjufjalladalur útilegumannabústaður
Sigurður Gunnarson segist unglingur í Öxarfirði hafa heyrt örnefnið Dyngjufjalladalur og margar útileguþjóðsögur þaðan. Þar átti að vera heil útilegumannasveit með minnst 18 bæjum, og sáust bæjarreykirnir oft - SG í Norðanfara 1876, 69-71, 73-76. (e. Ódáðahraun I, 224) Líkl. samsk þjóðtrú og stýrði ferð Mývetninga 1830 en samkv. ÞT var förinni heitið í Dyngjufjöll, því að þar sáust títt reykir, er menn hugðu bæjareyki útilegumanna - ÞT Ferðabók I, 258 (ennfr ÞT LÍ IV, 51-52 (e. Ódáðahraun I, 218)

## Helgastaðahreppur

### Múli (Þeistareykir) SÞ-250b
Upphaflega Múlakirkjueign, en síðari aldir talið upprekstrarland Helgastaðahrepps og þegar hreppnum var skipt fengu Reykdælir 8/15 en Aðaldælir 7/15 en síðan um fjárskipti 1944 hafa Aðaldælingar nær eingönu notað afréttina - BBSÞ, 516. 1318: Múlakirkja á "Þeistareykjaland allt og Mælifell." DI II, 434.
1394: Múlakirkja á "Þeistareykjaland allt og Mælifell." DI III, 576.
1406: Múlakirkja á "Þeistareykjaland allt og Mælifell." DI III, ATH
1431: Múlakirkja á "selför í Teistareykjalandi." DI IV,
1461: Múlakirkja á Þeistareyki og Mælifell og gjaldast 4 merkur utnagarðs, ef lykst af Þeistareykjum sem merkir að þar hefur verið kirkja sem einn af prestunum í Múla hefur þjónað - DI V, 283.
1525: Múlakirkja á Þeistareyki og Mælifell - DI IX, 327.
1544: Reykjum í Reykjahverfi fylgir "Mælifellshagi utan svo mikinn part, er eignaður er Múlakirkju milli tveggja garða." DI XI, 344.
1550: Hólastóll á "í umboði séra Halldórs, á Þeistareykjum 4 kúgildi." DI XI, 870.
1553: Múlakirkjustað fylgja Þeistareykir - DI XII, 642.
1569: "Þessar jarðir á [Múlakirkja] ... Þeistareykir landskuld C ... eru þessar ... jarðir kúgildislausar og verða ei byggðar ef sá á ei kúgildi með að byggja, er staðinn heldur." BG, 133.
1576: (Reikningur f. norðurumboð Hóla) "hafði biskupinn í haust fengið ... Þeistareykja-Jóni XX álnir, var það tveir fjórðungar smjörs ..." BG, 272.
1645: Dómur um aðtekt á fé ekkjunnar Þórdísar Þorsteinsdóttur á Þeistareykjum - BB Sýslum.æfir I, 97.
1703: engra getið búandi á Þeistareykjum í manntalinu
1712: Í eyði og næstliðið ár - 3 leigukúgildi, túnið brúkað til slægna - JbÁM
1775: Í eyði, en nokkur af bæjarhúsum enn uppistandandi og notuð sem hlöður af bóndanum á Laxamýri sem slær túnið - OO Oeconomisk Reise, 703.
1868-71: Sigurður Guðmundsson hóf byggð á Þeistareykjum og 1871 voru þar 8 manns í heimili.

1871-73: Gísli Gíslason bjó með 7 í heimili.
1876: C.G.W. Lock dvaldi á Þeistareykjum með nokkra verkamenn við brennisteinsnám og byggðu skála. Ódáðahraun III, 158-64.

Þjóðsögur tengdar Þeistareykjum: Um ísbjarnarkomu - Gríma II. hefti 10, s. 50-54; Um reimleika og Þeistareikjamóra - Gríma 10. hefti, s. 51; Gráskinna IV, s. 90; Gríma 19. hefti, s. 73

"Túnið á Þeistareyjum hefur verið mjög grasgefið og eins grundirnar undir Bæjarfjallinu. Heyfengur hefur því verið auðsóttur og dágóður. Land hefur verið kjarngott, grasatekja nærtæk og ágæt ..." Ódáðahraun III, 164. - á Þeistareykjatúni voru slægjur góðar og nytjaðar a.m.k. af og til allt fram til 1955 - BBSÞ, 516. - Gróður á víða í vök að verjast vegna uppblásturs og hafa stór svæði verið girt af, til þess að hefta sandfok. - BBSÞ, 516

**SÞ-250b:001** bæjarstæði Þeistreykir býli
Þeistareykjatúnið er norðvestan undir Bæjarfjalli Þar gengur dálítið leirgil með vellandi leirjhverum niður gegnum grundirnar, og er túnið upp og ofan með þessu gili norðanverðu. ... Skammt frá [eldra sæluhúsinu] er brunnurinn, en í honum er vatnið um 30 C heitt og ekki laust við brennisteinskeim. - Grundirnar og gamla túnið er grasi vafið allt sumarið, þótt allt sé óvarið og þarna gangi fjöldi fjár. Samam má segja um gróðurgeirana í fjallshlíðunum upp af Þeistareykjum, að þar er gras sem á besta túni. Neðan við grundirnar, dálítið sunnan við leirgilið, eru mikil brennisteinssvæði og stórir leirhverir. Þar niður við hraunröndina er oft tjörn af leysingavatni langt fram eftir sumri. Annað kalt vatn er ekki fáanlegt að sumri til á Þeistareykjum fyrr en austur undir Ketilfjalli. Þar eru dálítlar lindarvætlur með nokkurn veginn köldu vatni. -

"Á Þeistareykjum markar fyrir talsverðum bæjarrústum, og líklega hefur bærinn alltaf verið á sama stað, þar sem eldri kofinn er nú. Rústir þessar eru algerlega yfirgrónar. Aldrei munu þær hafa verið rannsakað[ar], og ekki er mér kunnugt um, að þar hafi fundizt neinar fornminjar." Byggð lagðist af á Þeistareykjum fyrir eða um 1700 en túnið nytjað til sægna fram á 20. öld. Jörðin byggðist aftur 1868-73.

Ódáðahraun I, 39-40, III, 158-169

**SÞ-250b:002** náma Þeistareykjanámur brennisteinsnáma
1876 lét C.G.W. Lock gera skála í sambandi við brennisteinsnám á Þeistareykjum -
Ódáðahraun III, 163

**SÞ-250b:003** heimild sæluhús
Í Þeistareykjatúni. tvö sæluhús standa á barmi grófarinnar. Það neðra er eldra og fremur lélegt, en það mun standa nærri gömlu bæjarrústunum.

Saga höfð eftir Þórhalli Kristjánssyni á Breiðumýri um mennn sem vöktu yfir fjársafni á Þeistareykjum og fundu ekki kofann - Gráskinna IV, 90. Saga um Kristján Halldórsson smið á Húsavík sem fór að vitja hesta á Þeistareykjum. "Kristján bjóst um í kofa, er þar var. Hann var lítið meira en manngengur, farið inn um lítið gat á þekju, og var það byrgt með hellu, er inn var komið - Gríma 19, hefti s. 73. ".. langt mun nú síðan kofi með þeim ummerkjum, er sagan greinir, hefur verið á Þeistareykjum." Ódáðahraun III, 169. Nýrra sæluhúsið stendur ofar með grófinni og nær henni. Það er myndarlegt hús, hlaðið úr grjóti með tyrfðu járnþaki. Norðurstafn hússins er steyptur og tvöfaldur. Má leiða gufu frá hver, sem er í gilinu rétt hjá húsinu inn í vegginn og þannig hita húsið. Húsið væri hið ágætasta til [40] gistingar, ef pallur væri í nokkrum hluta þess, eða bálkar til þess að liggja á og önnur smáþægindi." Ódáðahraun I, 39-40. Nú er á Þeistareykjum "vndað gangnamannahús í eigu Aðaldælahrepps, byggt 1958 ... og gamli kofinn nú nýttur fyrir hesthús ..."
BBSÞ, 516, Ódáðahraun I, 39-40

**SÞ-250b:004** örnefni Kvíhólar kvíar
Kvíhólar eru í viki [Kvíhólahvilft/Bóndhólsskarð] milli Bæjarfjalls og Kvíhólafjalla
Hkort

**SÞ-25b0:005** gripir
róþekktur staður milli Þeistareykja og Reykjahlíðar. Sumarið 1713 fann grasafólk fé í jörðu, bæði af járni, látúni og kopar milli Þeistareykja og Reykjahlíðar
Sjávarborgarannáll, IA IV, 327.

**SÞ-250b:006** heimild Mælifell bústaður
Mælifell er lítið stakt 455 m hátt fell VNV við Þeistareyki. Býlið hefur væntanlega staði vestan við fellið

NV við Mælifell eru Mælifellsahagar. Múlakirkja átti Mælifell skv. máldögum frá 14. og 15. öld og er þess síðast getið 1525. Í sölubréfi fyrir Reyki í Reykjahverfi frá 1544 eru Reykir taldir eiga Mælifellsahaga " utan svo mikinn part, er eignaður er Múlakirkju milli tveggja garða." DI XI, 344. Þá hefur býlið væntanlega verið komið í eyði (og mögulega miklu fyrr) en þess er ekki getið í yngri heimildum um Múlakirkju ATH. Skv. BBSÞ, 519 eru sagnir að býli þetta hafi verið "í Þeistareykjalandi, vestur við Lambafjöll, þar sem síðar var haft í seli frá Reykjum og nefnist nú Reykjasel." - Þetta gæti vel staðist sbr. eignarhald Reyja á Mælifellshögum

**SÞ-250b:007** örnefni Skildingahóll
dálítill keilulagaður hóll, norður af Mælifelli. Peningum var stolið af Þorsteini ríka í Reykjahlíð (d. 1828). Morguninn eftir peningastuldinn var maður úr Reykjahverfi að leita að ám á Reykjaheiði. Reið hann fram á tvo menn, sem voru að telja peninga sunnan í hól þessum. Hétu þeir honum afarkostum, ef hann segði frá því, er hann hefði séð, en buðu honum fé til að leyna því. Löngu síðar hafði þó maður þessi sagt frá, hvers hann hafði orðið var, og var þá farið að nefna hólinn Skildingahól."
Gríma 11. hefti, s. 41 - Ódáðahraun I, 36-37.

**SÞ-250b:008** vegur Draugagrundir
"Norðan og norðaustan undir [Gæsafjöllum] eru grónar grundir ... og liggur um þær fjöldi af gömlum götuslóðum - ÓJ telur vafalaust að göturnar séu frá þeim tíma er brennisteinsflutningar lágu þarna um öræfin
Ódáðahraun I, 48

**SÞ-250b:009** vegur
"Sæmilega glöggir götuslóðar eru frá Þeistareykjum og suður til Mývatns. Þeir liggja meðfram rótum Gæsafjalla að vestan."
Ódáðahraun I, 48

# Norður Múlasýsla

## Jökuldalshreppur

### Hákonarstaðir (Sænautasel) NM-120b

Sænautasel er gömul selstöð frá Hákonarstöðum í Hákonarstaðalandi enbByggð hófst þar 1843 og lagðist af 1942. Sænautasel er nú sérstök landareign og hefur verið það frá síðari hl. 19. aldar. Þá töldu Möðrudalsbændur það eitt þeirra nýbýla sem byggð væru á landi þeirra en það var dæmt frá þeim - HS Þættir, 59-60. 1861 er Sænautasel talin hjáleiga frá Hákonarstöðum - NJÍ, 135 en er ekki getið 1847.

Hæpið er að land það sem nú heyrir undir Sænautasel austan við Sænautavatn hafi nokkurntíma fylgt Möðrudal, en bæjarstæðið sjálft hefur væntanlega gert það. Merkin voru þessi: Úr Botnahrauni í Bjallkollu og þaðan beina línu í Kvíslarós, er fellur úr Sænautavatni sunnan við Rangalón, þaðan þvert yfir Sænautavatn í Sænautafell á Marköldu. Þaðan beint í Rúnastein á Urðarhlíð og úr honum beint vestur í Skotmannsvík við Ánavatn en úr því ræður Botnalækur upp í Botna - Ö-Sænautasel, 1 "Túnið norðan við bæinn var kallað Norðurbali, en austan við bæinn var nefndur Hóll." "Milli túns og Sænautavatns er engjasvæði, sem heitir Leira." í Sænautavatni er mikil silungsveiði

**NM-12b0:001** bæjarstæði Sænautasel bústaður/sel
"Bærinn Sænautasel stóð við suðurendann á Sænautavatni."
Ö-Sænautasel, 1

**NM-120b:002** örnefni Skálaækur
"Lækur fram af Bjallkollu heitir Skálalækur. Flóinn þar heitir Skálaflói og þar sem lækurinn rennur í Sænautavatnið heitir Skálavík."Ö-Sænautasel, 2 Ekki er vitað af hverju Skála' örnefnin eru dregin -
Ö-SænaustaselAV2, 1

**NM-120b:003** heimild Kvíar kvíar
"Innan við bæinn voru Kvíar (nefndar svo meðan jörðin var byggð). Kvíarnar stóðu á hæð, sem var kölluð Kvíaholt." "Kvíar eru suðvestan við bæ, skammt frá, við Bæjarlæk."
Ö-Sænautasel-AV, 5 +AV2, 1

**NM-120b:004** örnefni Skipatangi lending
"Skipatangi eða Heimatangi gengur út í Sænautavatn að vestan, norður af bæ. Bát var sjaldan lagt þar, því að þar var grunnt; þó var það hægt á einum stað."
Ö-Sænautasel-AV2, 1

**NM-120b:005** heimild Grásteinn lending
"Grásteinn er austan við Sænautavatn. Þar var stundum lagt báti."
Ö-Sænautasel-AV2, 1

**NM-120b:006** örnefni Skipatjörn
"Í Fremribotnum er mýrarflói, kallaður Skipatjarnarflói. Í flóanum er tjörn, nefnd Skipatjörn." "Ekki er vitað afhverju Skipatjörn heitir svo."
Ö-Sænautasel-AV2, 1

### Eiríksstaðir NM-121

Eiríksstaðir tilheyrðu Skeggjastaðkirkju sjá Benedikt Gíslason: 'Eiríksstaðir á Jökuldal.' Múlaþing 6 (1971), 1-18. Merki við Brú er um Landamerkjagróf sem fellur í Jökulsá á móti Arnarbæli í Vaðbrekkulandi

**NM-121:002** örnefni Orustubrúnir
"Orustubrúnir er brúnin neðan við [Eiríksstaðahnefla] nefnd." Það er vestan við bæinn
Ö-Eiríksstaðir, 1

**NM-121:003** bæjarstæði Hneflasel býli
Hneflasel er vestan undir norðanverðum Eiríksstaðahneflum en austan við Hneflaselslæk sem rennur norður í Ánavatn
"Henflasel er eyðibýli, stofnað um 1850. Fyrsti bóndi þar hét Oddur Sæbjörnsson. Býlið fór í eyði 1875 og hét síðasti bóndinn þar Einar Bessason. Býli þetta var í 610 m hæð yfir sjó og mun því vera hæsta byggt ból á Íslandi."
Ö-Eiríksstaðir, 7, 9

**NM-121:004** bæjarstæði Háls býli
"Austan við [Eiríksstaða]Hnefla eru Eiríksstaðadysjar ... Eiríksstaðaháls heitir ofan við dysjarnar, og þar norðan við dysjarnar er eyðibýlið Háls, sem nú er nefnt Hálstóftir." - "Háls var í byggð frá 1859-1863. Fyrsti ábúandi hét Magnús Jónsson, en sá síðasti Björn Árnason."
Ö-Eiríksstaðir, 7, 9

### Eiríksstaðir (Veturhús) NM-121b

"Veturhús eru næst austan Sænautasels. Þau voru fyrst byggð1847 og að fullu lokið 1941. ... Fyrst hét býli þetta Barð. Það er byggt úr Hákonarstaðalandi. Býlið og landaeignin er allt í grasivaxinni dæld, sem liggur frá norðri til suðurs." Ö-Veturhús Landamerki Veturhúsa og Eiríksstaða eru í Digranes, Botnalækur skiptir landi milli Veturhúsa og Sænautasels

**NM-121b:001** örnefni Þrívörðuháls
"Vestur af [Lönguhlíð] er nyrzt Botnahraun. Þá tekur við Þrívörðuháls og Bjallkolla ..."
Ö-Veturhús, 1

**NM-121b:002** bæjarstæði Gömlu-Veturhús býli
"Vestan við Veturhúsatjörn eru Gömlu-Veturhús. Bærinn var fluttur. Þar er tangi út í tjörninni, sem nefndur er Veturhúsatangi."
Ö-Veturhús, 2

**NM-121b:003** heimild Þvottá
"Í [Veturhúsa]tjörnina að austan rennur smálækur, sem hægt er að stíga yfir. Hann heitir Þvottá. Þar var þvegin ull."
Ö-Veturhús, 2

**NM-121b:004** bæjarstæði Veturhús býli

"Veturhús eru á suðurbakka tjarnar, sem hét Veturhúsatjörn." ... "Skammt þar utar [en Bukuflói] er Bæjarflói hallandi niður að túninu.]

## Brú NM-122a

Brúarlandi er hér skipt í þrennt: a) er heimalandið frá Landamerkjalæk við Eiríksstaði sem er utan við Þverá á móts við Arnarbæli sunnan ár, og að Fagraneslæk sem fellur í Jökulsá utan við Brúarsel. b) er Brúrardalir, austan við Þríhyrningsfjallgarð og norðan við Vesturdalslæk og c) eru Brúaröræfi þar fyrir vestan og sunnan

**NM-122a:002** tóftir Steingrímsstaðir býli
"... Steingrímsstaðir ... var heldur innar en móti Bakkastað. Aðeins innan við tætturnar rennur lækur, Steingrímsstaðalækur. Að tóftunum fauk aska 1875, en þó sér móta fyrir þeim."

"Vera má, að áin hafi brotið bakkann við Steingrímsstaði og jafnvel skert eitthvað fornar rústir þar. Hafi hún gert það er langt um liðið síðan því að bakkinn við Steingrímsstaði er grasi gróinn eins og rústirnar sjálfar. - SR Byggðaleifar, 77.

"Steingrímsstaðir eru fornbýli og sjást rústir af bænum, en ekkert er kunnugt um ábúðartíma eða ábúendur." Getið í sóknarlýsingu 1874; SSM; og af ÞT 1883, 43-44. Rústirnar eru fast á bakkanum meðfram ánni á um 60 m löngu og 15 m breiðu bili. SR teiknar 2 skýrar og 2 óskýrar tóftir eða tóftaþyrpingar. Í vestasta hlutanum var rofabarð niður að Jökulsá og sáust þar viðarkolaleifar undir H-1158 og undir svörtu gjóskulagi sem var undir því. Þá var borað inni í (sömu?) tóft og komu þar í ljós kolaðar lurkaleifar töluvert undir H-1158. Lítil hola var grafin í austustu tóftina og var Ö-1875 þar yfir öllu og sömuleiðis gjóskulagið "a" sem talið er hafa komið úr Kverkfjöllum á seinni hluta 15. aldar. Undir því voru hleðslur og hreyfð mold niður að H-1158 sem var þar óhreyft undir öllu.

Ö-Brú, 5, 19; SR Byggðaleifar, 77-80

## Brú (Brúardalir) NM-122b

Brúardalir tilheyra Brú og eru austan við Jökulsá, norðan við Vesturdalsá og austan við Þríhyrningsfjallgarð. Mörk við heimaland Brúar eru um Fagramelslæk sem fellur í Jökulsá utan við Brúarsel. Olavius getur fyrstur manna um eyðibyggð á Brúardölum í ferðabók sinni 1776. Hann elur upp Garða, tvenna Hóla og Hringbotn sem liggi fyrir ofan Reykjará. Eru þessir eyðibæir ekki taldir byggilegir nema helst sá síðastnefndi, en erfitt mun að flytja þangað húsavið. OO II, 129. SR bendir á að eyðibýlanöfnin hafi líklega brenglast hjá Olaviusi í uppskriftum en hann mun sjálfur aldrei hafa komið á þessar slóðir. Réttara væri að hafa tvenna Garða (ytri og innri), Höll og Hringbotn. Sigurður Gunnarson ritar 1872: "Það er í munnmælum, að byggð hafi verið lángt inn frá Brú, og eru þar enn forn bæjanöfn, og sér víða ummerki. Er talið, að sú byggð hafi eyðzt í Svartadauða. En hún hefir og eyðzt af því landið hefir blásið, svo þar hefir orðið óbyggilegt." StSÍ II, 437. Þorvaldur Thoroddsen telur einnig upp eyðibýli á Brúardölum - Andvari 1883, 43-44 og Bruun einnig en hann mun ekki hafa komið þar sjálfur - Geografisk Tidskrift 16, 163 sbr SR Byggðaleifar, 76

**NM-122b:001** tóftir Múlakot bústaður/sel
"Suður af Múlanum, við ármót [Fiskidalsár og Reykjarár], er gamalt eyðibýli, sem heitir Múlakot og nesið sem það er á, láglendið, heitir Múlanes. Þar er grösugt gil niðri í botninum, öðru nafni er þetta kot nefnt Múlasel. Þar er svo, meðfram ánni, nefnt Múlamýri."

"Rústirnar standa á tiltölulega þurrum holtsrana en undir honum er hvanngrænn stararflói sem í eru volgrur. Þarna ætti gras varla að bresta í hörðum árum

Var selstaða frá Brú - sóknarlýsing 1874 (SSM). "Vallgrónar tættur eru í Múlanesinu. Á lágum hjalla, undir barðinu, spretta upp volgrur, 15 gr. heitar og rennur úr þeim lækur í Reykjará." Ö-Brú, 4 "Eins og fram kemur á uppmældri teikningu af rústunum er suðurbrún þessa rana eða ness alsett tóftabrotum, vallgrónum. Norðan við þau er skýr og greinileg tóft með töluverðum veggjum. Líklega er þetta selstóft enda er hún áþekk tóftinni í Litlaseli. Fyrir norðan hana er líkt og niðurgrafin laut. Annað hvort hefur þarna verið tekið efni til selsbyggingarinnar eða þarna eru leifar af einhvers konar áheldi ..." Borað var ú syðstu tóftirnar og reyndist hluti þeirra amk vera eldri en Ö-1362. Selstóftin hinsvegar reyndist yngra en gjóskan "a" sem mun hafa fallið á seinni hl. 15. aldar.

Ö-Brú, 4; SR Byggðaleifar, 85

**NM-122b:002** heimild Brúarsel beitarhús
Utan við Hreindýrsmel "heitir Sel (Brúarsel), beitarhús." "Húsin voru í nokkurri fjarlægð frá ánni uppi í gróinni hlíðinni. Ofar í hlíðinni er land blásið ..."

Sel þetta mun vera sama og kallað er Langhús í sóknarlýsingu frá 1874 og var þá beitarhús. 1979 voru enn á þessum stað beitarhús úr torfi og grjóti sem voru nýlega aflögð og byrjuð að falla. Fjárhúsin voru einkum tvær samsíða byggingar með sömu stefnu og áin og dalurinn og var töluverður spotti á milli þeirra. Þústir og ójöfnur voru kringum húsin sem bentu til fornra mannvitarleifa. Hola var grafin fyrir neðan efstu standandi bygginu og sást þar merki um mannaferð milli Ö-1362 og "a" gjóskunnar frá seinni hl. 15. aldar en ekki fyrir neðan eða ofan þessi lög.

Ö-Brú, 5; SR Byggðaleifar, 80

**NM-122b:003** tóft Ytri-Garðar býli
"Áður fyrr mun nyrsti hluti [Meljaðrafjalls/Skógaháls] hafa verið nefndur Skógafjall. Undir því voru tvö býli, sem hétu Ytri-Garðar og Fremri-Garðar. Utan við þessi býli er smáá, sem heitir Garðaá, nú alveg þurr. Þetta vatn kom úr mýri á hálsinum. Á Görðum-Ytri sást fyrir veggjabroti, sem nú mun alveg blásið burt."

"Nú er þarna allt örfoka, þótt elstu menn muni jaðrvegsleifar á mýrarblettinum, og áin þornuð. Þó má enn sjá farveg hennar rétt utan við rústina á Görðum."

Garða er getið sem eyðibýlis af Olaviusi (II, 129); þeirra beggja í sóknarlýsingu frá 1874 (SSM) og hjá ÞT í Andvara 1883 en engar lýsingar á minjum eða nákvæmar staðsetningar. "Bakveggur 10 metra langrar tóftar hékk enn uppi 1979, úr torfi og grjóti." Undir tóftinni var H-1158 óhreyft en hvergi varða var t við Ö-1362 og ætti tóftin því að vera eldri en það. SR telur líklegra að þessi tóft sé af Ytri Görðum

Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 82-83

**NM-122b:004** heimild Fremri-Garðar býli
"Áður fyrr mun nyrsti hluti [Meljaðrafjalls/Skógaháls] hafa verið nefndur Skógafjall. Undir því voru tvö býli, sem hétu Ytri-Garðar og Fremri-Garðar. Utan við þessi býli er smáá, sem heitir Garðaá, nú alveg þurr. Þetta vatn kom úr mýri á hálsinum."

Garða er getið sem eyðibýlis af Olaviusi (II, 129); þeirra beggja í sóknarlýsingu frá 1874 (SSM) og hjá ÞT í Andvara 1883 en engar lýsingar á minjum eða nákvæmar staðsetningar. "... ekki verður sagt með vissu hvar hinir Garðarnir (Fremrigarðar) séu framar á dalnum þótt líklegt sé að það sé frammi á Borg."

Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 82

**NM-122b:005** heimild Geithús geitakofi

Innan við Bröttubrekku, vestan við Jökulsá, sem er innan við Garða er Geithúskverk "sem er sveigur inn í hlíðina. Þar upp í brún er Geithúshjalli. Geithús var þar fast á bakkanum, en áin mun vera búin að sverfa það burt."

"Jarðvegstorfur, fallega grónar að ofan en sundurskornar af giljum og grafningum, eru austan í fjallinu, sem er bert ofar. Jökulsá brýtur stöðugt af torfunum að neðan."

"Hér var greinileg lítil tóft ... frammi á bröttum rofbakka við Jöklu. Í rofinu mátti sjá greinilegar hleðslur úr torfi og grjóti og hefur áreiðanlega brotið ofan í sig töluvert af hleðslunni." Í rofinu sást að hleðslurnar eru eldri en H-1158 og var sums staðar allt að 5 sm bil milli hleðslunnar og gjóskunnar sem bendir til að tóftin hafi verið fallin fyrir allnokkru er gjóskulagið féll. Á einum stað hafði gjóskan safnast upp að steini sem hafði staðið upp úr er hún féll. Í mannvistarlögum varða vart við beinaleifar og brýnisbrot -

Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 83-84

**NM-122b:006** heimild Trogsnes fjárskýli

Borg heitir innan við Geithús við Jökulsá. "Þar nálægt hét Trogsnses. Þar var byggð fjárborg. Þetta nes hefur verið stærra. - aths: Trogsnes er kallað Fossnes í eyðibýlaskrá, ..."

Eiríkur Guðmundsson bóndi á Brú byggði hringlaga fjárborg á þessum stað um síðustu aldamót og sér glögglega fyrir henni. Hún er byggð utaní eldri rústir en borun í þær leiddi í ljós viðarkolaleifar innan um gjóskuna H-1158 þannig að þá hefur verið þarna mannaferð og Ö-1362 var einnig greinilegt.

Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 84

**NM-122b:007** heimild Höll býli

"Innan [við Forvaðagil, við Jökulsá], undir Hallarfjalli, er eyðibýlið Höll. Ekki er neitt eftir þar nema nafnið eitt og beinarusl."- "Svæði þetta heitir Brúarskógur og heldur því nafni inn að Sauðá. ... Þess má geta að Brúarskógur er eyddur og talinn hafa eyðzt um miðja 18. öld."

Hallar er getið sem eyðibýlis af Olaviusi (II, 127) og segir hann að sagnir hermi að undir Hallarfjalli hafi staðið innsti bær á Efra-Jökuldal (1780, 439-40); Eyðibýlis þessa er einnig getið í sóknarlýsingu frá 1874 (SSM) og hjá ÞT í Andvara 1883 en engar lýsingar eru gefnar. SR 1979: "Ítrekaðar tilraunir voru gerðar til þess að finna byggðaleifar undir Hallarfjalli, en einskis varða vart."

Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 84

**NM-122b:008** heimild Laugarvallaskúti náttstaður

"Við Laugarvallaá var svokallaður Laugarvallaskúti, þótti gott fyrir gangnamenn að gista þar. Föt manna þornuðu þar fljótt, því sandurinn var volgur."

Ö-Brú, 8

**NM-122b:009** heimild Sauðárkofisæluhús

"Suður við Sauðá er leitarmannakofi, sem nefndur er Sauðárkofi, þar rétt neðar er foss í Sauðá, Sauðárfos."

Ö-Brú, 9

**NM-122b:010** 2 tóftir Hringstaðir býli

Á Laugarvalladal, fyrir innan mynni Vesturdals er Stóri-Hringur og Litli-Hringur sem er graslendi inn með ánni að vestan. "Á Stóra-Hring mun hafa verið býli, sam áin er búin með. Þetta býli hét Hringstaðir, sáust þar glöggar rústir, þegar Þ. Thoroddsen var hér á ferð." - á miðjum Laugavalladal, um 2 km S við ármót Vesturdalsár og Laugarvallaár

"Hringsstaðir eru nefndir í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar (sjá Múlaþing 5, s. 177) Einnig eru nefnd eyðibýlin Hringvatn og Hringur, sem munu vera eitt og sama býlið, nefnt Hringbotn hjá Ólavíusi." Á þessum stað sjást nú tvær tóftir "Eystri rústin er mjög sokkin í gróna sléttu, en þó mótar greinilega fyrir henni um 15 metra langri." Borað var inni í tóft þessari og kom þar í ljós þykkt hrafnsvart viðarkolalag en um 13 sm þar fyrir ofan var H-1158 jafnfallið og óslitin gjóskusyrpa þar fyrir ofan. Tóft þessi er því frá 10. eð 11. öld. "Vestari tóftin er talsvert ólík útlits. Hún er að mikli leyti grafin niður." Yfir þessari tóft var "a" gjóskan frá seinni hluta 15. aldar, Ö-1362 greindist ekki en H-1158 var undir, að því er virðist alllangt undir. Tóft þessi hefur því líklega verið í notkun á 14. öld -

Ö-Brú, 9-10, 19; SR Byggðaleifar, 84

**NM-122b:011** bæjarstæði Laugarvellir býli

"Svo, eins og 1/2 tíma ganga innar [en Hringstaðir], sveigir áin fyrir graslendistorfu, sem heitir Laugarvellri, þar var býli um hríð, fór í eyði 1906. ... Hjá býlinu var lind. talsvert vatnsmikil, með 90 gr. heitu vatni, nefnd Hitalind." Laugarvellir voru í byggð 1900-1906. Fyrsti og eini ábúandi hét Stefán Andrésson, dáinn 1906.

Ö-Brú, 10

**NM-122b:012** heimild Laugarvallaskáli sæluhús

"Þarna [hjá rústum Laugarvallabýlisins] er nú leitarmannakofi, Laugarvallaskáli."

Ö-Brú, 10

**NM-122b:013** 2 tóftir á Vesturdal

"Utan til á Vesturdal er glögg tóft, trúlega sel, þó ekki sé nafn til á því." á víðvöxnu nesi og rennur Vesturdalsá í sveig norðan við. Bratt gil er í bakkanum á móti og hafði enn ekki tekið upp snjóskafl þar í ágúst 1979. Í þessu nesi hefur verið reynt að nýta slægjur í hörðum árum

SR boraði í eystri tóftina og var H-1158 þar yfir mannvirkjaleifum en engar viðarkolaleifar sáust í kjarnanum -, þannig að óvíst er hvort menn höfðust við í byggingu þessari

Ö-Brú, 10; SR Byggðaleifar, 85

**NM-122b:014** mannvirki

"Innan við Brúarsel utan við svokallaðan Hreindýrsmel við dráttarvélarslóðina rétt ofan við melana stóð grjót út úr barði greinilega samanborið af mönnum."

"Af gjóskulögum að dæma var þetta tiltölulega ungt mannvirki ef til vill frá 17. öld. Ekkert eiginlegt sköpulag var unnt að greina á því enda hafði jarðvegsupphleðsla af áfoki orðið mikil á þessum stað."

SR Byggðaleifar, 80

**NM-122b:015** 2 tóftir Litlasel sel

"Litlasel eða Sniðnes er norðan við Reykjará." Sóknarlýsing 1874: "Frá Brú var selstaða höfð ... að Litlaseli, sem er nokkru utar við Reykjarána." 1979: "Þar eru tvær rústir með um 15 metra millibili. Nær ánni er rúst af einhverskonar mannabústað, seli, en fjær er rúst af einhverskonar kvíum eða áheldi fyrir búfénað, og er þar byggt utan í hæð sem verður vestan megin rústarinnar." Báðar tóftirnar reyndust yngri en gjóskulagið "a" frá seinni hl. 15. aldar -

SR Byggðaleifar, 82

## Brú (Brúaröræfi) NM-122c

Skil milli Brúaröræfa og Brúardala eru Þríhyrningsfjallgarður að norðan, suður í Hatt en þaðan um Vesturdalslæk í Sauðá og með henni í

Jökulsá á Brú. Vesturmörk eru Jökulsá á Fjöllum. Arnardalur tilheyrði áður Möðrudal sbr. að Kjólsstaðir áttu þar hrossabeit gegn gjaldi til kirkjunnar en hafur nú um langt skeið legið undir Brú og teljast merkin við Möðrudal vera frá ósum Arnardalsár við Jökulsá beint lína í tanga sem gengur út í Þríhyrningsvatn að austan og þaðan í hátind Þríhyrnings - sbr. kort Páls á Aðalbóli.

Hvannalindir voru fundnar 1834 í leiðangri Péturs Péturssonar í leit að Vatnajökulsvegi
1840: í Grágæsadal austan við Hvannalindir er gæsavarp sem notað var áður fyrr frá næstu bæjum J.C. Scythe: 'En fjeldreise I Island I Sommeren 1840.' s. 331-90. (e. Ódáðahraun I, 236). "Í lýsingu af Arnardal frá árinu 1887 er sagt, að fram til öskufallsins úr Dyngjufjöllum 1875, hafi þar verið allmiklir hagar af flóadrögum og mellöndum, en hafi þá alvg eyðzt, en ní (1887) eftir 12 ár, séu mellöndin farin nokkuð að vaxa upp, svo að komnir séu talsverðir hesthagar. Alla tíð síðan hefir verið þar hestaganga á vetrum á mellandi og það svo góð, að hestar ganga þar margoft úti allan veturinn, ef ekki tekur fyrir beitina vegna jarbanna." HS Þættir, 12

**NM-122c:001** tóftaþyrping + 3 tóftir bústaður Friðlýstar minjar.
Í Hvannalindum "Bærinn liggur í sjálfum hraunjaðrinum, og er stutt og brött brekka með lausu hraungrjóti frá honum að jafnsléttu hvannalinda"

Fyrst kannaðar af 4 Þingeyingum í könnunarleiðangri um haglendi 1880, þá af Steindóri Steindórssyni 1933 og Kristján Eldjárn gróf í rústirnar 1941(ÚAT, 85-97) ATH Lýsingu Jóns Stefánssonar í Norðlingi 1880 og Steindórs Steindórssonar í Nýjum kvöldvökum 1933. KE 1941: "Útilegumannakofarnir eru í þrennu lagi. Í miðju aðalþyrping eða bær, stakur kofi 2-3 m vestar og annar 75 m sunnar, og liggur sá alveg við kvísl þá, sem rennur milli Lindahrauns og Kreppuhryggjar. Á milli þessa kofa og bæjar er fjárrétt, 25 m frá kofunum. Bærinn liggur í sjálfum hranjaðrinum, og er stutt og brött brekka með lausu hraungrjóti frá honum að jafnsléttu Hvannalinda. Fjórir kofar mynda bæinn. Liggja þrír þeirra hlið við hlið og eru í röð, því sem næst frá austri til vesturs. Bakveggur allra þessara kofa er hraunveggur sjálfgerður, og hafa kofarnir verið reistir upp við hann. Fjórði kofinn er afhýsi og með dyrum inn í vestasta kofann. Framveggur eða norðurhlið kofanna þriggja hefur verið hlaðinn í einu lagi og stendur enn í 1 m hæð. Skilrúmin tvö, sem skilja milli þeirra, eru sumpart hlaðin úr hraungrýti, eins og aðrar hleðslur, en þar eru og útskot nokkur úr hraunvegnum. Útidyr eru á aust [88-89] urgafli upp við hraunvegginn, 1-1,20 m háar og 0,70-0,80 m breiðar. Yfir þeim er enn geysistór blágrýtishella og önnur rekin niður í dyragólfið sem þröskuldur. Eins er búið um aðrar dyr bæjarins. / Hugsum okkur að gengið sé inn um dyrnar, og er þá komið inn í austasta kofann (á uppdrætti). Við gólf er hann 2,40 m frá hraunvegg að norðurvegg og 2 m á breidd. Gólf er lítið eitt lægra en dyragólfið, svo að stíga þarf niður úr dyrunum inn í kofann. Í horninu hægra megin dyra eru steinar fastir í gólfi, og er svo að sjá að einhver upphækkun hafi verið þar, en ekki verður séð af hvaða tagi. Engan svefnabálk er þar að sjá, oh ekki hefur þar eldur kveiktur verið. Aska sást þó hér og þar, og gólflag úr víðikvistum var víða greinilegt./[90] Úr þessum kofa liggja dyr yfir í miðkofann við norðurvegg. Hafði verið reft yfir þær með fimm stórum hellum, sem nú voru fallnar niður öðrum megin. Þessi kofi er hér um bil 1.70x1.10 og er í allastaði lítilfjörlegastur kofanna. Gólflag er þar næsta ógreinilegt. Úr kofa þessum liggja dyr gegnum norðurvegg út í ranghala eða göng, sem liggja skáhallt niður hraunkambinn ofan á jafnsléttu lindanna. Hæð og breidd dyra er hvort tveggja 0,60 m. Austurveggur ranghalans stendur enn gjörsamlega óhruninn, en vesturveggur og þak má kallast gjörfallið. Lengd hans er tæpir 4 m, og liggur hann lítið eitt í boga. Efst og neðst er gólf hans því sem næst lárétt, en um miðjuna snarbratt, og sjást þar greinilega fjögur þrep, tvö lögð með hellum. Hæðarmunurinn frá kofagólfi niður að lindum er 1,25 m. Breidd ranghalans er 0,60-0,80 m. / Aðrar dyr liggja úr miðkofa við norðurvegg yfir í vest- [91] asta kofann (III). Hæð dyra er 0,70 m og breidd 0,75 m. Þessi kofi er um allt merkilegastur. Innanmál hans er 1,50-2,00 m. Í norðvesturhorni hans rís hella á rönd, 0,30 m frá vegg, og er þar eldstó milli hennar og veggjrins. Báðum megin við helluna er þykkt öskulag með miklu af óbrenndum beinum og svo nokkuð um allt kofagólfið. Stingur þetta mjög í stúf við hina kofana. Við suðvesturhlið er bálkur með stórum steinum í frambrún og þakinn lagi af kvistum. Bálkurinn er 1,85 m langur, 0,60 m breiður og 0,45 m hár. Má hann kallast sæmileg hvíla fyrir einn mann. / Við austurenda bálksins liggja dyr upp í afhýsi það, sem fyrr getur. Er gólf þess til muna hærra en hinna kofanna, því að það stendur uppi á hraunveggnum, sem þeir eru reistir framan við. Afhýsið er um 1,75 m á hvern veg. Stór hella er þar flöt í dyrum, en öskudrefjar og kvistir á gólfi, og er þar nóg hvílurúm fyrir tvo. Þak afhýsisins stendur enn að mestu, aðeins miðja þess er fallin. Þök hinna kofanna þriggja voru aftur á móti með öllu hrunin og lágu niðri í tóttunum. / ... [92] ... / Auk bæjarins er stakur kofi 2-3 m vestan við hann, og [93] vita dyr hans að bænum. Hæð þeirra er 0,70 m, breidd 0,50 og liggur feikimikil hraunhella yfir þeim. Gólflag fannst ekki, og hefur kofinn ekki verið ætlaður til íbúðar. Mætti geta þess til, að eldiviður hafi verið geymdur í honum, því að þegar Mývetningar fundu kofann, sáu þeir framan við þennan kofa tvær mosavaxnar hrúgur. / Staki kofinn austur við kvíslina er hlaðinn yfir hraunsprungu og mynda sprunguveggirnir langhlíðar hans. Gaflar hafa verið hlaðnir lóðrétt jafnhátt sprungubrún, en byrja þá að dragast að sér, á sama hátt og langveggir þeir, sem hlaðnir eru ofan á sprungubrúnirnar. Dyr eru á vesturhlið við suðurgafl, og þarf að stökkva úr þeim ofan í sprunguna. Breidd kofans er 1,25 m upp við sprungubrún, en sprungan gengur að sér niður á við, og er því gólfið ekki svona breitt. Lengdin er 3,20 m innan veggja, og er þessi kofi mestur allra húsanna. Niður við gólf á suðurgafli er glufa inn í kofann, sem þó er of mjó fyrir sauðkind, en sennilega hefur hún sigið nokkuð saman síðan á blómaskeiði kofans. Ekkert verður um það sagt með vissu, til hvers þessi kofi hefur verið notaður, en ólíklegt sýnist, að menn hafi hafzt þar við. Sennilegt mætti virðast, að hér hafi kindum verið stungið inn eftir þörfum, og þá var smugan á suðurgafli nauðsynleg sem dyr. Hinar dyrnar voru þá aðeins fyrir þá menn, sem um kofann gengu, en eigi færar fé. Fjárrétt sú, er fyrr getur, er í stórum dráttum sporöskjulöguð. Er norðvesturboginn hraunsprunguveggur sjálfgerður, en austurboginn hlaðinn úr hraungrýti eins og kofarnir. Er hann sumstaðar mjög hruninn, en stendur þó á öðrum stöðum í fullri hæð eða um 0,90 m. Má það heita fjárhelt. Lengst er réttin 6,50 m og breiðust 4,50 m. Ætla má, að hún hafi tekið um 40-50 fjár. Dyr um 0,75 m breiðr eru nær norðurenda. Hagar mjög vel til um innrekstur í réttina, því að hraunveggurinn heldur við á aðra hönd, þegar rekið er að dyrunum." KE í Lesb. Morgunbl. 1941 ATH Þökin voru hrunin af öllum kofunum nema afhýsinu, en þar var þakið borghlaðið úr hraungrýti og telur KE að þök hinna kofanna hafi verið eins. Ekki fann KE neina muni aðra en steinpottinn og sleif eða ausu úr hrossherðablaði. Var hún skorin til eftir þörfum og sáust hnífsförin greinilega, en annars var hið náttúrulega lag herðablaðsins notað eftir megni. Alls staðar var krökkt af beinum, og voru það langmest kindabein og hrossbein, en einnig voru bein úr gæsum, álftum og rjúpum. ÚAT, 94 Um hver byggði: Ódáðahraun II og ÚAT, 95-97 þar sem sagt er að byggingarlag tóftanna minni á handaverk Eyvindar (s. 96). Hafi Eyvindur og Halla byggt þessa kofa hefur það verið áárunum 1767x72.

KE í Lesb. Morgunbl. 1941

**NM-122c:002** heimild hlóðir
á Brúaröræfum. Ketilstaðaannáll1767: "Varða vart við útileguþjófavistir á Brúaröræfum, er menn meintu vera Eyvind og Höllu, hvar fyrir sýslumaður Pétur útnefndi af Jökuldals innbúendum 8 menn þau að uppleita um hasutið, hvað þó varða forgefins, einasta að þeir fundu eina eldstó, hvar þau um tíma sig höfðu uppihaldið. Leitinni varða ei heldur til þrautar framhaldið sökum uppáfallandi óveðurs." ATH IA IV

**NM-122c:003** bæjarstæði Dyngja býli
"Vestan við Ytr mynni og Öskjufjallgarð er háls, langur nokkuð, sem heitir Dyngjuháls. Að honum, frá mynninu, eru aðeins breiðir sandar. Vestan undir hálsinum, sunnarlega, er Dyngja, þar bjó Þorsteinn jökull í plágunni síðari ´15. öld, þar sér enn til rústa eftir bæ hans. Þar er sælukofi grafinn í hól og þar er vatnsból gott."

"Svolítil tjörn var norðan við Dyngju, og má vel vera að vatnsborð hennar hafi verið breytilegt eftir árferði og breytingum á landslagi af völdum uppblásturs." SR Byggðaleifar, 89

"Enn er það álitið, að byggð hafi verið í Arnardal, langt suður frá Möðrudal, einn bær að minnsta kosti og sér þess enn merki. Þessi bær hefir verið Dyngja, sem Þorsteinn Jökull byggði upp, að því er sagnir herma, í plágunni síðari á 5. öldinni. En örðug munu þá hafa verið byggðarskilyrði í Arnardal, því að eftir 2 er sagt, að hann hafi flutt að Netseli við Ánavatn í Jökuldalsheiðinni, og þaðan eftir 1 ár að Brú aftur." HS Þættir, 8 1887: "'Dyngja' er nú melhæð allstór innan til í [Arnar]dalnum, nú uppblásin og graslaus, en allmiklar steinaraðir standa þar enn, sem bera þess vott að fyrr hafi þar verið byggð eigi all-lítil." Austri 1887, 68. Bruun kom í Arnardal 1908 og gerði teikningu af tóftunum. ÞT birti stutta frásögn af ferð Bruuns þar sem fram kemur að Bruun hafi komið að Arnardalsvatni eftir fjögura tím reið frá Möðrudal. Á nesi í vatninu séu rústir af fornbýli og þar sé nú sæluhúskofi ætlaður leitarmönnum. ÞT Ferðabók III, 282. Bruun teiknaði aflanga tóft, allmikið niðurskipta og var hún 18x11 (álnir) - birt í SR Byggðaleifar, 88. Pálmi Hannesson skoðði staðinn 1933 og segir svo frá rústunum: "Mjög eru þær spilltar af uppblæstri og jarðrennsli, svo að varla er unnt að átta sig á húsaskipan lengur, en í blásnu barði sá ég á bein og önnur ummerki eftir byggðina. Grófum við þar til og mældum þverskurðinn. Beinin voru í 18 cm þykku lagi, og hefur þar að líkindum verið kastað úrgangi. Flest voru þau af álftum og gæsum, en allmikið kvað þó einnig að kindabeinum og hrossa. Innan um var aska og viðarkol. Nokkrar netasökkur úr beini fundum við ennfremur, en fleira ekki svo teljandi sé. Virðast því bændur þarna í Dyngju hafa bætt sér í búi með veiðiskap, líklega í Þríhyrningsvatni mest. Undir þessu lagi var efra vikurlagið hvíta, en ofan á svart öskulag, 7 cm þykkt." HH II, 52. Þar er einnig birt teikning af þessu sniði. Svarta lagið mun vera "a" gjóskan frá seinni hl. 15. aldar og efra vikurlagið hvíta mun vera Ö-1362 en hið neðra H-1158 og hefur öskuhaugur þessi því verið frá því um 1400. SR rannsakaði Fyngju 1979: "Þarna hagar svo til að dálítil hæð verður í dalnum. Virtist hún að mestu vera úr bygginga- og byggðaleifum frá ýmsum tímum. Sums staðar virtust vera steinaaðir í lítt grónum sandinum, annars staðar voru tóftabrot eða grónari rofabörð. ... Þær mannvistarleifar á Dyngju sem tölumerktar eru á teikningu (SR Byggðaleifar, 89) eru: 1. Allmyndarleg kofatóft sem Möðrudælingar hlóðu um 1944. Páll Pálsson frá Aðalbóli hefur eftir Vilhjálmi Jónsyni frá Möðrudal að þegar grafið var fyrir þeirri byggingu hafi komið í ljós tvær litlar tóftir, aðskildar af mjóum millivegg með dyrum á. Var eldstæði í annarri tóftinni, hinni stærri. Aska var í og við eldstæðið. Í hinni tóftinni fannst fornlegur lykill heimasmíðaður, sem maður nokkur tók í sín vörslu. Vilhjálmur sagði að þeir hefðu byggt kofaveggina á undirstöðum þessara húsa og það ráðið stærð hans en rifið burt milliveggin. Má af þessu sjá að ekki hafa húsin verið stór sem út voru grafin. 2. Núverandi (1979) sæluhúskofi 3. Grunnur undan eldri sæluhúskofa, skurður með börmum umhverfis grunninn [það er væntanlega þessi kofi sem Bruun sýnir norðan við tóftaþyrpinguna sem samkvæmt því er undir (1) og (2).] 4. Rofabarða þar sem gjóskulög, bein og byggðaleifar blöstu við. Þarna mátti sjá ösku, viðarkolaleifar og torfleifar í barðinu milli gjóskulaganna. Hinar elstu þessara mannvistarlaga voru undir gjóskulaginu H-1158. Einnig voru merki um mannvist fyrir ofan það lag en undir gjóskulaginu Ö-1362. Enn voru merki um mannvist þar fyrir ofan allt upp undir hið þykka gjóskulag "a", en ofar í barðinu sáust engin merki um mannaverk." Hér hefur því verið tímabundin mannaferð á ýmsum tímum fraundir 1500 en líklega ekki eftir það. HS Þættir, 8; Ö-Brú, 11; SR Byggðaleifar, 85-91

**NM-122c:004** heimild Álftadalskrókur sæluhús
"Bæði í Álftadalskrók og í [Álfta]dalnum voru leitarmannaskýli ekki stærri en eitt rúm, grafin niður og byrgt yfir með hellum."
Ö-Brú, 12

**NM-122c:005** heimild Álftadalur sæluhús
"Bæði í Álftadalskrók og í [Álfta]dalnum voru leitarmannaskýli eki stærri en eitt rúm, grafin niður og byrgt yfir með hellum."
Ö-Brú, 12

**NM-122c:006** heimild kláfferja
"Á Kringilsá [sem fellur í Jökulsá austan við Sauðafellsöldu] var eitt sinn kláfur, um 1914, var annar kaðallinn uppihangandi."
Ö-Brú, 13

**NM-122c:007** tóft
Austan við Þríhyrningsvatn undir Þríhyrningi er dálítil rúst eins og grjóthaugur á örfoka ladinu í kring.

"Ekki er þessi grjótdyngja meira en um 5-6 m í þvermál." Yfir hleðslunum var Ö-1362 en undir þeim svart gjóskulg sem talið er hafa komið úr Kötlu 1262. Undir því varða aftur vart lítilsháttar beinaleifa. "Má af þesum ummerkjum ætla að hér séu leifar af eiði- eða selkofa frá miðöldum (13. og 14. öld).
SR Byggðaleifar, 91

## Vaðbrekka NM-129

Vaðbrekka var byggt sem nýbýli úr landi Valþjófsstaða 1770 - Jökulsá er á merkjum að norðan og austan. Talið er að bærinn hafi heitið Mýri til forna. Merkin milli Vaðbrekku og Aðalbóls eru um Klettagil við Jökulsá og þaðan sjónhending um Urðarteigsfjall í Hölkná sem er á austurmerkjum

"Túnið er í halla upp frá Hrafnkelu ... Bæjarlækur fellur niður gegnum mitt túnið. Á Framtúni sem er utan við lækinn eða vestan við hann, er efsti hluti túnsins nefndur Efratún og þar neðar kallað Hólar, það er hjalli í túinu. Og er neðar dregur er þar Lágatún, sem nær niður að brekku niður við ána. Þegar kemur út fyrir lækinn er nefnt Úttún, sem er utan við lækinn, og þar neðar er Hvammur, sem svo nær alveg niður að ánni. Þar utar hét Grund, utan við Hvammana, gilið sem Bæjarlækurinn kemur eftir heitir Bæjargil."

**NM-129:001** bæjarhóll Vaðbrekkabústaður
Byggð hófst á þessum stað 1770. Pétur Guðmundsson hét sá er fyrst bygði og lagði Valþjófsstaðarprestur til viði sem að einhverju leyti höfðu verið teknir niður á Glúmsstaðaseli þar sem byggð hafði verið reynd nokkru fyrr. Menn hafa löngum ætlað að eldri byggingarminjar sé að finna á bæjarstæðinu og hefur það ýmist verið talið býlið Leikskálar sem getur í Hrafnkels sögu eða Mýri - sem er ályktun útfrá örn. Mýrarhjáleiga. Á bæjarstæðinu munu hafa fundist minjar um rauðablástur -
SR Byggðaleifar, 19, 44-45

**NM-129:002** hús Hesthússkorningur hesthús
"Næst utan við túnið er skorningur niður og heitir þar Hesthússkorningur, þar er enn [ca. 1975?] hesthús við þennan grafning."
Ö-Vaðbrekka, 1

**NM-129:003** heimild Brúaðigrafningur samgöngubót
Utar en Hesthússkorningur og nafnlaus foss í Hrafnkelu "er svo Brúaðigrafningur. Fyrir um 40 árum var brú á honum og var þá eina vegabótin, sem til var hér um slóðir."
Ö-Vaðbrekka, 1

**NM-129:004** heimild Merkistorfa landamerki
Utar en Brúaðigrafningur "er svo, frá á og upp á brún, Merkistorfa. Það eru gömul merki milli Vaðbrekku og Bakkastaðar."
Ö-Vaðbrekka, 1-2

**NM-129:005** heimild Kálfseyrarvað vað
"Ofan við brúna heitir Vaðmelur, þar var vað á Jökulsá, það mun vera Kálfseyrarvað, sem þeir á Brú tala um."
Ö-Vaðbrekka, 2

**NM-129:006** bæjarstæði Bakkastaðir býli

Innan við Kálfseyrarvað og Vaðmel eru "rústir eftir býlið Bakkastaði, þar átti að vera kirkja og geta þjóðsögur þess að hún sökk." - norðan undir Vaðbrekkuhálsi sunnan við Jökulsá, vestar og ofar með ánni en Brú Sléttað hefur verið yfir rústirnar og standa fjárhús á þeim að hluta

Hjörleifur Þórðarsson prestur á Valþjófsstað skrifar 1778: "Á nefndum Jökulsdal fyrir sunnan ána og nálægt Rafnkelsdal hefur byggður verið einn kirkjustaður að nafni Bakkastaður, hvörs rudera enn þá kunna vel að sjást, til þess staðar hafa átt kirkjusókn bæir fyrir norðan ána á Jökulsdal sem ennþá byggðir eru, nefnilega Hákonarstaðir, Eiríksstaðir og Brú, samt nokkrir þar fram af fyrir löngu eyðilagðir, hvörra nafn fjögra eður 5 menn vit enn þá að nefna; Ásamt þessum hafa bændur í Rafnkelsdal einninn átt kirkjusókn að Bakkastað, svo ské má að býlin í þeirri sókn allri hafi kunnð að finnast 20 eður því nær." pr í SR Byggðaleifar, 21. Á 19. öld eru skráðar þjóðsögur um dansinn í kirkjunni og kirkjugarðinum á Bakkastað og um að jörðin hafi gleypt dansfólkið, en presturinn komist undann við illan leik - ÞJÁ II, 10; III, 51-52. Í bréfi til SV 25.12.1890 segir Sigfús Sigfússon á Skjögrastöðum svo: "Bakkastaður á Jökuldal, norðan Vaðbrekkuháls, var forn kirkjustaður, þar sér glöggt til kirkjugarðs og jafnvel til leiðaí honum. Grindin í Eiríksstaðaskála gamla átti að vera grindin úr Bakkastaðakirkju, eftir sögn mjög fróðrar konu og háaldraðrar, Önnu Guðmundsdóttur á Aðalbóli, þar uppalin og fædd, dó um 1840, þá á níræðisaldri eða yfir það..." pr í SR Byggðaleifar, 38. Bruun getur Bakkastaða í ferð sinni 1901 og segir að þar hafi verið kirkja og leifar kirkjugarðsins sjáist en og sé hann kringlóttur og 20 'skridt' í þvermál. Skv. sigfúsi á Skjögrastöðum var garðurinn uþb 60 faðmar í ummál. "Þegar Askja gaus 1875 munu hafa verið einhverjir fjárhúskofar á Bakkastöðm. Árið 1949 var Öskjuvikur frá 1875 hreinsaður þar út úr fjárhústóft sem var sneisafull af honum og voru þá byggð þarna ný fjárhús, gamla tóftin lengd og stækkuð. Sagt var að þarna austur af [39] hefði m.a. verið sýnileg kirkjugarðsrúst, jafnvel með leiðum eða þúfum. Um 1957 vr farið með jarðýtu á kirkjugarðinn og hann brotinn til túnræktar og nú (1978) var hann ekki sjáanlegur á yfirborði jarðar. Umhverfis fjárhúsin voru víða ójöfnur á yfirborði jarðar sem bentu til þess að rústir væru undir." SR gróf skurð í túnið austan við fjárhúsin og kom þar niður á torfvegg og var H 1158 uppað honum en allþykkt var milli botns veggjarins og landnámslagsins. Sé þetta garður eða úthlið á vegg þá hefur hann ekki verið löngu byggður þegar gjóskan féll 1158 ef marka má af sniðteikningu

Ö-Vaðbrekka, 2; SR Byggðaleifar, 38-39

**NM-129:007** kuml Reykjasel legstaður

Innan við Hitahnjúk "er svo Reykjasel, beint á móti því sem Reykjaá rennur í Jökulsá að vestan." Þar hafa fundist a.m.k. 2 kuml en engar byggingaleifar sjást þar nú

. "Ath.: Nafnið Reykjasel er ekki notað á Vaðbrekku. En göngumenn úr Fljótsdal kalla staðinn Reykjasel. Þar eru nokkrar tættur og þar hafa fundist nokkrar fornminjar." Daniel Bruun gróf hér upp konukuml 1901. Hann segir að 35 fet frá árbakkanum og 15 fetum yfir vatnsfletinum hafi komið í ljós úr sandinum höfuðkúpa. Eiríkur Guðmundsson bóndi á Brú frétti af fundinum og rótaði nokkuð í kumlinu og fann nokkrar glasperlur og kúpta nælu en tyrfði síðan kumlið. Bruun rannsakaði síðan kumlið. Það reyndist snúa NV-SA með höfuðið í SA enda. Beinagrindin er af konu. 4 mismunandi vefnaðarbútar fundust í kumlinu, ullarband, kúpt næla, nokkrir ryðbútar, þ.á.m. leifar af hníf og stór járnspenna, líklega af reiðtygjum frekar en beltissylgja. Til fóta við konukumlið var hestkuml - bréf DB í SR Byggðaleifar, 30 - Árb 1903. Árið 1918 fannst um 130 metrum norðar annað kuml í rofbarði og var það karlmannsgröf. Í henni var steinasörvi, hnífur, brýni, spjótsleifar og járnhringur. Bréf um fundinn er birt í SR Byggðaleifar, 31. Talsverð leit hefur verið gerð að mannvirkjum í kringum kumlin en ekkert hefur fundist og er gert ráð fyrir að hafi þau verið einhver eins og staðarnafnið bendir til þá sé þær farnar í Jökulsá. Óvíst er þó hversu upprunalegt nafnið er en það mun gefið eftir Hrafnkels sögu

. Ö-Vaðbrekka, 2; SR Byggðaleifar, 26, 28-31

**NM-129:008** tóftir Þrándarstaðir býli

"Milli [Þrándarstaðalækja ytri- og fremri] er eyðibýlið Þrándarstaðir." - tóftirnar eru í útjaðri túns sem nýræktað var 1978, við lækjargrafning Þrándarstaðalækjar ytri, í bekkurótum vestan Hrafnkelu og skammt sunnan við Vaðbrekku tóftirnar eru þéttvaxnar vallhumli Þrándarstaða er fyrst getið á s. hl. 19. aldar. SV nefnir þá og Bruun segir að talið sé að á Þrándarstöðum hafi ekki verið búið síðan í Svartadauða, um tóftirnar þar hafi á sínum tíma flætt vatn og þær oriðið fyrir skriðum, en nú sé staðurinn að nokkru grasi vaxinn. SR gerðu uppdrátt af svæðinu og sýnir hann eina skýra tóft og fjórar aðrar óljósari í kring en segir að svo hafi virst sem fleiri tóftir gætu verið í túninu fyrir neðan þær. Skýrasta tóftin stendur fast við lækjargrafninginn og var þar grafið fram snið. Í því kom í ljós torfhleðsla og var yfir því þunnt svart gjóskulag og yfir því H 1158 og hafði jarðvegur myndast ofan á hleðslunni áður en gjóskulögin féllu. -

Ö-Vaðbrekka, 3; SR Byggðaleifar, 45/49

**NM-129:009** varða Nónvörðureyktamark

Upp af Þrándarstöðum "er Nónhlíð og neðan þeirra Nónvörður."

Ö-Vaðbrekka, 3

**NM-129:010** heimild stekkur

"Svo er þar, meðfram ánni, neðan við Ennin Nes. Þar utar er stekkur og frá honum, heim að túni, heitir svo Mýri."

Ö-Vaðbrekka, 3

**NM-129:011** gata Vegatorfa

"Þar [austan Hrafnkelu] beint á móti bæ [á Vaðbrekku] eru gamlar götur, sem skerast upp í hlíðina í mörgum sveigum, þar heitir Vegatorfa."

Ö-Vaðbrekka, 3

**NM-129:012** örnefni Gerðishöfði

"Gerðishöfði er inn við ósinn á Hrafnkelu og neðan hans, með ánni, er Gerðishöfðagrund." Á þessum stað heitir Teigur, austan við Hrafnkelu meðfram Jökulsá. "... þarna er góður búfjárhagi og grösugt.'

Allt frá því um miðja 19. öld hafa menn talið að býli hafi verið á þessum stað. SV taldi að það væri bærinn Leikskálar sem um getur í Hrafnkelu sem þarna hefði staðið en segir þó að þar sjáist engar rústir. Bæjarnafnið Gerðishöfði eða Höfði kemur einnig fyrir. SR rannsakaði staðinn 1980 og fann engar tóftir utan litlar heytóftir í Teignum, en ekki í Gerðishöfðanum sjálfum. Heytóftirnar eru um 8 m á hvern veg og eru frá þessari öld. -

Ö-Vaðbrekka, 4; SR Byggðaleifar, 39-40

**NM-129:013** varða Hádegisvarða eyktamark

"Upp af Dýjatanga heitir Hádegisöxl og á henni er Hádegisvarða, sem ber við himin frá bæ séð..."

Ö-Vaðbrekka, 4

**NM-129:014** örnefni Langavað vað

Niðurundan Hádegisöxl er við Hrafnkelu Langavaðstangi "og þar hlýtur Langavað að vera á ánni (það er ekki sértakt örnefni nú)"

Ö-Vaðbrekka, 4

**NM-129:015** tóftir Þóisstaðir beitarhús

Innan við Langavaðstanga á Hrafnkelsdal, austan ár eru "Þórisstaðir, þar eru beitarhús og þar hefur verið býli, sem þyrfti að athuga nánar. Þar innan við er Þórisstaðagrund, nú tún."

Þórisstaða er fyrst getið í jarðasölubréfi á skinni frá 1674 en þar er selför á Þórisstöðum talin meðal ítaka Víðivalla ytri á

Fljótsdal. Bréfið ehfur seinna verið skafið og 'selför' breytt í 'selland'. Á þessu var síðan reyst krafa Víðivalla til landa í Hrfnkelsdal eftir að hann byggðist og úrskurðaði Páll Melsteð sýslumaður í því máli 23.98.1823. Riðu skoðunarmennirnir "... á Þórisstaðaland, og aðgættu það vandlega; En þá þeir höfðu gaumgæfilega yfirlitið, erklærðu þeir allir saman í einu hljóði: að nefndir Þórisstaðir væru aldeilis óbygilegir, bæði vegna þess að land það er þeim ánafnast skyldi, (og sem hinar jarðirnar þar að auki ómögulega mættu missa) væri í sjálfu sér of lítið, og svoddan áföllum af skriðuhlaupum og uppblæstru undirorpið, að þess núverandi litli grasvegur á fáum árum mundi verða afmáður; engjatak væri þar svo að segja ekkert, og vetrarbeit næsta lítil, og loksins er túnstæðið undirkastað svoddan áföllum af leirspýjum, að örvænt er um, að það nokkurn tíma tæki töluverðir rækt." pr í SR Byggðaleifar, 21. SV getur Þórisstaða 1890 og Bruun rannsakaði staðinn 1901 og lýsir honum svo (í þýð SR): "Á Þórisstöðum ... sjást enn 6-7 húsatóftir, þar á meðal ein fremur stór (12 x 6) skref, en á tveimur stöðum, þar sem talið er að svipaðar tóftir hafi verið, hafa nú verið gerð fjárhús frá Vaðbrekku. Sagt er að bærinn hafi lagst í eyði í Svartadauða, en eftir það á hann að hafa verið byggður að nýju en síðan enn lagst í eyði. Á þessum stað vex svolítið birki og þó nokkuð af víði en lauf hans og kvistir eru slegin sem hey til vetrarfóðurs fyrir sauðféð." Þá er í vasabók Bruuns óglögg skissa af tóftunum. Sigurður Þórarinsson athugaði gjóskulög í jarðvegssniðum á Þórisstöðum 1962 en þá var verið að steypa þar upp fjárhús og var komið niður á mannvistarleifar er grafið var fyrir grunninum. SÞ teiknaði snið sem víða hefur birst sem sýnir gjóskulagastabba ofan á kindabeinum sem hann taldi vart geta verið yngri en 900. Þegar SR rannsakaði staðinn 1978 og 1980 sáust þar leifar a.m.k. 4 tófta auk unglegrar fjárhústóftar og einnig allmikil garðlög. Hann bv að eitthvað af görðum muni hafa farið undir tún auk þess sem jafnað hafi verið úr einhverjum rústum við byggingu fjárhúsanna. Prufuholur voru grafnar í garðana á nokkrum stöðum að því er virðist og var H 1158 allsstðar samfellt ofan á þeim.

Ö-Vaðbrekka, 4; SR Byggðaleifar, 20-21, 49-51

**NM-129:016** heimild Nýibær

"Móts við Þórisstaði, norðan við Hrafnkelu, er melhóll kallaður Nýibær. Þar var lengi blásin jarðvegstorfa eins og hús í lögun, og þar af var nafnið dregið. Nú er torfa þessi horfin, blásin burt."

Ö-Vaðbrekka, 7

**NM-129:017** hús Grýta fjárhús

"Fjárhús á túninu hétu Grýta. Það hús er til enn."

Ö-Vaðbrekka, 7

**NM-129:018** heimild Neðrahús fjárhús

"Svo hét Neðrahús neðan vegar, nú horfið ..."

Ö-Vaðbrekka, 7

**NM-129:019** heimild Stórhús fjárhús

"... næsta fjárhús, utan við bæ, var kallað Stórhús."

Ö-Vaðbrekka, 7

**NM-129:020** gripir (Skænudalur)

Sverðið Þjms. 7758 fannst í Hrafnkelsdal 1897 og er helst talið að það hafi verið í Skænudal

Víkingaaldarsverð þetta var selt úr landi um aldamótin 1900 en 1971 afhentu Svíar það Þjóðminjasafninu til varðaveislu. Jón H. Aðalsteinsson hefur rakið sagnir um dunfinn og telur helst að hann hafi verið í Skænudal sem er dalverpi vestaná Hrafnkelsdal sunnan við Vaðbrekku. Skænudalur er allur mjög blásinn og bendir SR á að ólíklegt sé að sverðið hafi týnst þar heldur sé það komið úr kumli -

SR Byggðaleifar, 28; ÞM Árb 1971; Jón H. Aðalsteinsson Árb 1981

**NM-129:021** heimild Múli býli

Meint bæjarstæði vestan Hrafnkelu undir Vaðbrekkuhálsi, uþb 2 km norðan við Vaðbrekku. Á þessum stað er hitalind og græn tó í kringum hana en allt blásið í kring

Á þessum stað er talið að bærinn Múli hafi staðið en lítið er vitað um uppruna þeirra sagna. SR fann þar ekkert nema eina steinaröð við hitalindina er hann skoðaði staðinn 1978 og telur alls óvíst að þarna hafi verið byggð -

SR Byggðaleifar, 40

**NM-129:022** öskuhaugur Múlakot

Múlakot er ofan við Melhóla í Hrafnkelsdal, um 1,5 km N við Vaðbrekku, V við Hrafnkelu undir Vaðbrekkuháslinum, rétt vestan við akveginn. beinaleifar og viðarkola sem liggja lausar á sandi og í barði þar hjá

ÞT og SV geta um Múlakot en lýsa ekki neinum minjum. Bruun segir að þar hafi verið tóftir sem nú (1901) séu orðnar mjög úrsérgengnar. Leifar húsdýrabeina höfðu komið í ljós er símalína var lögð þarna og vegur. Er SR skoðaði staðin lágu hvít og skinin bein þar á yfirborði. Er rótað var í barðinu kom meira af beinum í ljós auk viðarkolamola og voru þau ofan við svart gjóskulag sem þó var ekki greint. SR telur að beinin séu líklega úr öskuhaug og að þarna hafi mannabústaður verið einhverntíma en að óvíst sé um aldur þessara leifa. -

SR Byggðaleifar, 40-41

**NM-129:023** 3 tóftir Skál

Skál eða Vaðbrekkuskál er austan við Skálarlæk sem rennur að vestan í Hölkná. Það er suðaustan Háurðar gegnt Vaðbrekku. Þar á gilbrúninni eru 3 tóftir í röðStefán Aðalsteinsson fann tóftirnar 1981.

Rústirnar standa á háum rofbakka við Skálarlæk og hefur hann að nokkru brotið þær ofaní sig. Eru nú aðeins eftir endar af húsum uppi á bakkanum en í rofinu lágu steinaundirstöður veggja húsanna og stungust útút börðunum. Snið var skafið í rofinu við syðri enda tóftaraðarinnar. Þar var H 1158 í torfi en Kötlulag frá 13. öld og Ö 1362 ofaná. Í öðru sniði við norðurenda tóftaraðarinnar var H 1158 hinsvegar jafnfallið ofan á byggingaleifunum. "Hér hefur því verið mannabyggð á 11. og 12. öld og jafnvel fyrr, en eftir þann tíma virðist ekki byggt eða búið á þessum stað."

SR Byggðaleifar, 42

**NM-129:024** heimild Mýrarhjáleiga

"...inn með Vesturfjallinu, inn frá Vaðbrekku heitir Mýrarhjáleiga, að líkindum byggð úr Vaðbrekkulandi."

SR telur að ætla megi að þarna hafi sést til rústa í eina tíð, og er helst að sjá að staðurinn (sem er óljóst afmarkaður) hafi verið sléttaður undir tún

HS í Múlaþingi 5, 177; SR Byggðaleifar,44

**NM-129:025** 2 tóftir + garður

Rústir í Vaðbrekkutúni, þar sem kallað er Lágatún, sunnan við bæjarlækinn, beint fyrir neðan gamla íbúðarhúsið. Ein tóftin nær fram á rofabarð við bæjarlækin

SR gerði uppdrátt af þessum minjum 1978 en lýsir þeim ekki. Um er að ræða 2 tóftir litlar og bogadreginn garð eða horn af garði á milli þeirra. Rofabarðið sem önnur rústin nær fram á var skafið fram og kom þar í ljós að H 1158 var jafnfallið yfir rústinni og annað gjóskulag einnig (þunnt svart) þannig að hér er um mjög fornar byggingu að ræða

SR Byggðaleifar, 45

**NM-129:026** tóft við Fremstaenni

Uppblásin rúst uþb 50 metra ofan við akveginn milli Vaðbrekku og Aðalbóls, neðan við mynni Skænudals nokkru sunnan við Þrándarstaði.

SR lýsir rústinni svo að hún hafi 1978 verið blásin, ferhyrnd, að innnamáli 4 x 10 metrar og legið N-S. Eftir voru 2 samhliða steinaraðir sem sýndu undirstöður veggja og þykkt þeirra neðst. Allt annað tilheyrandi þessum byggingum virtist blásið burt og verða þær því ekki tímasettar eða hlutverk þeirra ákvarðaað en þeirra er ekki getið í neinum heimildum. Ekki virðist hafa verið reynt að teikna minjarnar.

SR Byggðaleifar, 49

**NM-129:027** hleðsla Grænibali óþekkt

Grænibali eða Grænhóll ofan við Grænabala uppi í hlíðinni vestan Hrafnkelu og sunnar en Þórisstaðir

SR lýsir þessum minjum sem Lítilfjörlegum blásnum grjótröðum sem greinilega séu mannaverk og líklega leifar af byggonum. "Var hleðslugrjótið raunar víðast mjög fært úr stað og óreglulegt." Halldór Stefánsson getur þessa staðar sem eyðibýlis en minjarnar voru örfoka er þær voru rannsakaðar og því ógerningur að átta sig á aldri þeirra eða hlutverki -

SR Byggðaleifar, 51

## Aðalból NM-130

Aðalból var byggt úr landareign Valþjófsstaðakirkju 1775 - SR Byggðaleifar, 19-20

**NM-130:001** bæjarstæði bústaður

Byggð hófst á þessum stað 1775 og hétur þeir Guðmundur Þorvarðasson og Andrés Erlendsson sem hér reistu bú. Valþjófsstaðaprestur lagði þeim til viði bæði að heiman og frá Glúmsstaðaseli þar sem byggð hafði verið reynd nokkru fyrr. Nýtt íbúðarhús var byggt á Aðalbóli 1958 og komu í ljós í grunni þess allmiklar beinaleifar sem sendar voru Þjms (18/2 1960). Þar kom líka í ljós mikið af grjótveggjaleifum og stendur annar gangveggurinn í húsinu að mestu á fornum vegg.

SR Byggðaleifar, 53-55

**NM-130:002** 2 tóftir Friðlýstar minjar.

Friðl. sem: "Forn tóft, sem er góðan kipp utar en Faxahamar, á fögrum bala milli djúpra jarðfalla, um 80 m frá Hlíðinni" Sunnan við Faxahús er nýræktarspilda og rétt sunnan við girðinguna eru rústir á bökkum tveggja algróinna lækjarfarvega, sem greina að Faxahússpilduna og sokallaða Vaðlamýri eða Valamýri sem er innar.

Kaalund kom hér 1873 en lýsir aðeins Faxagili enda taldi hann að 'goðahúsið' væri mun nær bænum á Aðalbóli. SV kom hér 1890: "Síðan fór eg inn að Faxahamri, sem heitir svo enn í dag; hann er 3/4 mílu inn frá Aðalbóli, sama megin. Þar er gljúfragil mikið við ána, er gengr fram úr hlíðinni, og myndar innri brún þess hamarinn, enn grjót hefir hrunið úr honum, og hefir við það myndazt nokkur jarðvegur milli steinanna, og þessi hækkun hefir smám saman hrundið ánni svo sem 10 faðma frá hamrinum, enda eru þar vatnsrásir, sem líka hafa stutt að þessum framburði. - Á þessum eina stað sá eg að vóru missmíði á sögunni, og eru þau að kenna síðari tíma afriturum, og má finna slík dæmi í mörgum sögum. Í sögunni stendr: "Þeir leiða nú hestinn ofan eftir vellinum; einn hamarr stendr niðr við ána, enn fyrir neðan hylr djúpr" (1)(Þar niðr við ána er að réttu lagin enginn "hamarr"...) Hér ætti að standa: "Þeir leiða nú hestinn upp eftir vellinum, ok upp í dalinn", o.s.frv. Þessi síðustu orð hafa fallið burtu, og "ofan" verið ritað í staðinn fyrir "upp". Að þetta hafi verið þannig, sannar það sem sagt er um "goðahús" Hrafnkels rétt á eftir: "Heitir þar síðan Freyfaxahamarr. Þar ofan frá standa goðahús þau, er Hrafnkell hafði átt". Nú stendur þetta alveg heima. Goðahúsið fann eg á sama stað sem hér segir. Það er góðum kipp heimar (þ.e. ofan frá hamrinum), enn 80 faðma frá hlíðinni, á fögrum bala milli djúpra jarðfalla, sem eru grasi vaxin. Tóftin er um 40 fet á lengd, með afhúsi og millivegg, snýr frá austri til vestrs. Þetta mannvirki er orðið mjög óglögt, enn sést þó." SV 1893,38.

Tveir Þjóðverjar munu hafa verið þarna á ferð um 1930 og grófu þeir holu í tóftina og töldu sig finna þar brunaleifar. Þá gerð Jón H. Aðalsteinsson könnun á tóftinni 1963 og fann brunaleifar um 80 sm neðan við gjóskulagið Ö-1362. Rannsókn Jón var öðrum þræði amk gerð til að andmæla þeirri skoðun Jóns Jóhannessonar að tóftin væri beitarhúsatóft.

SR rannsakaði enn staðinn 1978 og gerði af honum uppdrátt og sýnir hann þar 2 tóftir og er sú stærri jafnan talin vera 'goðahúsið'. Í henni sjást holur eftir fyrri kannanir. SR athugaði rofabarð utan við (stærri) tóftina og sást þar að H 1158 var yfir henni allri. Einnig gróf hann mjóa holu innan í tóftinni og sást þar H 1158 einnig og töluvert undir því kolaborin gólfskán. SR telur því ljóst að hér séu um fornan mannabústað að ræða.

Í sambandi við rannsókn á hofminjum á Íslandi 1991-92 komu AF og OV hér 1992: "Við héldum fótgangandi inn dalinn að þeirri tóft sem Sigurður Vigfússon telur hafa verið blóthús. Þetta var um 55 mín. gangur á móti vindi. Rústin liggur skammt sunnan við Faxahús. Hún hefur flata veggi, en stendur á upphækkun eða er upphlaðið veggjarefni. Holur sjást í tóftina eftir fornleifagrafara. Tóftin snýr nánast í austur-vestur. Austasta holan er jafnframt stærst og svo virðist sem torfhnausum hafi verið stungið þar niður til að hylja hana að nýju eftir uppgröft. Við teiknuðum rústina í 1:50 og tókum myndir og hnit." Dagb. AF 1992

Árb 1893, 38-42; Ö-Aðalból, 3; SR Byggðaleifar, 57-61

**NM-130:003** dys Hrafnkelshaugur legstaður Friðlýstar minjar.

Friðl. sem: "Fornar haugsleifar, 70-80 föðmum fyrir utan bæinn." "Rétt utan við [Bæjarlækinn] er Hrafnkelshaugur. Í hann var grafið eitt sinn og fundust þar nokkrar minjar."

Skv sóknarlýsingu frá 1841 er Hrafnkelshaugur hjá Aðalbóli en ekki voru menn þó vissir hvar hann var - SSM; Kaalund kom hér 1873 og segir að bent sé á Hrafnkelshaug á malarhæð úti á dalnum og má vera að það sé annar staður því hann getur líka um grænan, þýfðan hól norðan við bæinn þar sem talið sé að goðahúsið hafi staðið. SV gróf í 'haug' þennan sem er í túninu á Aðalbóli um 80 faðma frá bænum og lítur nú út sem illa hringlaga hvilft. "þetta var mjög lágt og niðr sokkið, um 20-21 fet í þvermál, grasrótarlaust að ofan og flatt, svo að út leit fyrir, að hér hefði eitthvað verið hreyft við, enn barmarnir vóru vandlega vallgrónir umhverfis og glöggvir." Hann fann þarna bein manns og konu og yfir beinunum voru fúnar viðarleifar. SV var í engum vafa að karlmannsbeinin væru bein Hrafnkels Freysgoða og bæði MÞ og KE virðast ekki hafa efast um að þetta væri heiðið kuml. SR bendir á að ekkert haugfé kom í ljós með beinum þessum og virðist SV þó hafa rótað allvel í haugnum. Þar sem engin tímasetning er til fyrir legstað þenna verður að gera ráð fyrir þeim möguleika að hann geti verið úr kristni. Skv. SR er haugurinn 2-300 m NNA af Aðalbóli og sáust merki skurðgraftar SV enn 1978. "Nú er þar grasi gróin lág hæð um 6 metrar í þvermál, nærri hringlaga, en gróf niður í miðjan kollinn, gróin."

Árb 1893, 38-42; Ö-Aðalból, 1; SR Byggðaleifar, 26-28; 53-55

**NM-130:004** tóft Útibúr Hrafnkels Friðlýstar minjar.

í túninu fyrir ofan bæinn. Kaalund kom hér 1873 og lýsir tóftinni fyrstur manna: "Bak við bæinn í túninu, utan við nyrsta húsgaflinn, er ferhyrnd djúp tóft, hér hefur "nægtabúr" Hrafnkels staðið (20-30 álnir frá bænum." SV segir: "Fyrir ofan bæinn á Aðalbóli, í túninu, er tóft, ákaflega fornleg, útflött og niðrsokkin, sem enn í dag ber nafnið útibúr Hrafnkels goða. Tóftin snýr upp og ofan, og er á lengd um 44-45 fet, enn á breidd um 29-30 fet. Hún er mjög niðrgrafin í miðju; þó sést greinilega fyrir nyrðra hliðarvegg og syðra kampinum." Árb 1893, 38-40. SR lýsir þessum minjum svo: "Bakvið nýja bæjarhúsið á Aðalbóli er enn hið svokallaða "útibúr Hrafnkels". Þetta er mikil tóft, um 6x14 m að innanmáli, og snýr ... upp og ofan eftir hlíðinni. Virðast dyr hafa snúið í austur og verið á gaflinum sem veit að núverandi

bæjarhúsi." 2 litlar holur voru grafnar í tóftina, önnur í hana miðja en hin í norðurvegg. Ö 1362 liggur jafnfallið yfir tóftinni og H 1158 hafði Sigurður Þórarinsson séð slitrótt undir hleðslunum er hann gróf þarna 1958 en ekki fundust ótvíræð merki um það er SR gróf. Engin eiginleg gólfskán virtist vera í tóftinni en mikið efni í veggjahleðslum og þurfti að grafa 1,4 m djúpt frá yfirborði áður en komið var niðurfyrir hleðslur. SR segir "Ekkert skal fullyrt um hlutverk þessarar gömlu byggingar, sem virðist helst vera frá 13. öld, en frekari rannsóknir mundu leiða í ljós hvort þetta eru leifar af "útibúri", mannabústað, útihúsi fyrir skepnur eða hreinlega rétt eða áheldi heima við bæ."

Árb 1893, 38-42; SR Byggðaleifar, 54

**NM-130:005** hleðsla Friðlýstar minjar.

Forn bæjarveggur, er sjest að húsabaki, rjett fyrir ofan efstu hús bæjarins

SV segir: "Rétt fyrir ofan efsta hús bæjarins sést móta fyrir eins og hliðvegg á húsi, það er að segja, þetta stendur út undan bænum, enn ofan á hitt hefir verið byggt; þetta er ákaflega niðr sokkið, enn þó nokkurn veginn glöggt. Lítur út fyrir, að hér sé undirstöðuveggurinn af skála Hrafnkels, og er full ástæða til að ætla svo, því að þetta stendr mæta vel heima við orð sögunnar. Frá kampinum á útibúrinu og á þennan vegg er 21-22 fet; stendr þá bærinn núna litlu neðar en í fornöld, þannig að efsta húsið stendr inni á miðjum skála Hrafnkels." Ekki minnist SR á þessar leifar né aðrir og er helst að ætla veggjabrot þetta hafi lent undir byggingum.

Árb 1893, 38-42

**NM-130:006** tóftir Sámsstaðirbýli Friðlýstar minjar

Rústir hins forna eyðibýlis Sámsstaða, í Glúmsstaðadal, norðaustan við ána. Þetta er sami minjastaður og Glúmsstaðasel á Vesturöræfum og er Sámsstaðanafnið tilbúningur undir áhrifum frá Hrafnkels sögu

Bruun 1928, 172-73.

**NM-130:007** tóftir Friðlýstar minjar.

Tættur, skammt utan við svokallaða Faxamýri í Hrafnkelsdal og góðan spöl innan við Faxagil. Um 300 m S við Faxagil, vestanmeginn í Hrafnkelsdal, er greinileg aflöng rúst frammi á háum grafningsbakka

DB taldi þetta vera sömu rúst og SV hafði grafið í og gerði hann uppdrátt af henni. Taldi Bruun að hina langa og mjóa lögun tóftarinnar benti til að hún væri af fjárhúsi. "...den er her af S.Vigfússon ... antagne og udpegede hovtomt er næppe andet end en faarestald (jfr. D.Bruun:Ved Vatnajökuls Nordrand, i Geogr.tidsskr. XVI s 160, hvor en grundplan findes)." (DBFJ 1909,314). SR gerði hér rannsókn 1978 og 79 og gerði uppdrátt af rústasvæðinu. Þar er efst og norðvestast tóft sú er Bruun teiknaði og sýnir SR hana sem þrískipta. Hún stendur út í háan grafningsbakka þar sem lækur hefur grafið sig niður. Í holu sem tekin var innan tóftarinnar kom í ljós að saman við Ö-1362 voru beina- og kolaleifar og hefur því verið mannaferð á þessum staði á seinni hl. 14. aldar. Í grafningsbakkanum sást einnig eldra byggingarstig: torf og grjót og þykkt kolaborið gólflag undir 1-2 sm þykku lagi af hreyfðri mold en yfir henni var H-1158 (Sniðteikning s. 64). Viðarkolsbútur ver tekin úr gólflagi þessu til geislakolsaldursgreiningar og var niðurstaðan (U-4328) 1030+/-65 sem þýðir að tréð sem kolamolinn er úr óx á árabilinu 855-985 en það er óleiðréttur aldur. Neðan við tóftaþyrpingu þessa voru á tveimur stöðum þústir eða bungur vaxnar lyngi eða fjalldrapa og 50 m neðan við hana voru leifar af um 50 m löngum bogadregnum garði sem huganlega hefur verið lengri. Garður þessi lá fram á sama grafningsbakkann og mátti þar sjá að H-1158 var jafnfallið yfir garðhleðslunni (Sniðteikning s. 65). SR kemst að þeirri niðurtöðu að á þessum stað hafi verið byggð á 10. öld sem hafi lagst af á 11. öld og að aftur hafi verið hér byggð á 14. öld. - SR Byggðaleifar, 61-66. Ekki er augljóst afhverju SR telur að um byggð á 10. öld hljóti að vera. Garðurinn virðist byggður skömmu eftir að landnámslagið féll en veggurinn sem sást í grafningsbakkanum undir tóftaþyrpingunni er að því best verður séð af sniðteikningunni byggður allnokkru eftir að landnámslagið féll og raunar eftir að grænleit gjóska féll en tæplega 0 sm eru milli þessara tveggja gjóskulaga. H-1158 virðist síðan vera nokkuð þétt ofan á þessum vegg. Vitaskuld er engin sönnun fyrir því að byggð hafi lagst hér af fyrir 1158 þó að sú gjóska hafi lagst yfir tvo veggi á staðnum.

SR Byggðaleifar, 61-66

**NM-130:008** tóftir Laugarhús býli Friðlýstar minjar.

Utan við Lund, austanmegin á Hrafnkelsdal, sunnar en á móts við Aðalból, eru "Laugarhús ... bæjarrústir, þar er laug, um tætturnar rennur Laugarhúsalækur, sem kemur upp í Laugarhúsaslakka, sem er upp af rústunum." Hofteigssókn 1873 "Skógarnir eru hér alveg eyðilagðir, en allt fram á þessa öld fékkst í þeim til þéttreftis og kolagjörðar, svo sem ... í Laugarhúsaskógi í Hrafnkelsdal ... þess skal getið að Laugarhúaskógur var rauðavíðisskógur." SSM pr. í SR Byggðaleifar, 57

Skv máldaga Valþjófsstaðakirkju í Vilchinsbók (1397) átti hún "selland at laugarhusum." DI IV, 209-12. (sbr seinni máld). 1872 segir Sigurður Gunnarsson að Laugarhús séu "fornt eyðibýli, skammt fyrir innan Aðalból undir austrhlíð. Þar sér enn húsatóptir, og túngarðsmenjar." StSÍ II, 454. Þegar Kaalund kom þar 1873 var "dalbotninn þéttvaxinn víðikjarri; handan við ána (austan við) við rætur heiðarhlíðarinnar [er] fjöldi húsatófta, enn kallaðar "Laugarhús", lítill lækur rennur þar hjá og strax hinum meginn við hann er laug með volgu vatni ..." Laugarhúsa er einnig getið í sóknalýsingu frá 1874- SSM. Bruun gerði uppdrátt af rústunum er hann kom þar 1901 og taldi hann að hluti þeirra væru eftir fornbýli en aðrar tóftir væru eftir selið frá Valþjófsstað. SR gerði einnig uppdrátt 1980 og ber þeim sæmilega saman - SR hefur heldur fleiri tóftir en Bruun hefur túngarð umfram. Mestu "mannvistarleifarnar á Laugarhúum eru í allmikilli rústabungu. Hún er grasi gróin, um 20 m á hvern veg, þýfða ða ofan og virðist sums staðar móta fyrir veggjabrotum." Borað var í rústabungu þessa á nokkrum stöðum og virtist gjóskulagið "a" frá seinni hluta 15. aldar liggja yfir honum öllum. Á einum stað voru lítilsháttar beinaleifar undir því en þar fyrir neðan var Ö-1362 heilt og virtist sú gjóska hafa lagst yfir hólinn amk að hluta. Dýpra í kjörnunum kom í ljós viðarkolagólfskán undir H 1158 sem SR sýndist einnig liggja samfellt að nokkru yfir hólnum. Niðurstaða hans er sú að byggt hafi verið á hól þessum á ýmsum tímum á miðöldum. Neðan við nyrstu tóftina (nr. 6 hjá Bruun) er garðspotti sem Bruun sýnir sem alllangan túngarð en SR aðeins sem um 15 m bút. Borað var í hann og kom þar í ljós að Ö-1362 var þar í hleðslutorfi en "a" lagið yfir garðinum og má af því ætla að veggurinn sé frá því öðruhvorumegin við 1400. Við sjálfa laugina sem er vestan við aðal-rústasvæðið og skilur lækjarfarvegur þar á milli er um 18 m löng röð af tóftum sem Bruun teiknaði ekki. Ofaná þeim var "a" lagið frá seinni hluta 15. aldar en undir þeim Ö 1362 óhreyft og mun þær því einnig vera frá þbí um 1400.

Ö-Aðalból, 4; Kaalund, 218-19; Árb 1893, 37; Bruun 1928, 173

**NM-130:009** tóftir Tobbhóll Friðlýstar minjar.

Utan við Stekkjarbala, austanmegin á Hrafnkelsdal, "er Tobbhólsmýri. Þar utan við mýrina er Tobbhóll, þar hjá er Tobbhólslækur (eða -lind)." Nokkru sunnar en á móts við Hústóft. Tobbhóll er lág bunga eða hóll um 20 m í þvermál

"Tobbhóll er nú oft nefndur Topphóll í dagl. tali. Þar stóð bærinn Hóll sem getið er í Hrafnkelssögu, bær Þorbjarnar föður Einars er Hrafnkell vá." Ö-Aðalból, 6. Hóls og Tobbhóls er víða getið í ritum um býli og eyðibýli í Hrafnkelsdal og er ekki alltaf ljóst hvort um einn og sama staðinn er ávallt að ræða. Olavius getur um Hól sem eyðibýli í Hrafnkelsdal (OO II, 130); Kaalund segir að á Tobbhól séu rústir og að þar hafi bærinn Hóll sem getið er í Hrafnkelssögu staðið. SV nefnir hinsvegar Þorbjarnarhól og Bruun segir (í þýðingu SR): "Tobbhóll (þ.e.Þorbjarnarhóll) ... [er] augljóslega sá Hóll sem Þorbjörn bjó á. Tóftirnar sem þar eru, eru nú gjörspilltar af vatni." SR rannsakaði Tobbhól 1978 og sáust þá engin greinileg mannaverk á yfirborði. Grafnar voru þröngar holur ofan í tvær bungur sem sáust á yfirborði. Í annarri var komið niður á hrafnsvarta viðarkolagólfskán undir óhreyfðu gjóskulaginu H 1158 en í henni var Ö 1362 í hlesðlu en yfir henni lagið 'a' sem talið er komið af Kverkfjallasvæðinu seint á 15. öld. Á þessum stað hefur því verið byggt annarsvegar fyrir 1158 og hinsvegar öðruhvorumegin við 1400. SR telur að ástæað þess að engar ójöfnur sjást þarna á yfirborði getið verið að mikil auskriða hafi

fallið úr fjallinu og hulið bunguna að nokkru.-
Ö-Aðalból, 4, 6; Kaalund, 218-19; Árb 1893, 37; Bruun 1928, 173; SR Byggðaleifar, 51-53

**NM-130:010** þjóðsaga Faxagil huldufólksbústaður
Huldukonan Gullveig eða Gullvör bjó í Faxagili í Hrafnkelsdal. Hún átti vingott við Fríska-Jón á Vaðbrekku og hjálpuðu þau hvort öðru á ýmsa lund
ÞSS III, 50-52; IX, 177

**NM-130:011** heimild Hústóft beitarhús
"Sandur er yzt á Langanesi, nú örfoka land. Hér meðfram ánni er svo Hústóft, beitarhús; þar utar og þar í kring er nefnt Hústóftarfjall. Þar utar, út við merki, er svo Hústóftarmelur fremri og ... ytri." vestan Hrafnkelu. Á þessum stað var fjárhús úr torfi og grjóti 1978-80 Halldór Stefánsson kallar þenna stað Húsatóftir og Húsastaði í ritgerðum sínum um eyðibýli. Þegar SR rannakaði staðinn voru engar rústir sjáanlegar. Hinsvegar höfðu komið fram mannvistarleifar er dyttað var að fjárhúsunum og sést inni í húsunum að þau hafa verið byggð á tóft sem hefur verið orðin að rúst 1158 því að H 1158 og Ö 1362 sjást þar yfir hleðsluleifum og hreyfðum moldum með beinaleifum.
Ö-Aðalból, 1-2; SR Byggðaleifar, 51

**NM-130:012** örnefni Mylla mylla
"Utan við Mjósund heitir Mylla og þar við er Myllulækur og fjallið upp af Myllufjall." Þar var kornmylla - önnur var við Sláttugil. "Sunnan við Aðalból vestan ár eru tvær myllutóftir, önnur milli Aðlbóls og Laugarhúsa, hin nálægt Faxahúsum."
Ö-Aðalból, 3, 6 - SR Byggðaleifar, 55

**NM-130:013** tóftir Blesatangi
"Á móti Faxagili er við ána tangi, sem heitir Blesatangi. Þar eru fornar tættur; ekki er vitað hvaða býli hefur verið þar." Einnig kallaður Blesutangi, Bleikstangi eða Bleiksmýrartangi og er bugur eða nes sem verður í Hrafnkelsdal austan Hrafnkelu þar sem hún hlykkjast til vesturs í átt að Faxagili. Þetta landssvæði er þéttvaxið háum víði og fjalldrapa

Halldór Stefánnson (Austurland II, 157) getur þesara minja fyrstur manna og taldi að þær væru af eyðibýli sem nafnið væri gleymt á. SR Rannsakaði minjarnr 1978 og 79 o gerði af þeim uppdrátt. Um er að ræða tóft af ílöngu húsi, sem er að innanmáli 8,5 x 2 m og eru dyr til norðurs á langhlið en tóftin snýr A-V. Hæð veggja að utan er allt að 1 m en innan tóftar mest 0,8 m. Grafin var hola innan í tóftinni og kom þar í ljós 4 sm þykkt kolaborið gólflag undir H 1158 jafnföllnu. Ö-1362 er hinsvegar hreyft þar yfir og er þetta að skilja svo að tóftin sem nú sést á yfirborði hafi verið byggð á eldri byggingaleifum. Í NV af tóftinni lá garður í boga og sáust af honuum 50-60 m. Þar reyndurs bæði Ö-1362 og H-1158 vera yfir hleðslunni. Allt svæðið er á kafi í skógi og vour víðitrén sumstaðar yfir 2. m há.
Ö-Aðalból, 3-4; SR Byggðaleifar, 61

**NM-130:014** gata Aðalbólsvegur leið
"Á brúninni upp af Háholtatanganum [austanmegin á Hrafnkelsdal] heitir Hádegisklettur ... Svo eru götur þar þvert yfir, sem heita Aðalbólsvegur, heldur utan við bæ. Leið þessi er frá Kleif í Fljótsdal."
Ö-Aðalból, 4

**NM-130:015** heimild Fljótsdælingavað vað
Þar [á Aðalbólsvegi] er nefnt Fljótsdælingavað á Hrafnkelu. Svo er þar utar Vaðhólmi í ánni og Vað þar hjá, notað meðan ekki var bílvegur, reiðvegurinn var austan árinnar."
Ö-Aðalból, 4

**NM-130:016** heimild Vaðhólmi vað
"Þar [á Aðalbólsvegi] er nefnt Fljótsdælingavað á Hrafnkelu. Svo er þar utar Vaðhólmi í ánni og Vað þar hjá, notað meðan ekki var bílvegur, reiðvegurinn var austan árinnar."
Ö-Aðalból, 4

**NM-130:017** heimild Stekkjarbali stekkur
"Þá er það [undir Hádegiskletti austanmegin á Hrafnkelsdal] stekkur á Stekkjarbala ..."
SR getur þess að sunnan við Tobbhólsmýri sé stekkjarrúst frá síðustu öld - SR Byggðaleifar, 51 - og er mögulegt að um sömu min sé að ræða.
Ö-Aðalból, 4

**NM-130:018** heimild mylla
"Utan við Vaðlamýrar er gilkora sem heitir Sláttugil. Þarna var kornmylla ..."- "Sunnan við Aðalból vestan ár eru tvær myllutóftir, önnur milli Aðlbóls og Laugarhúsa, hin nálægt Faxahúsum." - SR Byggðaleifar, 55
Ö-Aðalból, 6

**NM-130:019** heimild smiðja
Norðan við bæinn, vestan við vegg sem bættur var 1970 varða til opið flag og fundust þar mannvistarleifar (gjall og leifar eftir rauðablástur) um 30 m (segul) N af nyrsta horni fjárhúshlöðunnar við gilskorninginn. 8 m norðar sást viðarkolagólflag í moldarsári Í kolagólfskáninni varða vart við lítilsháttar járngjall. Ofan á gólflaginu var lag af hreyfðum moldum 20-30 sm þykkum, víða blöndnum lítilsháttar viðarkolamolum. Þar ofan á tók við náttúruleg jarðlagaskipting og þar í H 1158 jafnfallið. Kolaður trjábútur var tekinn úr gólflaginu sem geislakolssýni og reyndist aldur þess vera (U-4327) 1110+/-65 B.P. sem þýðir að trjáviður þessi mun hafa vaxið á árabilinu 775-905 (óleiðréttur aldur)
SR Byggðaleifar, 54-55

**NM-130:020** heimild fjárhús
"Heima við bæinn stóðu fjárhús með gömlu lagi og hlaða var við þau næst gilskorningnum." Hús þessi virðast hafa verið uppistandandi um 1970 og jafnvel 1978-80 en vera má að þau hafi síðan verið rifin.
SR Byggðaleifar, 55

**NM-130:021** gripir
'í barði sem lækur braut' og virðist sem þetta eigi að vera nærri bænum á Aðlabóli en nákvæmari staðsetning er ekki gefin

"Í tíð Páls Vigfússonar á Aðalbóli fannst koparhlutur í barði sem lækur braut. Huturinn var líkastur bjöllu og þar sem kólfurinn hefði átt að vera voru ryðgaðar járnleifar. Einnig var brotið ofan af hlutnum. Torkennilegt letur var utan á þessu sem ekki varða lesið. Mesta breidd þessa hlutar var um 10-15 sm, hæð svipuð eða meiri. Einnig fannst þarna eitthvað sem líktit hvalbeinum sem Páll Gíslason tók við er hann flutti að Aðalbóli (1945) og einhver fékk hjá honum til að setja á Þjóðminjasafn. Páll Vigfússon eða hans fólk tók "bjölluna" og hefur ekki til hennar spurst." Frásögn Páls Gíslasonar -
SR Byggðaleifar, 55

**NM-130:022** 2 tóftir undir Smjörtungufelli
Rústir undir Smjörtungufelli austanmegin Dysjarárgils gegnt Hnitasporði skölkorn sunnan við ós Dysjarár. Páll Pálsson frá Aðalbóli fann rústina 1984.

Halldór Stefánsson fullyrðir að menjar sels sé að finna við Dysjarárgil þar sem heitir Hnitasporður - HS í Austurland II, 160. Þar gerði SR ítarlega leit 1980 en fann engin ummerki um byggingar. Hinsvegar fann Páll Pálsson rústir tvær austan við gilið árið 1984 og gerði SR uppdrátt af þeim 1985. Um er að ræða tvær litlar tóftir og eru um 15 m á milli þeirra. Borað var norðan við stærri tóftina og var H-1158 þar jafnfallið á 1,2 m dýpi og 10 sm þar undir var mannvistarlag með beinamylsnu í. Af þeirri lýsingu sem SR gefur ekki ljóst hvernig hægt var að sjá í borkjarna að gjóskulagið væri jafnfallið né er augljóst að þessi aldursgreining eigi við um veggi tóftarinnar (mannvistarlagið undir gjóskunni gæti verið eldra en tóftin sem nú sést)

SR Byggðaleifar, 55

**NM-130:023** heimild Faxahús

"Utan við Ytra-Faxagil eru Faxahús, þar eru gamlar tættur, þar hefur verið búið um tíma." Hin eiginlegu Faxahús eru beitarhús sem enn standa vestan Hrafnkelu allmiklu sunnar en á móts við Laugarhús. Fyrir framan Faxahús eru húsatóftir, mjög unglegar en athugun SR leiddi í ljós að þær eru yngri en gjóskilagið "a" sem talið er hafa komið úr Kverkfjöllum á seinni hluta 15. aldar. Sagt er að Kristrún Sigfúsdóttir ekkja á Vaðbrekku hafi öskusumarið 1875 flutt með búfé sitt sunnar í Hrafnkelsdal, suður fyrir öskujaðarinn og hafst við á Faxahúsum. Annars er Faxahúsa ekki getið sem minjastaðar eða fornbýlis.

Ö-Aðalból; SR Byggðaleifar, 57

## Möðrudalur NM-131

Skv. máldaga frá 1408 átti kirkjan í Möðrudal land allt og voru merki við Burstafell um " læk þann sem fellur í Króknum í Hölkná til Hofsár. Sjónhending í Eikarnípu. Allan Gestreiðarstaðaháls austur til Þrívörðu. Hálft Sænautavatn mót því, er aðrir menn eiga lönd í móti þangað, sem heita brúardrættir. Og á hestleið á Þríhyrningsfjallgarð til Þrívörðu og beint í Jökulsá." Sambærileg lýsing er til frá 6.12.1537 ATH. Samkvæmt þessu hefur Möðrudalur átt talsvert land austan við Möðrudalsfjallgarð og suður til Arnardals þó óljóst sé hversu mikið af honum á að hafa heyrt undir Möðrudal. Arnardalur hefur nú um langt skeið verið talinn tilheyra Brú og landið austan Möðrudalsfjallgarðs á Jökuldalsheiði gekk undan Möðrudal í landamerkjadeilum á 19. öld. Arnardalur telst hér með Brú en núv. landareignir Gestreiðarstaðir, Rangalón, Grunnavatn og Heiðarsel eru taldar með Möðrudal. Sænautasel hinsvegar með Jökuldalsheiði. Víðidalur var hjáleiga frá Möðrudal en landaskipti voru gerð á 19. öld og liggja mörkin frá syðsta odda Lambafjalla við Jökulsá, þaðan bein lína yfir Grjót í ármót í Vatnsskarði þaðan með Skarðsá austur og norður fyrir Geldingafell og áfram með þeirri á upp á Langadal til upptaka en á vatnaskilum beygja merkin í hánorður og eru bein lína vestan við Þjóðfell í Selárbotna. (Skv korti Páls á Aðalbóli) Möðrudalskirkja átti þessi ítök: Eggvarp og dún milli Vatnsleysanna fyrir neðan Grímsstaði (1408). - Skóg í Pétursstungu sem er milli tveggja lækja á merkjum Víðivalla fremri og Sturluflatar (1408). - 7 hrossa göngu yfir um Jökulsá og taka ei folöld undan (1408). - Alla ómerkinga í Herðubreiðartungum (1408). 12 trogsöðlahögg í Skaftafellsskógi (1408). Þá áttu Kjólsstaðir 4 hrossa göngu um Arnardal og gjaldi Möðrudalskirkju þar fyrir 20 álnir (1408). Skv Jarðabók frá 1797 átti Skaftafell 14 hrossa sumarbeit í Möðrudalslandi. Munnmæli eru að á Möðrudalsöræfum hafi áður verið heil sveit og hafa þar verið nefnd til bæjanöfn og rústa s.s. Kjólsstaðir, Kjalfell, Selhóll, Sótastaðir, í Bæjarlöndum, og Dyngja í Arnardal (HS: Þættir, 7-8).

Möðrudalur lagðist í eyði 1716 og byggðist á ný um 1735. Mögulega í eyði 1756-62 HS Þættir, 38-39. 1770 er jörðin aftur kominn í eyði en byggðist á ný 1789 - HS Þættir, 40. Jón Sigurðsson bóndi í Möðrudal frá 1789 keypti jörðina 1793 af Skálholtsstól fyrir 180 ríkisdali og fylgdu Víðidalur og Kjólsstaðir með - HS Þættir, 41 - JJ, 356, 423. Kjólsstaða er getið sem hjáleigu 1804 en ekki eftir það [i.e. í eyði 1804x47] Um örnefni í túni sjá Ö-Möðrudalur, 21.

"Mest einkennandi gróðurlendi á Möðrudalssléttunni eru mellönd, flóar, mýrar og víðiflesjar. Sums staðr er þó grasgróður nokkur á sendnu harðvelli og svo melagróður á hinu blásna landi. / Gróðurlendið hefur verið miklum breytingum háð. Ætla má, að í öndverðu hafi landið verið betur gróið [12] en nú er, en hafi blásið fljótt upp. Skóglendi mun þó aldrei hafa verið þar vegna hæðar yfir sjávarmál. ... Graslendi mun og ekki hafa verið mikið (sbr. beitarítak á Mývatnsfjöllum) / ... Séra Sigurður Gunnarsson á Hallormsstað hefir það eftir kunnugum mönnum árið 1865, að þar sem fyrir 20 árum hafi verið laufi og víði vaxnar hlíðar, hálsar og grundir, og heyskapur mikill, sé nú (1865) bert og blásið land. / ... / Jón A. Stefánsson bóndi í Möðrudal segir, að allan síðari hluta 19. aldarinnar hafi gróðurlendið í Möðrudal verið allmjög eyðileggingu háð, af völdum sandfoks og uppblásturs, og hafi verið og sé að taka sífelld [13] um breytingum. Mýrar og flóar hafa breytzt í mellönd og þau svo aftur í flóa, en sums staðar orðið örfoka. Smám saman grær svo upp aftur hið örfoka land. // Höfuðgrundvöllur byggðarinnar í Möðrudal hefir alla tíð verið frábærir landkostir til málnytu (1 nmgr. ÞT getur þess, að það sé mál manna um búsæld á Fjöllum, að rjóminn á trogunum beri uppi skaflaskeifu) og beitar. Talið hefir verið, að ær mjólkuðu þar mörk í mál að meðaltali eftir fráfærur, og væru þó til frálags að hausti eins og geldar ær víðast annars staðar. - Háfjallagróðurinn og sandgróðurinn er mestur kjarngróður. / Vegna hæðar frá sjávarmáli eru túnræktarskilyrði eðlilega ekki góð. - Engi er í flóum og svo mel- og laufengi. / Beitarsæld er tíðast mikil, vegna lítillar úrkomu, er landið liggur svo langt frá sjó. Hafa löngum verið í Möðrudal, það sem til þekkist, fjárbú stór og margt hrossa, en fáir nautgripir. Vetrar eru kaldir, en sumur furðu hlý. Meðalhiti ársins er þó talinn vera fyrir neðan frostmark (-0,3)." HS Þættir, 11-13.

"... þó svo hafi verið, að Möðrudalssléttan öll, eða nær öll, hafi verið vel góin í öndverðu og þar hafi verið all-fjölsetin byggð, þá hefir það land verið viðkvæmt fyrir uppblæstri; það hefur verið þurrt og sendið, og því getur byggðin hafa lagzt mjög fljótt niður og verið öll komin í auðn í lok 14. aldar nema Kjólsstaðir." HS Þættir, 9. "Um aldamótin voru hér litlar engjar, mest melengi, lítið eitt mýrengi. Í sumar [1939] var heyskapurinn allur grashey, ekkert melhey og hefði mátt heyja aðra 1200 hesta." (heyfengur var í hasut 1200 hestar) - Jón A. Stefánsson í bréfi 30.01.1940 - HS Þættir, 79. - Geitasandur er sandfylltur dalur sem liggur norður suður í miðjum Möðrudalsfjallgarði. Austan við hann rís Geitafell. - Herforingjaráðskort.

- 1839: "Í heiðinni fyrir austan Möðrudal milli Brúarvega og Skjöldólfsstaðar eru mörg stöðuvön og í flestum silungur [talin Ánavatn, Hnefla, Krókavötn, Búrfellsvatn, Matbaunavatn, Grifdeild, Krókatjörn, Sænautavatn]" SSÞ, 226. - 1839: "Í þessum fjallahring er mestallt blásandar, ægisandar og smágrýttir sandar og liggur við eyðilegging af sandfoki, svo að á næstliðnum 40 árum er fullkominn þriðjipartur kominn í sand, en það sem eftir er af landi eru torfur sléttar með víðirlaufi og töðugresi innan um sandana og svo nokkuð af flóum. Svo er nokkuð af melgresi til útbeitar á vetrum." SSÞ, 227 "Möðrudalur átti Kolseyrudal, stór flói austan við tvo fjallgarða 2 1/2 kl. tíma lestagang, þar heyjað annað hvert sumar, ein kýr höfð með, heyið flutt heim á 15 hestum." Ö-Möðrudalur, 3 - "Vatnsstæði er kviksyndisflói með nokkru stóru vatni. Ólafyr [Tryggvason] segir, að engin veiði hafi verið þar. ... Þar vr einn stór hólmi, sem álfir verptu í árlega, og nokkrir smáhólmar. Flóinn var heyjaður annað hvort ár. Hann var svo blautur, að hesti varð ekki komið við. Heyið var dregið upp og síðan flutt heim sem votaband." - Ö-MöðrudalurAV, 3.

**NM-131:001** bæjarhóll Möðrudalur bústaður

"Áður fyrr stóð bærinn austur undir fjöllunum, þar er dalverpið, sem hann dregur nafn af. Úr því dalverpi rennur Staðará." Möðrudalur fór í eyði 1716 og byggðist aftur um 1735. "Hús munu þó hafa staðið að mestu. ... Vegna legu Möðrudals gagnvart almennri umferð um fjöllin, og þar sem byggð var ekki heldur í Víðidal, en Kjólsstaðir hins vegar alllangt úr leið, þá komust ferðamenn ekki hjá því að leita endrum og eins náttstaðar í bæjarhúsunum, en jafnan urðu þeir þá fyrir ágangi Möngu, svo sem sagnir herma" [um reimleika af völdum Möðrudals-Möngu ATH Þjóðs JÁ, Þjóðs Sigf Sigf og GK Sagnaþætti] - HS Þættir, 36. Sá er byggði upp um 1735, Jón ríki Jónsson, á að hafa "... endurreist bæinn af mikilli atorku, en hann var þá mjög úr sér genginn ..." HS Þættir, 38. "Bærinn í Möðrudal var frá fyrri tíð

venjulegur torfbær, þrjú rishá hús með torfveggjum á milli, og til hliðanna, og torfþökum, en timburgaflar fram á hlaðið til vesturs, og smærri hús að baki. ... Baðstofan var syðst í húsaröðinni, með hliðargluggum móti suðri, en stafngluggar til vesturs. Var bærinn reisulegur frá vestri að sjá ... /Þessum bæ breytti Stefán [Einarsson b. 1881-1916]. Hann byggði timburhús í stað bustahúsanna tveggja, sem voru til hliðar við baðstofuna; hana lét hann standa. Timburhúsið hugðist hann hafa meðfram til íbúðar, en það reyndist of kalt á vetrum." HS Þættir, 74 "Baðstofunni var þá svo háttað, að íbúðin var á gólfi, en við báða stafna var þó loft yfir og lítil herbergi þar sitt við hvorn gafl. Var annað smíðaherbergi, en hitt var notað til geymslu. Trébrú lá um endilanga baðstofuna á milli þessara loftherbergja, og stigi af gólfinu upp á brúna." Saga árás bjarndýrs á Möðrudal en HS bætir við að þannig hafi baðstofan verið byggð, sú sem rifin var er steinhúsið var byggt. HS Þættir, 87. Á árunum 1916-19 byggðu ábúendur steinhús í stað baðstofunnar gömlu - HS Þættir, 77. 1949 var í smíðum steinsteypuhús með vikureinangrun í útveggjum - HS Þættir, 79

HS Þættir, 59; Ö-Möðrudalur, 1.

**NM-131:002** heimild kirkja

Kirkjan stóð sérstök til hliðar norðan við bæjarþorpið.

Möðrudalskirkju er getið í kirknaskrá Páls bps og heyrðu undir Möðrudal bæirnir Brú, Eiríksstaðir, Hákonarstaðir og Kjólsstaðir. Prestakallið lagðist niður er Möðrudalur fór í eyði 1716 en kirkjan stóð og var sóknin endurreist er byggð hófst að nýju um 1735. Var kirkjunni þá ýmist þjónað frá Hofteigi, Hofi í Vopnafirði og síðar Skinnastað. 1880 var kirkjan lög undir Fjallaþing en 1907 aftur undir Hofteig. "Kirkjan í Möðrudal mun upphaflega hafa verið torfkirkja. Eftir að Skálholtsbiskupsstóll seldi jörðina (1793), varða hún eðlilega bændakirkja. Árið 1852 finnst þess getið, að hún hafi verið byggð eða endurbyggð. ... Nálægt 50 árum þar á eftir (1904) var hún endurbyggð aftur og þá úr timbri." Þak þeirrar kirkju fauk um 1925 og var hún ekki endurbyggð. - HS Þættir, 22 "Til er lýsing af kirkjunni frá 1814. Henni er svo lýst, [23] að hún hafi verið að stærð sem eitt vænt herbergi; tveir smágluggar voru á öðrum stafni. Á milli þeirra var lítið en hátt borð í altaris stað, og á það var breiddur hvítur dúkur. Yfir borðinu hékk Kristsmynd í tinramma." HS Þættir, 22-23 (Frásögn frú Gyðu Thorlacius ATH) - Jón . Stefánsson hafði 1940 hug á að láta endurreisa kirkjuna - HS Þættir, 79

HS Þættir, 22-23

**NM-131:003** bæjarstæði Kjólsstaðir býli

Rústir Kjólsstaða eru sunnarlega á Framlandi milli Kjólsstaðaár og Hvannár. Þar heitir Toddastykki, "lauf og graslendi og þar norðan við er gamla eyðibýlið Kjólsstaðir. Þar eru tættur nokkrar og merki byggðar." "Þar sem bærinn var heitir nú Kjólsstaðatún."

Kjólsstaða er getið fyrst 1394 sem einn þeirra bæja sem áttu sókn til Möðrudals en munu jafnframt hafa verið hjáleiga. Eftir því sem best er vitað var byggð þar stöðug fram á 18. öld og voru Kjólsstaðir einir bæja í byggð á Efra-Fjalli 1716-35. Hinsvegar voru þeir farnir í eyði 1762 (HS Þættir, 39), en hafa mögulega byggst aftur því 1804 er þeirra getið sem hjáleigu en 1847 eru þeir klárlega komnir í eyði. JJ, 356. sbr HS Þættir, 36 1839: "Eyðikot er fyrir framan bæinn [í Möðrudal], er hét Kjólstaðir og lagðist í eyði 1810 vegna sandfoks." SSÞ, 228 "Kjólsstaðir er eyðibýli, fór í eyði 1805. Síðustu búendur hétu Sveinn Jónsson og Guðný Ívarsdóttir. Þau flutti í Vakursstaði í Vopnafirði."

Ö-Möðrudalur, 5, 19

**NM-131:004** heimild Kjalfell býli

Kjalfell er stakt fell, aflangt frá norðri til suðurs milli árinnar Lóns og Jökulsár á Fjöllum, vestur og suðvestur af Möðrudal. Einnig Kjólfell - SSÞ, 227. Þekkt sem bæjarstæði

- HS Þættir, 8

**NM-131:005** tóftir Selhóll bústaður/sel Friðlýstar minjar

Selhóll er á Útlandi, norður af Möðrudal, við Selá, skammt norður af Búðarhóli "Selhóll er út undir Selánni og neðan við hann er Blótkelduhornið."

Meinast þekkt sem bæjarstæði og þar munu sjást rústir. 1839: "Þeirra [hólanna í Möðrudalslandi] markverðastur er Selhóll. Sunnan í honum hafa blásið upp tættur. Í þeim hefur fundist ýmislegt, svo sem nálar, hesthófsnaglar, krókapör, gaffalsknífsblöð, fingurbjargir, alls lags brýn, og enginn munnmæli eru á þessu býli. En utan við hólinn hefur verið hof, sem á hefur fundist það sama og áður er upp talið. Þessi hóll stendur á götunni til Víðirdals." SSÞ, 228

HS Þættir, 8, 95; SSÞ, 228; Ö-Möðrudalur, 10; Kaalund, 186

**NM-131:006** örnefni Bæjarlönd

Bæjarlönd eru allbreið gróðurræma við Jökulsá, gegnt Ferjufjalli. "Bæjarlönd voru mýrlendi með tjörnum en lauftorfur í kring. Ekki var heyjað þar, þegar Ólafur [Tryggvason f. á Hólum í Vopnaf, 28.08.1902] vissi til. Bæjarlönd voru afgirt 1914, og var ætlunin að hafa fráfærnalömb og stóð þar á sumrin. Það reyndist ekki vel, því að lömbin stóðu við girðinguna seinni hluta sumars. Framan af sumri voru lömbin þvó höfð þar, en seinni hluta sumars stóð og naut, sem stundum voru mannýg."

Örn talið geta bent til að þar hafi staðið bær en ekki minnst á rústir 1839: "Afrétt er ekki nema fyrir þennan eina bæ. Hún er suðvestur við Jökulsá og heitir Bæjarlönd." SSÞ, 228

HS Þættir, 8; Ö-Möðrudalur, 2

**NM-131:007** tóft hof

Á Blótkelduhorni er talin gömul hoftóft

HS telur að Hof gæti hafa verið sérstakur bær eða blóthof Möðrudalsbóndans, en ekki getur hann rústa. 1839: "Þeirra [hólanna í Möðrudalslandi] markverðastur er Selhóll. Sunnan í honum hafa blásið upp tættur. Í þeim hefur fundist ýmislegt, svo sem nálar, hesthófsnaglar, krókapör, gaffalsknífsblöð, fingurbjargir, alls lags brýn, og enginn munnmæli eru á þessu býli. En utan við hólinn hefur verið hof, sem á hefur fundist það sama og áður er upp talið." SSÞ, 228 Þetta virðist vera eina heimildin um þessa hoftóft: Kaalund hefur einungis eftir sóknarlýsingunni sbr.: "kan det måske her anföres, at man en del nord for Mödrudal, hvor manhar fundet tomter og andre spor af en ukendt ødegård, vil påvisestedet for et hov (sognebeskr.). Dette sidste omtales i Butons"Ultima Thule", II, s. 266 (London 1875)." (Kålund II, 1879¬82:186 nmgr. 1). Daniel Bruun og Finnur Jónsson segja: "...i Möðrudalr findes ingen tomter, der kan komme i betragtning..." DBFJ 1909,314. Í Skrá um hofminjar á Austurlandi s. 11 segir Adolf Friðriksson: "Við komum í Möðrudal 19. ágúst 1991 (Dagbók A.F 1991,91-93). Anna Birna Snæþórsdóttir kannaðist ekki við hofrúst þar, en vísaði okkur á blótkeldu norðan við bæinn. Á leiðinni þangað sýndi hún okkur Selhól, sem er grænn hóll á melunum norðvestan við bæinn í Möðrudal. Blótkelda er mýrarlækur sem liggur í þröngum og djúpum farvegi, um 5 km norðan við Möðrudal. Hún liggur vestan við þjóðveginn, en sunnan hennar eru Búðarhóll. Þar hjá eru niðurgrafin fjárhús, kölluð byrgi."

HS Þættir, 8; SSÞ, 228; AF Hofminjar, 11

**NM-131:008** örnefni Blótkelda

“Norðan við Flagið er kallað Selgil, það nær alla leið niður að Blótkelduhorni. Á því er gömul hoftóft. Selhóll er út undir Selánni og neðan við hann er Blótkelduhornið. Suður af Blótkelduhorni er Blótkeldugróf, er myndar hornið að nokkru leyti."

AF Hofminjar: "Við komum í Möðrudal 19. ágúst 1991 (Dagbók A.F 1991,91-93). Anna Birna Snæþórsdóttir kannaðist ekki við hofrúst þar, en vísaði okkur á blótkeldu norðan við bæinn. Á leiðinni þangað sýndi hún okkur Selhól, sem er grænn hóll á melunum

norðvestan við bæinn í Möðrudal. Blótkelda er mýrarlækur sem liggur í þröngum og djúpum farvegi, um 5 km norðan við Möðrudal. Hún liggur vestan við þjóðveginn, en sunnan hennar eru Búðarhóll. Þar hjá eru niðurgrafin fjárhús, kölluð byrgi." s. 11

HS Þættir, 8; Ö-Möðrudalur, 10; AF Hofminjar, 11

**NM-131:009** hola Byrgi fjárskýli

Alllangt norður frá bænum, í norður frá Selhól, skammt frá Selá hjá Búðarhól voru svonefnd Byrgi, niðurgrafin. "Neðst á Blótkenduhorni voru beitarhús (jarðhús) kölluð Byrgi." í grastungu milli tveggja gildraga

"Alllangt norður frá bænum var um þessar mundir [1881-1916] einna bezt beit og beitarsæld mest. Þar hafði vatn grafið sér farveg um endilanga jarðdjúpa grastungu á milli tveggja gildraga. Stefán [bóndi Einarsson] lét gjöra fjárborg með því að grafa út farveg þenna til beggja hliða og hlaða innan grjóti veggina neðanverða. Gróin grund var yfir sem þak. Lét hann standa jarðveggstöpla undir þekjunni, eins og hann taldi þurfa. Þessi einkennilega fjárborg eða moldarhellir var kölluð Byrgi og tók margt fjár." Stefán lét geldneyti ganga með fjárhópnum m.a. vegna þess að nautin voru dugmeiri að brjótast gegnum snjóskaflinn við inngnaginn að byrginu. "Nú mun fjárbyrgi þetta vera fallið."

- "Annað var með torfþaki, sem var slétt við jörð, en hitt með sperrum. Gengið var niður á ská niður í hið fyrrnefnda. Þar var aðeins birta gegnum stromp, en á hinu var glugi á öðrum stafni. Veggur var á milli Byrgjanna og breiðar dyr á. Í þeim var líka bogadreginn gangur, sem myndaðist af því, að þar var tekin mold til að láta í gólfin, þegar þau voru blaut. Á vetrum var þarna um 160-180 geldfjár, sem beitt var, staðið yfir því á hverjum degi. Fénu voru ætlaðir 25 hestar af heyi. Gafst það aldrei upp."

HS Þættir, 71-73; Ö-Möðrudalur, 24; AV, 7

**NM-131:010** tóft fjárskýli

Lítið hús eða grafið byrgi austanmeginn í Kjalfelli, byggt af Stefáni Einarssyni b. 1881-1916 Skjólgott er og beitarsæld sitthvorumeginn í Kjalfelli eftir vindstöðu. í þessa staði lét Stefán bóndi til beitar nokkur rýrustu lömbin á haustin og lét þau ganga þar fyrri hluta vetrar

HS Þættir, 73

**NM-131:011** tóft fjárskýli

Lítið hús eða grafið byrgi austanmeginn í Kjalfelli, byggt af Stefáni Einarssyni b. 1881-1916 Skjólgott er og beitarsæld sitthvorumeginn í Kjalfelli eftir vindstöðu. í þessa staði lét Stefán bóndi til beitar nokkur rýrustu lömbin á haustin og lét þau ganga þar fyrri hluta vetrar.

HS Þættir, 73

**NM-131:012** hleðsla bústaður

"Áður fyrr stóð bærinn austur undir fjöllunum, þar er dalverpið, sem hann dregur nafn af. Úr því dalverpi rennur Staðará." (=Bæjará)

"Bæjará kemur upp í Neðri-Möðrudal. Hann er gróinn þröngur dalur og mikið fannkyngi þar á vetrum. Sagt er, að þar hafi bærinn áður staðið. Engar tættur eru, aðeins sá fyrir smátorfhleðslu. Neðri-Möðrudalur er á að gizka 4 km frá bæ."

Ö-Möðrudalur, 1; AV, 4

**NM-131:013** hellir fjárskýli

Vestan í Kjalfelli er "mikið graslendi og hellir fyrir 30 lömb, er gengu sjálfala á vetrum og voru fallegri en heimalömb, gengið til þeirra einu sinni. 1 1/2 tími aðra leið."

"Vestan í Kjalfelli, um það bil miðja vegu, er hellir, sem tók 30 lömb. Þai voru látin ganga sjálfala á vetrum. Farið var til þeirra hálfsmánaðarlega nema fyrst, þá var farið daglega til að rek þau inn. Góðir hagar eru vesta í fjallinu."

Ö-Möðrudalur, 3Ö-Möðrudalur, 3; AV, 2

**NM-131:014** áletrun Rúnasteinn

Rúnasteinn er stórt bjarg í mýrarflóa á Urðarhlíð sunnan við Sænautafell. Þar mættust lönf Brúar, Hákonarstaða og Möðrudals áður en heiðabýlin komu til sögunnar.

"Á steininn eru klappaðar tvær rúnir [L] og [M]. Svo segir í gamalli vísu: 'Stendur einn í stormi og hríð/steinn á hamrabrúnum/innarlega á Urðarhlíð/áletraður rúnum."

Ö-SænautaselAV, 4

**NM-131:015** örnefni Tjaldhvammur

"Tjaldhvammur var rétt suðvestan við við Bæjargróf og suður að Bæjará. Ekkert er vitað um nafnið." - "Tjaldhvammur er suður af húsinu ..."

Ö-Möðrudalur, 9; AV, 6

**NM-131:016** renna Bæjarlækur vatnsveita

"Bæjarlækur var lækur, sem veitt var ofan úr Einstakamelsdysjum, sunnan við Staðarás og norðan við Ytri-Bæjarmel. Grafið var fyrir honum alla leið heim og gat hann verið mjög hættulegur fyrir unglömb á vorin. Hann rann eftir Bæjargróf og í Bæjará."

Ö-MöðrudalurAV, 6

**NM-131:017** varða Þrívörðuháls

"Ólafur [Tryggvason] segir, að hálsinn, sem kallaður er Grjótgarðsháls hafi verið nefndur Þrívörðuháls. Á honum eru þrjár vörður stærri en aðrar, og fóru þær aldrei í kaf í snjó." (Á korti er Þrívörðuháls hafður austar). Að mörgu leyti væri landamerkjabréfið frá 1408 eðlilegra ef Þrívörðuháls sá sem þar um ræðir væri þessi.

Ö-MöðrudalurAV, 10

**NM-131:018** heimild Stekkjarkriki stekkur

“Afar hár klettur í suðurenda [Kjalfells] heitir Kjalfellshnaus og þar sunnan undir heitir Stekkjarkriki. Þar var fært frá 200 ám, ærnar reknar heim."

Ö-Möðrudalur,

**NM-131:019** örnefni Búðarhóll

Búðarhóll er á Útlandi milli selsins og Selhóls, austan við Staðará. Upp af Hárönd "er langur hryggur meðfram veginum, sem heitir Búðarhólshryggur og fremst á hryggnum er hár hóll, Búðarhóll. Þar suður af er stór gróf er Búðarhólsgróf heitir."

Hkort; HS Þættir, 94 Byrgin svokölluðu eru þar hjá

**NM-131:020** örnefni Kvíagróf kvíar

"Neðan við Bæjarmelinn á grundinni er Kvíagróf."

Ö-Möðrudalur, 9

**NM-131:021** örnefni Húshóll

Húshóll er á Framlandi vestanverðu, suðaustan við Húshólsfell, en norðvestan við "Norðan við Melkróarnesið er Húshólsflötur og þar norðar er Húshóll. Austan hans er svo vatn er svo vatn, sem heitir Húshólsvatn en vestan við vatnið er fell, nefnt Húshólsfell. Milli fellsins og hólsins heitir Húshólsdokk."

HS Þættir, 95; Ö-Möðrudalur, 6

**NM-131:022** tóft + gerði Selið sel

"Sauðá rennur í Staðará, skammt norðar en Hvanná kemur í hana að vestan. Norðan við ós hennar heitir Sel ... Í Selinu hefir verið byggð." Sel m. túnleifum er syðst á Útlandi á norðurbakka Sauðár, sunnan við Búðarhól

"Fyrir ofan Skarðshrygg, upp með Selá, er kallað Sellönd." Selhöfðar (tveir) - sama selið? "Í Seli voru ekki tættur, aðeins ferköntuð tótt, sem hlaðin var fyrir smala."

HS Þættir, 95; Ö-Möðrudalur, 9, 11; Ö-MöðrudalurAV, 6

**NM-131:023** örnefni Vörðumelar

"Yzt í Illasundi er Flatimelur, Fremri-Vörðumelur og Ytri-Vörðumelur; milli Vörðumela er smálægð, nafnlaus."

HS Þættir, 96; Ö-Möðrudalur, 19

**NM-131:024** örnefni Ferjuhylur ferja

Ferjuhylur er við Bæjarlönd gegnt Ferjufjalli. "Ferja var á Jökulsá við Ferjuhyl, sem er lygn og breiður hylur. Hún var eingöngu notuð á vorin, þegar Stefán fór yfir í Grafarlönd til að sækja gæsaegg."

Ö-MöðrudalurAV, 1-2

**NM-131:025** örnefni Langadalsvarða samgöngubót

Langadalsvarðaa er austan við vatnaskil í Lanagadal, líkl. þar sem þjóðleiðin beygir upp úr dalnum til norðurs til Vopnafjarðar "Á Langadal er varðaa, sem heitir Langadalsvarðaa. Vestan hennar, í miðjum Langadal, er Áfangatorfa, mjög grösug. Suður af henni er Þverdalurinn ... Er Langadalsvarðaa austast í dalnum."

Hkort; Ö-Möðrudalur, 17

**NM-131:026** örnefni Biskupsáfangar áfangastaður

Á Möðrudalsheiði, austan við Þjóðfell "Norðan við Langadalsá og að Kollseyru heita Syðri-Áfangar. Þar norður af eru svo Ytri-Áfangar, sem ná norður að Höknárkrók. Þetta eru hvorttveggja graslendi, t.d. er sá syðri stór mýrarflói. Þar norður af Áföngum er með veginum stór steinn, sem heitir Hrússi. Þar norðar við veginn eru Boskupáfangar; má vera, að það sé sama og Ytri-Áfangi ..."

1839: "Sá þriðji vegur [frá Möðrudal] liggur í útaustur í gegnum áðurnefndan Langadal til Vopnafjarðar. Það er venjuleg kaupstaðarleið frá Möðrudal. Þessi vegur, sem liggur út frá einni klettanibbu sem stendur utan á fjallgarðinum og heitir Nípi, leiðir til Langadals. Þegar komið er austur úr hönum er stefnt rétt til hafs austan undir felli sem heitir Þjóðfell. Svo kemur annað fjall sem heitir Súlendar. Að þeim hjáförnum kemur maður á graslendi sem heita Kvásir. Þar er komin þingmannaleið. Allt má heita á blásöndum utan einn grasblettur er heitir Biskupsáfangi." SSÞ, 225

Hkort; SSÞ, 225; Ö-Möðrudalur, 17

**NM-131:027** örnefni Vígatorfa

"Nyrzt í Blánni [norður af Langamel] er nefnd Bláarbörð, sem Jón segir að gamalt nafn sé á Vígatorfa."

HS Þættir, 96; Ö-Möðrudalur, 6 Ekki er getið skýringar á þessu örnefni - Jón er Jón Stefánsson bóndi í Möðrudal

**NM-131:028** heimild útilegumannabústaður

á Möðrudalsheiði "Nú er þar til at taka, at Grettir er kominn austan ór fjorðum, ok fór nú hulðu hofði ok dulðisk því hann vildi ekki finna Þóri, ok lá úti um sumarit [206] á Moðrudalsheiði ok í ýmsum stoðum; hann var ok stundum á Reykjaheiði." ÍF VII, 205-206 (Talið hæpið að Grettir hafi verið á Reykjaheiði heldur muni vera átt við Axarfjarðarheiði eða Búrfellsheiði 1. nmgr. s. 206)

Grettis saga

**NM-131:029** hellir á Sandhaugum náttstaður

"Á [Stórulindarbörðum] er kallað á Sandhaugum. Þar lá fólk úti við heyskap í gamla daga, í litlum móhelluskúta, sem nú er eyðilagður."

Ö-Möðrudalur, 5-6

**NM-131:030** örnefni Huldunes

"Norðan við Selið, fast við Sauðá, er Huldunes." "Sunnan við [Búðarhólsgróf] er Huldunesið .."

Ö-Möðrudalur, 9, 10

**NM-131:031** heimild Áfangatorfa áfangastaður

"Á Langadal er varðaa, sem heitir Langadalsvarðaa. Vestan hennar, í miðjum Langadal, er Áfangatorfa, mjög grösug. Suður af henni er Þverdalurinn ..."

"Ólafur [Torfason] segir að Áfangatorfa hafi alltaf verið nefnd Áningstorfa. Þetta var síðasti áningarstaður á leið til Möðrudals frá Vopnafirði."

Ö-Möðrudalur, 17: Ö-MöðrudalurAV, 11

**NM-131:032** tóft

"Yzt í Vatnsstæði er forn tótt, nafnlaus. Þar hafa líklega verið beitarhús frá Kjólsstöðum."

Ö-Möðrudalur, 18

**NM-131:033** hleðsla Réttarmelur rétt

"Út af Miðaftansmel heitir Réttarmelur. Þar eru rústir af grjótrétt frá tíð Stefáns Einarssonar." Stefán Einarsson kom í Möðrudal 1874

Ö-Möðrudalur, 19

**NM-131:034** heimild Gestreiðarstaðavegur leið

"Ásholtið nær að Gestreiðarstaðavegi."

Gestreiðarstaðavegur liggur á milli Möðrudal og Gestreiðarstaða meðfram Sauðá, sunnan við hana, og í gegnum Gestreiðartaðakarð. Leiðin heldur áfram framhjá gestreiðarstöðum yfir Jökuldalsheiði og niður hjá Skjöldólfsstöðum - kort Páls á Aðalbóli

Ö-Möðrudalur, 20

**NM-131:035** örnefni Baðtjörn

"Fram af Krókatjörn, nær bæ, er önnur smátjörn, sem heitir Baðtjörn."

Ö-Möðrudalur, 20

**NM-131:036** örnefni Grettishylur

"Í Bæjará, neðan við túnið, er hylur sem heitir Grettishylur."

Ö-Möðrudalur, 20

**NM-131:037** heimild Vatnsstæðisvað vað

"S V úr Tjaldhvammi er vað á Bæjará, kallað Vatnsstæðisvað, og vestur frá Hvamminum heitir Bæjarlandavað."

Ö-Möðrudalur, 21

**NM-131:038** heimild Bæjarlandavað vað

"S V úr Tjaldhvammi er vað á Bæjará, kallað Vatnsstæðisvað, og vestur frá Hvamminum heitir Bæjarlandavað."

Ö-Möðrudalur, 21

**NM-131:039** hús Grýti fjárhús

"Milli Leirgrófar og Bæjargrófar er Tunga. Á Tungunni er fjárhús nefnt Grýti. Hlaðan við það var kölluð Horngrýti. Hús þessi standa enn

[1975] og eru töluvert yfir 100 ára gömul."
Ö-Möðrudalur, 21

**NM-131:040** hús Ærhúshóll fjárhús
"Þá er á túninu hæð, kölluð Járnhryggur. Innan við Járnhrygg er Ærhúshóll. Þar eru fjárhús, Ærhús."
Ö-Möðrudalur, 21

**NM-131:041** heimild Hesthúshóll hesthús
"Neðan við Ærhúshól er Hesthúshóll; þar stóð Hesthús."
Ö-Möðrudalur, 21

**NM-131:042** heimild Austara-Dalhús fjárhús
"Utan við Dalinn heitir Dalhústún eða Daltún. Þar stóðu fjárhús, kölluð Austara-Dalhús og Vestara-Dalhús." - "Í Austara-Dalhúsi fórust eitt sinn um 50 fjár, 1 kind lifði. Bæjarlækurinn rann í húsið og fyllti það."
Ö-Möðrudalur, 21

**NM-131:043** heimild Vestara-Dalhús fjárhús
"Utan við Dalinn heitir Dalhústún eða Daltún. Þar stóðu fjárhús, kölluð Austara-Dalhús og Vestara-Dalhús."
Ö-Möðrudalur, 21

**NM-131:044** örnefni Vörðumelur
"Vörðumelur er útaf Efra-Víðirnesi framan og neðan við Sauðafellstjarnir."
Ö-Möðrudalur, 22

**NM-131:045** varða samgöngubót
"Beitarhúsaleiðin var vörðuð ... á leiðinni frá túni og út að Sauðá og sjást þeirra lítil merki nú." (þ.e. leiðin til Byrgjanna).

"... vörðurnar [voru] nefndar sérnöfnum, sem hafa varðaveizt í þessari vísu: 'Heimasæta, Hjátæk/Hundaþúfa, Síðræk/Stutta-Bogga, Staflaus/Stóra-Kolla, Bandlaus/Flagmóðir, Furða/Fjölvafin, Snurða/Lágvaxin, Lítilþæg/Landharpa, Moldvarpa.' Vísan mun vera eftir Tryggva Indriðasaon, þjóðsagnaritara. Hann var sauðamaður í Möðrudal um 1910, e.t.v. hefur hann skírt vörðurnar ... ekki [er] víst hvar nöfnin eiga við." - "Ólafur [Torfaason] þekir vel nöfnin á vörðunum, sem talin eru upp eftir Vilhjálmi Jónssyni, nema nafnið Síðræk, sem hann var vanur, að væri Liðræk. Auk þess bætir hann við nöfnunum Einhöfða, Tvíhöfða og Þríhöfða (með einum hnaus, tvo og þrjá hnausa ofan á). Þessar vörður voru í dokk. Auk þess voru Strákatyppi, lítl varðaa, og Barða, hin síðarnefnda á Spóanesbarði. Þangað náðu nöfnin á vörðunum. Þær voru á Röndinni ... Þar lá beitarhúsaleiðin, sem sömuleiðis var póstleið. Tryggvi Indriðason skírði vörðurnar. Heimasæta, Hundaþúfa og Stutta-Bogga voru nefndar eftir heimasætunum í Möðrudal, Stóra-Kolla eftir húsmóðurinni og Flagmóðir, Fjölvafin, Lágxaxin og Landharpa eftir vinnukonum. Hafði hver þeirra þernu með sér, og báru þær hin nöfnin."
Ö-Möðrudalur, 24; AV, 8

**NM-131:046** varða samgöngubót
"Um Byttuskarð mun hafa legið forn fjallvegur (Alþingisvegur) Héraðsbúa. Þar sjást enn vörðubrot, sem hafa átt að vísa leið."
Ö-Möðrudalur, 25

## Möðruvellir (Rangalón) NM-131b

Rangalón byggðist úr landi Möðruvalla 1844 og fór endanlega úr byggð 1923. Rangalón er nú sérstök landareign og hefur verið það frá síðari hl. 19. aldar að löndin austan Möðrudalsfjallgarðs gengu undan Möðrudal í landamerkjadeilu - HS Þættir, 59-60. Er talin sérstök jörð 1861 - NJÍ, 135 en er ekki getið 1847. Landamerki voru þessi 1921: Við Möðruvelli úr Rúnasteini á Urðarhlíð, sem liggur milli Sænautasels og Grunnavatns beina línu í norðvestur í klettagil það í fjallgarðinum sem stenst á við Háfsvatnaölduendann ytri, síðan úr nefndu gili út fjallgarðinn út á móts við Einbúa og þaðan beint austur í há-Eyktagnýpu. Á milli Rngalóns og Ármótasels eru merkin beint úr Eyktagnýpu í Arnórsstaðasel, þaðan eru merkin við Hákonarstaði beint í Marköldu í Sænautafelli og úr henni eru merkin við Sænautasel bein lína í Rúnastein.(1921) LM NM,

**NM-131b:001** bæjarstæði Rangalón býli
"Bærinn stendur við norðurenda vatns, sem heitir Sænautavatn ... Húsin stóðu öll á samfelldum bala vesta við Lónskvísl. Bærinn stóð næst vatninu. Vestan hans hesthús. Spöl norðn bæjarins stóðu fjárhús og önnur fjárhús rétt vestan þeirra."
Ö-Rangalón, 1

**NM-131b:002** þjóðsaga Skessugarður
"Vestan við [Grjótgarðs] vatn og Lækjardalinn er Grjótgarðsháls. Á honum er grjótgarður mikill. Grjótgarður er oftast nefndur Skessugarður. Hann liggur frá vestri til austurs og nær frá Grjótgarðvatni og alveg norður að Lónsflóa í landi Möðrudals. Hann liggur þvert yfir Grjótgarðsháls ... Hann er sumstðar upp í 5 m á hæð og ófært yfir hann með hesta."

"Á [Grjótgarðshálsi] er garður er heitir Skessugarður. Hönum sýnist vera rutt saman eins og menn skyldu henda saman grjóthrúgu og hvör steinn tylldi og hrapaði eftir heppni. Í hönum eru svo stórir steinar að þó 20 til 30 manns gengju á einn af þeim færðu þeir hann ekki. Þessum garði er sagt hafi rutt saman tvær skessur í bræði til að skipta veiði millum sín í heiðinni. Hann er 90 faðmar að lengd, einlægur fyrir utan það hann sýnist vera sandvorpinn í lautum og sést aftur á hæðum þar til hálsinn er búinn um þvert og annar endi hans liggur ofan í vatn sem heitir Grjótgarðsvatn." SSÞ, 226
Ö-Rangalón, 2; SSÞ, 226

**NM-131b:003** örnefni Stekkjarlækur stekkur
"... norðan Bjallkollu er lækur, sem rennur í vestur [Sænautavatn] og heitir Stekkjarlækur."
Ö-Rangalón

## Möðruvellir (Grunnavatn) NM-131c

Byggð hófst í Grunnavatni 1853 og var þá talið byggt úr Brúarlandi en Möðruvallabændur höfðu gert tilkall til lands þessa en tapað því fyrir dómi - HS Þættir, 59-60. Grunnavatn fór í eyði 1923. Varð sjálfstæð landareign og eru merkin að vestan úr Svartagili í Netselslæk. Úr skotmannsvík/Skollavík við Ánavatn eru merkin í Rúnastein í Urðarhlíð.

- Góð silungsmið voru á móts við Netsel. - Í Háfsvötnum mun hafa verið geyslilega góð veiði fyrr á öldum. Hallveig [Guðjónsdóttir f. í Heiðarseli 11.05.1923) kannast við sagnir um að þar hafi fugl verið veiddur í háf. Mikið fuglalíf var þarna, t.d. mikið af öndum." Ö-Grunnavatn, 2.

**NM-131c:001** bæjarstæði Grunnavatn býli "Bærinn stóð sunnan við Netselslæk, en sá lækur rennur í gegnum Grunnavatn.
Ö-Grunnavatn

**NM-131c:002** tóftir Netsel sel

Netselslækur "rennur svo í Ánavatn rétt sunnan við tangann sem Netsel stóð á."SR 1979Ö-Grunnavatn, 2; SR Byggðaleifar, 91 Netsels er getið í sambandi við búferlaflutninga Þorsteins Jökuls í plágunni síðari á 15. öld. Á hann að hafa flutt fyrst að Dyngju í Arnardal og búið þar 2 ár, flutt svo ð Netseli og búið þar eitt ár áður en hann flutti aftur niður að Brú - HS Þættir, 8 sbr. Ö-Grunnavatn, 2. Um Þorstein jökul sjá Austra 4. ár, 68, 86-88 og Óðinn 5. ár, 20-21. Skv. Manntali 1816 (1947), 49 og 64 voru tvær systur í Múlasýslum fæddar á Netseli hvor sitt árið 1779 og 1780. "Á Netseli eru nú alls fimm rústir, ekki fjarri vatnsbakkanum. Nyrsta rústin er rétt sunan við lækjardrag. Nyrðri hluti hennar gæti verið undan fjárhúsi, en syðri hlutinn [er líkur selhúsunum á Múlakoti og Litlaseli á Brúardölum] Virðist þar um gamalt byggingarlag að ræða." Í þessari tóft virtist Ö-1362 vera í torfhnausum en gjóskulagið "a" frá seinni hl. 15. aldar lá samfellt yfir henni. "Vestan við nyrstu rústina er mjög sokkin rúst, ef til vill eldri og undan kvíum eða rétt. Sást óglögglega mót fyrir henni þarna í laufenginu. Fyrir vestan og sunnan þessa sokknu tóft eru svo rústirnar sem yngstar eru og skýrastar á Netseli og þar rétt fyrir sunnan tóft undan sérbyggðu húsi, heldur ekki mjög gömul. Syðst og næst vatninu er tóft sem vel gæti verið hróf eða undan húsi yfir bát til veið á vatninu."
SR Byggðaleifar, 91

## Möðrudalur (Heiðarsel) NM-131d

Býlið taldist byggt úr Brúarlandi og hófst búseta þar 1859. Bærinn fór í eyði 1946. Heiðarsel varð sérstök landareign á síðari hl. 19. aldar og var ein þeirra nýlenda austan Möðrudalsfjallgarðs sem gengu undan Möðrudal í landamerkjadeilu - HS Þættir, 59-60. Til mun vera uppdráttur af landareigninni með örnefnum. Svínabúðarlækur er á merkjum við Brú og úr lækjarkrók (Krók) (fremri) í (Möðruvalla) fjallgarð. Merkin við Grunnavatn eru úr Svartárgili í Netselslæk og með honum í Ánavatn Í túni: "Leikmór er út og upp af bæ. Þar léku börn sér oft. Neðanvið hann, í túni, er Hólbarð. Neðar, út við Grafninginn, er svonefnd Laut. Skott heitir út frá bænum, ræktun út úr túni." - "Litliflói er norðan við Krókavatn. Þar var heyjað. Vestan við hann er Kussuflói. Þar óx ljósaþykkja og stör. Heyið þaðan var notð fyrir kýr. Á að gizka 20. mín ferð var þaðan með heybandslest." - Hálsamýri "nær í gegnum Heiðarselsland, liggur næst norðan og vestan Heiðarselsöldu. Þar var fjölgresi, grávíðarræmur, votlendi með ljósaþykkju og starartjörnum og skjólsælum dysjum með krækjuberjalyngi. Þar var heyjað." "Heyjað var í Torfunum." - Í Matbrunnavatni mun haf verið mikil veiði fyrrum og var enn meðan býlið var í byggð.

**NM-131d:001** bæjarstæði Heiðarsel býli

"Heiðarsel stendur vestan við svokallaðan Poll, sem er við suðurenda Ánavatns."
Ö-Heiðarsel

**NM-131d:002** heimild beitarhús

"Heyjað var í Torfunum [meðfram Ánavatni, falleg laufi vaxin spilda] Fremst í þeim var beitarhús, á að gizka 20 mín gang frá bæ."
Ö-Heiðarsel

**NM-131d:003** varða leið

Fremst í [Torfunum] var beitarhús, á að gizka 20 mín gang frá bæ. Þar voru fjárgötur (neðri leiðin). Þéttar vörður voru við veginn."
Ö-Heiðarsel

**NM-131d:004** örnefni Ullarlækur

"lækurinn innan við bæ nefndist Ullarlækur. Efst í honum var svonefnd Buna. Hann rennur í djúpu gili og varða aldrei þurr. Stundum var sótt vatn í hann en oftast í brunn inn og niður af bæ. Þar var góð uppspretta. ... Þvottur var skolaður þar og silungur þveginn. Sömuleiðis var ull þvegin neðar úr læknum, þar sem gilið er dýpra.
Ö-Heiðarsel

**NM-131d:005** brunnur vatnsból

Stundum var sótt vatn í [Ullarlæk] en oftast í brunn inn og niður af bæ. Þar var góð uppspretta. "
Ö-Heiðarsel

**NM-131d:006** heimild kvíar

"Kvíar voru niður af bæ." - í túni
Ö-Heiðarsel

## Möðrudalur (Fagrakinn) NM-131e

Fagrakinn byggðist 1855 og fór að fullu í eyði 1886. Jörðin taldist byggð úr Möðrudalslandi þó vötnum sé hér farið að halla til Vopnafjarðar. Fögrukinnar er getið sem afbýlis frá Möðrudal 1861 og land þess hafði verið dæmt undir Möðrudal í tíð Sigurðar Jónssonar bónda [1842-74] en Sigurður Einarsson [1881-1916] tapaði því frá Möðrudal - HS Þættir, 59-60. Merki eru óljós en AG þykir ekki líklegt að landareignin hafi náð lengra í norður en að Banatorfum. Hofsá hefur væntanlega verið á austurmerkjum og suðurmerki við Kollseyra. Land þetta telst nú til Vopnafjarðarhrepps

Það mun hafa verið uppblástur á túni sem olli því að býlið fór í eyði, en uppblæstrinum mun að einhverju leyti hafa valdið vikurinn frá 1875

**NM-131e:001** bæjarstæði Fagrakinn býli

"Fagrakinn, sem nú er ekki nema blettur, er grænkar fyrr en annað, var lægsta býli heiðarinnar, skammt suðvestur frá Brunahvammi ... Bærinn stóð á horni vestan við Hofsá , skammt sunnar en Hölkná kom í hana að vestan. ... Landið suður frá bænum, sem hallar austur til Hofsár, er nú nefnt Kinnarland."
Ö-Fagrakinn

## Möðrudalur (Gestreiðarstaðir) NM-131f

Örn. er fornt og því væntanlega búskapur á þessum stað líka, en Gestreiðarstaðaháls er getið í landamerkjalýsingu Möðrudals frá 1408. Búskapur var hér 1844-1897 og var land Gestreiðarstaða fyrst dæmt undir Möðrudal en síðan var landamerkjaskráin frá 1408 dæmd falsbréf og landið þarmeð undan Möðrudal. Landið er aðeins örmjó spilda milli Gestreiðarstaðaháls og Gestreiðarstaðakvíslar - HS Þættir, 59-60. Talið afbýli frá Möðrudal 1861, NJÍ, 135.

**NM-131f:001** bæjarstæði Gestreiðarstaðir býli

"Bærinn stóð vestan við Gestreiðarstaðakvísl, austan undir allmikilli hálsbungu, sem heitir Gestreiðarstaðaháls"
Ö-Gestreiðarstaðir

### Víðidalur NM-132

Hjáleiga frá Möðrudal, líklega byggð eftir miðaldir. Byggð lagðist af ca 1710 en hófst að nýju 1762 - HS Þættir, 39. Landaskipti við Möðrudal voru gerð á 19. öld og liggja mörkin frá syðsta odda Lambafjalla við Jökulsá, þaðan bein lína yfir Grjót í ármót í Vatnsskarði þaðan með Skarðsá austur og norður fyrir Geldingafell og áfram með þeirri á upp á Langadal til upptaka en á vatnaskilum beygja merkin í hánorður og eru bein lína vestan við Þjóðfell í Selárbotna. (Skv korti Páls á Aðalbóli). Norðurmerki við Grímsstaði eru úr mynni Skarðsár við Jökulsá á Fjöllum og þaðan norður eftir hátindum Fremri og Ytri Grímsstaðanúpa í Biskupsöxl. Þaðam bein stefna í austur í Selárbotna.

"Yzt á túninu heitir Hvammur. Á barði framan við Hvamminn voru á öðrum tug aldarinnar heystæð. Það var nefnt Heytóttarhorn. Nú eru öll þau verksummerki horfin (sléttuð)." - Ö-Víðidalur, 7-8. Sjá Möðrudal um almenna landkosti. 1839: "Víðirdalur liggur út og suður. Austan við hann eru há fjöll og liggja til suðvesturs þegar komið er fram yfir Vegaskarð. Þau eru grasi vaxin nokkuð upp eftir að vestan, en lítið að austan ... Vestan við dalinn er lágur háls graslítill, er liggur fram af Biskupshálsi. Dalurinn er flatur í botninn og mikið sandblásinn, með nokkuð af torfulendi og melgresi til útbeitar, en út undir fjöllunum er flói sem heyjað er í." SSÞ, 226

**NM-132:001** bæjarhóll Víðidalur bústaður
**NM-132:002** bæjarstæði Sótastaðir býli
Austanmegin í Víðidal, sunnar en bærinn "... niður af Sótatindi, er brekka, sem heitir Klettabrekka. Þar rennur niður lækur, sem heitir Sótagróf, og við hann er, á jafnsléttu, æfafornt býli, sem hét Sótastaðir. Sér varla fyrir tóftum þar."
1839: "Í fornöld var þar býli sem hét Sótastaðir og er komið í sand fyrir marglöngu." SSÞ, 226
HS Þættir, 8; SSÞ, 226; Ö-Víðidalur, 4-5
**NM-132:003** örnefni Vegaskarð leið
skarð milli Veghnúks og Sandahnúks en um það liggur þjóðleiðin
Hkort; SSÞ, 226
1839: "Sá fjórði vegur frá Möðrudal liggur til útnorðurs [226] að Víðirdal, sem er næsti bær. Sá vegur liggur í gegnum fjöll eitt og skarð sem heitir Vegaskarð. Það er þriðji partur úr þingmannaleið að vegalengd og allt farið á söndum."
SSÞ, 225-26
**NM-132:004** varða Biskupsvörður samgöngubót
Neðan til í Biskupshálsi
1839: "Sá fjórði vegur frá Möðrudal liggur til útnorðurs [226] að Víðirdal, sem er næsti bær. Sá vegur liggur í gegnum fjöll eitt og skarð sem heitir Vegaskarð. ... Þaðan er löng bæjarleið að Grímsstöðum yfir háls einn mikið grýttan og heitir Biskupsháls. Neðan til í honum standa tvær vörður er heita Biskupsvörður. Þær eru stiftaskipti, fjórðungaskipti, sýsluskipti og hreppaskipti. Er þá komið í Þingeyjarsýslu og bæjarleiðin lítið styttri en hin fyrri."
SSÞ, 225-26
**NM-132:005** örnefni Fjárhúsmelur fjárhús
"Niður af Hádegistind er Fjárhúsmelur, of Sniðmelur er þar nær bæ."
Ö-Víðidalur, 5
**NM-132:006** heimild Beitarhúsafjall beitarhús
"Byttugil er hér vestan í fjöllunum. Þar norðar er há strýta. Þar utar heitir Kinnungar. En fjallið utan við Byttugil heitir Beitarhúsafjall."
"Upp af beitarhúsunum, sunnan við Kinnunga, er kvos, nefnd Beitarhúsabotn."
Ö-Víðidalur, 5, 7
**NM-132:007** örnefni Hesthúshóll hesthús
"Suður frá Hvamminum [sem er yst á túninu] eru hólar, sem hétu Fjárhúshóll og Hesthúshóll."
Ö-Víðidalur, 8
**NM-132:008** örnefni Fjárhúshóll fjárhús
"Suður frá Hvamminum [sem er yst á túninu] eru hólar, sem hétu Fjárhúshóll og Hesthúshóll."
Ö-Víðidalur, 8
**NM-132:009** heimild Stekkjarnes stekkur
"Framan við Hesthúshól voru rofbakkar, nefndir Börð, og ná þau að Stekkjarlæk, sem er smáælkur er rennur úr Hallinu, niður um Stekkjarnes í Víðidalsá. Þar á nesinu var stekkur."
Ö-Víðidalur, 8
**NM-132:010** heimild Myllulind mylla
"Innan við Stekkjarnesið er Myllulind, þar var kornmylla."
Ö-Víðidalur, 8
**NM-132:011** þjóðsaga Gunnuklettur
"Í Víðidalsfjöllum ... er skarð sem nefnist Vegaskarð. Þar kemur fram úr skriðunni, í hlíðinni öðrum megin skarðsins klöpp, klofin og skúti inn undir; hún heitir Gunnuklöpp." "Einu sinni fyrir langa löngu var ung stúlka á Sótastöðum, fremur en í Víðidal, sem átti vinfengi við karlmann í Möðrudal. Segja sumir, að það væri sjálfur presturinn. Stúlkan hét Guðrún. Hún átti af greindu ástæðum tíðförult í Möðrudal. Í einni slíkri ferð varða hún úti. Fannst lík hennar í skútanum undir klöppinni í Vegaskraðinu. Hefir klöppin borið nafn stúlkunnar síðan. / Guðrún fann ekki eilífðarró í ggröf sinni, sem oft ber við um menn, sem verða úti. Þóttust menn sjá svip hennar á reiki þar í skarðinu, helzt á undan hríðarveðrum, en engum gerði hún mein."
HS Þættir, 86

# Fljótsdalshreppur

### Þorgerðarstaðir NM-161

Þorgerðarstaðir voru Valþjófsstaðakirkjueign. Tunguá er á suðurmerkjum við afréttinn og síðan til norðurs um há-Þverfell í Marklæk sem rennur í Kelduá

**NM-161:002** tóftir Randalínusel sel
Randalínusel er norðan við Randalínulæk sem er utan við Stóralæk. "Það var frá Valþjófsstað og er kennt við Randalín, talið er, að hún hafi verið lögmannskon og að hún hafi skorið Valþjófsstaðahurðina."
Ö-Þorgerðarstaðir, 1

**NM-161:003** tóftir Stöppulsel sel
"Skammt utar á dalnum [en Randalínusel] er Stöppuklif, þar er Stöppusel, og í ánni þar er foss, sem heitir Stöppufoss."
Ö-Þorgerðarstaðir, 1
**NM-161:004** heimild Flötuskriðuvegur leið
Fyrir ofan Stórabás "er Flataskriða og liggur þar samnenfndur vegur, Flötuskriðuvegur, gamall heybandsvegur, ofan af Múlanum."
Ö-Þorgerðarstaðir, 1
**NM-161:005** tóftir Sveinssel sel
Klappargil er utan við Flötuskriðu og við það er Sveinssel
Ö-Þorgerðarstaðir, 2
**NM-161:006** heimild Hringsel sel
"Utan og neðan við Hnausana [sem eru í brekkunni sem Flötuskriðuvegur liggur um] er Hringsel og Hringselsgrund."
Ö-Þorgerðarstaðir, 2
**NM-161:007** heimild Dalshús beitarhús
"..Dalshús ... eru beitarhús frá Þorgerðarstöðum og standa gegnt bænum á Sturluflöt.
"Ö-Þorgerðarstaðir, 2

## Kleif NM-164

Kleif var eign Valþjófsstaðakirkju. Kleifará skiptir löndum við Egilsstaði en Öxará við afréttinn og Jökulsá að sunna. Stórilækur er hér látinn vera á hálendismörkum

**NM-164:002** heimild Ófærusel sel
"Utan við Ófæruna er Ófærusel. Þar var búið til forna. Reyndar er þetta ekki alveg rétt, næst utan við Ófæruna heitir Holt niður við ána. Þar utar er stór lækur, Ófæruselslækur, og þar utar er svo Ófæruselið. Og utan þess er mýri, sem heitir Ófæruselsmýri."
Ö-Kleif, 2
**NM-164:003** heimild Ytri-Garður vörslugarður
Utan Ófærusels "er Ytri-Garður, gamall vörzlugarður."
Ö-Kleif, 2

## Egilsstaðir NM-165

Egilstaðir voru eign Valþjófsstaðakirkju. Mörk við Kleif eru Kleifará en við Þuríðarstaði, Ytri-Þórisstaðalækur, Jökulsá að suðaustan. Hér telst aðeins til hálendisins sem er ofan við dalbrúnina

**NM-165:002** tóftir Lúðusel sel
"Þarna uppi [við Hrafnagil í Eyrarselsfjalli] er svo Lúðasel eða Lúðursel og Lúðaselsbotnar eru þarna ofan við Hrafnakletta, mitt á milli ánna [þ.e. Kleifará og Eyrarselsá]. Þar eru merki eftir selið." - "Upp af Hrafnaklettum eru botnar í fjallinu, kallaðir Lúðaselsbotnar, þar eru fornr selrústir, kallaðar Lúðasel eða Lúðursel."
Ö-Egilsstaðir, 1, 4
**NM-165:003** varða Sölvavarða
"Þar norður á heiðinni, á smáöldu, er Sölvavarðaa, skammt frá Kleifaránni, talið er að þar hafi maður orðið úti."
Ö-Egilsstaðir, 1-2, 5 Maðurinn á að hafa orðið úti þarna litlu fyrir 1800
**NM-165:004** heimild Vegamelur leið
"Utan við Hesthjalla [ofan við Egilsstaði] var heybandsvegur og fjárgötur til heiðar, þar heitir Vegamelur."
Ö-Egilsstaðir, 6

## Suðurfell-Villingadalur NM-167b

Fyrrum eign Valþjófsstaðakirkju en nú hreppsins. Þetta svæði afmarkast af Kelduá að vestan en sýslumörkum að vestan. Innr-Þverá sem rennur í Strútsá innan við Strútsfossinn er á merkjum milli afréttar og Sturluflatar

**NM-167b:001** heimild Prestssel sel
Sunnan við Kelduá en gegnt þessum stað Þorgerðarstaðameginn er Prestselsgrund
Ö-Þorgerðarstaðir, 2. í aths. við lýsinguna segir að um Prestssel séu engin merki og að talið sé að það hafi verið sunnan við Keldá en að það sé horfið sem örnefni
**NM-167b:002** heimild Fellshús beitarhús
"Skagi heitir þar sem mætast austur- og vesturbrekkur [Kiðufells] ... Neðan við Skagann, rétt inn við Fellsá, eu beitarhús, Fellshús
Ö-Suðurfell, 2
**NM-167b:003** tóftir Broddasel sel
"Svo eru Broddaselsbotnar á hlíðinni, mitt milli Fellsár og Sauðár, þr sjást illa rústir."
Ö-Suðurfell, 2

## Valþjófsstaður (Múlinn) NM-167c

Múlinn er svæðið milli Jökulsár og Kelduár og tilheyrði það Valþjófsstðakirkju en er nú afréttarland jarðanna sem eru á milli ánna (Þorgerðarstaðir, Arnaldsstaðir, Múli og Glúmsstaðir. Mörk við heimalönd eru Ytri-Snikilsá að vestan en Tunguá að austan. Frá tunguá ræður Kelduá þar til Fremri- (Innri-) Sauðá rennur í hana og svo með henni að Sauðárvatni svi um Víðidalsvörp og sýslumörk um Geldingafell í Vatnajökul

**NM-167c:001** þjóðsaga Ragnaborg
Milli Innri- og Ytri Heiðarár "er allhá og áberandi borg, sem heitir Ragnaborg, þangað á einhver að hfa farið til að blóta goðin."
Ö-Múlinn, 1

**NM-167c:002** heimild Tungufellskofi sæluhús
"Skammt ofan ármótanna (Tunguár og Kelduár) er foss í Kelduá, en Tungufellskofi (aflagður) er utn við ána."
Ö-Múlinn, 2
**NM-167c:003** heimild Sjónarhólskofi sæluhús
"... í sunnanverðum Heiðarbug er Sjónarhólskofi (aflagður) á Sjónarhól. Skammt þar sunnar kemur kvísl í Kelduá, er heitir Folakvísl. Hún rennur alveg við kofann og kemur úr stöðuvatni þarna á söndunum, Folavatni."
Ö-Múlinn, 2
**NM-167c:004** heimild Bergkvíslarkofi sæluhús
"Vestan við Múlahraun heita Eyjabakkar, og sunnan þeirra er Bergkvíslarkofi við Bergkvíslar, sem hér falla vestur í Jökulsá."
Ö-Múlinn, 2
**NM-167c:005** örnefni Þingvöllur
Í tunguoddinum milli Innri-Sauðár og Kelduár "heitir Þingvöllur, dregur nafn af því, að þar er skipt í leitir."
Ö-Múlinn, 2
**NM-167c:006** heimild Dýjasel bústaður/sel
"Í Ytra-Dýjafelli (Milli Ytri- og Innri-Snikilsár) er talið, að hafi verið eyðibýli, sem hét Dýjasel eða Dýjakot."
Ö-Múlinn, 4 "Þjóðsaga segir, að síðasti ábúandi hafi heitið Þórður, og samkvæmt sögunni var hann myrtur í kaupstaðarferð 1701" Sagan er í Syndir feðranna, Reykjavík 1970.
**NM-167c:007** heimild Hrakstrandarkofi sæluhús
"Svæðið suðvestan við Innri-Heiðará meðfram Jökulsá heitir Hrakströnd (Hraksíða á Hkorti). Þar var áður kofi, nefndur Hrakstrandarkofi, aflagður."
Ö-Múlinn, 5
**NM-167c:008** varða Tvívarðaa samgöngubót
"Á Víðidalsvörpum er varðaa, sem heitir Tvívarðaa eða Klofnavarðaa."
Ö-Múlinn, 6

## Valþjófsstaður (undir Fellum) NM-167d

Afréttarsvæði austan við Vesturöræfi og vestan við Jökulsá í Fljótsdal og eru mörk við heimalönd um Stóralækþ Svæðið tilheyrði Valþjófsstaðakirkju

**NM-167d:001** örnefni Þrælaháls
"Beint norður af Axarárvötnum er Þrælaháls. Sunnan við hann er Bræðraalda.
"Ö-undir Fellum, 2
**NM-167d:002** heimild Laugakofi sæluhús
"Laugafell ... er inn og upp af Laugakofa, sem er leitarmannakofi innan við ána. Þar er einnig heit laug, nefnd Lind, hún er 40-50 gr. heit."
Ö-undir Fellum, 2
**NM-167d:003** heimild Hálskofi sæluhús
"Nokkuð framan við [Sæfells]nesið er leitarmannakofi, sem heitir Hálskofi."
Ö-undir Fellum, 3
**NM-167d:004** örnefni Þjófadalur
"Snæfellsháls endar við svonefndan Þjófadal. Mýrlendið þar niður af heitir Þjófagilsflói og um hann rennur Þjófagilsá. Þar upp af er svo Þjófadalurinn. Áin kemur upp í Snæfelli og rennur í bugðu mikilli. Þjófahnúkar heita hnúkarnir innan við Þjófagilsá. Þjófadalurinn, þar sem göngumenn fara vestur á sandinn, er mesta þrengslaskora. Þetta eru fjórir hnúkar í tvísettri röð." - SV í Snæfelli er gjá eða hvilft kölluð Þjófabæli."
Ö-undir Fellum, 4, 5

## Valþjófsstaður (Vesturöræfi) NM-167e

Vesturöræfi tilheyrðu Valþjófsstaðakirkju. Þau eru vestan við Snæfell-Sauðafell-Þrælaháls og austan við Jökulsá á Brú. Þau ná norður að suðurmerkjum Aðalbóls sem eru lína úr Jökulsá réttsýnis í austur í ármót Glúmsstaðaselsár og Þuríðarstaðadaslár og áfram í sömu stefnu í Hölkná. Þá upp með Hölkná að Aðalbólsvegi en fyrir norðan hann er Rani "Vesturöræfi frá norðurmörkum austur á Þuríðarstaðadalsbrúnir oh Hnúka (Grjótárhnúk, Langahnúk og Sauðahnúk) og suður undir Háöldur, má heita að sé algróið land. Mjög gott beitiland sauðkindum og hreindýrum og þó sérstaklega hálsinn, þar sem hreindýrskýrnar bera. En landið sunnan og austan þessa hrings er aftur hrjóstrugra, nema í Nýjahrauni, þar eru komnir töluverðir grasgeirar, þar sem dökkgræn sandtaðan og jökulpuntuinn eru að gera það land að nytjalandi." Ö-Vesturöræfi, 5

**NM-167e:001** örnefni Dysjará
Dysjará rennur um Dysjarárdal í Jökulsá á Brú
Ö-Vesturöræfi, 1 Á Hkorti er þetta örn haft Desjará
**NM-167e:002** heimild Sauðakofi sæluhús
"Rétt við syðri enda Kofaöldu er Sauðakofi og stendur við Sauðá."
Ö-Vesturöræfi, 2
**NM-167e:003** tóftir Glúmsstaðasel sel Friðlýstar minjar.
"Vestan megin Glúmsstaðadalsár, rétt vestan við Tungusporðinn, er Glúmsstaðasel. Þar var fyrr meir haft í seli frá Glúmsstöðum í Fljótsdal." Glúmsstaðsel er nær beint austur og niður af Búrfelli þar sem það er hæst

Á Glúmsstaðaseli eru volgrur eins og á Laugarhúsum - suður undan einni syðstu tóftinni virðit seytla vatn úr tveimur lindum. Austur og norður frá grasbalanum er lækjargrafningur, mikið til gróinn að norðan, en talsvert rof er í honum að austan. Í grafningnum er lækur og volg uppspretta

"Tætturnar frá þessum seljum sjást greinilega enn." Memorial frá Pétri Þorsteinssyni sýslumanni og Hjörleifi Þórðarsyni 1778: "... da en Iord I ... Fliótzdal Sysselmanden Peter Thorstenssen tilhórende Kaldes Glumstader, saa Kaldes og saa en liden afdal, ..., Glumstade Dal, og deri værende Sætterboel Glumstade Sæl, som efter Situationen samt navnetz anvisning, sluttes at Have været I gamle tiider paa samme maade et Pertinent til bemeldte Iord Glumstader, ..." pr. í SB Byggðaleifar, 22. Byggð hafði verið reynd í Glúmsstaðaseli nokkru áður því að þegar byggt var á Aðalbóli 1775 lét presturinn á Valþjófsstað flytja viði þangað m.a. frá Glúmsstaðseli og voru viðir þaðan einnig notaðir til uppbyggingar Vaðbrekkubæjarins 1770x73. Páll segir sjálfur 1781: "... ég hefi gjört stóran kostnað upp ´Hrafnkelsdal og

látið þar byggja þrjá bæi (af hvörjum einn er þó aftur lagður í eyði vegna harðinda plássins) ..." og mun þar átt við Glúmsstaðsel. - SR Byggðaleifar, 19-20. SR telur mögulegt að fleira geti hafa komið til því Pétur Þorsteinsson sýslumaður gerði einnig tilkall til að eiga Glúmsstaðasel þar sem hann var eigandi Glúmsstaða í Fljótsdal. Mun hann ekki hafa haft aðrar heimildir fyrir því en örnefnið og virðist ekki hafa orðið neitt ágengt með þessa landakröfu. Sigurður Gunnarsson skrifar 1872 að neðst í Glúmsstaðadal sé fornbýli er Sámsstaðir heiti "Þar sýnit hafa verið stórhýst. Sér enn menjar 12 húsatópta." StSÍ II; 455. Kaalund tekur undir þetta er hann sá yfir í Glúmsstaðadal 1873 tóftir af Glúmsstaðaseli á lítill grasflöt út að ánni "her boede ifölge tradition Sam fordum." Aðrir nefna ýmist Glúmsstaðsel eða Sámsstaði og virðist síðara nafið tilbúningur frá 19. öld - SR Byggðaleifar, 66. Bruun virðist einn hafa rannsakað minjarnar og gerði hann af þeim uppdrátt er hann var á ferð 1901. Hann telur að tóftaþyrpingin með flest hólfin hafi verið mannabústaður og felst SR á það en uppdráttur hans er í aðalatriðum líkur Bruuns. SR telur að hinar tóftirnar, sem eru 7 talsins, séu líklega útihús. Margar af tóftunum eru skýrar og greinilegar. Í rofabarði sem tóftaþyrpingin sem talin er vera mannabústaður stendur út á sást Ö-1362 í hnausum en undir hleðslunni var H-1158 jafnfallið og óhreyft en undir því voru jarðlög hreyfð af mannavöldum. Yfir tóftinni sem er næst fyrir norðan (nr. 7 hjá Bruun) reyndist "a" lagið vera ofan á hleðslunum og rústin því frá 15. öld eða fyrr.

Ö-Vesturöræfi, 2; SR Byggðaleifar, 19-20, 22; 66-68

**NM-167e:004** tóftir Þuríðarstaðasel sel

"Austan við ármótin er Þuríðarstaðsel og var nytjað frá Þuríðarstöðum í Fljótsdal." Syðst í Hrafnkelsdal undir mynni Þuríðarstaðadals austan Þuríðarstaðadalsár gegnt Tungusporði þar sem Þuríðarstaðardalsá og Glúmsstaðadalsá koma saman og mynda Hrafnkelu. Seltóftirnar eru nær beint vestur og niður af Kálfafelli fremra þar sem það er hæst.

"Tætturnar frá þessum seljum sjást greinilega enn." Memorial frá Pétri Þorsteinssyni sýslumanni og Hjörleifi Þórðarsyni 1778: "Og da en af bemeldte Waltiófstaders Kirke Iorder I Fliotzdalen Kaldes Turijdarstader, Saa Kaldes og saa et Forladt Sætterboel Turijderstadesæl og Platzen hvor den staaer som er en liden a parte afhængig Dal Fra Rafnkeldsdalen, Turijderstadedal;" pr í SR Byggðaleifar, 22. Selsins og rústanna er víða getið í ritum á 19. öld og telja sumir að þar hafi verið eyðibýli - SR Byggðaleifar, 66. SR sýnir á uppdrætti sýnum 11 tóftir og tóftaþyrpingar stórar og smáar á mjóu svæði milli tveggja gróinna lækjardraga eða farvegsgrafninga sem liggja uþb frá N til S. Norðan og neðan við tóftirnar er bogadreginn túngarður mjög sokkinn í jörðu milli lækjardraganna. Í hann var grafin hola og reyndist hleðslan vera undir H-1158 gjóskunni óhreyfðri. Næst garðinum eru tvær tóftaþyrpingar og telur SR að sú esytri sé af kvíum en hin vestari af mannabústað. Hola var grafin í þær síðarnefndu og reyndist Ö-1362 vera þar í hnausum. "Annars gætu byggðaleifar þessar verið frá ýmsum tímum og líklega eru þær margar frá miðöldum. Syðsta tóftin er mjög niðurgrafin og skýr og virðist vera fjárhústóft með hlöðutóft við gaflinn."

Ö-Vesturöræfi, 2; SR Byggðaleifar, 66

**NM-167e:005** varða Einarsvarða

"Norður af suðurmörkum Þuríðarstaðadals er Einarsvarðaa og Einarsdys. Þar á að vera heygður Einar smali frá Aðalbóli, sá er Hrafnkell drap."Ö-Vesturöræfi, 4; SR Byggðaleifar, 68-71 Skv. Hrafnkels sögu var Grjótteigssel nálægt Grjótárgili og var Einar smalamaður dysjaður á hjalla vestur frá selinu og varðaa reist þar hjá dysinni og var þaðan haldinn miður aftan frá selinu. Enn er bent á Einarsvörðu vestur af Þuríðarstaðadalsá skammt frá ármótum hennar og Grjót´r og Grjótteigsár. 'Varðaan' er frostsprungið stórgrýtishrúgald og fuglaþúfa efst og ber þetta mjög hátt á mjög stóru væði í kring. Sigurður Gunnarsson segir 1872 ð engar selsmenjar séu þarna sjáanlegar og kunni þar að vera uppblæstri um að kenna. Kaalund kom á þennan stað 1873 og minnist á 'tomter af Grjótteigssel' en lýsir þeim ekki og telur SR mögulegt að hann hafi farið eftir frásögn annarra. Í sóknarlýsingu frá 1874 segir: "Við Grjóta, sem áður er nefnd sjást tóftabrot, sem kallað er Grjótársel. Þar átti Hrafnkell Freysgoði að hafa haft selför ..." SSM; Bruun segir hinsvegar og hefur eftir Elíasi á Aðalbóli að engar leifar séu af selinu og er það staðfest af SR sem þaulleitaði svæðið bæði úr lofti og á landi. - SR Byggðaleifar, 68-71SR B, 70

**NM-167e:006** þjóðsaga Herjólfshaugur

"Við Herjólfsdrag [lækur sem fellur í Sauðá] er einstakur melkollur, sem heitir Herjólfshaugur (dys)." á Hkorti er þetta merkt sem Herjólfshólar.

"Herjólfshaugur er steinahvirfing efst á þurri jökulöldu og sést víða að á öræfunum. Steinarnir eru misjafnir að gerð og lögun og gætu verið fluttir á þennan stað af mönnum. Væri þetta þá leifar mannvirkis, vörðu eða þess háttar." SR Byggðaleifar, 72 Sigurður Gunnarsson getur haugsins 1872: "... þar sem mælt er að Herjólfur úr Fljótsdal, bróðir Herjólfs, er nam Herjólfsvík, hafi fallið fyrir Eiríki á Eiríksstöðum á Jökuldal. Heitir þar enn Herjólfshaugur." StSÍ II, 456 - einnig FF, 35. Í sóknarlýsingu frá 1874 segir: "Á Vesturöræfum skammt fyrir norðan Grjótárhnjúkinn er nefndur Herjólfshaugur, þar er Herjólfur féll, en menn hans flýðu austur um heiði, en náðust og voru drepnir hjá Þrælahálsi..." SSM; Skv Sigfúsi Sigfússyni reis deila um Vesturöræfi milli Jökuldælinga og Herjólfs og hafi þeir orðið ásáttir um að semja um málið þar sem heitir Tunga á öræfunum. Jökuldælingar komu fleiri til fundarins og felldur þræla Herjólfs á Þrælahálsi en Herjólf sjálfan og menn hans á Tungunni. "Er hann þar heygður með mönnum sínum austur í Tungunni við dragið. Heitir þar síðan Herjúlfshaugur og Herjúlfsdrag, og er það skammt vestur frá dys Einars Þorbjarnarsonar, er Hrafnkell vá." ÞSS; Ö-Vesturöræfi, 4; SR Byggðaleifar, 71-72

## Valþjófsstaður (Miðheiði-Rani) NM-167f

Suðurendi Fljótsdalsheiðar tilheyrði Valþjófsstöðum. Það er svæðið vestan við heimalönd í Fljótsdal en austan við Hölkná. Að sunnan skiptir Aðabólsvegur afréttum en Vesturöræfi sem eru þar fyrir sunnan tilheyrðu einnig Valþjófsstaðakirkju (NM-167e) en að norðan ræður lína úr ármótum Hölknár og Jökulsár í tind nyrst í Eyvindarfjöllum og þaðan sjónhending austur í Gilsárvötn norðarlega - Ö-Rani, 5 segir að við Fremri-Vegakvísl séu landamerki afréttarlanda Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar

**NM-167f:001** heimild Ranakofi sæluhús

Milli Ytra- og Fremra Eyvindarfjalls er Fjllaskarð. "þar er göngumannakofi kallaður Ranakofi."

Ö-Rani

**NM-167f:002** heimild Eyindartorfa

"Í Fremra-Eyvindarfjalli er blásin roftorfa, sem heitir Eyvindartorfa."

Ö-Rani, 4 sbr. Hrafnkelssögu

**NM-167f:003** heimild Laukbarð náttstaður

"Í Fremra-Eyvindarfjalli er áningarstaður göngumanna, kallaður Laukbarð, mun ekki vera gamalt nafn."

Ö-Rani, 4

**NM-167f:004** örnefni Kofaalda

Kofaalda er hæð nálægt Miðheiði, þar sem Aðalbólsvegur liggur yfir Þórisstaðakvísl

Ö-Rani, 5

## Skriðuklaustur (Rani) NM-169b

Rani er svæðið milli Eyvindarár að austan, Jökulsár að norðan og Hölknár að vestan. Sitthvorumegin Hölknár tilheyrði Valþjófsstaðakirkju en austan við línu sem lá úr ármótum Hölknár og Jökulsár í tind norðarlega í Eyvindarfjöllum og þaðan sjónhending í austur í Gilsárvötn norðarlega. Austurmerki voru Eyvindrá þangað til Klapparlækur rennur í hana en þaðan sjónhending (eða því sem næst) austur í kvíslina sem rennur í Gilsárvötn og svo með henni í nyrsta vatnið. Ö-Rani, 4-5: Klapparlækur er á merkjum afréttarlands Skriðuklausturs og Stuðlafoss en Fremri Vegakvísl skiptir afréttarlöndum Skriðuklasuturs og Valþjófsstaða

**NM-169:001** bæjarstæði Brattagerði býli
"Ranasporður heitir, þa sem þær koma saman Jökulsá og Eyvindará, nokkuð þar sunnar með Jökulsá er eyðibýlið Brattagerði."
Ö-Rani, 1, 3 Býlið fór í eyði 1875 og er nú þar göngumannaskáli Fljótsdælinga
**NM-169:002** heimild Húsahvammur beitarhús
" ... upp með Eyvindará, ... er ofan við efsta gilið Húsahvammur. Í Húsahvammi voru beitarhús frá Brattagerði, þar upp af var nefnt Kinn. Á því svæði tók aldrei fyrir beit."
Ö-Rani, 1, 3
**NM-169:003** bæjarstæði Þorskagerði býli
"Nokkuð innar [en Skakkagil, rétt utan við Sauðá] er svo, við Jökulsá, annað eyðibýli, Þorskagerði." - gegnt Eiríksstöðum.
Ö-Rani, 1 Fór í eyði 1875
**NM-169:004** tóftaþyrping + garður í Mógilshálsi bústaður/sel
Tóftir eru undir háum mel upp með Hölkná að austanverðu. Mun hafa verið í landi Brattagerðis
SV kom hér og lýsir rústum fornbýlis. Rústirnar eru í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar undir nafninu Mógil. SR rannsakaði minjarnr 1980 og gerði af þeim uppdrátt. Um er að ræða aflanga tóft sem skiptist í 4 hólf hvert af annars enda. SV við tóftþyrpingu þessa er garðspotti. SR lýsir tóftunum ekki. Borað var í tóftina og leiddi það í ljós að H 1158 lá jafnfallið talsvert yfir viðarkolabornu gólflagi og telur SR að hér sé því ævaforn mannabústaður - SR Byggðaleifar, 42. SR lýsir ekki hverning borunin fór fram og er því erfitt að sjá hvernig hægt hefur verið að greina að gjóskulagið hafi verið jafnfallið.
Árb 1893, 45; SR Byggðaleifar, 42

# Suður Múlasýsla

## Beruneshreppur

### Fossárdalur SM-213
Hjáleiga frá Berufirði og Berufjarðarkirkjueign.

**SM-213:002** Líkárvatn þjóðsaga
Líkárvatn er upptakavatn Fossár og er í því hólmi. "Við það vatn er tengd sú munnmælasaga, að eitt sinn hafi tveir menn verið að veiða silung í vatninu á bát. Hólmi er í vatninu og þangað áttu mennirnir að hafa farið á bátnum, en misst hann frá sér og hlotið hinn ömurlegasta dauðdaga í hólmanum."
Ö-Hamar, 2

### Berufjörður SM-215
Kirkjustaður. Heimajörðin á allan Berufjarðardal utan frá Svarthamarslæk og um miðjan Arnarbólshjalla að sunnan. Urðarteigur, Fossárdalur, Eiríksstaðir og Kelduskógur voru eign kirkjunnar í Berufirði og hafa sennilega skipst úr upphaflegu heimalandi.

**SM-215:003** Axarvegur heimild um leið
"Skarðið, sem er fyrir innan [Flögutind og Grýlutind] heitir Berufjarðarskarð. Um það lá þjóðleiðin og var býsna fjölfarin fram að bílaöldinni." - "Úr Berufjarðardal liggur gamall vegur - nú að nokkru endurbættur - yfir í Skriðdal. Það er kallað að fara Öxi, Axarveg eða jafnvel Axarheiði áður fyrr. Þegar Héraðsmenn fóru kaupstaðarferðir á Djúpavog fóru þeir Öxi. En af Axarvegi lágu götur upp Merkjahrygg, yfir mjótt sund í Ódáðavötnum, síðan um Búðatungur, Hornbrynjuslakka og ofan í Fljótsdal. Þessa leið fóru Fljótsdælingar. Enn má sjá gömlu göturnar upp Merkjahrygginn og nú heur verið ruddur vegur upp hrygginn vegna stíflugerðar í Ódáðavötnum."
Ö-Berufjörður, 1, 8-9
**SM-215:004** Smjörkollavarða landamerki
"Efstu bugar á Hrauninu eru nú kallaðar Smjörkollar. Gamlir menn sögðu að á neðsta ásnum hafi verið varða, sem kölluð var Smjörkolla, á landamerkjabréfi Smjörvarða eða Beinsvarða."
Ö-Berufjörður, 8
**SM-215:005** Þrívörðuháls örnefni
"Utan við Merkjahrygg er Þrívörðuháls, en þar hallar fyrst að marki suður af."
Ö-Berufjörður, 9
**SM-215:006** heimild um sæluhús
Á Hkorti er merktur kofi í Vínárnesi rétt framan við Ytri-Víná austan við Berufjarðará. Kofans er ekki getið í örnefnalýsingu.
Hkort, 105

## Geithellnahreppur

### Vesturhús SM-242
Veturhús eiga land milli Steinár og Hraungils norðanmegin á Hamarsdal. Í eyði frá 1946.

**SM-242:002** Leiðargil örnefni
Leiðargil rennur í Hamarsá milli Hæðafjalls og Sjónarhrauns framarlega í Veturhúsalandi. Á Hkorti er örn. Leiðarhvammur framan við Leiðargil
Ö-Veturhús, 1; Hkort 105; Ö-Hamar, 2

**SM-242:003** Sel tóftir sel
Í örnefnaskrá eru talin örnefnin Selfjall, Selhlíð og Sel framan við Karfagil. Þetta er um 2 km utan við hálendismörk. "Skammt utan við Leirhálsinn er Selið, er það gamalt sel frá Veturhúsum, þar eru gamlar tættur. Fjárrétt var byggð þar fyrir nokkrum árum." - "Innan við [Karfagilsá] er Sel og Selhlíð. Í henni er nokkuð skógarkjarr. Einnig er þar dálítill bali og á hnum tóftir ..."
Ö-Veturhús, 1; Ö-Hamar, 3; Ö-Hamarsdalur, 10

## Melrakkanes (Afrétt)
Bragðavellir voru hjáleiga frá Melrakkanesi á sunnanverðum Hamarsdal og nær heimaland þeirra að Gufugili sem fellur ofan á Kálfaura utarlega. Þar framan við er sameiginleg afrétt Melrakkaness og Bragðavalla

**SM-243b:001** heimild sæluhús
Á Hkorti er sýndur kofi í tungunni milli Leirdalsár og Hamarsár undir Afréttarfjalli
Hkort 105

## Geithellur SM-245
Geithellum fylgir allur Geithellnadalur norðan Geithellnaár
**SM-245:002** Þormóðshvammar bæjarstæði býli
"Utan við Sunnubuska er [áin] Sunna og fellur úr Þrándarjökli. Neðan við Sunnusbuskann er Hvannavallagljúfur. Þar er stokkið yfir ána. Utan við hana eru Sunnuásar ... Þar taka við Þormóðshvammar. Fyrst er Innstihvammur, þar eru tóttir af gömlu býli, er hét Þormóðshvammar og var síðast byggt 1885. Ofan við túnið eru Ytri- og Innrihjalli. Í gegnum gamla túnið fellur Bæjarlækur."
Ö-Geithellur, 2
**SM-245:003** heimild rétt
"Upp af Háás er Steinahjalli, en neðst í ásnum er fjárrétt milli tveggja kletta, og inn af henni Háásnes."
Ö-Geithellur, 3
**SM-245:004** heimild brú
"Niður af Sunnuásum er Brúargljúfur. Þar var áin brúuð með plönkum af bændum á Hvannavöllum og Hvömmum."
Ö-Geithellur, 3

## Múli SM-247
Múli á allan Múladal (Sunnan Geithellnaár) frá Álftafirði og að sýslumörkum á Hrauni. Hjáleigan Hvannavellir byggðist 1840 og fór í eyði 1883 (SM-248)

**SM-247:002** heimild fjárskýli
"Við innsta-Rana eru leifar af gömlu Fjárbyrgi, upp við klett, fyrir ofan Rananes."
Ö-Múli, 19
**SM-247:003** Ræningjalágar tóft útilegumannabústaður
"Fyrir innan Múlaskjól [sem er innan við Innri-Skálahvamm á hálendismörkunum] eru Ræningjalágar, venjulega kallaðar Lágar. Þær skiptast í Ytrilág og Innrilág. ... Innst í Innriláginni er Þjófaklettur. Þar eru leifar af byrgi, sem þjófar áttu að vera í." - "Í Innri-Ræningjalág er Þjófaklettur; þar eru leifar af byrgi, sem þjófar eða ræningjar áttu að vera í."
Ö-Múli, 20; AV, 2

## Hvannavellir SM-248
Hjáleiga frá Múla, byggð 1840 til 1883.

**SM-248:001** bæjarhóll bústaður
"Hvannavellir eru innan við Hólinn og vannavallahjalla. Með Hólnum fellur Stórilækur ... Hvannavellir eru vel þurrir bakkar næst tóttunum með lægðum á milli. Tætturnar eru innan við Stóralæk, neðarlega. Þar má nefna Bæjartættur ..."
Ö-Múli, 21
**SM-248:002** Brunnhús heimild brunnur
"Hvannavellir eru innan við Hólinn og vannavallahjalla. Með Hólnum fellur Stórilækur ... Tætturnar eru innan við Stóralæk, neðarlega. Þar má nefna ... Brunnhústótt ..."
Ö-Múli, 21
**SM-248:003** Hesthústótt tóft hesthús
"Hvannavellir eru innan við Hólinn og vannavallahjalla. Með Hólnum fellur Stórilækur ... Tætturnar eru innan við Stóralæk, neðarlega. Þar má nefna ... Hesthústótt ..."
Ö-Múli, 21
**SM-248:004** Fjárrétt tóft rétt
"Hvannavellir eru innan við Hólinn og vannavallahjalla. Með Hólnum fellur Stórilækur ... Tætturnar eru innan við Stóralæk, neðarlega. Þar má nefna ... Fjárrétt ..."
Ö-Múli, 21
**SM-248:005** tóft fjárhús
"Hvannavellir eru innan við Hólinn og vannavallahjalla. Með Hólnum fellur Stórilækur ... Tætturnar eru innan við Stóralæk, neðarlega. Þar má nefna ... Fjárhústættur á þremur stöðum ..."
Ö-Múli, 21-22
**SM-248:006** tóft fjárhús
"Hvannavellir eru innan við Hólinn og vannavallahjalla. Með Hólnum fellur Stórilækur ... Tætturnar eru innan við Stóralæk, neðarlega. Þar má nefna ... Fjárhústættur á þremur stöðum ..."
Ö-Múli, 21-22
**SM-248:007** tóft fjárhús
"Hvannavellir eru innan við Hólinn og vannavallahjalla. Með Hólnum fellur Stórilækur ... Tætturnar eru innan við Stóralæk, neðarlega. Þar má nefna ... Fjárhústættur á þremur stöðum ..."

Ö-Múli, 21-22

**SM-248:008** tóft bústaður

"Hvannavellir eru innan við Hólinn og vannavallahjalla. Með Hólnum fellur Stórilækur ... Tætturnar eru innan við Stóralæk, neðarlega. Þar má nefna ... Fjárhústættur á þremur stöðum og Tótt inn við Brekkur, og mun sú tótt elzt og þar var byggt fyrsta húsið og var það til bráðabirgða, á meðan öðrum húsum var komið upp, og búið í því."

Ö-Múli, 21-22

**SM-248:009** Fjárrétt heimild rétt

"Fjárrétt var í Hvannavallaglúfri."

Ö-Múli, 21

**SM-248:010** heimild stekkur

"Stekkur var í Hvannavallahólum; um hann var ruddur vegur á Hvannavelli."

Ö-Múli, 21

**SM-248:011** heimild stekkur

"Hvannavellir eru innan við Hólinn og Hvannavallahjalla. Með Hólnum fellur Stórilækur, sem kemur utan úr Stakkatúni, sem var yzt á Hvannavöllum, og ofan úr Stóragili. Í Stekkatúni var Stekkur."

Ö-Múli, 21

**SM-248:012** Fjárhellir hellir fjárskýli

"Í [Mýrarhjallagili] er Fjárhellir."

Ö-Múli, 22

**SM-248:013** tóft smalakofi

"Inn frá Stóragili er Hrossahjalli ... Utan til á Hrossahjalla og oferlega er Smalatótt á kletti."

Ö-Múli, 22

## Hof SM-250

Kirkjustaður. Hærukollsnes, Tunguhlíð, Markúsarsel og Flugustaðir voru eign kirkjunnar á Hofi en Rannveigarstaðir og Bessastaðir hjáleigur. Heimajörð er frá merkjum við Rannveigarstaði og norðan Hofsár að sýslumörkum.

**SM-250:003** Nautagarður garðlag vörslugarður

"Fyrir utan Djúpadalshæðir er Djúpidalur; hann nær út að Nautagili. Nautagarður er utan við Nautagilið."

Ö-Hof, 1

# HEIMILDASKRÁ

Adolf Friðriksson: *Skrá um hofminjar á Austurlandi*, Reykjvík 1992 [hdr]

Angantýr H. Hjálmarsson: *Laugafellsöræfi* [hdr]

Arnór Sigurjónsson: 'Ágrip af gróðursögu landsins til 1880.' *Sandgræðslan 50 ára*, Reykjavík 1958, 5-40.

Austurland i-

Árni Magnússon: *Chorographica Islandica*, (Safn til sögu Íslands, 2. Flokkur), Reykjavík 1955.

**BAS:** *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* I, Reykjavík 1971.

**BB:** Byggðir Borgarfjarðar

**BBSÞ**: *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, Húsavík 1986.

**BE:** Byggðir Eyjafjarðar I-II

**BE 1990:** *Byggðir Eyjafjarðar* I-II, Akureyri 1990.

Benedikt Gíslason: 'Eiríksstaðir á Jökuldal.' *Múlaþing* 6 (1971), 1-18.

Bergbúa þáttur, *Íslenzk fornrit* XIII, Þórhallur Vilmundarson gaf út, Reykjavík 1991.

Bjarni F. Einarsson: *The Settlement of Iceland; A Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage,* Gothenburg 1994.

Björn Th. Björnsson: *Þingvellir. Staðir og leiðir*, Reykjavík 1984.

Björn Gunnlaugsson: 'Um stöðvar útilegumanna.' *Íslendingur* 1 (1861).

Björn Hróarsson : *Hraunhellar á Íslandi*, Reykjavík.

Björn Sigfússon: *Saga Þingeyinga til loka þjóðveldisaldar*, (Ritsafn Þingeyinga I), Reykjavík 1946.

Bruun, Daniel: 'Nokkrar eyðibyggðir í Árnessýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal.' *Árbók 1898*, Fylgirit, 49-77.

Bruun, Daniel: 'Ved Vatna Jökulls Nordrand.' *Geografik tidskrift* 16 (1902):

Bruun, Daniel: 'Nokkrar dysjar frá heiðni.' *Árbók 1903*: 17-28.

Bruun, Daniel: Fjældveje gennem Islands indre Höjland (Turistruter paa Island IV): 140-42 ATH

Bruun, Daniel: *Fortidsminder og nutidshjem paa Island*, [2. Útg] København 1928.

Brynjúlfur Jónsson: 'Um Þjórsárdal.' *Árbók 1884-1885*, 38-60.

Brynjúlfur Jónsson: 'Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1893.' *Árbók 1894*, 21-25.

Brynjúlfur Jónsson: 'Nokkur bæjanöfn í Landnámu í ofanverðri Hvítársíðu og Hálsasveit.' *Árbók 1893*, 74-80.

Brynjúlfur Jónsson: 'Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895.' *Árbók 1896*: 1-13.

Brynjólfur Jónsson: 'Rannsókn á Þórsmörk sumarið 1906.' *Árbók 1907*, 16-22.

Brynjúlfur Jónsson: 'Rannsóknir í Vestur-Skaftafellssýlu sumarið 1909.' *Árbók 1909*,

Brynjúlfur Jónsson; 'Rústir á Sámsstöðum í Þjórsárdal.' *Árbók 1984*, 191-92.

Burton, Richard F.: *Ultima Thule* I-II, London & Edinburgh 1875.

Einar Arnórsson: *Árnesþing á landnáms- og söguöld*, (Árnesinga saga II), Reykjavík 1950.

Einar Ól. Sveinsson: *Landnám í Skaftafellsþingi*, Reykjavík 1948.

Erkes, H. 'Fra Islands Indre.' *Georafisk Tidskrift* 21

**FAI:** Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study*, Oxford 1992.

**FEB:** *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757* I-II, Reykjavík 1943 [I, s. 160-171 um Surtshelli]

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.

**FGI:** *Forntida gårdar i Island*, Marten Stenberger ed., København 1943.

Flensborg, C.E.: 'Skovrester og nyanlæg af skov paa Island.' *Tidsskrift for skovvæsen* 13 (1901):

Flosi Björnsson: 'Varða Sveins Pálssonar í Kvískerjafjöllum.' *Árbók 1974*, 143-46.

**Fornleifaskrá:** Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykajvík 1990.

Gerrard, John: 'Contemporary Soil Erosion in Þórsmörk, Southern Iceland.' *Árbók 1982*, 57-59.

Gísli Gestsson: 'Hallmundarhellir.' ÚAT, 43-50

Gísli Gestsson: 'Tóttir í Snjóöldufjallgarði.' ÚAT, [áður pr. í Árbók 1955-56]

Gísli Gestsson: 'Tjarnarkot og Veiðivötn.' *Árbók 1971*, 74-85.

Gísli Gestsson & Jóhannes Briem: 'Byggðarleifar í Þjórsárdal.' *Árbók 1954*,

Gísli Konráðsson: *Saga Hellismanna*, Ísafirði 1830 (Winnepeg 1889).

Gísli Konráðsson: *Strandamannasaga* [um Jón Franz s. 156-62]

Gísli Konráðsson: *Söguþættir*, Reykjavík 1915-20.

**GÓB:** Guðmundur Ólafsson: *Fridlysta fornlämningar i Borgarförðurs härard Island*,

Uppsala 1991.
**GR:** *Göngur og réttir* I-V, Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, 2. útgáfa, Akureyri 1983-87.
Grettis saga, *Íslenzk fornrit* VII, Guðni Jónsson gaf út, Reykjavík 1936.
Grétar Guðbergsson: 'Myndun móajarðvegs í Skagafirði.' *Gróður, jarðvegur og saga* (Rit Landverndar 10), Reykjavík 1994, 133-57.
**Gríma:** *Gríma hin nýja* I-V, Þorsteinn M. Jónson gaf út, Reykjavík 1964.
Guðlaugur Sveinsson: 'Um selstöður.' *Rit þeß Konúngliga Íslenzka Lærdóms-Lista Félags* 7 (1787): 194-204.
Guðmundur Árnason: 'Örnefni á Landmannaafrétti.' Árbók 1928:
Guðmundur Finnbogason: grein um Hallmundarkviðu, *Skírnir* 1935: 172-81.
Guðmundur J. Hoffell: *Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir*, Reykjavík 1946.
Guðmundur Magnússon: grein um Fjallabaksveg ca. 1916
Guðrún Björnsdóttir: '[endurminningar]' Syrpa IV ár. s. 174.
Guðrún Sveinbjarnardóttir: 'Byggðaleifar við Einhyrningsflatir í Fljótshlíð.' *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum, 8. Janúar 1982*, Reykjavík 1982, 67-77.
Guðrún Sveinbjarnardóttir: 'Byggðaleifar á Þórsmörk.' *Árbók 1982*, 20-61.
Guðrún Sveinbjarnardóttir: 'Sheilings in Iceland: an Archaeological and Historical Survey.' *Acta Archaeologica* (1988).
Guðrún Sveinbjarnardóttir: 'Tolkningsproblemer i forbindelse med ødebebyggelsen i Austurdalur i Skagafjörður i Island.' *Hikuin* 15 (1989): 59-74.
Gunnar F. Guðmundsson: *Eignarhald á afréttum og almenningum. Sögulegt yfirlit*, (Ritsafn Sagnfræðistofnunar 4), Reykjavík 1981.
Gunnþór Guðmundsson: 'Brot úr sögu eyðibýla.' *Húnvetningur* III (1978), 68-82.
Guttormur Sigbjarnarson: 'Áfok og uppblástur.' *Náttúrufræðingurinn* 39 (1969), 68-118.
Halldór K. Laxness: 'Lítil samantekt um útilegumenn.' *Tímarit Máls og menningar* 1949: 86-130.
Halldór Stefánsson: *Jökuldalsheiðin og byggðin þar*, Akureyri 1948.
Halldór Stefánsson: 'Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.' *Múlaþing* 5 (1970), 172-87.
Hallgrímur Jónasson: 'Á Sprengisandi.' ÁFÍ 1967: 1-191.
Hallgrímur Jónasson: 'Kjalvegur hinn forni.' ÁFÍ 1971, 1-177.
Haraldur Matthíasson í Skírni 1950: 142-48.

Harðar saga og Hólmverja, *Íslenzk fornrit* XIII, Þórhallur Vilmundarson gaf út, Reykjavík 1991.

Haukur Jóhannesson: *Aldur Hallmundarhrauns í Borgarfirði*, (Fjölrit Náttúrufræðistofnunar IX), Reykjavík 1989.

Hákon Bjarnason: 'Þjórsárdalur.' ÁSÍ 1937, 5-35.

Hákon Bjarnason: 'Ábúð og örtröð.' *Gróður, jarðvegur og saga* (Rit Landverndar 10), Reykjavík 1994, 53-79.

[Hákon Espólín] 8.5.: 'Aðsent.' *Norðanfari* 1 (1862).

Helgi Hallgrímsson: Samantekt um gangnamannakofa á Fljótsdalsafréttum, [hdr].

Helgi Þorláksson: 'Mannvirkið í Reyðarvatnsósi.' *Árbók 1988*, 5-27.

Henderson, Ebenezer: *Iceland or the Journal of a Residence in that Island,*

Hermann Guðjónsson: 'Athugasemd um Innra-Hreysi og fornlega rétt.' *Árbók 1984*, 100.

*Héraðssaga Borgarfjarðar* I-II, Reykjavík 1935-38.

**HH:** Hrakningar og heiðavegir I-IV, Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson völdu efnið, Akureyri 1949-

Hitzler, Egon: *Sel - Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*, Oslo 1978.

Hjördís Gísladóttir: 'Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi.' *Húnaþing* III, 273-342.

Hjörtur Björnsson: *Sumar á fjöllum*, Reykjavík 1943.

**HS Þættir:** Halldór Stefánsson: *Þættir úr sögu Möðrudals á Efra-Fjalli*, Akureyri 1943.

*Húnaþing* I-

**IK**: *Islands kortlægning. En historisk fremstilling*, af N.E. Nørlund (Geodætisk Instituts Publikationer VII, København 1944.

*Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur* I-XII, safnað hefir Guðni Jónsson, Reykjavík 1940-57.

**ÍV:** *Íslenskt vættatal*, Árni Björnson tók saman, Reykjavík 1990.

**ÍÞ:** Jónas Jónasson: *Íslenzkir þjóðhættir*, 3. útgáfa, Reykjavík 1961.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalíns* I-XII, Kaupmannahöfn 1913-43; XIII-XIV Reykjavík 199

Jón H.Aðalsteinsson: 'Grafið í fornar rústir í Hrafnkelsdal. Leifar frá landnámsöld í hofstóft Hrafnkels goða.' *Morgunblaðið 20. September 1963*.

Jón H. Aðalsteinsson: 'Sverðið úr Hrafnkelsdal.' *Árbók 1981*:

Jón Árnason: 'Örnefni við Veiðivötn á Landmannaafrétti.' *Goðasteinn* 1965:2,

Jón Helgason: 'Útilegumaður á afréttinum.' *Jólablað Frjálsrar þjóðar* 1957.

Jón Jónsson: ‘Litast um af Leiðólfsfelli.’ *Útivis*t 10 (1984), 71-77.

Jón Jónsson: ‘Eldstöðin við Leiðólfsfell og sögnin um Tólfahring.’ *Náttúrufræðingurinn* 55 (1985), 73-81.

Jón Jónsson: ‘Rústirnar við Réttarfell og Leiðólfsfell.’ *Árbók 1985*, 129-35.

Jón Jónsson: ‘Tólfahringur og Leiðólfsfell.’ *Árbók 1989*, 121-31

Jón Gauti Jónsson: *Ódáðahraunsvegur hinn forni,* (Lesarkir Náttúruverndarráðs 7),

Reykjavík 1981.

Jón Pálsson: ‘Um Jökuldal.’ *Óðinn* 5:

Jón Sigurðsson: *Suður Þingeyjarsýsla,* (Ritsafn Þingeyinga II. Lýsing Þingeyjarsýslu I), Reykjavík 1954.

Jón Stefánsson: [um rústir í Hvannalindum] *Norðlingur* 1880.

Jón Steffensen: ‘Enn um eyðingu Þjórsárdals.’ *Árbók 1949-1950,*

*Jónsbók. Kong Magnus Hakonssons Lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281*, Óskar Halldórsson udg., Kbh. 1904

Kaalund, Kristian: *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island* I-II, Kjøbenhavn 1877-82.

Kristján Eldjárn: [um rústir í Hvannalindum] *Lesbók Morgunblaðsins* 1941.

Kristján Eldjárn: ‘Eyðibýli á Hrunamannaafrétti.’ *Gengið á reka. Tólf fornleifaþættir,* Akureyri 1948, 107-121.

Kristján Eldjárn: ‘Eyðibýli á Hrunamannaafrétti.’ *Árbók 1943-1948*, 1-43.

Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi,* Akureyri 1956.

Kristján Eldjárn: ‘Bær í Gjáskógum í Þjórsárdal.’ *Árbók 1961*, 7-46.

Kristján Eldjárn: ‘Punktar um Hraunþúfuklaustur.’ *Árbók 1973*, 107-33.

Kristleifur Þorsteinsson: Á Arnarvatnsheiði, *Andvari* 1933: 71

Kristleifur Þorsteinsson: *Úr byggðum Borgarfjarðar* I-III, Reykjavík 1940-60.

Landnámabók, *Íslenzk fornrit* I, Jakob Benediktsson gaf út, Reykjavík 1968.

Laxdæla saga, *Íslenzk fornrit* V, Einar Ól. Sveinsson gaf út, Reykjavík 1934.

**LE I:** Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar.* Fyrri hluti, (Eyfirðingarit I), Akureyri 1949.

Magnús Sigurðsson: *Afréttir Upprekstrarfélags Þverárréttar í Mýrasýslu,* [hdr]

Matthías Þórðarson: ‘Tveir hellar í Hallmundarhrauni.’ *Skírnir* 1910: 330-51.

Matthías Þórðarson: ‘Dys við Kápu í Þórsmörk.’ *Árbók 1925-26*, 49-51.

Nielsen, Niels: ‘Jærnudvidelsen paa Island i fordums tider.’ *Aarbøger for nordisk*

*oldkyndighed og historie 1926*, 129-74.

**NJÍ:** *Ný Jarðabók fyrir Ísland,* Kaupmannahöfn 1861.

**OO:** Olavius, Olaus: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* I-II, Reykjaík 1964-65.

Orri Vésteinsson: '"Mygluskán og hálfblautur ruddi." Hvernig geymdu menn hey til forna?' *Sagnir* 10 (1990):

Ólafur Lárusson: *Landnám í Skagafirði*, (Skagfirzk fræði 2), Reykjavík 1940.

Ólafur Lárusson: *Byggð og saga*, Reykjavík 1944.

Páll Melsteð: 'Fjalla Eyvindur.' *Íslendingur* 161-62

Páll Sigurðsson: *Fjallvegafélagið. Ágrip af sögu þess*, Reykjavík 1994.

Pálmi Hannesson: *Frá óbyggðum*, Reykjavík 1958.

Preyer, W. & Zirkel, F. : *Reise nach Island im Sommer 1860,* ATH

Rósmundur G. Ingvarsson: *Þættir um Eyvindarstaðaheiði* I-IXX, [hdr]

*Sagan af Hrana hring,* Kaupmannahöfn 1874.

*Sagnaþættir Þjóðólfs*, Reykjavík 1947.

**SB**: *Sunnlenskar byggðir* I-VI, RV. 1981-87.

Scythe, J.C. : 'En fjeldreise i Island i Sommeren 1840.' *Naturhistorisk Tidskrift 1840-'41*, s. 331-90.

Sigurður Gunnarsson: 'Um útilegu-þjófa.' *Norðanfari* 4 (1865): 3-12.

Sigurður Gunnarsson: 'Örnefni frá Jökulsá í Axarfirði austan að Skeiðará. Ritað í Marts 1872.' *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta* II, Kaupmannahöfn 1886.

Sigurður Kristinsson: 'Lítil samantekt um Vatnajökulsleið,' *Múlaþing* 14 (1985): 34-52.

Sigurður Sigurðsson: *Búnaðarhagir*, (Búnaðarfélag Íslands. Aldarminning II), Reykjavík 1937.

Sigurður Vigfússon: 'Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890.' *Árbók 1893,* 28-60.

Sigurður Þórarinson: 'Örlög byggðarinnar á Hrunamannaafrétti í ljósi gjóskulagarannsókna.' *Árbók 1943-48*: 44-65.

Sigurður Þórarinsson: 'Gjóskulög og gamlar rústir.' *Árbók 1976*, 5-38.

Sigurður Þórarinsson: 'Uppblástur á Íslandi í ljósi öskulagarannsókna.' *Gróður, jarðvegur og saga* (Rit Landverndar 10), Reykjavík 1994, 107-132.

**SR Byggðaleifar:** Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum,* (Rit Hins íslenzka fornleifafélags I), Rv. 1990.

**SJM:** *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, Reykjavík 1974.

**SSÁ:** *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdán Jónsson,* Rv. 1979.

**SSE:** *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1854,* (Eyfirzk fræði II), Akureyri 1972.

**SSH:** *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873* I *Húnavatnssýsla*, (Safn til landfræðisögu Íslands), Ak. 1950.

**SSS:** *Sýslu- og sóknalýsingar Skaftafellssýslu*, Lbs. ÍB 18 fol. c.

**SSR:** *Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-45, 1856 og 1872-3. Rangárvallasýsla*, Reykjavík 1968.

**SSÞ:** *Þingeyjarsýslur. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844,* Reykjavík 1994.

Stefán Aðalsteinsson: ‘Leitað að kumli fornaldarkonu á Efra-Jökuldal.’ *Múlaþing 8* (1976)

Stefán Aðalsteinsson: ‘Leitað bæjarrústa við Hitahnjúk á Jökuldal.’ *Múlaþing 10* (1980)

Steindór Steindórsson: [um rústir í Hvannalindum] *Nýjar kvöldvökur* 1933.

Steindór Steindórsson: ‘Gróðurbreyting frá landnámi.’ *Gróður, jarðvegur og saga* (Rit Landverndar 10), Reykjavík 1994, 11-51.

Strömbäck, Dag: ‘Att helga land. Studier i Landnáma och det äldsta rituella besittningstagandet.’, *Festskrift tillägnad Axel Hägerström den 6 september 1928*, Uppsala 1928, 198-220.

Sturla Friðriksson: ‘Þróun lífríkis Íslands og nytjar af því.’ *Íslensk þjóðmenning* I, Reykjavík 1987, 149-94.

Sveinbjörn Rafnsson: ‘Sámsstaðir í Þjórsárdal.’ *Árbók 1976*, 39-120.

Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, Reykjavík 1990.

Sveinn Pálsson: *Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*, Reykjavík

*Sýslulýsingar 1744-1749*, Bjarni Guðnason gaf út, (Sögurit 28), Reykjavík 1957.

**ÚAT:** Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*, Reykjavík 1959.

Vatnsdæla saga, *Íslenzk fornrit* VIII, Einar Ól. Sveinsson gaf út, Reykjavík 1939

Vilhjálmur Vilhjálmsson: ‘Stöng og Þjórsárdalur-bosættelsens ophör.’ *Hikuin* 15 (1989): 75-102.

**ÞJÁ:** *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I-VI, Safnað hefur Jón Árnason, Reykjavík 1954-61.

Þorkell Jóhannesson: *Búnaðarsamtök á Íslandi 1837-1937*, (Búnaðarfélag Íslands. Aldarminning I), Reykjavík 1937.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Þorkell Jóhannesson: 'Járngerð.' *Iðnsaga Íslands* 2, Reykjavík 1943, 59-73.

Þorleifur Einarsson: 'Tvö frjólínurit úr íslenzkum mómýrum.' ÁSÍ 1957, 89-97.

Þorleifur Einarsson: 'Vitnisburður frjógreiningar um gróður, veðurfar og landnám á Íslandi.' *Gróður, jarðvegur og saga* (Rit Landverndar 10), Reykjavík 1994, 81-106.

Þorsteinn Erlingsson: *Ruins of the Saga-Time: Being an Account of Travels and Explorations in Iceland in the Summer of 1895*, London 1895.

Þorsteinn Konráðsson: 'Skrá yfir eyðibýli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1932*: ATH

**ÞÓD:** Ólafur Davíðsson: *Íslenzkar þjóðsögur* I-IV, Reykjavík 1978.

Þór Magnússon: 'Endurheimt fornaldarsverð.' *Árbók 1971*:

Þór Magnússon: 'Fornkuml í Hólaskógi í Þjórsárdal.'Árbók

Þórarinn Þórarinsson: 'Þjóðin lifði en skógurinn dó.' ÁSÍ 1974, 16-29.

Þórður Flóventsson: *Laxa- og silungaklak á Íslandi*, Reykjavík 1929.

**ÞSS:** *Íslenskar þjóðsögur og sagnir* I-IX, Safnað hefur Sigfús Sigfússon, Reykjavík 1982-89.

**Ö-Saur**: *Örnefni í Saurbæjarhreppi*, Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson hafa safnað og gefið út, Akureyri 1957.